

Tollahandbók

I

Tollalög, reglugerðir o.fl.

TOLLSTJÓRI
2011

Tollahandbók I 2011, 1. útgáfa.
Setning og umbrot: Tollstjóri.
Meginmál er sett með 10,5 punkta Times letri á 11,8 punkta fæti.

Efnisyfirlit

	Bls.
Formáli	5
Lög og stjórnvaldsreglur í aldursröð:	
Lög	7
Reglugerðir	366
Reglur	965
Auglýsingar	1001
Gjaldskrá	1044
Atriðisorð	1050
Yfirlit laga og stjórnvaldsreglna í aldursröð	1078

Formáli

Í þessari handbók er að finna ýmis lög og stjórnvaldsreglur um tollamál sem voru í gildi 1. febrúar 2011. Ákvæði einstakra laga, reglugerða og annarra fyrirmæla sem birt eru í þessari vefútgáfu verður að skoða í ljósi þeirra breytinga sem gerðar voru á skipulagi tollsins með lögum nr. 147/2008 um breytingu á tollalögum nr. 88/2005 en samkvæmt þeim fer tollstjóri nú með þau verkefni sem tollstjóranum í Reykjavík eða öðrum tollstjórum voru áður falin samkvæmt settu lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Handbókin er til hagræðis fyrir þá sem vinna við framkvæmd tollheimtu og tolleftirlits. Ennfremur getur hún komið að almennum notum og greitt götu þeirra, sem vilja kynna sér reglur á sviði tollamála. Efni handbókarinnar er skipað með þeim hætti að fyrst koma lög, síðan regluglugerðir, reglur og auglýsingar, tilkynningar og annað. Lögum þessum og reglum er raðað miðað við útgáfunúmer þeirra í Stjórnartíðindum (lög birt í A-deild en reglugerðir o.þ.h. í B-deild). Þar sem tollskrárnúmer hafa verið uppfærð með tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið á tollskránni er þess sérstaklega getið.

Til þess að auðvelda uppflettingu í Stjórnartíðindum úr handbók þessari, sem eingöngu er birt á vefsíðu embættis tollstjóra hefur verið leitast við að setja tengla (vefslóð) viðkomandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar sem við m.a. á vefsíður Stjórnartíðinda og Alþingis.

Varðandi stjórnvaldsreglur skal tekið fram, að eingöngu eru teknar í bókina reglur sem birtar hafa verið í Stjórnartíðindum og Lögbirtingi; ýmis fyrirmæli stjórnvalda önnur, t.d. bréf ráðuneyta, falla utan sviðs þessarar bókar, enda þótt þau varði tollframkvæmdina. Þá skal þess getið að milliríkjasamningar sem snerta tollamál, eru almennt ekki birtir í þessari handbók. Þá er sleppt ýmsum lögum sem undanþiggja einstaka aðila greiðslu aðflutningsgjalda m.a. vegna framkvæmda eða framleiðslu eins og Landsvirkjun, Íslenska járnblendifélagið hf. og Íslenska álfélagið hf. Tollstjóra er auk tollamála falið að sinna ýmsum öðrum verkefnum lögum samkvæmt. Meðal slíkra verkefna má telja lögskráningu og ýmis innheimtustörf sem ekki tengjast beint inn- eða útflutningi. Handbók þessi nær ekki til slíkra verkefna.

Þar sem gildandi réttur, einkum stjórnvaldsfyrirmæli, sætir stöðugri endurskoðun; nýmæli eru tekin upp og reglum breytt, er ljóst að handbók sem þessi getur úrelst á skömmum tíma. Þeir sem nota bókina þurfa því að gæta að nýmælum og breytingum.

Athygli er vakin á því að á vef embættis tollstjóra má finna, auk Tollahandbókar I og Tollahandbókar II, leiðbeiningar um tollskýrslugerð vegna innflutnings og útflutnings, upprunareglur samkvæmt EES-samningnum og öðrum fríverslunarsamningum og ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir ferðamenn auk tollalaga á íslensku og ensku. Bent skal á að fyrirtæki og stofnanir, sem þess óska, hafa um alllangan tíma getað gegn endurgjaldi leitað upplýsinga

á Tollalínunni um tollafgreiðslu eigin vörusendinga og aðflutningsgjöld sem lögð eru á innfluttar vörur samkvæmt tollskrárnúmerum tollskrárinnar.

Tekið skal fram að séu villur í handbókinni hafa þær að sjálfsögðu ekki gildi.

Reykjavík, febrúar 2011.
Tollstjóri

Úr lögum

nr. 42/1926, um skipströnd og vogrek.

Tóku gildi 1. júlí 1926. Breytt með [l. 44/1965](#) (tóku gildi 12. júní 1965), [l. 10/1983](#) (tóku gildi 25. mars 1983), [l. 90/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992), [l. 91/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992), [l. 92/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), [l. 93/2002](#) (tóku gildi 31. maí 2002), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

16. gr.

Nú er tollvörum eða bannvörum bjargað, og skal þá lögreglustjóri eða hreppstjóri sjá um, að farið verði með þær lögum samkvæmt.

17. gr.

[Lögreglustjóra er heimilt að krefjast nauðungarsölu á strönduðu skipi eða því sem hefur bjargast úr því án undangenginnar áskorunar til eiganda ef aðilar sammælast ekki um annars konar sölu.]¹⁾

¹⁾[L. 90/1991, 91. gr.](#)

Úr almennum hegningarlögum

nr. 19/1940.

Tóku gildi 12. ágúst 1940. Breytt með [l. 47/1941](#) (tóku gildi 30. júní 1941), [l. 36/1944](#) (tóku gildi 24. ágúst 1944), [l. 101/1950](#) (tóku gildi 31. des. 1950), [l. 100/1951](#) (tóku gildi 20. mars 1951), [l. 22/1955](#) (tóku gildi 23. maí 1955), [l. 20/1956](#) (tóku gildi 24. apríl 1956), [l. 21/1957](#) (tóku gildi 3. sept. 1957), [l. 31/1961](#) (tóku gildi 2. maí 1961), [l. 8/1962](#) (tóku gildi 28. sept. 1962), [l. 17/1962](#) (tóku gildi 4. maí 1962), [l. 69/1964](#) (tóku gildi 15. jan. 1965), [l. 41/1973](#) (tóku gildi 24. maí 1973), [l. 96/1973](#) (tóku gildi 31. des. 1973), [l. 64/1974](#) (tóku gildi 11. júní 1974), [l. 16/1976](#) (tóku gildi 10. maí 1976), [l. 24/1976](#) (tóku gildi 28. maí 1976), [l. 101/1976](#) (tóku gildi 29. des. 1976), [l. 34/1980](#) (tóku gildi 9. júní 1980), [l. 52/1980](#) (tóku gildi 16. júní 1980), [l. 20/1981](#) (tóku gildi 1. okt. 1981), [l. 69/1981](#) (tóku gildi 18. júní 1981), [l. 13/1984](#) (tóku gildi 1. júlí 1984), [l. 42/1985](#) (tóku gildi 1. júlí

1985), [l. 48/1988](#) (tóku gildi 1. jan. 1989), [l. 16/1990](#) (tóku gildi 6. apríl 1990), [l. 19/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991), [l. 21/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992), [l. 92/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), [l. 40/1992](#) (tóku gildi 10. júní 1992), [l. 39/1993](#) (tóku gildi 7. maí 1993; EES-samningurinn: IX. viðauki tilskipun 91/308/EBE), [l. 50/1993](#) (tóku gildi 1. júlí 1993), [l. 72/1993](#) (tóku gildi 27. maí 1993), [l. 133/1993](#) (tóku gildi 1. jan. 1994; V. viðauki tilskipun 64/221/EBE, VII. viðauki tilskipun 67/43/EBE, V. viðauki tilskipun 68/360/EBE og 72/194/EBE, VIII. viðauki tilskipun 73/148/EBE, 75/34/EBE og 75/35/EBE, VII. viðauki tilskipun 77/249/EBE og 89/48/EBE, VIII. viðauki tilskipun 90/364/EBE, 90/365/EBE og 90/366/EBE), [l. 39/1995](#) (tóku gildi 1. jan. 1995), [l. 71/1995](#) (tóku gildi 13. mars 1995), [l. 142/1995](#) (tóku gildi 29. des. 1995), [l. 84/1996](#) (tóku gildi 1. júlí 1997), [l. 90/1996](#) (tóku gildi 1. júlí 1997), [l. 126/1996](#) (tóku gildi 1. jan. 1997), [l. 135/1996](#) (tóku gildi 30. des. 1996), [l. 10/1997](#) (tóku gildi 26. mars 1997), [l. 57/1997](#) (tóku gildi 1. júlí 1997), [l. 30/1998](#) (tóku gildi 29. apríl 1998), [l. 63/1998](#) (tóku gildi 18. júní 1998), [l. 82/1998](#) (tóku gildi 1. okt. 1998), [l. 140/1998](#) (tóku gildi 30. des. 1998), [l. 147/1998](#) (tóku gildi 30. des. 1998), [l. 24/1999](#) (tóku gildi 30. mars 1999), [l. 122/1999](#) (tóku gildi 30. des. 1999), [l. 15/2000](#) (tóku gildi 28. apríl 2000), [l. 39/2000](#) (tóku gildi 26. maí 2000), [l. 94/2000](#) (tóku gildi 6. júní 2000), [l. 25/2001](#) (tóku gildi 16. maí 2001), [l. 32/2001](#) (tóku gildi 16. maí 2001), [l. 44/2001](#) (tóku gildi 13. júní 2001), [l. 14/2002](#) (tóku gildi 3. apríl 2002), [l. 56/2002](#) (tóku gildi 14. maí 2002), [l. 70/2002](#) (tóku gildi 17. maí 2002), [l. 99/2002](#) (tóku gildi 31. maí 2002), [l. 40/2003](#) (tóku gildi 3. apríl 2003), [l. 54/2003](#) (tóku gildi 7. apríl 2003), [l. 125/2003](#) (tóku gildi 30. des. 2003), [l. 73/2004](#) (tóku gildi 18. júní 2004), [l. 129/2004](#) (tóku gildi 31. des. 2005), [l. 21/2005](#) (tóku gildi 25. maí 2005), [l. 49/2005](#) (tóku gildi 1. júlí 2005), [l. 81/2005](#) (tóku gildi 9. júní 2005), [l. 83/2005](#) (tóku gildi 9. júní 2005), [l. 27/2006](#) (tóku gildi 3. maí 2006), [l. 74/2006](#) (tóku gildi 30. júní 2006), [l. 25/2007](#) (tóku gildi 29. mars 2007), [l. 61/2007](#) (tóku gildi 4. apríl 2007), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), [l. 54/2009](#) (tóku gildi 1. maí 2009), [l. 149/2009](#) (tóku gildi 1. jan. 2010), [l. 143/2010](#) (tóku gildi 28. desember 2010) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

XVI. kafli.

Peningafals og önnur brot, er varða gjaldmiðil.

153. gr.

Það varðar sektum að búa til, flytja inn eða dreifa út meðal manna hlutum, sem að gerð og frágangi líkjast mjög peningum eða verðbréfum, sem ætluð eru til þess að ganga manna á milli.

154. gr.

Sektum eða [fangelsi]¹⁾ allt að 3 mánuðum skal sá sæta, sem án heimildar í lögum býr til, flytur inn eða lætur úti handhafabréf, sem notuð kunna að verða til þess að ganga sem gjaldmiðil manna á milli, hvort heldur almennt eða innan sérstaks flokks manna, eða vænta má, að notuð verði á þann hátt. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til erlendra peningaseðla.

¹⁾[L. 82/1998, 71. gr.](#)

...

XVIII. kafli.

Brot sem hafa í för með sér almannahættu.

173. gr.

Hafi maður á boðstólum eða vinni að því að útbreiða sem læknislyf eða varnarmeðul við sjúkdómum muni, sem hann veit, að ekki eru til þess hæfir, og að notkun þeirra í þessu skyni er hættuleg lífi manna eða heilbrigði, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum eða varðhaldi.

Sé brot framið af gáleysi, varðar það sektum eða varðhaldi.

[173. gr. a.

[Hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, skal sæta fangelsi allt að [12 árum].¹⁾

Sömu refsingu skal sá sæta, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr.]²⁾

¹⁾L. 32/2001, 1. gr. ²⁾L. 64/1974, 1. gr.

...

XIX. kafli.H.

210. gr.

Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum ...¹⁾ eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt. [Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing þó orðið fangelsi allt að 2 árum.]²⁾

Það varðar ennfremur sömu refsingu, að láta af hendi við unglunga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

[Hver sem flytur inn, aftar sér eða öðrum, eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.].³⁾ Sömu refsingu varðar að flytja inn eða hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.]²⁾

¹⁾L. 82/1998, 105. gr. ²⁾L. 39/2000, 7. gr. ³⁾L. 74/2006, 2. gr.

...

XXVII. kafli.

Ýmis brot, er varða fjárréttindi.

[264. gr.

[Hver sem tekur við eða aftar sér eða öðrum ávinnings af broti samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum [...] ¹⁾ eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið [...] ¹⁾ fangelsi allt að 4 árum.

Refsing getur orðið fangelsi allt að [12 árum]²⁾ ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a.

Ef ávinningur er smávægilegur og engin sérstök atvik auka saknæmi brotsins skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjast.

Sé brot framið af gáleysi varðar það sektum eða [fangelsi allt að 6 mánuðum].¹⁾ Varði brotið sem ávinningur stafar frá ekki þyngri refsingu en [fangelsi allt að 1 ári]¹⁾ má láta refsingu falla niður.]³⁾

¹⁾L. 82/1998, 141. gr. ²⁾L. 32/2001, 2. gr. ³⁾L. 10/1997, 4. gr.

Úr lögum

nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga [og ríkisskjaldarmerkið]¹⁾.

¹⁾L. 67/1998, 13. gr.

Tóku gildi 24. ágúst 1944. Breytt með *l. 67/1998* (tóku gildi 24. júní 1998) og *l. 88/2008* (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

1. gr.

Hinn almenni þjóðfáni Íslendinga er heiðblár með mjallhvítum krossi og eldrauðum krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna ná alveg út í jaðra fánans, og er breidd þeirra 2/9, en rauða krossins 1/9 af fánabreiddinni. Bláu reitirnir eru rétthyrndir ferhyrningar: stangarreitirnir jafnhliða og ytri reitirnir jafnbreiðir þeim, en helmingi lengri. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar er 18:25.

2. gr.

Ríkisstjórn, Alþingi og aðrar opinberar stofnanir svo og fulltrúar utanríkisráðuneytis Íslands erlendis skulu nota þjóðfánann klofinn að framan: tjúgufána.

Tjúgufáninn er að því leyti frábrugðinn hinum almenna þjóðfána, að ytri reitir hans eru þrefalt lengri en stangarreitirnir og klauf upp í hann að framan, skorin eftir beinum línunum, dregnum frá ytri hornum fánans inn að miðlínu hans. Línur þessar skera innjaðra ytri reitanna, þar sem saman koma 4/7 ytri og 3/7 innri hlutar lengdar þeirra. Þar, sem línur þessar nema við arm rauða krossins, er hann þverskorinn.

[Tollgæslufáni eru tjúgufáni með silfurlitu upphafstéi (T) í efra stangarreit miðjum.]¹⁾

¹⁾L. 67/1998, 1. gr.

...

5. gr.

Tjúgufánann má aðeins nota á húsum og við hús, sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytis Íslands erlendis. Þótt hús sé eign ríkis eða ríkisstofnana, má ekki nota tjúgufánann á því, ef leigt er að mestu eða öllu einstökum mönnum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota tjúgufánann á húsi, sem er í eign einstakra manna eða einkastofnana, ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu og nota það að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

[Tjúgufánann má aðeins nota á skipum sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir. Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæslu, tollgæslu, pósthlutnings, vitaeftirlits, hafnsögu o.s.frv.) má það nota tjúgufánann að þeirri gerð sem við á skv. 2. og 3. gr.]¹⁾

¹⁾L. 67/1998, 3. gr.

Úr lögum

nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.¹⁾

¹⁾Rg. 284/1999 (um kaupskrárnefnd varnarsvæða). Rg. 902/2002 (um ráðstöfun afgangsvöru varnarliðsins).

Tóku gildi 31. desember 1951.

1. gr.

Meðan í gildi er varnarsamningur sá milli Íslands og Bandaríkjanna, sem undirritaður var hinn 5. maí 1951, skulu ákvæði hans og viðbætið við hann frá 8. maí 1951, um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, hafa lagagildi hér á landi. Samningurinn og viðbótarákvæðin eru prentuð sem fylgiskjöl með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Viðbætið um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra.

1. gr.

Í viðbæti þessum taka orðin „lið Bandaríkjanna“ yfir liðsmenn í herliði Bandaríkjanna og starfslíð, sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, heldur dveljist þar vegna framkvæmda á samningi þessum.

...

8. gr.

1. Mennt í liði Bandaríkjanna svo og skyldulið þeirra skulu, nema öðruvísi sé ákveðið berum orðum í samningi þessum, lúta lögum þeim og reglugerðum, sem tollyfirvöld Íslands framkvæma. Einkanlega skal íslenskum tollyfirvöldum heimilt, samkvæmt almennum ákvæðum íslenskra laga og reglugerða, að leita á mönnum úr liði Bandaríkjanna og skylduliði þeirra svo og á verktökum Bandaríkjanna og mönnum í þeirra þjónustu, sem ekki eru íslenskir þegnar, skoða farangur þeirra og ökutæki og leggja hald á muni samkvæmt ákvæðum slíkra laga og reglugerða.
2. Eigi skal tollskoða innsiglið opinber skjöl. Sérstakir sendiboðar, sem flytja slík skjöl, skulu án tillits til stöðu sinnar hafa meðferðis hverju sinni fyrirmæli um ferð sína. Fyrirmæli þessi skulu sýna tölu bréfa, er þeir hafa meðferðis, og geyma vottorð þess efnis, að þau séu einungis opinber skjöl.
3. Hervöld Bandaríkjanna mega flytja inn tollfrjálst útbúnað handa liði sínu og hæfilegt magn vista, birgða og annars varnings til nota fyrir liðsmenn eina og skyldulið þeirra svo og fyrir verktaka Bandaríkjanna og menn í þeirra þjónustu, sem eigi eru íslenskir þegnar. Þessi tollfrjálsi innflutningur skal háður því skilyrði, að afhent sé, auk tollskjalanna á tollskrifstofu á innflutningsstað, yfirlýsing, undirrituð af þar til bærum fyrirsvarsmanni liðs Bandaríkjanna. Afhenda skal íslenskum tollyfirvöldum skrá yfir þá fyrirsvarsmenn,

- sem heimild hafa fengið til að undirrita slíkar yfirlýsingar, svo og sýnishorn af nafnritun þeirra og stimplum, er nota skal.
4. Menn úr liði Bandaríkjanna og skyldulið þeirra mega, þegar þeir koma fyrsta sinn til Íslands til að taka við starfa sínum þar, flytja tollfrjálst persónulega muni sína og húsgögn til afnota, meðan á starfa þeirra stendur þar.
 5. Menn úr liði Bandaríkjanna og skyldulið mega flytja inn tollfrjálst einkabifreiðar og bifhjól til sjálfs sín nota, meðan þeir dveljast á Íslandi.
 6. Nú flytja menn úr liði Bandaríkjanna eða skyldulið þeirra inn aðrar vörur en þær, sem greindar eru í töluliðum 4 og 5 þessarar greinar, þar með taldar sendingar fyrir atbeina pósthúsa Bandaríkjanna, og skal þá slíkur innflutningur ekki samkvæmt þessari grein undanþeginn tolli eða öðrum skilyrðum.
 7. Nú hafa vörur verið fluttar inn tollfrjálst samkvæmt töluliðum 3, 4 og 5 að ofan, og skal þá með fara sem hér segir:
 - a. Slíkar vörur má flytja út aftur óhindrað, enda sé yfirlýsing sem gefin hefur verið út samkvæmt 3. tölulið, sýnd á tollskrifstofu, ef um er að tefla innflutning samkvæmt þeim tölulið. Tollyfirvöld mega samt ganga úr skugga um, að endurútflyttar vörur séu í samræmi við yfirlýsingu, er út kann að hafa verið gefin, og að þær hafi raunverulega verið fluttar inn með þeim hætti, er segir í töluliðunum 3, 4 og 5.
 - b. Slíkar vörur skulu eigi látnar af hendi á Íslandi, hvorki með sölu, að gjöf né í skiptum. Þó má, er sérstaklega stendur á, veita heimild til slíkrar afhendingar með þeim skilyrðum, er tollyfirvöld setja (t.d. um greiðslu á tolli og gjöldum og um að gætt sé fyrir mæla um eftirlit með verslun og gjaldeyri). Yfirvöld Bandaríkjanna munu, svo sem unnt er, setja og framkvæma fyrir mæli, er miða að því að koma í veg fyrir, að einstökum mönnum í liði Bandaríkjanna, skylduliði þeirra og mönnum í þjónustu verktaka Bandaríkjanna séu seldar eða afhentar umfram persónulegar þarfir sínar vörur, sem yfirvöld Bandaríkjanna flytja tollfrjálst til Íslands, hvernig svo sem þeim innflutningi er háttáð, enda sé um að tefla vörur, sem yfirvöld Bandaríkjanna í samráði við íslensk stjórnvöld telja mest líkindi til, að verði seldar, gefnar eða látnar af hendi í skiptum á Íslandi.
 8. Vörur, sem keyptar eru á Íslandi, skulu einungis fluttar út þaðan samkvæmt þeim reglum, er gilda á Íslandi.
 9. Af Íslands hálfu skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að látið sé af hendi án greiðslu tolla og gjalda eldsneyti, olía og smurningsolíur til afnota fyrir opinber ökutæki, flugvélar og skip liðs Bandaríkjanna og verktaka þeirra, sem eigi eru íslenskir þegnar.
 10. Í töluliðunum 1-8 í grein þessari tekur orðið „tollur“ yfir tolla og hvers konar önnur gjöld, sem greiða ber af innflutningi eða útflutningi.
 11. Íslensk tollyfirvöld og fjármála geta gert það að skilyrði fyrir hvers konar undanþágu eða tilhliðrun, að því er varðar tolla og gjöld samkvæmt samningi þessum, að gætt sé þeirra reglna, er þau telja nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir misnotkun.

9. gr.

1. Tolla- og fjármálayfirvöld Íslands og Bandaríkjanna skulu veita hvor öðrum aðstoð við rannsókn og öflun skýrslna til að koma í veg fyrir brot gegn lögum og reglugerðum um tolla og fjármál.
2. Hervöld Bandaríkjanna skulu láta í té þá aðstoð, sem þeim er unnt, til að tryggja það, að vörur, sem íslenskum tollyfirvöldum og fjármála er rétt að leggja hald á, séu þeim afhentar.

3. Hervöld Bandaríkjanna skulu láta í té alla þá aðstoð, sem þeim er unnt, til að tryggja greiðslu tolla, gjalda, sekta og upptæks fjár úr hendi manna í liði Bandaríkjanna eða skylduliði þeirra.
4. Nú leggja íslensk yfirvöld hald á opinber ökutæki og muni Bandaríkjaliðs vegna brots gegn íslenskum lögum og reglugerðum um tolla og fjármál, og skulu þá ökutæki þessi og munir afhentir réttum hervöldum Bandaríkjanna.

Úr lögum

nr. 32/1965, um hreppstjóra.

Tóku gildi 12. júní 1965. Breytt með [l. 13/1983](#) (tóku gildi 1. júlí 1983), [l. 50/1989](#) (tóku gildi 30. maí 1989), [l. 92/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

...

6.

Hreppstjórar eru umboðsmenn sýslumanns, hver í sínum hreppi. Fara þeir með lögregluvald, annast innheimtu opinberra gjalda [...]¹) og fleiri störf í umboði sýslumanns, svo og önnur þau störf, sem nánar kann að vera ákveðið í lögum og reglugerðum.

¹)L. 92/1991, 43. gr.

Úr lögum

nr. 63/1969, [um verslun með áfengi og tóbak]¹).

¹)L. 95/1995, 8. gr.

Tóku gildi 1. júlí 1969. Breytt með [l. 27/1977](#) (tóku gildi 1. júní 1977), [l. 76/1982](#) (tóku gildi 1. jan. 1983), [l. 30/1986](#) (tóku gildi 21. maí 1986), [l. 51/1986](#) (tóku gildi 21. maí 1986), [l. 95/1995](#) (tóku gildi 1. des. 1995), [l. 83/1997](#) (tóku gildi 6. júní 1997), [l. 75/1998](#) (tóku gildi 1. júlí 1998 nema ákvæði til bráðabirgða III sem tók gildi 24. júní 1998), [l. 98/1998](#) (tóku gildi 24. júní 1998), [l. 24/2004](#) (tóku gildi 1. júlí 2004; EES-samningurinn: bókun 3), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og [l. 149/2008](#) (tóku gildi 24. des. 2008).

I. KAFLI.

Um áfengis- og tóbaksverslun.

1. gr.

[Innflutningur til landsins á vínanda og áfengi, sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli, fer eftir ákvæðum áfengislaga.

[Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að allt tóbak sem flutt er inn frá útlöndum eða framleitt hér á landi, hvort heldur er unnið eða óunnið, sé merkt. Um merkingar tóbaks fer eftir ákvæði 6. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.]¹)²)

Lög þessi taka ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi eða tóbak sem hluta af tollfrjálsum forða, ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga. Ráðherra er heimilt að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi og tóbaki.³⁾

¹⁾L. 24/2004, 1. gr. ²⁾L. 95/1995, 1. gr. ³⁾Rg. 630/2008.

2. gr.

[Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning og innkaup á vínanda, áfengi og tóbaki samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum áfengisbirgjum. [Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum áfengis- og tóbaksbirgjum]¹⁾

[...]¹⁾
...²⁾³⁾

¹⁾L. 24/2004, 2. gr. ²⁾L. 75/1998, 32. gr. ³⁾L. 95/1995, 2. gr.

3. gr.

Fjármálaráðherra ákveður útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma. [Verð í smásöluverslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hverri vöru fyrir sig skal vera það sama hvar sem er á landinu.]¹⁾ Álagningarhlutfall á vindlingum (sígarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gegn vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa.

¹⁾L. 95/1995, 3. gr.

4. gr.

[Ráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.]¹⁾

[Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal starfa í tveimur deildum er séu aðgreindar rekstrarlega og fjárhagslega. Skal önnur deildin hafa með höndum innflutning og heildsölu áfengis en hin skal annast smásölu áfengis. Fjármálaráðherra skal skipa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stjórn og setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hennar.]²⁾

¹⁾L. 83/1997, 38. gr. ²⁾L. 95/1995, 4. gr.

5. gr.

[[Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur áfengi innan lands, sbr. [10. gr.]¹⁾ gr. áfengis-laga.]²⁾ Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.]³⁾

¹⁾L. 149/2008, 1. gr. ²⁾L. 95/1995, 5. gr. ³⁾L. 51/1986, 2. gr.

6. gr.

[Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er einni heimilt að selja tóbak innan lands í heildsölu. Um smásölu tóbaks fer eftir ákvæði 8. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.]¹⁾

¹⁾L. 24/2004, 3. gr.

7. gr.

[Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að þjónusta við viðskiptavinum sé vönduð, sem og upplýsingar sem gefnar eru viðskiptavinum um þá vöru sem á boðstólum er, allt eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma.]¹⁾

¹⁾L. 98/1998, 1. gr.

[8. gr.

Álagning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi með 22% eða lægra hlutfall af vínanda að rúmmáli skal vera 18% en álagning áfengis með meira en 22% hlutfall af vínanda að rúmmáli skal vera 12%. Við ákvörðun á áfengisinnihaldi vísast til laga um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

Álagning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á tóbak skal vera 18%.

Álagning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skal lögð á innkaupsverð vöru.]¹⁾

¹⁾L. 149/2008, 2. gr.

[9. gr]¹⁾

[Leggja skal hald á vörur þær sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi. Innfluttar vörur skulu afhentar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til ráðstöfunar.]²⁾

¹⁾L. 149/2008, 2. gr. ²⁾L. 95/1995, 7. gr.

[10. gr.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að innheimta gjald af birgjum vegna kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu. Skal gjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna skráningar, könnunar og annarra nauðsynlegra ráðstafana af hálfu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins við að taka nýja vöru til sölu.]¹⁾

¹⁾L. 149/2008, 3. gr.

II. kafli. ...¹⁾

¹⁾L. 76/1982, 62. gr.

III. kafli. Almenn ákvæði.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.¹⁾

¹⁾Rg. 39/1935 (um sölu áfengis til iðnaðar o.fl.), rg. 597/1993, sbr. 490/1994 (um skilgreiningu og kynningu á tilteknum áfengum drykkjum); rg. 585/1995, rg. 135/1996, rg. 117/1998, rg. 1082/2004 (um tóbaksgjald og merkingar tóbaks), rg. 883/2005 (um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins), sbr. 294/2009.

15. gr.

[Brot gegn lögnum varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.]¹⁾

¹⁾L. 88/2008, 234. gr.

Úr lögum

nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn mála-samband.

Tóku gildi 29. apríl 1971.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um stjórn málasamband, sem gerður var í Vínarborg hinn 18. apríl 1961 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, svo og viðbótarbókunum með samningnum. Ákvæði samningsins skulu hafa lagagildi á Íslandi.

2. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Fylgiskjal I.

Vínarsamningurinn um stjórn málasamband.

1. gr.

Í samningi þessum skulu eftirfarandi orðasambönd hafa þessa merkingu:

- a. „forstöðumaður sendiráðs“ er maður, sem sendiríkið hefur falið að gegna slíkri stöðu;
- b. „sendiráðsmenn“ eru forstöðumaður sendiráðs og starfsmenn þess;
- c. „starfsmenn sendiráðs“ eru stjórnarsendimenn, skrifstofu- og tæknistarfsmenn og þjónustustarfsmenn sendiráðs;
- d. „stjórnarsendimenn“ eru starfsmenn sendiráðs, sem hafa réttindi stjórnarsendimanna;
- e. „sendierindrekar“ eru forstöðumenn sendiráðs og stjórnarsendimenn;
- f. „skrifstofu- og tæknistarfsmenn“ eru þeir starfsmenn sendiráðs, sem vinna að skrifstofu- og tæknistörfum sendiráðsins;
- g. „þjónustustarfsmenn“ eru starfsmenn sendiráðs, er starfa að heimilisstörfum hjá sendiráði;
- h. „einka-þjónustustarfsmaður“ er starfsmaður, sem vinnur að heimilisstörfum hjá sendiráðsmanni, en er ekki í þjónustu sendiríkisins;
- i. „sendiráðssvæði“ er byggingar eða hluti bygginga og tilheyrandi lóð, hver sem eigandinn er, sem nýtt er af sendiráði, þar á meðal íbúð forstöðumanns sendiráðs.

...

22. gr.

1. Sendiráðssvæðið skal njóta friðhelgi. Fulltrúar móttökuríkisins hafa ekki heimild til að koma inn á svæðið nema með leyfi forstöðumanns sendiráðsins.
2. Sérstök skylda hvílir á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess.

3. Sendiráðssvæðið, innbú og annað lausafé þar og ökutæki sendiráðsins, skulu undanþegin leit, upptöku, haldi eða aðför.

23. gr.

1. Sendiríkið og forstöðumaður sendiráðsins skulu undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og annarra umdæma að því er tekur til sendiráðssvæðisins, hvort sem það er eign sendiríkisins eða tekið á leigu, nema að því er varðar greiðslu fyrir tiltekna veitta þjónustu.
2. Sú skattundanþága, sem nefnd er í þessari grein, skal eigi taka til þeirra gjalda eða skatta, er samkvæmt lögum móttökuríkisins skulu greiðast af aðilum, sem eiga lögskipti við sendiríkið eða forstöðumann sendiráðsins.

24. gr.

Skjalasafn og skjöl sendiráðsins skulu ætíð vera friðhelg, hvar sem þau eru niður komin.

25. gr.

Móttökuríkið skal veita þá aðstöðu, sem nauðsynleg er til að sendiráðið megi rækja hlutverk sitt.

26. gr.

Að undanteknum takmörkunum í lögum og reglum móttökuríkisins varðandi landssvæði, þar sem aðgangur er bannaður eða takmarkaður vegna öryggis þjóðarinnar, skal það tryggja öllum sendiráðsmönnum frjálsa umferð og ferðafrelsi í landi sínu.

27. gr.

1. Móttökuríkið skal heimila og tryggja sendiráðinu samgöngu- og fjarskiptafrelsi í öllum opinberum erindisrekstri sínum. Til að hafa samband við ríkisstjórn, önnur sendiráð og ræðisskrifstofur sendiríkisins, hvar sem þær eru, getur sendiráðið notað allar eðlilegar samskiptaleiðir, þar á meðal stjórnarpóstbera og skilaboð á merkjamáli eða dulmáli. Þó má sendiráðið því aðeins setja upp og nota fjarsenditækið að móttökuríkið veiti leyfi til þess.
2. Opinber bréfaskipti sendiráðsins skulu vera friðhelg. Með opinberum bréfaskiptum er átt við öll bréfaskipti, sem varða sendiráðið og starfsemi þess.
3. Hvorki má opna né leggja hald á stjórnarpóst.
4. Bögglar þeir sem teljast til stjórnarpósts verða að bera þess skýrt auðkenni og mega aðeins vera í þeim stjórnarskjöl eða munir sem ætlaðir eru eingöngu til opinberra nota.
5. Stjórnarpóstberinn, er hafa skal í fórum sínum opinbert skjal sem greinir stöðu hans og bögglafljöldu stjórnarpóstsins, skal njóta verndar móttökuríkisins við framkvæmd starfa sinna. Hann skal njóta persónulegrar friðhelgi og má eigi handtaka hann né kyrretja.
6. Sendiríkinu eða sendiráðinu er heimilt að tilnefna ad hoc stjórnarpóstbera. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 5. málsgreinar þessarar greinar einnig gilda; en þeirri friðhelgi sem þar er getið, skal lokið þegar slíkur pósti hefur afhent réttum viðtakanda þann stjórnarpóst, sem honum var falinn á hendur.
7. Stjórnarpóst má fela í umsjá flugstjóra atvinnulöftfars, sem áætlun hefur til viðurkennds lendingarstaðar. Honum skal fengið í hendur opinbert skjal, sem greinir bögglafljöldu stjórnarpóstsins, en hann skal ekki vera talinn stjórnarpóstberi. Sendiráðið getur sent einn af starfsmönnum sínum til þess að taka stjórnarpóstinn beint og óhindrað í sína vörslu frá flugstjóra loftfarsins.

28. gr.

Þau gjöld, sem sendiráðið krefur fyrir opinber störf sín, skulu vera undanþegin öllum sköttum og öðrum álögum.

29. gr.

Sendierindreki skal njóta persónulegrar friðhelgi. Hann má eigi á neinn hátt handtaka né kyrrsetja. Móttökuríkið skal sýna honum tilhlýðilega virðingu og gera allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir hvers konar tilræði við persónu hans, frelsi eða sæmd.

30. gr.

1. Einkaheimili sendierindreka skal njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið.
2. Eignir hans, með þeim undantekningum sem er að finna í 3. málsgrein 31. greinar, skjöl hans og bréfaskipti, skulu einnig njóta friðhelgi.

31. gr.

1. Sendierindreki skal njóta friðhelgi að því er varðar refsiréttarlögsögu móttökuríkisins. Hann skal einnig njóta friðhelgi að því er varðar einkamála- og framkvæmdavaldslögsögu þess, nema þegar um er að ræða:
 - a. mál varðandi eigin fasteign í landi móttökuríkisins, nema hann hafi vörslu hennar á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið,
 - b. mál varðandi erfðir, þar sem sendierindrekinn er skiptaforstjóri, búskilastjóri, erfingi eða gjafþegi sem einstaklingur, en ekki sem fulltrúi fyrir sendiríkið,
 - c. mál varðandi hvers konar atvinnu eða verslunarviðskipti sendierindrekans í móttökuríkinu, sem óviðkomandi eru opinberum störfum hans.
2. Sendierindreki er ekki skyldur til að gefa skýrslu sem vitni.
3. Ekki má framkvæma neina aðfarargjörð gagnvart sendierindreka, nema í þeim tilvikum sem falla undir liði a., b. og c. í 1. málsgrein þessarar greinar, og með því skilyrði að unnt sé að framkvæma þær aðgerðir, sem um er að ræða, án þess að skerða persónulega friðhelgi hans eða heimilishelgi.
4. Friðhelgi sendierindreka gagnvart lögsögu móttökuríkisins leysir hann ekki undan lögsögu sendiríkisins.

32. gr.

1. Sendiríkið getur afsalað friðhelgi sendierindreka og þeirra, sem njóta friðhelgi samkvæmt 37. grein.
2. Afsal skal ávallt vera gefið berum orðum.
 - Ef sendierindreki, eða sá sem nýtur friðhelgi samkvæmt 37. grein hefur málssókn er hann firtur rétti til að krefjast friðhelgi, að því er varðar sérhverja gagnkröfu, er stendur í beinum tengslum við aðalkröfuna.
4. Afsal friðhelgi í einkamálum eða framkvæmdavaldsmálum felur ekki í sér afsal friðhelgi að því er tekur til fullnustu dómsins; þá þarf sérstakt afsal að koma til.

36. gr.

1. Móttökuríkið skal heimila, í samræmi við lög og reglur sem það kann að setja, innflutning á og undanþágur frá öllum tollum, sköttum og svipuðum gjöldum, öðrum en geymslugjöldum, akstursgjöldum og líkum gjöldum að því er snertir:

- a. muni sem ætlaðir eru til opinberra nota sendiráðsins;
 - b. muni sem ætlaðir eru til persónulegra nota sendierindreka eða venslamanna hans er teljast til heimilisfólks hans, þar á meðal muni sem ætlaðir eru til bústofnunar hans í móttökuríkinu.
2. Persónulegur farangur sendierindreka skal vera undanþeginn skoðun, nema gildar ástæður séu til þess að ætla, að í honum séu munir sem undanþágurnar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar taka ekki til, eða munir, sem er bannað með lögum að flytja inn eða út, eða lúta sóttvarnareglum móttökuríkisins. Slík skoðun má einungis fara fram í návist sendierindrekans eða umboðsmanns hans.

37. gr.

1. Þeir venslamenn sendierindreka, sem teljast til heimilisfólks hans, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem 29. - 36. grein taka til, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins.
2. Skrifstofu- og tæknistarfsmenn sendiráðsins, ásamt venslamönnum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem getið er í 29. - 35. grein, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa fast heimilisfang þar, en þó með þeirri undantekningu að friðhelgi að því er snertir einkamálaréttar- og framkvæmdavaldslögsögu móttökuríkisins sem greind er í 1. málsgrein 31. greinar, skal ekki taka til athafna, sem framdar eru utan skyldustarfa þeirra. Þeir skulu einnig njóta þeirra forréttinda, sem greind eru í 1. málsgrein 36. greinar, að því er varðar muni, sem fluttir eru inn, þegar þeir fyrst stofna bú í móttökuríkinu.
3. Þjónustustarfsmenn sendiráðsins, sem ekki eru ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa þar fast heimilisfang, skulu njóta friðhelgi, að því er tekur til athafna, sem þeir framkvæma innan skyldustarfa sinna, og jafnframt njóta undanþágu frá gjöldum og sköttum af launum, sem þeir fá fyrir störf sín, svo og njóta þeirrar undanþágu, sem getið er í 33. grein.
4. Ef einkaþjónustustarfsmenn sendiráðsmanna eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa þar fast heimilisfang, skulu þeir vera undanþegnir gjöldum og sköttum af launum, sem þeir fá fyrir störf sín. Að öðru leyti njóta þeir aðeins þeirra forréttinda og friðhelgi, sem móttökuríkið heimilar. Móttökuríkið verður þó að fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum, að ekki valdi óeðlilegum truflunum á störfum sendiráðsins.

38. gr.

1. Sendierindreki, sem er ríkisborgari móttökuríkisins eða hefur fast heimilisfang þar, skal einungis njóta undanþágu frá lögsögu og friðhelgi að því er varðar opinber störf, sem innt eru af hendi innan takmarka skyldustarfa hans, nema móttökuríkið veiti frekari forréttindi og friðhelgi.
2. Aðrir starfsmenn sendiráðs, og einkaþjónustustarfsmenn sem eru ríkisborgarar móttökuríkisins eða hafa þar fast heimilisfang, skulu aðeins njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem móttökuríkið heimilar. Móttökuríkið verður þó að fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum að ekki valdi óeðlilegum truflunum á störfum sendiráðsins.

39. gr.

1. Sérhver maður sem á rétt á forréttindum og friðhelgi, skal njóta þeirra frá þeirri stundu er hann kemur í land móttökuríkisins til þess að taka við stöðu sinni, eða, ef hann er þegar kominn í land móttökuríkisins, frá þeirri stundu sem skipun hans er tilkynnt utanríkisráðuneytinu eða öðru ráðuneyti sem samkomulag verður um.

2. Þegar störfum manns sem notið hefur forréttinda og friðhelgi er lokið, skal slíkum forréttindum og friðhelgi að jafnaði lokið á þeirri stundu, er hann hverfur úr landi, eða eftir að liðinn er hæfilegur frestur til brottfarar, en halda gildi til þeirrar stundar, jafnvel þótt hernaðarástand ríki. Friðhelgin skal samt haldast að því er tekur til athafna, sem framkvæmdar eru af slíkum manni sem þáttur í skyldustörfum hans sem sendiráðsmanns.
3. Í því tilviki að dauða sendiráðsmanns beri að höndum, skal fjölskylda hans halda áfram að njóta forréttinda og friðhelgi þeirrar sem hún á rétt á, þar til liðinn er hæfilegur frestur til þess að halda úr landi.
4. Í því tilviki að sendiráðsmaður sem hvorki er ríkisborgari móttökuríkisins né hefur fast heimilisfang þar eða heimilisfastur venslamaður hans andist, skal móttökuríkið heimila brottflutning lausafjár hins látna, að undantekinni hverri þeirri eign sem aflað var í því landi og bannað var að flytja út þegar andlátíð bar að höndum. Ekki skal leggja skiptagjöld né erfðafjárskatt á lausafé, sem var í móttökuríkinu einungis vegna þess að hinn látni var þar sem sendiráðsmaður eða einn af fjölskyldu sendiráðsmanns.

40. gr.

1. Ef sendierindreki er á ferð eða dvelst í landi þriðja ríkis, sem hefur veitt honum vegabréfsáritun, ef áskilin er, þeirra erinda að taka við eða hverfa aftur til starfs síns eða er á leið til heimalands síns, skal þriðja ríkið veita honum friðhelgi og önnur forréttindi, sem nauðsynleg eru vegna ferðalags hans eða heimferðar. Hið sama á við um sérhvern venslamann sendierindrekans sem nýtur forréttinda og friðhelgi og er í för með honum, eða á leið til hans eða heimalands síns, þótt ekki sé hann honum samferða.
2. Þegar svo stendur á, sem greint er í 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þriðju ríki ekki hindra för skrifstofu- og tæknistarfsmanna eða þjónustustarfsmanna sendiráðs né venslamanna þeirra, um lönd sín.
3. Þriðju ríki skulu veita embættisbréfum og öðrum opinberum skilaboðum sem um lönd þeirra eru send, þ.á.m. tilkynningum á dulmáli eða merkjamáli, sama frjálrsæði og vernd og móttökuríkið veitir. Þau skulu veita stjórnarpóstberum sem hafa hlotið vegabréfsáritun, ef slík áritun er áskilin og stjórnarpósti á leið til áfangastaðar, sömu friðhelgi og vernd sem móttökuríkinu ber skylda til að veita.
4. Þær skuldbindingar sem á þriðju ríkjum hvíla samkvæmt 1., 2. og 3. málsgrein þessarar greinar, skulu einnig taka til þeirra manna sem þar eru greindir, svo og stjórnarpósts og opinberra skilaboða, sem komin eru í land þriðja ríkisins af *force majeure* ástæðum.

41. gr.

1. Það er skylda allra þeirra, sem njóta forréttinda og friðhelgi, að virða lög og reglur móttökuríkisins, en þó þannig að forréttindi þeirra eða friðhelgi skerðist eigi. Á þeim hvílir einnig sú skylda að skipta sér ekki af innanlandsmálum þess ríkis.
2. Öll opinber erindi, sem móttökuríkið varða og falin eru sendiráðinu af sendiríkinu, skulu rekin hjá utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða hjá öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, eða fyrir milligöngu þeirra.
3. Ekki má nota sendiráðssvæðið á nokkurn þann hátt sem ósamrýmanlegur er störfum sendiráðsins svo sem þau eru skilgreind í þessum samningi eða í öðrum reglum hins almenna þjóðaréttar eða sérsamningum milli sendiríkisins og móttökuríkisins.

Höfundalög nr. 73/1972

Tóku gildi 29. nóvember 1972. Breytt með [l. 78/1984](#) (tóku gildi 13. júní 1984), [l. 11/1986](#) (tóku gildi 1. maí 1986), [l. 20/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992), [l. 57/1992](#) (tóku gildi 1. okt. 1992), [l. 50/1996](#) (tóku gildi 1. jan. 1997), [l. 145/1996](#) (tóku gildi 30. des. 1996; EES-samningurinn: XVII. viðauki tilskipun 91/250/EBE, 92/100/EBE, 93/83/EBE og 93/98/EBE), [l. 82/1998](#) (tóku gildi 1. okt. 1998), [l. 60/2000](#) (tóku gildi 26. maí 2000; EES-samningurinn: I. viðauki tilskipun 91/250/EBE og 92/100/EBE), [l. 9/2006](#) (tóku gildi 11. mars 2006; EES-samningurinn: XVII. viðauki tilskipun 2001/29/EB), [l. 23/2006](#) (tóku gildi 3. maí 2006; EES-samningurinn: XX. viðauki tilskipun 2003/4/EB), [l. 97/2006](#) (tóku gildi 30. júní 2006; EES-samningurinn: XVII. viðauki tilskipun 2001/84/EB), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og [l. 93/2010](#) (tóku gildi 2. júlí 2010).

11. gr.

...

[Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra til einkanota á bönd, diska, plötur eða aðra þá hluti, í hvaða formi sem er, sem taka má upp á hljóð og/eða myndir með hliðrænum eða stafrænum hætti. Enn fremur skal greiða endurgjald af tækjum sem einkum eru ætluð til slíkrar upptöku. Gjöld þessi skulu greidd hvort sem um innlenda eða innflutta framleiðslu er að ræða og hvílir skylda til að svara gjöldunum á innflytjendum og framleiðendum.

Gjöld skv. 3. mgr. skulu nema:

1. Af tækjum skal endurgjaldið vera 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða.
2. Af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til upptöku hljóðs eingöngu skal gjaldið nema 35 kr.
3. Af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til upptöku mynda, eftir atvikum ásamt hljóði, skal gjaldið nema 100 kr.
4. Gjöld skv. 2. og 3. tölul. eru miðuð við að lengd flutningstíma sé allt að 180 mínútur fyrir hluti til hljóðupptöku og allt að 240 mínútur fyrir hluti til myndupptöku. Sé flutningstími lengri hækkar gjaldið hlutfallslega sem því nemur.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur⁴⁾ um gjöld skv. 3. og 4. mgr., þar á meðal af hvaða hlutum og tækjum gjöldin skuli greidd. Lækka má fjárhæðir, sem greindar eru í 4. mgr., af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum ef ætla má að einungis hluti þeirra sé ætlaður til upptöku skv. 3. mgr.

Samtök höfundaréttarfélaga, þar með talin félög listflytjenda og framleiðenda, sjá um innheimtu á gjöldum skv. 3. mgr. og ráðstafa þeim. Samtökunum er heimilt að fela tolyfirvöldum innheimtu á gjöldum þeim sem innflytjendur skulu standa skil á. Samtökunum skulu settar samþykktir⁵⁾ í samvinnu við menntamálaráðuneytið og eru þær háðar staðfestingu þess. Í samþykktunum skal meðal annars ákveða skiptingu tekna með aðildarfélögum og þar má einnig mæla fyrir um framlög til styrktar útgáfu hljóð- og myndrita.]³⁾

¹⁾L. 9/2006, 2. gr. ²⁾L. 57/1992, 3. gr. ³⁾L. 60/2000, 2. gr. ⁴⁾Rg. 125/2001, sbr. 186/2001 og 227/2001. ⁵⁾Samþ. 333/1996 og rg. 141/1985.

Lög

nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni.

Tóku gildi 11. júní 1974. Breytt með l. 60/1980 (tóku gildi 16. júní 1980), l. 75/1982 (tóku gildi 10. júní 1982), l. 13/1985 (tóku gildi 31. maí 1985), l. 49/1993 (tóku gildi 27. maí 1993), l. 10/1997 (tóku gildi 26. mars 1997), l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 68/2001 (tóku gildi 13. júní 2001), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir Íslands hönd að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni.

Hugtakið ávana- og fíkniefni í lögum þessum tekur einnig til ávana- og fíknilyfja.

2. gr.

Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru upp í 6. gr. laga þessara, er óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. málsg. r.

[Velferðarráðherra]²⁾ er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð¹⁾, að varsla og meðferð annarra ávana- og fíkniefna, sem sérstaklega mikil hættu er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum, sé á sama hátt óheimil á íslensku forráðasvæði.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og þá aðeins eftir þeim reglum og skilyrðum, er hann setur. Slíkar undanþágur eru ávallt afturtækar.

Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna, er greinir í 1. og 2. málsg. r., er bannaður, með þeirri undantekningu, sem getur um í 3. mgr.

¹⁾Augl. 232/2001, rg. 233/2001, sbr. 490/2001, 248/2002, 848/2002, 480/2005 og 516/2006, L. 162/2010, 47. gr.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að efni, sem ekki falla undir 2. gr., en geta haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- og fíkniefna og skráð eru sem slík í alþjóðasamningum, megi aðeins nota hér á landi í lækni- og fræðilegum og vísindalegum tilgangi. Sama er um efni, sem vísindalegar rannsóknir benda til, að haft gætu slíka hættu í för með sér.

Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna þeirra, er greinir í 1. málsg. r., er einungis heimil lyfsölum og þeim, sem ráðherra hefur veitt sérstakt leyfi til slíks. Ráðherra getur sett frekari takmarkanir um slíka starfsemi og hann getur takmarkað og afturkallað leyfi hvenær sem er.

Kaup og móttaka efna, er greinir í 1. málsg. r., frá lyfsölum, svo og varsla efnanna er einnig heimil þeim, sem við þeim tekur samkvæmt lögum og almennum reglum um lyfseðla og aðrar lyfjaávisanir.

Að öðru leyti er inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla þessara efna bönnuð.

4. gr.

Ákvæðum 2. og 3. gr. verður einnig beitt, eftir því sem við á, um hráefni, sem unnt er að vinna úr eða breyta í ávana- og fíkniefni. [Sama gildir um sölt, esta, peptíð og hvers konar afleiður (afbrigði) efna, sbr. 2. og 3. gr., þar með taldar afleiður sem eru frábrugðnar upprunalega efninu (viðmiðunarefninu) að því er varðar staðsetningu efnahóps eða efnahópa á kolefni, köfnunarefni, súrefni og/eða brennisteini.]¹⁾

¹⁾L. 68/2001, 1. gr.

[4. gr. a

Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla og varsla tækja, hluta eða efna til notkunar við ólöglega ræktun, framleiðslu eða tilbúning ávana- og fíkniefna er bönnuð.

Ráðherra er heimilt að tilgreina nánar í reglugerð hvaða efni falla undir 1. mgr. og sérstaklega mikil hætta er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum.]¹⁾

¹⁾L. 10/1997, 6. gr.

5. gr.

[[Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum, [...] ¹⁾eða fangelsi allt að 6 árum.]²⁾ Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í sviksamlegum tilgangi launung á atríði, er máli skipta í þessu, eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Enn fremur skal sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávísun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.]³⁾

[Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.]⁴⁾

[...]

Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum, ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera skal upptæk til ríkissjóðs efni þau, er lög þessi taka til og aflað hefur verið á [ólögmætan]⁶⁾ hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.

[Heimilt er að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna sem lögin taka til. Það sama gildir um ávinning af öðrum brotum á lögum þessum, fjárhæð sem svarar til slíks ávinnings og muni sem eru keyptir eru fyrir ávinninginn. Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina. Þá skal og heimilt að gera upptæka hvers konar muni sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efna sem lögin taka til.

Ítrekuð brot gegn lögum þessum skulu varða aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning eða dreifingu þeirra efna sem um getur í 2.- 4. gr. a.]⁴⁾

¹⁾L. 82/1998, 166. gr. ²⁾L. 13/1985, 1. gr. ³⁾L. 60/1980, 1. gr. ⁴⁾L. 10/1997, 7. gr. ⁵⁾L. 88/2008, 233. gr. ⁶⁾L. 68/2001, 2. gr.

6. gr.

[Eftirtalin ávana- og fíkniefni falla undir 1. mgr. 2. gr.: 1-Fenyl-2-butylamine, 4-metylaminox, 4-MTA, A1-fenyl-1-piperidyl-(2)-metyl acetat, Acetorphine, Acetylmescaline, Allobarbital, Brallobarbital, Brolamfetamine, Brotizolam, Brom-STP, Butobarbital, Cannabis (Kannabis, Marihuana, Hass), Cannabis harpix, Carfentanil, Cathinone, Chlorali hydras, Chloralodolum, Clomethiazolum, Cocainum, Desornorphinum, DET, Dexamfetamine, DMA, DMHP, DMT, DOET, Enhexymalum, Eticyclideine, Etilamfetamine, Etorphine, Fenetylline, GHB, Heptamalum, Heroin, Hexapropymatum, Hydroxyamfetamine, Hydroxytetrahydrokannabinolar, Ibogain, Kat, Levonantradol, Lysergide, MDA, MDE, MDMA, Mescaline, Methamfetamine, Methandriolum, Methaqualone, Methcathinone, Methylpentynolum, Metohexital, Metylmescaline, MDMA, Modafinil, Nabilon, N-ethyl MDA, N-hydroxyamfetamine, Parahexyl, PHP, PCPY, PMA, Propylhexedrinum, Psilocybinum, Psilocine, Pyritydion, STP, DOM, TCP, TMA, Tybamatum, Vinylbital.]¹⁾

¹⁾L. 68/2001, 3. gr.

Úr lögum

nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

Tóku gildi 6. apríl 1978.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um ræðissamband sem gerður var í Vínarborg 24. apríl 1963 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, svo og að viðbótarbókunum varðandi ríkisborgararétt og skyldubundna lausn deilumála.

Ákvæði samningsins skulu hafa lagagildi á Íslandi.

2. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Fylgiskjal I.

VÍNARSAMNINGURINN UM RÆDISSAMBAND

1. gr.

Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum skulu neðangreind heiti hafa þessa merkingu:
 - a) „ræðisstofnun“ er sérhver aðalræðisskrifstofa, ræðisskrifstofa, vararæðisskrifstofa eða umboðsræðisskrifstofa;
 - b) „ræðisumdæmi“ er það landsvæði þar sem ræðisstofnun er ætlað að inna af hendi ræðisstörf;
 - c) „forstöðumaður ræðisstofnunar“ er maður sem hefur verið falið að gegna slíkri stöðu;
 - d) „ræðiserindreki“ er hver sá sem falið hefur verið sem slíkum að framkvæma ræðisstörf, og er þar með talinn forstöðumaður ræðisstofnunar;

- e) „ræðisstarfsmaður“ er hver sá sem er ráðinn til að vinna skrifstofu- eða tæknistörf hjá ræðisstofnun;
 - f) „þjónustustarfsmaður“ er hver sá sem er ráðinn til að vinna heimilisstörf hjá ræðisstofnun;
 - g) „starfsmenn ræðisstofnunar“ eru ræðiserindrekar, ræðisstarfsmenn og þjónustustarfsmenn;
 - h) „ræðisstarfslið“ er ræðiserindrekar, að undanskildum forstöðumanni ræðisstofnunar, ræðisstarfsmenn og þjónustustarfsmenn;
 - i) „einkaþjónustustarfsmaður“ er sá sem er ráðinn eingöngu í einkaþjónustu starfsmanns ræðisstofnunar;
 - j) „ræðisstofnunarsvæði“ er þær byggingar eða hlutar bygginga og tilheyrandi lóð sem nýtt er eingöngu í þágu ræðisstofnunar hver svo sem eigandinn er;
 - k) „ræðisskjalasafn“ er öll blöð, skjöl, bréf, bækur, kvikmyndir, segulbönd og skrár ræðisstofnunar ásamt dulmáls- og merkjamálgögnum, spjaldskrá og hvers kyns húsmunum sem ætlaðir eru til að hlífa þeim og varðveita.
2. Ræðiserindrekar skiptast í tvo flokka, þ.e. sendiræðiserindreka og kjörræðiserindreka. Ákvæði 2. kafla samnings þessa taka til ræðisstofnana sem sendiræðiserindrekar veita forstöðu en ákvæði 3. kafla til ræðisstofnana undir stjórn kjörræðiserindreka.
 3. Um hina sérstöku stöðu þeirra starfsmanna ræðisstofnana sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða hafa þar fasta búsetu gilda ákvæði 71. greinar samnings þessa.

II. KAFLI

AÐSTAÐA, FORRÉTTINDI OG FRIÐHELGI RÆÐISSTOFNANA, SENDIRÆÐISERINDREKA OG ANNARRA STARFSMANNA RÆÐISSTOFNANA

31. gr.

Friðhelgi ræðisstofnunarsvæðis.

1. Ræðisstofnunarsvæðið skal njóta friðhelgi að svo miklu leyti sem mælt er fyrir um í grein þessari.
2. Stjórnvöld viðtökuríkisins skulu ekki koma inn á þann hluta ræðisstofnunarsvæðisins sem er eingöngu notaður vegna starfsemi ræðisstofnunarinnar nema með samþykki forstöðumanns ræðisstofnunarinnar, þess sem hann nefnir til eða forstöðumanns sendiráðs sendiríkisins. Þó má gera ráð fyrir samþykki forstöðumanns ræðisstofnunarinnar þegar að höndum ber eldsvoða eða önnur óhöpp sem gera tafarlaugar varnaraðgerðir nauðsynlegar.
3. Með þeim takmörkunum sem felast í 2. mgr. greinar þessarar ber viðtökuríkinu sérstök skylda til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda ræðisstofnunarsvæðið fyrir öllum atلögum eða tjóni og koma í veg fyrir að friði ræðisstofnunarinnar verði á nokkurn hátt raskað eða virðing hennar skert.
4. Ræðisstofnunarsvæðið, innbú þar, aðrar eignir ræðisstofnunarinnar og ökutæki hennar skulu undanþegin hvers kyns töku í þágu landvarna eða almannahags. Ef eignarnám er nauðsynlegt í slíku augnamiði skal grípa til allra hugsanlegra ráða til að forðast að valda tálmunum við framkvæmd ræðisstarfa og skulu sendiríkinu án undandrátta greiddar fullar, viðunandi bætur.

33. gr.

Friðhelgi ræðisskjalasafns og ræðisskjala.

Ræðisskjalasafn og ræðisskjöl skulu ætíð vera friðhelg hvar sem þau eru niðurkomin.

35. gr.

Samgöngufrelsi.

1. Viðtökuríkið skal heimila og tryggja ræðisstofnuninni samgöngufrelsi í öllum opinberum erindrekstri. Ræðisstofnunin getur farið allar eðlilegar leiðir til að hafa samband við ríkisstjórn, sendiráð og aðrar ræðisstofnanir sendiríkisins án tillits til staðsetningar, þar á meðal notað stjórnarpóstbera eða ræðispóstbera og sent stjórnarpóst eða ræðispóst auk tilkynninga á merkjamáli eða dulmáli. Þó má ræðisstofnun því aðeins setja upp og nota fjarsenditæki að viðtökuríkið veiti leyfi til þess.
2. Opinber bréf ræðisstofnunarinnar skulu vera friðhelg. Með opinberum bréfum er átt við öll bréf sem varða ræðisstofnunina og starfsemi hennar.
3. Hvorki má opna né leggja hald á ræðispóst. Ef hlutaðeigandi stjórnvöld viðtökuríkisins hafa rökstudda ástæðu til að ætla að í póstinum sé eitthvað annað en þau bréf, skjöl eða hlutir sem 4. mgr. greinar þessarar fjallar um geta þau engu að síður farið fram á að þar til bær fulltrúi sendiríkisins opni póstin í viðurvist þeirra. Neiti stjórnvöld sendiríkisins að verða við slíkri beiðni skal senda póstin aftur til upprunastaðar.
4. Böggjar þeir sem teljast til ræðispóstsins skulu hið ytra bera þess merki hvers eðlis þeir séu og mega aðeins vera í þeim opinber bréf og skjöl eða munir sem ætlaðir eru til opinberra starfa eingöngu.
5. Ræðispóstbera skal láta í té opinbert skjal sem gefur til kynna stöðu hans og fjölda böggla í ræðispóstinum. Hann skal ekki vera ríkisborgari viðtökuríkisins nema samþykki þess komi til, og einnig þarf samþykki viðtökuríkisins ef hann hefur fasta búsetu í því ríki og er ekki ríkisborgari sendiríkisins. Við framkvæmd starfa sinna skal hann njóta verndar viðtökuríkisins. Hann skal njóta persónulegrar friðhelgi og eigi má beita hann handtöku né kyrrsetningu í neinni mynd.
6. Sendiríkinu, sendiráðum þess og ræðisstofnunum er heimilt að tilnefna sérstaka ræðispóstbera. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 5. mgr. greinar þessarar einnig gilda nema hvað friðhelgi sú sem þar er greind skal falla niður þegar slíkur pósthafi hefur afhent viðtakanda ræðispóstinn sem var í vörslu hans.
7. Ræðispóst má fela í umsjá skipstjóra eða flugstjóra atvinnu loftfars sem samkvæmt áætlun mun koma til viðurkennds viðkomustaðar. Honum skal fengið í hendur opinbert skjal sem greinir fjölda böggla í póstinum en ekki skal hann teljast ræðispóstberi. Ræðisstofnun getur sent einn af starfsmönnum sínum til að taka póstin beint og óhindrað í sína vörslu frá skipstjóranum eða flugstjóranum enda sé samið um slíkt við hlutaðeigandi stjórnvöld á staðnum.

50. gr.

Tollfrelsi og undanþága frá tollskoðun.

1. Í samræmi við lög þau og reglur sem viðtökuríkið kann að setja skal það heimila innflutning á og veita undanþágur frá öllum tollum, sköttum og skyldum gjöldum, að undanteknum gjöldum fyrir geymslu, akstur og svipaða þjónustu, að því er varðar:
 - a) muni sem ætlaðir eru til opinberra nota ræðisstofnunarinnar;
 - b) muni sem ætlaðir eru til persónulegra nota ræðiserindreka eða þeirra úr fjölskyldu hans sem teljast til heimilisfólks hans, þar á meðal muni sem ætlaðir eru til bústofnunar hans. Neysluvarningur skal ekki vera meiri en nauðsynlegur getur talist til beinna þarfa viðkomandi einstaklinga.

2. Ræðisstarfsmenn skulu njóta þeirra forréttinda og undanþága sem greindar eru í 1. mgr. greinar þessarar að því er við kemur munum sem fluttir eru inn þegar þeir fyrst setjast að í viðtökuríkinu.
3. Persónulegur farangur sem ræðiserindrekar og þeir úr fjölskyldum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra hafa meðferðis skal undanþeginn skoðun. Þó má skoða hann ef gildar ástæður eru til að ætla að í honum séu aðrir munir en þeir sem greint er frá í b-lið 1. mgr. greinar þessarar, munir sem samkvæmt lögum og reglum viðtökuríkisins er bannað að flytja inn í landið eða út úr því eða munir sem lúta lögum og reglum þess um sóttvarnir. Slík skoðun skal fara fram í viðurvist ræðiserindrekans eða þess úr fjölskyldu hans sem hlut á að máli.

III. KAFLI

REGLUR UM KJÖRRÆÐISERINDREKA OG RÆÐISSTOFNANIR UNDIR FORSTÖÐU ÞEIRRA

61. gr.

Friðhelgi ræðisskjalasafns og ræðisskjala.

Ræðisskjalasafn og skjöl ræðisstofnunar sem kjörræðiserindreki veitir forstöðu skulu ætíð vera friðhelg hvar sem þau eru niður komin svo framarlega sem þeim er haldið aðskildum frá öðrum gögnum og skjölum, og þá sér í lagi einkabréfum forstöðumanns ræðisstofnunar eða hvers þess manns sem starfar með honum og gögnum þeim, bókum eða skjölum sem varða atvinnu þeirra eða viðskipti.

62. gr.

Tollfrelsi .

Í samræmi við lög þau og reglur sem viðtökuríkið kann að setja skal það heimila innflutning á og veita undanþágur frá öllum tollum, sköttum og skyldum gjöldum, að undanteknum gjöldum fyrir geymslu, akstur og svipaða þjónustu, að því er varðar eftirtalda muni sem ætlaðir eru til opinberra nota ræðisstofnunar undir forstöðu kjörræðiserindreka: skjaldarmerki, fána, skilti, innsigli og stimpla, bækur, opinber prentuð rit, skrifstofuhúsgögn, skrifstofutæki og svipaða muni sem ræðisstofnuninni eru látnir í té af sendiríkinu eða samkvæmt beiðni af þess hálfu.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

71. gr.

Einstaklingar sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða heimilisfastir þar.

1. Ræðiserindrekar sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða heimilisfastir þar skulu einungis njóta undanþágu frá lögsögu og persónulegrar friðhelgi að því er varðar opinber störf sem þeir framkvæma innan verkahings síns og forréttinda sem veitt eru í 3. mgr. 44. gr., nema viðtökuríkið veiti frekari aðstöðu, forréttindi og friðhelgi. Að því er kemur við ræðiserindrekum þessum skal viðtökuríkið einnig fullnægja skyldu þeirri sem kveðið er á um í 42. gr. Ef refsímál er höfðað gegn ræðiserindreka sem hér um ræðir skal reka málið þannig að tálmað sé sem allra minnst framkvæmd ræðisstarfa nema þegar hann er handtekinn eða hafður í haldi.
2. Aðrir starfsmenn ræðisstofnunar sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða heimilisfastir þar skulu ásamt fjölskyldum sínum og fjölskyldum þeirra ræðiserindreka sem greint er frá í 1. mgr. greinar þessarar aðeins njóta aðstöðunnar, forréttindanna og friðhelginna að

svo miklu leyti sem viðtökuríkið veitir þeim þau réttindi. Sömuleiðis skulu þeir úr fjölskyldum starfsmanna ræðisstofnunar og þeir einkaþjónustustarfsmenn sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða heimilisfastir þar einungis njóta aðstöðunnar, forréttindanna og friðhelginnar í þeim mæli sem viðtökuríkið heimilar. Viðtökuríkið skal þó fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum að ekki valdi óeðlilegum truflunum á framkvæmd starfa við ræðisstofnunina.

Úr lögum

nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Tóku gildi 9. júní 1981. Breytt með l. 59/1990 (tóku gildi 1. jan. 1991) og l. 87/1995 (tóku gildi 1. júlí 1995).

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja sem best góða og heilbrigða ræktun plantna hér á landi.

Í lögum þessum merkir planta heilar jurtir og viðarplöntur svo og hluta þeirra. Meiri merkir frávik frá því, sem heilbrigt má teljast, og skaðvaldur merkir þær lífverur og lífræna þætti, er meinum valda á plöntum: veirur (vira), berfrymingar (mycoplasma), bakteríur (bacteria), sveppir (fungi) og meindýr.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur samkvæmt lögum þessum gert varnarráðstafanir og gefið út reglugerðir, sem stuðla að því:

1. að koma í veg fyrir að hættulegir skaðvaldar berist til landsins og dreifist innanlands, og útrýma skaðvöldum, sem þegar hafa borist til landsins, teljist það framkvæmanlegt,
2. að hindra að skaðvaldar, sem aðrar þjóðir vilja verjast, berist frá Íslandi.

Landbúnaðarráðherra ákveður, með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í plöntusjúkdómum og meindýrum, hvaða skaðvald beri að telja svo hættulegan að falli undir ráðstafanir, er lög þessi heimila.

¹⁾Rg. 189/1990, sbr. 91/1998 og 393/1999. Rg. 53/1971. Rg. 343/2004, sbr. 264/2005 og 481/2006. Rg. 455/2006.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra getur m. a.:

- a. fyrirskipað eftirlit með innflutningi, útflutningi og dreifingu innanlands á öllum tegundum plantna, mold, húsdýraáburði, umbúðum og öðru, sem getur borið sjúkdóma og meindýr á plöntur, ¹⁾
- b. sett það skilyrði fyrir innflutningi, útflutningi eða dreifingu innanlands, að plönturnar séu algjörlega lausar við ákveðna skaðvalda, eða sett ákveðið hámark um magn þeirra,
- c. bannað ræktun tiltekinna plöntutegunda á ákveðnum svæðum eða takmarkað ræktun við plöntur gæddar ákveðnum eiginleikum,

- d. fyrirskipað landeigendum eða ræktendum að gera varnarráðstafanir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum á eigin kostnað,
- e. fyrirskipað eyðingu eða sérstaka meðhöndlun á plöntum eða á hlutum, sem geta borið og dreift skaðvaldi (t.d. mold, verkfæri, umbúðir, flutningatæki og geymslustaðir),
- f. fyrirskipað sóttkví undir eftirliti sem skilyrði fyrir innflutningi.

[Til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með plöntum samkvæmt lögum þessum er ráðherra heimilt að láta innheimta eftirlitsgjald vegna innflutnings á plöntum og vegna dreifingar innan lands og útflutnings á innlendum plöntum. Ráðherra setur í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins.]³⁾

¹⁾Rg. 343/2004, sbr. 264/2005 og 481/2006. ²⁾Rg. 525/2007. ³⁾L. 87/1995, 25. gr.

Úr siglingalögum

nr. 34/1985.

Tóku gildi 1. júlí 1985. Breytt með [l. 21/1986](#) (tóku gildi 12. maí 1986), [l. 19/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991), [l. 90/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992), [l. 91/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992), [l. 92/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), [l. 50/1993](#) (tóku gildi 1. júlí 1993), [l. 62/1993](#) (tóku gildi 1. jan. 1994), [l. 7/1996](#) (tóku gildi 1. okt. 1996), [l. 74/1998](#) (tóku gildi 24. júní 1998), [l. 82/1998](#) (tóku gildi 1. okt. 1998), [l. 133/1998](#) (tóku gildi 1. jan. 1999), [l. 69/2000](#) (tóku gildi 1. sept. 2000), [l. 55/2001](#) (tóku gildi 13. júní 2001), [l. 101/2006](#) (tóku gildi 30. júní 2006), [l. 159/2007](#) (tóku gildi 1. jan. 2009), [l. 69/2008](#) (tóku gildi 1. júní 2008, birt í *Stjtið*. 13. júní 2008), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. kafli.

Gildissvið laganna o.fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll skip sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Þegar athafnir íslensks framkvæmdarvalds eða dómsvalds taka til erlendra skipa skal einnig beita ákvæðum laga þessara, eftir því sem við á, enda brjóti það ekki í bága við reglur þjóðaréttarins.

...

Afhending farms.

61. gr.

Sá, sem sýnir heimild sína til viðtöku á farmi, hefur rétt til að skoða hann áður en hann tekur við honum.

4. Farmskírteini.

Efni.

101. gr.

Með farmskírteini er átt við skjal sem gefið er út af farmflytjanda eða í hans umboði þar sem viðurkennt er að tekið hafi verið við vöru til flutnings eða að hún sé á skip komin þar sem tegund og magn er tilgreint, þó að því tilskildu að skjalið sé kallað farmskírteini eða gefi til kynna að varan verði látin af hendi gegn afhendingu skjalsins.

Í farmskírteini skal greina útgáfustað, útgáfudag og nafn farmsendanda. Í viðtöku-farmskírteini skal greina viðtökustað vörunnar. Í skipsfarmskírteini skal greina nafn skipsins, þjóðerni og fermingarstað.

102. gr.

Í farmskírteini skal enn fremur greint ef farmsendandi krefst þess:

1. nánari lýsing á tegund vöru, þyngd, mál eða stykkjatala samkvæmt skriflegum upplýsingum sem farmsendandi lætur í té,
2. nauðsynleg auðkennismerki eins og farmsendandi tilgreinir skriflega í upplýsingum sem hann lætur í té áður en ferming hefst, þó að því tilskildu að þau séu greinileg á vörunni eða umbúðum hennar og verði við eðlilegar aðstæður auðlæsileg til loka ferðarinnar,
3. ástand vöru, eftir því sem séð verður,
4. í viðtökufarmskírteini skal greina þann dag sem vöru er veitt viðtaka en á skipsfarmskírteini skal greina þann dag sem ferminu lauk,
5. hvar afhenda eigi vöruna og hverjum,
6. fjárhæð farmgjalds og aðrir skilmálar flutnings vöru og afhendingar.

Farmflytjandi er þó ekki skyldur til, án fyrirvara í farmskírteini, að tilgreina upplýsingar um nánari lýsingu á vöru, merki, þyngd, mál og stykkjatölu ef hann hefur sanngjarna ástæðu til að efast um réttmæti þeirra eða ef hann hefur ekki fengið eðlilegt færi á að kanna framangreind atriði.

103. gr.

Vörusendandi ber ábyrgð gagnvart farmflytjanda á því að rétt sé sú tilgreining á vöru sem skráð er í farmskírteini samkvæmt ósk hans og upplýsingum.

104. gr.

Farmskírteini má stíla til ákveðins manns eða að tilvísun hans eða til handhafa. Framselja má farmskírteini nema það sé bannað í meginmáli þess, svo sem með orðunum „ekki til framsals“ eða á annan hátt.

105. gr.

Svo mörg eintök skulu gerð af farmskírteini sem sendandi æskir. Hvort sem eintök eru eitt að fleiri skal eintakatala greind í meginmáli skírteinisins. Nú eru gefin út fleiri eintök en eitt og skulu þau þá öll vera samhljóða.

106. gr.

Nú kemur maður með farmskírteini sem hann er rétt að kominn eftir orðum þess sjálfs eða við framsal í óslitinni röð eða við eyðuframsal og getur hann þá krafist afhendingar vörunnar.

Þó að farmskírteini hafi verið gefið út í fleiri en einu eintaki þá nægir samt að sá, sem kallar eftir vörunni á ákvörðunarstað, sýni eitt eintak með þeirri heimild sem í 1. mgr. segir. Utan ákvörðunarstaðar er óheimilt að láta farm af hendi nema skilað sé aftur öllum eintökum farmskírteinisins eða trygging sett fyrir kröfum sem eigendur þeirra kynnu að koma fram með á hendur farmflytjanda.

...

Réttarsamband farmflytjanda og viðtakanda farms.

110. gr.

Farmskírteini er grundvöllur réttarstöðu farmflytjanda og viðtakanda farms sín á milli um flutning og afhendingu vörunnar. Ákvæði farmsamnings, sem ekki voru sett í farmskírteinið, eru ógild gagnvart viðtakanda nema til þeirra sé vitnað í farmskírteini.

Ekki verður viðtakandi krafinn um ógreitt aukabiðdagagjald né önnur gjöld sem af fermingu skipsins stafa nema kröfunnar sé getið í farmskírteini. Nú hefur tími til fermingar og affermingar verið tiltekinn í einu lagi og þarf viðtakandi þá ekki að hlíta því að of langur tími hafi til fermingar gengið nema greindur sé á farmskírteini sá tími sem fermingin tók.

111. gr.

Farmskírteinið er sönnun þess að farmflytjandi hafi veitt viðtöku og lestað vöru eins og greint er í farmskírteini nema annað sannist. Þó er gagnsönnun ekki heimil þegar farmskírteini hefur verið framselt grandlausum þriðja manni.

Farmflytjandi getur ekki borið fyrir sig rangar upplýsingar um vöru til að losna undan ábyrgð ef hann sá eða mátti sjá að rangt var frá skýrt nema hann hafi skráð um það beina athugasemd á farmskírteinið.

Lög

nr. 97/1987, um vörugjald, sbr. auglýsingu nr. 26/1997.

Tóku gildi 1. janúar 1988. Breytt með l. 95/1988 (tóku gildi 27. des. 1988 hvað varðar innfluttar vörur en frá og með 1. jan. 1989 varðandi innlenda framleiðslu), l. 51/1989 (tóku gildi 1. júní 1989; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 10. gr.), l. 18/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), l. 122/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), l. 52/1994 (tóku gildi 20. maí 1994, sjá þó 3. gr.), l. 89/1996 (tóku gildi 1. júlí 1996), l. 148/1996 (tóku gildi 1. febr. 1997), l. 89/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998, sjá þó ákvæði til bráðabirgða), l. 4/1999 (tóku gildi 5. mars 1999), l. 103/2000 (tóku gildi 1. júlí 2000), l. 104/2000 (tóku gildi 1. júlí 2000), l. 155/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001), l. 72/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 175/2006 (tóku gildi 1. mars 2007 nema 2. og 6. gr. sem tóku gildi 30. des. 2006), l. 147/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 175/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 17/2009 (tóku gildi 15. mars 2009, birt í Stjttð. 19. mars 2009), l. 70/2009 (tóku gildi 30. júní 2009 nema 1.–3. gr., 12.–26. gr. og brbákv. V og VI sem tóku gildi 1. júlí 2009, 4. gr. sem tók gildi 1. sept. 2009 og brbákv. IV sem tók gildi 16. júní 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr., sbr. og l. 97/2009 (tóku gildi 3. sept. 2009)), l. 97/2009 (tóku gildi 3. sept. 2009), l. 130/2009 (tóku gildi 30. des. 2009 nema 7.–9. gr. og 13.–42. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), l. 136/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), l. 14/2010 (tóku gildi 13. mars 2010) og l. 165/2010 (tókugildi 30. desember með tilliti til þessara laga).

Upphafsaákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru eða fá einhverja vinnslumeðferð innan lands eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.

2. gr.

Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp [í viðauka I við lög þessi.]¹⁾ Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld. [Sala á gjaldskyldri vöru til varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli, sbr. lög nr. 110/19, telst sala úr landi í skilningi laga þessara.]¹⁾

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum [tollalaga, nr. 88/2005]²⁾ [...]¹⁾.

¹⁾L. 89/1996, 1. gr. ²⁾L. 147/2008, 30. gr.

3. gr.

[Vörugjald skal reiknað með tvenns konar hætti; annars vegar sem tiltekin fjárhæð fyrir hvert kílógramm eða hvern lítra af gjaldskyldri vöru (magngjald), en hins vegar sem tiltekið hlutfall af verðmæti gjaldskyldrar vöru (verðgjald).

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í A-lið í viðauka I¹⁾, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í B-lið í viðauka I, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvern lítra af vörunni, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í [C-E-liðum]²⁾ í viðauka I, skal greiða gjald af verðmæti vöru sem hér segir:

1. 15% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C-lið.
 2. 20% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í D-lið.
 3. 25% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í E-lið.
- [...]²⁾³⁾

¹⁾Viðauki I er ekki birtur hér, en um hann vísast til Stjtið. 1996 A, bls. 287–291, sbr. augl. A 110/1996, 148/1996, 164/1996, 25/1997, 26/1997, l. 89/1998, 5. gr., l. 4/1999, l. 103/2000 og l. 175/2006, 1. gr. ²⁾L. 148/1996, 1. gr. ³⁾L. 89/1996, 2. gr.

Gjaldskyldir aðilar .

4. gr.

Skylda til að greiða vörugjald hvílir á þessum aðilum:

1. Öllum þeim sem flytja til landsins vörugjaldsskyldar vörur hvort sem er til eigin nota eða endursölu.
2. Öllum þeim sem framleiða, vinna að eða pakka vörugjaldsskyldum vörum innan lands. [...]¹⁾
- [3. Aðilum sem skráðir hafa verið sérstakri skráningu skv. 5. gr.]¹⁾

[Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá [ríkisskattstjóra]²⁾ þar sem aðilar eiga lögheimili.]¹⁾ Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað.

¹⁾L. 89/1996, 3. gr. ²⁾L. 136/2009, 46. gr.

[5. gr.

Aðilar sem flytja inn eða kaupa innan lands gjaldskyldar vörur til heildsölu, geta fengið sérstaka skráningu hjá [ríkisskattstjóra]²⁾. Skilyrði slíkrar skráningar eru:

1. Að aðili hafi heildsöluleyfi.
2. Að aðili haldi sérstakt birgðabókhald yfir þær vörur sem vegna skráningarinnar lúta sérreglum um uppgjör vörugjalds í samræmi við reglur sem ríkisskattstjóri setur.

Aðila, sem fengið hefur sérstaka skráningu, er heimilt að flytja gjaldskyldar vörur inn til landsins eða kaupa gjaldskyldar vörur innan lands af framleiðanda eða af öðrum sérstaklega skráðum aðila án þess að skylda stofnist til greiðslu vörugjalds, sbr. 4. mgr. 9. gr.

Innlendum framleiðendum og aðilum sem fengið hafa sérstaka skráningu er heimil sala eða afhending á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem skráðir eru samkvæmt þessari grein.

Þegar aðili, sem fengið hefur sérstaka skráningu, kaupir gjaldskyldar vörur án vörugjalds skal tilgreina á sölureikningum það magn eða það verð sem myndar gjaldstofn vörugjalds.¹⁾

¹⁾L. 89/1996, 4. gr. ²⁾L.136/2009, 47. gr.

[Gjaldstofn verðgjalds.]¹⁾

¹⁾L. 89/1996, 5. gr.

[6. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í [C-E-liðum]¹⁾ í viðauka I, er tollverð þeirra eins og það er ákveðið í 8.-10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.]²⁾

¹⁾L. 148/1996, 2. gr. ²⁾L. 89/1996, 5. gr.

[7. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af innlendum framleiðsluvörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í [C-E-liðum]¹⁾ í viðauka I, er verksmiðjuverð þeirra.

Verksmiðjuverð er söluverð vöru frá framleiðanda, þ.e. það verð sem kaupandi greiðir eða ber að greiða við kaup á vöru af framleiðanda án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds.

Samsvari verksmiðjuverð ekki heildarandvirði vöru, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað verðmæti sem vörugjald hefur ekki þegar verið greitt af, skal heildarandvirði vörunnar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Ef framleiðandi er jafnframt heildsali eða smásali vöru eða ef verksmiðjuverð vöru liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum skal gjaldstofn vera almennt gangverð á sömu eða sams konar vöru við sölu frá framleiðendum. Ef slíkt almennt gangverð liggur ekki fyrir skal gjaldstofn vera verksmiðjuverð framleiðanda á sömu eða sams konar vöru í sambærilegum viðskiptum við óháða aðila.

Ef framleiðandi og kaupandi eru háðir hvor öðrum í skilningi 2. mgr. 8. gr. tollalaga er skattufirvöldum heimilt að ákvarða gjaldstofn samkvæmt ákvæðum 4. mgr. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari málsgrein.]²⁾

¹⁾L. 148/1996, 3. gr. ²⁾L. 89/1996, 6. gr.

[8. gr.

[Tollstjóri skal]¹⁾ reikna vörugjald af gjaldskyldum vörum sem aðilar, aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 5. gr., flytja til landsins. [[Ríkisskattstjóri]⁴⁾ annast álagningu vörugjalds vegna innlendirar framleiðslu og innflutnings aðila sem skráðir eru skv. 5. gr. [...]²⁾

[[Ríkisskattstjóri]⁵⁾ og framleiðendur vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. Skattstjóri og framleiðandi geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollayfirvalda um tollflokkun vöru er bindandi fyrir framleiðanda og skattýfirvöld.]²⁾³⁾

¹⁾L. 147/2008, 31. gr. ²⁾L. 136/2009, 48. gr. ³⁾L. 89/1996, 7. gr. ⁴⁾L. 136/2009, 47. gr. ⁵⁾L. 136/2009, 47. gr.

Innheimta uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl..

[9. gr.

[Hvert uppgjörstímabil aðila sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr. er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.]¹⁾

Innflytjendur, sem flytja vörur til landsins til endursölu, aðrir en þeir sem jafnframt eru skráðir skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu. Aðilar sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, skulu greiða vörugjald við tollafgreiðslu.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Þó skal ekki greiða vörugjald af vörum sem voru seldar án vörugjalds til skráðra aðila skv. 5. gr. [eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.]¹⁾

Aðilar sem skráðir eru skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af þeim vörum sem þeir hafa keypt eða fengið tollafgreiddar á tímabilinu eða voru til staðar í birgðum í upphafi uppgjörstímabils en eru ekki til staðar í birgðum við lok uppgjörstímabils samkvæmt birgðabókhaldi. Þó skal hvorki greiða vörugjald af þeim vörum sem vörugjald hefur þegar verið greitt af né af vörum sem voru seldar án vörugjalds til annarra skráðra aðila skv. 5. gr. [eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.]¹⁾

Gjaldskyldir aðilar skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber vörugjald af á uppgjörstímabilinu. Jafnframt skal tilgreina í skýrslunni sölu á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem eru skráðir skv. 5. gr. [eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.]¹⁾ [Ríkisskattstjóri]³⁾ skal áætla vörugjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki skila skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. [Ríkisskattstjóri]³⁾ skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. [Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.]¹⁾

Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.]²⁾

¹⁾L. 89/1998, 2. gr. ²⁾L. 89/1996, 9. gr. ³⁾L. 136/2009, 47. gr.

[10. gr.

[[Ríkisskattstjóri]⁴⁾ skal veita framleiðendum vöru, sem nota í framleiðslu sína hráefni eða efnivöru sem ber vörugjald, heimild til að kaupa af innflytjendum, innlendum framleiðendum og aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr. hráefni eða efnivöru án vörugjalds. Slík heimild veitir framleiðanda jafnframt heimild til endurgreiðslu á vörugjaldi af hráefni og efnivöru sem hann hefur sjálfur flutt til landsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. Í umsókn til skattstjóra skal m.a. tilgreina um hvers kyns framleiðslu er að ræða og til hvaða hráefna eða efnivöru óskað er að heimildin nái.

Innflytjandi getur á gjalddaga hvers uppgjörstímabils fengið endurgreitt vörugjald af vörum sem hann hefur flutt til landsins en hafa á uppgjörstímabili annaðhvort verið seldar án vörugjalds til framleiðanda eða verið nýttar í framleiðslu innflytjanda sjálfs samkvæmt heimild í 1. mgr. Innflytjandi skal tilgreina í sérstakri skýrslu til [ríkissskattstjóra]³⁾ um slíka sölu eða nýtingu, þar með talið til hvaða aðila vara er seld, magn vöru og tegund, svo og fjárhæð vörugjalds. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi vörugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.

Heimild samkvæmt þessari grein nær einungis til hráefnis eða efnivöru sem verður hluti af hinni endanlegu framleiðsluvöru. Heimildin nær hvorki til kaupa eða innflutnings á efnivörum til byggingar eða viðhalds á fasteignum né til nýsmíði eða viðgerða á ökutækjum.]¹⁾ ²⁾

¹⁾L. 89/1998, 3. gr. ²⁾L. 89/1996, 9. gr. ³⁾L. 136/2009, 47. gr. ⁴⁾L. 136/2009, 47. gr.

[11. gr.

Heimilt er að kæra álagningu vörugjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til [tollstjóra]¹⁾ eða [ríkissskattstjóra]³⁾. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi vörugjaldsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 5. mgr. 9. gr. Tollstjóri eða [ríkissskattstjóri]³⁾ skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

[Gjaldskyldur aðili getur skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufrest og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 118. gr. tollalaga.]¹⁾

Gjaldskyldur aðili [getur skotið úrskurði ríkisskattstjóra]³⁾ skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 2.-7. mgr. 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.]²⁾

¹⁾L. 147/2008, 32. gr. ²⁾L. 89/1996, 10. gr. ³⁾L. 136/2009, 49. gr.

[12. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, viðurlög og aðra framkvæmd varðandi vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga [um innfluttar vörur]¹⁾ og laga um virðisaukaskatt [um innlendar framleiðsluvörur.]

[Ákvæði 4. gr., 6. gr. og 2. tölul., 4.–8. tölul. og 12.–15. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, skulu ná til vörugjalds samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.]^{3) 4)}

[Ákvæði 3. gr., 5. gr. og 1.–7. og 9.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu ná til vörugjalds samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.]^{3) 4)}

¹⁾L. 89/1998, 4. gr. ²⁾L. 89/1996, 11. gr. ³⁾L. 147/2008, 33. gr. ⁴⁾Rg. 630/2008.

[13. gr.]¹⁾

Fjármálaráðherra setur í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, uppgjörstímabil, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. [...] ²⁾

[Fjármálaráðherra er enn fremur heimilt að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara og garðyrkjuafurða.]¹⁾ [...] ³⁾

¹⁾L. 89/1996, 12. gr. ²⁾Augl. 336/1994, rg. 358/1996, rg. 436/1998, sbr. 52/2000 og 84/2007; rg. 390/1999, sbr. 898/1999; rg. 630/2008. ³⁾L. 104/2000, 14. gr.

[14. gr.]¹⁾

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.²⁾ Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, og lög nr. 33 29. maí 1980, lög nr. 80 28. desember 1980, lög nr. 82 28. desember 1981, 7. gr. laga nr. 2 28. febrúar 1983, lög nr. 75 28. desember 1983 og lög nr. 126 31. desember 1984, um breytingu á þeim lögum, lög nr. 77 23. desember 1980, um vörugjald, og 3. gr. laga nr. 12 30. apríl 1981, um breytingu á þeim lögum, 54. gr. laga nr. 64 21. maí 1965 og 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982, með síðari breytingum. Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt nefndum lögum, falla úr gildi frá sama tíma.

¹⁾L. 89/1996.

²⁾Breytingar skv. lögum nr. 89/1996 tóku gildi 1. júlí 1996. Ákvæði þeirra tóku til allra vara sem þá voru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem afhentar höfðu verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.¹⁾

1) Bráðabirgðaákvæði laga nr. 97/1987, 18/1993, 89/1996 og 89/1996 hafa þjónað tilgangi sínum og eru ekki birt hér.

[Heimilt er að fella niður eða endurgreiða vörugjald af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til [31. desember 2009].³⁾ Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.]²⁾

2) L. 72/2005, 6. gr. 3) L. 175/2008, 3. gr.

[IX.]

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða vörugjald af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til [31. desember 2010].¹⁾ Fjármálaráðherra setur nánari reglur²⁾ um framkvæmd eftirgjafarinnar.]³⁾

¹⁾L. 130/2009, 4. gr. ²⁾Rg. 676/2005. ³⁾L. 72/2005, 6. gr.

[X.]

[Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.]¹⁾

¹⁾L. 17/2009, 2. gr.

[XI.]

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar, á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.]¹⁾

¹⁾L. 14/2010, 2. gr.

[XII]

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.]¹⁾

¹⁾l. 165/2010, 68. gr.

[Viðauki I við lög um vörugjald.]

[A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvert kílógramm af vörunni sem hér segir:

Tollskrárnúmer	kr./kg	Tollskrárnúmer	kr./kg	Tollskrárnúmer	kr./kg
0813.4001	160	1701.9105	60	1701.9906	60
0813.5001	160	1701.9106	60	1701.9907	60
[...] ¹⁾		1701.9107	60	1701.9909	60
1701.1100	60	1701.9109	60	1702.1100	60
1701.1200	60	1701.9901	60	1702.1900	60
1701.9101	60	1701.9902	60	1702.2000	60
1701.9102	60	1701.9903	60	1702.3001	60
1701.9103	60	1701.9904	60	1702.3002	60
1701.9104	60	1701.9905	60	1702.3009	60

1702.4001	60	1806.9025	100	2008.9209	24
1702.4002	60	1806.9026	100] ¹⁾	2008.9901	24
1702.4009	60	1806.9028	130	2008.9909	24
1702.5000	60	1806.9029	130	[...] ¹⁾	
1702.6000	60	1806.9039	130	2106.9021	800
1702.9001	60	1901.9011	30	2106.9022	60
1702.9002	60	1901.9019	30	[...] ¹⁾	
1702.9003	60	1905.2000	80	2106.9025	160
1702.9004	60	[...] ¹⁾		2106.9026	160
1702.9009	60	[1905.3110	80	2106.9031	50
1703.1002	60	1905.3120	80	2106.9039	160
1703.1009	60	1905.3131	80	2106.9041	50
1703.9009	60	1905.3139	80	2106.9042	50
1704.1000	120	1905.3201	80	2106.9048	50
1704.9001	120	1905.3209	80] ¹⁾	2106.9049	50
1704.9002	120	[] ²⁾		[] ²⁾	
1704.9003	120	2006.0011	24	2106.9062	24
1704.9004	120	2006.0012	24	[2106.9063	60] ¹⁾
1704.9005	120	2006.0019	24	[] ²⁾	
1704.9006	120	2006.0021	24	3003.9001	130
1704.9007	120	2006.0022	24	[...] ¹⁾	
1704.9008	120	2006.0023	24	[3004.5004	130
1704.9009	120	2006.0029	24	3004.9004	130] ¹⁾
1805.0001	30	2006.0030	24	3302.1021	130
1805.0009	30	[...] ¹⁾		3302.1030	130
[...] ¹⁾		2007.1000	24	4011.1000	20
[1806.1001	130	2007.9100	24	4011.2000	20
1806.1009	130] ¹⁾	2007.9900	24	4011.4000	20
1806.2001	130	2008.1101	24	4011.5000	20
1806.2003	130	2008.2001	24	[4011.6100	20
1806.2004	130	2008.2009	24	4011.6200	20
1806.2005	130	2008.3001	24	4011.6300	20
1806.2006	130	2008.3009	24	4011.6900	20
1806.2009	130	2008.4001	24	[...] ¹⁾	
1806.3101	100	2008.4009	24	4011.9200	20
1806.3109	100	2008.5001	24	4011.9300	20
1806.3201	100	2008.5009	24	4011.9400	20] ¹⁾
1806.3202	100	2008.6001	24	4011.9900	20
1806.3203	100	2008.6009	24	[...] ¹⁾	
1806.3209	100	2008.7001	24	[4012.1100	20
1806.9011	30	2008.7009	24	4012.1200	20
1806.9012	30	2008.8001	24	4012.1900	20] ¹⁾
1806.9019	30	2008.8009	24	4012.2000	20
1806.9023	100	2008.9100	24	4012.9000	20
[1806.9024	100	2008.9201	24	4013.1000	20

4013.2000	20
4013.9000	20
4016.9922	20

¹⁾ Sbr. L. 70/2009, 4. gr., tóku gildi 1. september 2009 svo og lög nr. 97/2009 samþykkt á Alþingi 28. ágúst 2009 um breytingu á þeim. ²⁾ L. 130/2009, 5. gr.

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvern lítra af vörunni sem hér segir:

Tollskrárnúmer	kr./kg	Tollskrárnúmer	kr./kg	Tollskrárnúmer	kr./kg
2009.1110	16	2009.2125	16	2009.4121	16
2009.1121	16	2009.2126	16	2009.4122	16
2009.1122	16	2009.2129	16	2009.4123	16
2009.1123	16	2009.2190	16	2009.4124	16
2009.1124	16	2009.2910	16	2009.4125	16
2009.1125	16	2009.2921	16	2009.4126	16
2009.1126	16	2009.2922	16	2009.4129	16
2009.1129	16	2009.2923	16	2009.4190	16
2009.1190	16	2009.2924	16	2009.4910	16
2009.1210	16	2009.2925	16	2009.4921	16
2009.1221	16	2009.2926	16	2009.4922	16
2009.1222	16	2009.2929	16	2009.4923	16
2009.1223	16	2009.2990	16	2009.4924	16
2009.1224	16	2009.3110	16	2009.4925	16
2009.1225	16	2009.3121	16	2009.4926	16
2009.1226	16	2009.3122	16	2009.4929	16
2009.1229	16	2009.3123	16	2009.4990	16
2009.1290	16	2009.3124	16	2009.5010	16
2009.1910	16	2009.3125	16	2009.5021	16
2009.1921	16	2009.3126	16	2009.5022	16
2009.1922	16	2009.3129	16	2009.5023	16
2009.1923	16	2009.3190	16	2009.5024	16
2009.1924	16	2009.3910	16	2009.5025	16
2009.1925	16	2009.3921	16	2009.5026	16
2009.1926	16	2009.3922	16	2009.5029	16
2009.1929	16	2009.3923	16	2009.5090	16
2009.1990	16	2009.3924	16	2009.6110	16
2009.2110	16	2009.3925	16	2009.6121	16
2009.2121	16	2009.3926	16	2009.6122	16
2009.2122	16	2009.3929	16	2009.6123	16
2009.2123	16	2009.3990	16	2009.6124	16
2009.2124	16	2009.4110	16	2009.6125	16

2009.6126	16	2009.9026	16	2202.9037	16
2009.6129	16	2009.9029	16	2202.9039	16
2009.6190	16	2009.9090	16	2202.9041	16
2009.6910	16	2105.0011	16	2202.9042	16
2009.6921	16	2105.0019	16	2202.9043	16
2009.6922	16	2105.0021	16	2202.9044	16
2009.6923	16	2105.0029	16	2202.9045	16
2009.6924	16	2106.9011	16	2202.9046	16
2009.6925	16	2106.9019	16	2202.9047	16
2009.6926	16	2201.1011	16	2202.9049	16
2009.6929	16	2201.1012	16	2202.9091	16
2009.6990	16	2201.1013	16	2202.9092	16
2009.7110	16	2201.1014	16	2202.9093	16
2009.7121	16	2201.1015	16	2202.9094	16
2009.7122	16	2201.1016	16	2202.9095	16
2009.7123	16	2201.1019	16	2202.9096	16
2009.7124	16	2202.1011	16	2202.9097	16
2009.7125	16	2202.1012	16	2202.9099	16
2009.7126	16	2202.1013	16	2203.0011	16
2009.7129	16	2202.1014	16	2203.0012	16
2009.7190	16	2202.1015	16	2203.0013	16
2009.7910	16	2202.1016	16	2203.0014	16
2009.7921	16	2202.1019	16	2203.0015	16
2009.7922	16	2202.1091	16	2203.0016	16
2009.7923	16	2202.1092	16	2203.0019	16
2009.7924	16	2202.1093	16	2204.1011	16
2009.7925	16	2202.1094	16	2204.1012	16
2009.7926	16	2202.1095	16	2204.1013	16
2009.7929	16	2202.1096	16	2204.1014	16
2009.7990	16	2202.1097	16	2204.1015	16
2009.8010	16	2202.1099	16	2204.1016	16
2009.8021	16	2202.9011	16	2204.1019	16
2009.8022	16	2202.9012	16	2204.2111	16
2009.8023	16	2202.9013	16	2204.2112	16
2009.8024	16	2202.9014	16	2204.2113	16
2009.8025	16	2202.9015	16	2204.2114	16
2009.8026	16	2202.9016	16	2204.2115	16
2009.8029	16	2202.9017	16	2204.2116	16
2009.8090	16	2202.9019	16	2204.2119	16
2009.9010	16	2202.9031	16	2204.2131	16
2009.9021	16	2202.9032	16	2204.2132	16
2009.9022	16	2202.9033	16	2204.2133	16
2009.9023	16	2202.9034	16	2204.2134	16
2009.9024	16	2202.9035	16	2204.2135	16
2009.9025	16	2202.9036	16	2204.2136	16

2204.2139	16	2204.3014	16	2205.9019	16
2204.2911	16	2204.3015	16	2206.0031	16
2204.2912	16	2204.3016	16	2206.0032	16
2204.2913	16	2204.3019	16	2206.0033	16
2204.2915	16	2205.1011	16	2206.0034	16
2204.2916	16	2205.1012	16	2206.0035	16
2204.2919	16	2205.1013	16	2206.0036	16
2204.2931	16	2205.1014	16	2206.0039	16
2204.2932	16	2205.1015	16	2208.9071	16
2204.2933	16	2205.1016	16	2208.9072	16
2204.2935	16	2205.1019	16	2208.9073	16
2204.2936	16	2205.9011	16	2208.9074	16
2204.2939	16	2205.9012	16	2208.9075	16
2204.3011	16	2205.9013	16	2208.9076	16
2204.3012	16	2205.9015	16	2208.9079	16
2204.3013	16	2205.9016	16	2209.0000	16 ¹⁾

1) L. 70/2009, sbr. 4. gr., tóku gildi 1. september 2009.

C. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 15% vörugjald:

[39181001	39209401	44072901	44123201	57023100	58050000
39181002	39209902	44079101	44123901	57023200	59041000
39189011	39221000	44079201	44129401	57023900	59049000
39189019	39222000	44079301	44129901	57024100	67021000
39189021	39229001	44079401	44130001	57024200	67029000
39189029	39229009	44079501	44187100	57024900	68021000
39199010	39259002	44079901	44187200	57025000	68022109
39201002	39263001	44091001	44187900	57029100	68022309
39202001	40030001	44092101	45041002	57029200	68022909
39203001	40081101	44092901	46012100	57029900	68029109
39204302	40082101	44101102	46012200	57031001	68029209
39204902	40169100	44101202	46012900	57031009	68029309
39205101	40169918	44101901	48111001	57032001	68029909
39205901	40169919	44109001	48115102	57032009	68030009
39206101	40169925	44111201	48115902	57033001	68062000
39206201	44071001	44111301	48116002	57033009	68069001
39206301	44072101	44111401	48119001	57039001	68069009
39206901	44072201	44119201	56029001	57039009	68071001
39207101	44072501	44119301	57011000	57041000	68079001
39207301	44072601	44119401	57019000	57049000	68080000
39207901	44072701	44121001	57021000	57050001	68091101
39209101	44072801	44123101	57022000	57050009	68091901

68099001	69049000	69101000	73201000	74181901	83021001
68099009	69051000	69109000	73202001	74182000	83023000
68114004	69059000	70071101	73209001	74199904	83024901
68114009	69071000	70072101	73241000	74199908	84073100
68118201	69079000	70091000	73242100	76152000	84073200
68118900	69081000	70140001	73242900	83012000	84073300
68141000	69089000	73159001	73249000	83014001	84073400
84082000	85079001	85404000	85444909	87089400	94053000
84811000	85079009	85405000	85446000	87089500	94054001
84812000	85391000	85406000	85447000	87089900	94054009
84813000	85392100	85407100	87081000	87141100	94055000
84814000	85392200	85407200	87082900	87141900	94056001
84818000	85392900	85407900	87083001	90071100	94056009
84819000	85393100	85408100	87083009	90071900	94059101
85071001	85393200	85408900	87084000	90072001	94059109
85071009	85393900	85409100	87085000	90072009	94059201
85072001	85394100	85409900	87087001	90079100	94059202
85072009	85394900	85441100	87087009	90079200	94059209
85073009	85399000	85441900	87088000	94051001	94059910
85074000	85401100	85442009	87089100	94051009	94059921
85078091	85401200	85443000	87089301	94052001	94059929 ¹⁾
85078099	85402000	85444209	87089309	94052009	

¹⁾ Sbr. d-lið 5. gr. laga nr. 89/1998, 1. gr. laga nr. 4/1999, c-lið 5. gr. laga nr. 89/1998, c-lið 1. gr. laga nr. 103/2000 og c-lið 1. gr. auglýsingar nr. 126/2001. Tollskrárnúmer að öðru leyti færð til samræmis við gildandi tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

D. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 20% vörugjald:

[73211100	84182900	84331109	84512100	85111000	85166002
73211200	84183001	84331901	84513001	85112000	85166009
73211900	84184001	84331909	84762100	85113000	85167901
73218100	84186101	84501100	84762900	85114000	85167909
73218200	84186901	84501200	84768100	85115000	85168001
73218900	84211201	84501901	84768900	85118000	85459001 ¹⁾
73219000	84213901	84501909	84769000	85119000	
84181001	84221100	84509000	84796001	85165000	
84182100	84331101	84511009	84798901	85166001	

¹⁾ Tollskrárnúmer hafa verið færð til samræmis við gildandi tollskrá 2007, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

E. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 25% vörugjald:

[85182109					
85182209	85193000	85219029	85271900	85279200	85287209
85182900	85195000	85221000	85272101	85279909	85287302
85183001	85198100	85229000	85272102	85284900	85287309
85183009	85198900	85271201	85272109	85285900	85291009
85184009	85211021	85271209	85272900	85286900	85299009
85185009	85211029	85271301	85279101	85287102	85437001
85189000	85219021	85271302	85279102	85287109	85439001] ¹⁾
85192000	85219022	85271309	85279109	85287202	

¹⁾ Sbr. e-lið 5. gr. laga nr. 89/1998, 1. gr. laga nr. 103/2000, sbr. 1. gr. augýsinga nr. 26/1997, 119/2001, 147/2000 og 150/2003. Tollskrárnúmer færð til samræmis við gildandi tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

Lög

nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Tóku gildi 31. maí 1988. Breytt með l. 6/1990 (tóku gildi 28. febr. 1990), l. 11/1990 (tóku gildi 1. júlí 1990), l. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), l. 122/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), l. 138/1995 (tóku gildi 29. des. 1995), l. 56/1997 (tóku gildi 29. maí 1997), l. 83/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998 nema III. kafli sem tók gildi 24. júní 1998 og II. kafli sem tók gildi 11. okt. 1998), l. 151/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999 nema 3. og 5. gr. sem tóku gildi 11. febr. 1999; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 13. gr.), l. 37/2000 (tóku gildi 1. júlí 2000), l. 148/2001 (tóku gildi 1. jan. 2002), l. 131/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005), l. 137/2008 (tóku gildi 12. desember 2008), l. 60/2009 (tóku gildi 30. maí 2009), l. 130/2009 og l. 136/2009.

[Gjaldskyld ökutæki.]¹⁾

1. gr.

Greiða skal til ríkissjóðs bifreiðagjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Með gjaldskyldri bifreið samkvæmt lögum þessum er átt við vélknúíð ökutæki sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- a. Vélknúíð ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri, eða á þremur hjólum, og er 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
- b. Vélknúíð ökutæki sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund.
- c. Vélknúíð ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
- d. Fjór hjól er fellur í vörulið 8703 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Verði ágreiningur um gjaldskyldu bifreiðar sker fjármálaráðherra úr.

¹⁾*L. 37/2000, 1. gr.*

[Fjárhæð gjaldsins.]¹⁾

2. gr.

[Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er [9,30 kr.]³⁾ fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, [12,55 kr.]³⁾ fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en [3.100 kr.]³⁾ af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en [4.650 kr.]³⁾ og ekki hærri en [56.074 kr.]³⁾ á hverju gjaldtímabili.]²⁾

¹⁾L. 37/2000, 2. gr. ²⁾L. 137/2008, 5. gr. ³⁾L. 130/2009, 6. gr.

[Gjalddagar, eindagar og gjaldskyldir aðilar.]¹⁾

3. gr.

Gjalddagar bifreiðagjalds eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember ...²⁾ [Eindagar bifreiðagjalds eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.]²⁾ Skal gjaldið innheimtast þar sem bifreið er skráð á gjalddaga.

Gjald vegna nýskráðra bifreiða skal greiðast í hlutfalli við skráningartíma þeirra á gjaldtímabilinu og telst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis. ...¹⁾ Gjald vegna nýskráðra bifreiða fellur í eindaga við skráningu.

Bifreiðagjald skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga. Hafi orðið eigandaskipti að bifreið án þess að þau hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Eigi skal endurgreiða gjald af bifreið sem greitt hefur verið af þótt eigandaskipti verði, hún flutt í annað skráningarumdæmi eða afskráð. Gildir greiðslan fyrir bifreiðina hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

¹⁾

[Ef bifreiðir sem hafa verið undanþegnar bifreiðagjaldi skv. d-lið 4. gr. eru settar á skráningarmerki að nýju skal greiða bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu og hefst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis. Gjald vegna skráðra bifreiða sem skráningarmerki eru sett á að nýju fellur í eindaga við afhendingu skráningarmerkis.

Við afskráningu bifreiða skal endurgreiða eða fella niður bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af því gjaldtímabili sem er að líða þegar afskráning fer fram.]¹⁾

¹⁾L. 37/2000, 3. gr. ²⁾L. 138/1995, 2. gr.

[Undanþága frá gjaldskyldu

4. gr.

Eftirfarandi bifreiðir skulu undanþegnar bifreiðagjaldi:

- a. Bifreiðir í eigu þeirra sem fá greiddan örorkustyrk, örorkulífeyri, bensínstyrk eða umönnunargreiðslur vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt eiga þeir öryrkjar sem notið hafa niðurfellingar skv. 1. másl. rétt á niðurfellingu ef þeir hafa öðlast rétt til ellilífeyrisgreiðslna eða dveljast á stofnun, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Sama rétt eiga foreldrar langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð eru utan heimilis ef réttur til umönnunargreiðslna héldist óskertur væri barnið heima. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds vegna þeirra sem fá

- greiddan örorkustyrk, örorkulífeyri eða bensínstyrk er bundinn því skilyrði að bóta- eða styrkhafi sé í ökutækjaskrá annaðhvort skráður eigandi bifreiðar eða umráðamaður bifreiðar samkvæmt eignarleigusamningi. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds af bifreiðum í eigu þeirra sem fá umönnunargreiðslur vegna örorku barna nær til einnar bifreiðar og er bundinn því skilyrði að skráður eigandi bifreiðar samkvæmt ökutækjaskrá fari með forsjá barnsins. Óheimilt er að fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem eru yfir 3.500 kg að eigin þyngd og nýttar eru í atvinnurekstri. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald felld niður af þeirri bifreið sem er þyngst. Fyrir álagningu bifreiðagjalds skal Tryggingastofnun ríkisins senda ríkisskattstjóra upplýsingar um bifreiðaeign þeirra sem fá slíkar greiðslur frá stofnuninni sem að framan greinir.
- b. Bifreiðir í eigu björgunarsveita. Með björgunarsveit er átt við sjálfboðaliðasamtök sem hafa björgun mannlífa og verðmæta að aðalmarkmiði.
 - c. Bifreiðir sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs, talið frá og með árgerðarári þeirra.
 - d. Bifreiðir þegar skráningarmerki hafa verið afhent skráningaraðila til varðveislu. Undanþága þessi miðast við dagsetningu innlagnar skráningarmerkja. Jafnframt skal ríkisskattstjóri fella niður bifreiðagjald af ónýtum bifreiðum sem sannanlega hafa ekki verið í notkun á gjaldtímabilinu.
 - e. Bifreiðir sem tímabundið hafa verið fluttar úr landi. Framvísa ber útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi.]¹⁾

¹⁾L. 37/2000, 4. gr.

[Aðalskoðun og skráning.]¹⁾

[5. gr.]¹⁾

Við árlega aðalskoðun bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt þessum lögum, skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið bifreiðagjald. [Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið bifreiðagjald fyrir en eftir eindaga.]²⁾ Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrir en færðar hafa verið sönnur á greiðslu bifreiðagjaldsins.

[Óheimilt er að skrá eigendaskipti að bifreið nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt.]²⁾

Ef bifreiðagjald er ekki greitt fyrir eindaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu innheimtumanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

[Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.

Óheimilt er að afhenda skráningarmerki sem afhent hafa verið skráningaraðila til varðveislu nema greitt hafi verið fyrir þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu.]¹⁾

¹⁾L. 37/2000, 5. gr. ²⁾L. 138/1995, 3. gr.

[Umsjón álagningar, innheimtu og endurgreiðslu.

6. gr.

Sé bifreiðagjald ekki greitt í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er talið frá og með gjalddaga.

[Ríkisskattstjóri fer með]²⁾ álagningu bifreiðagjalds og aðra framkvæmd laganna. Innheimtu bifreiðagjalds annast tollstjórar og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðherra ákveður. Heimilt er að fela skoðunarstöðvum innheimtu bifreiðagjalds.

Endurgreiðslu bifreiðagjalds vegna afskráningar eða innlagnar skráningarmerkja annast tollstjórar.

Bifreiðagjald nýtur lögtaksréttar.]¹⁾

¹⁾L. 37/2000, 6. gr. ²⁾L. 136/2009, 50. gr.

[Kæruleið.]¹⁾

7. gr.

[Greiðanda bifreiðagjalds er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu bifreiðagjalds skv. 6. gr. innan þrjátíu daga frá því að gjaldið var ákvarðað.

Úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. má skjóta til yfirskaðanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskaðanefnd.

Um málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt lögum nr. 3/1987²⁾, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.]¹⁾

¹⁾L. 37/2000, 8. gr. ²⁾Lög þessi voru felld úr gildi með lögum nr. 87/2004.

[Ýmis ákvæði.

8. gr.]¹⁾

Sé bifreiðagjald ekki greitt í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er talið frá og með gjalddaga.

¹⁾L. 37/2000, 7. gr.

[9. gr.]¹⁾

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.²⁾

¹⁾L. 37/2000, 4. gr. ²⁾Rg. 359/1998, sbr. 811/1998.

[10. gr.]¹⁾

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði I. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum.

¹⁾L. 37/2000, 4. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða]1)

¹⁾L. 37/2000, 9. gr.

Úr lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Tóku gildi 8. júní 1988; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 48. gr. Breytt með [l. 110/1988](#) (tóku gildi 30. des. 1988), [l. 78/1989](#) (tóku gildi 14. júní 1989), [l. 119/1989](#) (tóku gildi 1. jan. 1990 nema d-liður 6. gr. sem tók gildi 16. nóv. 1990), [l. 106/1990](#) (tóku gildi 31. des. 1990; endurgreiðsla skv. 7. gr. heimil frá 1. jan. 1990), [l. 109/1990](#) (tóku gildi 31. des. 1990 nema 1. gr. sem tók gildi 1. sept. 1990 og 2. gr. sem tók gildi 1. jan. 1990), [l. 19/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991), [l. 20/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992), [l. 92/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), [l. 30/1992](#) (tóku gildi 1. okt. 1992), [l. 111/1992](#) (tóku gildi 1. jan. 1993 nema 46. gr. og 1., 2. og 3. tölul. 50. gr. sem tóku gildi 1. jan. 1994 og c- og d-liður 48. gr. og 4., 5. og 6. tölul. 50. gr. sem tóku gildi 1. júlí 1993), [l. 122/1993](#) (tóku gildi 1. jan. 1994), [l. 37/1995](#) (tóku gildi 9. mars 1995), [l. 40/1995](#) (tóku gildi 9. mars 1995), [l. 42/1995](#) (tóku gildi 9. mars 1995), [l. 46/1995](#) (tóku gildi 1. maí 1995), [l. 86/1996](#) (tóku gildi 1. júlí 1996), [l. 90/1996](#) (tóku gildi 1. júlí 1997), [l. 149/1996](#) (tóku gildi 1. jan. 1997), [l. 55/1997](#) (tóku gildi 1. júlí 1997), [l. 115/1997](#) (tóku gildi 18. des. 1997 nema fyrri efnisliður 1. gr. sem tók gildi 1. júlí 1997), [l. 80/1998](#) (tóku gildi 24. júní 1998), [l. 82/1998](#) (tóku gildi 1. okt. 1998), [l. 104/2000](#) (tóku gildi 1. júlí 2000), [l. 105/2000](#) (tóku gildi 1. júlí 2000 nema 1. gr. sem tók gildi 6. júní 2000), [l. 155/2000](#) (tóku gildi 1. jan. 2001), [l. 57/2001](#) (tóku gildi 13. júní 2001), [l. 34/2002](#) (tóku gildi 7. maí 2002), [l. 51/2002](#) (tóku gildi 1. júlí 2002), [l. 64/2002](#) (tóku gildi 1. júlí 2002), [l. 77/2003](#) (tóku gildi 10. apríl 2003), [l. 145/2003](#) (tóku gildi 1. jan. 2004), [l. 129/2004](#) (tóku gildi 31. des. 2005), [l. 20/2005](#) (tóku gildi 25. maí 2005; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. gr.), [l. 72/2005](#) (tóku gildi 1. júlí 2005), [l. 134/2005](#) (tóku gildi 30. des. 2005), [l. 45/2006](#) (tóku gildi 1. júlí 2006), [l. 175/2006](#) (tóku gildi 1. mars 2007 nema 2. og 6. gr. sem tóku gildi 30. des. 2006), [l. 14/2007](#) (tóku gildi 1. mars 2007), [l. 38/2008](#) (tóku gildi 29. maí 2008 nema 8. gr. sem tók gildi 1. jan. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 9. gr.), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), [l. 140/2008](#) (tóku gildi 16. des. 2008), [l. 157/2008](#) (tóku gildi 31. des. 2008), [l. 167/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009), [l. 175/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009), [l. 10/2009](#) (tóku gildi 1. mars 2009, birt í Stjttíð. 13. mars 2009), [l. 17/2009](#) (tóku gildi 15. mars 2009, birt í Stjttíð. 19. mars 2009), [l. 19/2009](#) (tóku gildi 27. mars 2009), [l. 64/2009](#) (tóku gildi 1. mars 2009, birt í Stjttíð. 18. júní 2009), [l. 130/2009](#) (tóku gildi 30. des. 2009 nema 7.–9. gr. og 13.–42. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), [l. 136/2009](#) (tóku gildi 1. jan. 2010), [l. 14/2010](#) (tóku gildi 13. mars 2010), [l. 25/2010](#) (tóku gildi 1. apríl 2010), [l. 163/2010](#) (tóku gildi 3. desember 2010) og [l. 164/2010](#) (tóku gildi 30. desember 2010 og 1. janúar 2011 samkvæmt t 59. gr. laganna).

Upphafsaðkvæði

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

I. KAFLI

Skattskyldusvið.

2. gr.

[Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra.]¹⁾ Með vörum í þessu sambandi teljast ekki fasteignir, en hins vegar rafmagn, varmi og önnur orka. Hlutabréf, skuldabréf, eyðublöð og aðrir slíkir hlutir eru vörur þegar þeir eru látnir í té sem prentvarningur. Peningaseðlar, mynt og frímerki eru vörur þegar þeir hlutir eru seldir sem söfnunargripir.

Skattskyldan nær til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 3. mgr. [Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:]¹⁾

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.
2. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladagheimila og upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
3. [Rekstur skóla og menntastofnana, svo og ökukennsla, flugkennsla og danskennsla.]¹⁾
4. [Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdassýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.]¹⁾
5. [Íþróttastarfsemi, svo og [leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi],²⁾ aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.]¹⁾
6. [Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið.]²⁾
7. [Póstþjónusta sem opinber aðili hefur einkaleyfi á, samkvæmt [póstlögum, nr. 33/1986](#).³⁾ Undanþágan nær einnig til viðtöku og dreifingar á öðrum árituðum bréfastöðum, þar með talin póstkort, blöð og tímarit, og til almennra dreifisendinga og opinna bréfa.]⁴⁾
8. [[Fasteignaleiga og útleiga bifreiðastæða. Útleiga hótél- og gistiherbergja og útleiga tjaldstæða er þó skattskyld, svo og önnur gistipjónusta þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.]²⁾ Sama gildir um sölu á aðstöðu fyrir veitingar og samkomur þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.]⁵⁾
9. Vátryggingastarfsemi.
10. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamíðlun.
11. Happdrætti og getraunastarfsemi.
12. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg liststarfsemi.
13. [Þjónusta ferðaskrifstofa.]²⁾
14. Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

...¹⁾

Undanþágur skv. 3. mgr. ná aðeins til sölu eða afhendingar vinnu og þjónustu sem þar getur, en ekki til virðisaukaskatts (innskatts) af aðföngum til hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr.

[Góðgerðastarfsemi er undanþegin skattskyldu,⁶⁾ enda renni hagnaður af henni að öllu leyti til líknarmála. Skilyrði fyrir undanþágu er að starfsemin sé á ábyrgð og fjárhagsleg áhætta aðila og hann hafi fengið staðfestingu [ríkisskattstjóra]⁹⁾ um að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Eftirtalin starfsemi telst góðgerðastarfsemi samkvæmt ákvæðinu:

1. basarsala, merkjasala og önnur hliðstæð sala góðgerðarfélaganna, enda vari starfsemin ekki lengur en í þrjú daga í hverjum mánuði eða í fimmtán daga sé um árlegan atburð að ræða,
2. söfnun og sala verðlítilla notaðra muna, enda sé einungis selt til skattskyldra aðila,
3. sala nytjamarkaða á notuðum munum sem söluaðili hefur fengið afhenta án endurgjalds.]⁷⁾

[Frumasala tilefnismyntar sem gefin er út af Seðlabanka Íslands er undanþegin skattskyldu, enda þótt söluverð sé hærra en ákvæðisverði nemur.]⁸⁾

[Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein.]¹⁾

¹⁾L. 119/1989, 1. gr. Með l. 26/1991, 35. gr., er mælt fyrir um heimild fjármálaráðherra til að fella niður eða endurgreiða vsk. af gjöfum til björgunarsveita, mannúðarmála, líknarmála og vísindarannsóknna, en sú heimild var þó ekki felld inn í þessa grein l. 50/1988. ²⁾L. 122/1993,

16. gr. ³⁾Nú l. 19/2002, um pósthjónustu. ⁴⁾L. 46/1995, 1. gr. ⁵⁾L. 111/1992, 46. gr. ⁶⁾Rg. 564/1989, sbr. 612/1995. ⁷⁾L. 55/1997, 1. gr. ⁸⁾L. 105/2000, 1. gr. ⁹⁾L. 136/2009, 51. gr.

II. KAFLI

Skattskyldir aðilar, aðilar undanþegnir skatti og tilkynningarskylda.

3. gr.

Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:

1. Þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu.
2. [Samvinnufélögum, svo og öðrum félögum og stofnunum, enda þótt þau séu undanþegin skattskyldu samkvæmt [lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ eða sérstökum lögum, að því leyti sem þessir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Skattskyldan tekur einnig til þess þegar einungis er selt félagsmönnum eða eingöngu eru seldar skattskyldar vörur og þjónusta félagsmanna.]²⁾
3. Opinberum orku- og veitufyrirtækjum að því leyti sem þau selja skattskyldar vörur og þjónustu. [Sama á við um hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.]³⁾
4. Ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að því leyti sem þeir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.
5. Uppboðshöldurum.
6. Umboðsmönnum og öðrum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti.

[Aðilar, sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir 3. og 5. mgr. 2. gr., skulu greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila skv. 1. mgr. Jafnframt skulu aðilar sem stunda byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á eigin kostnað, þar með talið viðhald og endurbætur, greiða virðisaukaskatt af eigin vinnu, vinnu starfsmanna og ...⁴⁾ tækjanotkun, hvort sem byggt er til sölu, leigu eða til eigin nota. Eigin vinna byggingaraðila er þó ekki skattskyld þegar aðili byggir eingöngu til eigin nota, enda noti hann ekki vinnuafli launþega við hönnun eða framkvæmdir og vinnan er ekki í iðn- eða sérfræðigreini hans eða sambærilegri grein. Þá skulu ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu vegna eigin nota, enda sé ekki um að ræða vinnu eða þjónustu skv. 3. mgr. 42. gr. sem innt er af hendi utan sérstaks fyrirtækis eða þjónustudeildar. [Jafnframt skulu ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki greiða virðisaukaskatt af framleiðsluverði á mat sem tilreiddur er í mótuneytum þeirra og seldur er starfsmönnum eða öðrum á verði undir framleiðsluverði.]⁵⁾ Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur⁶⁾ um framkvæmd ákvæðisins, þar með talið um það hvenær starfsemi geti verið í samkeppni við atvinnufyrirtæki, skattverð, bókhald o.fl.]⁷⁾

¹⁾L. 129/2004, 74. gr. ²⁾L. 111/1992, 47. gr. ³⁾L. 77/2003, 1. gr. ⁴⁾L. 45/2006, 1. gr. ⁵⁾L. 105/2000, 2. gr. ⁶⁾Rg. 562/1989, sbr. 143/1991 og 298/2003. Rg. 576/1989. Rg. 248/1990, sbr. 548/1993, 146/1995, 601/1995, 256/1996, 695/1996, 901/2000, 554/2002, 287/2003 og 438/2003. ⁷⁾L. 55/1997, 2. gr.

4. gr.

Undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. eru:

1. Aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti.

2. [Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, svo og uppboðshaldarar að því er varðar sölu þessara verka á listmunauppboðum, sbr. [lög nr. 36/1987](#).¹⁾²⁾
3. [Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemi hefst.]³⁾
4. [Skólamötuneyti.]²⁾

¹⁾Nú l. 28/1998. ²⁾L. 119/1989, 2. gr. ³⁾l. 163/2010, 1. gr.

5. gr.

Hver sá, sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá [ríkisskattstjóra]⁵⁾. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

[Ríkisskattstjóri]⁵⁾ gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning hafi átt sér stað.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á þar til gerðum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessum eyðublöðum.

[Nú hefur aðili, sem að mati [ríkisskattstjóra]⁵⁾ bar að tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi skv. 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá [ríkisskattstjóri]⁵⁾ úrskurða hann sem skattskyldan aðila samkvæmt ákvæðum 3. gr. og tilkynna aðilanum þar um.]¹⁾

[Eigi skal skrá aðila samkvæmt þessari grein ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Þó á aðili rétt á skráningu ef hann sýnir fram á að kaup á fjárfestingarvörum standa í beinu sambandi við [sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu í atvinnuskyni á síðari rekstrartímabilum].²⁾

[Ríkisskattstjóra er heimilt að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá liggja fyrir að opinber gjöld hans séu áætluð á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu á virðisaukaskattsskrá.]⁶⁾

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð³⁾ nánari ákvæði um skráningu, þar með talið um afturvirka skráningu til allt að sex ára og um tryggingu vegna skráningar skv. 2. másl. 5. mgr.]⁴⁾

¹⁾L. 136/2009, 52. gr. ²⁾L. 119/1989, 3. gr. ³⁾L. 55/1997, 4. gr. ⁴⁾Rg. 515/1996, sbr. 378/1997 og 215/2006. ⁵⁾L. 40/1995, 1. gr., ⁶⁾l. 163/2010, 2. gr.

[5. gr. A

[Ríkisskattstjóri]³⁾ getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög og einkahlutafélög verði samskráð. Skilyrði samskráningar eru að eigi minna en 90% hlutfjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samskráningar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samskráningunni. Jafnframt hafi öll félögin sama reikningsár. Samskráning skal vera í nafni móðurfélagsins og skal að lágmarki standa í fimm ár. Ef samskráningu er slitið er ekki heimilt að fallast á slíka skráningu að nýju fyrr en að liðnum fimm árum frá því að fyrri samskráningu var slitið.

Umsókn um samskráningu skal beint til [ríkisskattstjóra]³⁾ eigi síðar en átta dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningu er ætlað að taka til. Breytingar á forsendum

samskráningar, svo sem breytt eignarhald, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

Með samskráningu falla á móðurfélagið allar skyldur varðandi uppgjör, skil og álagningu virðisaukaskatts skv. VII. og IX. kafla laga þessara vegna allra þeirra félaga sem samskráð eru. Öll bera félögin þó óskipta ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts á grundvelli samskráningarinnar.

Við uppgjör virðisaukaskatts samskráðra félaga skal litið á þau sem eina lögpersónu. Viðskipti milli samskráðra félaga hafa þannig ekki í för með sér skyldu til að greiða virðisaukaskatt nema velta sé skattskyld, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr.]¹⁾

[Nú er dótturfélag í eigu sparisjóðs og gilda þá ákvæði þessarar greinar, enda sé skilyrðum hennar fullnægt.]¹⁾²⁾

¹⁾L. 175/2006, 2. gr. ²⁾L. 20/2005, 1. gr. ³⁾L. 136/2009, 53. gr.

...

IV. KAFLI Skattskyld velta.

11. gr.

Til skattskyldrar veltu skráðs aðila telst öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta. Hér með telst andvirði vöru eða skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki selur eða framleiðir og eigandi tekur út til eigin nota. Til skattskyldrar veltu telst einnig andvirði skattskyldrar vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vöru sem seld er í umsýslu- eða umboðs-sölu.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum. Sama gildir um vörubirgðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá, sbr. 1. mgr. 5. gr.

12. gr.

Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis. [Fjarskiptaþjónusta telst ekki vera veitt erlendis ef kaupandi hefur annaðhvort búsetu eða starfsstöð hér á landi.]¹⁾
2. Vöruflutningar milli landa og vöruflutningar innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu.
3. Vinna við vöru á kostnað erlends aðila þegar fyrirtækið, sem annast vinnuna, flytur vöruna út að vinnu lokinni, svo og gerð og mótun vöru á kostnað erlends aðila þegar framleiða á vöruna erlendis.
4. Hönnun, skipulagning, áætlanagerð og önnur sambærileg vinna er varðar byggingar og aðrar fasteignir á erlendri grund.
5. Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloffara.
6. [Sala og útleiga loftfara og skipa. Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloffara.]²⁾

7. [Skipasmíði og]³⁾ viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og efni og vörur sem það fyrirtæki, sem annast viðgerðina, notar og lætur af hendi við þá vinnu. [Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloftfara.]²⁾
7. [Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.]⁴⁾
8. [Þjónusta sem veitt er erlendum fiskiskipum vegna löndunar eða sölu afla hér á landi.
9. [Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi, enda sé þjónustan nýtt að öllu leyti erlendis. Skattskyld þjónusta, sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna, telst ávallt nýtt hér. Jafnframt er sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi undanþegin skattskyldri veltu þó að þjónustan sé ekki nýtt að öllu leyti erlendis ef kaupandi gæti, væri starfsemi hans skráningarskyld hér á landi, talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. Eftirtalin þjónusta fellur undir þennan tölulið:
- framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda,
 - auglýsingaþjónusta,
 - ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta [sem og gagnavinnsla og upplýsingamiðlun]⁸⁾, þó ekki vinna við eða þjónusta sem varðar lausafjarmuni eða fasteignir hér á landi,
 - [rafrænt afhent þjónusta; þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð; sama gildir um sölu gagnavera á hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi]⁸⁾,
 - kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessum tölulið,
 - atvinnumiðlun,
 - leiga lausafjarmuna, þó ekki neins konar flutningatækja,
 - þjónusta milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessum tölulið,
 - fjárskiptaþjónusta.]⁵⁾¹⁾
10. [Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.]⁵⁾
Fjármálaráðherra getur í reglugerð⁶⁾ sett nánari skilyrði fyrir undanþágum skv. 1. mgr. ...¹⁾

Til skattskyldrar veltu telst ekki sala á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr.

Eignayfírfærslu vörubirgða, véla og annarra rekstrarfjarmuna má ekki telja til skattskyldrar veltu þegar yfírfærslan á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess og hinn nýi eigandi hefur með höndum skráðan eða skráningarskyldan rekstur samkvæmt lögum þessum. Við slíka sölu skal seljandi tilkynna [ríkisskattstóra]⁷⁾ um eigendaskipti og söluandvirði eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfírfærsla fór fram.

¹⁾L. 55/1997, 5. gr. ²⁾L. 111/1992, 48. gr. ³⁾L. 119/1989, 6. gr. ⁴⁾L. 122/1993, 18. gr. ⁵⁾L. 115/1997, 1. gr. ⁶⁾Rg. 500/1989, sbr. 549/1993; rg. 563/1989; rg. 194/1990, sbr. 151/1993, 179/1993, 86/1994, 346/1995, 275/1996, 480/2002, ⁷⁾L. 136/2009, 54. gr. og ⁸⁾l. 163/2010, 4. gr.

Ákvæði d-liðar 10. tölul. 1. mgr. öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. maí 2011. Fram til þess gildi svohljóðandi ákvæði d-liðar: „tölvuþjónusta, önnur gagnavinnsla og upplýsingamiðlun.

VI. KAFLI. Skatthlutfall.

14. gr.¹⁾

[Virðisaukaskattur skal vera [25,5%]⁷⁾ og rennur hann í ríkissjóð.]¹⁾

[Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal virðisaukaskattur af sölu á eftirtalinni vöru og þjónustu vera [7%]:²⁾

1. ...³⁾
2. Útleiga hótél- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta.
3. ...³⁾
4. Afnotagjöld útvarpsstöðva.
5. Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.
6. [Sala bóka, jafnt frumsaminnna sem þýðdra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.]⁴⁾
7. Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.]⁵⁾
- [8. Sala á matvörum og öðrum vörum til manneðis eins og skilgreint er í viðauka við lög þessi, þó ekki sala á áfengi.]²⁾
- [9. Aðgangur að vegamannvirkjum.]⁶⁾
- [10. Geisladiskar, hljómplötur, segulbönd og aðrir sambærilegir miðlar með tónlist en ekki með mynd.]²⁾

¹⁾L. 119/1989, 8. gr. ²⁾L. 175/2006, 3. gr. ³⁾L. 122/1993, 19. gr. ⁴⁾L. 145/2003, 1. gr. ⁵⁾L. 111/1992, 50. gr. ⁶⁾L. 80/1998, 1. gr. ⁷⁾L. 130/2009, 15. gr.

...

VIII. KAFLI Tilhögun bókhalds.

17. gr.

Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. [145/1994]¹⁾, um bókhald, haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattfyrivöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila, og á það einnig við um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum.

[Allar bækur, uppgjör og gögn, er varða virðisaukaskattsskil, skal varðveita í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggja fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.]¹⁾

¹⁾L. 40/1995, 4. gr.

18. gr.

Skattskyldir aðilar skulu annaðhvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á virðisaukaskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt.

Reki aðili, sem er skattskyldur samkvæmt lögum þessum, margþætta starfsemi, þannig að sumir þættir hennar séu skattskyldir en aðrir undanþegnir skattskyldu, skulu hin skatt-

skyldu og undanþegnu viðskipti greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og á virðisauka-skattsskýrslu.

Virðisaukaskattsskyldum innkaupum og þeim sem undanþegin eru virðisaukaskatti skal halda aðgreindum í bókhaldi.

Í bókhaldi skal og færa sérstaka reikninga yfir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé hægt að reikna skattfjárhæðirnar beint á grundvelli reikninga bókhaldsins yfir kaup og sölu skattskyldrar vöru og þjónustu.

[Skattskyldir aðilar, sem ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald, skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur¹⁾ um tilhögun slíks bókhalds.]²⁾

¹⁾Rg. 50/1993, sbr. 176/2008. ²⁾L. 40/1995, 5. gr.

19. gr.

Sala skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum skal teljast skattskyld að því marki sem aðilar þessir geta ekki sýnt fram á með bókhaldi og gögnum sem þeim er skylt að halda að salan sé undanþegin virðisaukaskatti. Vanræki aðili að taka virðisaukaskatt af vöru eða þjónustu sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum ber honum eigi að síður að standa skil á skattinum.

20. gr.

Við sérhverja sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu skal seljandi gefa út reikning, sbr. þó 21. gr. Á reikningi skal koma fram útgáfudagur, nafn og kennitala kaupanda og seljanda, skráningarnúmer seljanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarverð. Reikningseyðublöð skulu vera fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð. Reikningur skal bera greinilega með sér hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjárhæð hans eða ekki. Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er, ellegar að virðisaukaskattur sé [20,32%]¹⁾ af heildarverði, [eða [6,54%]²⁾ þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.]³⁾ Við sölu til skattskylds aðila skal fjárhæð virðisaukaskatts ætíð koma fram.

Sé greitt að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal móttakandi greiðslu gefa út kvittun til greiðanda í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á.

Þegar seldum verðmætum er skilað til seljanda skal ætíð gefa út innleggsreikning (kreditreikning) fyrir hinum móttæknu verðmætum með tilvísun til fyrri reiknings. Sama gildir um afslátt sem veittur er eftir að reikningur hefur verið gefinn út, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

[Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum, sem eru skattskyld, greinilega aðgreindum á reikningi frá öðrum viðskiptum. Jafnframt skal á reikningi aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum, þannig að heildarverð vöru og þjónustu ásamt virðisaukaskatti komi sérstaklega fram vegna hvors skatthlutfalls.]³⁾

Seljandi skal varðveita samrit af reikningum og kvittunum samkvæmt þessari grein.

Skattskyldur aðili samkvæmt lögum þessum skal haga bókhaldi sínu og vörslu bókhaldsgagna þannig að hann geti að kröfu skattyfirvalda gefið upplýsingar um innkaup sín á skattskyldum vörum og þjónustu frá einstökum skattskyldum aðilum og um sölu sína á skattskyldum vörum og þjónustu til einstakra skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum.

Til sönnunar á innskatti skal skattskyldur aðili geta lagt fram reikninga eða önnur gögn í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Sömu leiðis skal aðili, sem flytur inn vörur erlendis frá, geta lagt fram greiðsluskjöl frá tollyfirvöldum fyrir virðisaukaskatti sem lagður er á vörur þær er hann flytur inn. Reikningur, að fjárhæð [6.000 kr.]⁴⁾ eða minna, frá smásöluverslun eða aðila, sem nær eingöngu selur til endanlegs neytanda, telst fullnægjandi í þessu sambandi enda þótt ekki komi fram nafn og kennitala kaupanda.

¹⁾L. 130/2009, 17. gr. ²⁾L. 14/2007, 2. gr. ³⁾L. 111/1992, 52. gr. ⁴⁾L. 55/1997, 6. gr.

22. gr.

Þeir sem undanþegnir eru skattskyldu mega hvorki tilgreina á reikningum sínum né gefa á annan hátt til kynna á þeim að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð.

Nú tekur aðili, sem undanþeginn er skattskyldu, við innleggsnótu (afreikningi) þar sem virðisaukaskattur er tilgreindur eða þar sem tilgreint er að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð og skal hann þá vekja athygli útgefanda innleggsnótu á því og endurgreiða honum skatt sem hann kann að hafa tekið við.

Þeir sem tilgreina á einhvern hátt á reikningum sínum, þrátt fyrir 1. mgr., að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð skulu skila skattinum í ríkissjóð. Sama gildir um skattskylda aðila sem tilgreina á reikningum sínum of háan virðisaukaskatt eða virðisaukaskatt af viðskiptum sem ekki eru skattskyld. Verði leiðréttingu komið við gagnvart kaupanda fellur skilaskylda samkvæmt þessari málsgrein niður.

Í upplýsingum um verð á vöru eða skattskyldri þjónustu skal koma greinilega fram ef upp gefið verð er ekki með virðisaukaskatti.

23. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð¹⁾ sett nánari fyriræli um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald, fyrir alla virðisaukaskattsskylda aðila og birgðatalningu, notkun sjóðvéla og annarra gagna til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, svo og geymslu þeirra.

Í reglugerð samkvæmt fyrri málsgrein má mæla fyrir um framtalsgögn og skjöl sem þeim skuli fylgja.

¹⁾Rg. 50/1993, sbr. 539/1993, 136/1997, 599/1999, 16/2001 og 176/2008. Rg. 562/1989, sbr. 298/2003; rg. 576/1989, sbr. 376/1997. Rg. 248/1990, sbr. 548/1993, 146/1995, 601/1995, 256/1996, 695/1996, 901/2000, 554/2002, 287/2003 og 438/2003.

...

XI.KAFLI.

Sérstök ákvæði um innflutning.

34. gr.

Við innflutning á vöru skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð.

Um ákvörðun tollverðs skulu gilda ákvæði þar að lútandi í [tollalögum, nr. 55/1987](#), með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur fjármálaráðherra ákveðið að ákvæði [109. gr. tollalaga, nr. 55/1987](#), um greiðslufrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum, skuli gilda með sama hætti um greiðslu virðisaukaskatts við innflutning.¹⁾ Gjaldldagi skal eigi vera síðar en á gjalddaga virðisaukaskatts þess tímabils þegar tollafgreiðsla fer fram.

¹⁾Rg. 640/1989, sbr. 48/1990, 352/1990 og 19/1992. Rg. 309/1992, sbr. 446/1997. Rg. 336/1993.

35. gr.

[Aðili, sem kaupir [þjónustu sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr.]¹⁾ erlendis frá til nota að hluta eða öllu leyti hér á landi, skal greiða virðisaukaskatt af andvirði hennar. Sama gildir um þjónustu erlendis aðila sem veitt er hér á landi, enda hafi hinn erlendi aðili hvorki starfsstöð né umboðsmann hér á landi.²⁾

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðili sem skráður er skv. 5. gr. undanþeginn skyldu til greiðslu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. ef hann gæti að fullu talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. Þetta gildir þó ekki þegar þjónusta er veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning á vöru.³⁾

[Kaupandi, sem skyldugur er til að greiða virðisaukaskatt skv. 1. mgr., skal ótilkvaddur gera [ríkis-skattstjóra]⁵⁾ grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga. Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörðun, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara með eins og í viðskiptum innan lands. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.]⁴⁾

¹⁾L. 115/1997, 2. gr. ²⁾Rg. 194/1990, sbr. 151/1993, 179/1993, 86/1994, 346/1995, 275/1996 og 480/2002. ³⁾L. 55/1997, 11. gr. ⁴⁾L. 64/2002, 2. gr. ⁵⁾L. 136/2009, 54. gr.

36. gr.

[Eftirfarandi vörur skulu undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning:

1. Vörur sem eru tollfrjálsar eða undanþegnar tolli skv. 3. gr., 5. gr. og 2.–6. og 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.¹⁾
2. Vörur sem undanþegnar eru virðisaukaskatti samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.
3. Vörur sem undanþegnar eru skattskyldri veltu, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 12. gr.
4. Listaverk sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000 og listamaðurinn sjálfur flytur inn.
5. Rítað mál sem sent er til vísindastofnana, bókasafna og annarra opinberra stofnana án endurgjalds án tillits til í hvaða formi efnið er, enda sé innflutningurinn ekki í viðskiptaskyni.²⁾
6. Vörur, þó ekki áfengi eða tóbak, sem fluttar eru til landsins af aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr., ef fob-verð sendingar nemur ekki hærrí fjárhæð en 1.500 kr.
- [7. Áfengi og tóbak skv. 5., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.]⁶⁾

[...]³⁾

Úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. sætir kæru til [fjármálaráðherra]⁴⁾ í samræmi við 102. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.]⁵⁾

¹⁾Rg. 71/1993, sbr. 302/1993 og 178/1996. ²⁾L. 64/2002, 3. gr. ³⁾L. 167/2008, 8. gr. ⁴⁾L. 155/2000, 21. gr. ⁵⁾L. 104/2000, 21. gr. ⁶⁾L. 167/2008, 8. gr.

37. gr.

Virðisaukaskattur af innflutningi skal innheimtur með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim um skattskyldu, úrskurð um skattskyldu, álagningu, innheimtu, lækkun eða endurgreiðslu vegna rýrnunar, skemmda eða endursendingar, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi virðisaukaskatt af innfluttum vörum og þjónustu, skulu gilda ákvæði [tollalaga, nr. 55/1987](#), með síðari breytingum, svo og reglugerða¹⁾ og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

¹⁾Rg. 390/1999, sbr. 898/1999.

...

[XIII. kafli. Um endurgreiðslu virðisaukaskatts.]¹⁾

¹⁾L. 119/1989, 13. gr.

Úr [42. gr.

...¹

Endurgreiða skal byggjendum íbúðarhúsnaðis [60% þess virðisaukaskatts]²⁾ sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti ...³⁾ [Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnaðis [60% þess virðisaukaskatts]⁴⁾ sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess.]⁵⁾ [Endurgreiðsla vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga eins fljótt og auðið er, þó aldrei síðar en 14 dögum eftir að [ríkisskattstjóra]¹⁸ barst erindið.]³⁾ Fjármálaráðherra setur með reglugerð⁶⁾ nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna. Á sama hátt skal í reglugerð kveðið á um endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum [og húseiningum].⁷⁾

[Endurgreiða skal ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt við kaup á eftirtalinni þjónustu eða vöru.⁸⁾

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps og annars úrgangs, þar með talið brotamálma. Ákvæði þetta tekur einnig til leigu eða kaupa á sorpgámum vegna staðbundinnar sorphirðu.
2. Ræstingu.
3. Snjómokstri og snjó- og hálkueyðingu með salti eða sandi.
4. Björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna.
5. Þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífínu og lokið hafa háskólanámi, sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.
6. Þjónustu vaktstöðva vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar.]⁹⁾¹⁰⁾

[Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.]³⁾

[Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns þannig að álagður virðisaukaskattur að frádreginni endurgreiðslu nemi eigi hærri fjárhæð en 11% af vegnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á kílóvattstund.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð,¹¹⁾ að fenginni tillögu iðnaðarráðherra, nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.]¹²⁾

[Endurgreiða skal virðisaukaskatt af rannsóknartækjum sem óskattskyldir rannsóknaraðilar kaupa fyrir styrkfé eða fá að gjöf.]¹³⁾

[Endurgreiða skal rekstraraðilum hópþreifreiða, sem leyfi hafa samkvæmt lögum um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, [20,32%]¹⁷⁾ af söluverði hópþreifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi. Fjármálaráðherra setur nánari reglur¹⁴⁾ um framkvæmd endurgreiðslunnar.]¹⁵⁾

[Endurgreiða skal virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi. Endurgreiðsluheimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin sömu skilyrðum og gilda um gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi og koma fram í b-lið 8. tölul. 1. mgr. 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 797/2000¹⁶⁾, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum.

Endurgreiða skal virðisaukaskatt af innflutningi eða kaupum á ökutækjum sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á því að viðkomandi ökutæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita. Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd endurgreiðslu skv. 7. og 8. mgr.]³⁾

¹⁾L. 175/2006, 5. gr. ²⁾L. 86/1996, 1. gr. ³⁾L. 64/2002, 4. gr. ⁴⁾L. 149/1996, 9. gr. ⁵⁾L. 109/1990, 2. gr. ⁶⁾Rg. 449/1990, sbr. 489/1992, 30/1993, 110/1995, 357/1995, 347/1996, 421/1996, 697/1996, 574/1999, 561/2002 og 439/2009. ⁷⁾L. 10/2009, 1. gr. ⁸⁾Rg. 248/1990, sbr. 548/1993, 146/1995, 601/1995, 256/1996, 695/1996, 901/2000, 554/2002, 287/2003 og 438/2003. ⁹⁾L. 55/1997, 13. gr. ¹⁰⁾L. 119/1989, 13. gr. ¹¹⁾Rg. 484/1992, sbr. 332/1993, 671/1994, 110/1995, 117/1996 og 560/2002. ¹²⁾L. 111/1992, 60. gr. ¹³⁾L. 104/2000, 22. gr. ¹⁴⁾Rg. 541/2001, sbr. 556/2002. ¹⁵⁾L. 105/2000, 6. gr. ¹⁶⁾Sjá nú reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. ¹⁷⁾L. 130/2009, 18. gr. ¹⁸⁾L. 136/2009, 54. gr.

[42. gr. A

Innflutningur á netþjónum og tengdum búnaði skal vera undanþeginn virðisaukaskatti í þeim tilvikum þegar eigendur þeirra eru heimilisfastir í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og ekki með fasta starfsstöð hér á landi í skilningi 4. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með tengdum búnaði er átt við búnað sem er nauðsynlegur þáttur í virkni netþjónanna og nýtist eingöngu eiganda viðkomandi netþjóns.

Skilyrði undanþágu skv. 1. mgr. eru:

1. Eigandi netþjóna og tengds búnaðar sé í virðisaukaskattsskyldri starfsemi í heimaríki sínu.
2. Starfsemi eiganda netþjóna og tengds búnaðar væri skráningarskyld samkvæmt lögum þessum væri hún rekin hér á landi.
3. Netþjónar og tengdur búnaður sé gagngert fluttur til landsins til notkunar eða staðsetningar í gagnaveri sem eigandi þeirra er í viðskiptum við.
4. Netþjónar og búnaður sé eingöngu nýttur af eigandanum en ekki í annarri starfsemi gagnaversins.
5. Vinnsla netþjóna og tengds búnaðar sé nýtt utan Íslands eða í þágu aðila sem ekki eru heimilisfastir eða með fasta starfsstöð hér á landi.

Í skilningi þessa ákvæðis er gagnaver sérútbúið húsrými sem hannað er fyrir búnað til upplýsingavinnslu og fyrir þá starfsemi sem því tengist.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd og skilyrði undanþágunnar, þ.m.t. til hvaða búnaðar hún nær.

Grein þessi skal endurskoðuð að tveimur árum liðnum frá því að hún kemur til framkvæmda.¹⁾

¹⁾ [L. 163/2010](#), 12. gr. Ákvæði þessara greinar öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. maí 2011.

[XIV. KAFLI.]¹⁾

Ýmis ákvæði.

¹⁾ [L. 119/1989](#), 13. gr.

[44. gr.]¹⁾

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þagnarskyldan helst þó að starfsmenn þessir láti af starfi sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skatt- og tollyfirvöld veita Hagstofu Íslands [...] ²⁾ upplýsingar er varða skýrslugerð [hennar] ²⁾.

¹⁾ [L. 119/1989](#), 13. gr. ²⁾ [L. 51/2002](#), 2. gr.

[...] ¹⁾

¹⁾ [L. 136/2009](#), 59. gr.

[48. gr.]¹⁾

Sala á skattskyldri vöru og þjónustu til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. [lög nr. 110/1951](#), um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, svo og sala [...] ²⁾ í tollfrjálsum verslunum, sbr. VIII. kafla [tollalaga, nr. 55/1987](#), með síðari breytingum, telst sala úr landi í skilningi laga þessara.

¹⁾ [L. 119/1989](#), 13. gr. ²⁾ [L. 119/1989](#), 14. gr.

[49. gr.]¹⁾

[Fjármálaráðherra getur með reglugerð ²⁾ sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að virðisaukaskattur af aðgangseyri að dansleikjum og öðrum skemmtanaskattskyldum samkomum skuli innheimtur meðan á samkomunni stendur eða með skemmtanaskatti. ... ³⁾ ⁴⁾

[Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að skattskyldur aðili geti, á grundvelli skriflegs samnings, tekið að sér að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts af skattskyldri sölu á vöru eða þjónustu annars aðila.] ³⁾

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um uppgjör, uppgjörstímabil og skil virðisaukaskatts af hráefni til fiskvinnslu í því skyni að jafna aðstöðu fyrirtækja á þessu sviði.

Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði um í lögum þessum, fer samkvæmt [lögum nr. 75/1981](#), um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

¹⁾L. 119/1989, 13. gr. ²⁾Rg. 530/1989 (um frádrátt virðisaukaskatts), sbr. 108/1990. Rg. 563/1989 (uppgjör fiskvinnslufyrirtækja). Rg. 577/1989 (um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign), sbr. 180/1993, 697/1997, 903/2000 og 1056/2005. Rg. 194/1990 (þjónusta fyrir erlenda aðila o.fl.), sbr. 151/1993, 179/1993, 86/1994, 346/1995 og 275/1996. Rg. 248/1990 (skattskyld starfsemi opinberra aðila), sbr. 548/1993, 146/1995, 601/1995, 256/1996, 695/1996, 901/2000, 554/2002 og 287/2003. Rg. 449/1990 (um endurgreiðslu vsk. af vinnu manna við íbúðarhúsnæði), sbr. 489/1992, 30/1993, 357/1995, 347/1996, 421/1996, 697/1996, 574/1999 og 561/2002. Rg. 58/1991 (dansleikir o.fl.). Rg. 470/1991 (sendimenn erlendra ríkja), sbr. 186/1993, 305/1996, 557/2002 og 243/2004. Rg. 484/1992 (um endurgreiðslu vsk. af sölu á heitu vatni og rafmagni), sbr. 332/1993, 671/1994, 110/1995, 117/1996 og 560/2002. Rg. 50/1993 (um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila), sbr. 539/1993, 136/1997, 599/1999 og 16/2001. Rg. 192/1993 (um innskatt), sbr. 532/1993, 306/1994, 18/2001 og 1044/2006. Rg. 336/1993 (erlend blöð og tímarit í áskrift). Rg. 288/1995 (erlend fyrirtæki), sbr. 558/2002. Rg. 667/1995 (um framtal og skil á virðisaukaskatti), sbr. 588/1996, 395/1997, 134/1999, 741/2001 og 1149/2006. Rg. 515/1996 (um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila), sbr. 378/1997. Rg. 294/1997 (um endurgreiðslu vsk. til aðila búsettra erlendis), sbr. 689/1997, 248/1999, 375/2000, 560/2000, 423/2002, 559/2002 og 85/2007. Rg. 373/2001 (um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsóknna), sbr. 334/2006. Rg. 540/2001 (um tímabundna endurgreiðslu ²/₃ hluta vsk. vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða), sbr. 555/2002, 868/2003 og 914/2003. Rg. 541/2001 (um endurgreiðslu vsk. vegna sölu hópferðabifreiða úr landi), sbr. 556/2002. Rg. 630/2008 (um ýmis tollfríðindi), sbr. 634/2008. ³⁾L. 122/1993, 31. gr. ⁴⁾L. 119/1989, 15. gr. ⁵⁾L. 129/2004, 78. gr.

[Viðauki.

Af vörum til manneldis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 7% virðisaukaskatt:

- a. Vörur í 2. til og með 4. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 0301.1000–0301.9990, [0401.1009, 0401.2009 og 0401.3009]³⁾.
- b. Vörur í tollskrárnúmerum 0504.0001–0504.0009 og 0511.9119, 0511.9125, 0511.9901 og 0511.9902.
- c. Vörur í 7. til og með 13. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 1001.1001, 1001.9001, 1002.0001, 1003.0001, 1004.0001, 1005.9001, 1106.2001, 1007.0001, 1008.1001, 1008.2001, 1008.3001, 1008.9001, 1101.0021, 1102.2001, 1102.9011, 1102.9021, 1103.1101, 1103.1311, 1103.1321, 1103.1901, 1103.2001, 1104.1221, 1104.1901, 1104.2221, 1104.2301, 1104.2901, 1104.3001, 1203.0000, 1209.1001–1209.9909, 1211.3000, 1211.4000, 1211.9009, 1213.0011–1213.0029, 1214.1000, 1214.9000, [..., 1301.9001]²⁾, 1301.9009, 1302.1100, [...]²⁾ og 1302.1909.
- d. Vörur í tollskrárnúmerum 1501.0011, 1501.0021, 1502.0011, 1502.0021, 1503.0001, 1504.1001–1504.3009, 1506.0001, 1507.1001, 1507.9001, 1508.1001, 1508.9001, 1509.1001, 1509.9001, 1510.0001, 1511.1001, 1511.9001, 1512.1101, 1512.1901, 1512.2101, 1512.2901, 1513.1101, 1513.1901, 1513.2101, 1513.2901, 1514.1101, 1514.1901, 1514.9101, 1514.9901, 1515.2101, 1515.2901, 1515.5001, 1515.9001 og 1516.1001–1517.9009.
- e. Vörur í 16. til með 21. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 1703.1001, 1703.9001, 2102.2003 og 2106.9032–2106.9038.
- f. Vörur í tollskrárnúmerum 2201.1011–2201.9090, 2202.1011–2202.9099, 2203.0011–2203.0019, 2204.1011–2204.1019, 2204.2111–2204.2119, 2204.2131–2204.2139,

2204.2911–2204.2919, 2204.2931–2204.2939, 2204.3011–2204.3019, 2205.1011–2205.1019, 2205.9011–2205.9019, 2206.0031–2206.0039, 2208.7021–2208.7029, 2208.9071–2208.9079 og 2209.0000.

- g. Vörur í tollskrárnúmerum 2501.0001, 2836.1001, 2836.3001, 2836.4001, 2836.9902, 2918.1200, 2918.1300, 2922.4201, 2925.1101, 3203.0001, 3302.1010, 3501.9001, 3502.1101, 3502.1901, 3502.2001, 3502.9001, 3503.0011, 3503.0021, 3824.9008 og 3917.1000.]¹⁾

¹⁾ L.175/2006, 8. gr. ²⁾ Sbr. auglýsingu nr. 1. gr. auglýsingar nr. 142/2006. ³⁾ L.38/2008, 8. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008.

[50. gr.]¹⁾

[Lög þessi öðlast þegar gildi, en skattheimta samkvæmt þeim kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990. Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 31. desember 1989.]²⁾

¹⁾ L. 119/1989, 13. gr. ²⁾ L. 110/1988, 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

[X.

[Heimilt er að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, ²/₃ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða og almenningsvagna á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011. Endurgreiðsluheimildin vegna hópferðabifreiða er bundin við ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, eru skráð fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum öikumanni og eru nýskráð á tímabilinu og búin aflvélum samkvæmt EURO 5 staðli ESB. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.]¹⁾

¹⁾ L. 163/2010, 13. gr.

[XI.

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt að fullu af vetnisbifreiðum, svo og sérhæfðum varahlutum í þær, sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimild þessi nær eingöngu til vetnisbifreiða sem hafa í för með sér hverfandi mengun og gildir til [31. desember 2011]²⁾. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.]¹⁾

¹⁾ L. 175/2008, 1. gr. ²⁾ L. 163/2010, 14. gr.

[XII.

Endurgreiða skal veitingahúsum, mótuneytum og öðrum hliðstæðum aðilum, sem selja tilreiddan mat, fjárhæð er nemur 112,5% af innskatti uppgjörstímabilsins janúar–febrúar 2007 vegna matvælaaðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt. Endurgreiðsla þessi skal þó ekki vera hærri en svo að útskattur vegna sölu á tilreiddum mat að frádreginni endurgreiðslu samsvari að minnsta kosti 14% af hráefnisverði að viðbættum 19,25% af mismun söluverðs á tilreiddum mat og hráefnisverðs matvælaaðfanga.]¹⁾

¹⁾L. 175/2006, 7. gr.

[XIII]

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hefur verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við þann virðisaukaskatt sem greiddur var við innflutning ökutækisins. Sú fjárhæð skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það þar til 100% fyrmingu er náð. Hafi eigandi hins útflutta ökutækis fengið virðisaukaskatt af því endurgreiddan í formi innskatts skapast ekki réttur til endurgreiðslu. Samanlögð endurgreiðsla virðisaukaskatts samkvæmt ákvæði þessu og vörugjalds samkvæmt bráðabirgðaákvæði XI í lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. skal ekki vera hærri en 2.000.000 kr. fyrir hvert ökutæki.

Tollstjóra er heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja á úr landi skv. 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

Heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. gildir til og með 31. desember 2009. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja, um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kærueimildir.]²⁾

1) Rg. 1144/2008. 2)L. 140/2008, 2. gr.

[XIV]

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna reglubundinna uppgjörstímabila á árinu 2009, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í tollalögum, nr. 88/2005.]¹⁾

¹⁾L. 157/2008, 2. gr.

[XV]

Þrátt fyrir ákvæði [2. mgr. 42. gr.]⁵⁾ skal á tímabilinu 1. mars 2009 til [1. janúar 2012]⁵⁾ endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Að öðru leyti gi lða ákvæði [2. mgr. 42. gr.]⁵⁾ á umræddu tímabili.

Á tímabilinu 1. mars 2009 til [1. janúar 2012]⁵⁾ skal endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu þess háttar húsnæðis. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt [af þjónustu [...] ⁴⁾ hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum]¹⁾ vegna hönnunar eða eftirlits við

endurbætur eða viðhald þess háttar húsnæðis. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð²⁾ um framkvæmd þessarar endurgreiðslu.

Ákvæði 1. mgr. nær á viðkomandi tímabili jafnframt til annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.]³⁾

¹⁾L. 19/2009, 1. gr. ²⁾Rg. 440/2009. ³⁾L. 10/2009, 2. gr. ⁴⁾L. 64/2009, 1. gr., ⁵⁾l. 163/2010, 15. gr.

...

[XVI]

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna reglubundinna uppgjörstímabila á árinu 2009, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í tollalögum, nr. 88/2005.]¹⁾

¹⁾L. 17/2009, 3. gr.

[XVIII.]

Skattskyldum aðilum sem við gildistöku ákvæðis þessa hafa leyfi til að reka bílaleigu samkvæmt [lögum nr. 64/2000](#), um bílaleigur, er heimilt við kaup á notuðum fólksbifreiðum að reikna innskatt af kaupverði bifreiða sem verða til útleigu, þó svo að virðisaukaskattur hafi ekki verið lagður á við sölu á viðkomandi bifreiðum til bílaleigunnar. Innskatturinn skal nema 20,32% af kaupverði bifreiðar.

Fjöldi keyptra bifreiða samkvæmt heimild 1. mgr. má ekki vera meiri en 15% af heildarfjölda fólksbifreiða sem eru í eigu bílaleigunnar 1. júlí 2010.

Endursala bifreiða sem um ræðir í 1. mgr. telst til skattskyldrar veltu skv. [11. gr. laga nr. 50/1988](#), um virðisaukaskatt. Sundurlíða skal í bókhaldi upplýsingar um kaup og sölu bifreiðanna í samræmi við 9. gr. a reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt.

Heimild skv. 1. og 2. mgr. gildir til 31. desember 2010.]¹⁾

¹⁾L. 25/2010, 1. gr.

[Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í tollalögum, nr. 88/2005.]¹⁾

¹⁾L. 165/2010, 36. gr.

Úr lögum

nr. [52/1988](#), um eiturefni og hættuleg efni.

Tóku gildi 1. júlí 1988. Breytt með [l. 103/1988](#) (tóku gildi 30. des. 1988), [l. 1/1992](#) (tóku gildi 27. jan. 1992 nema 13.–17. og 24. gr. sem tóku gildi 1. febr. 1992), [l. 51/1993](#) (tóku gildi 27. maí 1993), [l. 93/1995](#) (tóku gildi 30. júní 1995), [l. 82/1998](#) (tóku gildi 1. okt. 1998), [l. 44/1999](#) (tóku gildi 1. júlí 1999), [l. 42/2001](#) (tóku gildi 13. júní 2001; EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 76/768/EBE), [l. 68/2002](#) (tóku gildi 17. maí 2002; EES-samningurinn: XX. viðauki reglugerð 2037/2000), [l. 164/2002](#) (tóku gildi 1. jan. 2003), [l. 96/2004](#) (tóku gildi 2. júlí 2004; EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 98/8/EB), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), [l. 92/2009](#) (tóku gildi 26. ágúst 2009; EES-samningurinn: II. og XX. viðauki reglugerð 842/2006) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. KAFLI.

Upphafsaðkvæði.

Eiturefni og hættuleg efni.

[Gildissvið og markmið.]¹

¹L. 96/2004, 1. gr.

1. gr.

Eiturefni eru samkvæmt lögum þessum efni sem skráð eru á lista yfir eiturefni, sbr. 2. gr., svo og sérhver efnasamsetning og varningur er hefur að geyma slík efni í því formi og magni að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn [Umhverfisstofnunar].¹

Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni sem skráð eru á lista yfir hættuleg efni, sbr. 2. gr., svo og sérhver efnasamsetning og varningur er hefur að geyma slík efni í því formi og magni að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn [Umhverfisstofnunar].¹

[Sæfiefni eru efni eða efnablöndur sem ætlað er að eyða hættulegum lífverum, bægja þeim frá eða gera þær skaðlausar. Sæfiefni eru t.d. viðarvörn, nagdýraeitur, skordýraeitur, gróðurhindrandi efni, sótthreinsandi efni og rotvarnarefni.]²

[Fegrunar- og snyrtiefni eru efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannslíkamann, svo sem hörund, hár, neglur, varir, tennur eða slímhúð í munni. Fegrunar- og snyrtiefnum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamsþef eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi.]³

[Flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir eru í skilningi þessara laga vetnisflúorkolefni (HFC), perflúorkolefni (PFC) og brennisteinshexaflúoríð (SF6).

Rekstraraðili er einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á stjórn tæknilegrar virkni þess búnaðar sem lög þessi taka til.

Þjónustuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem þjónustar þann búnað sem lög þessi taka til.]⁴

[Markmið þessara laga er að eiturefni, hættuleg efni, sæfiefni, fegrunar- og snyrtiefni og flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir notist með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum né dýrum, né að matvæli eða umhverfi mengist af efnunum.]⁴

¹L. 164/2002, 6. gr. ²L. 96/2004, 1. gr. ³L. 42/2001, 1. gr. ⁴L. 92/2009, 1. gr.

[Umhverfisstofnun.]¹

¹L. 164/2002, 6. gr.

2. gr.

[[Umhverfisstofnun]¹⁾ skal vera ráðherra til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara.

[Umhverfisstofnun]¹⁾ gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni í samræmi við skaðleg áhrif og notkunarvið þeirra. Ráðherra staðfestir tillögur [Umhverfisstofnunar]¹⁾ með reglugerð.²⁾

[Umhverfisstofnun]¹⁾ skal veita stjórnvöldum, einstaklingum eða fyrirtækjum upplýsingar um meðferð eiturefna og hættulegra efna svo sem eftir er leitað og kostur er á. [Umhverfisstofnun]¹⁾ skal enn fremur gera tillögur um viðbrögð við slysum af völdum eiturefna og hættulegra efna eða við vá af þeirra völdum vegna hernaðar eða náttúruhamfara.]³⁾

¹⁾L. 164/2002, 6. gr. ²⁾Rg. 236/1990, sbr. 348/1990, 664/1997, 766/1997, 459/1998, 460/1998, 500/1998, 639/1998, 77/1999, 150/1999, 548/1999, 754/1999, 613/2000, 921/2000, 380/2001, 197/2002, 579/2002, 442/2004, 978/2005, 995/2006 og 1269/2007. ³⁾L. 1/1992, 26. gr.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til eiturefna og hættulegra efna ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum:

1. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980,
2. [lyfjalaga, nr. 108 14. nóvember 1984](#) (lyf og dýralyf).¹⁾

¹⁾Nú l. 93/1994.

II. kafli.

Ákvæði varðandi eiturefni.*Framleiðsla eiturefna.*

4. gr.

Eiturefni mega þeir einir framleiða er til þess hafa fengið leyfi ráðherra, enda mæli Vinnueftirlit ríkisins og [Umhverfisstofnun]¹⁾ með veitingu slíkra leyfa.

Blöndun og þynning eiturefna og pökkun í söluhæf ílát og umbúðir, þar með talið umpökkun og umhelling svo og íburður í klæði, skoðast framleiðsla nema öðruvísi sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 5. gr.

¹⁾L. 164/2002, 6. gr.

Viðtaka eiturefna.

5. gr.

Þeir einir, er hér greinir, mega veita viðtöku eiturefnum og kaupa eiturefni:

1. Framleiðendur eiturefna, sbr. 4. gr.
2. Forstöðumenn efnagerða, efnaverksmiðja eða annarra fyrirtækja er tilkynnt hafa Vinnueftirliti ríkisins að við rekstur eða framleiðslu fyrirtækjanna sé þörf tiltekinnna eiturefna, enda hafi þeir eða tilteknir starfsmenn þeirra leyfi til þess að nota eiturefnin.
3. Lyfjaverslun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverslanir svo og lyfjabúðir.
4. Verslanir er fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja tiltekin eiturefni önnur en talin eru í næsta tölulið.
5. Verslanir sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.
6. Sjúkrahús og viðurkenndar rannsóknastofur.

7. Kennarar í raungreinum við framhaldsskóla vegna nota við kennslu.

8. Einstaklingar 18 ára eða eldri er framvísa réttum aðilum sérstökum eiturbeiðnum, sbr. ákvæði 6. gr., eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 7. gr.

Fyrirtækjum, sem greind eru í 4. og 5. tölul. að framan og versla með eiturefni, er þó heimilt að fengnu samþykki Vinnueftirlits ríkisins að veita þau sundur, blanda eða þykkja og umpakka eða umhella í ný söluhæf ílát.

Sala og innflutningur eiturefna.

Sala og innflutningur eiturefna.

6. gr.

Þeir einir mega selja og flytja inn eiturefni er greindir í 1.–5. tölul. 1. mgr. 5. gr. Um fyrirtæki, sem talin eru í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., gildir þó að þau mega einungis selja eiturefni svo fremi að þau séu hluti af venjulegri framleiðslu þeirra.

Þau fyrirtæki, sem talin eru í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., mega selja önnur eiturefni en þau sem fyrirtækin framleiða ef þau hafa fengið til þess leyfi, sbr. 4. eða 5. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Setja skal í reglugerð ákvæði um veitingu leyfa handa verslunum þeim er ræðir í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Kaup einstaklinga á eiturefnum.

7. gr.

Einstaklingar, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 5. gr., mega kaupa eiturefni til eigin nota ef þeir framvísa seljendum eiturefna, sbr. 6. gr., sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á tilteknum eiturefnum.

Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaga gefa út eiturbeiðni að fenginni umsögn [Umhverfisstofnunar].¹⁾ Aðeins má láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni. Eiturbeiðni gilda lengst í hálfri ári frá útgáfudegi.

Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín eða í þágu þeirra fyrirtækja er þeir starfa við, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. Má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum er gilda til eins til þriggja ára í senn.

Ráðherra setur að fengnum tillögum [Umhverfisstofnunar]¹⁾ reglugerð²⁾ um útgáfu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa, afgreiðslu þeirra og varðveislu, um kaup á eiturefnum til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, til sóthreinsunar og til varnar fúa.

¹⁾L. 164/2002, 6. gr. ²⁾Rg. 39/1984.

...

IV. KAFLI.

Sameiginleg ákvæði. kvæði um skráningu eiturefna og hættulegra efna til sérstakra nota.

16. gr.

[Skráning og leyfi til markaðssetningar]

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð, má því einungis flytja til landsins, selja eða nota sem plöntulyf, illgresiseyði (örgresisefni), stýriefni eða sæfiefni að þau hafi verið skráð sem slík, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda. Umhverfisstofnun veitir leyfi til markaðssetningar sæfiefna. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánari ákvæði um framangreind atriði í reglugerð¹⁾ að

fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Skal þar m.a. kveða á um skráningu efnanna, notkun og bann við notkun þeirra, auk ákvæða um veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis til markaðssetningar.]²⁾

¹⁾Rg. 50/1984, sbr. 213/1984, 235/1986 og 461/2001, sbr. einnig rg. 238/1994, og 236/1986. Rg. 137/1987, sbr. 610/1987, 412/1997, 176/1998, 776/1998, 857/1999 og 784/2001. Rg. 176/1998, sbr. 618/2000. ²⁾L. 96/2004, 2. gr.

17. gr. A

[Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð¹⁾ ákvæði um framleiðslu, innflutning, dreifingu, sölu, notkun, innihald, eftirlit og merkingu fegrunar- og snyrtiefna, hvort sem efnin flokkast sem eiturefni eða hættuleg efni eða ekki.]²⁾

¹⁾Rg. 748/2003, sbr. 870/2004, 385/2005, 320/2006, 738/2006, 158/2007, 425/2008 og 427/2009. ²⁾L. 42/2001, 2. gr.

18. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum [Umhverfisstofnunar]¹⁾ nánari reglur²⁾ um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna hvort sem efnin eru notuð hrein, í blöndum eða á annan hátt í samsetningum.

Heimilt er enn fremur að binda sölu og notkun varnings, er hefur tiltekin lífræn leysiefni að geyma, mati á eiturhrifum og notagildi varningsins, sbr. 13. gr.

¹⁾L. 164/2002, 6. gr. ²⁾Rg. 137/1987, sbr. 610/1987, 412/1997, 176/1998, 776/1998, 857/1999 og 784/2001 (notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna o.fl.). Rg. 196/1987 (takmörkun sölu á kveikjaragasi). Rg. 64/1989, sbr. 318/1990 og augl. 520/1991 (ósoneyðandi efni, bann við innflutningi og sölu údabrusa). Rg. 609/1996 (um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs), sbr. 682/1999 og 562/2005. Rg. 946/1999 (um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum). Rg. 828/2003 (um hollustuhætti og mengunarvarnir á varnarsvæðum). Rg. 697/2004 (um takmörkun tiltekinna efna í raftækjum), sbr. 545/2006. Rg. 824/2005 (um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar á skip). Rg. 506/2007 (um takmörkun efna í vélknúnum ökutækjum). Rg. 560/2007 (um fljótandi eldsneyti).

Nánari reglur um notkun og bann við notkun krabbameinsvaldandi efna og efnasamsetninga.

19. gr.

Umhverfisstofnun¹⁾ skal fylgjast með öllum nýjungum er lúta að rannsóknum á eiturefnum og hættulegum efnum sem ætlað er að gætu valdið krabbameini eða öðrum illkynja breytingum í frumum manna eða dýra. Skal [Umhverfisstofnun]¹⁾ að jafnaði gera tillögur um bann við notkun slíkra efna og efnasamsetninga, en að öðrum kosti gera tillögur að reglum um notkun þeirra til þess að koma í veg fyrir mengun fæðu og fódurs eða umhverfis af völdum þeirra.

[Umhverfisstofnun]¹⁾ gerir tillögur að sérstökum lista yfir efni sem talin eru geta valdið krabbameini eða öðrum illkynja frumubreytingum í mönnum og að fyrirmælum um notkun og bann við notkun efnanna er ráðherra staðfestir og gefur út.

Óheimilt er að flytja til landsins eða selja eiturefni eða hættuleg efni sem eru krabbameinsvaldandi í mönnum eða dýrum eða varning sem hefur slík efni að geyma, nema samkvæmt heimild í þessum lögum.

¹⁾L. 164/2002, 6. gr.

...

22. gr.

Förgun eiturefna og hættulegra efna. Notuð ílát.

Eiturefnum og hættulegum efnum, tónum flöskum og öðrum umbúðum, sem hafa haft slík efni að geyma, skal farga eða hreinsa þannig að mönnum og dýrum stafi ekki hætta af. Að öðrum kosti skal endursenda seljanda eða umboðsmanni hans viðkomandi efni, ílát og umbúðir, luktar og merktar á viðeigandi hátt.

Ráðherra setur að fengnum tillögum [Umhverfisstofnunar]¹⁾ [...] ²⁾ reglugerð um förgun eiturefna og hættulegra efna.

¹⁾L. 164/2002, 6. gr. ²⁾L. 164/2002, 8. gr.

Framkvæmd og eftirlit.

23. gr.

[Yfirstjórn mála er varða eiturefni, hættuleg efni, [sæfiefni]¹⁾ og fegrunar- og snyrtiefni er í höndum umhverfissráðherra.]²⁾

[Umhverfisstofnun]³⁾ gerir tillögur um framkvæmd laga þessara og hversu eftirliti með eiturefnum og hættulegum efnum skuli nánar háttað, sbr. 2. gr. og næstu málsgrein.

Eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara annast eftirtaldir aðilar:

- a) [Umhverfisstofnun.]³⁾
- b) Vinnueftirlit ríkisins.
- c) Lyfjaeftirlit ríkisins.
- d) Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.
- e) Lögreglustjórar og embættislæknar, hver á sínum stað.
- f) Aðrir er tilnefndir kunna að verða.

Um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila fer samkvæmt þeim lögum sem þeir starfa eftir.

Kostnað við framkvæmd og eftirlit skal greiða úr ríkissjóði, nema önnur lög mæli öðruvísi.

[[Umhverfisstofnun]³⁾ er heimilt að taka gjald fyrir vinnu við og útgáfu starfsleyfa til handa þeim sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni, starfsleyfa til handa meindýraeyðum og leyfisskírteina fyrir notendur varnarefna og eiturefna, viðurkenningu sóthreinsiefna og áritun innflutningsskjala.

[Umhverfisstofnun]³⁾ er heimilt að taka gjald fyrir vinnu stofnunarinnar við skráningu, breytingu á skráningu, undanþágu frá skráningu, samhliðaskráningu og endurnýjun á skráningu varnarefna [og sæfiefna].¹⁾ Í skráningu varnarefna [og sæfiefna]¹⁾ felst m.a. úttekt sérfræðinga á þörf fyrir notkun viðkomandi efna og á áhættu við notkun þeirra.

Þá er [Umhverfisstofnun]³⁾ heimilt að krefja umsækjanda, sbr. 6. og 7. mgr., um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna eða úttekta utanaðkomandi sérfræðinga, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum [Umhverfisstofnunar],³⁾ sett gjaldskrá vegna þeirrar starfsemi sem talin er upp í 6., 7. og 8. mgr. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Gjöld má innheimta með fjárnámi.]²⁾

Fulltrúar framangreindra stofnana [...] ⁴⁾ og embættismanna, svo og aðrir er tilnefndir kunna að verða, eiga rétt á að skoða verslanir, verksmiðjur og vinnustaði þar sem seld eru eða umpökkuð, framleidd, varðveitt eða notuð eiturefni og hættuleg efni eða framleiddur varningur sem hefur að geyma slík efni í því formi og magni að mönnum og dýrum getur stafað hættu af. Þeim er einnig heimilt að rjúfa umbúðir og taka úr þeim sýnishorn til nánari athugunar og rannsóknar. Eigandi sýnishornsins getur krafist kvittunar úr hendi þess er sýnishorn tekur. Á kvittun skal greina magn og tegund sýnishornsins. Handhafi kvittunarinnar á síðar gegn framvísun hennar rétt á endurgreiðslu úr hendi innflytjanda eða framleiðanda.

Aðilar þeir, er um ræðir í 3. mgr., geta krafist þess að framleiðandi eða innflytjandi gefi yfirlýsingu samkvæmt bestu vitund um innihald eiturefna og hættulegra efna í tilteknum varningi svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fóðurvöru. Innflytjandi eða framleiðandi getur krafist þess að með hana sé farið sem trúnaðarmál.

¹⁾L. 96/2004, 3. gr. ²⁾L. 42/2001, 3. gr. ³⁾L. 164/2002, 6. gr. ⁴⁾L. 1/1992, 26. gr.

Undanþágur og röðun á lista til bráðabirgða.

24. gr.

Ráðherra getur að fenginni umsögn [Umhverfisstofnunar] ¹⁾ heimilað að undanþiggja megi eiturefni og hættuleg efni eða varning, sem hefur slík efni að geyma, að nokkru eða öllu leyti ákvæðum þessara laga. Undanþágur má þó einungis veita svo fremi að fullnægt sé skilyrðum sem sett kunna að verða hverju sinni eða greind eru í reglugerðum sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum.

[[Umhverfisstofnun] ¹⁾ er heimilt, ef skjótra aðgerða er þörf, að setja á lista tiltekin efni og efnasamsetningar og kveða á um notkun eða bann við notkun þeirra í allt að því eitt ár.] ²⁾ Skal ráðherra staðfesta ákvörðun þessa með reglugerð innan árs. Að öðrum kosti fellur ákvörðun [Umhverfisstofnunar] ¹⁾ úr gildi.

¹⁾L. 164/2002, 6. gr. ²⁾L. 1/1992, 26. gr.

Refsingar.

25. gr.

[...] ¹⁾

¹⁾L. 88/2008, 233. gr.

26. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið [...] ¹⁾ fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Eiturefni og hættuleg efni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eða framleidd eru ólöglega innan lands, má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

¹⁾L. 82/1998, 192. gr.

...

[V. kafli

Ákvæði um flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir.

27. gr.

Geymsla flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda.

Rekstraraðilum staðbundinna kælikerfa, loftkælinga, varmadælukerfa og staðbundinna slökkvikerfa sem innihalda flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir ber að hindra leka þessara lofttegunda og stöðva slíkan leka komi hann til, með öllum þeim tæknilegu ráðstöfunum sem eru mögulegar. Enn fremur ber rekstraraðilum að sjá til þess að haldin sé skrá yfir flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir og að lekaleit sé framkvæmd af vottuðum aðilum.

28. gr.

Endurnýting.

Rekstraraðilar staðbundins búnaðar sem inniheldur flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, og nánar er tiltekinn í reglugerð, bera ábyrgð á endurnýtingu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda til að tryggja endurvinnslu, endurheimt eða eyðingu þeirra. Endurnýting skal framkvæmd af vottuðum aðilum.

29. gr.

Menntun og vottun.

Starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu vegna staðbundinna kælikerfa, loftkælinga, varmadælukerfa, spenna með hárra rafspennu, loftkælinga í vélknúnum ökutækjum, leysiefna og staðbundinna slökkvikerfa sem innihalda flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir skulu hafa vottun. Til að hljóta slíka vottun skulu þeir hafa lokið námi með fullnægjandi hætti samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Rekstrar- og þjónustuaðilar skulu hafa vottun um að þeir uppfylli kröfur reglugerða sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfsemi sinnar. Enn fremur skulu rekstrar- og þjónustuaðilar hafa vottun um að starfsmenn þeirra hafi hlotið vottun skv. 1. mgr.

Vottun samkvæmt lögum þessum er framkvæmd af faggiltri skoðunarstofu samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og gildir í fjögur ár. Hafi viðkomandi sannanlega verið að vinna við umrædd kerfi framlengist vottunin um önnur fjögur ár.

30. gr.

Merking.

Óheimilt er að flytja, setja á markað eða afhenda vöru og búnað sem inniheldur flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir nema á vörunni og búnaðinum sé merkiskilti með viðurkenndum iðnaðarheitum, innihaldslýsingu og varnaðarorðum.

31. gr.

Reglugerðir um flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, að setja reglugerð vegna flúoreraðra lofttegunda um eftirtalin atriði:

- a. nánari ákvæði um framkvæmd lekaleitar, áskilnað um lekaleitarkerfi og skráningu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda,
- b. framkvæmd endurnýtingar,
- c. framkvæmd vottunar,
- d. framkvæmd og mat menntunar,
- e. húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað starfsemi sem tengist notkun og meðferð efnanna,

- f. nánari ákvæði um merkingar vöru og búnaðar,
g. ákvæði um notkun og bann við notkun flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda.]¹⁾

1) L. 92/2009, 2. gr.

[VII. kafli]⁶⁾

Niðurlagsákvæði.

[34. gr.]⁶⁾

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð¹⁾ er ráðherra setur að fengnum tillögum [Umhverfisstofnunar].²⁾

[Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga þessara er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn [Umhverfisstofnunar]²⁾ og í samráði við [velferðarráðherra]¹⁷⁾, að setja reglugerð³⁾ um innflutning, sölu, notkun, örugga meðhöndlun og förgun eiturefna og hættulegra efna sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.]⁴⁾

[Ráðherra getur í reglugerð að fengnum tillögum [Umhverfisstofnunar]²⁾ bannað innflutning og framleiðslu eiturefna og hættulegra efna sem haft geta skaðleg áhrif á umhverfið. Ráðherra getur heimilað [Umhverfisstofnun]²⁾ að veita tímabundnar undanþágur frá slíku banni í því skyni að draga smám saman úr innflutningi og framleiðslu efnisins og kveðið þar á um hvaða skilyrðum slík undanþága skuli háð.

Við veitingu innflutnings- og framleiðsluleyfa skv. 3. mgr. er heimilt að taka mið af markaðshlutdeild umsækjanda undanfarin fimm ár. Þegar stefnt er að algeru banni við innflutningi og framleiðslu efnis er heimilt að hafna umsókn aðila sem hefur ekki flutt inn eða framleitt efnið áður.]⁵⁾

¹⁾Rg. 242/1974 (varnir gegn mengun matvæla af völdum blýs o.fl.). Rg. 238/1986 (eftirlit með framkvæmd laganna). Rg. 149/1989 (um meindýraeyða). Rg. 236/1990 (um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni), sbr. 348/1990, 664/1997, 459/1998, 460/1998, 639/1998, 77/1999, 150/1999, 548/1999, 754/1999, 613/2000, 921/2000, 380/2001, 197/2002, 579/2002, 442/2004, 978/2005, 995/2006 og 1269/2007. Rg. 289/1994 (um leysiefni til notkunar í matvælaíðnaði), sbr. 144/1995, 562/1995 og 493/1998. Rg. 609/1996 (um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs), sbr. 682/1999 og 562/2005. Rg. 230/1998 (um efni sem stuðla að gróðurhúsaáhrifum), sbr. 888/2002. Rg. 785/1999 (um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun), sbr. 849/2000. Rg. 786/1999 (um mengunarvarnaeftirlit), sbr. 850/2000. ²⁾L. 164/2002, 6. gr. ³⁾Rg. 533/1993, sbr. 384/1997. Rg. 946/1999 (um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum). Rg. 255/2002 (um takmörkun á útstreymi rokkgjarnra lífrænna efna), sbr. 1024/2005. Rg. 586/2002 (um efni sem eyða ósonlaginu), sbr. 659/2002, 586/2005 og 139/2006. Rg. 1083/2004 (um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna). Rg. 1101/2004 (um markaðssetningu sæfiefna), sbr. 243/2007, 150/2008, 520/2008, 1234/2008 og 15/2009. Rg. 1025/2005 (um rokkgjörn lífræn efnasambönd í málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða ökutækja). Rg. 560/2007 (um fljótandi eldsneyti). ⁴⁾L. 51/1993, 1. gr. ⁵⁾L. 68/2002, 1. gr. ⁶⁾L. 92/2009, 2. gr., 7) L. 162/2010, 60. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða

Heimilt er að gefa út bráðabirgðavottun skv. 29. gr. Slík bráðabirgðavottun gildir ekki lengur en til 4. júlí 2011. Umhverfisráðherra gefur út reglugerð um skilyrði bráðabirgðavottunar.

Heimilt er að meta aðra menntun sem umsækjandi hefur sem jafngildi náms skv. 29. gr. Skal slíkt mat fara fram fyrir 4. júlí 2011.]¹⁾

⁶⁾ L. 92/2009, 3. gr.

Úr [lögum

nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði]¹⁾.

1) L. 15/1998, 36. gr..

Tóku gildi 1. júlí 1992. Breytt með *l. 91/1991* (tóku gildi 1. júlí 1992), *l. 92/1991* (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), *l. 133/1993* (tóku gildi 1. jan. 1994; EES-samningurinn: V. viðauki tilskipun 64/221/EBE, VII. viðauki tilskipun 67/43/EBE, V. viðauki tilskipun 68/360/EBE og 72/194/EBE, VIII. viðauki tilskipun 73/148/EBE, 75/34/EBE og 75/35/EBE, VII. viðauki tilskipun 77/249/EBE og 89/48/EBE, VIII. viðauki tilskipun 90/364/EBE, 90/365/EBE og 90/366/EBE), *l. 80/1995* (tóku gildi 1. júní 1995), *l. 83/1997* (tóku gildi 6. júní 1997), *l. 15/1998* (tóku gildi 1. júlí 1998 nema 38. gr. sem tók gildi 3. apríl 1998), *l. 95/1999* (tóku gildi 1. jan. 2000), *l. 46/2006* (tóku gildi 1. jan. 2007 nema 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða sem tóku gildi 16. júní 2006), *l. 24/2007* (tóku gildi 29. mars 2007), *l. 34/2008* (tóku gildi 31. maí 2008 nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 8. maí 2008), *l. 147/2008* (tóku gildi 1. jan. 2009) og *l. 51/2010* (tóku gildi 12. júní 2010) og *l. 162/2010* (tóku gildi 1. janúar 2011).

[1. gr.]¹⁾

Sýslumenn fara, hver í sínu umdæmi, með stjórnarsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Þar á meðal fara þeir með lögreglustjórn [...] og innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum, sbr. þó [3. gr.]¹⁾

¹⁾L. 15/1998, 36. gr. ²⁾L. 147/2008, 34. gr.

[2. gr.]¹⁾

[Landið skiptist í [23]²⁾ stjórnarsýsluumdæmi auk Reykjavíkumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólmavík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrókur, 12. Siglufjörður, 13. Akureyri, 14. Húsavík, 15. Seyðisfjörður, 16. Eskifjörður, 17. Höfn, 18. Vík, 19. Hvolsvöllur, 20. Vestmannaeyjar, 21. Selfoss, 22. Reykjanesbær, ...²⁾ [23.]²⁾ Hafnarfjörður, [24.]²⁾ Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2.–[24.]²⁾ tölul. skulu ákveðin með reglugerð³⁾ að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna.

Eigi má fækka stjórnarsýsluumdæmum eða taka upp ný nema með lögum.]⁴⁾

¹⁾L. 15/1998, 36. gr. ²⁾L. 34/2008, 30. gr. ³⁾Rg. 66/2007, sbr. 309/2007, 763/2007 og 506/2008.

⁴⁾L. 46/2006, 7. gr.

[3. gr.]¹⁾

[Með þau verkefni sem sýslumönnum eru falin í öðrum umdæmum fara lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórinn á Suðurnesjum, [tollstjóri]²⁾ og sýslumennirnir í Hafnarfirði, [...] í Kópavogi, í Reykjanesbæ og í Reykjavík sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórinn á Suðurnesjum fara með lögreglustjórn, þar á meðal útlendingaefirlit, ásamt störfum sem þeim eða lögreglustjórum eru almennt falin með fyrirmælum einstakra laga, hvor í sínu umdæmi.

2. [Tollstjóri]²⁾ fer með tollstjórn, innheimtu tekna ríkissjóðs, að því leyti sem hún er ekki sérstaklega falin öðrum, og lögskráningu skipshafna, auk starfa samkvæmt fyrirætlum einstakra laga.
3. Með önnur störf en þau sem falla innan marka 1. og 2. tölul. fer sýslumaðurinn í Reykjavík í sínu umdæmi. Með önnur störf en þau sem falla innan marka 1. tölul. fara sýslumennirnir í Hafnarfirði, [...] ³⁾ í Kópavogi og í Reykjanesbæ, hver í sínu umdæmi. Um lögreglustjórn í umdæmum sýslumannanna í Búðardal, á Patreksfirði, í Bolungarvík, á Hólmavík, Siglufirði, Höfn og í Vík fer samkvæmt lögreglulögum. [...] ³⁾
- [Ráðherra] sker að öðru leyti úr um hvaða verkefni heyri undir einstök embætti skv. 1. mgr.] ⁴⁾
- [Sýslumenn í hverju umdæmi skulu veita leyfisumsóknnum viðtöku fyrir hönd lögreglustjóra umdæmisins.] ⁵⁾

¹⁾L. 15/1998, 36. gr. ²⁾L. 147/2008, 35. gr. ³⁾L. 34/2008, 30. gr. ⁴⁾L. 46/2006, 8. gr. ⁵⁾L. 24/2007, 7. gr. ⁶⁾L. 162/2010, 119. gr.

[4. gr.] ¹⁾

Sýslumaður skal hafa skrifstofur í umdæmi sínu eftir því sem dómsmálaráðherra kveður á um hverju sinni og fé er veitt til á fjárlögum.2)

¹⁾L. 15/1998, 36. gr. ²⁾Rg. 66/2007, sbr. 309/2007

[5. gr.] ¹⁾

[[Innanríkisráðherra] ³⁾ skipar sýslumenn til fimm ára í senn.] ²⁾ Málefni sýslumanna eiga undir dómsmálaráðherra.

Engan má skipa sýslumann, nema hann fullnægi [almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur].1)

¹⁾L. 15/1998, 36. gr. ²⁾L. 83/1997, 27. gr., ³⁾L. 162/2010, 119. gr.

[6. gr.] ¹⁾

Sýslumenn hafa yfirumsjón og ábyrgð á rekstri embætta sinna.

[Ráðherra] ²⁾ getur að tillögu sýslumanns kveðið á um skiptingu sýslumannsembættis í starfsdeildir eftir verkefnum. Heimilt er að [ráða] ²⁾ sérstaka deildarstjóra sem veita viðkomandi starfsdeildum forstöðu á ábyrgð sýslumanns. Ef starfsdeildir við sýslumannsembætti eru fleiri en ein skal einn deildarstjóra teljast staðgengill sýslumanns, enda fullnægi hann hæfisskilyrðum til skipunar í sýslumannsembætti.

Við sýslumannsembætti skal auk sýslumanns vera það starfslið sem [sýslumaður] ²⁾ telur þörf á. Um hæfisskilyrði löglærðra fulltrúa sýslumanns gilda [sömu reglur og um sýslumenn að öðru leyti en um starfsreynslu]. ¹⁾

[Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu bera einkennisfatnað eftir því sem ráðherra ákveður í reglugerð.] ³⁾ ⁴⁾

¹⁾L. 15/1998, 36. gr. ²⁾L. 83/1997, 28. gr. ³⁾Rg. 480/2008. ⁴⁾L. 24/2007, 8. gr., ⁵⁾L. 162/2010, 119. gr.

Lög

nr. 54/1990, um innflutning dýra.

Tóku gildi 31. maí 1990. Breytt með [l. 40/1996](#) (tóku gildi 21. maí 1996), [l. 82/1998](#) (tóku gildi 1. okt. 1998), [l. 44/1999](#) (tóku gildi 1. júlí 1999), [l. 175/2000](#) (tóku gildi 29. des. 2000), [l. 142/2001](#) (tóku gildi 31. des. 2001), [l. 153/2002](#) (tóku gildi 30. des. 2002), [l. 164/2002](#) (tóku gildi 1. jan. 2003), [bbl. 103/2003](#) (tóku gildi 1. júlí 2003), [l. 116/2003](#) (tóku gildi 12. nóv. 2003), [l. 76/2005](#) (tóku gildi 1. jan. 2006), [l. 128/2005](#) (tóku gildi 30. des. 2005), [l. 141/2007](#) (tóku gildi 1. jan. 2008) og [l. 167/2007](#) (tóku gildi 1. jan. 2008).

1. gr.

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

Búfé: [Alifuglar, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripir, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ úr.]²⁾

[...] ¹⁾

Dýr: Öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr, hryggleysingar og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni.

Einangrunarstöð: [Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, gæludýr, fugla og fiska [auk svína og erfðæfnis þeirra].²⁾³⁾

[Eldisdýr: Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.]⁴⁾

Erfðæfni: Hvers kyns efni sem geymir erfðaeiginleika dýra, svo sem fósturvísir (frjóvgað egg eða fóstur á frumstigi), egg eða sæði.

[Fagráð: Nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar samkvæmt ákvæðum [búnaðarlaga, nr. 70/1998](#).]³⁾

[Gæludýr: Dýr af eftirgreindum tegundum og flokkum: Hundar, kettir, kanínur, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr og búrfuglar.]²⁾

Sóttvarnardýralæknir: [Faglegur opinber eftirlitsaðili sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.]³⁾

Sóttvarnastöð: Staður þar sem dýr og erfðæfni eru geymd meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.

Umsjónardýralæknir: Hver sá dýralæknir sem hefur verið skipaður til eftirlits vegna innflutnings samkvæmt lögum þessum.

¹⁾[L. 167/2007, 70. gr.](#) ²⁾[L. 141/2007, 1. gr.](#) ³⁾[L. 175/2000, 1. gr.](#) ⁴⁾[L. 116/2003, 5. gr.](#)

2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðæfni þeirra. [Um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu gilda lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.]¹⁾

[Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogn og svil, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerða sem [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ setur að fengnum umsögnum [Matvælastofnunar],²⁾ fisksjúkdómanefndar, Veidimálastofnunar og erfðanefndar

landbúnaðarins. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu [Matvælastofnunar]²⁾ á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ er heimilt, að fengnu vísindalegu álitu Veidimálastofnunar, að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu.]³⁾

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaefnis, [sbr. þó 4. gr. a],⁴⁾ enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

Dýrum, sem flutt eru inn án heimildar, skal tafarlaust lógað og skrokkum eytt svo að eigi stafi hætta af. Eggjum, sæði eða fósturvísu skal á sama hátt eytt, svo og dýrum, sem sædd kunna að hafa verið eða notuð sem fósturmæður, og afkvæmum sem kunna að hafa fæðst eftir slíkan ólöglegan innflutning.

¹⁾L. 164/2002, 16. gr. ²⁾L. 167/2007, 70. gr. ³⁾L. 116/2003, 6. gr. ⁴⁾L. 141/2007, 2. gr.

3. gr.

Þegar yfirdýralæknir mælir með innflutningi dýra eða erfðaefnis skal hann skila rökstuddu álitu um heilbrigðisástand í viðkomandi landi eða landsvæði og meðmælum skulu fylgja vottorð frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum um að þar hafi ekki orðið vart sjúkdóma í dýrum sem sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

[...] ¹⁾

¹⁾L. 175/2000, 2. gr.

4. gr.

Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaeefni þess er veitt skal ráðherra leita álitings [fagráðs]¹⁾ í viðkomandi búgrein og skal [það]¹⁾ meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal [fagráð]¹⁾ gera tillögur um hvaða kyn og tegund skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi.

Nefndin²⁾ getur lagt til annað form á innflutningi en umsækjandi gerir ráð fyrir telji hún það tryggara og forsendur fyrir meðmælum með umsókninni.

¹⁾L. 175/2000, 3. gr. ²⁾Á væntanlega að vera fagráð.

[4. gr. a

Yfirdýralæknir getur vikið frá því banni sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og leyft innflutning á gæludýrum og erfðaeefni þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir, sbr. 5. gr., enda sé fylgt fyrirmælum sem felast í lögum þessum og reglugerðum er settar eru samkvæmt þeim.

Meta skal áhættu af innflutningi og er heimilt að krefja innflytjanda um upplýsingar um heilbrigði gæludýrs, þ.m.t. heilbrigðis- og upprunavottorð, sem staðfesta nauðsynlega bólusetningu, rannsóknir og meðhöndlun gæludýrs eða erfðaefnis fyrir innflutning.

Heimilt er að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir, einnig er heimilt að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um leyfi til að flytja inn

erfðæfni úr. Ekki skal veita undanþágu til innflutnings á hundum, blendingum af úlfum og hundum, eða öðrum gæludýrum sem hætta getur stafað af.]¹⁾

¹⁾L. 141/2007, 3. gr.

5. gr.

Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ afla umsagnar [[Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands],²⁾ [erfðanefndar landbúnaðarins]³⁾ og sérfræðinganeftdar samkvæmt lögum um náttúruvernd].⁴⁾

[Með umsókn um leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum skal fylgja áhættumat sem umsækjandi um leyfi hefur aflað. Í áhættumati skal m.a. meta hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríkið.

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisaráðherra, að setja í reglugerð nánari fyriræfni um það með hvaða hætti áhættumat skuli fara fram.]⁵⁾

¹⁾L. 167/2007, 70. gr. ²⁾L. 164/2002, 17. gr. ³⁾L. 116/2003, 7. gr. ⁴⁾L. 44/1999, 79. gr. ⁵⁾L. 167/2007, 31. gr.

6. gr.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið]¹⁾ [hefur eftirlit með og ber ábyrgð á]²⁾ innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögum þessum. [Á sama hátt hefur það eftirlit með]²⁾ framræktun kynja sem inn verða flutt, en [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ er þó heimilt að fela hana einstökum [búgreinasamböndum]²⁾ eða ræktunarfélögum, enda mæli yfirdýralæknir og viðkomandi [fagráð]²⁾ með því. Viðkomandi aðili skal þá sýna fram á að hann geti fullnægt öllum skilyrðum um sóttvarnir og aðbúnað og kostað framræktunina að öllu leyti. Slíkt framsal skal ávallt bundið við eitt innflutningsleyfi með ákveðnum tímamörkum.

¹⁾L. 167/2007, 70. gr. ²⁾L. 175/2000, 4. gr.

7. gr.

[Vegna innflutnings á dýrum og erfðæfni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar],¹⁾ hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva. Ráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.]²⁾

...

¹⁾L. 167/2007, 70. gr. ²⁾L. 175/2000, 5. gr. ³⁾L. 128/2005, 1. gr.

8. gr.

Þegar dýr eða erfðæfni er valið til innflutnings skal hvert einstakt dýr, sem flytja skal inn, karldýr, sem eru fyrirhugaðir sæðisgjafar, og foreldrar, sem gefið hafa frjóvguð egg, heilbrigðissskoðuð af embættisdýralækni og skulu vottorð og aðrar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir áður en innflutningur fer fram. Fósturvísa, egg eða sæði má aðeins flytja frá viðurkenndum kynbótastöðvum þar sem fylgst hefur verið með heilbrigði foreldra eða foreldris nægilega lengi að mati [Matvælastofnunar]¹⁾. [Sjávarútvegs- og landbúnaðar-

ráðherra¹⁾ skal setja reglur samkvæmt tillögum [Matvælastofnunar]¹⁾ um kröfur til hvers kyns upplýsinga og vottorða sem þurfa að liggja fyrir áður en slíkur innflutningur er leyfður.

¹⁾L. 167/2007, 70. gr.

9. gr.

[Einangra skal öll innflutt dýr og erfðæfni, að undanskildum eldisdýrum skv. 2. mgr. 2. gr., á sóttvarnastöð svo lengi sem [Matvælastofnun]¹⁾ telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.]²⁾

[Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar getur verið viðkomandi héraðsdýralæknir eða dýralæknir sem [Matvælastofnun]¹⁾ ræður sérstaklega til þeirra verka. [Matvælastofnun]¹⁾ setur sóttvarnardýralækni erindisbréf með ákvæðum um skyldur hans varðandi smitgát vegna starfa við sóttvarnastöðina.]³⁾

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ setur, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar],¹⁾ reglugerð⁴⁾ um allt er veit að rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva og öryggi gagnvart hugsanlegri sýkingarhættu frá þeim, þar á meðal ströng ákvæði um mannaferðir, meðferð áburðar, hvers konar úrgangs og afurða frá stöðvunum. Starfsmenn við slíkar stöðvar skulu fá sérstök erindisbréf og skal sóttvarnardýralæknir ábyrgur fyrir því að öryggisreglum sé fylgt.

¹⁾L. 167/2007, 70. gr. ²⁾L. 116/2003, 8. gr. ³⁾L. 175/2000, 6. gr. ⁴⁾Rg. 432/2003.

10. gr.

Innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðæfni, má aldrei flytja út af sóttvarnastöð.

Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neinir erfðagallar eða smitsjúkdómar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi dýra eða erfðæfnis getur [Matvælastofnun]¹⁾ heimilað að dýr eða erfðæfni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð.

¹⁾L. 167/2007, 70. gr.

11. gr.

Hreinræktun innfluttra kynja og blöndun þeirra við innlent búfé skal vera undir stjórn viðkomandi [fagráðs sem starfar samkvæmt [búnaðarlögum, nr. 70/1998](#)].¹⁾

¹⁾L. 175/2000, 7. gr.

12. gr.

Íslensk dýr, sem tekin eru til blöndunar við innflutt búfjarkyn eða til að vera fósturmæður við innflutning á fósturvísnum, skulu valin af ráðunautum [Bændasamtaka Íslands]¹⁾ í viðkomandi búgrein og skal [Matvælastofnun eða fulltrúi hennar]²⁾ ganga úr skugga um að þau séu eigi grunuð um eða haldin smitsjúkdómum. Ekki má hefja ræktun á íslensku búfjarkyni með innfluttu kyni fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvernig kynin blandast og að einblendingsrækt með íslenska kyninu fylgi ekki alvarlegir burðarerfiðleikar eða skapgerðargallar.

Gæta skal þess að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjarkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði sem kveða svo á um að aðeins

megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar telji ráðunautur [Bændasamtaka Íslands]¹⁾ og/eða viðkomandi [fagráð]³⁾ ástæðu til.

¹⁾L. 40/1996, 2. gr. ²⁾L. 167/2007, 70. gr. ³⁾L. 175/2000, 8. gr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. þessara laga er [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ heimilt að leyfa innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgaðra alifuglaeggja frá viðurkenndum kynbótabúum, [fiska og erfðæfnis þeirra, svo og svína og erfðæfnis þeirra frá viðurkenndum kynbótabúum eða sæðingarstöðvum]²⁾ á einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. Aðeins skal leyft að flytja dýr úr einangrunarstöð á bú sem fullnægja þeim ákvæðum sem yfirdýralæknir setur til að hindra smithættu frá þeim og fá viðurkenningu [fagráðs]³⁾ í greininni. Dýr má ekki flytja úr einangrunarstöð fyrr en þau hafa dvalið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi.

[Innflutt erfðæfni svína má ekki flytja úr einangrunarstöð. Svín sem vaxið hafa af innfluttu erfðæfni í einangrunarstöð má hins vegar flytja þaðan að fengnu leyfi yfirdýralæknis og uppfylltum skilyrðum 1. mgr.]⁴⁾

¹⁾L. 167/2007, 70. gr. ²⁾L. 153/2002, 1. gr. ³⁾L. 175/2000, 9. gr. ⁴⁾L. 141/2007, 4. gr.

14. gr.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ er heimilt, ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis, að víkja frá ákvæðum 10. gr. þessara laga og veita leyfi til þess að heimilisdýr, sem ekki eru af ætt hóf- og klaufdýra, séu flutt úr sóttvarnastöð. Slíkur flutningur skal ekki fara fram fyrr en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að dýrin séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum. Slíku leyfi mega fylgja ákvæði um að dýralæknir fylgist reglulega með heilsufari dýranna á kostnað eigenda svo lengi sem yfirdýralæknir telur slíkt nauðsynlegt.

¹⁾L. 167/2007, 70. gr.

15. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í sóttvarna- eða einangrunarstöð skal gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að hefta útbreiðslu hans, m.a. fella dýr, ef nauðsyn krefur, og stöðva dreifingu erfðæfnis þaðan. Rekstraraðili ber allan kostnað af slíkum aðgerðum og er skyldur að hlíta fyrirmælum [Matvælastofnunar]¹⁾ í einu og öllu.

Eigendum er skylt að hlíta fyrirmælum [Matvælastofnunar]¹⁾ um eyðingu dýra í stöðvunum og eiga þeir ekki rétt á bótum fyrir dýr sem eyða þarf vegna slíkra aðgerða.

¹⁾L. 167/2007, 70. gr.

16. gr.

Heimilt er að geyma djúpfryst sæði eða fósturvísa utan sóttvarnastöðvar að fengnu leyfi og eftir fyrirsögn [Matvælastofnunar].¹⁾ Sóttvarnardýralæknir skal halda nákvæma skrá um alla gripi sem koma í stöðina eða fæðast þar, svo og um sæði og fósturvísa sem þar eru tekin eða þaðan flutt og notkun þeirra. Við mælingar á gripum og skýrsluhald skal sóttvarnardýralæknir fara eftir fyrirmælum viðkomandi [fagráðs].²⁾

¹⁾L. 167/2007, 70. gr. ²⁾L. 175/2000, 9. gr.

[17. gr.]¹⁾

Nú er ákveðið að leggja niður sóttvarnastöð sem starfrækt hefur verið og ekki þykir rétt að mati viðkomandi [fagráðs]²⁾ að nota frekar það erfðæfni sem þar er geymt og skal þá eyða því svo að ekki stafi hætta af eða gera aðrar ráðstafanir sem tryggja að frá því stafi ekki sýkingarhætta. Gripi slíkrar stöðvar skal fella hafi ekki verið heimilað samkvæmt lögum þessum að flytja þá úr einangrun.

¹⁾L. 175/2000, 10. gr. ²⁾L. 175/2000, 9. gr.

[18. gr.]¹⁾

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs. Berist sjúkdómur í stöðina vegna vanrækslu varðar það þann sem vanrækslu hefur sýnt starfs- og stöðumissi eða [fangelsi allt að 2 árum]²⁾ ef miklar sakir eru.

Ef lifandi dýr, fósturvísar, egg eða annað erfðæfni dýra er flutt til landsins án heimildar, sbr. 2. gr., varðar það sektum fyrir eiganda, svo og fyrir skipstjóra eða flugstjóra á farartæki því sem dýrin eða erfðæfnið flutti ef ætla má að það sé flutt með hans vitund.

¹⁾L. 175/2000, 10. gr. ²⁾L. 82/1998, 196. gr.

[19. gr.]¹⁾

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ setur reglugerð³⁾ um nánari framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar]²⁾ og [Bændasamtaka Íslands].⁴⁾

...

¹⁾L. 175/2000, 10. gr. ²⁾L. 167/2007, 70. gr. ³⁾Rg. 27/1970 (um sóttkví og einangrun á innfluttum minkum). Rg. 290/1980 (um varnir gegn hundaæði). Rg. 859/2002 (um innflutning loðdýra). Rg. 432/2003 (um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr). Rg. 527/2003 (um sýnatökuáætlanir o.fl. (fisksjúkdómar)). Rg. 787/2003 (um búffjáræðingar og flutning fósturvísa), sbr. 114/2009. Rg. 935/2004 (um innflutning gæludýra og hundasæðis), sbr. 817/2005. Rg. 151/2005 (um varðveislu og nýtingu erfðauðlinda í landbúnaði). Rg. 447/2005 (um lágmarksráðstafanir innan EES-svæðisins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum), sbr. 710/2006. Rg. 448/2005 (um eftirlit með heilbrigði eldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins), sbr. 711/2006. Rg. 449/2005 (um eftirlit með heilbrigði eldisdýra sem flutt eru til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum), sbr. 712/2006. Rg. 985/2005 (um fiskeldisstöðvar). Rg. 739/2006 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 282/2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit með þeim og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 585/2004 um breytingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 282/2004). Rg. 740/2006 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 136/2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum). Rg. 741/2006 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 599/2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu). Rg. 1254/2008 (um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum), sbr. 303/2009. ⁴⁾L. 40/1996, 2. gr. ⁵⁾L. 76/2005, 29. gr.

[20. gr.]¹⁾

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög um innflutning búfjár, nr. 74 28. apríl 1962, lög nr. 49 11. maí 1989, um breytingu á þeim lögum, 48.-52. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, svo og 3. gr. laga um loðdýrarækt, nr. 53 29. maí 1981.

¹⁾L. 175/2000, 10. gr.

Úr lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Tóku gildi 23. nóvember 1992. EES-samningurinn: XII. viðauki tilskipun 88/361/EBE. Breytt með l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998 og 128/1999 (tóku gildi 1. febr. 2000; EES-samningurinn: IX. viðauki tilskipun 97/5/EB). Breytt með l. nr. 27/2009 (öðluðust gildi 1. apríl 2009) og l. 73/2009 (öðluðust gildi 14. júlí 2009).

...

2. gr.

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

...

7. gr.

Nú gilda ákveðnar takmarkanir á fjármagnshreyfingum skv. 4. gr., 5. gr. eða ákvæðum til bráðabirgða og er þá Seðlabankanum heimilt að veita undanþágur frá þeim samkvæmt umsókn þar að lútandi. Innheimt skal sérstakt 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni þegar undanþága er veitt. Fjármagnshreyfingar á vegum ríkissjóðs og fjármagnshreyfingar vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra aðila, sem leyfi hafa til gjaldeyrisviðskipta, eru ávallt undanþegnar gjaldinu. Gjaldið skal greitt til þess innlends aðila sem milligöngu hefur um gjaldeyrisviðskiptin eða Seðlabankans. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

[Við mat á beiðni um undanþágu skal Seðlabankinn horfa til þess hvaða afleiðingar takmarkanir á fjármagnshreyfingum hafa fyrir umsækjanda, hvaða markmið eru að baki takmörkunum og hvaða áhrif undanþága hefur á stöðugleika í gengis- og peningamálum. Synjun um undanþágu má kæra til viðskiptaráðherra.]¹⁾

¹⁾L. 27/2009, 2. gr.

8. gr.

Seðlabankinn hefur heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri. Öðrum aðilum er óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi nema hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða fengið til þess leyfi frá Seðlabankanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur¹⁾ um skilyrði til gjaldeyrisviðskipta sem gilda fyrir þá aðila sem nefndir eru í 2. málsl. 1. mgr. Í þeim skal m.a. kveðið á um umfang og mörk gjaldeyrisviðskipta hverrar stofnunar, reglulega upplýsingagjöf til Seðlabankans, fullnægjandi innra eftirlits- og upplýsingakerfi og hæfisskilyrði starfsfólks. Í þeim skal enn fremur kveðið á um afturköllun heimilda til gjaldeyrisviðskipta að því er varðar þá aðila sem ekki hafa heimild

til slíkra viðskipta í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

¹⁾Rgl. 387/2002, rgl. 1098/2008.

9. gr.

Ákveða má í reglugerð að viðskipti innlendra aðila við erlenda aðila með verðbréf skuli fara fram fyrir milligöngu þeirra aðila sem hafa heimild til verðbréfamiðlunar hér á landi samkvæmt lögum eða ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Þar má jafnframt kveða á um að einstakir flokkar lögaðila séu undanþegnir kröfu þessari og að Seðlabankinn geti veitt einstökum aðilum leyfi til að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti við erlenda aðila.

10. gr.

[Aðilar sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína skulu hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um slíka þjónustu ásamt upplýsingum um kostnað tengdan viðskiptunum og skilyrði fyrir yfirfærslu fjármuna, tímamörk sem áskilin eru til þess að ljúka yfirfærslum, kostnað við yfirfærslur, gengisskráningu sem miðað er við og um úrræði sem viðskiptamaður hefur telji hann ástæðu til þess að kvarta yfir viðskiptunum. Aðilar sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa fyrir viðskiptamenn sína, eða móttöku yfirfærslu, skulu veita þeim skriflegar upplýsingar þar sem fram kemur staðfesting á að yfirfærsla hafi átt sér stað, fjárhæð yfirfærslunnar, kostnaður við hana og hver eigi að bera hann, svo og yfirfærslugengi, eigi slíkt við.

Með viðskiptamönnum er bæði átt við einstaklinga eða lögaðila sem leggja fram beiðni um yfirfærslu og einstaklinga eða lögaðila sem lokamóttakendur yfirfærslunnar. Með viðskiptamönnum er hins vegar ekki átt við aðila sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína, lánastofnun, váttryggingafélag, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða verðbréfasjóð.

Heimilt er að veita upplýsingar þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. með rafrænum hætti.]¹⁾

¹⁾L. 128/1999, 1. gr.

...

[Ákvæði til bráðabirgða.

I

Fram til 30. nóvember 2010 er Seðlabanka Íslands heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna og 9. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, að ákveða að gefa út reglur²⁾, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, sem takmarka eða stöðva tímabundið einhverja eða alla eftirtalda flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast ef slíkar hreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati Seðlabankans alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti og útgáfu verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum.
3. ánveitingar, lántökur og útgáfu ábyrgða sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
4. Inn- og útflutning verðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.

5. Framvirk viðskipti, afleiðuviðskipti, viðskipti með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem íslenska krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.
6. Gjafir og styrki og aðrar hreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul.]

Seðlabanka Íslands er heimilt, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, að setja reglur¹⁾ um að skylt sé að skila erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar hafa eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt.

Ákvæði 7. gr. laganna gilda um heimildir Seðlabanka Íslands til að veita undanþágur frá reglum settum skv. 1. mgr. Þó skal ekki innheimt leyfisgjald þegar undanþágur eru veittar.

Reglur skv. 1. og 2. mgr. skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda og skulu koma til endurskoðunar a.m.k. á sex mánaða fresti frá útgáfu þeirra.

Brot gegn ákvæði þessu varðar stjórnvaldssektum og refsingu skv. 15. gr. a – 15. gr. d, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b.]²⁾

¹⁾Rgl. 1130/2008. ²⁾L. 134/2008, brbákv.

III

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu greiðslur vegna útflutnings vöru og þjónustu fram til 30. nóvember 2010 fara fram í erlendum gjaldmiðli.

Fari útflutningsviðskipti fram á milli tengdra aðila skulu þau gerð á grundvelli almennra kjara og venju í viðskiptum óskyldra aðila.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um viðskipti milli tengdra aðila. Þá er ráðherra heimilt að mæla fyrir um skyldu aðila til að skila, með reglubundnum hætti, skýrslu um útflutningsviðskipti, um ráðstöfun söluandvirðis og um önnur atriði er lúta að útflutningi.

Brot gegn ákvæði þessu varðar stjórnvaldssektum og refsingu skv. 15. gr. a – 15. gr. d, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b.]¹⁾

¹⁾L. 27/2009, 3. gr.

Lög

nr. 88/1992, um innflutning.

Tóku gildi 23. nóvember 1992. Breytt með [l. 87/1995](#) (tóku gildi 1. júlí 1995) og [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

1. gr.

Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Séu í gildi innflutningstakmarkanir á einstöku sviði skal þó heimilt að flytja til landsins vörur sem ætlaðar eru fyrir sendiráð erlendra ríkja og aðra sem samkvæmt lögum, milliríkjasamningum eða venju njóta hér tollfrelsis. Ákvæði þetta á þó ekki við um vörur sem hætta telst á að smitefni geti borist með til landsins.

[...]¹⁾

¹⁾L. 87/1995, 29. gr.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vöru eða hafa milligöngu um greiðslu til útlanda fyrir vöru eða þjónustu sem háð er innflutningstakmörkunum nema undanþága hafi fengist fyrir innflutningnum.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt eða sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

[...]¹⁾

¹⁾L. 88/2008, 233. gr.

5. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

[...]¹⁾

¹⁾L. 87/1995, 29. gr.

Lög

nr. 98/1992, um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.

Tóku gildi 11. desember 1992.

1. gr.

Alþjóðastofnanir skulu njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar.

Eftirtaldir skulu einnig njóta friðhelgi og forréttinda samkvæmt samningum þessum hér á landi:

1. starfslið alþjóðastofnana.
2. þeir sem koma fram eða starfa á vegum alþjóðastofnana.
3. fulltrúar, sendimenn og erindrekar aðila að alþjóðastofnunum.
4. þeir sem taka þátt í rekstri mála fyrir alþjóðastofnunum og
5. fjölskyldur þeirra sem getið er í 1.-4. tölul.

2. gr.

Utánríkisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög

nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.

Tóku gildi 1. janúar 1994, að undanskilinni 1. gr. sem tók gildi 13. janúar 1993. Breytt með l. 66/1993 (tóku gildi 27. maí 1993 nema 2. gr. sem tók gildi 1. jan. 1994), l. 91/1994 (tóku gildi 3. júní 1994 nema 2. gr. sem tók gildi 1. júlí 1994, sjá þó 3. gr.), l. 63/2001 (tóku gildi 13. júní 2001), l. 8/2004 (tóku gildi 24. mars 2004), l. 106/2007 (tóku gildi 27. júní 2007) og L. 159/2010. (tóku gildi 28. desember 2010).

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd:

1. Samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn), þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum, sem í viðaukunum er getið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;
2. samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;
3. samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;
- [4. bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Svíþjóðar hins vegar, sem undirrituð var í Brussel hinn 17. mars 1993;
5. bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, milli Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Svíþjóðar, sem undirrituð var í Brussel hinn 17. mars 1993;
6. bókun um breytingu á samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna, milli Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Svíþjóðar, sem undirrituð var í Brussel hinn 17. mars 1993.]¹⁾
- [7. samning um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. meginmál samningsins og viðauka, sem gerður var í Lúxemborg 14. október 2003.]²⁾
- [8. samning um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. meginmál samningsins og viðauka, sem áritaður var í Brussel 14. maí 2007.]³⁾
- [9. samning milli Evrópusambandsins, Íslands, Liechtensteins og Noregs um EES-fjármagnskerfið 2009–2014.]⁴⁾

¹⁾L. 66/1993, 1. gr. ²⁾L. 8/2004, 1. gr. ³⁾L. 106/2007, 1. gr., L. 159/2010.

2. gr.

Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði bókunar 1 við samninginn og ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn.

Ákvæði EES-samningsins, bókunarinnar og viðaukanna, sem vísað er til í 1. mgr., eru prentuð sem fylgiskjöl I–IV með lögum þessum.

[Inngangsorð og 1.–7. gr. bókunarinnar, sem vísað er til í 4. tölul. 1. gr., um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, skulu hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði 15. gr. bókunarinnar er varða 81. og 82. gr. EES-samningsins, 21. gr. bókunarinnar, að svo miklu leyti sem greinin á við meginmál samningsins, og 22. gr. hennar.

Þau ákvæði bókunarinnar, sem vísað er til í 3. mgr., eru prentuð sem fskj. V með lögum þessum.]¹⁾

[1. mgr. 2. gr. samningsins, sem vísað er til í 7. tölul. 1. gr., um aðild nýrra samningsaðila að Evrópska efnahagssvæðinu, skal hafa lagagildi hér á landi.

Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 5. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VI með lögum þessum.]²⁾

[1. mgr. 2. gr. samningsins, sem vísað er til í 8. tölul. 1. gr., um aðild nýrra samningsaðila að Evrópska efnahagssvæðinu, skal hafa lagagildi hér á landi.

Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 7. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VII með lögum þessum.]³⁾

[1. gr. samningsins, sem vísað er til í 9. tölul. 1. gr., skal hafa lagagildi hér á landi.

Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 9. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VIII með lögum þessum.]

¹⁾L. 66/1993, 2. gr. ²⁾L. 8/2004, 2. gr. ³⁾L. 106/2007, 2. gr., L. 159/2010.

3. gr.

Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.

[4. gr. [...]]¹⁾²⁾

¹⁾L. 63/2001, 2. gr. ²⁾L. 91/1994, 1. gr.

[5. gr.]¹⁾

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

¹⁾L. 91/1994, 1. gr.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ.

(Um fylgiskjöl sjá vefútgáfu Alþingis : Lög nr. 1993 nr. 2 13. janúar)

Fylgiskjal II.

Bókun 1. Um altæka aðlögun.

Fylgiskjal III.**9. tölul. VIII. viðauka.****Fylgiskjal IV.****G-liður 1. tölul. XII. viðauka.****Fylgiskjal V.****Bókun um breytingu á samningnum um evrópska efnahagssvæðið.****Fylgiskjal VI.****MGR. 2. GR. AÐILDARSAMNINGS EES.****(Um fylgiskjöl sjá vefútgáfu Alþingis: [Lög nr. 8/2004](#).)****Fylgiskjal VII.****með lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum. 1. MGR.****2. GR. AÐILDARSAMNINGS EES.****(Um fylgiskjöl sjá vefútgáfu Alþingis: [Lög nr. 106/2007](#).)**

Úr lögum

nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Tóku gildi 7. apríl 1993. Breytt með l. 87/1995 (tóku gildi 1. júlí 1995), l. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996), l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 31/2001 (tóku gildi 16. maí 2001), l. 63/2003 (tóku gildi 7. apríl 2003), bbl. 103/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003), l. 116/2003 (tóku gildi 12. nóv. 2003), l. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

I. KAFLI**Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.**

1. gr.

Tilgangur laganna er:

- a. að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins,
- b. að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra,
- c. að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu, verði sem heilnæmastar.

2. gr.

Lög þessi taka til allra sjúkdóma í dýrum, jafnt húsdýrum, gæludýrum og villtum dýrum.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

[Landbúnaðarstofnun]¹⁾ skal vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að dýrasjúkdómum og framkvæmd laganna.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með og vinna að bættu heilsufari dýra og fylgjast með heilbrigðisástandi þeirra og vera á verði gegn nýjum dýrasjúkdómum er kunna að berast til landsins eða milli sóttvarnarsvæða.

¹⁾L. 167/2007, 64. gr.

II. KAFLI Orðskýringar.

4. gr.

Búfé: Hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ úr þeim ágreiningi.

Dýr: Öll dýr, bæði hryggdýr og hryggleysingjar.

Dýrasjúkdómur: Smitsjúkdómur sem orsakast af völdum örvera eða sníkjudýra, efnaskiptasjúkdómur, erfðasjúkdómur, eitranir og aðrir sjúkdómar sem lög þessi ná til.

Gæludýr: Öll dýr sem haldin eru til afþreyingar.

Smitsjúkdómur: Sjúkdómur eða smit sem beint eða óbeint getur borist frá einu dýri til annars eða milli manna og dýra.

Sóttvarnarsvæði: Landsvæði sem afmarkast af varnarlínunum, ám, vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra.

Varnarlínur: Mörk sóttvarnarsvæða, þar með taldar girðingarlínur sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.

¹⁾L. 167/2007, 64. gr.

...

10. gr.

[Til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins er óheimilt að flytja til landsins eftirtaldir vörutegundir:

- Hey, hálm, alidýraáburð, gróðurmold og rotmassa blandað alidýraáburði, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og óunnar, ósóthreinsuð hrá skinn og húðir, kjötmjöl, beinamjöl, fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð, blóð og blóðvatn, ógerilsneydda mjólk eða vörur unnar úr henni og hrá egg.
- Ull, notaða poka eða aðrar umbúðir, óhreinan fatnað og tuskur, fiður, fjaðrir, dún, stráteppi, strákörfur og óunnið dýrahár, enn fremur notaðan reiðfatnað, reiðtygi og annað sem notað hefur verið við geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum.
- Hvers konar notaðan búnað til stangveiði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem taldir eru upp í a–c-liðum að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Um framkvæmd þessarar greinar fer eftir ákvæðum samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Heimilt er [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra],¹⁾ að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, að leyfa í rannsóknarskyni innflutning á vörutegundum sem upp eru taldir í a–lið 1. mgr. Ef hey eða hálmur er notað sem þökkunarefni fyrir aðra vöru sem flutt er inn og ekki er háð sérstöku leyfi má flytja heyið eða hálminn inn án leyfis ef telja má að slíkt þökkunarefni hafi ekki smithættu í för með sér. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að ákvæði 1. mgr. skuli ekki gilda fyrir einstakar vörutegundir sem þar eru taldir upp ef varan sóttthreinsast við tilbúning eða sérstök sóttthreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir vottorð um uppruna, vinnslu og sóttthreinsun.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum vörum sem hættu telst á að smitefni geti borist með.]²⁾

¹⁾L. 167/2007, 64. gr. ²⁾L. 87/1995, 26. gr.

Lög

nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Tóku gildi 1. júlí 1993. Breytt með l. 122/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), l. 41/1995 (tóku gildi 9. mars 1995), l. 48/1996 (tóku gildi 1. júní 1996), l. 47/1997 (tóku gildi 29. maí 1997), l. 140/1997 (tóku gildi 30. des. 1997), l. 83/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998 nema III. kafli sem tók gildi 24. júní 1998 og II. kafli sem tók gildi 11. okt. 1998), l. 151/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999 nema 3. og 5. gr. sem tóku gildi 11. febr. 1999; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 13. gr.), l. 159/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999 nema 2. gr. sem tók gildi 30. des. 1998), l. 86/1999 (tóku gildi 22. okt. 1999), l. 8/2000 (tóku gildi 7. apríl 2000 nema d-liður 3. gr. sem tók gildi 15. maí 2000), l. 38/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), l. 104/2000 (tóku gildi 1. júlí 2000), l. 56/2001 (tóku gildi 1. júlí 2001), l. 22/2002 (tóku gildi 4. apríl 2002), l. 19/2003 (tóku gildi 28. mars 2003), l. 119/2003 (tóku gildi 28. nóv. 2003), l. 29/2004 (tóku gildi 26. maí 2004), l. 87/2004 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 72/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 139/2006 (tóku gildi 21. des. 2006), l. 77/2007 (tóku gildi 5. apríl 2007), l. 112/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008 nema 12. tölul. 59. gr. sem tók gildi 25. sept. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. mgr. 56. gr.), l. 137/2008 (tóku gildi 12. des. 2008), l. 140/2008 (tóku gildi 16. des. 2008), l. 147/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 175/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 60/2009 (tóku gildi 30. maí 2009), l. 130/2009 (tóku gildi 30. des. 2009 nema 7.–9. gr. og 13.–42. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011), l. 164/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011) og l. 165/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011 varðandi breytingu á þessum lögum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði og gjaldskylda.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, o.fl., svo sem nánar greinir í lögum þessum, sbr. 87. kafla viðauka I við tollalög, [nr. 88/2005],¹⁾ og eldsneyti, sbr. 27. kafla viðauka I við tollalög, nr. [88/2005]¹⁾, eftir því sem segir í lögum þessum.

¹⁾L. 147/2008, 36. gr.

Gjaldskylda.

2. gr.

Gjaldskyldan nær til allra vara, sbr. 1. gr., nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða settar eru saman hér á landi. Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, [nr. 88/2005]1), og gilda ákvæði þeirra um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um flokkun vara jafnframt um vörugjald.

II. KAFLI
Vörugjald af ökutækjum o.fl.
Gjaldflokkar ökutækja.

3. gr.

[Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi þremur gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentimetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	02.000	30
II	Yfir 2.000	45] ¹⁾

¹⁾L. 8/2000, 1. gr.

4. gr.

[Vörugjald af eftirtöldum vörum skal vera sem hér segir:

1. Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
 - a. Hópfærðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni.
 - b. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
 - c. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
 - d. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar, kranabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd yfir 5 tonn.
 - e. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd.
2. 10% vörugjald: Dráttarvélar.
- [3. 13% vörugjald:
 - a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
 - b. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
 - c. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
 - d. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
 - e. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
 - f. Ökutæki, sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
 - g. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna,
 - h. Fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.]¹⁾
- [4. ...]¹⁾
5. 30% vörugjald: Hópfærðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni.
6. [30%]²⁾ vörugjald:
 - a. Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél.
 - b. Beltabifhjól (vélsleðar).

- c. Fjórhjól.
 d. Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.]³⁾
 [...]⁴⁾

¹⁾L. 19/2003, 1. gr. ²⁾L. 8/2000, 2. gr. ³⁾L. 83/1998, 6. gr. ⁴⁾L. 104/2000, 18. gr.

5. gr.

Ökutæki í eigu erlendra sendiráða, sendiráðisskrifstofa og sendiráðismanna eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt kafla þessum sé slíkt skylt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sama gildir um alþjóðasamtök og -stofnanir sem hér eru. [...]¹⁾

[Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald af eftirfarandi ökutækjum vera sem hér greinir:

1. Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
 - a. Dráttarbíffreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
 - b. Snjóplógar.
 - c. Slökkvibíffreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
 - d. Sjúkrabíffreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
 - e. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.
 - f. Bíffreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum, sérstaklega búnar til flutnings á fötludum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af [sjúkratryggingastofnuninni].²⁾
 - g. Dráttarvélar til nota á lögbylum.
 - h. Beltabíffreiðar (snjóbílar), yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætlaðar til aksturs í snjó.
 - i. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.
 - j. Ökutæki sem knúin eru rafhreyfli og flutt eru inn eða smíðuð í tilraunaskyni.
 - k. Sérsmíðaðar keppnisbíffreiðar sem eru skráðar sem slíkar og einungis notaðar í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka akstursíþróttamanna, svo og til aksturs til og frá slíkum atburðum. Skráningarkerki bíffreiðanna skulu auðkennd sérstaklega. Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útbúnað þeirra, svo og til hvaða atburða akstursheimildin taki. Sé brotið í bága við þær reglur skal vörugjald innheimt að fullu.
 - l. Bíffreiðar fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar af [sjúkratryggingastofnuninni].²⁾³⁾
 - m. Ökutæki sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita enda liggja fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að viðkomandi ökutæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita.]⁴⁾
2. Greiða skal 10% vörugjald af hópferðabíffreiðum sem eru skráðar fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni og eru í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða í fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa.5) Gjaldið skal lækka í 5% frá 1. janúar 2000.
3. [...]³⁾
4. [Vörugjald af leigubíffreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.]3)

- [5. Vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum skal vera:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Bifreið sem ber lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulið skal skráð á bílaleigu sem hefur leyfi [innanríkisráðuneytisins]¹⁰⁾ til að leigja bifreiðar eða á fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við bílaleigu. Einungis er heimilt að nýta bifreið samkvæmt þessum tölulið til útleigu hjá þeirri bílaleigu sem skráð er fyrir bifreiðinni. Bílaleiga skal haga bókhaldi sínu þannig að hún geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri þeirra bifreiða sem bera lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulið. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna, með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til útleigu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum tölulið. Brot á ákvæðum hans varðar því að hin brotlega bílaleiga missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.]³⁾

- [6. Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði fyrir því að bifreið til ökukennslu beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi hlotið löggildingu sem ökukennari og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

Ökuskólar geta jafnframt notið lækkunar samkvæmt þessum tölulið. Skilyrði þess eru að ökuskóli hagi skráningu á akstri bifreiðar sem nýtur lægra vörugjalds þannig að á hverjum tíma sé unnt að gera grein fyrir akstri bifreiðarinnar í þágu ökukennslu. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til ökukennslu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 80% af akstri hennar í þágu ökukennslu með framvísun þar til gerðrar akstursbókar eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum tölulið.

Brot á þeim skilyrðum sem sett eru í þessum tölulið varðar því að hinn brotlegi, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.

7. Vörugjald af bifreiðum sem notaðar eru til ökukennslu og leigubifreiðaaksturs skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði fyrir því að bifreið sem nýtt er til ökukennslu og leigubifreiðaaksturs beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi hlotið löggildingu sem ökukennari og hafi þessi störf samanlagt að aðalatvinnu.]6)

[8. Vörugjald af bifreiðum sem eru sérstaklega útbúnar og notaðar til líkflutninga skal vera:

Flokkur	Sprengrými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13] ⁷⁾

[Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð⁸⁾ nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess og hvað teljist vera aðalatvinna skv. 4. tölul. 2. mgr., svo og ákvæði um endurgreiðslu á mismun vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt.]⁹⁾

¹⁾L. 72/2005, 3. gr. ²⁾L. 112/2008, 72. gr. ³⁾L. 8/2000, 3. gr. ⁴⁾L. 104/2000, 19. gr. ⁵⁾Rg. 254/1993, sbr. 360/1998 og 705/1999. ⁶⁾L. 56/2001, 1. gr. ⁷⁾L. 19/2003, 2. gr. ⁸⁾Rg. 331/2000, sbr. 446/2009. ⁹⁾L. 151/1998, 11. gr., ¹⁰⁾L. 162/2010, 212. gr.

Innflutt ökutæki.

6. gr.

Þegar ökutæki er innflutt skal innflytjandi þess afhenda [tollstjóra]¹⁾ með aðflutnings-skýrslu staðfestingu um forskráningu ökutækis þar sem m.a. skal gerð grein fyrir stærð aflvélar þess.

Þegar ekki er unnt að leggja fram gögn um forskráningu við tollafgreiðslu er heimilt að leggja fram önnur þau gögn um vélarstærð ökutækis er [tollstjóri metur]¹⁾ fullnægjandi.

¹⁾L. 147/2008, 37. gr.

7. gr.

[Ákvæði 4. gr., 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. og 2. tölul., 4.–8. tölul. og 13. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005, skulu ná til vörugjalds af ökutækjum samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.]¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 38. gr.

Innlend framleiðsla og aðvinnsla.

8. gr.

Sá aðili, er framleiðir eða vinnur að breytingum á ökutæki áður en það er skráð samkvæmt [umferðarlögum, nr. 50/1987](#), skal skila gjaldi af ökutækinu í samræmi við verðmæti þess við skráningu og samkvæmt þeim gjaldflokki sem það þá fellur undir samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að draga frá greiðslu skv. 1. mgr. það vörugjald sem þegar hefur verið greitt af ökutækinu eða efnivörum til þess.

9. gr.

Sé ökutæki, sem skráð hefur verið samkvæmt [umferðarlögum, nr. 50/1987](#), breytt þannig að það flokkist í hærri gjaldflokk en við upphaflega skráningu skal skráður eigandi þess greiða viðbótarvörugjald eigi breytingin sér stað innan fimm ára frá upphaflegum skráningardegi.

Viðbótargjald skv. 1. mgr. skal ákveðið með eftirfarandi hætti:

- a. Á framreiknaðan og afskrifaðan upphaflegan gjaldstofn skal reikna viðbótarvörugjald sem nemur mismun á nýjum gjaldflokki skv. 1. mgr. og þeim gjaldflokki er upphaflega var greitt samkvæmt.

- b. Af verðmætaaukningu vegna aðvinnslu eða breytinga á ökutækinu skal greiða vörugjald samkvæmt nýjum gjaldflokki, sbr. 1. mgr.
- c. Frá álögdðu vörugjaldi skv. a- og b-liðum er heimilt að draga vörugjald sem greitt hefur verið vegna aðfanga til aðvinnslunnar eða breytingarinnar.

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Tollstjóri getur krafist þess að gjaldskyldir aðilar leggi fram upplýsingar frá framleiðanda ökutækis um sprengirými aflvélar þess eða samsvarandi upplýsingar innlands aðila sem annast hefur aðvinnslu eða breytingar á ökutækinu.

11. gr.

Óheimilt er að skrásetja gjaldskylt ökutæki fyrr en gjald samkvæmt lögum þessum hefur verið greitt.

Þeir aðilar, sem skrá og skoða ökutæki, skulu ganga úr skugga um það við skráningu ökutækis að gjald skv. II. kafla hafi verið greitt af viðkomandi ökutæki. Komi í ljós að gjald sé vangreitt skal synjað um skráningu og/eða skoðun og [...] ¹⁾ tollstjóra þegar tilkynnt um það.

¹⁾L. 147/2008, 39. gr.

12. gr.

Ákveða má í reglugerð að ökutæki, sem falla undir lög þessi og ekki eru ætluð til einknota eða undanþegin eru gjaldi samkvæmt lögum þessum, verði auðkennd sérstaklega.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað endurgreiðslu vörugjalds af ökutækjum sem seld eða leigð eru úr landi. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við fyrningargrunn og fyrningarhlutföll samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

III. KAFLI

Vörugjöld af eldsneyti.

Almennt vörugjald af eldsneyti.

14. gr.

[Greiða skal 23,86 kr.] ¹⁾ vörugjald af hverjum lítra af bensíni.] ²⁾

¹⁾L. 164/2010, 19. gr., ²⁾L. 86/1999, 1. gr.

Sérstakt vörugjald af eldsneyti.

15. gr.

[Auk vörugjalds skv. 14. gr. skal greiða sérstakt vörugjald, bensíngjald, af bensíni. Af blýlausu bensíni skal greiða [38,55 kr.] ¹⁾ af hverjum lítra og af öðru bensíni skal greiða [40,85 kr.] ¹⁾ af hverjum lítra.] ²⁾

[Tekjum af bensíngjaldi skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun, að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við álagningu og innheimtu gjaldsins.] ³⁾

¹⁾L. 164/2010, 20. gr., ²⁾L. 86/1999, 2. gr. ³⁾L. 159/1998, 6. gr.

[...] ¹⁾

¹⁾L. 86/1999, 3. gr.

17. gr.

[Bensín sem verður notað eða hefur sannanlega verið notað á flugvélar skal undanþegið vörugjaldi.]¹⁾

¹⁾L. 86/1999, 4. gr.

IV. KAFLI

Gjaldskyldir aðilar, gjaldstofn og gjalddagar.

18. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Allir þeir sem flytja til landsins vörur sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum hvort sem er til endursölu eða eigin nota.
2. Allir þeir sem framleiða hér á landi vörur sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum, vinna að þeim eða setja þær saman hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 2. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir skila vörugjaldsskýrslu vegna ökutækis o.fl. til innheimtumanns ríkissjóðs í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir og greiða gjald það sem þeim ber að standa skil á.

Gjaldstofn .

19. gr.

Gjaldstofn vörugjalds samkvæmt lögum þessum af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. [V. kafla tollalaga, nr. 88/2005]¹⁾ að viðbættum gjöldum eins og þau eru ákveðin samkvæmt þeim lögum.

¹⁾L. 147/2008, 40. gr.

20. gr.

Gjaldstofn vörugjalds samkvæmt lögum þessum af gjaldskyldum vörum, sem framleiddar eru, unnið er að eða settar eru saman hér á landi, er verksmiðjuverð þeirra, þ.e. söluverð framleiðanda þeirra án vörugjalds til óháðs aðila, [sbr. 14. gr. tollalaga]¹⁾. Sé erfiðleikum bundið að ákvarða framleiðsluverð skal tollstjóri meta það. Skal við matið höfð hliðsjón af tollverði hliðstæðrar innfluttrar vöru eða framleiðsluverði hliðstæðrar vöru sem framleidd er hérlendis.

¹⁾L. 147/2008, 41. gr.

21. gr.

Gjaldstofn ökutækis, sem breytt hefur verið eða unnið hefur verið að, sbr. 8. og 9. gr., skal vera verðmæti ökutækis eftir breytingu eða aðvinnslu.

Sé erfiðleikum bundið að finna verðmæti ökutækis skv. 1. mgr. skal tollstjóri áætla það, sbr. 20. gr.

Gjalddagar .

22. gr.

Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu. Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum eða vörum, sem hlotið hafa aðvinnslu hér á landi, reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda eða heildsala og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. skal vörugjald af [...] ¹⁾ skráningarskyldum ökutækjum greitt áður en skráning þeirra fer fram, en þó ekki síðar en [tólf] ¹⁾ mánuðum eftir tollafgreiðslu.

¹⁾L. 41/1995, 4. gr.

24. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu vörugjalds af eldsneyti er miðast við sölu birgða.

V. KAFLI

Álagning, innheimta, eftirlit o.fl.

25. gr.

Gjöld, sem lögð eru á samkvæmt lögum þessum, mynda gjaldstofn til virðisaukaskatts. [Tollstjóri annast álagningu og innheimtu vörugjalds samkvæmt lögum þessum og hefur með höndum eftirlit.] ¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 42. gr.

26. gr.

Heimilt er að stöðva ökutæki og færa það til skoðunar ef ástæða er til að ætla að brot hafi verið framið samkvæmt lögum þessum. Reynist vera um brot að ræða er heimilt að taka skráningarmerki af ökutækinu til varðveislu.

27. gr.

Að því leyti sem eigi er kveðið á um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, samræmingu gjalda, eftirlit, innheimtu, vörslusviptingu, veð, uppboð, sektir, viðurlög, refsingar og aðrar framkvæmdir varðandi gjald skv. 1. gr. skulu gilda ákvæði tollalaga, [nr. 88/2005] ¹⁾, og laga nr. 97/1987, um vörugjald, eftir því sem við getur átt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Breyting á skráningarskyldu frá því sem nú er ákveðið samkvæmt [umferðarlögum, nr. 50/1987](#), hefur ekki áhrif á gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum.

¹⁾L. 147/2008, 43. gr.

28. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli varðandi framkvæmd laga þessara.

¹⁾Rg. 255/1993, sbr. 511/1993, 55/1996, 257/1996, 355/1996, 474/1997, 725/1997, 339/1998, 360/1998, 43/1999, 356/1999 og 682/2000. Rg. 331/2000, sbr. 792/2000, 555/2001, 160/2002, 805/2002, 922/2002, 334/2004, 658/2004, 176/2005, 416/2007, 193/2008 og 416/2008. Rg. 327/2003, sbr. 252/2004. Rg. 630/2008. Rg. 558/2010.

VI. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lagaákvæði o.fl.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

30. gr.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 4/1960, um efnahagsmál, og eftirtalin ákvæði laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, breytast sem hér segir:

1. 1. gr., 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. laganna falla brott.
2. Orðin „að frátöldum tekjum skv. 2. mgr. 1. gr. sem renna í ríkissjóð“ í 2. málsl. 2. gr. laganna falla brott.
3. Í stað orðanna „Bensíngjald samkvæmt 1. gr., þungaskattur“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. kemur orðið: Þungaskattur.
4. Orðið „bensíngjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. fellur brott.
5. Orðin „bensíngjalds og sérstaks bensíngjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.
6. 2. og 3. mgr. 6. gr. falla brott.
7. Orðin „bensíngjalds og“ í 1. málsl. 8. gr. falla brott.
8. 2. málsl. 8. gr. fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða

...

[VII]

[Vörugjald af bifreiðum sem eru gjaldskyldar skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum sem nýta [...] ¹⁾ rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilólífu skal vera [240.000] ²⁾ kr. lægra en ella væri samkvæmt greininni.

Heimild til lækkunar skv. 1. mgr. gildir til [31. desember 2010]. ³⁾

Ráðherra getur sett nánari reglur um lækkun vörugjalds samkvæmt þessu ákvæði, svo sem um tæknilegan búnað bifreiðar, hvað teljist vera „að verulegu leyti“ skv. 1. mgr. og þau gögn sem leggja þarf fram með umsókn um lækkun vörugjalds á grundvelli þessa ákvæðis.] ⁴⁾ ⁵⁾

¹⁾L. 77/2007, 1. gr. ²⁾L. 72/2005, 4. gr. ³⁾L. 130/2009, 3. gr., ⁴⁾L. 29/2004, 1. gr. Breytingin tók gildi 26. maí 2004. Samkvæmt 2. gr. laganna skal endurgreiða vörugjald af þeim bifreiðum sem uppfylla skilyrði 1. gr. þeirra og tollafgreiddar eru milli 1. janúar 2004 og gildistöku laganna sé þess óskað. ⁵⁾L. 38/2000, 1. gr.

...

[IX.]

Ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum. Undanþága þessi gildir til [31. desember 2010.] ²⁾ ¹⁾

¹⁾L. 175/2008, 2. gr. ²⁾L. 130/2009, 3. gr.

[X.]

Bifreiðar sem gjaldskyldar eru skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum og öðrum búnaði sem miðast við að bifreið nýti metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilólíu skulu vera undanþegnar vörugjaldi samkvæmt lögum þessum til [31. desember 2010]²⁾.

Tilgreina skal í ökutækjaskrá ef vörugjald hefur verið felld niður skv. 1. mgr. svo og stærð eldsneytisgeyma.

Óheimilt er að breyta bifreiðum skv. 1. mgr. með brottnámi metangasbúnaðar eða með breytingum á eldsneytisgeymum.

Ef brotið er gegn 3. mgr. skal skráður eigandi bifreiðar, sem notið hefur niðurfellingar vörugjalds skv. 1. mgr., greiða til tollstjóra fullt vörugjald skv. 3. gr. ásamt 50% álagi.

Tollstjórar hafa eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis og geta gert þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að kanna hvort gerðar hafi verið breytingar á bifreið andstætt 3. mgr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeyma og vél ökutækis.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilgreiningu á því hvaða skilyrði vél bifreiðar og búnaður að öðru leyti þarf að uppfylla til þess að bifreið teljist nýta metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilólíu skv. 1. mgr., um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um undanþágu á grundvelli þess ákvæðis og um eftirlitið.]¹⁾

¹⁾L. 175/2008, 2. gr. ²⁾L. 130/2009, 3. gr.

[XI

Heimilt er að endurgreiða vörugjald af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hefur verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við það vörugjald sem greitt var við innflutning ökutækisins. Sú fjárhæð skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það þar til 100% fyrningu er náð. Samanlögð endurgreiðsla vörugjalds samkvæmt ákvæði þessu og virðisaukaskatts samkvæmt bráðabirgðaákvæði XIII í lögum um virðisaukaskatt skal ekki vera hærri en 2.000.000 kr. fyrir hvert ökutæki.

Tollstjóra er heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja á úr landi skv. 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

Heimild til endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. gildir til og með 31. desember 2009. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja, um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kærheimildir.]¹⁾

¹⁾Rg. 1144/2008. ²⁾L. 140/2008, 1. gr.

[Frá og með 1. janúar 2011 er tollstjóra heimilt að endurgreiða vörugjald af ökutækjum sem hefur verið breytt þannig að ökutækið nýtir metan í stað bensíns eða dísilólíu og hefur verið skráð sem slíkt hjá Umferðarstofu.

Fjárhæð endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. skal vera 20% af kostnaði við breytinguna samkvæmt reikningi breytingaverkstæðis en þó ekki hærri en 100.000 kr. Vörugjald skal því aðeins endurgreitt að ökutæki sé yngra en sex ára við breytingu, miðað við framleiðsluár, og útbúið að lágmarki 78 lítra metangeymi.

Eigandi ökutækis skal sækja um endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. til tollstjóra á eyðublaði sem tollstjóri útbýr. Með umsókninni skal fylgja staðfesting Umferðarstofu um að

ökutæki hafi verið breytt til þess að nýta metan og að faggilt skoðunarstöð ökutækja hafi vottað breytinguna. Jafnframt skal fylgja með vottorð faggiltrar skoðunarstöðvar um að ökutæki sé útbúið að lágmarki 78 lítra metangeymi.

Ef ökutæki, sem hlotið hefur endurgreiðslu, getur ekki nýtt metan sem eldsneyti vegna þess að breytingarbúnaður eða einhver hluti hans hefur verið fjarlægður eða gerður óvirkur innan tveggja ára frá því að vörugjald var endurgreitt skal eigandi ökutækis tilkynna tollstjóra og Umferðarstofu um að búnaður hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur og greiða upp endurgreiðsluna að fullu. Skylda til að tilkynna tollstjóra og Umferðarstofu um að búnaður hafi verið fjarlægður eða færður til að nota á annað ökutæki hvílir jafnframt á hverjum þeim sem annast slíkar breytingar fyrir einhvern annan.

Vanræki aðili að tilkynna tollstjóra innan mánaðar um að breytingarbúnaður hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur á einhvern hátt á því tímabili sem tilgreint er í 4. mgr. skal eigandi ökutækis greiða upp endurgreiðsluna ásamt 50% álagi.

Faggiltar skoðunarstofur ökutækja skulu kanna ástand og virkni metanbúnaðar við hverja reglubundna skoðun ökutækis.

Heimild til endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. gildir þangað til vörugjald hefur verið endurgreitt vegna breytinga á 1.000 ökutækjum. Eigendur ökutækja sem breytt hefur verið til þess að nýta metan í stað bensíns eða dísilolíu fyrir gildistöku þessa ákvæðis og hlotið hafa vottun frá faggiltri skoðunarstöð ökutækja samkvæmt reglum Umferðarstofu geta jafnframt sótt um endurgreiðslu vörugjalda.

Um eftirlit og kærheimildir skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, eftir því sem við getur átt.¹⁾

Úr lögum

nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Upphaflega l. 46/1985. Tóku gildi 1. júlí 1985. Endurútfegin, sbr. 22. gr. l. 112/1992, sem l. 99/1993. Breytt með l. 126/1993 (tóku gildi 30. des. 1993), l. 129/1993 (tóku gildi 30. des. 1993), l. 34/1994 (tóku gildi 2. maí 1994), l. 85/1994 (tóku gildi 3. júní 1994), l. 141/1994 (tóku gildi 31. des. 1994), l. 87/1995 (tóku gildi 1. júlí 1995), l. 99/1995 (tóku gildi 5. júlí 1995), l. 121/1995 (tóku gildi 30. nóv. 1995), l. 124/1995 (tóku gildi 6. des. 1995, sjá þó 21. gr.), l. 147/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996), l. 77/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 84/1997 (tóku gildi 1. jan. 1998; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 7. gr.), l. 69/1998 (tóku gildi 24. júní 1998, sjá þó ákvæði til bráðabirgða), l. 130/1998 (tóku gildi 3. des. 1998, sjá þó ákvæði til bráðabirgða), l. 112/1999 (tóku gildi 1. jan. 2000), l. 88/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001 nema 4. mgr. 7. gr. sem tók gildi 2. júní 2000), l. 84/2002 (tóku gildi 21. maí 2002), l. 101/2002 (tóku gildi 6. júní 2002 og gilda til 31. des. 2007), l. 82/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003), l. 131/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004), l. 61/2004 (tóku gildi 14. júní 2004 nema 3.–6. gr. sem tóku gildi 1. sept. 2005), l. 85/2004 (tóku gildi 18. júní 2004), l. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 119/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 16/2007 (tóku gildi 3. mars 2007), l. 58/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 24. gr.), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 173/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr.), l. 67/2009 (tóku gildi 25. júní 2009), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70.

gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010, l. 46/2010 (tóku gildi 29. maí 2010 og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011)).

....

II. KAFLI

Yfirstjórn og samtök framleiðenda.

3. gr.

[[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til, þar með talinn útflutning landbúnaðarvara.]²⁾

¹⁾L. 167/2007, 56. gr. ²⁾L. 85/1994, 1. gr.

...

VII. KAFLI

Um stjórn búvöruframleiðslunnar.

31. gr.

[Andvirði tolla af innfluttu fóðri og hráefnum í það í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, [nr. 88/2005],¹⁾ skal renna í sérstakan sjóð, fóðursjóð, sem skal vera í vörslu [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra].²⁾

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ er heimilt að greiða innflytjendum eða kaupendum fóðurs fé úr fóðursjóði sem samsvarar tollum þeim sem þeir hafa greitt við innflutning vörunnar eða fóðurkaup. Þá er enn fremur heimilt að greiða framleiðendum búvara fé úr fóðursjóði eftir afurðamagni. Ráðherra getur falið [Bændasamtökum Íslands]³⁾ að annast greiðslur samkvæmt þessari grein og skal þá Ríkisendurskoðun endurskoða reikninga sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð⁴⁾ um starfsemi fóðursjóðs og tilhögun greiðslna.]⁵⁾

¹⁾L. 16/2007, 2. gr. ²⁾L. 167/2007, 56. gr. ³⁾L. 112/1999, 4. gr. ⁴⁾Rg. 589/1995. Rg. 430/1996. Rg. 431/1996, sbr. 508/2006, 381/2008 og 1220/2008. ⁵⁾L. 87/1995, 15. gr.

...

[XI. KAFLI]¹⁾

Um vinnslu og sölu búvara.

¹⁾L. 87/1995, 16. gr.

[64. gr.]¹⁾

[Innflutningur landbúnaðarvara frá ríkjum, sem staðfest hafa aðild sína að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, skal vera óheftur nema önnur lög takmarki. Með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum fríverslunar- og annarra milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að er [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ heimilt að takmarka innflutning landbúnaðarvara frá ríkjum utan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á vörum þeim er greinir í viðaukum I og II með lögum þessum.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ er einnig heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ ákveður með reglugerð³⁾ á hvern hátt hagað skuli eftirliti með innflutningi afurðanna, sýnatöku og rannsóknum.]⁴⁾

¹⁾L. 101/2002, 4. gr. ²⁾L. 167/2007, 56. gr. ³⁾Rg. 509/2004. ⁴⁾L. 87/1995,

[65. gr.]¹⁾

[[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ úthlutar tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IIIA og B við [tollalög, nr. 88/2005],³⁾ á þeim tollum sem tilgreindir eru í [12. gr.]³⁾ í tollalögum.

Úthlutun tollkvóta skal, eftir því sem við getur átt, vera í samræmi við samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem birtur er í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

[...]³⁾ Heimilt er að skipta tollkvótum upp í einingar. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn. Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð. Endurúthluta má tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans. Heimilt er í stað úthlutunar á tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda.

Um viðurlög við misnotkun tollkvóta í því skyni að fá ívilnun í tolli eða sköttum við innflutning á vörum sem ekki falla undir tollkvótann skal fara [skv. XXII. kafla tollalaga].³⁾

Heimilt er að synja þeim um úthlutun tollkvóta sem gerst hefur sekur um misnotkun.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tolltaxtar, viðurlög við misnotkun og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.]⁴⁾

¹⁾L. 101/2002, 4. gr. ²⁾L. 167/2007, 56. gr. ³⁾L. 16/2007, 3. gr. ⁴⁾L. 87/1995, 19. gr.

[[65. gr. A.]¹⁾

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ er heimilt að úthluta tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IVA og B við [tollalög, nr. 88/2005],³⁾ á þeim tollum sem tilgreindir eru í [12. gr.]³⁾ í tollalögum. Getur hann ákveðið hverju sinni hvaða tolltöxtum 3. og 4. mgr. tilvitnaðs ákvæðis er beitt. Úthlutun tollkvóta skal eftir því sem við getur átt fara eftir ákvæðum [65. gr.]¹⁾

Ráðherra getur ákveðið að tollkvóti í viðauka IVB, sem við úthlutun ber lægri toll en kveðið er á um í 2. mgr. [12. gr.]³⁾ tollalaga, komi til frádráttar tollkvóta í viðauka IIIB. Skerðir þá kvótinn ekki úthlutunarheimildir samkvæmt þessari grein. □Við úthlutun tollkvóta hefur ráðherra hliðsjón af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar og hvort innflutningsmagn í tollkvótum IIIA og IIIB hafi náð þeim mörkum sem þar eru sett.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tolltaxtar, viðurlög við misnotkun, sbr. 4. mgr. [65. gr.],¹⁾ og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.]⁴⁾

¹⁾L. 101/2002, 4. gr. ²⁾L. 167/2007, 56. gr. ³⁾L. 16/2007, 4. gr. ⁴⁾L. 87/1995, 20. gr.

[65. gr. B.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ úthlutar tollkvótum sem tilgreindir eru í 4. mgr. 12. gr. tollalaga er varða aðrar skuldbindingar Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og milliríkjasamningum en þær sem greinir í 65. gr. og 65. gr. A enda sé tollur

lagður á vöruna sem magntollur eftir því sem í tollskrá í viðauka I við [tollalög, nr. 88/2005](#), greinir. Úthlutun tollkvóta skal fara eftir ákvæðum 65. gr.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tolltaxtar, viðurlög við misnotkun, sbr. 4. mgr. 65. gr., og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.]²⁾

¹⁾L. 167/2007, 56. gr. ²⁾L. 16/2007, 5. gr.

...

[84. gr.]¹⁾

[[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur úr viðaukum I og II3) með lögum þessum, sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi og sem heimilt er að leggja verðjöfnunargjöld á samkvæmt ákvæðum í fríverslunar- og öðrum milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.]⁴⁾

Verðjöfnunargjöld samkvæmt þessari grein skulu innheimt við tollafgreiðslu og renna í ríkissjóð.

Fjárhæð verðjöfnunargjalds má að hámarki vera mismunur annars vegar á innlendu verði hráefnis sem ákveðið er skv. 1. tölul. og hins vegar erlendu viðmiðunarverði sem ákveðið er skv. 2. tölul.:

1. Innlent verð skal ákveðið í eftirfarandi röð:
 - 1.1. Umsamið innlent viðmiðunarverð í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og bókunum við þá og tekur til hlutaðeigandi innflutnings.
 - 1.2. Samkvæmt IV. kafla laga þessara ef verð er ákveðið og birt í samræmi við þær reglur.
 - 1.3. Í samræmi við reglur 6. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.
2. Erlent viðmiðunarverð skal ákveðið þannig eftir því sem við á um hlutaðeigandi innflutning:
 - 2.1. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt verðjöfnunarákvæðum í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.
 - 2.2. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt bókun 2 við samning milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.
 - 2.3. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar í verðjöfnunarákvæðum í öðrum fríverslunarsamningum en skv. 2.1 og 2.2 sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.
 - 2.4. Viðmiðunarverð sem birt er sem heimsmarkaðsverð einstakra landbúnaðarhráefna af hálfu Evrópusambandsins eða fríverslunarsamtaka, og skal ráðherra ákveða nánar í reglugerð við hvaða verð miðað er á hverri hráefnistegund. Komi í ljós að framleiðendur vöru eigi kost á að kaupa hráefni á lægra verði en birtu viðmiðunarverði samkvæmt framangreindu í að minnsta kosti þrjá mánuði er ráðherra heimilt að ákveða tímabundið að miða við það verð sem sérstaklega ákvarðað viðmiðunarverð. Sé viðmiðunarverð ekki birt með framangreindum hætti skal viðmiðunarverð ákvarðað í samræmi við það verð sem framleiðendur eiga kost á að kaupa hráefni á.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ skal jafnan við ákvörðun verðjöfnunargjalds birta í reglugerð það innlenda og erlenda viðmiðunarverð sem notað er við ákvörðun gjaldsins.

Jafnan skal miða við verð á sama sölustigi nema annað leiði af ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga. Verðjöfnunargjöld má leggja á sem krónutölu á magneiningu eða sem hlutfallslegt gjald.

Ráðherra ákveður álagningu gjalda samkvæmt þessari grein í reglugerð. Álagning verðjöfnunargjalds skal vera í samræmi við þá skilmála sem kveðið er á um í fríverslunar- og milliríkjasamningum og takmarkast hverju sinni af því að verðjöfnunargjald að viðbættum innflutningsgjöldum sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

[...] ⁴⁾

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd verðjöfnunargjalda, refsingar og aðra framkvæmd varðandi verðjöfnunargjöld skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði tollalaga, [nr. 88/2005] ⁵⁾, með síðari breytingum.

Heimild [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra] ²⁾ samkvæmt þessari grein skal koma í stað heimildar fjármálaráðherra skv. [139. gr. tollalaga, nr. 88/2005] ⁵⁾, með síðari breytingum, að því er varðar þær vörur sem grein þessi tekur til.] ⁶⁾

¹⁾L. 101/2002, 4. gr. ²⁾L. 167/2007, 56. gr. ³⁾Um viðauka þessa vísast til Stjtið. A 1994, bls. 74–83. ⁴⁾L. 87/1995, 21. gr. ⁵⁾L. 16/2007, 6. gr. ⁶⁾L. 34/1994, 3. gr.

[[85. gr.]1]

Heimilt er að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni. Ráðherra ákveður með reglugerð þær vörur sem verðjöfnun tekur til og hver endurgreiðslan skuli vera.

... ²⁾ ³⁾

¹⁾L. 101/2002, 4. gr. ²⁾L. 87/1995, 22. gr. ³⁾L. 126/1993, 2. gr.

[85. gr. A.

Til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra vara við útflutning er [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra] ¹⁾ heimilt að greiða verðjöfnun við útflutning fullunninna vara sem innihalda innlend landbúnaðarhráefni. Verðjöfnun skal vera jöfn mismun á innlendu viðmiðunarverði og erlendu viðmiðunarverði hvernar tegundar hráefnis sem notað er við framleiðslu vörunnar. Greiðslur miðast við heimildir fjárlaga hverju sinni.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra] ¹⁾ gefur út reglugerð ²⁾ þar sem tilgreind skulu þau tollskrárnúmer sem heimilt er að greiða verðjöfnun fyrir, þær hráefnistegundir sem heimilt er að verðjafna, viðmiðunarverð innlendra landbúnaðarhráefna, erlend viðmiðunarverð sömu hráefna og nánari skilyrði verðjöfnunar. Í henni skal jafnframt kveðið á um tilhögun greiðslu og heimild ráðherra til að fresta greiðslum sem kunna að vera umfram fjárveitingar Alþingis hverju sinni.

Sækja skal um verðjöfnun til [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis]. ¹⁾ Tollstjórinn í Reykjavík annast greiðslu verðjöfnunar að uppfylltum skilyrðum reglugerðar skv. 2. mgr.] ³⁾

¹⁾L. 167/2007, 56. gr. ²⁾Rg. 535/2003, sbr. 422/2005. ³⁾L. 82/2003, 1. gr.

[[86. gr.] ¹⁾

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra] ²⁾ getur ákveðið að lagður verði á tollur samkvæmt ákvæðum [138. gr.] ³⁾ tollalaga við innflutning á þeim vörum sem vísað er til í 1. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun

Alþjóðaviðskiptastofnunar og merktar eru SSG í viðauka IIA í tollalögum. Ráðherra setur reglugerð þar sem m.a. skal kveðið á um þær vörur sem álagningin tekur til, viðmiðanir um verð og magn skv. a- og b-liðum 1. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.]⁴⁾

¹⁾L. 101/2002, 4. gr. ²⁾L. 167/2007, 56. gr. ³⁾L. 16/2007, 7. gr. ⁴⁾L. 87/1995, 23. gr.

[[87. gr.]¹⁾

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ skipar þriggja manna nefnd sem skal vera til ráðuneytis um ákvæði laga þessara um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar skal tilnefndur af fjármálaráðherra og sá þriðji skal tilnefndur af viðskiptaráðherra. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Nefndin skal vera [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ til ráðuneytis um neðangreind atriði:

- a. Úthlutun tollkvóta skv. [65. gr. og 65. gr. A.]¹⁾
- b. Ákvörðun verðjöfnunargjalda við inn- og útflutning skv. [84. og 85. gr.]¹⁾
- c. Beitingu viðbótartolla skv. [86. gr.]¹⁾

Nefndin skal afla allra upplýsinga um verð á viðkomandi landbúnaðarvörum innan lands og utan, framleiðslumagn, innflutning og útflutning og annað sem nauðsynlegt er vegna starfa hennar og gera tillögur til [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ um þau verkefni sem henni eru falin með lögum þessum.]³⁾

¹⁾L. 101/2002, 4. gr. ²⁾L. 167/2007, 56. gr. ³⁾L. 87/1995, 24. gr.

Úr lögum

nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Tóku gildi 11. apríl 1994. EES-samningurinn: I. viðauki tilskipun 70/524/EBE og 73/103/EBE, II. viðauki tilskipun 76/116/EBE og 77/535/EBE og I. viðauki tilskipun 87/153/EBE. Breytt með l. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996), l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

...

III. Kafli.

Eftirlitssjóður

8. gr.

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd [Matvælastofnunar]¹⁾ skal innheimta eftirlitsgjald sem miða skal við raunkostnað við eftirlit með vörum þeim sem lög þessi ná til. Sérþækt eftirlitsgjald skal greiða eftir reikningi.

Eftirlitsgjald af innfluttum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu vörunnar. Af innlendri framleiðslu skal greiða gjaldið samkvæmt söluskýrslum sem skila ber tvisvar á ári. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ setur með reglugerð²⁾ nánari ákvæði um innheimtu á eftirlitsgjöldum, upphæð þeirra, álagningu, gjalddaga og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Eftirlitsgjöld má taka fjárnámi.

¹⁾L. 167/2007, 67. gr. ²⁾Rg. 340/2001, sbr. 381/2001, 497/2001, 755/2001, 871/2001, 281/2002, 594/2002, 202/2003, 264/2003, 647/2003, 735/2003, 740/2003, 888/2003, 302/2004, 387/2004, 887/2004, 501/2005, 502/2005, 979/2005, 657/2006, 729/2006, 800/2006, 801/2006, 1018/2006, 1068/2006, 41/2007 og 365/2007.

Úr lyfjalögum nr. 93/1994.

Tóku gildi 1. júlí 1994. Breytt með [l. 122/1994](#) (tóku gildi 1. júlí 1994), [l. 131/1994](#) (tóku gildi 23. des. 1994), [l. 55/1995](#) (tóku gildi 9. mars 1995; EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 92/109/EBE), [l. 118/1995](#) (tóku gildi 31. okt. 1995), [l. 153/1996](#) (tóku gildi 1. jan. 1997), [l. 10/1997](#) (tóku gildi 26. mars 1997), [l. 82/1998](#) (tóku gildi 1. okt. 1998), [l. 77/2000](#) (tóku gildi 1. jan. 2001), [l. 108/2000](#) (tóku gildi 6. júní 2000; áskilnaður skv. fyrirmælum í 22. gr. kom þó til framkvæmda skv. fyrirmælum í 33. gr.; EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 65/65/EBE, 75/319/EBE og 89/105/EBE, I og II. viðauki tilskipun 92/25/EBE, II. viðauki tilskipun 92/28/EBE og I. viðauki tilskipun 93/41/EBE), [l. 173/2000](#) (tóku gildi 1. jan. 2001), [l. 16/2001](#) (tóku gildi 16. maí 2001), [l. 63/2002](#) (tóku gildi 17. maí 2002), [l. 76/2002](#) (tóku gildi 17. maí 2002), [l. 93/2002](#) (tóku gildi 31. maí 2002), [l. 164/2002](#) (tóku gildi 1. jan. 2003), [l. 89/2003](#) (tóku gildi 10. apríl 2003), [l. 83/2004](#) (tóku gildi 18. júní 2004), [l. 58/2005](#) (tóku gildi 30. maí 2005; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 12. gr.; EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 2002/98/EB, 2004/27/EB, 2004/28/EB og 2004/33/EB), [l. 76/2005](#) (tóku gildi 1. jan. 2006), [l. 40/2007](#) (tóku gildi 1. sept. 2007), [l. 57/2007](#) (tóku gildi 3. apríl 2007), [l. 167/2007](#) (tóku gildi 1. jan. 2008), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), [l. 97/2008](#) (tóku gildi 1. okt. 2008 nema ákvæði 10. gr., hvað varðar smásöluaðila, sem taka gildi 1. jan. 2012), [l. 112/2008](#) (tóku gildi 1. okt. 2008 nema 12. tölul. 59. gr. sem tók gildi 25. sept. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. mgr. 56. gr.), [l. 120/2008](#) (tóku gildi 1. okt. 2008), [l. 146/2008](#) (tóku gildi 20. des. 2008), [l. 28/2009](#) (tóku gildi 2. apríl 2009), [l. 132/2009](#) (tóku gildi 30. des. 2009) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. kafli.

Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja landsmönnum nægilegt framboð af nauðsynlegum lyfjum með sem hagkvæmastri dreifingu þeirra á grundvelli eðlilegrar samkeppni og í samræmi við þær reglur sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði [eða samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu].¹⁾ Við verslun með lyf skal það ætíð haft til hliðsjónar að lyfjadreifing er hluti heilbrigðisþjónustu og starfsmenn við dreifinguna skulu vinna með öðrum aðilum í heilbrigðisþjónustu að opinberum heilbrigðismarkmiðum hverju sinni. Það er jafnframt markmið með lögum þessum að tryggja eftir föngum gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, auka fræðslu um lyfjanotkun, sporna við óhóflegri notkun og halda lyfjakostnaði í lágmarki.

[Velferðarráðherra]⁶⁾ hefur umsjón með framkvæmd laga þessara. Í [ráðuneytinu]¹⁾ starfar lyfjamálastjóri sem annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Hann skal vera lyfjafræðingur að mennt og má ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja. Lyfjamálastjóri, [Umhverfisstofnun],²⁾

landlæknir, [Lyfjastofnun],³⁾ [lyfjagreiðslunefnd]⁴⁾ og [Matvælastofnun]⁵⁾ eru ráðherra til ráðuneytis við framkvæmd laganna.

¹⁾L. 76/2002, 24. gr. ²⁾L. 164/2002, 18. gr. ³⁾L. 108/2000, 1. gr. ⁴⁾L. 83/2004, 1. gr. ⁵⁾L. 167/2007, 74. gr., ⁶⁾1. 162/2010, 64. gr.

2. gr.

[Lyfjastofnun er undir yfirstjórn [ráðherra]²⁾.

Ráðherra skipar forstjóra Lyfjastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólapróf og þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, gætir þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

Hvorki forstjóri né aðrir starfsmenn stofnunarinnar mega eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja.

Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum stofnunarinnar.]¹⁾

¹⁾L. 108/2000, 2. gr., ²⁾1. 162/2010, 64. gr

3. gr.

[Hlutverk Lyfjastofnunar er sem hér segir:

1. Að meta lyf og aðrar vörur sem undir þessi lög heyra í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu [og samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu].¹⁾
2. Að annast útgáfu, breytingu, niðurfellingu og afturköllun markaðsleyfa lyfja (marketing authorization) í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Að afgreiða umsóknir um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli lyf sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi.
4. Að annast útgáfu leyfa til rannsókna með lyf (klínískar lyfjaprófanir og rannsóknir á aðgengi lyfja) [og hafa eftirlit með framkvæmd slíkra rannsókna].²⁾
5. Að annast skráningu aukaverkana lyfja og upplýsingagjöf um lyf í samvinnu við landlækni.
6. Að annast faglegt eftirlit með innflutningi lyfja, lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar eða annarrar vöru sem undir stofnunina heyrir.
7. Að annast faglegt eftirlit með starfsemi lyfjabúða, lyfjaheildverslana og lyfjagerða og eftirlit með handhöfum markaðsleyfa lyfja og umboðsmönnum þeirra og annarra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga er selja, framleiða, flytja inn eða búa um lyf og skyldar vörur. Ráðherra getur með reglugerð falið Lyfjastofnun eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða öðrum vörum en lyfjum og skyldum vörum ef sérstakar ástæður mæla með því og slíkt tengist hlutverki hennar samkvæmt lögum þessum.
8. Að hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum og sjá til þess að kynning og dreifing lyfja sé í samræmi við gildandi lög og reglur.
- [9 Að hafa sértækt eftirlit með ávana- og fíknilyfjum er lýtur að afgreiðslu, gerð og áritun lyfseðla og afhendingu ávana- og fíknilyfja úr lyfjabúð. Í reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni skal kveðið nánar á um framkvæmd eftirlitsins.]³⁾
- [10. Að hafa eftirlit með starfsemi blóðbanka hvað varðar m.a. meðferð, geymslu og meðhöndlun blóðs og blóðafurða. [Um eftirlit landlæknis með starfsemi blóðbanka fer

skv. VI. kafla laga um heilbrigðisþjónustu og lögum um landlækni.]⁴⁾ Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfsemi blóðbanka, skráningu aukaverkana, framkvæmd eftirlits o.fl. í reglugerð.⁵⁾]²⁾

[11. Umfjöllun um umsóknir og útgáfa lyfsöluleyfa skv. VII. kafla, innflutnings- og heilðsöluleyfa skv. XII. kafla og framleiðsluleyfa skv. XIII. kafla.]⁶⁾

[12.]⁶⁾ Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara, þ.m.t. samvinna við erlendar stofnanir á sviði lyfjamála, [svo sem Lyfjamálastofnun Evrópu (EMA)].²⁾

Í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins [og samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu]¹⁾ skulu framleiðendur lyfja eða umboðsmenn þeirra veita Lyfjastofnun jafnóðum allar nýjar upplýsingar er varða lyf sem eru til umfjöllunar hjá stofnuninni. Hið sama á við um lyf sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir.

Umsækjandi um markaðsleyfi skal greiða Lyfjastofnun gjald vegna markaðsleyfis sem skal standa undir kostnaði við mat skv. 1. tölul. 1. mgr. og kostnaði skv. 2. tölul. 1. mgr. ef um er að ræða breytingar á markaðsleyfi. Einnig skal gjaldið standa undir kostnaði við útgáfu markaðsleyfis.

Handhafi markaðsleyfis skal árlega greiða Lyfjastofnun gjald sem standa skal undir kostnaði við viðhald lyfjaskráa, skráningu aukaverkana lyfja og upplýsingagjöf um lyf sem hafa markaðsleyfi hér á landi, svo og kostnaði sem hlýst af nauðsynlegri samvinnu við erlendar stofnanir vegna lyfja sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir hér á landi.

[Umsækjandi um faglegt mat á skaðlegum eiginleikum (skaðleysi) fæðubótarefna og náttúruvöru skv. 1. mgr. vegna fyrirhugaðrar dreifingar hennar og endursölu skal greiða Lyfjastofnun gjald er standa skal undir kostnaði við matið.]³⁾

[Lyfjafyrirtæki skulu greiða Lyfjastofnun gjald fyrir útgáfu vottorða um markaðsleyfi lyfs vegna lyfja sem þau hyggjast sækja um markaðsleyfi fyrir í öðrum löndum (Certificate of a Pharmaceutical Product), auk vottorða um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Certificate of Authorisation for Manufacturers of Medicinal Product) og vottorða um að lyf sé hér á markaði (Statement of Licensing Status of Pharmaceutical Products). Gjöldin skulu taka mið af vinnu sérfræðings við útgáfu þeirra.

Lyfjastofnun er heimilt að innheimta sérstök gjöld vegna sérfræðiráðgjafar um markaðsleyfi lyfs (Scientific Advice) sem lyfjafyrirtæki sækja.]²⁾

[Greiða skal Lyfjastofnun gjald fyrir veitingu undanþágu skv. 7. mgr. 7. gr. vegna lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, fyrir veitingu leyfa til að framkvæma klínískar lyfjaprófanir skv. 9. gr. og fyrir mat á stöðluðum forskriftum skv. 5. gr.]⁷⁾

Ráðherra setur að fengnum tillögum Lyfjastofnunar gjaldskrá⁸⁾ vegna starfsemi þeirrar sem kveðið er á um í [3.–8. mgr.]²⁾ Skal hún taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Gjaldskráin skal byggð á rekstraráætlun stofnunarinnar þar sem þau atriði eru rökstudd er ákvörðun gjalds byggist á.

Lyfjastofnun leggur árlegt eftirlitsgjald á eftirlitsskylda aðila er stofnunin hefur reglubundið eftirlit með og skal það standa undir kostnaði við eftirlit stofnunarinnar. Eftirlitsskyldir aðilar eru eftirtaldir:

1. lyfsöluleyfishafar,
2. lyfjasölur lækna,
3. lyfjasölur sveitarfélaga,
4. lyfjagerðir, [þ.m.t. starfsemi blóðbanka],²⁾
5. lyfjaheildsalar,
6. lyfjaumboðsfyrirtæki,
7. dýralæknar,
8. heilbrigðisstofnanir, sjúkrahús og heilsugæslustöðvar,

9. læknaþöðvar.

Eftirlitsgjald skal ákvarðað á eftirfarandi hátt:

1. Vegna starfsemi lyfsöluleyfishafa, lyfjasölu lækna og lyfjasölu sveitarfélaga 0,3% af heildarfjárhæð greiðslu [sjúkratryggingastofnunarinnar]⁹⁾ til þessara aðila vegna lyfjasölu árið á undan álagningarári en af heildarfjárhæð lyfjainnkaupa (heildsöluverð án virðisaukaskatts) þessara aðila ef sú fjárhæð er hærri en sem nemur greiðslu [sjúkratryggingastofnunarinnar].⁹⁾ Fjárhæð eftirlitsgjaldsins skal þó aldrei vera lægri en 75.000 kr. á ári.
2. Vegna starfsemi lyfjagerða, [þ.m.t. starfsemi blóðbanka],²⁾ lyfjaheildsala og lyfjaumboðsfyrirtækja 0,3% af heildarsölu lyfja [hér á landi]²⁾ (heildsöluverð án virðisaukaskatts) árið á undan álagningarári. Fjárhæð eftirlitsgjaldsins skal þó aldrei vera lægri en 35.000 kr. á ári.
3. Vegna starfsemi dýralækna, heilbrigðisstofnana, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknaþöðva 0,3% af heildarfjárhæð lyfjainnkaupa (heildsöluverð án virðisaukaskatts) árið á undan álagningarári. Fjárhæð eftirlitsgjaldsins skal þó aldrei vera lægri en 7.500 kr. á ári.

Fjárhæðir skv. [1.–3. tölul. [11. mgr.]²⁾]³⁾ eru á janúarverðlagi 1999. Fjárhæð lágmarkslyfjaeftirlitsgjalds skal taka breytingum einu sinni á ári, 15. janúar ár hvert, og miðast við að 70% fylgi launavísitölu og 30% fylgi vísitölu neysluverðs.

[Sjúkratryggingastofnuninni]⁹⁾ og eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita Lyfjastofnun nauðsynlegar upplýsingar til álagningar lyfjaeftirlitsgjalda.

Veiti eftirlitsskyldir aðilar ekki nauðsynlegar upplýsingar er Lyfjastofnun heimilt að áætla lyfjaeftirlitsgjald. Skal áætla gjaldstofn svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákvarða lyfjaeftirlitsgjald í samræmi við þá áætlun. Heimilt er að endurákvarða álagningu ef álagningarstofn breytist.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd innheimtu eftirlitsgjalds.

Lyfjaeftirlitsgjald skal lagt á árlega eftir á. Gjaldalagi skal vera 30 dögum eftir dagsetningu reiknings og skulu dráttarvextir reiknast frá gjalddaga.

Lyfjastofnun innheimtir gjöld samkvæmt þessari grein. Gjöldin eru aðfararhæf.]¹⁰⁾

¹⁾L. 76/2002, 25. gr. ²⁾L. 58/2005, 1. gr. ³⁾L. 89/2003, 1. gr. ⁴⁾L. 40/2007, 39. gr. ⁵⁾Rg. 441/2006, sbr. 1024/2007. ⁶⁾L. 97/2008, 1. gr. ⁷⁾L. 83/2004, 2. gr. ⁸⁾Gjaldskrá 203/2004. ⁹⁾L. 112/2008, 62. gr. ¹⁰⁾L. 108/2000, 3. gr.

4. gr.

[Lyfjanefnd Lyfjastofnunar er ráðgjafarnefnd stofnunarinnar um lyfjamál.

Nefndin skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann. Þegar fjallað er um dýralyf skulu taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Forstjóri Lyfjastofnunar getur kallað til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera stofnuninni til ráðgjafar þegar þurfa þykir.]¹⁾

¹⁾L. 108/2000, 4. gr.

II. kafli.

[Skilgreiningar.]¹⁾¹⁾L. 58/2005, 3. gr.

5. gr.

[Í lögum þessum merkir:

1. Sérlyf: Öll lyf, tilbúin, eða sem næst tilbúin, sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir, undir sérstöku heiti og í sérstökum umbúðum framleiðanda (markaðsleyfishafa).
2. [Lyf: Hvers konar efni eða efnasamsetningar sem sögð eru búa yfir eiginleikum sem koma að gagni við meðferð sjúkdóma hjá mönnum eða dýrum eða við forvarnir gegn sjúkdómum eða hvers konar efni eða efnasamsetningar sem nota má fyrir menn eða dýr eða gefa þeim, annaðhvort í því skyni að endurheimta, lagfæra eða breyta lífeðlisfræðilegri starfsemi fyrir tilstilli líflyfjafræðilegrar eða ónæmisfræðilegrar verkunar eða verkunar á efnaskipti eða til þess að staðfesta sjúkdómsgreiningu.]¹⁾
3. Efni: Hvers konar efni, óháð uppruna, úr:
 - mönnum, t.d. blóð og efni unnin úr blóði,
 - dýrum, t.d. örverur, dýr, líffærahlutar, seyti, eiturefni, seyði, efni unnin úr blóði o.fl.,
 - jurtum, t.d. örverur, plöntur, plöntuhlutar, seyti, seyði, o.fl.,
 - öðrum efnum, t.d. frumefni, efni úr náttúrunni og efni sem mynduð eru með efnabreytingum eða samtengingu.
4. Forskriftarlyf lækna (magistral formula): Öll lyf sem framleidd eru í lyfjabúð samkvæmt forskrift læknis á lyfseðli fyrir einstaka sjúklinga.
5. [Stöðluð forskriftarlyf (officinal formula): Öll lyf sem framleidd eru í lyfjabúð eða lyfjagerð, samkvæmt forskrift er Lyfjastofnun staðfestir, og afgreidd eru í lyfjabúðum. Lyfjagerð er framleiðslustaður lyfja þar sem lyf eru framleidd í samræmi við góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Good Manufacturing Practice) og sem hefur fengið framleiðsluleyfi samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga þessara.]²⁾
Leiki vafi á því hvort einstök efni eða efnasambönd teljist lyf sker Lyfjastofnun úr. [Ef vafi leikur á því hvort vara geti, að teknu tilliti til allra eiginleika hennar, fallið undir skilgreiningu á lyfi og skilgreiningu á vöru sem heyrir undir aðra löggjöf gilda ákvæði þessara laga.]¹⁾

Ráðherra setur reglugerð um nánari skilgreiningu á lyfjum og lyfjahugtakinu í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins [og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu].³⁾

[Ráðherra setur reglugerð þar sem kveðið skal á um hvenær efni, sem geta verið upprunnin úr náttúrunni, teljast lyf. Í henni skal m.a. kveðið á um í hvaða dagskömmtum vítamín og/eða steinefni, blönduð efnum upprunnum úr náttúrunni og ætluð mönnum eða dýrum, teljist lyf.]²⁾

[...⁴⁾⁵⁾

¹⁾L. 58/2005, 2. gr. ²⁾L. 83/2004, 3. gr. ³⁾L. 76/2002, 26. gr. ⁴⁾L. 16/2001, 15. gr. ⁵⁾L. 108/2000, 5. gr.

III. kafli.

Lyfjaskrár.

6. gr.

Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph.Eur.) ásamt viðaukum. Ensk útgáfa lyfjaskrárinnar gildir hér á landi.

Um aðrar kröfur til lyfjaforma, gæða og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum, fer samkvæmt auglýsingum um gildi norræna og annarra evrópskra staðallýsinga hér á landi.

Ísland er aðili að Pharmaceutical Inspection Convention (PIC). Leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð, GMP-reglur, sbr. tilskipanir framkvæmdastjórnar EB [og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu],¹⁾ svo og aðrar leiðbeiningar sem settar eru af þessum aðilum, skulu gilda hér á landi.

¹⁾L. 76/2002, 27. gr.

IV. kafli.

[Markaðsleyfi lyfja. Mat á lyfjum. Klínískar lyfjaprófanir.]¹⁾

¹⁾L. 108/2000, 10. gr.

7. gr.

[Fullgerð lyf (lyf, tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að flytja til landsins, selja eða afhenda að fengnu markaðsleyfi Lyfjastofnunar.

Umsókn um markaðsleyfi ásamt nauðsynlegum fylgigögnum skal senda Lyfjastofnun. [Gildistími markaðsleyfa er fimm ár með þeim undantekningum sem fram koma í þessari málsgrein. Heimilt er að endurnýja markaðsleyfi lyfs að þeim tíma liðnum á grundvelli endurmats Lyfjastofnunar á sambandi áhættu og ávinnings (risk-benefit balance). Áður en að endurmati kemur skal markaðsleyfishafi, í það minnsta sex mánuðum áður en markaðsleyfi fellur úr gildi, hafa lagt fyrir Lyfjastofnun fullnægjandi og uppfærð gögn um gæði, öryggi og verkun lyfja. Þegar markaðsleyfi lyfs hefur verið endurnýjað í eitt skipti skal það gilda ótímabundið nema Lyfjastofnun ákveði með gildum rökum vegna lyfjagátar að það skuli einungis endurnýjað til fimm ára. Markaðsleyfi fellur úr gildi ef lyf sem markaðsleyfi hefur verið veitt fyrir hefur í reynd ekki verið sett á markað innan þriggja ára frá veitingu leyfisins eða lyf sem leyfi hefur verið veitt fyrir og sett á markað hefur í reynd ekki verið á markaði samfleytt í þrjú ár. Lyfjastofnun er heimilt að veita undanþágur frá þessu ákvæði við sérstakar aðstæður og af ástæðum er varða lýðheilsu. Slíkar undanþágur skulu studdar viðeigandi rökum.]¹⁾

Lyfjastofnun er heimilt að nota markaðsleyfi útgefið af öðru aðildarríki EES-samningsins sem grundvöll viðurkenningar lyfs sem sótt er um markaðsleyfi fyrir.

Lyfjastofnun er heimilt að viðurkenna umsókn markaðsleyfishafa um meiri háttar eða minni háttar breytingu á skilmálum markaðsleyfis.

Lyfjastofnun er heimilt að afturkalla [ógilda, fella niður tímabundið eða breyta]¹⁾ markaðsleyfi ef:

- í ljós kemur að lyf sem er á markaði hér á landi uppfyllir ekki gildandi lög og reglur um lyf eða kröfur til þess að hljóta markaðsleyfi,
- lyfið telst ekki lengur uppfylla kröfur um gæði, öryggi og verkun,
- upplýsingar er veittar hafa verið í tengslum við umsókn eru rangar,
- ekki er framkvæmt gæðaeftirlit í samræmi við kröfur gildandi gæðalýsingar eins og reglur segja til um,
- skyldum til að gera nauðsynlegar breytingar í framleiðslu eða eftirliti eða á samantekt á eiginleikum lyfs er ekki fullnægt,

- f. tími þar til afurðanýting dýra má hefjast að nýju eftir lyfjagjöf er ekki lengur talinn nægilega langur svo að tryggja megi að í afurðum dýra séu ekki lyfjaleifar skaðlegar neytendum,
- g. nýtt umboð er ekki tilkynnt innan tilsettra tímamarka, enda hafi aðilar fengið aðvörum um að slíkt rof á tímamörkum hafi í för með sér afturköllun markaðsleyfis.

Reglur um afturköllun markaðsleyfa eiga einnig við um sérstök markaðsleyfi eftir því sem við á.

Handhafi markaðsleyfis getur óskað eftir því við Lyfjastofnun að hún felli niður markaðsleyfi hans.

Lyfjastofnun getur veitt lækni á hans ábyrgð undanþágu frá 1. mgr. vegna lyfja er ekki hafa markaðsleyfi á Íslandi ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Við slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau.

Lyfjastofnun er heimilt að synja umsókn um markaðsleyfi [eða markaðssetningu]¹⁾ bóluæfnis, sermis eða ónæmisvaka sem ætlað er dýrum (immunological veterinary medical product) ef skráning þess fer í bága við lög eða nota á það til varnar gegn sjúkdómi sem óþekktur er í dýrum hér á landi.

Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ setja ákvæði um veitingu markaðsleyfa fyrir sérlyf, [samhliða innflutt lyf],²⁾ smáskammtalyf og náttúrulyf, vítamín og steinefni. Einnig skal kveða á um meðferð umsókna, [viðurkenningu miðlægra markaðsleyfa Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA), viðurkenningu á grundvelli markaðsleyfis frá öðru aðildarríki EES-samningsins, breytingu á skilmálum markaðsleyfis, afturköllun og niðurfellingu markaðsleyfis og undanþágur vegna lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi.]³⁾

¹⁾L. 58/2005, 4. gr. ²⁾Rg. 462/2000, sbr. 766/2001, 443/2005, 581/2006 og 1251/2008. ³⁾L. 83/2004, 4. gr. ⁴⁾L. 108/2000, 6. gr.

8. gr.

Heimilt er að binda [veitingu markaðsleyfis lyfs]¹⁾ við notkun eingöngu á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

[Lyfjastofnun er heimilt, á grundvelli markaðsleyfis í öðru aðildarríki EES-samningsins og að uppfylltum skilyrðum þessara laga um veitingu markaðsleyfis, að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf sem er afskráð eða ekki sótt um markaðsleyfi fyrir telji Lyfjastofnun réttlætanlegt á grundvelli sjónarmiða um almannahæilbrigði eða almannahagsmuni að hafa viðkomandi lyf á markaði. [Hyggist Lyfjastofnun beita þessari heimild skal hún tilkynna markaðsleyfishafa í því landi þar sem lyfið er skráð um fyrirætlan sína og jafnframt óska eftir afriti af matsskýrslu og gildu markaðsleyfi lyfsins frá yfirvöldum í því landi. Ráðherra skal kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.²⁾]³⁾]⁴⁾

[Lyfjastofnun getur heimilað tímabundna dreifingu lyfs, sem ekki hefur hlotið markaðsleyfi, enda sé það ætlað til varna vegna sýkla, eiturefna, efnafræðilegra áhrifavalda eða kjarnageislunar sem grunur leikur á eða staðfest hefur verið að hafi eða gæti breiðst út.

Lyfjastofnun getur veitt dýralækni, að fenginni rökstuddri umsókn og á hans ábyrgð, heimild til notkunar lyfs, með eða án markaðsleyfis hér á landi, utan skráðra ábendinga eða fyrir aðra dýrategund en lyfið er ætlað. Nánar skal kveðið á um slík tilvik í reglugerð um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.]³⁾

¹⁾L. 108/2000, 7. gr. ²⁾Rg. 462/2000, sbr. 1251/2008. ³⁾L. 58/2005, 5. gr. ⁴⁾L. 83/2004, 5. gr.

9. gr.

[Klínísk lyfjaprófun er kerfisbundin prófun á lyfi í þeim tilgangi að finna eða staðfesta áhrif þess og/eða finna aukaverkanir lyfsins og/eða rannsaka frásog, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfsins í þeim tilgangi að kanna öryggi og virkni þess.

Ráðherra skal setja reglugerð¹⁾ með nánari ákvæðum um skilgreiningu klínískra lyfjaprófana, veitingu leyfa til þeirra og eftirlit með þeim og framkvæmd þeirra í samræmi við reglur um góða starfshætti í klínískum prófunum (GCP; Good Clinical Practice), Helsinkisáttmálann, siðareglur og lög um réttindi sjúklinga.]²⁾

¹⁾Rg. 443/2004, sbr. 907/2004. ²⁾L. 108/2000, 8. gr.

10. gr.

[Lyfjastofnun hefur umsjón með útgáfu sérlyfjaskrár er greinir sérlyf sem hafa markaðsleyfi á Íslandi eftir lyfjaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum, helstu aukaverkunum og hámarksverði lyfja, sbr. [43. gr.]¹⁾²⁾

¹⁾L. 89/2003, 4. gr. ²⁾L. 108/2000, 9. gr.

...

[XII. kafli.]1)

[Innflutningur og heildsala lyfja. Samhliða innflutt lyf.]²⁾

¹⁾L. 89/2003, 3. gr. ²⁾L. 83/2004, 8. gr.

[32. gr.]¹⁾

Leyfi til innflutnings fullgerðra lyfja og lyfjaefna til dreifingar í heildsölu hafa þeir einir sem til þess hafa hlotið leyfi [Lyfjastofnunar]²⁾.

Fyrir lyfjaheildsöluleyfi skal greitt gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

¹⁾L. 89/2003, 3. gr. ²⁾L. 97/2008, 7. gr.

[33. gr.]¹⁾

[Til að fá lyfjaheildsöluleyfi hér á landi verður lyfjaheildsala að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi og ekki er handhafi lyfsöluleyfis eða annar sá sem að mati Lyfjastofnunar uppfyllir eigi minni menntunarkröfur. Hann skal bera faglega ábyrgð á lyfjaheildsölunni.
2. Hún sé þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði, að mati Lyfjastofnunar, að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem að meðferð lyfja lýtur eða brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara skal veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun getur [Lyfjastofnun]²⁾ svipt hann leyfinu. Sé um alvarlegt brot að ræða getur [Lyfjastofnun]²⁾ svipt hann leyfi án undanfarandi aðvörunar og frests til úrbóta.

Skylt er lyfjaheildsölu að eiga nægar birgðir, að mati heilbrigðisyfirvalda, af tilteknum nauðsynlegum lyfjum (Essential Drug List) sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir hér á landi og lyfjaheildsalan annast dreifingu á.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjaumbúðir eða breyta útliti þeirra nema þær hafi einnig leyfi til framleiðslu lyfja. Breytingar sem gerðar eru á umbúðum lyfs verða að vera í samræmi við skilyrði markaðsleyfis þess. Lyfjastofnun getur með samþykki markaðsleyfishafa veitt heimild til annarra breytinga á umbúðum lyfs ef sérstakar ástæður mæla með því.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, [öðrum lyfjaheildsölum],³⁾ [þeim sem hafa fengið leyfi til vélskömmunar lyfja],⁴⁾ stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum og tannlæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravítjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir reksturskostnað.

Lyfjaheildsölum er jafnframt heimilt að selja dýralæknum dýralyf til notkunar á eigin stofum eða í vítjunum og til sölu frá starfsstofu sinni. Ráðherra skal, í samræði við [Matvælastofnun],⁵⁾ setja reglugerð þar sem kveðið er á um leyfi til dýralyfjasölu, hvaða lyf dýralæknar mega selja og hvaða lyf þeir mega eingöngu sjálfir gefa dýrum. Jafnframt skal þar kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja lyfjum sem gefin eru dýrum séu afurðir þeirra ætlaðar til mannelis og hvaða skýrslur ber að halda um sölu dýralyfja, sbr. 24. gr.

[[Lyfjaheildsölum er heimill samhliða innflutningur lyfs að fengnu leyfi Lyfjastofnunar.]⁶⁾ [Allan fyrirhugaðan samhliða innflutning lyfs skal tilkynna markaðseyfishafa lyfsins og Lyfjastofnun. Nánar skal kveðið á um skilyrði samhliða innflutnings og málsmeðferð Lyfjastofnunar í reglugerð um samhliða innflutt lyf, sbr. 9. mgr. 7. gr.]⁶⁾ Með samhliða innfluttu lyfi er átt við sérlyf sem hefur markaðsleyfi í öðru landi, sem er aðili að EES-samningnum, og er flutt þaðan til Íslands, en viðkomandi lyf er þegar skráð og hefur markaðsleyfi hér á landi.]³⁾

Lyfjaheildsölum er skylt að tölvuskra söluupplýsingar á formi sem samþykkt er af Lyfjastofnun og jafnframt veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.]⁷⁾

¹⁾L. 89/2003, 3. gr. ²⁾L. 97/2008, 7. gr. ³⁾L. 83/2004, 7. gr. ⁴⁾L. 63/2002, 4. gr. ⁵⁾L. 167/2007, 74. gr. ⁶⁾L. 58/2005, 6. gr. ⁷⁾L. 108/2000, 24. gr.

1) L. 89/2003, 3. gr. 2) L. 97/2008, 7. gr. 3) L. 83/2004, 7. gr. 4) L. 63/2002, 4. gr. 5) L. 167/2007, 74. gr. 6) L. 58/2005, 6. gr. 7) L. 108/2000, 24. gr.

[XIII. kafli.]¹⁾

Framleiðsla lyfja.

¹⁾L. 89/2003, 3. gr.

[34. gr.]¹⁾

Leyfi til framleiðslu lyfja hafa þeir aðilar einir sem til þess hafa hlotið leyfi [Lyfjastofnunar].²⁾ [Með framleiðslu er átt við allar aðgerðir við innkaup á efnum og vöru, svo og vinnsluferli, svo sem vigtun, blöndun, áfyllingu, pökkun, merkingu, gæðaeftirlit, samþykki og geymslu, ásamt viðeigandi eftirliti. [Lyfjastofnun]²⁾ er heimilt að gefa út tímabundið framleiðsluleyfi og takmarkað framleiðsluleyfi til tiltekinnar tegundar framleiðslu, t.d. vélskömmunar lyfja. Nánar skal kveðið á um skilyrði slíks leyfis í reglugerð um framleiðslu lyfja.]³⁾

Fyrir lyfjaframleiðsluleyfi skal greitt gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

¹⁾L. 89/2003, 3. gr. ²⁾L. 97/2008, 7. gr. ³⁾L. 58/2005, 7. gr.

1) L. 89/2003, 3. gr. 2) L. 58/2005, 7. gr. 3) L. 97/2008, 7. gr.

[35. gr.]¹⁾

Til að fá lyfjaframleiðsluleyfi verður fyrirtæki að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. að því veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi [og ekki er handhafi lyfsöluleyfis]²⁾ eða annar sá sem uppfyllir eigi minni menntunarkröfur; [hann skal bera faglega ábyrgð á framleiðslunni],²⁾
2. að vera þannig búíð húsnæði, tækjum og starfsliði að dómi [Lyfjastofnunar]²⁾ að það fullnægi kröfum um framleiðslu, geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem lýtur að meðferð lyfja eða brjóti á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga má svipta hann leyfinu. Lyfjaframleiðendum er skylt að veita [Lyfjastofnun]²⁾ upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

¹⁾L. 89/2003, 3. gr. ²⁾L. 108/2000, 25. gr.

[36. gr.]¹⁾

Lyfjabúðir skulu framleiða forskriftarlyf lækna eða útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimilt er að framleiða stöðluð forskriftarlyf í lyfjabúðum [og lyfjagerðum]²⁾ ef settum skilyrðum er fullnægt. Heimilt er að takmarka framleiðsluleyfi þeirra við tiltekin lyfjaform.

¹⁾L. 89/2003, 3. gr. ²⁾L. 83/2004, 9. gr.

...

[XVI. kafli.]¹⁾

Eftirlit, málarekstur og refsing.

¹⁾L. 89/2003, 3. gr.

[47. gr.]¹⁾

[Eftirlit samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjastofnunar. [Til að knýja á um úrbætur og framkvæmd ráðstöfunar eða vegna brota á lögum þessum getur Lyfjastofnun beitt eftirfarandi aðgerðum]:²⁾

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
- [3. ákveðið dagsektir],³⁾
- [4.]³⁾ stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun, m.a. lagt hald á vörur og fyrirskipað förgun þeirra.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að Lyfjastofnun telji svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið eða brot eru ítrekuð og aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slík brot að ræða getur Lyfjastofnun lagt til við ráðherra að leyfi viðkomandi reksturs verði afturkallað.

Þar sem innsigli er notað við stöðvun starfsemi skal nota sérstök innsigli með auðkenni Lyfjastofnunar.]⁴⁾

[Ef fyrirmælum Lyfjastofnunar er ekki sinnt innan tiltekins frests getur stofnunin ákveðið dagsektir sem lagðar skulu á eftirlitsskylda aðila samkvæmt lögum þessum. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Skal upphæð þeirra fara eftir eðli brots og fjárhagslegum styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. [Ráðherra]⁵⁾ setur nánari reglur um ákvörðun dagsekta í reglugerð.

Ef ákvörðun um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.]³⁾

¹⁾L. 83/2004, 13. gr. ²⁾L. 58/2005, 8. gr. ³⁾L. 63/2002, 5. gr. ⁴⁾L. 108/2000, 30. gr. ⁵⁾L. 162/2010, 64. gr

[48. gr.]¹⁾

[...] ²⁾

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið [...] ³⁾ fangelsi allt að tveimur árum. [Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.]⁴⁾

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Lyf og lyfjaefni, sem eru framleidd, flutt inn eða seld ólöglega hér á landi skulu gerð upptæk með dómi og enn fremur ágóði af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.]⁵⁾

¹⁾L. 83/2004, 13. gr. ²⁾L. 88/2008, 234. gr. ³⁾L. 82/1998, 215. gr. ⁴⁾L. 10/1997, 13. gr. ⁵⁾L. 55/1995, 2. gr.

[XVII. kafli.]1) Niðurlagsákvæði.

¹⁾L. 89/2003, 3. gr.

[49. gr.]¹⁾

[Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir ²⁾ um framkvæmd laga þessara, t.d. um skömmtun í lyfjaöskjur og um takmörkun og eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu tiltekinnna efna sem hægt er að nota við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum.

Heimilt er að birta sem reglugerðir ³⁾ reglur Evrópusambandsins um Lyfjamálastofnun Evrópu.

[Heimilt er að birta sem reglugerðir ⁴⁾ reglur Evrópusambandsins um lyfjamál með aðlögun vegna EES-samningsins og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.]⁵⁾

Ákvarðanir Lyfjastofnunar má kæra til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.]⁶⁾

¹⁾L. 83/2004, 13. gr. ²⁾Rg. 421/1988, með síðari breytingum, sbr. 539/2000, 91/2001, 105/2001, 111/2001 og 233/2001 (um gerð lyfseðla og ávísun lyfja o.fl.). Rg. 633/1994 (um gildistöku EES-gerða um lyf). Rg. 328/1995, sbr. 95/2001 (um lyfjaauglýsingar). Rg. 582/1995, sbr. 584/1995 og 622/1995 (um markaðsleyfi samhliða lyfja). Rg. 594/1995 (um litarefni í lyfjum). Rg. 650/1996 (um leyfisgjöld vegna lyfja). Rg. 699/1996 (um innflutning og heilðsöludreifingu lyfja), sbr. 484/2001 og 846/2002. Rg. 426/1997 (um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir). Rg. 684/1997 (um markaðsleyfi náttúrulyfja). Rg. 212/1998 (um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota), sbr. 230/2001. Rg. 421/1998 (um vistun lyfjafræði- og lyfjatæknistúdenta til verklegs náms). Rg. 462/2000 (um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla), sbr. 766/2001, 443/2005, 581/2006 og 1251/2008. Rg. 539/2000 (um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum), sbr. 912/2000, 14/2008 og 1069/2008. Rg. 967/2000 (um innflutning, sölu og dreifingu smáskammtalyfja). Rg. 91/2001 (um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja), sbr.

844/2002, 801/2007, 894/2008 og 219/2009. Rg. 111/2001 (um gerð lyfseðla og ávísun lyfja), sbr. 485/2001, 843/2002, 382/2006, 802/2007 og 893/2008. Rg. 850/2002 (um skömmtun lyfja). Rg. 241/2004 (um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum). Rg. 443/2004 (um klínískar lyfjarannsóknir á mönnum), sbr. 907/2004. Rg. 893/2004 (um framleiðslu lyfja). Augl. 902/2004 (um gildistöku alþjóðasamþykta á sviði lyfjamála). Rg. 213/2005 (um lyfjagreiðslunefnd), sbr. 892/2008. Rg. 441/2006 (um söfnun, meðferð, varðveislu og dreifingu blóðs), sbr. 1024/2007. Rg. 1077/2006 (um ávísanir tannlækna á lyf). Rg. 1065/2008 (um póstverslun með lyf). Rg. 1188/2008 (um gæði og öryggi við meðhöndlun frumna og vefja úr mönnum). ³⁾Rg. 181/2001. ⁴⁾Rg. 652/2001, rg. 402/2002, rg. 834/2004, rg. 386/2006, rg. 346/2007, rg. 950/2008. ⁵⁾L. 76/2002, 28. gr. ⁶⁾L. 108/2000, 31. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða

...
[5. Markaðsleyfi lyfja sem gefin hafa verið út eða endurnýjuð fyrir 30. október 2005 skal endurnýja einu sinni til fimm ára í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laganna.]¹⁾

Lyfsöluleyfi, innflutnings- og heilðsöluleyfi og framleiðsluleyfi sem heilbrigðisráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. október 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 20., 32. og 34. gr. laganna.]²⁾

¹⁾L. 58/2005, 9. gr. ²⁾L. 123/2009, 11.

Úr lögum

nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olúvара.

Tóku gildi 1. september 1994. Breytt með l. 62/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005).

1. gr.

Flutningskostnaður á olúvörum innan lands skal jafnaður eins og nánar greinir í lögum þessum.

Jöfnun á flutningskostnaði nær til flutninga á bifreiðabensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu, flugvélabensíni og flugsteinolíu (þotueldsneyti) til innanlandsflugs, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og erlendra flugvéla.

Jöfnun flutningskostnaðar sakvæmt lögum þessum nær til flutnings á bensíni og öðrum olíum sjóleiðis frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við bensíni og olúvörum með leiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á besíni og dísilolíu með tankbifreið til allra útsölastaða í byggð, þ.e. utan hálendis, frá næstu innflutningshöfn eða næstu höfn sem getur tekið við bensíni og dísilolíu frá tankskipi úr olúleiðslu.

2. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allar olúvörur, sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innan lands, sbr. 1. gr., og rennur gjaldið í sérstakan sjóð - flutningsjöfnunarsjóð olúvара.

[Neytendastofa]¹⁾, að fenginni tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olúvара, ákveður gjald á olúvörum skv. 1. mgr. fyrir minnst þrjá mánuði í senn og skal fjárhæð flutnings-

jöfnunargjalds hvers flokks, sbr. 4. gr. við það miðuð að tekjur af gjaldinu nægi til að greiða flutningskosnað á því magni af framangreindum olíuvörum sem flytja þarf frá næstu innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirrar olíuhafnar eða útsölastaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þeim olíuvörum sem dreif er þaðan.

¹⁾L. 62/2005, 13. gr.

3. gr.

Innflytjendur, sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, sbr. 1. gr., skulu reikna og greiða flutningsjöfnunargjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virkum degi að þremur mánuðum liðnum frá lokum sölu-mánaðar.

Aðrir innflytjendur bensíns og olíu, sbr. 1. gr. skulu greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn.

Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast innheimtu gjaldsins og skulu þeir skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

4. gr.

Greiða skal úr flutningsjöfnunarsjóði olíuvara kostnað við flutning olíu frá innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna og útsölastaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til samkvæmt lögum þessum.

Mynda skal innan flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara sérstaka reikninga fyrir eftirfarandi flokka: 1) bifreiðabensín, 2) gasolíu, 3) aðrar olíur og blöndur til brennslu og 4) flugsteinolíu (þotueldsneyti). Færa skal tekjur af flutningsjöfnunargjaldi hvers flokks á sérstakan reikning og sömuleiðis útgjöld vegna jöfnunar flutningskostnaðar. Stefnt skal að því að ná jafnvægi milli álagðra flutningsjöfnunargjalda og útgjalda vegna flutningsjöfnunar hvers flokks innan almanaksársins.

Lög

nr. 145/1994, um bókhald.

Tóku gildi 1. janúar 1995; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 38. gr. varðandi þá sem hafa annað reikningsár en almanaksárið. Breytt með l. 37/1995 (tóku gildi 9. mars 1995), l. 29/1997 (tóku gildi 16. maí 1997), l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 133/2001 (tóku gildi 1. jan. 2002 nema 1. gr., a-, b- og c-liður 3. gr., b- og c-liður 17. gr., c-liður 19. gr., 34. gr., a-liður 35. gr., b-liður 36. gr., 37. gr., 38. gr., 39. gr., 40. gr., a-liður 41. gr., 42. gr. og 52. gr. sem tóku gildi 31. des. 2001 og 44. gr. sem tók gildi 1. jan. 2003; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 56. gr.), l. 25/2002 (tóku gildi 8. apríl 2002; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 10. gr.), l. 48/2005 (tóku gildi 30. maí 2005; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr.) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

I. kafli. Bókhaldsskylda.

1. gr.

Eftirtaldir aðilar eru bókhaldsskyldir:

1. hlutafélög, [einkahlutafélög]¹⁾ og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila;

2. samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm váttrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu;
3. sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna;
4. [sparisjóðir]¹⁾,
5. hvers konar fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem stunda atvinnurekstur;
6. þrotabú og önnur bú sem eru undir skiptum ef þau stunda atvinnurekstur;
7. hvers konar önnur félög, sjóðir og stofnanir sem stunda atvinnurekstur eða hafa á hendi fjáröflun eða fjárvörslu;
8. hver sá einstaklingur sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Þegar tveir eða fleiri aðilar standa saman að afmörkuðum rekstri í tengslum við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að færa sameiginlegt bókhald um samreksturinn. Niðurstöður sameiginlega bókhaldsins skulu færðar sundurliðaðar á viðeigandi reikninga í bókhaldi hvers samrekstraraðila að réttu tiltölu svo oft sem þurfa þykir.

¹⁾L. 48/2005, 1. gr.

2. gr.

Peir sem skyldir eru að færa bókhald skv. 1. gr. skulu halda tvíhliða bókhald, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru þeir einstaklingar sem nota ekki meira aðkeypt vinnuafli við starfsemi sína en sem svarar einum starfsmanni að jafnaði og stunda eftirtalda starfsemi:

1. útgerð á bátum undir 10 rúmlestum;
2. verkun sjávarafla ef meiri hluti sölu hans fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;
3. búrekstur ef meiri hluti sölu afurða fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;
4. akstur leigu-, sendi-, vöru- og fólksflutningabifreiða, svo og rekstur vinnuvéla;
5. iðnað, þar með talda viðgerðarstarfsemi;
6. þjónustu þar sem fyrst og fremst er seld vinna eða fagleg þekking og ekki er um fjárvörslu að ræða í tengslum við selda þjónustu.

Undanþeginn skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru enn fremur félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 7. tölul. 1. gr., sem stunda ekki atvinnurekstur ef tekjur þeirra eru eingöngu framlög sem innheimt eru hjá félagsaðilum og ganga til greiðslu á sameiginlegum útgjöldum, þar með töldu aðkeyptu vinnuafli sem svarar til allt að einum starfsmanni að jafnaði.

Ef aðili er skyldur til að halda tvíhliða bókhald vegna einhvers þáttar starfsemi sinnar skal það eiga við um allan atvinnurekstur hans.

Peir bókhaldsskyldir aðilar, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald samkvæmt þessari grein, skulu færa þær bækur sem greinir í 5. mgr. 10. gr.

4. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt og semja ársreikninga í samræmi við lög, reglugerðir og [reikningsskilareglur]¹⁾.

¹⁾L. 48/2005, 2. gr.

5. gr.

Stjórnendur þeirra félaga, sjóða og stofnana, sem um ræðir í 1.–7. tölul. 1. gr., og þeir sem ábyrgð bera á starfsemi skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., sbr. og 2. mgr. 1. gr., skulu sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt.

II. kafli.

Bókhald*Almenn ákvæði um bókhald.*

6. gr.

Bókhaldi skal haga þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Það skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast og nauðsynlegar eru til að meta megi tekjur og gjöld, eignir og skuldir.

Bókhaldið skal með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfseminnar vera í samræmi við góða [bókhaldvenju og settar reikningsskilareglur]¹⁾ eins og hún er á hverjum tíma, svo og ákvæði laga og reglugerða.

¹⁾L. 48/2005, 3. gr.

7. gr.

Tvíhliða bókhald skal skipuleggja með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfsemi.

Skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhaldskerfis skal liggja fyrir og m.a. veita upplýsingar um tölvukerfi og tölvubúnað, tengsl við aðrar tölvur og hlutverk þeirra. Ef sjálfvirkri tölvuúrvinnslu er beitt í bókhaldi skal á sama hátt liggja fyrir lýsing á henni á þann hátt að unnt sé án erfiðleika að fylgja eftir og hafa eftirlit með meðferð hvers liðar. Reikningar bókhaldsins skulu sérstaklega tilgreindir og notkun þeirra greinilega afmörkuð, svo og lýsing á tekjuskráningu.

Bókhaldið skal þannig skipulagt að auðvelt sé að rekja sig frá frumgögnum til færslna í bókhaldi, svo og frá færslum í bókhaldi til frumgagna, og milli niðurstöðu úr bókhaldi og ársreiknings. Jafnframt skal skipulag og stjórnun bókhaldsins við það miðuð að tryggja vörslu bókhaldsgagna og eðlilegt innra eftirlit. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og haft er að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóti tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

[Ráðherra getur sett reglur um færslu rafræns bókhalds, þar á meðal um hugbúnað vegna gagnaflutninga milli gagnaflutningskerfa, og um þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að rafrænt bókhald sé fært í samræmi við lög og reglugerðir.]¹⁾

¹⁾L. 48/2005, 4. gr.

8. gr.

Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skulu fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið.

Með ytri frumgögnum er átt við gögn frá þeim sem viðskipti eru gerð við, svo sem reikning, afreikning, greiðsluseðil, gíróseðil, greiðslukvittun, samning, myndrit, skeyti eða önnur jafngild frumgögn. Þessi gögn skulu bera með sér, eftir því sem við á, auðkenni útgefanda og viðtakanda og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að sannreyna megi viðskiptin.

Með innri frumgögnum er átt við gögn sem verða til hjá hinum bókhaldsskylda sjálfum, svo sem samrit reikninga, afreikninga, greiðsluseðla, gíróseðla, greiðslukvittana, samninga eða skeyta, svo og öll önnur gögn sem gerð eru til að skrá hreyfingar eða millifærslur innan bókhaldsins sjálfs.

Ávallt skal vera unnt að kalla fram og prenta þau skjöl sem liggja til grundvallar færslum í bókhaldi þegar um er að ræða sendingar milli tölva.

9. gr.

Í bókhaldi skal skrá viðskipti jafnskjótt og þau fara fram enda sé það í samræmi við góða bókhaldsvenju. Önnur atvik skulu skráð svo fljótt sem unnt er eftir að þau eiga sér stað.

Færslur, sem eingöngu byggjast á [rafrænum skjölum]¹⁾, skulu skráðar í bókhaldið jafntryggilega og aðrar færslur.

Færslur í bókhaldi skulu vera í skipulegri númeraröð, endurspegla að jafnaði rétta tíma-
röð viðskipta og annarra færslutilefna og gefa skýra mynd af því sem þeim er ætlað að lýsa.

Færslurnar skulu vísa til viðeigandi frumgagna og geyma skýrar upplýsingar um efni viðskipta eða annarra atvika, reikningsheiti og dagsetningu.

¹⁾L. 48/2005, 5. gr.

Bókhaldsbækur og reikningaskipan.

10. gr.

Bókhaldsbækur skulu færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu bóka-, korta-, lausblaða- eða tölvukerfi.

Bókhald þeirra aðila, sem skyldir eru til að halda tvíhliða bókhald, skal samanstanda af:

1. dagbók þar sem allar færslur koma fram í færsluröð;
2. hreyfingalista þar sem allar færslur dagbókar hafa verið flokkaðar á viðeigandi bókhaldsreikninga, sbr. þó 6. mgr.;
3. aðalbók þar sem fram kemur staða hvers einstaks bókhaldsreiknings, sbr. 12. gr.;
4. ársreikningi, sbr. 22. gr.

Bækur skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. nefnast einu nafni fjárhagsbókhald.

Í bókhaldi aðila skv. 2. mgr. skulu vera eftir því sem við á:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;
 2. viðskiptamannabókhald, sbr. 15. gr.
- Í bókhaldi þeirra aðila, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skv. 3. gr., skulu vera:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;
2. sundurliðunarbók, sbr. 14. gr.;
3. ársreikningur, sbr. 22. gr.

Í handfærðu bókhaldi eru kröfur skv. 2. tölul. 2. mgr. uppfylltar með færslu á viðeigandi bókhaldsreikninga í dagbók, sbr. 1. tölul. 2. mgr. Heimilt er að sameina sjóðbók og dagbók sem nefnist þá sjóðsdagbók. Sjóðbók og sjóðsdagbók skulu vera fyrir fram innbundnar og blaðsíðurnar tölusettar en færi aðili bæði sjóðbók og sjóðsdagbók má hin síðarnefnda vera lausblaðabók. Í handfærðu bókhaldi skal aðalbók vera fyrir fram innbundin og blaðsíðurnar tölusettar og færa má ársreikninginn í aðalbókina.

[...]¹⁾

¹⁾L. 25/2002, 1. gr.

[10. gr. A

Bókhaldsbækur skulu vera til staðar hér á landi. Skal texti þeirra vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög, skv. 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, fengið heimild til að færa fjárhæðir í bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um ársreikninga. Texti í bókhaldsbókunum skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.]¹⁾

¹⁾L. 25/2002, 2. gr.

11. gr.

Að jafnaði skal haga reikningaskipan í bókhaldinu þannig að færðir séu hreinir eigna- og skulda-, gjalda- og teknareikningar. Færa skal þá reikninga í bókhaldinu sem nauðsynlegt er til að eðlileg sundurliðun náist með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

Í stað sundurliðunar á skylda reikninga er heimilt að halda einn eða fáa reikninga í fjárhagsbókhaldinu en sundurliða þá í sérstöku undirkerfi. Slík undirkerfi skulu tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran og öruggan hátt um tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi. Færslur, sem eiga uppruna sinn í slíkum undirkerfum, skulu færast í sérstaka dagbók og berast til fjárhagsbókhalds með reglubundnum og öruggum hætti. Við færslu í undirkerfi skal ætíð vísað til grunnagna.

Eftir því sem aðstæður leyfa skal haga reikningaskipan þannig að nægilegt innra eftirlit skapist.

12. gr.

Í aðalbók skal koma fram staða hvers einstaks bókhaldsreiknings í lok hvers bókhaldstímabils í samræmi við hreyfingalista eða dagbók í handfærðu bókhaldi. Samtölur aðalbókar skulu hverju sinni innifela allar færslur sem fram að því hafa verið gerðar á reikningsárinu.

13. gr.

Í sjóðbók skal færa allar innborganir í sjóð og útborganir úr honum á þann hátt að auðvelt sé að bera saman sjóðseign og niðurstöðu sjóðbókar í lok starfsdags eða vinnulotu, allt eftir tegund starfsemi.

Hver greiðsla færir sérstaklega. Þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Enn fremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og færslu sjálfrar sjóðbókarinnar. Skyllt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina og skal í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslum. Undirbækur sjóðbókar mega vera lausblaðabækur.

Falla má frá færslu í sjóðbók þegar fyrir liggur annað jafnöruggt skráningarkerfi innborgana og útborgana.

14. gr.

Þeir sem eru undanþegnir skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða viðskipti sín í sérstaka bók, sundurliðunarbók, þar sem hreyfingar ársins á eignum og skuldum, tekjum og gjöldum eru flokkaðar eftir tegundum. Heimilt er að færa í einu lagi niðurstöðutölur undirbóka bókhaldsins, þar með taldar samanlagðar niðurstöður af útgefnum reikningum á bókhaldstímabilinu. Í lok hvers bókhaldstímabils skal stemma hreyfingar á handbæru fé á tímabilinu af við færslur í sundurliðunarbókina með því að taka tillit til útistandandi krafna og ógreiddra reikninga við upphaf og lok bókhaldstímabilsins.

Niðurstöður sundurliðunarbókar skal vera unnt að rekja til ársreiknings.

15. gr.

Í fjárhagsbókhaldi eða sérstöku viðskiptamannabókhaldi, sem tengist fjárhagsbókhaldinu, skal hafa reikninga yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau sem hönd selur hendi. Þó er heimilt að sameina óveruleg viðskipti á einn eða fáa reikninga.

Ef notað er sérstakt viðskiptamannabókhald sem undirkerfi fjárhagsbókhalds skal það uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Viðskiptamannabókhald skal tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran hátt um sérstaka tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi.
2. Í viðskiptamannabókhaldi skal á hverjum tíma vera unnt að kalla fram stöðu viðskiptamannareikninga hvers um sig og í heild. Samtöluna skal vera unnt að rekja til tiltekinn reikninga í fjárhagsbókhaldi, sbr. 1. tölul.
3. Færslur á viðskiptamannareikninga skulu berast milli fjárhagsbókhalds og viðskiptamannabókhalds með reglulegum og öruggum hætti.
4. Þegar færslur eiga uppruna sinn í viðskiptamannabókhaldi skal færð dagbók um þær færslur með sama hætti og í fjárhagsbókhaldi.
5. Við færslur í viðskiptamannabókhald skal ætíð vísað til grunnagna.

16. gr.

Í lok hvers reikningsárs skal telja vörubirgðir og reikna út verðmæti þeirra. Á vörutalningarlistum eða í vörutalningarbókum skal koma fram heiti, magn, einingarverð og útreiknað verðmæti hverrar einstakrar vörutegundar ásamt samtölu. Vörutalningarlista og vörutalningarbækur skulu talningarmenn undirrita.

Þeir sem nota stöðugt birgðabókhald eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. enda er þá gert ráð fyrir skipulegum talningum og að birgðaskrár séu leiðréttar með reglubundnum hætti.

Ef birgðir eru verðlagðar á söluverði skal á skýran og aðgengilegan hátt koma fram hvernig kostnaðarverð er reiknað.

17. gr.

Tekjuskráning bókhaldsskyldra aðila skal byggjast á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna að allar tekjur komi fram. Öruggt kerfi í þessu sambandi teljast m.a. reikningar, afreikningar og gíróseðlar, enda séu þessi gögn í öruggu skipulegu númerakerfi, og sjóðvélar sem notaðar eru við sölu á vörum og þjónustu í smásölu, svo og önnur sambærileg og örugg kerfi til tekjuskráningar, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í öðrum lögum.

18. gr.

Sjóðbók, sjóðsdagbók og dagbók í handfærðu bókhaldi skal lokað reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Niðurstöður einstakra reikninga skulu þá færðar í aðalbók. Færslu í aðalbók skal að jafnaði vera lokið eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers bókhaldstímabils.

Þeir sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða færslur sínar í sundurliðunarbók eftir því sem þörf er á og eigi sjaldnar en í lok reikningsárs.

Við gerð ársreikninga skal fara fram nákvæm og fullkomin lokun á öllum bókhaldsbókum.

Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningi og í aðalbókinni.

Fylgiskjöl og geymsla bókhaldsgagna.

19. gr.

Fylgiskjöl með bókhaldinu skal tölusetja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur í bækurnar. Þau skulu geymd í samfelldri töluröð.

Hverjum bókhaldsskyldum aðila er skylt að geyma með skipulögðum hætti öll bréf, myndrit og skeyti er honum berast og hafa þýðingu í rekstri hans. Enn fremur skal halda eftir samritum af öllum þeim bréfum, myndritum og skeytum er hann sendir öðrum og hafa þýðingu í rekstri hans.

20. gr.

Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt bókhaldsgögnum og fylgiskjölum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í [rafrænu]¹⁾ formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skulu varðveittar hér á landi á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggja fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

[Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, heimilt að varðveita gögn skv. 1. mgr. erlendis í allt að sex mánuði. Yfirvöld geta þó krafist aðgangs að þeim hér á landi og skal þeim þá skilað innan hæfilegs tíma. Bókhaldsgögn, sem eru á rafrænu formi, skulu ætíð vera aðgengileg yfirvöldum.]²⁾

[Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að yfirfæra bókhaldsgögnin á nýjan tölvutækan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.]²⁾

Ársreikning skal ætíð varðveita í 25 ár.

¹⁾L. 48/2005, 6. gr. ²⁾L. 25/2002, 3. gr.

21. gr.

Allt, sem fært er í bækur eða á reikninga, skal vera skýrt og læsilegt með varanlegu lettri. Eigi má eyða eða gera á annan hátt ólæsilegt það sem eitt sinn hefur verið í þær fært þótt fyrst hafi verið misfært af vangá. Þurfi að gera breytingu á færslu skal það gert með annarri færslu eða þannig að hin ranga færsla verði læsileg að leiðréttingu lokinni.

Leiðrétting á rangri færslu skal gerð með sérstöku fylgiskjali þar sem fram komi hvaða færslu er verið að leiðrétta og hvers vegna.

III. kafli.

Ársreikningur.

Reikningsár og undirritun.

22. gr.

Þeir sem bókhaldsskyldir eru skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár samkvæmt lögum þessum enda séu ekki gerðar strangari kröfur í öðrum lögum. Ársreikningurinn skal a.m.k. hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á. Ársreikningurinn skal mynda eina heild.

[Reikningsárið skal vera tólf mánuðir og miðast við mánaðamót. Nýtt reikningsár hefst daginn eftir að fyrra reikningsári lýkur. Við upphaf eða lok rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en fimmtán mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.]¹⁾

Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal undirritaður af þeim sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 5. gr.

Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbárur fram að færa gegn honum skal hann undirrita reikninginn með árituðum fyrirvara. Koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

¹⁾L. 48/2005, 7. gr.

Efnahagsreikningar og rekstrarreikningar.

23. gr.

[Á efnahagsreikning eru færðar á kerfisbundinn hátt eignir, skuldir, þ.m.t. skuldbindingar, og eigið fé sem er mismunur eigna og skulda.

Eign skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt er að félagið hafi af henni fjárhagslegan ávinning í framtíðinni og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Skuld skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt þykir að til greiðslu hennar komi og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Efnahagsreikningurinn skal þannig sundurliðaður að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í árslok í samræmi við lög þessi og settar reikningsskilareglur eftir því sem við á.]¹⁾

¹⁾L. 48/2005, 8. gr.

24. gr.

[Allar tekjur og öll gjöld reikningsársins skulu koma fram á rekstrarreikningi nema lög þessi eða settar reikningsskilareglur kveði á um annað.

Í rekstrarreikningi skal á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við lög þessi og settar reikningsskilareglur eftir því sem við á.]¹⁾

¹⁾L. 48/2005, 9. gr.

25. gr.

[Rekstrarreikningar og efnahagsreikningar skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Ef gerðar eru breytingar skulu þær tilgreindar í skýringum.

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.

Texti ársreiknings skal vera á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.]¹⁾

¹⁾L. 48/2005, 10. gr.

26. gr.

Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað.

27. gr.

Gerð skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu í ársreikningnum eða skýringum.

Mat eigna.

28. gr.

Í efnahagsreikningi ber að tilgreina peningalegar eignir og skuldir með þeirri fjárhæð er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Varanlegir rekstrarfjármunir skulu að jafnaði tilgreindir á kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum. Sé frá þessu vikið skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði, sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim, fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

[Birgðir skal meta á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Ef birgðir eru metnar við dagverði og það er verulega lægra en kostnaðarverð skal gera grein fyrir því í skýringum. Kostnaðarverð birgða tekur til alls kostnaðar við kaup á birgðum eða áfallins kostnaðar við framleiðslu þeirra. Auk þess telst til kostnaðarverðs birgða allur kostnaður við að koma þeim á núverandi stað og í það ástand sem þær eru. Dreifingarkostnað má ekki telja til kostnaðarverðs birgða.]¹⁾

Ef gerðar eru verulegar breytingar á mati eigna eða skulda frá síðasta efnahagsreikningi skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

¹⁾L. 48/2005, 11. gr.

29. gr.

[Ef markaðsverð fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt.]¹⁾

Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum.

Matsbreytingar samkvæmt þessari grein skal færa í rekstrarreikning.

¹⁾L. 48/2005, 12. gr.

[30. gr.]¹⁾

[Beiting reikningsskilareglna.

Bókhaldsskyldum aðilum sem falla ekki undir ákvæði annarra laga um samningu ársreikninga er heimilt að beita settum reikningsskilareglum við samningu ársreikninga sinna. Í skýringum skal gera grein fyrir beitingu slíkra reglna.]¹⁾

¹⁾L. 48/2005, 13. gr.

Skýringar.

31. gr.

Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísan til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki greinilega fram þar:

1. breytingar á varanlegum rekstrarfjármunum á árinu;
2. opinbert mat á eignunum ef það liggur fyrir;
3. nafnverð eignarhluta í félagum;
4. hreyfingar á eiginfjárreikningum;
5. veðsetningu eigna og ábyrgðir;

6. Önnur þau atriði sem máli skipta við mat á rekstri og efnahag og ekki koma annars staðar fram.

Skoðun reikninga.

32. gr.

[Félagsmenn í félögum skv. 7. tölul. 1. gr., sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða í félagi, geta á fundi krafist þess að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi, endurskoðunarfélag eða skoðunarmaður.

Skoðunarmenn skv. 1. mgr. skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans. Hæfisskilyrði 9. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.

Uppfylli endurskoðandi eða skoðunarmaður ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr endurskoðandi eða skoðunarmaður eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

Ákvæði laga um endurskoðendur gilda um starf endurskoðanda sem kosinn er skv. 1. mgr.]¹⁾

¹⁾L. 48/2005, 14. gr.

33. gr.

[Endurskoðendur og skoðunarmenn]¹⁾ skulu hvenær sem er hafa aðgang að bókhaldi til að gera þær athuganir og kannanir sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skal stjórn sjá til þess að skoðunarmenn fái þau gögn, upplýsingar og aðstoð sem þeir álíta nauðsynleg.

¹⁾L. 48/2005, 15. gr.

34. gr.

[Ef kosinn er skoðunarmaður, eða skoðunarmenn, úr hópi félagsmanna jafnframt endurskoðanda eða skoðunarmanni skv. 1. mgr. 32. gr. í samræmi við samþykktir félagsins, skulu þeir árita ársreikninginn.]¹⁾ Þar skal koma fram að eignir þær og skuldir, sem tilgreindar eru í efnahagsreikningi, séu fyrir hendi og að breytingar á eigin fé séu í samræmi við bókhaldið. Þá skulu skoðunarmenn ganga úr skugga um að á reikningsárinu hafi verið farið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum. Telji skoðunarmaður að svo hafi ekki verið skal hann árita ársreikninginn með viðeigandi athugasemdum.

Ef skoðunarmaður telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef hann telur að fyrir liggi atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því í áritun sinni. Áritun skoðunarmanns telst hluti ársreiknings og skal varðveitt ásamt honum.

[Skoðunarmenn skv. 1. mgr. mega ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það.]¹⁾

¹⁾L. 48/2005, 16. gr.

35. gr.

[Endurskoðendur og skoðunarmenn]¹⁾ eiga rétt á að sitja fundi þar sem fjallað er um ársreikninga.

[Endurskoðendum og skoðunarmönnum]¹⁾ er óheimilt að gefa einstökum félagsaðilum eða öðrum upplýsingar um hag félags.

¹⁾L. 48/2005, 17. gr.

[IV. kafli.
Viðurlög og málsmeðferð.]¹⁾

¹⁾L. 37/1995, 1. gr.

[36. gr.

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara á þann hátt sem lýst er í 38.–40. gr. skal sæta fésektum, en brot gegn 37. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 38. gr. varða [...] ¹⁾fangelsi allt að sex árum skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga eða fésektum ef málsbætur eru miklar.]²⁾

¹⁾L. 82/1998, 218. gr. ²⁾L. 37/1995, 1. gr.

[37. gr.

Svofelld háttsemi bókhaldsskylds manns eða fyrirvarsmanns lögaðila telst ætíð meiri háttar brot gegn lögum:

1. Ef hann færir ekki tilskilið bókhald fyrir sjálfan sig eða lögaðila þannig að hann uppfylli ekki kröfur laga í meginatriðum.
2. Ef hann varðveitir ekki fylgiskjöl eða önnur bókhaldsgögn eða gerir það á svo ófullnægjandi hátt að ógerningur sé að rekja bókhaldsfærslur til viðskipta og byggja bókhaldsbækur og ársreikning á þeim.
3. Ef hann rangfærir bókhald eða bókhaldsgögn, býr til gögn sem ekki eiga sér stoð í viðskiptum við aðra aðila, vantelur tekjur kerfisbundið eða hagar bókhaldi með öðrum hætti þannig að gefi ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.
4. Ef hann eyðileggur bókhald sitt eða lögaðila, í heild eða einstakar bókhaldsbækur, skýtur þeim undan eða torveldar aðgang að þeim með öðrum hætti. Sama á við um hvers konar bókhaldsgögn sem færslur í bókhaldi verða raktar til.
5. Ef hann lætur undir höfuð leggjast að semja ársreikning í samræmi við niðurstöður bókhalds, eða ársreikningur hefur ekki að geyma nauðsynlega reikninga og skýringar eða er rangfærður að öllu leyti eða hluta, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.

Sama á við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirvarsmann lögaðila við þau brot sem lýst er í 1.–5. tölul. eða stuðlar að þeim á annan hátt.]¹⁾

¹⁾L. 37/1995, 1. gr.

[38. gr.

Bókhaldsskyldur maður eða fyrirvarsmáður lögaðila gerist sekur um refsivert brot gegn lögum þessum með athöfnum þeim eða athafnaleysi sem hér segir:

1. Ef hann vanrækir að færa einstakar bókhaldsbækur eða hagar bókhaldi sínu, bókhaldsfærslum, meðferð bókhaldsgagna eða gerð ársreikninga andstætt ákvæðum laga og reglugerða, enda liggja ekki þyngrir refsing við broti samkvæmt þeim lögum eða öðrum.

2. Ef hann hagar ekki bókhaldi sínu á nægilega skýran, öruggan og aðgengilegan hátt, á grundvelli fullnægjandi gagna og í samræmi við góða bókhaldsvenju eða tekjuskráning er ekki byggð á skýru og öruggu kerfi þannig að rekja megi tekjur og önnur viðskipti og notkun fjármuna.
3. Ef hann vanrækir að tryggja vörslur bókhalds, bókhaldsgagna eða ársreiknings eða hefur skipulag og uppbyggingu bókhaldsins og fylgiskjala þess ekki með öruggum hætti.
4. Ef hann skráir ekki viðskipti samkvæmt góðri bókhaldsvenju, framkvæmir ekki færslur í númera- og tímaröð og með tilskildum reikningseinkennum.
5. Ef hann hagar ekki gerð ársreiknings eða einstakra þátta hans þannig að hann gefi skýra mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess í samræmi við [lög þessi og [settar reikningsskilareglur.]¹⁾
6. Ef hann vanrækir að framkvæma vörutalningu, ekki koma fram í birgðaskrá tilskildar upplýsingar um magn, einingaverð og útreiknað verðmæti hverrar vörutegundar eða mat vörubirgða er verulega rangt.
Sama á við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við brot þau sem lýst er í 1.–6. tölul. eða stuðlar að þeim á annan hátt.]²⁾

¹⁾L. 48/2005, 18. gr. ²⁾L. 37/1995, 1. gr.

[39. gr.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum, önnur en sú sem lýst er í 37. og 38. gr. laga þessara, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.]¹⁾

¹⁾L. 37/1995, 1. gr.

[40. gr.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot gegn lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til sagnæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmannur hans eða starfsmannur gerst sekur um brot á lögum þessum má auk þeirrar refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.]¹⁾

¹⁾L. 37/1995, 1. gr.

[41. gr.

[Ríkislögreglustjóri]¹⁾ fer með frumrannsókn [sakamála]²⁾ vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli til [rannsóknarlögreglu]²⁾ af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunauts, ef hann vill eigi hlíta því að málið verði fengið yfirskattanefnd til úrlausnar.

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir vegna brota á lögum þessum, nema máli sé vísað til [...] ²⁾ rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins leggur mál fyrir yfirskattanefnd og kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hennar.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

Sakir samkvæmt lögum þessum fynast á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum

fulltrúum þeirra, gegn manni sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.]³⁾

¹⁾L. 48/2005, 19. gr. ²⁾L. 88/2008, 234. gr. ³⁾L. 37/1995, 1. gr.

1)L. 48/2005, 19. gr. 2)L. 88/2008, 234. gr. 3)L. 37/1995, 1. gr.

[V. kafli.]¹⁾

Ýmis ákvæði.

¹⁾L. 37/1995, 1. gr.

[42. gr.]¹⁾

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um bókhaldsskyldu, undanþágu frá færslu tvíhliða bókhalds, skipulag bókhalds, bókhaldsgögn og notkun tölva við færslu bókhalds og geymslu gagna.

¹⁾L. 37/1995, 1. gr. ²⁾Rg. 598/1999, sbr. 15/2001; rg. 600/1999.

[43. gr.]¹⁾

[...]²⁾

Í fjármálaráðuneytinu skal haldin skrá yfir viðurkennda bókara. Öðrum en þeim sem teknir hafa verið á skrá er óheimilt að kalla sig viðurkenndan bókara eða með öðrum hætti gefa til kynna að þeir hafi hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt þessari grein.

Sá sem óskar að fá viðurkenningu sem bókari og verður tekinn á skrá skv. 1. mgr. skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Vera heimilisfastur hér á landi.
2. Vera lögráða og hafa forræði á búi sínu.
3. Hafa staðist próf skv. 3. mgr.

Fjármálaráðherra skal hlutast til um að reglulega séu haldin námskeið og próf fyrir þá sem vilja fá viðurkenningu sem bókara. Í viðurkenningu ráðherra felst að viðkomandi aðili hefur staðist próf í bókfærslu, helstu atriðum reikningsskila og lögum og reglugerðum um skattskil.

Til að annast námskeið og próf skipar ráðherra þriggja manna prófnefnd. Ráðherra getur, að fenginni umsögn prófnefndar, falið öðrum að annast námskeið og próf samkvæmt lögum þessum. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreinar og kennslu, svo og námskeiða- og prófagjöld skulu sett í reglugerð.³⁾ Við ákvörðun á fjárhæð þeirra skal við það miðað að þau séu eigi hærri en kostnaður við námskeið og próf.]⁴⁾

¹⁾L. 37/1995, 1. gr. ²⁾L. 37/1995, 2. gr. ³⁾Rg. 473/2001, sbr. 296/2003 og 447/2004. ⁴⁾L. 29/1997, 1. gr.

[44. gr.]¹⁾

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995. ... Hjá þeim sem hafa annað reikningsár en almanaksárið koma lög þessi þó ekki til framkvæmda fyrr en við upphaf fyrsta reikningsárs sem hefst eftir 1. janúar 1995.

¹⁾L. 37/1995, 1. gr.

Lög

nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Tóku gildi 1. janúar 1996 (sjá vefútgáfu Alþingis 1995 nr. 29 6. mars). Breytt með l. 131/2002 (tóku gildi 1. janúar 2003).

Endurgreiðsla oftekens fjár.

1. gr.

Stjórnvöld, sem innheimta skatta eða gjöld, skulu endurgreiða það fé sem ofgreitt reynist lögum samkvæmt ásamt vöxtum skv. 2. gr.

Stjórnvöld skulu hafa frumkvæði að slíkum endurgreiðslum þegar þeim verður ljóst að ofgreitt hefur verið.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

Vextir.

2. gr.

[Við endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skv. 1. gr. skal greiða gjaldanda vexti, sem skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af því fé sem oftekið var frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim tíma er gjaldandi sannanlega lagði fram kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra skatta eða gjalda.]¹⁾

Vextir skv. 1. mgr. skulu þó ekki greiddir ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að fé var oftekið. Það sama gildir um greiðslu dráttarvaxta skv. 2. mgr. ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

¹⁾L. 131/2002, 1. gr.

Gjöld sem greidd eru fyrir fram eða samkvæmt áætlun.

3. gr.

Þegar gjöld fyrir opinbera þjónustu, sem látin er í té samfelld eða reglubundið, eru greidd fyrir fram eða samkvæmt áætlun og í ljós kemur eftir uppgjör að ofgreitt hefur verið fyrir ákveðið gjaldatímabil er ekki skylt að endurgreiða það sem oftekið var þrátt fyrir ákvæði 1. gr. Þetta gildir þó ekki ef fjárhæð sú sem oftekin var er óvenjuhá miðað við fjárhæð gjaldanna.

Greiða skal gjaldanda vexti á þá fjárhæð sem oftekin hefur verið við innheimtu slíkra gjalda. Skulu vextirnir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma nema lög mæli fyrir á annan veg.

Fjárhæðin ásamt vöxtum skal koma til frádráttar skuld fyrir næsta gjaldatímabil.

Fyrning.

4. gr.

Krafa um endurgreiðslu samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi fyrir fyrningu þegar fjögur ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað. Þegar krafa um endurgreiðslu fynnist fynrast jafnframt allir áfallnir vextir.

Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og taka til ofgreiðslu á sköttum og gjöldum sem á sér stað eftir það tímamark.

Úr lögum**nr. 93/1995, um matvæli, sbr. lög nr. 29/2008 um breytingu á þeim.**

Tóku gildi 30. júní 1995. Breytt með l. 169/2000 (tóku gildi 29. des. 2000), l. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 17/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003), l. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 68/2006 (tóku gildi 30. júní 2006), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008) og l. 29/2008 (tóku gildi 19. apríl 2008).

I. KAFLI.**Tilgangur og gildissvið.**

1. gr.

Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal ná með fræðslu og upplýsingamiðlun, rannsóknnum og eftirliti.

2. gr.

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla. Lögini taka ekki til meðferðar matvæla á einkaheimilum nema þar fari fram framleiðsla matvæla til dreifingar utan heimilisins. Lögini ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum.

3. gr.

Þannig skal staðið að framleiðslu og dreifingu matvæla að þau valdi ekki heilsutjóni og að ekki sé beitt blekkingum í viðskiptum með þau.

II. KAFLI.**Skilgreiningar.**

4. gr.

Í lögum þessum hafa eftirtalin hugtök svofellda merkingu:

Matvæli eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn, sbr. þó einnig 2. mgr. 2. gr.

Framleiðsla er meðferð hráefnis, vinnsla, þökkun og matreiðsla. Hér er einnig átt við húsnæði, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks og annað sem tengist framleiðslu, svo og efni og hluti sem geta komist í snertingu við matvæli, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.

Dreifing er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talið innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.

Efni og hlutir er allar umbúðir, ílát, áhöld, tækjabúnaður, borðbúnaður og öll efni sem slíkir hlutir eru samsettir úr og geta komist í snertingu við matvæli.

Umbúðir eru allar umbúðir sem umlykja eða hafa að geyma matvæli eða efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla.

Örverur eru lífverur sem geta valdið skemmdum í matvælum eða verið heilsuspillandi vegna neyslu þeirra, en einnig eru tilteknar örverur notaðar við framleiðslu matvæla.

Hráefni eru öll efni, önnur en bætiefni, aukefni, bragðefni og varnarefni, sem notuð eru við framleiðslu matvæla.

Aukefni eru efni sem notuð eru við tilbúning matvæla til að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika þeirra.

Bragðefni eru efni sem notuð eru til að hafa áhrif á bragðeiginleika matvæla og teljast ekki til aukefna.

Bætiefni eru vítamín, steinefni, þar með talin snefilefni, og lífsnauðsynlegar fitu- og amínósýrur.

Aðskotaefni eru efni sem sett eru í matvæli, berast í þau eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra. Hér er m.a. átt við vaxtaraukandi efni og lyfjaleifar.

Varnarefni eru efni sem notuð eru m.a. gegn illgresi, sveppum og meindýrum við framleiðslu og við geymslu matvæla.

Opinbert eftirlit er eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.

Innra eftirlit er eftirlit á vegum framleiðanda eða dreifanda í þeim tilgangi að tryggja gæði, öryggi og hollustu vörunnar.

Faggilding er formleg staðfesting á því að starfsemi rannsóknastofa (prófunarstofa), vottunarstofa og eftirlitsaðila fari fram samkvæmt settum reglum. Markmiðið er að sann-reyna hæfni, kunnáttu og áreiðanleika viðkomandi.

III. KAFLI.

Stjórn og skipan.

5. gr.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra, fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Matvælastofnun er ráðherra til ráðgjafar.]¹⁾

¹⁾L. 167/2007, 34. gr.

6. gr.

[Matvælastofnun annast opinbert eftirlit samkvæmt lögum þessum með:

- a. frumframleiðslu, innflutningi og útflutningi búfjárafurða,
- b. smitsjúkdómum búfjár,
- c. meðferð, skoðun og mati á sláturafurðum,
- d. heilbrigðisskoðun eldisfisks,
- e. meðferð, flutningi, geymslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, að undanskilinni smásölu,
- f. innflutningi annarra matvæla en getið er í a–e-lið.]¹⁾

¹⁾L. 167/2007, 35. gr.

7. gr.

Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða vegna útflutnings. Fiskistofa er sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar um þessi mál.

...

V. KAFLI.

Umbúðir og merking þeirra.

14. gr.

Þeim sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli, eða fyrir vörur sem notaðar eru við framleiðslu matvæla, er skylt að gæta þess að umbúðir geti ekki spillt þeirri vöru sem þær eru ætlaðar fyrir, þannig að hún verði hættuleg eða varasöm heilsu manna, gæði hennar rýrni eða varan teljist óneysluhæf. Matvælaframleiðendur og dreifendur bera sömu skyldur.

[Rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að snerta matvæli skal tryggja á öllum stigum. Ráðherra er heimilt með reglugerð¹⁾ að setja nánari ákvæði um skyldu framleiðenda og dreifingaraðila til að hafa kerfi og verklagsreglur sem tryggi rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli til að auðvelda eftirlit, innköllun gallaðra vara, miðlun upplýsinga til neytenda og til að ákvarða ábyrgð á hinni gölluðu vöru.

Þegar eftirlitsaðili hefur rökstudda ástæðu til að ætla á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum að notkun umbúða og annarra efna eða hluta stofni heilbrigði manna í hættu, þrátt fyrir að viðeigandi ráðstafanir um öryggi vörunnar hafi verið gerðar, er eftirlitsaðila heimilt að takmarka eða stöðva dreifingu vara.]²⁾

¹⁾*Rg. 698/2008* (um takmörkun á notkun tiltekinna epoxyafleiðna í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli). *Rg. 34/2009* (um efni og hluti úr sellulósafilmu sem er ætlað að snerta matvæli). ²⁾*L. 29/2008, 1. gr.*

IX. KAFLI.

Matvælaeftirlit.

22. gr.

[Heilbrigðisnefnd hefur undir yfirumsjón Matvælastofnunar opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Matvælastofnun hefur þó opinbert eftirlit með matvælum sem falla undir ákvæði 6. gr. Matvælastofnun skráir nauðsynlegar upplýsingar um framleiðslu og dreifingu matvæla vegna matvælaeftirlits. Matvælastofnun skal hafa aðgang að niðurstöðum úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Þá er ráðherra heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.]¹⁾

¹⁾*L. 167/2007, 42. gr.*

XI. KAFLI.

Valdsvið.

29. gr.

Eftirlitsaðila er heimilt að stöðva eða takmarka framleiðslu og dreifingu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvæli uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Þegar eftirlitsaðilar leggja hald á matvæli er þeim heimil förgun þeirra sé það talið nauðsynlegt, sbr. og 9. mgr. *27. gr. laga nr. 81/1988*,¹⁾ um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Þegar eftirlitsaðili stöðvar dreifingu vöru, svo sem inn- eða útflutning, og hætta er talin á að vörunni verði þrátt fyrir það dreift á markað þar sem eftirlit er í höndum annars aðila er eftirlitsaðilum skylt að hafa samráð sín á milli og gera viðeigandi ráðstafanir.

¹⁾*Nú l. 7/1998.*

30. gr.

[Matvælastofnun getur gripið til þvingunarúrræða og viðurlaga vegna brota gegn lögum þessum.]¹⁾

Um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila gilda að öðru leyti ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit..

¹⁾L. 167/2007, 49. gr.

Lög

nr. 96/1995, um gjald af áfengi [og tóbaki¹⁾⁾].

Tóku gildi 1. september 1995. Breytt með [l. 85/1996](#) (tóku gildi 19. júní 1996), [l. 93/1998](#) (tóku gildi 1. júlí 1998), [l. 104/2000](#) (tóku gildi 1. júlí 2000), [l. 155/2000](#) (tóku gildi 1. jan. 2001), [l. 149/2001](#) (tóku gildi 1. jan. 2002), [l. 122/2002](#) (tóku gildi 29. nóv. 2002), [l. 25/2004](#) (tóku gildi 1. júlí 2004), [l. 118/2004](#) (tóku gildi 29. nóv. 2004), [l. 85/2007](#) (tóku gildi 1. júlí 2007), [l. 136/2008](#) (tóku gildi 12. des. 2008), [l. 167/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009), [l. 60/2009](#) (tóku gildi 30. maí 2009), [l. 130/2009](#) (tóku gildi 30. des. 2009 nema 7.–9. gr. og 13.–42. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), [l. 164/2010](#) (þau ákvæði laganna sem varða tollfrankvæmdina og birt eru í þessari handbók tóku gildi 1. janúar 2010) . og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

¹⁾L. 149/2001, 1. gr.

[I. KAFLI Áfengisgjald]¹⁾

¹⁾L. 93/1998, 1. gr.

1. gr.

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald, áfengisgjald, af áfengi samkvæmt lögum þessum.

Áfengi samkvæmt lögum þessum telst hver sá vökvi sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli. Áfengismagn og áfengisinnihald skal ákveða við 20°C.

[Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu vörur sem innihalda meira en 2,25% af vínanda, en eru óhæfar til neyslu og ekki er hægt að gera neysluhæfar, undanþegnar áfengisgjaldi. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið nánar hvaða vörur falla hér undir.]¹⁾

¹⁾L. 93/1998, 1. gr.

2. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt lögum þessum eru allir þeir sem flytja inn eða framleiða áfengi hér á landi til sölu eða vinnslu.

Gjaldskyldir eru enn fremur þeir sem flytja með sér til landsins áfengi til eigin nota, svo og þeir sem fá sent áfengi erlendis frá án þess að það sé til sölu eða vinnslu. Heimilt er með reglugerð að takmarka innflutning samkvæmt þessari málsgrein við ákveðnar vörutegundir, hámarks magn eða hámarksverðmæti og að setja skilyrði fyrir því hverjir megi flytja inn samkvæmt henni.

3. gr.

[Áfengisgjald skal vera sem hér segir á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra hins áfenga drykkjar samkvæmt flokkun hans í tollskrá:

1. Af öli sem flokkast í vörulið 2203, svo og af vörum sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206: [86,90 kr.]¹ á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
2. Af víni sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205, svo og af gerjuðum drykkjarvörum í vörulið 2206 sem ekki hafa verið blandaðar annarri gerjaðri drykkjarvöru eða óáfengri drykkjarvöru, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast við gerjun, án hvers kyns eimingar: [78,15 kr.]¹ á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
3. Af öðru áfengi: [101,74 kr.]¹
4. [Af áfengi sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 10% af áfengisgjaldi skv. 1.–3. tölul.]¹⁾

Gjald skv. 1. mgr. skal reiknast hlutfallslega á brot af sentilítra af vínanda og brot af lítra hins áfenga drykkjar.

Ef umbúðir vöru greina ekki magn eða styrkleika áfengis sem aðilar sem tilgreindir eru í 2. mgr. 2. gr. flytja til landsins eða fá sent erlendis frá er tollyfirvöldum heimilt að meta magn eða styrkleika áfengis og ákvarða gjald samkvæmt því.²⁾

[Geri ferðamaður, skipverji eða flugverji grein fyrir áfengi á tollafgreiðsluhliði sem er umfram tollfrjálsar heimildir skv. 5.–7. tölul. 6. gr. ber honum einungis að greiða mismun áfengisgjalds skv. 1.–3. tölul. og skv. 4. tölul. 1. mgr., enda framvísi hann greiðslukvittun sem sýni fram á að áfengið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.]¹⁾

¹⁾ 1. 164/2010 11. gr. ²⁾ L. 93/1998, 2. gr.

[4. gr.]¹⁾

Þeir sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til [ríkisskattstjóra.]²⁾ Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal tilgreina nafn, firmanafn, heimili og kennitölu rekstraraðila og hvers konar framleiðslu eða innflutning sé um að ræða.

[Ríkisskattstjóri skal]²⁾ halda skrár yfir alla þá sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. laga þessara.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr., svo og skyldu þeirra til að halda framleiðslu- og birgðabókhald.

¹⁾ L. 93/1998, 3. gr. ²⁾ L. 93/1998, 4. gr.

[5. gr.]¹⁾

[Gjald af innfluttu áfengi skal greitt við tollafgreiðslu þess.

Af áfengi, sem framleitt er innan lands til sölu þar, reiknast gjald við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda til kaupanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla fer fram.

Þeir sem skyldir eru til að innheimta gjald skv. 2. mgr. skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því þar sem þeir eru heimilisfastir áfengisgjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hina gjaldskyldu sölu.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um innheimtu gjalds, þar á meðal að veita allt að tveggja vikna greiðslufrest og er þá hvert uppgjörstímabil tvær vikur, frá 1. til 15. hvers mánaðar og frá 16. til loka hvers mánaðar. Gjaldldagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.]³⁾

¹⁾L. 93/1998, 3. gr. ²⁾Rg. 390/1999, sbr. 898/1999 og 433/2005. ³⁾L. 25/2004, 1. gr.

[5. gr. a

Sé áfengisgjald ekki greitt á gjalddaga, sbr. 5. gr., skal aðili sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef framleiðandi áfengis hefur ekki skilað áfengisgjaldsskýrslu eða henni verið ábótavant og áfengisgjald því áætlað, nema hann hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé áfengisgjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknaðir frá og með gjalddaga.

Verði vanskil á greiðslu áfengisgjalds skal tollstjóri synja innflytjanda eða framleiðanda áfengis um frekari greiðslufrest meðan vanskil vara.

Ef um er að ræða ítrekuð eða stórfelld vanskil á greiðslu áfengisgjalds, álags skv. 2. mgr. eða dráttarvaxta skv. 3. mgr. getur tollstjóri án fyrirvara stöðvað tollafgreiðslu á öðrum vörum til skuldara eða látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skuldarans, m.a. með því að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð, enda telji tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs ekki verða tryggð með öðrum hætti.]¹⁾

¹⁾L. 25/2004, 2. gr.

[6. gr.]¹⁾

[Áfengisgjald skal fellt niður eða endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:]²⁾

1. Við sölu áfengis úr landi.
2. [Við innflutning og sölu á áfengi til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna, [sbr. þó 4. tölul. 1. mgr. 3. gr.]⁶⁾ Jafnframt af áfengi sem áfengisgjald hefur verið reiknað eða greitt af en er síðan sent til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollvörugæmslu, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði eða er fargað undir eftirliti tollyfirvalda]³⁾
3. Við innflutning og sölu á áfengi til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og aðila sem ríkisstjórn ákveður.
4. Við innflutning og sölu á áfengi til framleiðslu á vörum sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum til framleiðenda sem hafa leyfi til að selja áfengi skv. 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga.
5. [Af áfengi sem ferðamenn hafa meðferðis til landsins sem hér segir:
 - a. 1 lítra af sterku áfengi og 1 lítra af léttvíni, eða
 - b. 3 lítra af léttvíni, eða
 - c. 1 lítra af sterku áfengi eða 1,5 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.
6. Af áfengi sem skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila hafa meðferðis eftir að hafa verið 15 daga eða lengur í ferð, sem hér segir:
 - a. 1,5 lítra af sterku áfengi og 3 lítra af léttvíni, eða
 - b. 1,5 lítra af sterku áfengi eða léttvíni og 24 lítra af öli.

Ef sömu aðilar hafa verið skemur en 15 daga í ferð skulu þeir njóta að hálfu réttinda samkvæmt þessum lið. Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum, er jafnframt heimilt að taka gjaldfrjálst aukalega til risnu um borð jafnstóran skammt og þeir mega hafa gjaldfrjálst samkvæmt þessum lið.

7. Af áfengi sem flugverjar, þ.m.t. flugverjar í aukaáhöfn, hafa meðferðis, eftir að hafa verið 15 daga eða lengur í ferð, sem hér segir:
- 1 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni, eða
 - 1 lítra af sterku áfengi eða 0,75 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.
- Hafi ferð varað skemur en 15 daga er sömu aðilum heimilt að hafa meðferðis gjaldfrjálst:
- 0,375 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni, eða
 - 0,375 lítra af sterku áfengi eða 0,75 lítra af léttvíni og 3 lítra af öli.]⁴⁾
- [[8.]⁴⁾ Af áfengi, sem talið er upp í lyfjaskrá , til lækna og lyfsala til sölu sem lyf.
- [9.]⁴⁾ Af áfengi til iðnþarfa samkvæmt nánari skilgreiningu fjármálaráðherra]²⁾
- [...]³⁾
- [Fjármálaráðherra setur með reglugerð⁵⁾ nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, m.a. um skilyrði niðurfellingar eða endurgreiðslu.]²⁾

¹⁾L. 93/1998, 3. gr. ²⁾L. 93/1998, 5. gr. ³⁾L. 104/2000, 15. gr. ⁴⁾L. 167/2008, 9. gr. ⁵⁾Rg. 630/2008, sbr. 634/2008, ⁶⁾l. 164/2010 12. gr.

[7. gr.]¹⁾

[Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð²⁾. Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnastarfa á verkefnagrundvelli. Áfengis- og vímuvarnaráð gerir tillögur til [velferðarráðherra]⁵⁾ um veitingu styrkja úr forvarnasjóði.

[...]³⁾ 4)

¹⁾L. 93/1998, 3. gr. ²⁾Rg. 537/1995. ³⁾L. 85/2007, 28. gr. ⁴⁾L. 93/1998, 6. gr., ⁵⁾l. 162/2010, 65. gr.

[II. KAFLI. Tóbaksgjald]¹⁾

¹⁾L. 149/2001, 2. gr.

[8. gr.

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald, tóbaksgjald, af tóbaki sem flutt er hingað til lands eða er framleitt hér á landi.

Tóbak telst samkvæmt lögum þessum vera sérhver vara sem flokkast í 24. kafla í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum. .]¹⁾

¹⁾L. 149/2001, 2. gr.

[9. gr.

[Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaksvörum sem hafa verið fluttar hingað til lands eða framleiddar hér á landi.]¹⁾

Fjárhæð tóbaksgjalds skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Vindlingar: [347,90 kr.]²⁾ á hvern pakka (20 stk.).
2. Neftóbak: [4,12 kr.]²⁾ á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.
3. Annað tóbak: [12,45 kr.]²⁾ á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.
4. [Af tóbaki sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 40% af tóbaksgjaldi skv. 1.–3. tölul.]²⁾

Uppgjörstímabil tóbaksgjalds samkvæmt þessari grein er einn mánuður. Gjaldldagi hvers uppgjörstímabils er fimmti dagur næsta mánaðar eftir lok þess. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal greiða tollstjóranum í Reykjavík innheimt gjald eigi síðar en á gjaldldaga hvers uppgjörstímabils.]²⁾³⁾

[Geri ferðamaður, farmaður eða aðrir grein fyrir tóbaki á tollafgreiðsluhliði sem er umfram tollfrjálsar heimildir skv. 2. mgr. 10. gr. ber honum einungis að greiða mismun tóbaksgjalds skv. 1.–3. tölul. og skv. 4. tölul. 2. mgr., enda framvísi hann greiðslukvittun sem sýni fram á að tóbakið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.]²⁾

¹⁾L. 25/2004, 3. gr. ²⁾1. 164/2010 13. gr. ³⁾L. 149/2001, 2. gr.

[10. gr.

Af tóbaki sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða skal við tollafgreiðslu greiða tóbaksgjald sem hér segir:

1. Vindlingar: [437,00 kr.]³⁾ á hvern pakka (20 stk.).
2. Annað tóbak: [21,85 kr.]³⁾ á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.

[Tóbak sem ferðamenn eða farmenn hafa meðferðis, [sbr. þó 4. tölul. 2. mgr. 9. gr.]³⁾ til landsins skal undanþegið gjaldi skv. 1. mgr. að því hámarki sem hér segir:

1. 100 vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki sem flugverjar er hafa verið skemur en 15 daga í ferð hafa meðferðis.
2. 200 vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki sem ferðamenn, skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila er hafa verið skemur en 15 daga í ferð hafa meðferðis og flugverjar, þ.m.t. flugverjar í aukaáhöfn, er hafa verið 15 daga eða lengur í ferð hafa meðferðis.
3. 400 vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki sem skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila er hafa verið 15 daga eða lengur í ferð hafa meðferðis.]²⁾¹⁾

¹⁾ L. 149/2001, 2. gr. ²⁾ L. 167/2008, 10. gr. ³⁾ 1. 164/2010 14. gr.

[III. KAFLI Almenn ákvæði]¹⁾

¹⁾L. 149/2001, 1. gr.

11. gr.

[Úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengis- og tóbaksgjalds skv. 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. sætir kæru til fjármálaráðherra í samræmi við 102. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Þá skulu ákvæði tollalaga gilda að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald af innfluttu áfengi og tóbaki.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald samkvæmt lögum þessum af áfengi og tóbaki, sem er framleitt eða unnið að einhverju leyti hér á landi, skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um virðisaukaskatt og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum, svo og ákvæði laga um vörugjald.]¹⁾

¹⁾L. 149/2001, 2. gr.

[12. gr.

12. gr. Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð¹⁾ nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða laga þessara um áfengisgjald og tóbaksgjald.]²⁾

¹⁾Rg. 505/1998, sbr. 527/2000 og 437/2005; 1082/2004. ²⁾L. 149/2001, 2. gr.

Úr lögreglulögum nr. 90/1996.

Tóku gildi 1. júlí 1997. Breytt með [l. 83/1997](#) (tóku gildi 6. júní 1997), [l. 29/1998](#) (tóku gildi 29. apríl 1998), [l. 78/1998](#) (tóku gildi 1. júlí 1998), [l. 121/1999](#) (tóku gildi 30. des. 1999), [l. 15/2000](#) (tóku gildi 28. apríl 2000), [l. 49/2000](#) (tóku gildi 26. maí 2000), [l. 155/2000](#) (tóku gildi 1. jan. 2001), [l. 56/2002](#) (tóku gildi 14. maí 2002), [l. 44/2003](#) (tóku gildi 3. apríl 2003), [l. 56/2004](#) (tóku gildi 14. júní 2004), [l. 46/2006](#) (tóku gildi 1. jan. 2007 nema 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða sem tóku gildi 16. júní 2006), [l. 85/2007](#) (tóku gildi 1. júlí 2007), [l. 34/2008](#) (tóku gildi 31. maí 2008 nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 8. maí 2008), [l. 82/2008](#) (tóku gildi 1. júní 2008, birt í Stjtið. 19. júní 2008), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og [l. 147/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009).

...

9. gr.

Handhafar lögregluvalds.

1. Ríkislögrelustjóri, [aðstoðarríkislögrelustjórar],¹⁾ lögrelustjórar, [aðstoðarlögrelustjórar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum],¹⁾ skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögrelustjóra og lögreglumenn fara með lögregluvald.

2. Dómsmálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.

3. [Áhafnir varðskipa og gæsluflugvéla]²⁾ fara með lögregluvald þegar þær annast eða aðstoða við löggæslu.

4. [[Tollstjóri, löglærðir fulltrúar hans]³⁾ og tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.]⁴⁾

5. Hreppstjórar fara með lögregluvald samkvæmt lögum um hreppstjóra.

6. Héraðslögreglumenn fara með lögregluvald þegar þeir gegna starfinu.

7. Þeir sem kvaddir eru lögreglu til aðstoðar lögum samkvæmt fara með lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum.

8. Nemar í Lögregluskóla ríkisins fara með lögregluvald þegar þeir gegna lögreglustarfi.

¹⁾L. 46/2006, 4. gr. ²⁾L. 29/1998, 3. gr. ³⁾L. 147/2008, 44. gr. ⁴⁾L. 155/2000, 24. gr.

...

14. gr.

Valdbeiting.

Handhöfum lögregluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

...

22. gr.

...
[Ákvæði 1. mgr. skal ekki vera því til fyrirstöðu að lögreglan veiti tollstjóra aðgang að málaskráum sínum og öðrum upplýsingum sem lögregla býr yfir og varða ætluð brot á tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða öðrum lögum sem tollstjóra ber að framfylgja, enda séu upplýsingarnar nauðsynlegar í þágu greiningarstarfs tollstjóra.]¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 45. gr.

...

26. gr.

Heimild til að fela lögreglu tollgæslustörf.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með samkomulagi við fjármálaráðherra að lögreglumenn skuli gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum sem settar eru í samráði við [tollstjóra]¹⁾. Þar sem slík starfstilhögun er ákveðin skal þess getið í auglýsingu um starf lögreglumanns.

¹⁾L. 147/2008, 46. gr.

Úr lögum

nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Tóku gildi 30. desember 1996. Breytt með l. 62/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 34/2007 (tóku gildi 30. mars 2007), l. 46/2008 (tóku gildi 6. júní 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 29/2009 (tóku gildi 2. apríl 2009).

...

IV. kafli. Gjaldtaka.

14. gr.

Til reksturs rafmagnsöryggismála sem [Neytendastofu]¹⁾ eru falin samkvæmt lögum þessum skal aflað fjár á eftirfarandi hátt:

...

5. [Vegna yfireftirlits Brunamálastofnunar og eftirlits Neytendastofu með rafföngum á markaði sem stofnanirnar láta framkvæma skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða eftirlitssgjald af eftirlitsskyldum rafföngum sem má vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru eða af sambærilegum gjaldstofni innlendirar vöru.

Ráðherra setur í reglugerð yfirlit yfir tollflokka raffanga sem eru gjaldskyld og skiptingu eftirlits raffanga á milli stofnananna. Undanþegin þessari gjaldtöku eru rafföng sem eru seld úr landi.]¹⁾

¹⁾L. 29/2009, 8. gr.

Sóttvarnalög

nr. 19/1997.

Tóku gildi 1. janúar 1998. Breytt með [l. 90/2000](#) (tóku gildi 1. sept. 2000), [l. 74/2002](#) (tóku gildi 17. maí 2002; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 36. gr.), [l. 93/2002](#) (tóku gildi 31. maí 2002), [l. 164/2002](#) (tóku gildi 1. jan. 2003), [l. 55/2004](#) (tóku gildi 14. júní 2004), [l. 76/2005](#) (tóku gildi 1. jan. 2006), [l. 43/2007](#) (tóku gildi 31. mars 2007), [l. 167/2007](#) (tóku gildi 1. jan. 2008), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), [l. 112/2008](#) (tóku gildi 1. okt. 2008 nema 12. tölul. 59. gr. sem tók gildi 25. sept. 2008; koma til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. mgr. 56. gr.) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. kafli.

Skilgreiningar.

1. gr.

Almennar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma.

Opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma:

1. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi,
2. þegar hætta er á útbreiðslu farsóttá innan lands,
3. þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

2. gr.

[Lög þessi fjalla um sjúkdóma og sjúkdómsvalda sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill, svo og aðrar alvarlegar næmar sóttir. Með sjúkdómum er átt við sjúkdóma eða smitun sem smitefni, örverur eða sníkjudýr valda og einnig alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar eitrefna og geislavirkra efna. Lögin taka einnig til óvenjulegra og óvæntra atburða sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar meðal þjóða heims.]¹⁾

¹⁾L. 43/2007, 1. gr.

3. gr.

[Ráðherra ákveður með reglugerð,¹⁾ að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eða sjúkdómar af völdum eitrefna og geislavirkra efna eru skráningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir sjúkdómar tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill. Einnig skal tilkynna um sérhverja þá atburði sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar á meðal þjóða heims, þ.m.t. atburði sem eru af óþekktri orsök eða uppruna.]²⁾

Með skráningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar, en með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda honum persónugreindar upplýsingar um sjúkdómstilvik.

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. [Skráin tekur til sjúkdóma, sjúkdómsvalda og atburða, sbr. 2. gr., ónæmisaðgerða, sbr. 1. tölul. 5. gr., og sýklalyfjanotkunar, sbr. 3. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknnum.]²⁾ Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og um aðrar sjúkraskrár.

[Sóttvarnalæknir skal fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlæknis skv. 27. gr. lyfjalaga og frá heilbrigðisstofnunum til að halda skrá um sýklalyfjanotkun. Upplýsingarnar skulu vera ópersónugreinanlegar.]³⁾

¹⁾Rg. 420/2008. ²⁾L. 43/2007, 2. gr. ³⁾L. 55/2004, 1. gr.

II. kafli.

Yfirstjórn sóttvarna.

4. gr.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn [velferðarráðherra]⁵⁾.

[Við embætti landlæknis skal starfa sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum. Sóttvarnalæknir skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.]¹⁾

Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við [yfirlækna heilsugæslu],²⁾ aðra starfsmenn og stofnanir heilbrigðisþjónustunnar, heilbrigðisnefndir og [Matvælastofnun]³⁾ eftir því sem við á.

[Ráðherra ákveður með reglugerð⁴⁾ hvaða yfirlæknar heilsugæslu skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis.]²⁾

[Yfirlæknar heilsugæslu, sbr. 4. mgr.],²⁾ og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögreglu yfirvalda ef með þarf.

¹⁾L. 90/2000, 1. gr. ²⁾L. 93/2002, 15. gr. ³⁾L. 167/2007, 77. gr. ⁴⁾Rg. 834/2007⁵⁾ l. 162/2010, 66. gr.

5. gr.

Verksvið sóttvarnalæknis er aðallega eftirfarandi:

1. Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
2. Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
- [3. Að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.]¹⁾
- [4.]¹⁾ Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, með reglubundnum hætti og eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
- [5.]¹⁾ Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.
- [6.]¹⁾ Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.

¹⁾L. 55/2004, 2. gr.

6. gr.

Ráðherra skal skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn. Þar skulu eiga sæti sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og

faraldsfræði/heilbrigðisfræði, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sviði sóttvarna. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Þegar fjallað er um mál í sóttvarnaráði, sem tengjast starfssviði [Umhverfisstofnunar]¹⁾, [Geislavarna ríkisins]²⁾ eða [Matvælastofnunar],³⁾ skulu fulltrúar þeirra stofnana sitja fundi ráðsins, eftir því sem við á, með málfrelsi og tillögurétti. Sóttvarnaráð mótar stefnu í sóttvörnum og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

¹⁾L. 164/2002, 26. gr. ²⁾L. 43/2007, 3. gr. ³⁾L. 167/2007, 77. gr.

III. kafli.

Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

7. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

Hver sá sem hefur ástæðu til að halda að hann hafi smitast af smitsjúkdómi sem ógnað geti öðrum mönnum er skyldur að leita læknis án tafar. Leiði læknisrannsókn í ljós að um slíkan sjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skyldur að fylgja fyrirmælum læknis um meðferð og ráðstafanir til að fyrirbyggja smitun.

Ef læknir telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi læknirinn því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til stofnunar sem aðstöðu hefur til að rekja smit. Skylt er hlutaðeigendum að hlýða fyrir-mælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar útbreiðslu smits frá sjúklingi.

2. Skyldur lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

8. gr.

Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

9. gr.

Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það [...] s¹⁾óttvarnalækni.

Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana. Rannsóknastofur, sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lög þessi taka til, skulu hafa starfsleyfi [ráðherra]²⁾.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að aðstoða [sóttvarnalækni og yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.],¹⁾ m.a. með því að veita upplýsingar sem þeir telja nauðsynlegar vegna sóttvarna.

[Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun, skipt eftir deildum þar sem það á við.]³⁾

¹⁾L. 93/2002, 16. gr. ²⁾L. 162/2010, 66. gr. ³⁾L. 55/2004, 3. gr.

10. gr.

Hafi læknir, sem hefur sjúkling til meðferðar sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrirmælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð skal hann tilkynna það þegar í stað til viðkomandi [yfirlæknis heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.],¹⁾ eða sóttvarnalæknis.

¹⁾L. 93/2002, 17. gr.

[3. Skyldur heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefnda, dýralækna, Geislavarna ríkisins, [Matvælastofnunar]¹⁾ og Umhverfisstofnunar.²⁾

¹⁾L. 167/2007, 77. gr. ²⁾L. 43/2007, 4. gr.

11. gr.

[Heilbrigðisfulltrúar, samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, dýralæknar og starfsmenn [Matvælastofnunar]¹⁾, Umhverfisstofnunar og Geislavarna ríkisins skulu tilkynna viðkomandi yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr., eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu eða hættu vegna eiturefna eða geislavirkra efna. Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr., eða sóttvarnalæknir skal á sama hátt tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd, dýralækni, [Matvælastofnun]¹⁾, Umhverfisstofnun eða Geislavörnum ríkisins, eftir því sem við á, strax og þeim verður kunnugt um smithættu eða hættu af völdum eiturefna eða geislavirkra efna. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Ráðherra skipar sérstaka samstarfsnefnd til að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna. Í nefndinni sitja sóttvarnalæknir, sem jafnframt er formaður, tveir fulltrúar tilnefndir af [Matvælastofnun]¹⁾ og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um smitsjúkdóma í dýrum, einn frá Geislavörnum ríkisins og tveir frá Umhverfisstofnun og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um eiturefni. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin skal gefa öllum þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna eða geislavirkra efna. Að öðru leyti skal framkvæmd vera í samræmi við lög þessi og, eftir því sem við á, sérlög um einstaka eftirlitsaðila.]²⁾

¹⁾L. 167/2007, 77. gr. ²⁾L. 43/2007, 4. gr.

IV. kafli.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir.*1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.*

12. gr.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera [ráðherra]⁴⁾ viðvart.

[Ráðherra ákveður að fenginni tillögu sóttvarnalæknis hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sóttthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns.]¹⁾ [Sóttvarnalæknir getur

beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef hann telur að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skal hann ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.]²⁾

[Brjótist út hópsýking eða farsótt sem ógnar heilsu manna skal sóttvarnalæknir gera faraldsfræðilega rannsókn á uppruna smits og hefur í slíkum tilvikum sama rétt til aðgangs að gögnum og til skoðunar og kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr.]³⁾

¹⁾L. 43/2007, 5. gr. ²⁾L. 93/2002, 19. gr. ³⁾L. 90/2000, 3. gr. ⁴⁾L. 162/2010, 66. gr.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

13. gr.

[Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, svo sem alþjóðaheilbrigðisreglugerðar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Sóttvarnalæknir er tengiliður Íslands við samsvarandi tengilið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.]¹⁾

¹⁾L. 43/2007, 6. gr.

3. Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

14. gr.

Nú telur sóttvarnalæknir er honum berst tilkynning um smitsjúkdóm að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smitunar sem ógnað getur almannaheill. Skal hann þá í samráði við [yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.]¹⁾, sjá til þess að til slíkra aðgerða sé gripið. Takist ekki samstarf við viðkomandi aðila getur hann, ef þurfa þykir, leitað aðstoðar lögreglu yfirvalda vegna aðgerða til varnar smiti. [Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.]¹⁾, getur einnig gripið til slíkra aðgerða í forföllum sóttvarnalæknis.

Með aðgerðum er átt við læknisrannsókn, einangrun hins smitaða á sjúkrahúsi og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Áður en gripið er til þvingunaraðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

Ákvörðun sóttvarnalæknis eða [yfirlæknis heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.]¹⁾, um aðgerðir af þessu tagi má kæra til [ráðherra]²⁾. Kæra frestar ekki framkvæmd.

[Telji sóttvarnalæknir hættu á að næmar sóttir sem ógnað geta almannaheill berist til landsins getur hann beint tilmælum til ráðherra um að setja reglugerð um að þeir sem koma til landsins og talin er hættu á að beri með sér slíkar sóttir skuli sæta læknisrannsókn [í samræmi við 23., 30.–32. og 45. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar]³⁾⁴⁾.

¹⁾L. 93/2002, 20. gr. ²⁾L. 162/2010, 66. gr. ³⁾L. 43/2007, 7. gr. ⁴⁾L. 90/2000, 4. gr.

15. gr.

Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti.

Telji sóttvarnalæknir nauðsynlegt að einstaklingur sé settur í einangrun skv. 14. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar og framkvæmdin er í andstöðu við hinn smitaða skal sóttvarnalæknir svo fljótt sem verða má bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóm í því umdæmi þar sem hinn smitaði dvelst þegar einangrunar er krafist. Í kröfu sóttvarnalæknis skal koma fram ítar-

leg lýsing á málavöxtum og nauðsyn einangrunar og tiltekinn sá tími sem einangrun er ætlað að vara, auk annarra gagna sem málið kunna að varða. Dómari skal taka málið fyrir án tafar og skipa þeim er sætir einangrun talsmann, ef hann óskar þess, samkvæmt ákvæðum laga um meðferð [sakamála]¹⁾ um verjendur og skal gefa honum kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður. Dómari getur aflað gagna af sjálfsdádóm. Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða falla niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn, en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki framkvæmd einangrunar.

Dómsathöfnum þeim, sem um ræðir í 2. mgr., má skjóta til Hæstaréttar með kæru og fer um hana eftir almennum reglum um kæru í einkamálum eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd einangrunar.

¹⁾L. 88/2008, 234. gr.

V. kafli.

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smitleiðir.

Á sjúkrahúsum, sem [ráðherra]¹⁾ ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

[Ráðherra]¹⁾ getur falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum.

¹⁾ L. 162/2010, 66. gr.

17. gr.

[Kostnaður sem hlýst af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja lögum um [sjúkratryggingar]¹⁾. Heimilt er þó með reglugerð að veita undanþágur frá greiðsluhlutdeild sjúklinga, svo sem þegar sjúklingar leita til göngudeilda smitsjúkdóma vegna greiningar og meðferðar tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, sjúklingar eru kvaddir til rannsókna til að leita að smiti og þegar fólki er gert að sæta læknisrannsókn.]²⁾

[Læknisskoðun sem gerð er vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi og er í samræmi við verklagsreglur sóttvarnalæknis skal greiðast að fullu af vinnuveitanda eða þeim sem sækir um dvalar- eða atvinnuleyfi. Leiði frekari læknisskoðun í ljós þörf fyrir frekari sértækar rannsóknir þá greiðir viðkomandi eða sjúkratrygging hans kostnað við þau heilsufarslegu vandamál sem greinast fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu. Vinnuveitandi greiðir læknisrannsókn sem hann óskar sérstaklega eftir.

Ef aðgerðir sóttvarnalæknis eru vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda og til þeirra er gripið á grundvelli alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem Ísland er aðili að, skulu ákvæði þeirra samninga gilda um greiðsluþátttöku sjúklinga.]³⁾

¹⁾L. 112/2008, 67. gr. ²⁾L. 90/2000, 5. gr. ³⁾L. 43/2007, 8. gr.

18. gr.

Ráðherra skal með reglugerð¹⁾ setja nánari ákvæði um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga skv. 3. gr., starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem löggin taka til skv. 9. gr., opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr., [heimild til að kveða á um læknisrannsókn eftir tilmælum sóttvarnalæknis skv. 14. gr.],²⁾ starfsemi göngudeilda skv. 16. gr. og hvaða deildir geti veitt þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu, skv. 17. gr. Þá er ráðherra heimilt að setja reglur ef grípa þarf til sérstakra ráðstafana vegna sóttvarna við náttúruhamfarir [og aðra vaf³⁾] og að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹⁾Rg. 221/2001, rg. 415/2004, rg. 414/2007, rg. 420/2008. ²⁾L. 90/2000, 6. gr. ³⁾L. 93/2002, 21. gr.

19. gr.

[...]¹⁾

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum.

¹⁾L. 88/2008, 234. gr.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Úr lögum

nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Tóku gildi 29. maí 1997. Breytt með l. 71/2000 (tóku gildi 2. júní 2000), l. 44/2003 (tóku gildi 3. apríl 2003), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 41/2008 (tóku gildi 5. júní 2008 nema 2. gr. sem tók gildi 1. jan. 2009), l. 82/2008 (tóku gildi 1. júní 2008, birt í Stjttð. 19. júní 2008) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

1. gr.

Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

...

15. gr.

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af efni og tækjum sem flutt eru hingað til lands eða framleidd eru hér á landi til varna gegn ofanflóðum.

Úr lögum

nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Tóku gildi 24. mars 1998. Breytt með l. 59/1999 (tóku gildi 30. mars 1999), l. 87/2001 (tóku gildi 15. júní 2001), l. 90/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 98/2002 (tóku gildi 31. maí 2002), l. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 150/2004 (tóku gildi 30. des. 2004), l. 125/2005 (tóku gildi 30. des. 2005), l. 20/2006 (taka gildi 1. júlí 2010), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 166/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009) og l. 9/2009 (tóku gildi 13. mars 2009).

I. KAFLI

Markmið, skilgreiningar og framkvæmd.

1. gr.

Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi.

2. gr.

Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr., að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra. [Lögin ná einnig til starfsemi og framkvæmda í efnahagslögsögunni vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis.]¹⁾

¹⁾L. 166/2008, 14. gr.

3. gr.

Hollustuhættir og mengunarvarnir taka í lögum þessum til hollustuverndar, mengunarvarnaeftirlits, vöktunar, tengdra rannsókna og fræðslu um þessi mál.

[*Hollustuvernd* tekur til eftirlits með ...¹⁾ fegrunar- og snyrtiefnum, eiturefnum og hættulegum efnum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra og öryggisþáttum þeim tengdum. Einnig tekur hún til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum ...¹⁾]²⁾

Mengunarvarnaeftirlit tekur til eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

Heilbrigðiseftirlit tekur til hollustuhátta og mengunarvarna.

Með *mengun* er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Með *bestu fánalegri tækni* er átt við framleiðsluaðferð og tækjakost sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með *fánalegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

Eftirlit merkir athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

Faggilding merkir aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni. Um faggildinguna fer samkvæmt [lögum nr. 100/1992](#), um vog, mál og faggildinguna.

Rannsóknir (prófanir) felast í greiningu sýna vegna eftirlits, eftirlitsverkefna, vöktunar og annarra þjónusturannsókna eða fyrirbyggjandi aðgerða á sviði hollustuhátta og mengunarvarna.

Vöktun merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

[*Grænt bókhald* er efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, aðallega í formi tölulegra upplýsinga. □*Skýrsla um grænt bókhald* merkir niðurstöður græns bókhalds fyrir hvert bókhaldstímabil þess.]³⁾

¹⁾L. 167/2007, 54. gr. ²⁾L. 98/2002, 1. gr. ³⁾L. 87/2001, 1. gr.

...

6. gr.

[Umhverfisstofnun]¹⁾ gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og talinn er upp í fylgiskjali með lögum þessum.

Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og ekki er talinn upp í fylgiskjali, sbr. 1. mgr., eftir því sem mælt er fyrir um í reglugerð.

[Umhverfisstofnun]¹⁾ skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur [Umhverfisstofnunar]¹⁾ innan átta vikna frá auglýsingu.

[Umhverfisstofnun]¹⁾ skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem athugasemdir hafa gert tilkynnt um afgreiðsluna.

Auglýsa skal í B-deild Stjórnartíðinda útgáfu og gildistöku starfsleyfa sem [Umhverfisstofnun]¹⁾ gefur út.

¹⁾L. 164/2002, 14. gr.

...

II. KAFLI

Stjórn, skipan og starfsmenn.

9. gr.

Umhverfisaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum nr. 106/1954 og skal hann semja við þar til bæra aðila samkvæmt mati [Umhverfisstofnunar]¹⁾ um framkvæmd eftirlits á varnarsvæðum. Utanríkisráðherra skal hafa samráð við umhverfisaráðherra um alla framkvæmd eftirlits á varnarsvæðum og gilda lög þessi eftir því sem við á.

Landlæknir er ráðgjafi ráðherra um það er að lögum þessum lýtur og undir embætti hans fellur.

Við setningu reglugerða samkvæmt lögum þessum skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga.

¹⁾L. 164/2002, 14. gr.

...

16. gr.

Þeir sem starfa samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Upplýsingar og tilkynningar heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu. Sama gildir um aðra sem starfa samkvæmt lögum þessum.

...

III. KAFLI [Umhverfisstofnun.]¹.

¹L. 164/2002, 14. gr.

18. gr.

[Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir lögin falla.]¹

Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og skal sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það með reglugerð að höfðu samráði við stofnunina þegar um landið allt er að ræða og við heilbrigðisnefndir þegar um einstök svæði er að ræða. Öll starfsemi stofnunarinnar, sem er í samkeppnisrekstri, skal vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi hennar. Undir þetta fellur m.a. sala á þjónustu, ráðgjöf, rannsóknunum og prófunum og hvers konar eftirlitsstarfsemi sem þar kann að vera stunduð.

Stofnunin skal sjá um gerð fræðsluefnis og upplýsa og fræða þá er starfa að heilbrigðiseftirliti.

¹L. 164/2002, 15. gr.

19. gr.

[Umhverfisstofnun]¹ skal vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits í landinu og koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að þessu markmiði gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina [sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja].²

¹L. 164/2002, 14. gr. ²L. 98/2002, 6. gr.

Úr vopnalögum nr. 16/1998.

Tóku gildi 1. september 1998 (sjá vefútgáfu Alþingis 1998 nr. 16 25. mars). Breytt með l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 19/1999 (tóku gildi 24. mars 1999), l. 24/2007 (tóku gildi 29. mars 2007) og l. 124/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008).

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Með vopni er í lögum þessum átt við hvert það tæki eða efni sem unnt er að beita til að deyða eða skaða heilsu manna eða dýra tímabundið eða varanlega, enda sé með tilliti til aðstæðna ástæða til að ætla að fyrirhugað sé að nota tækið eða efnið í slíkum tilgangi.

Með skotvopni er í lögum þessum átt við vopn eða tæki sem hægt er með sprengikrafti, samanþjöppuðu lofti eða á annan sambærilegan hátt að skjóta úr kúlum, höglum eða öðrum skeytum.

Með skotfærum er í lögum þessum átt við hvers konar skot eða skeyti sem gerð eru til að skjóta úr skotvopnum.

Með sprengiefni er í lögum þessum átt við fast eða fljótandi efni eða efnablöndu sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni, svo sem hvellhettur og kveikiþræði.

Með skoteldum er í lögum þessum átt við flugelda, reyk- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrautelda.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða nánar en um getur í 2.–5. mgr. hvaða efni og tæki skuli teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar og kveða nánar á um flokkun þeirra.

2. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um:

- a. skotvopn,
- b. skotfæri,
- c. sprengiefni,
- d. skotelda,
- e. önnur vopn, svo sem hnúajárn, örvaboga, högg-, stungu- eða eggvopn, rafmagnsvopn, gasvopn og táragesefni,
- f. efni og tæki sem samkvæmt skilgreiningu 1. gr. teljast ekki til skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda en hafa svipaða eiginleika og verkanir og
- g. eftirlíkingar þeirra vopna sem getur í a–f-liðum.

Ákvæði laganna gilda einnig um einstaka hluta þeirra efna og tækja sem tilgreind eru í 1. mgr., svo sem láshús, hlaup, hvellhettur og púður.

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um meðferð og notkun vopna sem greinir í 1. og 2. mgr. Þar er m.a. heimilt að kveða á um bann við einstökum vopnum.

3. gr.

Lög þessi gilda ekki um vopn, tæki og efni skv. 1. og 2. gr. sem eru í eigu Landhelgisgæslu, lögreglu, fangelsa eða erlendra lögreglumanna eða öryggisvarða sem starfa undir stjórn lögreglu. Ráðherra setur um þau sérstakar reglur.

Ákvæði laganna gilda ekki um eftirgreind tæki og efni, en ráðherra getur sett um þau sérstakar reglur:

- a. naglabyssur og skothamra sem ætluð eru til að nota í byggingariðnaði,

- b. línubyssur og tilheyrandi skotfæri, merkjabyssur eða önnur slík skotvopn og skotelda sem eingöngu eru notaðir við björgunarstörf,
- c. vopn og tæki sem eingöngu eru notuð við aflífun dýra í löggiltum sláturhúsum,
- d. önnur tæki og efni sem valda óverulegri hættu samkvæmt ákvörðun ráðherra.

II. KAFLI

Framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun.

4. gr.

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda í atvinnuskyni nema með leyfi [lögreglustjóra]¹⁾. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar [...] Vinnueftirlits ríkisins og slökkviliðsstjóra eða annarra yfirvalda er með brunamál fara.

Leyfi skv. 1. mgr. má aðeins veita þeim einstaklingi sem hefur skotvopnaleyfi og sýnir að öðru leyti fram á hæfni sína til framleiðslunnar.

Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi skv. 1. mgr., enda tilnefni það einn starfsmann sinn eða fleiri sem fullnægja skilyrðum 2. mgr. til þess að annast framleiðsluna.

Handhafa skotvopnaleyfis er heimilt að fengnu leyfi lögreglustjóra að hlaða skothylki til eigin nota í þau skotvopn sem hann hefur leyfi fyrir, enda sé heimilt að nota slík skotfæri hér á landi. Skilyrði slíks leyfis eru að lögreglustjóri telji viðkomandi hafa nægilega þekkingu til þess að hlaða skothylki og fara með hleðslubúnað, að hann hafi haft skotvopnaleyfi í a.m.k. eitt ár og gengist undir námskeið í hleðslu skotfæra, en ríkislögreglustjóri þarf að samþykkja námsefni og fyrirkomulag slíkra námskeiða. Í leyfi skal koma fram hversu mikið magn af púðri, hvellhettum og skothylkjum leyfishafa er heimilt að kaupa.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um réttindi og skyldur framleiðanda samkvæmt þessari grein, þar með talið um framleiðslu, búnað framleiðsluhúsnæðis og nauðsynlegar öryggisreglur. Áður en slík reglugerð er sett skal haft samráð við Vinnueftirlit ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins.

¹⁾L. 24/2007, 11. gr.

5. gr.

Enginn má flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda [í atvinnuskyni nema með leyfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu].¹⁾ Leyfi til verslunar með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda skv. 7. gr. felur jafnframt í sér leyfi til innflutnings á þeim vörum. [...] Áður en leyfi er veitt til innflutnings skotvopna skal leita umsagnar [...] slökkviliðsstjóra eða annarra yfirvalda er með brunamál fara. Sé sótt um leyfi til innflutnings á sprengiefni skal og leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins.

[Lögreglustjóra]¹⁾ er heimilt að veita þeim sem hafa skotvopnaleyfi leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð.

Óheimilt er að flytja til landsins eða framleiða skotvopn sem ekki eru númeruð eintaksnúmeri framleiðanda. [Lögreglustjóra]¹⁾ er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar skotvopn hefur ótvírætt söfnunargildi.

Óheimilt er að flytja inn eða framleiða:

- a. sjálfvirka eða hálf sjálfvirka skammbyssu,
- b. sjálfvirkan eða hálf sjálfvirkan riffil,
- c. sjálfvirka haglabyssu,
- d. hálf sjálfvirka eða handhlaðna fjölskota haglabyssu með skothylkjahólfum sem tekur fleiri en tvö skothylki nema henni hafi verið breytt til samræmis við þennan áskilnað.

Innflutningur og framleiðsla á eftirlíkingum vopna Innflutningsbann: er bannaður, enda sé ástæða til að ætla að erfitt sé að greina þær frá fyrirmyndinni.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða eiga sérstaklega hættulegar tegundir vopna, eða hluta þeirra, sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði, svo og slík skotfæri, skotelda og sprengiefni.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–6. mgr. er heimilt með leyfi [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra],¹⁾ að framleiða vopn til útflutnings. [Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu getur og, að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra],¹⁾ heimilað innflutning slíkra vopna ef þau hafa ótvírætt söfnunargildi vegna aldurs þeirra eða tengsla við sögu landsins. [Sama gildir ef slík vopn eru sérhönnuð og sannanlega ætluð til þróttaiðkunar skv. 17. gr.]²⁾

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd innflutnings samkvæmt þessari grein, m.a. um staðfestingu lögreglustjóra á vörureikningum áður en tollafgreiðsla fer fram, um innflutning þeirra efna og tækja sem greind eru í 3.–6. mgr. og eftirlíkinga þeirra. Í reglugerðinni er einnig heimilt að ákveða nánar hvaða efni og tæki megi flytja til landsins og um prófun þeirra, merkingar og gæðaeftirlit.

¹⁾L. 24/2007, 12. gr. ²⁾L. 19/1999, 1. gr.

6. gr.

[Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi lögreglustjóra, enda liggja fyrir staðfesting frá þar til bærum yfirvöldum um heimild fyrir innflutningi. Ákvæði þetta á aðeins við þegar um varanlegan útflutning er að ræða.]¹⁾

Ekki þarf leyfi fyrir greindum tækjum og efnum sem flutt eru úr landi með skipum eða flugförum ef þessar vörur teljast vera nauðsynlegur búnaður skips eða flugfars.

¹⁾L. 24/2007, 13. gr.

7. gr.

Enginn má versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema að fengnu leyfi [lögreglustjóra].¹⁾

Leyfi skv. 1. mgr. má aðeins veita þeim einstaklingi sem hefur verslunarleyfi og skotvopnaleyfi eða sérþekkingu á þeim vörum sem þar um ræðir eftir nánari reglum sem ráðherra setur.

Leyfi skv. 1. mgr. má veita skrásettu firma eða félagi sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann sem fullnægi skilyrðum 2. mgr. og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

[Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félagasamtökum leyfi til að selja skotelda í smásölu.]¹⁾

Aðeins skal veita þeim leyfi skv. 1. mgr. sem hafa til umráða fullnægjandi húsnaði til þess að geyma í þargreindar vörur. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um slíkt húsnaði og um vörslu varanna.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal leita umsagnar viðkomandi ...¹⁾ slökkviliðsstjóra eða annarra yfirvalda sem með brunamál fara.

Leyfi skv. 1. mgr. skal ekki veita til lengri tíma en fimm ára eða til skemmri tíma ef ástæða þykir til að mati [lögreglustjóra].¹⁾

¹⁾L. 24/2007, 14. gr.

8. gr.

[Lögreglustjóra]¹⁾ er heimilt að veita leyfi til reksturs skotvopnaleygu, enda sé fullnægt ákvæðum 2., 3., 5., 6. og 7. mgr. 7. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um rekstur skotvopnaleygu og þar skal m.a. kveða nánar á um skilyrði sem leigutaki og leigusali skulu fullnægja, svo og um starfsemina að öðru leyti.

¹⁾L. 24/2007, 15. gr.

9. gr.

Verslunareigandi, innflytjandi eða framleiðandi skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda skal halda færslubók yfir keypt og seld skotvopn og skotfæri. Skal hann gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar, krafist þess að fá aðgang að húsnæði þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

...

V. KAFLI

Meðferð annarra vopna.

30. gr.

Vopnaburður á almannafæri er bannaður. Heimilt er að bera á sér bitvopn þar sem eðlilegt og sjálfsagt getur talist, svo sem við vinnu eða veiðar eða í öðrum tilvikum þegar engin hættu er því samfara.

Bannað er að flytja til landsins, framleiða, eignast eða hafa í vörslum sínum:

- a. bitvopn ef blaðið er lengra en 12 sm, enda sé það ekki ætlað til notkunar við heimilis hald eða atvinnu,
- b. fjaðrahníf, fjaðrarýting, fallhníf, fallrýting, stunguvopn eða önnur slík vopn,
- c. höggvopn, svo sem hnúajárn, gaddakylfu, felukylfu, kylfu sem ekki er ætluð til íþróttatækis eða önnur slík vopn, svo og rafmagnsvopn,
- d. sverð, sem eru sambland högg- og bitvopna,
- e. kaststjörnu, kasthníf eða önnur slík vopn,

- f. lásboga, langboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn, svo og örvarodda. Þetta tekur þó ekki til boga sem ætlaðir eru til æfinga eða keppni í bogfimi.

Heimilt er að víkja frá banni 2. mgr. með leyfi ríkislögreglustjóra ef vopn hefur söfnunargildi eða sérstakar ástæður mæla með.

Öðrum en lögreglu er óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eignast handjárn og fótajárn úr málmum eða öðru efni. [Sama gildir um úðavopn, svo sem gasvopn og táragasvopn.]¹⁾

¹⁾L. 24/2007, 19. gr.

31. gr.

Barni yngra en 16 ára má ekki selja eða afhenda örvarboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar.

...

36. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum [...] eða fangelsi allt að 4 árum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eru refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

¹⁾L. 82/1998, 242. gr.

37. gr.

Skotvopn skotfæri, sprengiefni og skotelda, sem flutt hafa verið til landsins eða framleidd eru í landinu án heimildar eða finnast vörslulaus eða í vörslu manns án heimildar, skal gera upptæk til ríkissjóðs. Jafnframt skal gera upptæk með sama hætti önnur vopn sem ólög-mæt teljast samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Nú fremur maður brot með nefndum tækjum eða efnum og skilyrði til upptöku þeirra er fyrir hendi, og er þá heimilt, ef brot er stórfellt, að gera einnig upptæk önnur slík tæki og efni sem sökunautur hefur leyfi fyrir.

Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

Ríkislögreglustjóri ákvarðar hvernig geymslu og ráðstöfun þeirra vopna er háttað sem haldlögð eru vegna afturköllunar leyfis eða gerð eru upptæk samkvæmt kafla þessum.

...

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1998. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

Úr lögum

nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Tóku gildi 18. júní 1998, sjá þó 34. gr. EES-samningurinn: I. viðauki tilskipun 91/492/EBE, 91/493/EBE og 92/48/EBE. Breytt með l. 121/1998 (tóku gildi 30. okt. 1998; EES-samningurinn), l. 134/1998 (tóku gildi 30. des. 1998 nema a-liður 2. gr. sem tók gildi 1. apríl 1999; EES-samningurinn: I. viðauki tilskipun 90/425/EBE og 91/496/EBE), l. 115/1999 (tóku gildi 30. des. 1999; EES-samningurinn: I. viðauki tilskipun 85/73/EBE, 90/425/EBE og 91/493/EBE), l. 91/2000 (tóku gildi 6. júní 2000; EES-samningurinn: I. viðauki tilskipun 91/493/EBE og 92/48/EBE), l. 79/2001 (tóku gildi 15. júní 2001; EES-samningurinn: I. viðauki tilskipun 90/425/EBE og 91/496/EBE), l. 40/2004 (tóku gildi 26. maí 2004), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja neytendum að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, standist settar kröfur um gæði, séu unnar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður og að merkingar og upplýsingar um þær séu fullnægjandi.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum telst:

Sjávarafli: Öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápýr, liðdýr og lindýr.

Fiskafurðir: Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.

Sjávarafurðir: Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Dreifing: Hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talinn innflutningur, útflutningur, sala og geymsla.

Eldisfiskur: Öll lagardýr sem klakist hafa út eða verið alin við stýrðar aðstæður eða afurðir unnar úr þeim. Sjávar- eða ferskvatnsfiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingar, sem teknir eru úr náttúrulegu umhverfi sínu og aldir þangað til þeir hafa náð æskilegri sölustærð til manneldis, teljast einnig til eldisfiska. Fiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingar, sem náð hafa sölustærð, teknir hafa verið úr náttúrulegu umhverfi sínu og haldið lifandi til sölu síðar, teljast ekki til eldisfiska ef þeim er aðeins haldið lifandi án þess að reynt sé að auka við stærð þeirra eða þyngd.

Eldisafurðir: Heill eldisfiskur eins og honum er dreift til neyslu eða afurðir unnar úr honum.

Fiskmarkaður: Uppboðs- eða heildsölumarkaður fyrir sjávarafla.

Flutningataeki: Þeir hlutar vélknúinna ökutækja, járnbrautarvagna eða loftfara sem ætlaðir eru fyrir vörur, svo sem lestir skipa og gámar til vöruflutninga á landi, sjó eða í lofti.

Hollustuhættir Allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og hollustu sjávarafurða.

Hreinn sjór: Sjór eða sjóblandað vatn sem ekki er mengað örverugróðri, hættulegum efnum og/eða eitruðu sjávarsvifi að því marki að það geti spillt heilnæmi fiskafurða og sem notað er við þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum þessum.

Neysluvatn: Vatn sem fullnægir kröfum íslenskra yfirvalda um gæði drykkjarvatns.

Pökkun: Sú aðgerð að vernda fiskafurðir með umbúðum, ílátum eða öðrum viðeigandi umbúnaði.

Vinnsluskip: Skip þar sem sjávarafli er unninn um borð, honum pakkað og hann hefur verið flakaður, flattur, sneiddur, roðreginn, hakkaður, frystur eða verkaður á annan hátt. [Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski, heilfrysting rækju eða suða á rækju og skelfiski teljast ekki vinnsluskip í skilningi laga þessara.]¹⁾

Vinnslustöð: Hver sú aðstaða þar sem sjávarafurðir eru tilreiddar, verkaðar, unnar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar. Fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu teljast ekki vinnslustöð.

¹⁾L. 134/1998, 1. gr.

3. gr.

[Lög þessi gilda um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og einnig um eftirlit með slátrun, vinnslu, pökkun og dreifingu hafbeitar-, vatna- og eldisfisks.]¹⁾

Lögin taka ekki til smásöluverslunar innan lands.

¹⁾L. 40/2004, 1. gr.

4. gr.

[Matvælastofnun]¹⁾ annast framkvæmd laga þessara og reglna settra með stoð í þeim.

¹⁾L. 167/2007, 51. gr.

...

11. gr.

Sjávarafurðir skulu vera rétt og greinilega merktar þannig að þær upplýsingar, sem fram koma, séu ekki villandi. Á umbúðum skal koma fram nafn Íslands, óstytt eða skammstafað IS, og leyfisnúmer viðkomandi starfs- eða vinnsluleyfishafa þannig að unnt sé að rekja uppruna afurðanna til framleiðandans. Sé afurðin send ópökkuð skulu sömu upplýsingar koma fram í fylgiskjólum. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

III. KAFLI

Leyfisveitingar og eftirlit.

14. gr.

[Allar vinnslustöðvar, þar með talin vinnsluskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. [lög nr. 38/1990](#), um stjórn fiskveiða, skulu hafa tölusett vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum. Sama gildir um fiskmjölsverksmiðjur, framleiðslustöðvar dýrafóðurs úr sjávarafurðum og stöðvar þar sem slátrun, vinnsla eða þökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks fer fram. Ráðherra getur í reglugerð¹⁾ sett nánari reglur um búnað vinnslustöðva þar sem slátrun á eldisfiski fer fram og um eftirlit með slátrun á eldisfiski.]²⁾

Fiskiskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. [lög nr. 38/1990](#), önnur en vinnsluskip, svo og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu, skulu hafa starfsleyfi.

[Matvælastofnun]³⁾ veitir vinnsluleyfi og starfsleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað, sbr. 15. gr. ef við á, og samning við faggitla skoðunarstofu, sbr. 16. gr. Vinnsluleyfi skal binda vinnslu tilgreindra afurða.

Óheimilt er að veiða, vinna eða geyma sjávarafurðir án vinnslu- eða starfsleyfis.

[Matvælastofnun]³⁾ heldur skrá yfir vinnslu- og starfsleyfishafa sem skal senda til [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis],⁴⁾ Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra erlendra eftirlitsaðila sem þess óska.

Ráðherra getur sett nánari reglur um veitingu leyfa og skráningu þeirra.

¹⁾Rg. 238/2003, sbr. 485/2003 og 515/2004. ²⁾L. 40/2004, 2. gr. ³⁾L. 167/2007, 51. gr. ⁴⁾L. 167/2007, 52. gr.

15. gr.

Forsvarsmenn vinnslustöðva bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit¹⁾ með vinnslunni og starfseminni til þess að tryggja að hvort tveggja sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við eðli og umfang vinnslunnar og starfseminnar og byggt á eftirfarandi meginatriðum:

1. Að skráð séu með tilliti til eðlis starfseminnar þau atriði sem farið geta úrskaiðis eða valdið skaða á afurðum, svo sem við veiðar, vinnslu, flutning eða geymslu.
2. Að á staðnum sé starfsmaður með sérþekkingu á viðkomandi vinnslu og fyrir hendi séu skráðar vinnureglur, lýsing á skiptingu ábyrgðar í viðkomandi fyrirtæki og til hvaða aðgerða grípa skuli sé aðstæðum ábótavant eða ef sjávarafurðir uppfylla ekki settar kröfur.
3. Að tekin séu reglulega sýni í framleiðslunni til greiningar á viðurkenndri rannsóknastofu til að sannprófa að aðferðir við þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi.
4. Að haldin sé aðgengileg skrá um afla, vinnslu og birgðir.
5. Að teknar séu upp skráðar vinnureglur til að fylgjast með og hafa stjórn á þeim atriðum sem getið er í 1.– 4. tölul.

Niðurstöður eftirlits, rannsókna og prófana skal varðveita a.m.k. einu ári lengur en geymsluþol vörunnar segir til um, þó aldrei skemur en í tvö ár.

¹⁾Rg. 588/1997.

...

18. gr.

[Matvælastofnun]¹⁾ gefur út opinber útflutningsvottorð fyrir sjávarafurðir sé þess krafist.

¹⁾L. 167/2007, 51. gr.

IV. KAFLI

Innflutningur sjávarafurð.

Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

21. gr.

Innflytjandi sjávarafurða sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna [Matvælastofnun]¹⁾ um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.

Vinnsluleyfishafi, sbr. 14. gr., eða annar viðtakandi þessara sjávarafurða skal halda dagbók yfir móttæknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

[Matvælastofnun]¹⁾ er heimil skyndiskoðun á þessum sjávarafurðum og sýnataka til rannsókna.

[Matvælastofnun]¹⁾ skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni af henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni til vinnslu eða umpökkunar hjá viðurkenndum vinnsluleyfishafa. Afla fiskiskipa frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem landað er hér á landi, skal skoða á sama hátt og afla íslenskra skipa.

[Matvælastofnun]¹⁾ skal leggja áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

¹⁾L. 167/2007, 51. gr.

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

22. gr.

Allur innflutningur lifandi fisks og fiskafurða, að meðtöldu fiskimjöli, frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar eða hafnir sem heimild hafa fyrir innflutningi, sbr. V. kafla þessara laga. Heimilt er að landa [ferskum]¹⁾ afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið]²⁾ getur veitt undanþágu frá 1. mgr. ef sérstakar ástæður réttlæta slíkt eða ef fram kemur rökstudd beiðni þar að lútandi frá yfirvöldum í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Innflutningur á sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum [og vinnsluskipum]¹⁾ sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með sjávarafurðum uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins. [Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að 1. másl. skuli einnig eiga við um fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski eða heilfrysting rækju.]³⁾

[Um innflutning á sjávarafurðum frá Liechtenstein fer eins og um innflutning slíkra afurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.]⁴⁾

¹⁾L. 134/1998, 2. gr. ²⁾L. 167/2007, 52. gr. ³⁾L. 91/2000, 1. gr. ⁴⁾L. 115/1999, 1. gr.

1)L. 134/1998, 2. gr. 2)L. 167/2007, 52. gr. 3)L. 91/2000, 1. gr. 4)L. 115/1999, 1. gr.

23. gr.

[[Matvælastofnun]¹⁾ heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 22. gr. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.]²⁾

¹⁾L. 167/2007, 51. gr. ²⁾L. 115/1999, 2. gr.

Öryggisákvæði.

24. gr.

Í þeim tilfellum þegar sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði almennings eða heilbrigði dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna og dýra réttlætir slíkt getur ráðuneytið án fyrirvara stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

V. KAFLI

Landamærastöðvar.

25. gr.

Eftirlitsmenn [Matvælastofnunar]¹⁾ eða aðrir þar til bærir eftirlitsaðilar annast eftirlit með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því skyni skal setja á fót landamærastöðvar þar sem starfi eftirlitsmenn sem eru sérþjálfaðir til þessara starfa og séu ábyrgir fyrir nauðsynlegum skoðunum á sjávarafurðum sem um stöðvarnar fara.

Tilkynna skal [Matvælastofnun]¹⁾ fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

¹⁾L. 167/2007, 51. gr.

26. gr.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað og að sendingin sé frá vinnslustöð, [vinnsluskipi eða frystiskipi, sbr. 2. másl. 3. mgr. 22. gr.],¹⁾ sem er á skrá [Matvælastofnunar]²⁾ yfir viðurkennda aðila, sbr. 23. gr. þessara laga.

Eftirlitsmaður skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal hann í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í fiskimjöl, enda sé hún laus við eiturefni.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Í tollvörugeymslu skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu.

¹⁾L. 91/2000, 2. gr. ²⁾L. 167/2007, 51. gr.

27. gr.

Innflytjandi eða annar viðtakandi sjávarafurða sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna [Matvælastofnun]¹⁾ með hæfilegum fyrirvara hvert afurðirnar verða sendar og tilgreina magn, tegund og hvenær áætlað er að þær berist.

¹⁾L. 167/2007, 51. gr.

Um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit.

28. gr.

[Matvælastofnun]¹⁾ skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með sjávarafurðum frá viðurkenndum framleiðendum, [frystiskipum]²⁾ [og vinnsluskipum]³⁾ utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrir hvert tonn af fyrstu 100 tonnum af innfluttum sjávarafurðum úr sömu sendingu skal greiða 405 kr. Fyrir hvert tonn þar umfram skal lækka gjaldið í 202 kr. Þó skal gjald af heilfrystum fiski sem aðeins hefur verið slægður lækka í 121 kr. fyrir hvert tonn. Fyrir hverja sendingu skal þó aldrei greiða minna en 2.460 kr.

Heimilt er að breyta framangreindum gjöldum með tilliti til breytinga á meðalgengi Evrópumyntar (ECU). Grunngjaldið er miðað við gengi Evrópumyntar í mars 1997 eða 81 kr. Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða á landamærastöð.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvörugeymslu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvörugeymslu.

¹⁾L. 167/2007, 51. gr. ²⁾L. 115/1999, 4. gr. ³⁾L. 134/1998, 2. gr.

29. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fjölda landamærastöðva, staðsetningu þeirra, rekstur, búnað, útgáfu vottorða, tíðni skoðana, sýnatökur og rannsóknir. Með reglugerð skal einnig kveðið á um hvaða sendingar séu undanþegnar skoðunum og um nánara fyrirkomulag við gjaldtöku, þar á meðal um lækkunarheimildir og innheimtu.

...

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla niður lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Einnig falla þá úr gildi eftirfarandi lög um breytingu á þeim lögum: nr. 58/1994, 85/1995, 89/1997 og 114/1997.

Þrátt fyrir 1. mgr. taka IV. og V. kafli þessara laga um innflutning sjávarafurða og landamærastöðvar gildi [1. janúar 1999.]¹⁾

¹⁾L. 121/1998, 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

[Til og með 31. desember 2002]¹⁾ skal sjávarútvegsráðherra veita leyfi fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdyra, liðdyra eða lindýra, sem lifa í söltu vatni, að uppfylltum settum skilyrðum. Ráðuneytið skal leita umsagnar yfirdýralæknis um leyfisveitingarnar og hafa hliðsjón af lögum um innflutning dýra eftir því sem við getur átt.

¹⁾L. 79/2001, 1. gr.

Lög nr. 60/1998 um loftferðir.

Tóku gildi 18. júní 1998. EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 80/51/EBE, 80/1266/EBE og 89/629/EBE og XIII. viðauki reglugerð 2407/92 (EBE), 2408/92 (EBE) og 2027/97 (EB), tilskipun 91/670/EBE. Breytt með [l. 74/2000](#) (tóku gildi 2. júní 2000), [l. 148/2001](#) (tóku gildi 1. jan. 2002), [l. 21/2002](#) (tóku gildi 3. apríl 2002), [l. 73/2002](#) (tóku gildi 4. nóv. 2002, sbr. [l. 111/2002](#)), [l. 72/2003](#) (tóku gildi 10. apríl 2003), [l. 88/2004](#) (tóku gildi 2. júlí 2004; EES-samningurinn: XIII. viðauki reglugerð 295/91 (EBE) og 1592/2002 (EB)), [l. 75/2005](#) (tóku gildi 9. júní 2005), [l. 34/2006](#) (tóku gildi 1. júní 2006), [l. 100/2006](#) (tóku gildi 1. jan. 2007), [l. 102/2006](#) (tóku gildi 30. júní 2006 nema 14. gr. sem tók gildi 1. jan. 2007), [l. 108/2006](#) (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), [l. 165/2006](#) (tóku gildi 1. jan. 2007 nema 4. gr. sem tók gildi 1. jan. 2008), [l. 171/2006](#) (tóku gildi 1. jan. 2007), [l. 57/2007](#) (tóku gildi 3. apríl 2007), [l. 76/2008](#) (tóku gildi 19. júní 2008), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), [l. 15/2009](#) (tóku gildi 18. mars 2009), [l. 87/2010](#) (tóku gildi 2. júlí 2010 nema 8. gr. sem tók gildi 1. jan. 2011) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. kafli. Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda á íslensku yfirráðasvæði og um borð í íslenskum loftförum hvar sem þau eru stödd, nema samningar við önnur ríki eða lög þess ríkis er loftfarið fer um leiði til annars.

[Ráðherra]¹⁾ ákveður¹⁾ að hve miklu leyti reglur settar samkvæmt heimild í lögum þessum gildi utan íslensks yfirráðasvæðis.

¹⁾L. 87/2010, 1. gr. ²⁾Augl. 55/1992, sbr. 206/1996, 500/2000 og 578/2001.

2. gr.

Loftfar samkvæmt lögum þessum telst sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

[Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja reglur um tæki sem ætluð eru til að hreyfast um loftið en eru eigi loftför.

Ráðherra getur undanþegið ákvæðum laga þessara eða sett sérreglur um loftför sem ekki hafa stjórnanda innan borðs, eru ekki knúin hreyfli eða eru annars sérstakrar tegundar.

¹⁾L. 87/2010, 1. gr

3. gr.

Loftfari er aðeins heimil ferð um íslenskt yfirráðasvæði að uppfylltu einhverju af eftirfarandi skilyrðum:

- a. Það hafi íslenskt þjóðerni.
- b. Það hafi þjóðerni ríkis sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenskt yfirráðasvæði.
- c. [Það hafi leyfi frá [ráðherra]¹⁾ eða þeim sem hann felur leyfisveitinguna til ferðar um íslenskt yfirráðasvæði.]²⁾

[Leyfi skv. c-lið 1. mgr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast og eru slík leyfi afturkallanleg án fyrirvara. [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja nánari reglur³⁾ um framkvæmd leyfisveitinga.]²⁾

¹⁾L. 87/2010, 1. gr. ²⁾L. 75/2005, 1. gr. ³⁾Rg. 904/2005. Rg. 277/2008, sbr. 396/2008, 826/2008, 1185/2008, 464/2009, 181/2010 og 675/2010. Rg. 969/2008.

4. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna almannaöryggis eða allsherjarreglu, getur [ráðherra]¹⁾ takmarkað eða bannað loftferðir almennt eða um hluta af íslensku yfirráðasvæði. Flugmálastjórn er heimilt að banna flug yfir hljóðhraða innan íslensks yfirráðasvæðis.

¹⁾L. 87/2010, 1. gr.

[5. gr.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að banna flug loftfara sem skrásett eru eða starfrækt frá tilteknum ríkjum og/eða flugrekendum í íslenski lofthelgi á grundvelli flugöryggis. Flugmálastjórn skal heimilt að miðla upplýsingum um slíkt bann til almennings, alþjóðlegra stofnana og ríkja. Nánar skal kveðið á um setningu slíks banns, skilyrði, framkvæmd, afléttingu þess og upplýsingamiðlun í reglugerð.¹⁾²⁾

¹⁾Rg. 752/2007, sbr. 291/2009; rg. 277/2008, sbr. 396/2008, 826/2008 og 1185/2008. ²⁾L. 165/2006, 1. gr.

...

III. kafli. Skrá um íslensk loftför.

9. gr.

Flugmálastjórn skal halda skrá um íslensk loftför, loftfaraskrá.

Hafi loftfar verið skráð samkvæmt ákvæðum laga þessara hlýtur það íslenskt þjóðerni og Flugmálastjórn gefur út númerað þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa loftfarinu. Loftfarið hefur íslenskt þjóðerni meðan skírteinið heldur gildi sínu.

Þegar loftfar er skráð skal merkja það íslensku þjóðernismerki og skrásetningarmerki og gefa því skrásetningarnúmer. Þjóðernis- og skráningarmerki skal loftfarið bera meðan skrásetning þess er í gildi. Skrásetningarnúmeri má ekki breyta.

Um skrásetningu réttinda í loftförum gilda sérstök lög. Sýslumaðurinn í Reykjavík annast framkvæmd þeirrar réttindaskrár.

Flugmálastjórn skal tilkynna skrásetjara réttinda í loftförum svo fljótt sem verða má allar breytingar er verða á loftfaraskrá.

...

19. gr.

Í íslensku loftfari, sem er í flugferðum samkvæmt lögum þessum, skal vera:

- staðfesting á þjóðernisskráningu,
- [gilt lofthæfivottorð eða gild heimild til starfrækslu loftfars, eftir því sem við á],¹⁾
- gilt leyfisbréf fyrir hvern flugliða sem skylt er að beri skírteini við starf sitt,
- oftferðadagbók,
- alstöðvarskírteini,
- farþegalisti, ef loftfarið flytur farþega í flugi milli landa, og skulu þar greind nöfn þeirra, flugvöllur þar sem þeir eru teknir og flugvöllur sá er þeir ætla til; farþegalisti

skal jafnframt liggja frammi í brottfararflughöfn, og gildir það einnig um innanlandsflug,

g. farmskírteini og sundurliðuð skýrsla um farm, ef það flytur farm í flugi milli landa.

Í erlendu loftfari á íslensku yfirráðasvæði skulu vera samsvarandi skilríki frá viðkomandi erlendu ríki eða ríkjum sem rétt hafa til flugferða um íslenskt yfirráðasvæði.

Sá sem hagsmuna hefur að gæta að lögum hefur rétt til að kynna sér efni dagbóka og annarra loftfarsskjala.

Ef ekki er öðruvísi mælt í sérstökum lögum setur Flugmálastjórn reglur um dagbækur og önnur loftfarsskjöl, vist þeirra í loftfari og, ef þurfa þykir, gerð þeirra, ritun og geymslu.

¹⁾L. 87/2010, 3. gr.

...

V. kafli. Flugverjar.

29. gr.

Hvert það loftfar sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum skal skipað áhöfn í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda. Í áhöfn eru starfsmenn sem gegna starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur, enda telst starf þeirra nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Skráður umráðandi samkvæmt loftfaraskrá og flugstjóri loftfars ábyrgjast að það sé réttilega skipað áhöfn.

...

40. gr.

Flugstjóri skal vera í hverju því íslensku loftfari sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum.

Flugstjóri hefur æðsta vald í loftfari.

41 gr.

Flugstjóri sér um að loftfar hafi ferðbundið lofthæfi og sé tilhlýðilega búið, skipað áhöfn og fermt, og að flug sé að öðru leyti undirbúið og framkvæmt samkvæmt gildandi reglum.

Flugstjóri skal tilkynna¹⁾ Flugmálastjórn um atriði sem máli skipta um lofthæfi og láta henni í té skýrslur sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu. Honum er skylt samkvæmt reglum er Flugmálastjórn setur að gefa Flugmálastjórn skýrslur um atriði sem máli skipta þegar meta skal starfshæfni flugverja.

¹⁾L. 21/2002, 5. gr.

42. gr.

Flugstjóri hefur undir sinni forsjá loftfar, áhöfn, farþega og farm.

Honum er heimilt, þegar hann telur nauðsyn til, að setja flugverja um stundarsakir til annarrar þjónustu en þeirrar sem þeir eru ráðnir til.

[Farþegum er skylt að fara eftir fyrirmælum flugstjóra eða annarra flugverja um góða hegðun og reglu í loftfari.]¹⁾

Flugstjóra er heimilt, þegar nauðsyn ber til, að synja viðtöku í loftfar eða vísa úr því flugverjum, farþegum eða varningi og farangri.

¹⁾L. 21/2002, 6. gr.

[42. gr. a

Flugmálastjórn Íslands setur reglur um takmarkanir á veitingu áfengis til farþega og um meðferð öryggisbúnaðar og raftækja um borð í íslenskum loftförum, eftir því sem stofnunin telur nauðsynlegt í þágu flugöryggis.]¹⁾

¹⁾L. 21/2002, 6. gr.

43. gr.

Flugstjóra er heimilt að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig, enda sé það nauðsynlegt til að halda uppi góðri hegðun og reglu í loftfari.

Ef loftfar er í hættu statt eða annars konar neyðarástand er fyrir hendi er flugstjóra heimilt að beita hverri þeirri aðferð sem nauðsynleg er til að koma á reglu og hlýðni. Hverjum flugverja er skylt, án þess að á hann sé skorað, að veita flugstjóra aðstoð.

Ef manni, sem neitar að hlýða, er veittur áverki getur hann einungis komið fram ábyrgð af þeim sökum að harðari aðferðum hafi verið beitt en ástæða var til.

44. gr.

Ef stórfellt lögbrot er framið í loftfari ber flugstjóra að gera þær ráðstafanir sem hann getur og nauðsynlegar eru til að afla rétttrar vitneskju um málið og sem eigi má að meinalausu fresta.

Flugstjóri skal, svo sem kostur er, sjá um að hinn grunaði komist eigi undan og er flugstjóra heimilt, ef nauðsyn ber til, að setja hann í gæslu uns hann verður afhentur lögreglu á Íslandi eða yfirvöldum er í hlut eiga erlendis.

Flugstjóra er heimilt að taka í sína umsjá hluti sem ætla má að séu sönnunargögn uns þeir verða afhentir lögreglu eða yfirvöldum.

45. gr.

Flugstjóri ber ábyrgð á að lögmæltar dagbækur og önnur flugskjöl séu í loftfari og að skráð sé í bækur þessar og skjöl svo sem lög og stjórnvaldsfyrirmæli segja til um.

...

VII. kafli. Flugvellir og flugleiðsaga.

56. gr.

[Flugvöllur telst afmarkað landsvæði, að meðtöldum byggingum og búnaði sem ætlað er til afnota við komur, brottfarir og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. Flugvellir og búnaður þeirra skulu fullnægja þeim kröfum sem [ráðherra]¹⁾ setur í reglugerð²⁾ eða gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Í reglugerð um flugvelli skulu þeir flokkaðir eftir þjónustustigi og lágmarksflugvallarþjónusta skilgreind. Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að flugvellir uppfylli gerðar kröfur.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugvallar í þágu almenningsflugs og skal þá umráðamaður og/eða eigandi hans sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir fyrirhugaða opnun hans. Umsókn fylgi umsögn þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Að fullnægðum þeim kröfum sem settar eru skal Flugmálastjórn Íslands gefa út starfsleyfi. Í leyfi skal koma fram nafn leyfishafa, gildistími ásamt leyfilegu umfangi starfsemi og þeim takmörkunum og skilyrðum sem leyfishafi skal hlíta.

Flugmálastjórn Íslands getur svipt aðila starfsleyfi ef flugvöllur fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfsemi hans eru sett eða ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna. Ákvæðum 84. gr. skal beitt gagnvart leyfishöfum flugvallarreksturs.

Nú verða verulegar breytingar á aðstöðu flugvallar eða umfangi starfsemi eða notkun og skal eigandi eða umráðamaður þá á ný sækja um starfsleyfi.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að loka flugvelli tímabundið eða takmarka umferð um hann sé ástand eða rekstur með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að verða stefnt í hættu.

¹⁾L. 87/2010, 1. gr. ²⁾Rg. 1029/2009. ³⁾L. 171/2006, 2. gr. ⁴⁾L. 21/2002, 8. gr.

57. gr.

Með flugleiðsöguþjónustu er átt við flugumferðar- og fjarskiptaþjónustu, leiðsögu- og kögunarþjónustu, veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og upplýsingaþjónustu flugmála. Með rekstrarstjórnun flugumferðar er átt við flugumferðarþjónustu, loftrýmisstjórnun og flæðisstjórnun flugumferðar. Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu er hver sá opinberi aðili, stofnun eða fyrirtæki, sem veitir flugleiðsöguþjónustu fyrir flugumferð og sinnir rekstrarstjórnun flugumferðar að hluta eða öllu leyti.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar og skal þá umráðamaður og/eða eigandi sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir upphaf þjónustunnar.

Að fullnægðum þeim kröfum og stöðlum sem Flugmálastjórn metur fullnægjandi skal gefa út starfsleyfi. Í leyfi skal m.a. koma fram nafn leyfishafa og gildistími ásamt þeim takmörkunum og skilyrðum sem í leyfinu felast. Ráðherra staðfestir gjaldskrá þjónustunnar.

Heimilt er ráðherra að tilnefna lögaðila til að sjá um afmarkaða þætti flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar. Aðeins má tilnefna þá sem hafa gilt starfsleyfi.

Flugmálastjórn Íslands, eða aðili sem hún samþykkir, skal hafa eftirlit með því að sá sem veitir flugleiðsöguþjónustu og sinnir rekstrarstjórnun flugumferðar uppfylli gerðar kröfur og sinni þeim skyldum sem hann tekur að sér. Stofnunin getur m.a. í því skyni beitt úrræðum 84. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð¹⁾ m.a. um:

- a. tilnefningu veitanda þjónustu, þar á meðal framkvæmd tilnefningar, hámarkstímalengd tilnefningar og önnur skilyrði;
- b. heimildarveitingar og eftirlit Flugmálastjórnar Íslands með flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar, þar á meðal heimildir til framsals eftirlits til óháðra viðurkenndra eða vottaðra aðila;
- c. eftirlit Eftirlitsstofnunar EFTA með framkvæmd eftirlits á sviði flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar;
- d. skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis, þ.m.t. um öryggi, stjórnun, fjármögnun, fjárhagsstöðu og reikningsskil, gerð ársskýrslu auk krafna um starfrækslu, afköst og þjónustustig;
- e. framkvæmd og starfrækslu flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar;
- f. búnað og vottun hans vegna flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar;
- g. menntun og hæfni starfsmanna sem veita flugleiðsöguþjónustu og sinna rekstrarstjórnun flugumferðar;
- h. skilyrði fyrir vottun eða viðurkenningu þeirra sem sinna þjálfun á sviði flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar;
- i. upplýsingamiðlun um eftirlit með flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðarsamstarfs;
- j. samvinnu á sviði flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar við erlend ríki og alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir.]²⁾

- [k veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og upplýsingaþjónustu flugmála í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um veitingu veðurþjónustu, tilnefningu og starfsleyfissskyldur þjónustuveitanda, veðurfræðilega ábyrga aðila, hæfni og getu, skipulag og stjórnun, gæðakerfi, starfsreglur, vöktun veðurs, veðurspár, veðurskeyti, veðurkort, eldvirkni og búnað til veðurmælinga á flugvöllum;
- l. fjarskiptaþjónustu flugmála í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um eftirlit, tíðninotkun, truflanir og notkun hvers konar fjarskiptaþjónustu, samskiptakerfa og samskiptaaðferða og verklagsreglur þar að lútandi;
- m. upplýsingaþjónustu flugmála í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um veitendur þjónustunnar, eftirlit, gæðastjórnunarkerfi, nákvæmni gagna, útgáfu flugmálaupplýsinga, gjaldtöku og tungumál.]³⁾

¹⁾Rg. 870/2007. Rg. 601/2008, sbr. 467/2010 og 501/2010. Rg. 602/2008. Rg. 631/2008, sbr. 1179/2008, 353/2009, 905/2009 og 416/2010. Rg. 1020/2008. Rg. 108/2009. Rg. 354/2009. Rg. 693/2010. ²⁾L. 15/2009, 6. gr. ³⁾L. 87/2010, 5. gr.

...

59. gr.

[Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli sem ætlaðir eru til almennrar notkunar.

[Skipulagsreglur skulu m.a. geyma fyrirmæli um skipulag innan flugvallarsvæðis, starfsheimildir, starfsemi og umferð innan svæðisins auk fyrirmæla um það svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga og trjáa, eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t.d. að því er varðar leiðslur eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis. Kveða skal glögg á um mörk þess svæðis sem skipulagið tekur yfir.]²⁾

¹⁾L. 87/2010, 1. gr. ²⁾L. 165/2006, 5. gr.

...

72. gr.

Flugvelli og önnur mannvirki í þágu loftferða sem eru til almennra nota mega erlend loftför einnig nota með sömu skilyrðum og íslensk loftför í sams konar milliríkjaferðum, enda sé fyrir hendi samningur um þetta við það erlenda ríki sem í hlut á. Við komu til eða brottför frá landinu er þó skylt að nota [landamærastöð]¹⁾.

¹⁾L. 165/2006, 8. gr.

...

VIII. kafli. Umferð í lofti og stjórn hennar.

75. gr.

[[Heimilt er þeim sem annast flugleiðsöguþjónustu]¹⁾ að taka upp hvers konar fjarskipti vegna flugumferðar og skrá tilkynningar sem berast vegna þeirrar umferðar.

Um framkvæmd upptöku, varðveislu, afspilun og skráningar á notkun skal nánar kveðið á í reglugerð sem ráðherra setur að höfðu samráði við Persónuvernd.

[Flugmálastjórn skal heimill aðgangur að gögnum þessum við framkvæmd eftirlits með eftirlitsskyldum aðilum.]¹⁾ Óviðkomandi aðilum skal ekki veittur aðgangur að gögnum þessum nema samkvæmt sérstakri lagaheimild eða dómsúrskurði.]²⁾

[Ráðherra]³⁾ setur reglur⁴⁾ um flugumferðarþjónustuna og framkvæmd hennar.

¹⁾L. 102/2006, 14. gr. ²⁾L. 21/2002, 14. gr. ³⁾L. 87/2010, 1. gr. ⁴⁾Augl. 55/1992, sbr. 206/1996, 500/2000 og 578/2001. Rg. 600/2008. Rg. 601/2008, sbr. 467/2010 og 501/2010. Rg. 602/2008. Rg. 1085/2008. Rg. 108/2009.

76. gr.

[Flugmálastjórn]¹⁾ er heimilt að kveða á um að loftferðir á tilteknum leiðum eða yfir tilteknum svæðum skuli háðar sérstöku skipulagi. [Leyfi stofnunarinnar þarf til flugsýninga, kennsluflugs og fallhlífarstökkis á sýningu eða samkomu.]²⁾

[Ráðherra]³⁾ er heimilt að setja reglur⁴⁾ um flugleiðir loftfara inn á íslenskt yfirráðasvæði og yfir því og hverja flugvelli megi nota í millilandaflugi.

[Ráðherra er m.a. heimilt að setja í reglugerð⁵⁾ ákvæði um:

- verndarráðstafanir sem gerðar skulu til að afstýra árekstri loftfara, öðrum flugslysum, hættum og óhagræði af loftferðum;
- flugsýningar, þ.m.t. umsókn um leyfi til flugsýningar, ábyrgan stjórnanda flugsýningar, stjórnanda loftfars sem tekur þátt í flugsýningu, öryggisreglur, eftirlit, upplýsingaskyldu, heimild til afturköllunar leyfis o.fl.;
- fallhlífarstökk, þ.m.t. um viðurkennda fallhlífarflúbba, flug með fallhlífarstökkvara, framkvæmd fallhlífarstökkis, lágmarksöryggisreglur, búnað, skírteini, réttindi, fallhlífarstökk á sýningum eða samkomum, umsókn um leyfi til fallhlífarstökkis, stökkstjóra, eftirlit, upplýsingaskyldu o.fl.]²⁾

¹⁾L. 102/2006, 14. gr. ²⁾L. 87/2010, 9. gr. ³⁾L. 87/2010, 1. gr. ⁴⁾Rg. 600/2008. ⁵⁾Augl. 55/1992, sbr. 206/1996, 500/2000 og 578/2001. Rg. 601/2008, sbr. 467/2010 og 501/2010. Rg. 602/2008. Rg. 1050/2008, sbr. 840/2009. Rg. 108/2009. Rg. 518/2010.

77. gr.

Flugmálastjórn [og þeim sem annast flugleiðsöguþjónustu]¹⁾ er heimilt að skipa loftfari að lenda, enda miði sú aðgerð að því að halda uppi allsherjarreglu og öryggi. Lenda skal þá svo skjótt sem kostur er. Ef skipun er ekki annars efnis skal loftfar lenda á næsta flugvelli hér á landi sem er til almennra flugnota og lenda má á.

Ef loftfar flýgur inn á svæði þar sem loftferðir eru bannaðar skal loftfarið tafarlaust fljúga út fyrir svæðið og tilkynna þetta þeim handhafa stjórnvalds sem í hlut á.

Fari stjórnandi loftfars eigi eftir fyrirmælum þessarar greinar er handhafa stjórnvaldsins heimilt með viðeigandi ráðum að hindra áframhaldandi flug loftfarsins.

¹⁾L. 102/2006, 14. gr.

78. gr.

[Hergögn og vopnaðir verðir.

Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis [ráðherra]¹⁾ eða þess sem hann felur leyfisveitinguna samkvæmt reglum²⁾ þar um. Bann þetta á ekki við um loftför Landhelgisgæslu Íslands eða íslenskra lögregluvalda. [Ráðherra]¹⁾ setur fyrirmæli um hvað telst hergögn og veitir almenna undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar. [...]⁶⁾.

Skotvopn og skotfæri eru hergögn samkvæmt þessari grein. Ríkislögreglustjóri setur í samráði við [ráðherra]⁶⁾ reglur um meðferð þeirra um borð í íslenskum loftförum og loftförum innan íslenskrar lofthelgi, m.a. um hverjir megi bera þau og í hvaða tilvikum og hvernig að því skuli staðið.

[Ráðherra]¹⁾ getur ákveðið að vopnaðir verðir séu um borð í íslensku loftfari í almenningssflugi enda séu til þess brýnar ástæður ...³⁾ og [...]⁶⁾ utanríkisráðherra mæli með því.

[[Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja reglugerð, [...] um hæfni og þjálfun vopnaðra varða sem og fyrirkomulag við vopnaburð, verklag, samþykki þess og eftirlit.]³⁾

[Ráðherra]¹⁾ er heimilt að banna eða setja reglur⁴⁾ um flutning annars varnings en hERGagna til að halda uppi allsherjarreglu og öryggi.]⁵⁾

¹⁾L. 87/2010, 1. gr. ²⁾Rg. 937/2005. ³⁾L. 15/2009, 14. gr. ⁴⁾Rg. 322/1990, sbr. 531/2002, 715/2002 og 32/2006. Rg. 361/2005, sbr. 586/2006, 901/2006, 1164/2006, 387/2007 og 363/2008. Rg. 125/2006. ⁵⁾L. 75/2005, 9. gr., ⁶⁾L. 162/2010, 153. gr

79. gr.

Flugmálastjórn, lögreglu og tollyfirvöldum er heimilt að rannsaka loftfar og sannreyna þau skjöl sem loftfar og flugverjar skulu hafa meðferðis.

IX. kafli. Flugrekstrarleyfi.

80. gr.

Leyfi Flugmálastjórnar þarf til loftferða í atvinnuskyni yfir íslensku yfirráðasvæði. [[Ráðherra]¹⁾ er heimilt að ákvarða með reglugerð²⁾ að nánar tiltekin flugstarfsemi skuli vegna almannaöryggis leyfisskyld þótt hún sé ekki rekin í atvinnuskyni.]³⁾

¹⁾L. 87/2010, 1. gr. ²⁾Rg. 474/2008. Rg. 969/2008. ³⁾L. 75/2005, 10. gr.

...

84. gr.

[Flugmálastjórn Íslands getur gefið út rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti hjá flugrekendum og öðrum þeim aðilum sem ber að starfa samkvæmt leyfi útgefnu af stofnuninni. Slík fyrirmæli geta þó einnig varðað reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt í þágu aukins flugöryggis. Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi rekstraraðila ber að viðhafa.

Brjótí leyfishafi lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina eða skilyrði leyfis eða reynist hann ófær um að reka starfsemina samkvæmt þeim fyrirmælum sem um hana gilda getur Flugmálastjórn Íslands svipt hann leyfi að nokkru leyti eða öllu, eftir mati stofnunarinnar á aðstæðum. Leyfissvipting að hluta skal þá varða nánar afmarkaða þætti í starfi hlutaðeigandi leyfishafa, til að mynda tiltekið loftfar eða tiltekna viðhaldsstöð. Sviptingin skal í fyrstu vera til bráðabirgða meðan mál er rannsakað með tilliti til þess hvort efni séu til endanlegrar leyfissviptingar. Bráðabirgðasviptingunni skal markaður tími.]¹⁾

¹⁾L. 21/2002, 16. gr.

85. gr.

Flugmálastjórn getur ákveðið að erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir í atvinnuskyni, skuli lúta lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er varða íslensk loftför.

Sé skilyrðum 1. mgr. fullnægt telst loftfarið íslenskt í skilningi 2. tölul. 4. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

[85. gr. a.

[Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja frekari reglur²⁾ til fyllingar ákvæðum þessa kafla þar sem fram komi skilyrði flugrekstrar, þ.m.t. þær fjárhagskröfur sem gerðar eru til flugrekenda. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að hvaða marki kröfum til flugrekenda í flutningaflugi skuli beitt um aðra þætti flugstarfsemi í atvinnuskyni.]³⁾

¹⁾L. 87/2010, 1. gr. ²⁾Rg. 193/2006, sbr. 871/2007. Rg. 206/2007. Rg. 474/2008. Rg. 969/2008. Rg. 97/2009. ³⁾L. 75/2005, 11. gr.

X. kafli. Loftflutningar.¹⁾

¹⁾Rg. 116/1965, um váttryggingu vegna loftferða.

86

[Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um allan flutning í loftfari á farþegum, farangri og farmi gegn greiðslu. Hann gildir einnig um ókeypis flutning enda annist flytjandi flutning. Ákvæði kaflans gilda um innanlandsflug á Íslandi skv. 1. mgr. hver sem flytjandinn er og annað flug skv. 1. mgr. af hálfu flytjenda sem hafa íslenskt flugrekstrarleyfi, hvar sem það er innt af hendi.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

87. gr.

[Nánar um gildissvið.

Ákvæðin um flutningsskjöl í 89.–93. gr. taka eigi til flutninga sem inntir eru af hendi við óvenjulegar aðstæður og falla utan venjulegrar loftferðastarfsemi.

Ekkert í lögum þessum skal koma í veg fyrir að flytjandi geti neitað gerð flutningssamnings. Hafi flytjandi lofað rýmri rétti en leiðir af ákvæðum þessa kafla skulu þau ekki talin skerða slíkan rétt. Ákvæði kaflans kveða á um lágmarksréttindi.

Gildissvið 125. og 126. gr. er markað sérstaklega í ákvæðunum sjálfum.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

88. gr.

[Póstflutningar.

Ákvæði kafla þessa gilda eigi um póstflutninga. Við flutning bréfa og böggla er flytjandi einungis ábyrgur gagnvart hlutaðeigandi póstpöjónustu í samræmi við þær reglur sem gilda um samband flytjanda og póstpöjónustu.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

89. gr.

[Farseðill og farangursmiði.

Þegar farþegar eru fluttir skal flytjandi afhenda farseðil eða sameiginlegan farseðil fyrir fleiri en einn farþega þar sem greina skal:

- a. brottfarar- og ákvörðunarstað,
- b. að minnsta kosti einn umsamin viðkomustað á leiðinni, svo fremi sem brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki.

Í stað þess að afhenda farseðil svo sem greinir í 1. mgr. má flytjandi varðveita upplýsingar þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. með öðrum hætti. Sé þeirrar heimildar neytt skal flytjandi bjóða farþega skriflega yfirlýsingu um þær upplýsingar sem varðveittar eru.

Þegar innrituðum farangri er veitt viðtaka til flutnings skal flytjandi gefa út farangursmiða fyrir sérhvern innritaðan hluta farangurs.

Nú eru ekki færðar sönnur á annað og telst þá farseðill eða yfirlýsing, sé heimildar skv. 2. mgr. neytt, sönnun um gerð farsamnings og flutningsskilmála.

Farþega skal afhent skrifleg tilkynning um að flutningurinn hlíti ákvæðum Montreal-samningsins eða lögum sem með samsvarandi hætti og samningurinn kunnir að takmarka ábyrgð flytjanda á lífs- og líkamstjóni, glötnu eða tjóni á farangri og farmi og vegna tafa, með þeim takmörkunum þó sem greinir í lögum þessum.

Þrátt fyrir að fyrirmælum þessarar greinar sé ekki fylgt er farsamningur eigi að síður gildur, þ.m.t. ákvæði um takmörkun á ábyrgð.

Ráðherra er heimilt að kveða frekar á um rafræna bókun, útgáfu farseðils og tilkynningu flytjanda skv. 5. mgr. með reglugerð.^{1) 2)}

¹⁾Rg. 317/2000, sbr. 640/2004. ²⁾L. 88/2004, 3. gr.

90. gr.

[Fylgibréf.

Þegar farmur er fluttur skal afhenda fylgibréf.

Í stað þess að afhenda fylgibréf má flytjandi varðveita skráningu upplýsinga um flutning með öðrum hætti. Ef heimildarinnar er neytt skal flytjandi, ef þess er krafist af sendanda, afhenda sendanda kvittun sem gerir kleift að bera kennsl á farm og greinir þær upplýsingar sem varðveittar eru um flutninginn.

Nú er fylgibréf eigi gefið út eða efni fylgibréfs er eigi það sem mælt er fyrir um, eða fylgibréf hefur glatast, og er þá farmsamningur eigi að síður gildur og háður ákvæðum þessa kafla, þ.m.t. ákvæðum um takmörkun á ábyrgð.¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

91. gr.

[Efni fylgibréfs.

Fylgibréf farms eða kvittun fyrir farmi skal tilgreina:

- a. brottfarar- og ákvörðunarstað,
 - b. að minnsta kosti einn umsamin viðkomustað á leiðinni, svo fremi sem brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
 - c. þyngd farms.
- Ef um fleiri en eitt stykki farms er að ræða:
- a. getur flytjandi farms krafist þess að sendandi gefi út sérstök fylgibréf fyrir hvert og eitt stykki,
 - b. getur sendandi krafist þess að flytjandi farms gefi úr sérstakar kvittanir þegar sá háttur er hafður á sem um getur í 2. mgr. 90. gr.¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

92. gr.

[Skjal er lýsir eðli farms.

Sendandi kann að verða skyldaður, að kröfu lögreglu, tollyfirvalda eða annarra yfirvalda, til að afhenda skjal sem tilgreinir eðli farms. Ákvæði þessarar greinar leggja engar skyldur eða ábyrgð á flytjanda.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

93. gr.

[Útgáfa fylgibréfs.

Sendandi skal gefa út fylgibréf í þremur frumritum. Á fyrsta eintakið skal rita „handa flytjanda“ og skal það undirritað af sendanda. Á annað eintakið skal rita „handa viðtakanda“ og skal það undirritað af sendanda og flytjanda. Þriðja eintakið skal undirritað af flytjanda sem skal afhenda það sendanda eftir viðtöku farms.

Undirritanir flytjanda og sendanda mega vera prentaðar eða stimplaðar.

Nú hefur flytjandi gefið út fylgibréfið að beiðni sendanda og skal þá talið að hann hafi gefið það út í umboði sendanda, nema annað sannist.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

94. gr.

[Ábyrgð á efni fylgibréfs.

Sendandi ber ábyrgð á því að upplýsingar um farm séu réttar, og að rétt sé yfirlýsing um farm sem hann eða aðrir fyrir hans hönd hafa sett í fylgibréf, eða byggist á gögnum sem sendandi kemur til flytjanda og ætlast er til að flytjandi setji í farmkvittun eða skrái þegar heimildar skv. 2. mgr. 90. gr. er neytt. Sama ábyrgðarregla gildir þegar sá aðili sem kemur fram fyrir hönd sendanda er einnig umboðsmaður flytjanda.

Sendandi skal bera ábyrgð á hvers konar tjóni, sem flytjandi kann að verða fyrir eða aðrir þeir sem flytjandi ber ábyrgð gagnvart, sakir þess að upplýsingar er sendandi hefur gefið eru ónákvæmar, ófullkomnar eða rangar.

Að öðru leyti en greinir í 1. og 2. mgr. skal flytjandi bera ábyrgð á hvers konar tjóni sem sendandi kann að verða fyrir eða aðrir þeir sem sendandi er ábyrgur gagnvart sakir þess að upplýsingar, sem flytjandi eða aðili fyrir hans hönd setti í farmkvittun eða skráði skv. 2. mgr. 90. gr., reyndust ónákvæmar, ófullkomnar eða rangar.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

95. gr.

[Sönnunargildi skjala.

Fylgibréf er gild sönnun fyrir gerð farmsamnings, viðtöku vöru og skilmálum flutnings, uns annað sannast.

Upplýsingar í fylgibréfi eða farmkvittun um þyngd, ummál og umbúðir farms, sem og fjölda stykkja, skulu taldar réttar þar til annað sannast. Aðrar upplýsingar um magn, rúmtak og ástand gilda hins vegar ekki sem sönnun gegn flytjanda, nema að því leyti sem fram kemur í fylgibréfi eða farmkvittun að hann hafi í viðurvist sendanda gengið úr skugga um sannleiksgildi þeirra, eða eiga við um sýnilegt ástand farmsins.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

96. gr.

[Réttur til ráðstöfunar farms.

Sendandi hefur, með fyrirvara um þá skyldu að standa við allar skuldbindingar sínar samkvæmt farmsamningi, þann ráðstöfunarrétt yfir farmi að hann getur endurheimt hann á brottfarar- eða ákvörðunarstað, að hann getur stöðvað flutninginn ef lent er á leiðinni, að hann getur látið afhenda farm á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum en þeim sem tilgreindur er í fylgibréfi sem viðtakandi, eða hann getur krafist þess að farmur verði fluttur aftur til brottfararstaðar. Ráðstafanir þessar getur sendandi þó því aðeins gert að þær hafi eigi í för með sér tjón fyrir flytjanda eða aðra sendendur og að greiddur sé kostnaður sem af því leiðir að hann neyti þessa réttar.

Sé eigi hægt að framkvæma fyrirmæli sendanda skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

Nú fylgir flytjandi fyrirmælum sendanda um ráðstöfun farms, án þess að krefjast eintaks sendanda af fylgibréfi eða farmkvittun, og er flytjandi þá ábyrgur. Þó skal flytjandi halda rétti sínum til að krefjast bóta af sendanda vegna tjóns sem sá aðili kann að verða fyrir sem hefur eintak sendanda af fylgibréfi eða farmkvittun undir höndum.

Réttur sendanda fellur niður um leið og réttur viðtakanda skv. 97. gr. hefst. Nú neitar viðtakandi að taka við vöru eða ekki er hægt að ná sambandi við hann og getur þá sendandi haldið ráðstöfunarrétti sínum.¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

97. gr.

[Afhending farms.

Með þeirri undantekningu sem um ræðir í 96. gr. getur viðtakandi þegar farmur er kominn á ákvörðunarstað krafist þess að flytjandi láti af hendi við hann fylgibréfið og farm gegn greiðslu þeirra gjalda er hvíla á farminum, enda uppfylli hann öll þau flutningsskilyrði sem greinir í farmsamningi.

Ef ekki er um annað samið er það skylda flytjanda að tilkynna viðtakanda um komu farms án tafar.

Nú viðurkennir flytjandi að farmur hafi glatast eða hann ekki komið fram innan sjö daga frá þeim degi er koma hans var áætluð og getur viðtakandi þá neytt þess réttar sem farmsamningur kveður á um gagnvart flytjanda.¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

98. gr.

[Réttur sendanda og viðtakanda

Sendandi og viðtakandi geta hvor um sig nýtt sér þann rétt sem þeir hafa skv. 96. og 97. gr. gegn því að uppfylla þær skuldbindingar sem farmsamningurinn leggur þeim á herðar. Gildir það hvort sem þeir koma fram fyrir eigin hönd eða annarra.¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

99. gr.

[Tengsl sendanda og viðtakanda eða sameiginleg tengsl við þriðja aðila.

Ákvæði 96., 97. og 98. gr. varða hvorki tengsl milli sendanda og viðtakanda né sameiginleg tengsl við þriðja aðila sem leiðir rétt sinn frá öðrum hvorum.

Aðeins má víkja frá ákvæðum 96., 97. og 98. gr. að það sé gert með sérstöku ákvæði í fylgibréfi eða farmkvittun.¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

100. gr.

[Upplýsingaskylda sendanda.

Sendanda er skylt að gefa þær upplýsingar og framvísa þeim skjölum sem nauðsynleg teljast til að afgreiðsla toll- og lögreglufyrivalda eða annarra yfirvalda geti farið fram áður en farmur er afhentur viðtakanda. Sendandi ber gagnvart flytjanda ábyrgð á tjóni sem af kann að hljóttast skorti slíkar upplýsingar eða skjöl, eða þau reynast ófullkomin eða röng, nema tjónið sé sök flytjanda eða starfsmanna hans.

Á flytjanda hvílir ekki skylda til að rannsaka hvort upplýsingar eða skjöl séu rétt eða fullnægjandi.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

...

104. gr.

[Ábyrgð flytjanda á farangri.

Flytjandi er ábyrgur fyrir tjóni sem verður ef innritaður farangur glatast, skemmist eða eyðileggst ef tjónsatburðurinn á sér stað í loftfari, eða meðan innritaður farangur er í vörslum flytjanda, starfsmanna hans eða umboðsmanna. Flytjandi er ekki ábyrgur ef og að því leyti sem tjón á farangri má rekja til eðlislægra galla eða ástands farangurs.

Flytjandi er ábyrgur fyrir tjóni á óinnrituðum farangri, þar með töldum persónulegum eignum, ef tjón má rekja til sakar hans, starfsmanna hans eða umboðsmanna.

Ef flytjandi viðurkennir að hafa glatað innrituðum farangri, eða innritaður farangur kemur ekki fram innan 21 dags eftir að áætlað var að hann kæmi á áfangastað, er farþega heimilt að neyta þeirra réttinda sem í farsamningi felast.

Sé það ekki sérstaklega tekið fram í lögum þessum merkir „farangur“ bæði innritaður og óskráður farangur.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

105. gr.

[Ábyrgð flytjanda á farmi.

Flytjandi er ábyrgur fyrir tjóni sem hlýst af því ef farmur eyðileggst, glatast eða skemmist meðan á loftflutningi stendur.

Flytjandi skal laus úr ábyrgð að hluta eða öllu leyti ef hann sannar að tjón á farmi skv. 1. mgr. hafi orsakast af eftirfarandi ástæðum, einni eða fleiri:

- a. eðlislægum ágöllum farms,
- b. gölluðum umbúðum farms sem aðrir en flytjandi og starfsmenn hans eða umboðsmenn hafa gengið frá,
- c. stríði eða vopnuðum átökum,
- d. aðgerðum opinberra yfirvalda varðandi farm við brottför, komu eða viðkomu.

Ábyrgðarregla tekur skv. 1. mgr. ekki til neins konar flutnings á landi, á sjó eða eftir skipgengum vatnaleiðum sem eru utan flugvallar. Ef hins vegar slíkur flutningur á sér stað samkvæmt flutningssamningi, í þeim tilgangi að hlaða, afhenda eða áframsenda farm, er tjónsatburður talinn hafa átt sér stað í loftflutningi, nema annað sannist. Ef flytjandi, vegna forfalla, en án samþykkis sendanda, flytur farm með öðrum flutningstækjum en loftförum

hluta eða alla leið samkvæmt samningi um loftflutning skal slíkur flutningur vera talinn loftflutningur allt að einu.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

106. gr.

[Ábyrgð flytjanda vegna tafa.

Flytjandi ber ábyrgð á tjóni sem verður af völdum tafa í flutningi á farþegum, farangri og farmi. Þó verður flytjandi ekki talinn bera ábyrgð á tjóni sem orsakast af töfum í flutningi geti hann sannað að hann og starfsmenn hans og umboðsmenn hafi viðhaft þær aðgerðir sem sanngjarnt getur talist að viðhafðar séu eða að ógerlegt hafi verið að framkvæma slíkar aðgerðir.]¹⁾

[Flytjendum sem fljúga til eða frá landinu eða innan Íslands er skylt að greiða bætur til farþega eða eigenda farangurs eða farms eftir atvikum, enda hafi tjón orðið vegna tafa á flutningi.

Flytjendum er ekki skylt að greiða bætur til farþega sem orðið hefur fyrir töfum ef farþegi ferðast endurgjaldslaust eða á afsláttarverði sem ekki stendur almenningi til boða. □Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um bætur vegna tafa, svo sem fyrirkomulag bótagreiðslna, ferðatilhögun, upphæð bóta og aðrar úrbætur til handa farþegum eða eigendum farangurs eða farms, og eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar, svo sem með upplýsingaöflun, vettvangsskoðun, heimildum til að stöðva brot og krefjast þess að látið sé af brotum, með reglugerð. Þá er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um heimild Flugmálastjórnar til að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu nauðsynlegar upplýsingar og gögn er aflað hefur verið á grundvelli þessarar greinar.]²⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr. ²⁾L. 87/2010, 11. gr.

107. gr.

[Eigin sök tjónþola.

Nú sannar flytjandi að sá sem fyrir tjóninu varð hafi sjálfur verið valdur eða samvaldur að því og má þá lækka skaðabætur eða fella þær niður.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

108. gr.

[Takmarkanir á ábyrgð flytjanda.

Ábyrgð flytjanda á tjóni sem orsakast af töfum í flutningi á farþegum skv. 106. gr. skal takmörkuð við [4.700]¹⁾ SDR vegna hvers farþega.

Ábyrgð flytjanda vegna þess að farangur glatast, eyðileggst, skemmist eða tefst skal takmörkuð við [1.150]¹⁾ SDR vegna hvers farþega, nema farþegi hafi við innritun farangurs sérstaklega tilgreint þá hagsmuni sem tengdir eru við afhendingu farangurs á ákvörðunarstað og greitt umkrafið aukagjald, og gildir þá hið tilgreinda verðmæti sem hámark á ábyrgð flytjanda, nema hann sanni að raunverulegir hagsmunir farþega hafi verið minni.

Ábyrgð flytjanda vegna þess að farmur glatast, eyðileggst, skemmist eða tefst skal takmörkuð við [19]¹⁾ SDR á hvert kíló, nema sendandi hafi sérstaklega tilgreint þá hagsmuni sem tengdir eru við afhendingu farms á áfangastað og greitt umkrafið aukafarmgjald. Gildir þá hið tilgreinda verðmæti sem hámark á ábyrgð flytjanda, nema hann sanni að raunverulegir hagsmunir sendanda hafi verið minni.

Nú eyðileggst, glatast, skemmist eða tefst farmur eða hluti farms og skal þá aðeins leggja þunga þess farms sem eyðileggst, glatast, skemmist eða tefst til grundvallar við ákvörðun á hámarksábyrgð flytjanda. Nú er um að tefla glötun, spjöll eða seinkun á hluta varnings sem lækkar verðmæti annarra hluta farms sem sami farangursmiði eða sama fylgibréf eða kvittun tekur til, eða ef slík skjöl voru ekki gefin út, heldur neytt heimildar skv. 2. mgr. 90. gr., og skal þá við ákvörðun hámarksábyrgðar einnig telja til heildarþunga þann hluta farmsins sem rýrnar í verði.

Ef sannast að flytjandi, starfsmenn eða umboðsmenn hans hafa við framkvæmd starfa síns valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi vitandi að tjón mundi sennilega hljótast af skal eigi beita ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Heimilt er dómara að dæma sækjanda málskostnað án tillits til hámarksábyrgðar. Þetta gildir þó eigi ef flytjandi hefur áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er atburður sá gerðist er tjónið hlaust af eða áður en mál er höfðað boðið sækjanda skriflega skaðabætur sem eigi eru lægri en dæmd fjárhæð að undanskildum málskostnaði.]²⁾

¹⁾L. 87/2010, 12. gr. ²⁾L. 88/2004, 3. gr.

109. gr.

[*Frestir og fyrning.*

Þegar tekið er við innrituðum farangri eða farmi án fyrirvara af hálfu viðtakanda skal talið að farangurinn eða farmurinn hafi verið óskemmdur og í samræmi við fylgibréf eða kvittun þegar heimildar skv. 2. mgr. 89. gr. og 2. mgr. 90. gr. er neytt, uns annað sannast.

Verði tjón ber viðtakanda að tilkynna flytjanda það jafnskjótt og þess verður vart, í síðasta lagi sjö dögum eftir viðtöku ef um innritaðan farangur er að ræða og fjórtán dögum ef um farm er að ræða. Ef um töf er að ræða skal tilkynning hafa borist í síðasta lagi tuttugu og einum degi frá því að farangur eða farmur hefði átt að vera afhentur. Dagur merkir almanaksdagur.

Sérhver tilkynning skal gerð skriflega og með sannanlegum hætti innan áðurnefndra tímafresta.

Nú er tjón eigi tilkynnt áður en liðnir eru tímafrestir þeir sem um getur í 2. mgr. og fellur þá niður sérhver krafa á flytjanda, nema hann hafi farið sviksamlega að ráði sínu.

Réttur til skaðabóta samkvæmt þessum kafla fyrnist ef mál er eigi höfðað áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar kom á ákvörðunarstað eða tvö ár eru liðin frá þeim degi er loftfar skyldi koma þangað eða frá því að flutningur stöðvaðist.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

110. gr.

[*Umreikningur sérstakra dráttarréttinda (SDR).*

Með SDR er vísað til sérstakra dráttarréttinda, eins og þau eru skilgreind af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og gengisskráningar Seðlabanka Íslands á þeim við sölu. Umreikningur í íslenskar krónur skal miðast við dómsuppsögudag, en uppgjörsgdag ljúki máli án dóms.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

...

116. gr.

[*Gagnfær flutningur.*

Ef fleiri flytjendur en einn eiga hver á eftir öðrum að annast flutning sem fellur undir ákvæði þessa kafla skal hver flytjandi fylgja ákvæðum hans um flutninginn er hann tekur við

farþegum, farangri eða farmi. Skal hver hlutaðeigandi flytjandi talinn aðili að flutnings-samningi að því marki sem samningur varðar þann hluta flutnings sem flytjanda ber að annast.

Við þær aðstæður sem lýst er í 1. mgr. getur farþegi, eða þeir er taka við réttindum hans, beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem annaðist þann hluta flutningsins þar sem tjón eða töf varð, enda hafi sá flytjandi sem annaðist upphafsáfangu flutningsins eigi með beinum samningi tekið á sig viðtækari ábyrgð en hvað varðar eigin flutningsþátt.

Hvað varðar tjón við flutning á farangri eða farmi getur farþegi eða sendandi þó jafnan beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem annaðist upphafsáfangu flutningsins og sá sem rétt á til afhendingar farangurs eða farms getur jafnan beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem tók að sér lokaáfangu flutnings. Aðilar geta að auki beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem annaðist flutninginn er tjón varð. Ábyrgir flytjendur bera óskipta ábyrgð gagnvart farþega, sendanda eða viðtakanda.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

117. gr.

[Fjölpáttu flutningur.

Nú fer flutningur að nokkru fram með loftfari og að nokkru með öðru flutningstæki og taka ákvæði þessa kafla einungis til þess hluta flutnings sem fram fer í lofti.

Taka má upp í ákvæði samnings um flutning í lofti skilmála er varða aðrar tegundir flutnings.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

118. gr.

[Flutningur sem framkvæmdur er af öðrum en samningsbundnum flytjanda.

Bæði flytjandi sem gert hefur flutningssamninginn (samningsbundinn flytjandi) og flytjandi sem að hluta eða öllu leyti annast flutninginn (flytjandi í raun) skulu teljast flytjendur samkvæmt ákvæðum þessa kafla, enda framkvæmi flytjandi í raun flutninginn samkvæmt heimild frá samningsbundna flytjandanum. Álitid skal að slík heimild sé fyrir hendi, nema annað sannist.

Ef flytjandi í raun framkvæmir allan eða hluta flutningsins samkvæmt flutningssamningi milli samningsbundins flytjanda og aðila skulu báðir flytjendur, sá raunverulegi og sá samningsbundni, teljast flytjendur samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Sá flytjandi er gert hefur flutningssamninginn skal talinn flytjandi allan loftflutninginn en sá sem framkvæmir flutninginn í raun skal talinn flytjandi á þeim hluta loftflutningsins er hann annast.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

119. gr.

[Sameiginleg ábyrgð.

Athafnir og athafnaleysi raunverulegs flytjanda og starfsmanna hans og umboðsmanna sem eru innan verksviðs þeirra hvað varðar flutning flytjanda í raun skal fara með sem aðgerðir og aðgerðaleyfi samningsbundins flytjanda.

Athafnir og athafnaleysi samningsbundins flytjanda og starfsmanna hans og umboðsmanna sem eru innan verksviðs þeirra, og varða flutning flytjanda í raun, skal farið með sem aðgerðir og aðgerðaleyfi flytjanda í raun. Allt að einu skal raunverulegur flytjandi ekki ábyrgur umfram þær reglur vegna slíkra athafna og athafnaleysis sem greinir í 102., 108. og 110. gr. Hvers konar samkomulag þar sem samningsbundinn flytjandi tekst á hendur ríkari

ábyrgð en lög þessi leggja honum á herðar, eða samningsbundinn flytjandi fellur frá réttindum eða vörnum sem lög þessi heimila, eða samningsbundinn flytjandi samþykkir sérstaka yfirlýsingu um hagsmuni, sbr. 2. og 3. mgr. 108. gr., skal ekki binda flytjanda í raun, nema hann hafi samþykkt það sérstaklega.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

...

123. gr.

[Áskilnaður eða fyrirvari um ábyrgð.

Ógildur er áskilnaður eða fyrirvari sem miðar að því að leysa samningsbundinn flytjanda eða flytjanda í raun undan ábyrgð eða kveður á um frekari ábyrgðartakmarkanir en greinir í Montreal-samningnum og lögum þessum.

Ekkert í 118.–122. gr. skal hafa áhrif á réttindi og skyldur flytjenda sín á milli, þ.m.t. réttinn til endurkröfu eða skaðabóta.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

124. gr.

[Aukagjald.

Viðbótarfjárhæðin sem flytjandi getur krafist í samræmi við 2. og 3. mgr. 108. gr., þegar farþegi eða sendandi gefur sérstaka yfirlýsingu um mikilvægi þess að fá farangur eða farm sinn afhentan á áfangastað, skal ákvörðuð samkvæmt gjaldskrá. Hún skal miðuð við þann aukakostnað sem hlýst af því að flytja og tryggja viðkomandi farangur eða farm umfram takmarkanir á bótafjárhæðum í tilvitnuðum ákvæðum. Gjaldskráin skal vera aðgengileg farþegum og sendendum farms.]¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

125. gr.

[Upplýsingaskylda.

Allir flytjendur sem selja eða annast loftflutninga á Íslandi eða til og frá landinu skulu láta farþegum í té skriflega á öllum sölustöðum, þ.m.t. við símsölu og við sölu á netinu, upplýsingar um:

- a. helstu ákvæði sem gilda um bótaábyrgð á farþegum og farangri þeirra, þ.m.t. mörk bótaábyrgðar á lífs- og líkamstjóni og eyðileggingu, tapi eða skemmdum á farangri, auk tafa,
- b. frest til að gera kröfu um bætur og
- c. möguleika á því að setja fram sérstaka yfirlýsingu varðandi farangur á öllum sölustöðum.

Hvað varðar flytjendur með útgefin flugrekstrarleyfi utan EES og aðildarríkja EFTA tekur ákvæði þetta eingöngu til loftflutnings til, frá og innan Íslands.

Nú býður flytjandi farþegum rýmri bótarétt en lög þessi kveða á um og skal þá þeim aukna rétti lýst.

Ferða- og samningskilmálar skulu ávallt vera farþegum til reiðu á einfaldan og skýran hátt á vefsíðu og söluskrifstofum flytjanda, hjá umboðsaðilum hans, ferðaskrifstofum og við innritunarborð til brottfarar.

[Flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila skal tryggja að heildarverð fyrir ferð eða flutning skuli ávallt fela í sér opinber gjöld og skatta. Í söluferlinu skal heildarverð ávallt vera sýnilegt kaupanda og skulu opinber gjöld og skattar

birt sérgreind frá öðrum gjöldum, kostnaði og þóknun rekstraraðilans. Valkvæður viðbótarkostnaður skal ávallt vera sýnilegur við upphaf söluferlisins.

Óheimilt er að mismuna viðskiptavinum við upplýsingagjöf eða aðgengi að farmiðum og farmiðaverði á grundvelli þjóðernis, búsetu eða staðsetningar söluaðila.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um upplýsingagjöf vegna kostnaðar farmiða eða flutnings í reglugerð.¹⁾

Ráðherra skal heimilt að kveða nánar á um upplýsingaskyldu flytjanda með reglugerð.²⁾

¹⁾L. 87/2010, 13. gr. ²⁾L. 88/2004, 3. gr.

...

127. gr.

[Lagaskil.

Í kafla þessum skal flutningur talinn vera milli landa samkvæmt flutningssamningi þegar brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru innan tveggja samningsríkja Montreal-samningsins og gildir það einnig þótt hlé verði á flutningnum eða skipt sé um loftfar. Sé brottfararstaður og ákvörðunarstaður innan landsvæða sama samningsríkis skal flutningurinn talinn vera milli landa ef lenda þarf innan annars ríkis á leiðinni, enda þótt það ríki sé eigi aðili að Montreal-samningnum. Ekki skal flutningur án slíkrar viðkomu teljast millilandaflutningur.

Flutningur, sem framkvæmdur er af mörgum flytjendum hverjum á eftir öðrum, skal talinn óslitinn samkvæmt lögum þessum ef aðilar flutningssamnings hafa litið svo á að um einn og sama flutninginn sé að ræða, hvort sem einn eða fleiri samningar hafa verið um það gerðir, og það breytir ekki stöðu flutningssamningsins þótt einn þáttur flutnings eða fleiri hafi alfarið verið innan landsvæðis sama ríkisins.

Með Montreal-samningnum í lögum þessum er átt við samning um alþjóðalofthlutninga sem gerður var í Montreal 28. maí 1999. Skulu ákvæði Montreal-samningsins og lög þessi að öllu leyti ganga framur eftirgreindum reglum sem gilda um loftflutninga milli landa sem aðildarríki Montreal-samningsins eru aðilar að:

- a. Varsjársmningnum sem gerður var um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa í Varsjá 12. október 1929,
- b. bókun sem undirrituð var í Haag 28. september 1955,
- c. viðbótarsamningi um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem undirritaður var í Gvadalajara 18. september 1961,
- d. bókuninni um breytingar á Varsjársmningnum frá 1929 og Haag-bókuninni frá 1955 sem undirrituð var í Gvatemala 8. mars 1971,
- e. viðbótarbókunum nr. 1–3 og 4 sem undirritaðar voru í Montreal 25. september 1975, eða innan yferráðasvæðis aðildarríkis Montreal-samningsins sem er aðili að einum eða fleiri gerningum sem um getur í a–e-lið hér að framan.

Nú er brottfarar- eða ákvörðunarstaður í ríki sem ekki er aðili að Varsjársmningnum frá 1929 og skal þá ákvæðum kaflans beitt gagnvart slíku flugi.¹⁾

¹⁾L. 88/2004, 3. gr.

Úr áfengislögum

nr. 75/1998.

Tóku gildi 1. júlí 1998, sjá þó 32. gr. Breytt með l. 8/1999 (tóku gildi 17. mars 1999), l. 17/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003), l. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), l. 40/2005 (tóku gildi 25. maí 2005), l. 85/2007 (tóku gildi 1. júlí 2007), l. 136/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010) og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að vinna gegn misnotkun áfengis.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum telst áfengi hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda. Efni þau sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika skal fara með sem áfengan drykk.

Vínandastyrkur sem hlutfall af rúmmáli áfengis skal mældur við 20°C.

3. gr.

Til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu [...] eða framleiðslu áfengis þarf leyfi samkvæmt lögum þessum. Einnig þarf leyfi til að veita áfengi í samkvæmum öðrum en einkasamkvæmum.

[Um leyfi til veitingar áfengis fer eftir lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.]¹⁾

Veita má einstaklingi eða lögaðila leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu eða framleiðslu áfengis, enda uppfylli hann þau almennu skilyrði fyrir leyfisveitingu sem lögin áskilja. [...]¹⁾

Leyfi sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum eru bundin við nafn og kennitölu leyfiss-hafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að það varði ríkissjóð ekki skaðabótaskyldu þótt gildistími leyfis verði styttr eða skilyrðum leyfis á annan hátt breytt meðan það er í gildi.

¹⁾L. 85/2007, 28. gr.

4. gr.

Innflutningur heildsala, smásala [...] og framleiðsla áfengis sem fram fer í atvinnuskyni án leyfis samkvæmt lögum þessum varðar refsingu skv. 27. gr.

Það varðar einnig refsingu skv. 27. gr., þótt ekki sé í atvinnuskyni:

- a. að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu,
- b. að selja áfengi,
- c. að veita áfengi með öðrum hætti en heimilt er samkvæmt lögum þessum.

Ólöglegur innflutningur áfengis varðar refsingu samkvæmt ákvæðum tollalaga.

Lögregla tollgæsla og skattyfirvöld annast eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnu-starfsemi samkvæmt lögum þessum. [...]¹⁾

¹⁾L. 85/2007, 28. gr.

5. gr.

Leyfi til innflutnings, heildsölu, smásölu eða framleiðslu skal einungis veitt þeim sem tilkynnt hefur [ríkisskattstjóra]¹⁾ um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá

samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá og sem tilkynnt hefur [ríkisskattstjóra]⁵⁾ um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.

Til að fá útgefið leyfi skv. 1. mgr. 3. gr., annað en leyfi til smásölu, skal umsækjandi vera orðinn 20 ára. Ef umsækjandi er félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu eigendur og framkvæmdastjóri þess vera orðnir 20 ára. Ef um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fullnægja aldursskilyrðinu.

Fyrir útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs [nema annað sé tekið fram].²⁾

Framleiðslu-, innflutnings-, heilðsölu- eða smásöluleyfihafa er skylt að halda, eftir því sem við á, framleiðslu-, birgða- og sölubókhald. Ráðherra setur nánari reglur um færslu bókhalds samkvæmt þessari málsgrein.

[[Innanríkisráðherra⁶⁾ getur með reglugerð³⁾ kveðið nánar á um fyrirkomulag veitingar leyfa til innflutnings, heilðsölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.]⁴⁾

¹⁾L. 17/2003, 12. gr. ²⁾L. 8/1999, 1. gr. ³⁾Rg. 828/2005, sbr. 845/2007. ⁴⁾L. 40/2005, 1. gr. ⁵⁾L. 136/2009, 92. gr., ⁶⁾l. 162/2010, 154. gr.

II. KAFLI Framleiðsla áfengis.¹⁾

1) Sbr. reglugerð nr. 828/2005 og 845/2007.

6. gr.

Sækja skal um leyfi til framleiðslu áfengis til [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu].¹⁾ Með framleiðslu áfengis er átt við hvers konar bruggun, gerjun eða eimingu áfengra drykkja, sem og blöndun eða átöppun eins eða fleiri áfengra drykkja. Til framleiðslu í þessum skilningi telst þó ekki blöndun áfengra drykkja sem á sér stað samtímis og sem hluti af veitingu áfengis.

Handhafa framleiðsluleyfis er jafnframt heimilt að selja áfengi í heilðsölu.

Framleiðsluleyfi sem gefið er út til umsækjanda í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

¹⁾L. 85/2007, 28. gr.

7. gr.

Bannað er að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til að gera drykkjarhæft áfengi sem var ódrykkjarhæft, nema hafa til þess sérstakt leyfi. [...]¹⁾

¹⁾L. 40/2005, 2. gr.

III. KAFLI Innflutningur áfengis.¹⁾

1) Rg. 177/1999.

8. gr.

Sækja skal um leyfi til innflutnings áfengis í atvinnuskyni til [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu].¹⁾

Innflutningsleyfi veitir leyfishafa jafnframt heimild til að selja eða afhenda innflutt áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. [Handhafa innflutningsleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota.]²⁾ Handhafa innflutningsleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi úr landi til þeirra sem njóta úrlendisréttar eða í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Innflutningsleyfi veitir leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

Innflutningsleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

¹⁾L. 85/2007, 28. gr. ²⁾L. 40/2005, 3. gr.

IV. KAFLI Sala áfengis.

9. gr.

Sækja skal um leyfi til að selja áfengi í heildsölu til [lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu].¹⁾

Handhafa heildsöluleyfis er heimilt að selja eða afhenda áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. [Handhafa heildsöluleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota.]²⁾ Handhafa heildsöluleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi úr landi til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Heildsöluleyfi veitir leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

Heildsöluleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

¹⁾L. 85/2007, 28. gr. ²⁾L. 40/2005, 4. gr.

...

[...]¹⁾

¹⁾L. 85/2007, 28. gr.

VI. KAFLI Meðferð og neysla áfengis.

18. gr.

Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Ávallt þegar ástæða er til að ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri skal sá sem selur, veitir eða afhendir það láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

[...]¹⁾

¹⁾L. 85/2007, 28. gr.

19. gr.

Heimilt er að neita að veita eða afhenda manni áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum, húsnæði félagasamtaka eða öðrum þeim stöðum þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 13., 15. og 17. gr.

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Öðrum en þeim sem hafa til þess leyfi skv. 3. gr. [kemur: laga þessara og III. kafla laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald]¹⁾ er óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra gegn gjaldi eða öðru verðmæti.

Það varðar mann refsingu samkvæmt lögum þessum láti hann viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu. Sama gildir ef skip hans, bátur eða annað flutningstæki er með vitund og vilja hans notað til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis. Með sama hætti skal refsa þeim sem hefur áfengi í vörslu sinni sem látið hefur verið af hendi andstætt ákvæðum laga þessara.

¹⁾L. 85/2007, 28. gr.

20. gr.

Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

Undanþegið banni við áfengisauglýsingum er:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentitum sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsfni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

...

VII. KAFLI

Leyfissviptingar, refsingar o.fl.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að sex árum. Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af lögbundnu áfengisgjaldi.

Innflutningur eða framleiðsla áfengis án leyfis varðar fangelsi auk sektar ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Sama gildir ef maður gerir sér að atvinnu ólöglega áfengissölu eða veitingar eða slíkt brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

28. gr.

Gera skal upptæk til ríkissjóðs öll áhöld sem með ólögumætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það

áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögætum hætti skal og gert upptækt ásamt ílátum.

Tæki sem talin eru í 7. gr., sem finnast hjá öðrum en þeim sem hafa til þess leyfi, skulu gerð upptæk án tillits til þess hvort þau hafi verið notuð til áfengisgerðar eða ekki.

Einnig skal gera upptækt:

- áfengi sem ólöglega er flutt til landsins,
- áfengi sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum,
- áfengi sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum,
- áfengi í vörslu þeirra sem brotlegir gerast skv. 21. gr.

...

IX. KAFLI Gildistaka.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 að undanskildu ákvæði til bráðabirgða III er öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 82/1969, áfengislög, auk 3.–5. mgr. 2. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heilðsölu, framleiðslu eða veitingar áfengis sem veitt voru í gildistíð eldri laga halda gildi sínu. Um eftirlit, áminningar og leyfissviptingar fer eftir þessum lögum.

Sækja skal um smásöluleyfi fyrir þær áfengisútsölur sem starfræktar eru við gildistöku laganna til viðkomandi sveitarfélags innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna.

...

Úr lögum

nr. 44/1999, um náttúruvernd.

Tóku gildi 1. júlí 1999. Breytt með l. 140/2001 (tóku gildi 31. des. 2001), l. 90/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 74/2005 (tóku gildi 1. okt. 2005), l. 20/2006 (taka gildi 1. júlí 2010), l. 104/2006 (tóku gildi 30. júní 2006), l. 60/2007 (tóku gildi 1. maí 2007), l. 66/2007 (tóku gildi 4. apríl 2007), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 31/2009 (tóku gildi 4. apríl 2009).

...

40. gr.

[Steindir og steingervingar.]¹⁾

Umhverfisráðherra getur, að fenginni tillögu [Umhverfisstofnunar]²⁾ og Náttúrufræðistofnunar Íslands og umsögn iðnaðarráðuneytis, mælt fyrir í reglugerð um vernd steinda, m.a. um að leyfi [Umhverfisstofnunar]²⁾ þurfi til töku ákveðinna tegunda þeirra úr föstum jarðlögum.

[Óheimilt er að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað. Umhverfisráðuneytið getur þó að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæði þessu í þágu jarðfræðirannsókna.]¹⁾

¹⁾L. 66/2007, 2. gr. ²⁾L. 164/2002, 22. gr.

41. gr.

Innflutningur, ræktun og dreifing lifandi lífvera.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum, svo sem [lögum nr. 54/1990](#), um innflutning dýra, getur ráðherra veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera.

Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ kveða á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi, sbr. þó 1. mgr. Þar má m.a. birta skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins, svo og yfir tegundir sem heimilt er að rækta hérlandis og sleppa í villtri náttúru, þar með talið á skógræktarsvæðum.

Ráðherra skipar til fjögurra ára nefnd sérfræðinga stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu framandi lífvera. Skulu stjórnvöld leita umsagnar nefndarinnar og [Umhverfisstofnunar]²⁾ áður en tekin er ákvörðun um innflutning, ræktun eða dreifingu nýrra tegunda lifandi lífvera. Í nefndinni skulu eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, einn samkvæmt tilnefningu Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til lifandi smitefna, sbr. [lög um ónæmisaðgerðir, nr. 38/1978](#), erfðabreyttar lífvera, sbr. [lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996](#), sjávarafla, sbr. lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, og þeirra tegunda sjávarspendýra sem lifa hér við land.

¹⁾Rg. 583/2000. ²⁾L. 164/2002, 22. gr.

...

53. gr.

Friðlýsing annarra náttúruminja á landi.

Umhverfísráðherra getur, að fengnum tillögum eða álitum [[Umhverfisstofnunar]¹⁾ og Náttúrufræðistofnunar Íslands],²⁾ friðlýst:

1. Landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags eða lífríkis. Friðlýst landsvæði nefnast friðlönd.³⁾
2. [Náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella og dranga, svo og fundarstaði steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og bergforma, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu. Friðlýstar náttúrumyndanir nefnast náttúruvætti.⁴⁾⁵⁾
3. [Lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi]⁶⁾ sem miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.⁷⁾

Friðlýsing skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

¹⁾L. 164/2002, 22. gr. ²⁾L. 140/2001, 10. gr. ³⁾Augl. 457/1996, augl. 606/2001, augl. 663/2002, augl. 1064/2007. ⁴⁾Augl. 120/1994, augl. 326/1999, augl. 249/2001, augl. 591/2002, augl. 510/2007. ⁵⁾L. 66/2007, 3. gr. ⁶⁾L. 140/2001, 11. gr. ⁷⁾Augl. 364/2002, augl. 523/2006.

Lög

nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Tóku gildi 28. apríl 2000. Breytt með 1. 77/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001), 1. 96/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), 1. 129/2005 (tóku gildi 30. des. 2005), 1. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og 1. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

1. gr.

Lög þessi gilda um íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins og persónuvernd við skráningu og meðferð upplýsinga í því kerfi. Með íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins er átt við rafrænt gagnasafn sem starfrækt er hér á landi og tengt sameiginlegu upplýsingakerfi á Schengen-svæðinu.

2. gr.

Ríkislögreglustjóri rekur og ber ábyrgð á upplýsingakerfinu. Hann annast skráningu í það og sendingu annarra gagna samkvæmt lögnum. Við skráningu í kerfið skal þess gætt að upplýsingar séu réttar og áreiðanlegar og að fullnægt sé skilyrðum laganna fyrir skráningu.

3. gr.

Ríkislögreglustjóri og sá sem á hans vegum annast tölvuþjónustu skulu með skipulögðum og kerfisbundnum hætti tryggja öryggi upplýsingakerfisins þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það. Með sama hætti skal tryggt að kerfið starfi greiðlega og sé aðgengilegt þeim sem við það starfa.

4. gr.

Skráning í Schengen-upplýsingakerfið skal miða að því að tryggja almannaoöryggi og allsherjarreglu, þar með talið öryggi ríkisins. Í upplýsingakerfið skal aðeins skrá upplýsingar sem getur í 5. gr., enda sé skráning þeirra nauðsynleg með hliðsjón af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr. og nægjanlega brýnt tilefni til skráningar.

Við skráningu á eftirlýstum einstaklingum með beiðni um handtöku og framsal skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. skal þess gætt að lög þess ríkis sem beiðni er beint til heimili slíkar aðgerðir.

[5. gr.

Í upplýsingakerfið má skrá eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga:

- a. kenninafn, eiginnafn með vísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna,
- b. sérstök varanleg líkamleg einkenni,
- c. fæðingarstað, fæðingardag og -ár,
- d. kynferði,
- e. ríkisfang,
- f. hvort viðkomandi er vopnaður, er ofbeldishneigður eða á flóttu,
- g. ástæðu fyrir skráningu,
- h. aðgerðir sem farið er fram á,
- i. tegund brots þegar upplýsingar eru skráðar skv. a-lið 1. mgr. 6. gr.

Í upplýsingakerfið má skrá upplýsingar um eftirtalda hluti:

- a. vélknúin ökutæki með slagrymi yfir 50 rúmsentimetrum, skip, báta og loftför sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,

- b. eftirvagna eða hjólhýsi með eigin þunga yfir 750 kg, hjólhýsi, atvinnutæki, utanborðsvélar og gámas sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- c. skotvopn sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- d. útfyllt skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- e. útgefin persónuskilríki, svo sem vegabréf, nafnskírteini, ökuskírteini, dvalarleyfi og ferðaskilríki, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið eða verið ógilt,
- f. skráningarskírteini og skráningarmerki ökutækja sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða verið ógilt,
- g. peningaseðla með skráðum númerum
- h. verðbréf og aðrar tegundir greiðslu, svo sem ávísanir, greiðslukort, skuldabréf eða hlutabréf, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið.¹⁾

¹⁾L. 129/2005, 1. gr.

6. gr.

Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið í eftirfarandi tilvikum:

- a. vegna beiðni um að eftirlýstur maður verði handtekinn og framseldur,
- b. þegar meina á útlendingi landgöngu vegna þess að:
 1. hann hefur verið dæmdur hér á landi eða erlendis í fangelsi í a.m.k. eitt ár eða ætla má af öðrum ástæðum að hann muni fremja refsiverðan verknað á Schengen-svæðinu eða
 2. ætla má af fyrri hegðun hans eða öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða á Schengen-svæðið sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi eða
 3. honum hefur verið vísað héðan úr landi og í gildi er bann gegn endurkomu hans til landsins,
- c. vegna leitar að horfnum manni eða þegar taka á mann í gæslu tímabundið vegna eigin öryggis eða annarra,
- d. vegna eftirgrennslanar um búsetu eða dvalarstað vitnis, sakbornings sem hefur verið ákærður og koma þarf fyrir dóm eða manns sem birta á dóm í [sakamáli]²⁾ eða boða til afplánunar fangelsisrefsingar.

Þegar upplýsingar skv. a-lið 1. mgr. hafa verið skráðar skulu eftirfarandi upplýsingar sendar því ríki sem beiðni er beint til svo fljótt sem verða má

- a. hvaða yfirvald leggur fram beiðni um handtöku,
- b. [þegar synja á útlendingi um komu til landsins vegna endurkomubanns sem enn er í gildi á grundvelli brottvísunar:
 1. skv. a-lið 1. mgr. 20. gr. laga um útlendinga,
 2. skv. b-, c- eða d-lið 1. mgr. 20. gr. laga um útlendinga og ákvörðunin er reist á því að dvöl hlutaðeigandi í landinu geti stofnað allsherjarreglu, almannaoöryggi eða öryggi ríkisins í hættu],¹⁾
- c. hvers konar brot um er að ræða og vísun til viðeigandi refsíákvæða
- d. málsatvik, þar með talið hvar og hvenær brot var framið og þáttur hins eftirlýsta í því
- e. eftir því sem mögulegt er, hverjar eru afleiðingar brots.

¹⁾L. 96/2002, 59. gr. ²⁾L. 88/2008, 234. gr.

7. gr.

[Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga, ökutæki, báta, skip, loftför og gáma í upplýsingakerfið til að fram fari eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn í eftirfarandi tilvikum:]¹⁾

- a. vegna rannsóknar og meðferðar [sakamáls]²⁾ og til að tryggja almannaöryggi þegar:
 1. rökstuddur grunur leikur á að maður fremji eða muni fremja fjölda mjög alvarlegra brota,
 2. heildarmat á viðkomandi manni, þar með talið á þeim brotum sem hann hefur framið, bendir til að hann muni fremja mjög alvarleg afbrot,
- b. þegar ótvíræð gögn benda til að upplýsingar um dvalarstað, ferðaleið, ákvörðunarstað, fylgdarmenn eða farþega, hluti meðferðis eða við hvaða aðstaður maður eða ökutæki finnst séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að alvarleg hættu stafi af viðkomandi manni eða alvarlegar ógnanir fyrir öryggi ríkisins.

¹⁾L. 129/2005, 2. gr. ²⁾L. 88/2008, 234. gr.

8. gr.

Heimilt er að skrá í upplýsingakerfið upplýsingar um hluti sem leitað er í þeim tilgangi að leggja á þá hald eða nota sem sönnunargagn í [sakamáli].¹⁾

¹⁾L. 88/2008, 234. gr.

9. gr.

Upplýsingar sem skráðar eru í upplýsingakerfið verða ekki nýttar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr.

Með samþykki ríkis sem skráð hefur upplýsingar verður vikið frá 1. mgr. og þær nýttar í öðrum tilgangi skv. 6.–8. gr. þegar þannig stendur á:

- a. til að koma í veg fyrir alvarlega og bráða ógnun við almannaöryggi og allsherjarreglu,
- b. mikilvægir öryggishagsmunir ríkisins mæla með því,
- c. til að koma í veg fyrir alvarleg afbrot.

[Ríkislögreglustjóra er heimilt að veita þar til bærur yfirvöldum í öðru Schengen-ríki nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í tengslum við skráningu í upplýsingakerfið, sem og þegar hlutir eða einstaklingar, sem skráðir hafa verið í kerfið, finnast. Ekki má nota slíkar upplýsingar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar eða beiðni.]¹⁾

¹⁾L. 88/2008, 234. gr.

[9. gr. a.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að veita þar til bærur yfirvöldum í öðru Schengen-ríki nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í tengslum við skráningu í upplýsingakerfið, sem og þegar hlutir eða einstaklingar, sem skráðir hafa verið í kerfið, finnast. Ekki má nota slíkar upplýsingar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar eða beiðni.]¹⁾

¹⁾L. 129/2005, 3. gr.

10. gr.

Eftirtalin stjórnvöld skulu vera beinlínutengd við upplýsingakerfið til að sinna þessum verkefnum:

- a. [ríkissaksóknari og]²⁾ lögreglan við landamæraeftirlit og aðra löggæslu,
- b. [Útlendingastofnun]¹⁾ við afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritun, landgöngu- eða dvalar leyfi og til að sinna öðrum skyldum samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum að því marki sem nauðsynlegt er til að bregðast við upplýsingum sem skráðar eru á grundvelli [d- og e-liðar 2. mgr. 5.gr. og]²⁾ b-liðar 1. mgr. 6. gr.
- c. Umferðarstofa við skráningu ökutækja í þeim tilgangi að kanna hvort ökutæki sem óskað er skráningar á hafi verið stolið, selt ólöglega eða horfið ; aðgangurinn takmarkast þó við upplýsingar um ökutæki á grundvelli a-liðar 2. mgr. 5. gr., um eftirvagna og hjólhýsi á grundvelli b-liðar 2. mgr. 5. gr. og um skráningarskírteini og skráningarmerki á grundvelli f-liðar 2. mgr. 5. gr.]²⁾

Til að starfa við upplýsingakerfið verður viðkomandi starfsmaður að fá sérstaka heimild ríkislögreglustjóra, enda fullnægi hann settum hæfis- og öryggiskröfum. Viðkomandi starfsmaður skal einungis hafa þann aðgang að kerfinu sem honum er nauðsynlegur til að gegna starfi sínu.

¹⁾L. 129/2005, 4. gr. ²⁾L. 96/2002, 59. gr.

11. gr.

Eftirtalin stjórnvöld skulu eftir beiðni hafa aðgang að upplýsingum úr upplýsingakerfinu að því marki sem þeim er nauðsynlegt til að sinna þessum verkefnum:

- a. tollgæslan við eftirlit á landamærum og þegar hún annast eða aðstoðar við löggæslu,
- b. Landhelgisgæslan þegar hún annast eða aðstoðar við löggæslu,
- c. [innanríkisráðuneytið]¹⁾ við beitingu heimilda sem æðra stjórnvald.

¹⁾L. 162/2010, 160. gr.

12. gr.

Hverjum sem í starfi sínu fær vitneskju um atriði sem skráð eru í upplýsingakerfið er skylt að gæta þess að skráðar upplýsingar berist ekki til óviðkomandi. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

13. gr.

Hver sem skráður er í upplýsingakerfið á rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar um sig í kerfinu.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 1. mgr. er ekki fyrir hendi ef nauðsynlegt er að halda upplýsingunum leyndum til að ná því markmiði sem stefnt er að með skráningu eða vegna hagsmuna annarra. Þegar eftirlit með leynd skv. 7. gr. stendur yfir á hinn skráði ekki rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar.

Nú er óskað eftir vitneskju um upplýsingar sem skráðar eru af öðru ríki og skal þá gefa því kost á að gera athugasemdir áður en fallist er á þá beiðni.

14. gr.

Þegar skráðar hafa verið í upplýsingakerfið rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar eða ef skráðar hafa verið upplýsingar án tilskilinnar heimildar skal ríkislögreglustjóri eftir beiðni eða að eigin frumkvæði sjá til þess að þær verði leiðréttar, þær afmáðar eða við þær aukið. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ríkislögreglustjóra eftir því sem honum er frekast unnt að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Nú hafa upplýsingar sem um ræðir í 1. mgr. verið skráðar í upplýsingakerfið af öðru ríki og skal þá ríkislögreglustjóri án ástæðulauss dráttar tilkynna því um annmarka á skráningu með ósk um viðeigandi breytingar.

15. gr.

Þegar ríkislögreglustjóra berst beiðni skv. 13. eða 14. gr. skal hann án ástæðulauss dráttar taka afstöðu til hennar. Ákvörðun ríkislögreglustjóra skal vera rökstudd að því marki sem það er unnt án þess að greint verði frá nokkru sem leynt á að fara.

16. gr.

Nú verður maður fyrir tjóni og það verður rakið til skráningar eða notkunar á upplýsingum úr upplýsingakerfinu sem andstæð er reglum um kerfið og á hann þá rétt á skaðabótum úr ríkissjóði. Bæta skal bæði fjártjón og miska.

Greiða á bætur þótt upplýsingar hafi verið skráðar í öðru ríki ef þær hafa verið notaðar hér á landi. Bætur skal greiða án tillits til sakar, en þær má þó fella niður eða lækka ef tjónþoli hefur sjálfur stuðlað að því að upplýsingar væru skráðar eða notaðar.

Bótakrafa fymist á tveimur árum frá því að tjónþoli fékk vitneskju um skráningu í upplýsingakerfið.

17. gr.

Upplýsingar um einstaklinga og hluti sem skráðar eru í upplýsingakerfið skulu ekki standa lengur en þörf krefur með hliðsjón af tilgangi skráningar.

Endurmeta skal nauðsyn skráningar í upplýsingakerfið sem hér segir:

- a. upplýsingar um einstaklinga skv. 6. gr. innan þriggja ára frá skráningu,
- b. upplýsingar um einstaklinga og [hluti]¹⁾ skv. 7. gr. innan eins árs frá skráningu.

Þegar tekin er ákvörðun um að skráning upplýsinga skuli standa í upplýsingakerfinu gildir 2. mgr. um endurmat skráningar á ný.

[Upplýsingar sem skráðar eru um hluti skv. 7. gr. skulu ekki standa lengur í upplýsingakerfinu en fimm ár frá skráningu.

Aðrar upplýsingar en þær sem skráðar eru í kerfið á grundvelli 6. og 7. gr. skulu ekki standa lengur en tíu ár frá skráningu.]¹⁾

¹⁾L. 129/2005, 5. gr.

[17. gr. a

Viðbótarupplýsingar um einstaklinga og hluti sem verða til við upplýsingaskipti á grundvelli 9. gr. a má einungis geyma í þann tíma sem er nauðsynlegur í samræmi við tilgang skráningarinnar og aldrei lengur en í eitt ár eftir að samsvarandi skráningu, sem varðar sömu einstaklinga eða hluti, í Schengen-upplýsingakerfinu hefur verið eytt.]

¹⁾L. 129/2005, 6. gr.

18. gr.

[Persónuvernd]¹⁾ skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. [Persónuvernd]¹⁾ skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi upplýsingakerfisins sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það.

[Persónuvernd]¹⁾ hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með upplýsingakerfinu skv. 1. mgr.

Nú gerir [Persónuvernd]¹⁾ athugasemdir við starfrækslu upplýsingakerfisins og skal hún þá koma þeim og tillögum um úrbætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og [ráðuneytið]²⁾.

¹⁾L. 77/2000, 46. gr., ²⁾L. 162/2010, 160. gr.

19. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð¹⁾ um framkvæmd laganna, þar með talið um:

- a. öryggisþætti upplýsingakerfisins og innra eftirlit með því, sbr. 3. gr.,
- b. hæfis- og öryggiskröfur sem starfsmenn lögreglu eða [Útlendingastofnunar]²⁾ verða að fullnægja til að starfa við upplýsingakerfið, sbr. 2. mgr. 10. gr.,
- c. eftirlit [Persónuverndar]³⁾ með upplýsingakerfinu, sbr. 18. gr.

¹⁾Rg. 112/2001, sbr. 640/2007. ²⁾L. 96/2002, 59. gr. ³⁾L. 77/2000, 46. gr.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög

nr. 17/2000 um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra

Tóku gildi 28. apríl 2000. Breytt með 1. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003) og 1. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

1. gr.

Efnavopn.

Í lögum þessum merkir efnavopn:

- a. eiturefni og forstíggsefni þeirra, nema þau séu ætluð til nota sem ekki eru bönnuð samkvæmt samningi um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra frá 13. janúar 1993, enda samræmist gerð og magn efnanna slíkum notum;
- b. skotfæri og tæki sem sérstaklega eru gerð til að valda bana eða öðrum skaða með eituráhrifum eiturefna skv. a-lið er leysast mundu úr læðingi við beitingu slíkra skotfæra eða tækja;
- c. hvern þann búnað sem sérstaklega er gerður til að nota í beinum tengslum við beitingu skotfæra eða tækja skv. b-lið.

2. gr.

Bann við meðferð efnavopna.

Enginn má þróa, framleiða, afla, safna, nota eða hafa í vörslu sinni efnavopn né afhenda slík vopn þannig að það stríði gegn samningnum um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

3. gr.

Innlent eftirlit.

[Umhverfisstofnun fer með framkvæmd mála samkvæmt lögum þessum í samstarfi við [innanríkisráðherra]²⁾ og utanríkisráðherra.]¹⁾

[Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Ríkislögreglustjóri annast framkvæmd samningsins að því er varðar viðbúnað fyrir almenning.]¹⁾

[Umhverfisstofnun]¹⁾ getur krafist allra upplýsinga og annarra gagna sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála.

[Umhverfisstofnun]¹⁾ getur að undangengnum dómsúrskurði gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum. Við framkvæmd athugunar skal lögregla veita [Umhverfisstofnun]¹⁾ nauðsynlega aðstoð.

Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum. Getur hann samið við hæfa aðila að mati [Umhverfisstofnunar]¹⁾ um framkvæmd eftirlitsins, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

¹⁾L. 164/2002, 11. gr., ²⁾L. 162/2010, 161. gr.

4. gr.

Alþjóðlegt eftirlit.

Eftirlitsmönnum sem starfa á grundvelli samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra er heimilt að framkvæma héraðs skoðanir sem kveðið er á um í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort Ísland framfylgir skyldum sínum samkvæmt samningnum. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og [Umhverfisstofnunar]¹⁾ skulu vera viðstaddir slíkar skoðanir.

Eftirlitsmenn sem starfa á grundvelli samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra skulu njóta friðhelgi og forréttinda hér á landi eins og kveðið er á um í samningnum.

¹⁾L. 164/2002, 12. gr.

5. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra sem í hlut á getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

6. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Nú er brotið ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að sex árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög

nr. 105/2001, um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Tóku gildi 17. júlí 2001. EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 93/7/EBE. Breytt með l. 40/2006 (tóku gildi 1. sept. 2006) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar, standa vörð um menningarsögulegar minjar hennar og tryggja skil á menningarverðmætum til annarra landa.

2. gr.

Eigi má flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir, sbr. þó 3. gr., nema formlegt leyfi skv. 3. mgr. komi til:

1. Forngripi, eldri en 100 ára, hvort sem eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga.
2. Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en 100 ára.
3. a. Málverk og handgerðar myndir, aðrar en þær sem getið er um í b-lið 3. tölul. og 4. tölul., úr hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
b. Vatnslitamyndir, gvassmyndir og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósáikverk úr hvaða efni sem er og að öllu leyti handunnin, sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul., og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
5. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti, ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
6. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
7. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.
8. Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vögguprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalaasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök sömuleiðis söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, þjóðflokkafræði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

Leiki vafi á um aldur minja sem taldar eru upp í 1.–11. og 13.–14. tölul. 1. mgr. sker safnaráð úr, en Náttúrufræðistofnun Íslands ef 12. tölul. á við.

Safnaráð samkvæmt safnalögum veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem taldir eru upp í 1.–14. tölul. 1. mgr., þó þannig að Náttúrufræðistofnun Íslands veitir slíkt leyfi

ef um er að ræða útflutning náttúrugripa skv. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/1992. Ef um er að ræða muni eða gripi sem taldir eru upp í 8.–11. tölul. 1. mgr. skal safnaráð hafa samráð við Þjóðskjalasafn Íslands og [Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum]¹⁾ eftir því sem við á.

¹⁾L. 40/2006, 11. gr.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. þeirrar greinar án tillits til verðgildis þeirra.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 1.100.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 3.800.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir a-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 11.500.000 kr. eða meira og b-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 2.300.000 kr. eða meira.

Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst safnaráði.

4. gr.

Safnaráði er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að koma í veg fyrir útflutning menningarminja, jafnt þeirra sem taldar eru í 2. gr. sem annarra, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðardýrgripa eða þær hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Getur þá safnaráð stöðvað útflutning þeirra um stundarsakir meðan leitað er umsagna sérfróðra manna og þar til formleg afstaða ráðuneytisins er fengin. Fallist ráðuneytið eigi á beiðni um útflutningsleyfi er sú niðurstaða bindandi fyrir alla aðila og hið sama gildir um samþykki ráðuneytisins við útflutningi.

5. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar ef flutningurinn brýtur gegn:

- a. reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá ríki á svæðinu eða
- b. löggjöf þess ríkis sem menningarminjar eru fluttar frá.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til þess ef menningarminjar eru fluttar löglega til landsins en er ekki skilað á umsömdum tíma.

Menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins skal skilað í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Finnist menningarminjar hér á landi sem safnaráð telur að rökstuddur grunur leiki á að fluttar hafi verið til landsins með ólöglegum hætti skal ráðið með sannanlegum hætti tilkynna hlutaðeigandi ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins um fundinn. Telji valdbær stjórnvöld einhvers ríkjanna að minjarnar hafi verið fluttar frá yfirráðasvæði þess með ólöglegum hætti skal krafa þeirra um skil hafa borist safnaráði innan tveggja mánaða frá því að ráðið tilkynnti um fundinn. Berist krafa um skil ekki innan þess frests falla skyldur safnaráðs til varðveislu minjanna niður.

Ákvæði 5. og 6. mgr. þessarar greinar og ákvæði 6. gr., svo og ákvæði 7. gr. að því er varðar skil menningarverðmæta til annarra ríkja, gilda einvörðungu um kröfur um skil frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til ríkja er ekki eiga aðild að nefndum samningi hafi minjarnar verið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög. Skil á menningarminjum samkvæmt ákvæði þessu hafa farið fram þegar menningarminjar hafa verið afhentar stjórnvöldum þess ríkis sem leggur fram beiðni um skil.

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum, sem fluttar hafa verið til Íslands með ólögumætum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til rétttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum 3. gr. um verðmæti þeirra fullnægt. Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til safnaráðs sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi, sbr. nánar 6. gr.

Við verðgildismat menningarminja skv. 5. mgr., sbr. og 3. gr., skal miða við þann dag er íslenskum stjórnvöldum berst krafa um skil á minjum frá valdbærum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði hér á landi.

6. gr.

Séu menningarminjar sem fjallað er um í 5. og 6. mgr. 5. gr. í eigu eða vörslu manna hérlendis er eigi vilja láta þær af hendi þegar safnaráð krefst þess, sbr. 5. og 7. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða [sakamáli],¹⁾ að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögmæltum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærra yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina safnaráðs.

Í kröfu um skil menningarminja, sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur, svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögumætum hætti.

Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. þessarar greinar verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niðurkomnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður heldur ekki komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst. Sé um að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyra til kirkjulegra minja þar er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár, nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess, gagnvart hlutaðeigandi ríki, að virða lengri frest.

Það ríki, er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bera kostnað af þeim skilum, þar með talið kostnað af málsmeðferð.

Peir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið þeim saknæmur eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með ólögumætum hætti geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er

gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli sem höfðað er til skila minjanna eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti, en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki, er skila krefst, um bætur af þessum sökum. Hefur safnaráð milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa, sem hér um ræðir, verið viðurkennd með dómi eða liggi fyrir formlegur samningur um bætur, þar á meðal dómsátt, getur safnaráð gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.

¹⁾L. 88/2008, 234. gr.

7. gr.

Safnaráð annast framkvæmd ákvæða þessara laga fyrir hönd íslenska ríkisins. Það veitir formleg leyfi til útflutnings menningarminja skv. 2. gr. og jafnframt skv. 4. gr. að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis. Um framkvæmd leyfi-s veitinga, m.a. um form leyfisskjala, skal farið að nánari reglum er menntamála- ráðherra setur. Safnaráð leggur mat á verðgildi menningarminja skv. 3. gr., sbr. og 5. gr., og annast um framkvæmd skila á menningarminjum til annarra ríkja skv. 5. gr.

Ágreiningi um leyfisveitingar eða synjanir útflutnings á þessu sviði má skjóta til menntamálaráðuneytis, sbr. nánar ákvæði stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993. Verður þá ekki af útflutningi fyrr en ráðuneytið hefur heimilað hann og lagt fyrir safnaráð að gefa út leyfisbréf þar að lútandi. Til menntamálaráðuneytis má og skjóta ágreiningi um önnur atriði er lúta að framkvæmd ákvæða laga þessara.

Við mat á gildi menningarverðmæta, er hér um ræðir, svo og um meiri háttar álitaefni, skal safnaráð hafa samráð við forstöðumenn þeirra stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

Safnaráð tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og sömuleiðis ber ráðið fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja frá þeim ríkjum hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólögætum hætti, sbr. 2., 3. og 4. gr., og veitir þeim viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslumanna hérlendis.

Safnaráð skal hafa náð samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölpjódlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal safnaráð leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins með óheimilum hætti. Skulu lögreglufyrirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

Tollayfirvöld skulu tafarlaust tilkynna safnaráði um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins og hið sama gildir um ólögmetan útflutning.

Safnaráði til ráðuneytis um allt það er snertir framkvæmd ákvæða þessara laga starfar þriggja manna nefnd kunnáttumanna er menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal ráðherra skipa formann nefndarinnar sérstaklega en nefndin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við val aðalmanna og varamanna, annarra en formanns og varaformanns, skal þess gætt að einn þeirra hafi sérkunnáttu á sviði listfræði, annar á sviði menningarsögu eða fornminjafraði, þriðji á sviði bókfræði og hinn fjórði á sviði skjalfræði. Varði mál, sem undir nefndina er borið, sérsvið varamanns skal hann fjalla um það mál jafnhliða aðalmönnum. Menntamála- ráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

8. gr.

Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði laga þessara um skil á minjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar. Hið sama tímamark gildir um kröfur íslenskra stjórnvalda um skil menningarminja frá öðrum aðildarríkjum að nefndum samningi.

9. gr.

Hver sá sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum laga þessara á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

10. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum 2.–5. gr. laga þessara varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggji við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði VI. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 60/1996.

Úr lögum

nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Upphaflega l. 74/1984. Tóku gildi 1. janúar 1985. Breytt með [l. 7/1996](#) (tóku gildi 1. okt. 1996), [l. 101/1996](#) (tóku gildi skv. fyrirmælum í 10. gr.), [l. 82/1998](#) (tóku gildi 1. okt. 1998) og [l. 95/2001](#) (tóku gildi 1. ágúst 2001). **Endurútfegin, sbr. 17. gr. l. 95/2001, sem l. 6/2002.** Breytt með [l. 164/2002](#) (tóku gildi 1. jan. 2003), [l. 18/2003](#) (tóku gildi 1. júlí 2003), [l. 24/2003](#) (tóku gildi 3. apríl 2003; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 4. gr.; EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 2001/37/EB), [l. 83/2006](#) (tóku gildi 30. júní 2006; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 6. gr.), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), [l. 33/2009](#) (tóku gildi 8. apríl 2009) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. kafli.

Markmið, gildissvið og stjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks.

Virða skal rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 2. mgr., einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.

2. gr.

Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn að öllu eða einhverju leyti úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og búnað tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur og tæki til að vefja sígarettur, svo og annan slíkan varning.

Með munntóbaki er í lögum þessum átt við allar vörur, unnar að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í munn, að undanskildum þeim sem eru ætlaðar til reykinga.

Með skrotóbaki er í lögum þessum átt við munntóbak í bitum eða ræmum, einkum ætlað til að tyggja.

Með neftóbaki er í lögum þessum átt við duft eða mylsnu, gerða að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í nef.

[Með tjöru er í lögum þessum átt við hráa þéttingu tóbaksreyks, vatnsfirrta og nikótínlausa.

Með nikótíni er í lögum þessum átt við nikótínbeiskjuefni.

Með kolsýringi er í lögum þessum átt við kolmónoxíð (CO).

Með innihaldsefnum er í lögum þessum átt við öll efni eða efnisþætti, nema tóbakslauf og aðra náttúrulega eða óunna hluta tóbakspöntunnar, sem eru notaðir við framleiðslu eða tilreiðslu á tóbaki og er enn að finna í fullunnu vörunni, jafnvel þótt í breyttu formi sé, þ.m.t. pappír, síur, blek og lím.]¹⁾

[Með þjónusturými er í lögum þessum átt við öll húsakynni undir þaki, föstu eða hreyfanlegu, svo og samkomutjöld og sýningartjöld, sem almenningur hefur aðgang að vegna viðskipta og veittrar þjónustu og þátttöku í menningar- og félagsstarfsemi, þ.m.t. áhorfendasvæði, biðstofur, gestamóttaka, forstofur, gangar, snyrtiherbergi o.fl.]²⁾

¹⁾L. 24/2003, 1. gr. ²⁾L. 83/2006, 1. gr.

3. gr.

Lög þessi gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða sem eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni.

4. gr.

Yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum er í höndum [velferðarráðherra]¹⁾.

¹⁾L. 162/2010, 72. gr.

[5. gr.]¹⁾

¹⁾L. 18/2003, 10. gr.

II. kafli.

Sala og auglýsingar.

6. gr.

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráðar séu viðvaranir um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar.

Sígarettupakka skal merkja sérstaklega með upplýsingum um [tjöru-, nikótín- og kolsýringsinnihald].¹⁾

[Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal um viðvörunartexta og viðvörunarmyndir, stærð þeirra og letur og annað sem máli kann að skipta, í samræmi við gildandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og ákvarðana sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur á grundvelli þeirrar tilskipunar.]³⁾

[...] ³⁾ [Óheimilt er með öllu að hafa á umbúðum tóbaks texta, heiti, vörumerki, myndir og myndræn eða annars konar tákn sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak.]¹⁾

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar samkvæmt þessari grein.

¹⁾L. 24/2003, 2. gr. ²⁾Rg. 236/2003. ³⁾L. 33/2009, 1. gr.

7. gr.

Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi. [Þetta nær þó ekki til upplýsinga um tóbaksvöru sem miðlað er til þeirra sem selja tóbak í heilðsölu eða smásölu enda sé þess gætt að upplýsingarnar séu ekki aðgengilegar neytendum eða öðrum. Sama á við um auglýsingar í ritum sem prentuð eru og gefin út utan Evrópska efnahagssvæðisins enda séu þau fyrst og fremst ætluð til dreifingar utan svæðisins og megintilgangur þeirra ekki að auglýsa tóbaksvörur. Þá er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl., að gefa út og birta skrá yfir skaðleg efni í tóbaksvörum.]¹⁾

Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu og í myndskreytingu á varningi. [Bannað er jafnframt að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjarpípum.]¹⁾

Með auglýsingum er í lögum þessum m.a. átt við:

1. hvers konar tilkynningar til almennings eða sérstakra markhópa, þar á meðal vörukynningar, útstillingar í gluggum verslana, hvers konar skilti og svipaðan búnað,
2. alla notkun hefðbundinna tóbaksvörumerkja (heita og auðkenna) eða hluta þeirra; undanskildar eru þó vörur sem framleiddar eru undir slíkum merkjum, enda gilda auglýsingatakmörkin laganna um þær að öðru leyti,
3. hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra,
4. dreifingu vörusýna til neytenda.

Óheimilt er að setja á markað hér á landi tóbak undir vörumerkjum sem eru þekkt sem eða notuð sem merki fyrir aðra vöru eða þjónustu.

Hvers kyns framlög til viðburða eða starfsemi sem miða að því eða hafa þau beinu eða óbeinu áhrif að kynna tóbak eru bönnuð.

Tóbaki og vörumerkjum tóbaks skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum. [Sérverslunum með tóbak, þ.e. verslunum sem einkum hafa tóbak og reykfæri á boðstólum, er þó heimilt að koma tóbaki og vörumerkjum tóbaks þannig fyrir innan verslunar að það sé sýnilegt viðskiptavinum þegar inn í verslunina er komið.]²⁾

¹⁾L. 33/2009, 2. gr. ²⁾L. 83/2006, 2. gr.

8. gr.

Tóbak má hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 18 ára. Bann þetta skal auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt. Leiki vafi á um aldur kaupandans getur sala því aðeins farið fram að hann sýni með skilríkjum fram á að hann sé orðinn 18 ára.

1)

...
Bannað er að selja tóbak úr sjálföldum.

Ekki er heimilt að selja sigarettur í minna magni en heilum 20 stykkja pökkum.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak og allt munntóbak, að undanskildu skrotóbaki.

Ekki má selja tóbak í skólum, stofnunum fyrir börn og unglinga eða á heilbrigðisstofnunum.

Þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak. Heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði getur veitt tímabundna undanþágu frá þessu ákvæði um aldurstakmark. [Ráðherra]⁷⁾ setur í reglugerð²⁾ að fenginni umsögn Vinnueftirlits ríkisins nánari ákvæði um undanþágur um aldurstakmark.

[Heilbrigðisyfirvöld geta krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks gefi upplýsingar um innihald vörunnar. Ráðherra setur í reglugerð³⁾ nánari ákvæði um framkvæmdina.

Heilbrigðisyfirvöld geta krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks leggi fram sýnishorn af vörunni eða geri prófanir sem eru nauðsynlegar til þess að meta eiginleika og áhrif hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.]⁴⁾

[Ráðherra]⁷⁾ ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við tóbaksvarnanefnd og í samræmi við gildandi tilskipanir Evrópusambandsins, hver skuli vera hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk og hvernig hátað skuli mælingum og eftirliti með því að þessi mörk séu virt. [Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við mælingar og prófanir samkvæmt þessari málsgrein, svo og við upplýsingar og prófanir skv. 8. og 9. mgr.]⁴⁾

[Til að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Til reksturs sérværslunar með tóbak þarf jafnframt sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Auðkenna skal sérværslun með tóbak sérstaklega. Leyfi samkvæmt þessari grein skulu veitt til fjögurra ára í senn og verða einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um væslunaratvinnu. Heimilt er sveitarfélögum að innheimta gjald fyrir leyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda. Um gjaldtöku fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ráðherra er heimilt í samráði við umhverfisráðherra að setja í reglugerð⁵⁾ nánari ákvæði um leyfisveitingu samkvæmt þessari grein, m.a. um umbúnað sérværslana með tóbak, hvernig þær skuli auðkenndar og hvernig koma megi tóbaki og vörumerkjum tóbaks fyrir á útsölustöðum og í sérværslunum.]⁶⁾

Þeim sem selur tóbak í heildsölu er óheimilt að selja eða afhenda tóbak öðrum en þeim sem hafa leyfi til að selja tóbak í smásölu samkvæmt lögum þessum.

¹⁾L. 33/2009, 3. gr. ²⁾Rg. 326/2007. ³⁾Rg. 236/2003. ⁴⁾L. 24/2003, 3. gr. ⁵⁾Rg. 325/2007. ⁶⁾L. 83/2006, 3. gr., ⁷⁾L. 162/2010, 72. gr.

Úr lög

nr. 19/2002 um pósthjónustu.

Tóku gildi 3. apríl 2002 (sjá vefútgáfu Alþingis 2002 nr. 19 18. mars). EES-samningurinn: XI. viðauki tilskipun 97/67/EB. Breytt með l. 136/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003; EES-samningurinn: XI. viðauki tilskipun 97/39/EB), l. 129/2004 (taka gildi 31. des. 2005) og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. kafli.

Gildissvið laganna og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um pósthjónustu sem felst í móttöku eða söfnun, flokkun, flutningi og skilum á póstsendingum gegn greiðslu og um starfsemi sem þessu tengist.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga um pósthjónustu er að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu.

II. kafli.

Orðaskýringar.

4. gr.

Afgreiðslustaðir: Aðstaða, þ.m.t. póstkassar fyrir almenning á opinberum stöðum eða í húsnæði rekstrarleyfishafa, þar sem viðskiptavinir geta lagt inn póstsendingar.

Almenn heimild: Heimild til að veita pósthjónustu aðra en alþjónustu.

Alþjónusta: Pósthjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli.

Ábyrgðarsending: Sending sem rekstrarleyfishafi ábyrgist með fyrir fram ákveðnum skaðabótum gegn hættu á tapi, þjófnaði eða skemmdum og afhendir sendanda samkvæmt beiðni hans sönnun um viðtöku póstsendingar og afhendingu hennar árituðum viðtakanda eða þeim sem heimild hefur til að taka við slíkri sendingu fyrir hans hönd. Afbrigði af þessari þjónustu er til í sendingum innan lands þar sem það nægir að afhenda sendinguna á tilgreindum ákvörðunarstað gegn áritun aðila á staðnum um viðtöku.

Blindrasending: Sending með utanáritun sem inniheldur einvörðungu upplýsingaefni fyrir blinda.

Bréf: Skrifleg boðskipti rituð á hvers konar miðil sem senda á og afhenda á heimilisfang sem sendandi hefur gefið til kynna á bréfinu eða umbúðum þess. Ekki er litið á bækur, verðlista, dagblöð og tímarit sem bréfasendingu.

Einkaréttarþjónusta: Pósthjónusta sem enginn má veita nema ríkið eða póstrekkandi í umboði þess.

Endastöðvagjöld: Þóknun rekstrarleyfishafa fyrir dreifingu póstsendinga erlendis frá.

Fjármunasending: Greiðsluviðskipti með millifærslum, póstávísanir, póstkröfur og önnur fjármunaþjónusta.

Frímerki: Tegund gjaldmerkis fyrir pósthjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu. Öll frímerki skulu bera áletrunina „ÍSLAND“.

Gjaldmerki: Merki sem er límt eða stimplað á póstsendingar eða fylgibréf þeirra sem tákn um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi pósthjónustu.

Grunnkröfur: Almennar ástæður, aðrar en fjárhagslegar, sem geta valdið því að yfirvöld setji skilyrði um pósthjónustu. Ástæður geta verið trúnaðareðli bréfaskipta, öryggi póstflutninga að því er varðar flutning hættulegrar vöru og, þar sem réttlætanlegt er, verndun gagna,

verndun umhverfis og svæðisskipulag. Verndun gagna getur átt við verndun persónulegra upplýsinga, trúnaðarupplýsingar sem sendar eru og verndun einkalífs.

Markpóstur: Fjöldasending sem samanstendur einungis af auglýsingum, markaðs kynningu eða almennu kynningarefni, hver sending eins að undanteknu nafni, heimilisfangi og kennitölu móttakanda sem og öðrum breytilegum upplýsingum sem ekki breyta innihaldi skilaboðanna sem send eru umtalsverðum fjölda móttakanda á þeim stað sem sendandi hefur áritað á póstsendinguna eða umbúðir hennar. Reikningar og reikningsyfirlit og aðrar sendingar sem hver fyrir sig er mismunandi skulu ekki teljast vera markpóstur.

Móttaka: Móttaka og söfnun póstsendinga sem lagðar eru inn á afgreiðslustöðum.

Póstkassi: Kassi eða rifa á byggingu sem ætlaður er fyrir söfnun póstsendinga í pósthjónustu.

Póstrekandi: Aðili sem veitir hvers kyns pósthjónustu.

Póstsending: Sending með eða án áritunar á umbúðir sem póstrekkandi flytur hana í. Auk bréfa teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og böggjar sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

Pósthjónusta: Hjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu.

Rekstrarleyfishafi: Aðili sem hefur leyfi til að veita alþjónustu.

Tryggð sending: Hjónusta sem tryggir póstsendingu gegn tapi, þjófnaði eða skemmdum samkvæmt því verðgildi sem sendandi tilgreinir.

Útburður: Starfsemi sem byrjar með sundurgreiningu pósts í póstmíðstöð og lýkur með afhendingu hans á ákvörðunarstað.

...

V. kafli.

Einkaréttur ríkisins.

7. gr.

Einkaréttur á pósthjónustu.

[Íslenska ríkið hefur frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2006 einkarétt á pósthjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 100 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en þrisvar sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.]¹⁾

1) [L. 136/2002, 1. gr.](#) Frá 1. janúar 2006 skulu þyngdarmörk skv. greininni breytast í 50 g og verðmörk í 2,5 sinnum lægsta burðargjald, sbr. [7. gr. s.l.](#)

...

XII. kafli.

Reglur um póstméðferð.

31. gr.

Móttaka og afhending póstsendinga.

Póstrekendum er heimilt að setja í skilmála ákvæði um frágang póstsendinga sem þeir taka á móti. Skilmálarnir skulu vera skýrir og gætt skal jafnræðis. Póstrekkendur skulu við móttöku ganga úr skugga um að frágangur sendingar sé með þeim hætti að hægt verði að koma sendingunni til skila til viðtakanda.

Á póstsendingar sem falla undir alþjónustu skal setja gjaldmerki sem ber með sér hvert sé gjald fyrir póstsendinguna. Gjaldmerki getur verið í formi frímerkis sem gildir sem ávísun á pósthjónustu og skal sýna verðmæti frímerkisins. Póst- og fjarskiptastofnun getur þegar sérstaklega stendur á heimilað að notuð verði, tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis. Frímerki sem hefur verið dagstimplað hættir að vera ávísun á

nýja þjónustu. Gjaldmerki getur einnig verið í formi ástimplunar á póstsendingu eða fylgibréf hennar með frímerkingavél notanda eða annarri ástimplun af hálfu rekstrarleyfishafa. Í stað ástimplunar á póstsendingu má nota ástimplað gjaldmerki. Gjaldmerki önnur en frímerki skulu bera heiti viðkomandi rekstrarleyfishafa eða númer sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar honum. Póstrekendum er heimilt að taka við fjöldasendingum án þess að gjaldmerki fylgi hverri sendingu svo framarlega sem póstsendingarnar verða merktar sérstaklega og dagstimplaðar.

Allar póstsendingar í alþjónustu skulu dagstimplaðar eins fljótt og hagkvæmlega verður við komið eftir móttöku þeirra. Ef notaðar eru frímerkingavélar til ástimplunar burðargjalds má nota þær til að dagstimpla samtímis póstsendingar enda fari dagsetningin saman við afhendingardag póstsendingarinnar til rekstrarleyfishafa. Dagstimpill getur einnig verið hluti gjaldmerkis sem rekstrarleyfishafi setur samkvæmt ósk sendanda á póstsendingu eftir móttöku.

Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfaþakka eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Póstrekendum er heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfarifur og bréfaþakka viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Póstsending telst vera í vörslu póstrekkanda og á ábyrgð hans frá móttöku og þar til að hún hefur verið afhent á tilgreindum ákvörðunarstað.

Sendandi telst eigandi póstsendingar sem hann hefur afhent póstrekkanda þar til hún hefur verið afhent viðtakanda. Sendandi hefur jafnframt ráðstöfunarrétt yfir sendingunni og er heimilt að gefa póstrekkanda ný fyrirmæli um póstmæðferð þar til hún hefur verið afhent tilgreindum viðtakanda. Póstrekkanda er heimilt að innheimta aukagjald vegna kostnaðar sem hlýst af nýjum fyrirmælum.

32. gr.

Óskilasendingar.

Póstrekkendur skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma póstsendingum til skráðra viðtakanda. Póstsendingar sem ekki tekst að koma til skila vegna rangs eða ónógs heimilisfangs eða vegna þess að skráður viðtakandi hefur flust búferlum til annars lands skal póstrekkandi endursenda til sendanda.

Póstrekkendum er heimilt að endursenda til sendanda póstsendingar sem póstlagðar eru án þess að burðargjald hafi verið innt af hendi eða ef um vangreiðslu er að ræða.

Þegar póstsending í óskilum er ekki merkt sendanda og ekki er hægt að endursenda hana er póstrekkanda heimilt að opna póstsendinguna í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 35. gr., að fenginni umsögn Persónuverndar. Við gerð og beitingu þessara reglna skal þess gætt að óskilasendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.

Póstsendingar sem fyrir mistök komast í hendur annars póstrekkanda en ætlað var að flytja sendinguna skulu tafarlaust sendar réttum póstrekkanda.

33. gr.

Óheimilar póstsendingar.

Óheimilt er að afhenda póstrekkanda sendingar með innihaldi sem er ólöglegt, ósæmilegt eða móðgandi fyrir móttakanda.

Í reglugerð sem [ráðherra]¹⁾ setur um framkvæmd pósthjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um hvað telst vera ólöglegt innihald póstsendinga. Póst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af reglugerðinni semja lista yfir ólöglegt innihald póstsendinga og skulu póstrekkendur kynna starfsfólki sínu listann og hafa hann til reiðu á afgreiðslustöðum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna Alþjóðapóst sambandinu listann yfir ólögmaett innihald. Sömu leiðis skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að listar yfir innihald sem telst vera ólögmaett í öðrum löndum séu aðgengilegir hjá rekstrarleyfishöfum.

Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgripa eða hliðstæð verðmæti.

¹⁾ L. 162/2010, 233. gr.

34. gr.

Umbúðir póstsendinga.

Ganga skal tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekingum í umbúðum. Póstrekingur geta hafnað því að veita póstsendingum móttöku ef hætta er talin á því að umbúðir muni skemmast í höndum póstrekingans. Móttaka póstsendinga í alþjónustu með innihaldi sem getur valdið skaða, smiti eða veikindum er skilyrt því að rétt sé búið um sendinguna og hún merkt í samræmi við innihald. Dæmi um slíkt innihald eru lífræn, auðskemmd efni, smitefni og geislavirk efni. Í reglugerð sem [ráðherra]¹⁾ setur um framkvæmd póstpjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um frágang, umbúðir og merkingu slíkra sendinga. Rekstrarleyfishafar skulu framvísa reglunum á afgreiðslustöðum að ósk notenda og kynna starfsmönnum sínum þær. Póst- og fjarskiptastofnun skal upplýsa erlendar eftirlitsstofnanir um reglurnar og skal safna upplýsingum um reglur sem gilda í nágrannalöndunum um samsvarandi hluti.

¹⁾ L. 162/2010, 233. gr.

35. gr.

Nánari reglur um framkvæmd póstpjónustu.

Nánari reglur um framkvæmd póstpjónustu, svo sem um minnstu og stærstu mál póstsendinga, skal [ráðherra]¹⁾ setja í reglugerð¹⁾ um alþjónustu

¹⁾ Rg. 364/2003, ¹⁾ L. 162/2010, 233. gr.

XV. kafli.

Póstleynd og undanþágur.

[47. gr.]¹⁾

Póstleynd og íhlutun starfsmanna.

Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notkun póstpjónustu að undan-gengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Öllum sem starfa við póstpjónustu er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

¹⁾ L. 136/2002, 3. gr.

[48. gr.]¹⁾

Undanþágur.

Þrátt fyrir ákvæði [47. gr.]²⁾ er heimilt að opna án dómsúrskurðar þær póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru

svo að unnt sé að endursenda þær, enda sé það gert í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 32. gr. Enn fremur er heimilt að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Hið sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvaranlega búið um sendinguna vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættulegt getur verið að senda. Póstrekandi skal halda skrá yfir póstsendingar sem eru opnaðar án dómsúrskurðar í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 32. gr.

Böggla sem fluttir eru til landsins frá útlöndum má opna ef nauðsynlegt er vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda. Aðrar lokaðar póstsendingar má ekki opna vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda nema í viðurvist viðtakanda.

Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra, enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar afhentar forráðamanni dánarbús nema þær beri með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

¹⁾L. 136/2002, 3. gr. ²⁾L. 136/2002, 6. gr.

[49. gr.]¹⁾

Ólögmat háttsemi.

Starfsmönnum við pósthjónustu er óheimilt að rífa upp, ónýta eða skjóta undan póstsendingum, eða ónýta, aflaga eða skjóta undan skeytum sem veitt hefur verið móttaka til útburðar.

¹⁾L. 136/2002, 3. gr.

Úr lögum

nr. 44/2002 um geislavarnir.

Tóku gildi 7. maí 2002, sjá þó 23. gr. EES-samningurinn: tilskipun 96/29 og 97/43. Breytt með l. 28/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. kafli.

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatakjum í því skyni að takmarka skaðleg áhrif hennar. Þess skal gætt að geislun á fólk vegna allrar starfsemi sem lög þessi taka til sé eins lítil og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahags- og þjóðfélagslegra aðstæðna.

Markmiði laganna skal náð með markvissum aðgerðum, m.a. eftirliti með allri meðferð geislavirkra efna og geislatakja, athugunum og rannsóknum, vöktun á geislavirkum efnum í umhverfi, viðbúnaði við geislavá og fræðslu og leiðbeiningum um geislavarnir.

2. gr.

Lögin gilda um:

1. Öryggisráðstafanir gegn geislun við alla starfsemi sem hefur í för með sér hættu á geislun á fólk, svo sem við framleiðslu, innflutning, útflutning, afhendingu, eign, uppsetningu, notkun, meðhöndlun og förgun geislavirkra efna og geislatækja, sbr. 4. mgr. 13. gr.
2. Öryggisráðstafanir við starfsemi sem leiðir af sér aukna náttúrulega geislun frá umhverfinu.
3. Öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum samkvæmt alþjóðasamningum.
4. Vöktun og rannsóknir vegna geislavirkra efna í umhverfi og matvælum.
5. [Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við hvers kyns geislavá.]¹⁾

¹⁾L. 28/2008, 1. gr.

3. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Geislun*: Jónandi og ójónandi geislun.
2. *Jónandi geislun*: Geislun frá geislavirkum efnum, röntgengeislun eða önnur geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.
3. *Ójónandi geislun*: Útfjólublá geislun og allar aðrar rafsegulbylgjur með lengri bylgjulengd, svo sem örbylgjur eða aðrar rafsegulbylgjur sem hafa hliðstæð líffræðileg áhrif, svo og rafsegulsvið.
4. *Geislatæki*: Rafmagnstæki sem mynda geislun, t.d. röntgentæki og sólarlampar.
5. *Læknisfræðileg geislun*: Sérhver geislun einstaklinga til greiningar eða meðferðar sjúkdóms, til vísindarannsókna eða í réttarfarslegum tilgangi.
6. *Starfsemi*: Starfsemi sem getur valdið geislun einstaklinga.
7. *Geislaálag*: Mat á magni geislunar þar sem heilsufarsleg áhætta einstaklings er lögð til grundvallar.
- [8. *Leyfishafi*: Aðili sem hefur fengið leyfi Geislavarna ríkisins til notkunar geislavirkra efna eða geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun.]¹⁾
- [9.]¹⁾ *Ábyrgðarmaður*: Starfsmaður með viðeigandi menntun og reynslu, tilnefndur af [leyfishafa]¹⁾ til þess að bera í umboði hans ábyrgð á starfseminni hvað varðar geislavarnir.
- [10.] *Gæðatrygging*: Sérhver skipulögð og skipuleg aðgerð sem nauðsynleg er til að skapa nægilegt traust á því að aðstaða, kerfi, kerfishlutar eða aðgerðir virki á fullnægjandi hátt og í samræmi við samþykka staðla.
- [11.] *Gæðaeftirlit*: Sá hluti gæðatryggingar sem tekur til aðgerða (skipulagningar, samhæfingar, framkvæmdar) sem ætlað er að viðhalda gæðum eða bæta þau. Gæðaeftirlit felur í sér að vakta, meta og halda innan settra marka öllum einkennandi þáttum fyrir virkni búnaðar sem hægt er að skilgreina, mæla og hafa eftirlit með.

¹⁾L. 28/2008, 2. gr.

II. kafli.

Geislavarnir ríkisins.

4. gr.

Geislavarnir ríkisins er stofnun undir yfirstjórn [velferðarráðherra]¹⁾. Stofnunin hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum.

Ráðherra skipar forstjóra Geislavarna ríkisins til fimm ára í senn. Skal hann hafa háskólapróf á starfssviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

¹⁾ [L. 162/2010, 73. gr.](#)

5. gr.

Geislavarnir ríkisins skulu annast:

1. Eftirlit og umsjón með að lögum þessum og reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim sé fylgt.
2. Hvers konar eftirlit og athuganir sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim.
3. Eftirlit með geislaálagi starfsmanna vegna jónandi geislunar og halda skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits fyrir hvern einstakan starfsmann.
4. Reglubundið mat á heildargeislaálagi almennings af starfsemi sem lög þessi taka til.
5. Reglubundið mat á geislaálagi sjúklinga af læknisfræðilegri geislun hérlendis.
6. Vöktun og rannsóknir á geislavirkum efnum í matvælum og umhverfi.
7. Fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk er vinnur við geislun jafnframt því að miðla upplýsingum til almennings og fjölmiðla.
8. Rannsóknir á sviði geislavarna.
9. [Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við hvers kyns geislavá, m.a. greiningu á ógn af hennar völdum, samhæfingu viðbúnaðar við alþjóðleg viðmið, rekstur viðbúnaðar-og geisla-mælikerfa og annað því tengt.]¹⁾
- [10. Nauðsynlega mælifræði og varðveislu landsmæligrunna vegna notkunar jónandi geislunar á Íslandi.]¹⁾
- [11.] Samvinnu við erlendar stofnanir á sviði geislavarna og kjarnorkumála.
- [12.] Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara og önnur verkefni á sviði geislavarna eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur falið stofnuninni að fjalla um tiltekin mál eða verkefni skyld þeim verkefnum sem lög þessi fjalla um.

Stofnunin skal undirbúa, sækja um og viðhalda faggildingu vegna tiltekinna þátta rannsókna og eftirlits sem stofnunin annast.

Stofnuninni er heimilt að semja um ákveðna þætti framkvæmdarinnar við aðila sem uppfylla faglegar kröfur er stofnunin gerir.

Þeir sem hafa með höndum starfsemi sem lög þessi taka til skulu [veita stofnuninni aðstoð við öflun nauðsynlegra upplýsinga]¹⁾ til þess að mat skv. 4. og 5. tölul. verði eins raunhæft og kostur er.

¹⁾ [L. 28/2008, 3. gr.](#)

6. gr.

Ráðherra skipar geislavarnaráð til fjögurra ára í senn, en það er fagleg ráðgjafarnefnd Geislavarna ríkisins um geislavarnir. Skal geislavarnaráð skipað þremur mönnum með sérþekkingu á starfssviði stofnunarinnar.

III. kafli.

[Leyfisveitingar og tilkynningar um innflutning o.fl.]¹⁾

7. gr.

Framleiðsla, innflutningur, [útflutningur,]¹⁾ eign, geymsla, afhending og förgun geislavirkra efna, hvort sem efnin eru hrein, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, er háð leyfi Geislavarna ríkisins. Leyfisveiting er háð skilyrðum er stofnunin setur, m.a. um meðferð geislavirkra efna þegar notkun þeirra lýkur. Umsóknnum um leyfi þessi skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir.

Ekki þarf leyfi vegna geislavirkra efna sé heildarmagn þeirra eða magn á massaeiningu undir mörkum er Geislavarnir ríkisins ákveða, né heldur vegna sjálflysandi úra, vasaáttavita, mæla og annarra slíkra tækja er innihalda mjög lítið af geislavirkum efnum eftir nánari ákvörðun Geislavarna ríkisins.

Innflutningur geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun er tilkynningarskyldur. [Innflytjendur skulu senda Geislavörnum ríkisins tilkynningu eigi síðar en 1. febrúar ár hvert um innflutning og kaupendur tilkynningarskyldra tækja á liðnu ári. Innlendir framleiðendur skulu með sama hætti senda slíka tilkynningu um innlenda kaupendur tilkynningarskyldra tækja.]¹⁾

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflutningur ákveðinna flokka geislatækja, sem gefa frá sér ójónandi geislun, skuli tilkynningarskyldur.

¹⁾L. 28/2008, 4. gr.

Lög

nr. 55/2002 um útflutning hrossa, lög nr. 40/2005 um breytingu á þeim.

Tóku gildi 10. maí 2002, sjá þó 9. gr. Breytt með l. 55/2005 (tóku gildi 30. maí 2005), l. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

1. gr.

[Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa að uppfylltum skilyrðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim. Útflutningshross skulu vera á aldrinum fjögurra mánaða til fimmtán vetra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis með flugvéllum. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.]¹⁾

¹⁾L. 55/2005, 1. gr.

2. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi hross nema [héraðsdýralæknir]¹⁾ hafi skoðað það í útflutningshöfn, metið það hæft til útflutnings með tilliti til [aldurs],²⁾ dýraverndar og smitsjúkóma og staðfest að það sé rétt merkt og uppfylli kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi. Öll útflutningshross skulu örmerkt eða frostmerkt. Útflytjendur hrossa greiða kostnað við skoðun útflutningshrossa í útflutningshöfn samkvæmt gjaldskrá sem [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]³⁾ staðfestir að fenginni tillögu [Matvælastofnunar].³⁾

¹⁾L. 76/2005, 25. gr. ²⁾L. 55/2005, 2. gr. ³⁾L. 167/2007, 69. gr.

3. gr.

Flutningsfar fyrir hross og öll aðstaða, svo sem rými, loftræsting, brynningartæki, fóður og aðstaða til fóðrunar, skal vera með þeim hætti að sem best sé að hrossunum búið. [Héraðsdýralæknir]¹⁾ skal ávallt líta eftir að reglum um aðbúnað sé fylgt. Á tímabilinu 1. nóvember til 15. apríl er einungis heimilt að flytja hross til útlanda með flugvélum.

¹⁾L. 76/2005, 25. gr.

4. gr.

Hrossum sem flutt eru úr landi skal fylgja vottorð, hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni og hver eigandi þess sé. Útflytjendur hrossa greiða gjald vegna kostnaðar við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ staðfestir að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands.

Fagráð í hrossarækt, sem starfar skv. 4. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, skal árlega ákveða mörk kynbótamats sem hross þarf að hafa til að teljast úrvalskynbótagripur. Sé áformað að selja úr landi hross sem hefur kynbótamat yfir þeim mörkum skal það tilkynnt Bændasamtökum Íslands án tafar.

¹⁾L. 167/2007, 69. gr.

5. gr.

Af hverju útfluttu hrossi skal greiða 500 kr. gjald í stofnverndarsjóð skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast innheimtu gjaldsins.

6. gr.

Skipa skal fimm manna ráðgjafarnefnd um málefni er snerta útflutning hrossa og skal hún jafnframt vera samráðsvettvangur stjórnvalda og þeirra sem að þeim málum vinna. Bændasamtök Íslands, Félag hrossabænda, [Matvælastofnun]¹⁾ og Félag hrossaútflytjenda tilnefna menn í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

¹⁾L. 167/2007, 69. gr.

7. gr.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]²⁾ fer með framkvæmd laga þessara og setur með reglugerðum¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þar með talið skoðun og merkingu útflutningshrossa, aðstöðu í útflutningshöfn og upplýsingar sem útflytjanda er skylt að leggja fram og sem upprunavottorð byggist á.

¹⁾L. 167/2007, 69. gr. ²⁾Rg. 449/2002, sbr. 677/2002.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. ...¹⁾

¹⁾L. 88/2008, 233. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 161/1994, um útflutning hrossa, með síðari breytingum. Ákvæði 2. gr. um að öll útflutningshross skuli vera örmerkt eða frostmerkt tekur þó fyrst gildi 1. janúar 2003.

Úr lögum

nr. 96/2002 um útlendinga.

Tóku gildi 1. janúar 2003. EES-samningurinn: VIII. viðauki tilskipun 93/96/EBE og V. viðauki tilskipun 64/221/EBE. Breytt með [l. 27/2003](#) (tóku gildi 3. apríl 2003), [l. 20/2004](#) (tóku gildi 1. maí 2004), [l. 106/2007](#) (tóku gildi 27. júní 2007), [l. 86/2008](#) (tóku gildi 1. ágúst 2008; EES-samningurinn: V. og VIII. viðauki tilskipun 2004/38/EB), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), [l. 154/2008](#) (tóku gildi 31. des. 2008), [l. 65/2010](#) (tóku gildi 27. júní 2010), [l. 114/2010](#) (tóku gildi 23. sept. 2010), [l. 115/2010](#) (tóku gildi 23. sept. 2010), [l. 116/2010](#) (tóku gildi 23. sept. 2010) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi. [Með útlendingi er í lögum þessum átt við hvern þann einstakling sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.]¹⁾

[Um útlendinga sem falla undir EES-samninginn eða stofnsamning EFTA gilda sérreglur, sbr. ákvæði VI. kafla.]²⁾

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögum.

Íslensk skip í siglingum erlendis [og íslensk loftför í flugferðum erlendis]¹⁾ falla ekki undir gildissvið laganna.

¹⁾[L. 86/2008, 1. gr.](#) ²⁾[L. 27/2003, 1. gr.](#)

2. gr.

Tilgangur.

Lögin veita heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Með lögum er kveðið á um réttarstöðu útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, dveljast hér eða sækja um leyfi samkvæmt lögum.

3. gr.

Framkvæmd laganna.

[[Innanríkisráðherra]²⁾ fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum. Hann getur sett nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi, þar á meðal um frekari skilyrði fyrir dvalar- og búsetuleyfi.]¹⁾

Framkvæmd laganna að öðru leyti annast Útlendingastofnun, lögregla og önnur stjórnvöld.

[Ráðherra]²⁾ skipar forstjóra Útlendingastofnunar til fimm ára í senn. Forstjórinn skal hafa embættispróf í lögfræði.

[Ráðherra]²⁾ kveður á um starfssvið þeirra sem annast framkvæmd laganna að því leyti sem lögin kveða ekki á um það.

¹⁾L. 86/2008, 2. gr., ²⁾L. 162/2010, 172. gr.

II. kafli.

Koma og brottför.

4. gr.

[Landamæraeftirlit. .

Hver sá sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram á landamærastöð eða við næsta lögregluvirkni. Sama gildir um þann sem fer af landi brott og skal hann sæta brottfarareftirliti. Undanskilin er för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins, svo og aðrar ferðir sem eru í samræmi við reglur sem dómsmálaráðherra setur.

Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem [ráðherra]²⁾ ákveður. Ákvæði tollalaga gilda um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

[Ráðherra]²⁾ setur nánari reglur um för yfir landamæri, þar á meðal skilyrði fyrir komu til landsins, tilhögun eftirlits, skráningu upplýsinga og jafnframt um undantekningar frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins. Hann setur einnig reglur um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að farþegar hafi gild ferðaskilríki.¹⁾

¹⁾L. 86/2008, 3. gr. ²⁾L. 162/2010, 172. gr.

5. gr.

Vegabréf.

Útlendingur, sem kemur til landsins, skal, nema annað sé ákveðið í reglum sem [ráðherra]¹⁾ setur, hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki.

[Ráðherra]¹⁾ setur reglur um hvaða skilyrðum vegabréf eða annað kennivottorð þarf að fullnægja til að teljast gilt til komu til landsins og dvalar.

Útlendingastofnun getur, ef sérstaklega stendur á, undanþegið útlending þeirri skyldu að hafa vegabréf eða viðurkennt önnur skilríki en leiðir af almennum reglum.

¹⁾L. 162/2010, 172. gr.

6. gr.

Vegabréfsáritanir.

Útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem [ráðherra]²⁾ setur. Útlendingur, sem hefur dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, er undanþeginn áritunarskyldu. Sama gildir um útlending sem hefur bráðabirgðadvalarleyfi gefið út af þátttökuríki í samstarfinu, enda hafi hann auk þess ferðaskilríki gefin út af sama ríki.

Vegabréfsáritun gefin út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu gildir til komu og dvalar hér á landi þann tíma sem tilgreindur er ef það kemur fram í árituninni.

[Ráðherra]²⁾ getur sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun til að fara um flugvöll.

Vegabréfsáritun skal gilda fyrir eina eða fleiri komur til landsins og til allt að þriggja mánaða dvalar á nánar tilgreindu tímabili.

[Heimilt er að veita útlendingi vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu ef eftirfarandi grundvallarskilyrðum er fullnægt:

- a. hann hefur gilt vegabréf eða annað gilt kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki við komu til Íslands og annarra Schengen-ríkja og við brottför er gildir a.m.k. í þrjá mánuði fram yfir þann tíma sem vegabréfsáritunin sem sótt er um tekur til,
- b. hann hefur heimild til að ferðast til baka til heimalandsins eða annars ríkis sem gildir a.m.k. þrjá mánuði fram yfir gildistíma áritunarinnar,
- c. hann hefur nægileg fjárráð sér til framfærslu meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur og til að greiða fyrir ferð til baka til heimalandsins eða annars lands þar sem honum hefur verið tryggður aðgangur, eða getur framfleytt sér á löglegan hátt,
- d. hann getur sýnt fram á tilgang dvalar,
- e. ekki liggur fyrir ástæða til frávísunar eða brottvísunar hans skv. 18. eða 20. gr.,
- f. hann er ekki skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði meinað að koma til landsins,
- g. hann telst ekki ógn við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu,
- h. hann hefur gilda sjúkrakostnaðar- og heimferðartryggingu.

Ef ástæður sem varða utanríkisstefnu eða almannaoöryggi mæla gegn því skal vegabréfsáritun ekki veitt. Sama gildir ef ástæða er til að vefengja uppgefinn tilgang ferðar útlendinga hingað til lands eða réttmæti upplýsinga sem hann hefur veitt, svo og þegar grunur leikur á að umsækjandi eða barn hans muni sæta misnotkun eða ofbeldi. Þegar stjórnvald telur sérstaka ástæðu til er heimilt að óska eftir umsógn lögreglu til að afla upplýsinga um sakaferil gestgjafa í því skyni að meta hvort umsóknar skuli synjað á grundvelli þessa ákvæðis.

[Ráðherra]²⁾ setur reglur um vegabréfsáritanir, þar á meðal um skilyrði fyrir að veita þær. Við mat á umsókn um vegabréfsáritun ber auk þjóðernis að taka tillit til félagslegrar stöðu og hættu á að útlendingur dvelji lengur á Schengen-svæðinu en honum er heimilt. Heimilt er að taka tillit til reynslu og framkvæmdar annarra Schengen-ríkja við mat á umsókn um vegabréfsáritun.]¹⁾

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um umsókn um útgáfu vegabréfsáritunar. Fela má utanríkisþjónustunni að taka ákvörðun um slíkar umsóknir. Enn fremur er heimilt að fela utanríkisþjónustu annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu að verða við umsókn um vegabréfsáritun.

¹⁾L. 86/2008, 4. gr., ²⁾L. 162/2010, 172. gr.

7. gr.

Áhafnir skipa og loftfara.

Útlendingur, sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari, eða er laumufarþegi, má ekki ganga hér á land án leyfis lögreglunnar. Ákvæði um stjórnvald í málum vegna frávísunar og um málskot gilda eftir því sem við á.

[Ráðherra]¹⁾ setur reglur um landgönguleyfi útlendra sjómanna við dvöl skips í höfn og um heimild til að meina þeim landgöngu.

¹⁾L. 162/2010, 172. gr.

III. kafli.

Dvöl og búseta.

8. gr.

Dvöl án dvalarleyfis.

Útlendingur, sem þarf vegabréfsáritun til landgöngu, má ekki dveljast hér á landi lengur en áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dveljast hér lengur en þrjá mánuði frá komu til landsins. Dvöl í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu telst jafngilda dvöl hér á landi. [Ráðherra]²⁾ getur sett reglur um dvöl umfram þrjá mánuði ef það leiðir af þjóðréttarsamningi, svo og nánari reglur um hvernig reikna skuli dvalartíma.

[Eftirtöldum útlendingum er heimilt að dveljast hér á landi án dvalarleyfis:

- a. dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum,
 - b. útlendingi sem öðlaðist íslenskan ríkisborgarétt við fæðingu en hefur misst hann eða afsalað sér honum,
 - c. útlendingi sem á íslenskan ríkisborgara að foreldri ef hann hefur haft fasta búsetu og dvalarleyfi hér á landi samfelld í tvö ár, enda hafi foreldrið haft íslenskan ríkisborgarétt ekki skemur en fimm ár,
 - d. útlendingi sem er lögráða og á íslenskan ríkisborgara að foreldri ef hann hefur haft fasta búsetu og dvalarleyfi hér á landi samfleytt í fimm ár,
 - e. útlendingi sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara og hefur búið með honum hér á landi og haft dvalarleyfi samfelld í þrjú ár eftir stofnun hjúskapar eða staðfestingu samvistar,
 - f. útlendingi sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og hefur haft fasta búsetu og dvalarleyfi hér á landi samfelld í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda séu bæði ógift og hinn íslenski ríkisborgari hafi haft ríkisborgarétt ekki skemur en fimm ár.
- [Ráðherra]²⁾ getur sett reglur um frekari undanþágur frá kröfu um dvalarleyfi.
- Útlendingastofnun er heimilt að gefa út skírteini til staðfestingar á því að útlendingur þurfi ekki dvalarleyfi hér á landi.]¹⁾

¹⁾L. 86/2008, 5. gr., ²⁾L. 162/2010, 172. gr.

9. gr.

Hverjir þurfa dvalarleyfi.

Útlendingur, sem hyggst ráða sig í vinnu, fyrir endurgjald eða án þess, eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi, þarf, auk atvinnuleyfis þar sem það er áskilið í lögum, að hafa dvalarleyfi, nema dvöl sé heimil án dvalarleyfis skv. 2. mgr. 8. gr.

Útlendingur, sem hyggst dveljast hér lengur en honum er heimilt skv. 1. mgr. 8. gr., þarf að hafa dvalarleyfi.

10. gr.

[Umsókn um dvalarleyfi.

[Með fyrirvara um ákvæði 45. og 46. gr. skal útlendingur sem sækir um dvalarleyfi í fyrsta skipti sækja um leyfið áður en hann kemur til landsins og er honum óheimilt að koma til landsins fyrir en umsóknin hefur verið samþykkt.]¹⁾ Frá þessu má víkja ef ríkar sanngirnisaðstæður mæla með því eða samkvæmt reglum sem [ráðherra]³⁾ setur.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi. Umsækjandi skal undirrita umsóknina eigin hendi þar sem m.a. komi fram að hann samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli

heilbrigðisyfirvalda. Umsókninni skal fylgja ljósmynd af umsækjanda og skal hann undirrita eigin hendi umsóknina þar sem m.a. komi fram að hann samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda. Umsókn um dvalarleyfi skulu einnig fylgja öll þau gögn og vottorð sem Útlendingastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að umsækjandi uppfylli skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, svo sem sakavottorð, heilbrigðisvottorð og staðfesting á framfærslu og sjúkratryggingu. [Ráðherra]³⁾ er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvaða gögn og vottorð umsækjandi skuli leggja fram.]²⁾

¹⁾L. 115/2010, 1. gr. ²⁾L. 86/2008, 6. gr., ³⁾L. 162/2010, 172. gr.

...

VI. kafli.

[Sérreglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).1]

¹⁾L. 27/2003, 5. gr.

35. gr.

[Koma og dvöl.

Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins (EES-útlendingur) eða stofnsamnings EFTA (EFTA-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast eða starfa hér á landi í allt að þrjú mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuði ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

Útlendingur, sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi slíks borgara, má koma til landsins án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári sé hann sannanlega starfsmaður þjónustuveitanda á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki.

EES- eða EFTA-útlendingi, sem dvelst eða starfar hér á landi lengur en greinir í 1. mgr., ber að skrá sig og skal hann uppfylla skilyrði 36. gr.]¹⁾

¹⁾L. 86/2008, 23. gr.

36. gr.

[Réttur til dvalar.

EES- eða EFTA-útlendingur, þó ekki útlendingur sem greinir í 2. mgr. 35. gr., á rétt til dvalar hér á landi lengur en þrjú mánuði ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

- er launþegi sem fellur undir lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. tölul. V. viðauka við EES-samninginn,
- ætla að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi eða veita eða njóta hér þjónustu,
- þiggur nægilegar fastar reglubundnar greiðslur eða á nægilegt eigið fé og fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir, eða
- er innritaður hjá viðurkenndri námsstofnun með það að meginmarkmiði að öðlast þar menntun eða starfsþjálfun, fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir og getur sýnt fram á trygga framfærslu.

Krefja má EES- eða EFTA-útlending um að framvísa fullnægjandi ferðaskilríkjum og gögnum sem staðfesta að hann uppfylli skilyrði 1. mgr.

[Ráðherra]²⁾ getur sett nánari reglur um rétt EES- og EFTA-útlendinga til dvalar hér á landi, þar á meðal um skráningu réttar til dvalar og um gögn skv. 2. mgr.]¹⁾

¹⁾L. 86/2008, 24. gr., ²⁾L. 162/2010, 172. gr.

37. gr.

[Dvöl aðstandenda.

Aðstandandi EES- eða EFTA-útlendingis sem dvelur löglega hér á landi á rétt til að dvelja með honum hérlendis.

Eftirgreindir teljast til aðstandenda útlendingis sem fellur undir 1. mgr. 36. gr.:

- a. maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki,
- b. niðji útlendingis, sem dvelur hér á landi skv. 1. mgr. 36. gr., og/eða maka hans, ef niðjinn er yngri en 21 árs eða á framfæri viðkomandi,
- c. ættmenni útlendingis, sem dvelur hér á landi skv. 1. mgr. 36. gr., eða maka hans, í beinan legg og á framfæri viðkomandi.

Aðstandanda EES- eða EFTA-útlendingis, sem hyggst dvelja með honum hér á landi lengur en greinir í 1. mgr. 35. gr. og er sjálfur EES- eða EFTA-útlendingur, ber að skrá sig hér á landi, sbr. 3. mgr. 35. gr.

Aðstandanda sem er ekki EES- eða EFTA-útlendingur ber að sækja um dvalarskírteini innan þriggja mánaða frá komu til landsins.

[Ráðherra]²⁾ setur nánari reglur um dvöl aðstandenda EES- eða EFTA-útlendingis, þar á meðal um skilyrði fyrir dvöl þeirra hér á landi.]¹⁾

¹⁾L. 86/2008, 25. gr., ²⁾L. 162/2010, 172. gr.

38. gr.

Áframhaldandi dvöl að loknu starfi.

[Ráðherra]¹⁾ getur sett reglur um rétt útlendingis sem fellur undir a- og b-lið 1. mgr. 36. gr. til áframhaldandi dvalar að loknu starfi, svo og aðstandenda hans skv. 37. gr.

¹⁾L. 162/2010, 172. gr.

39. gr.

[Réttur til ótímabundinnar dvalar.

EES- eða EFTA-útlendingur, sem dvalið hefur löglega hér á landi samfelld í fimm ár skv. 1. mgr. 36. gr., á rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi. Sama gildir um aðstandendur hans sem hafa dvalið löglega með honum hér á landi í fimm ár.

Dvöl erlendis í skemmri tíma en samtals sex mánuði á ári, dvöl erlendis vegna herþjónustu eða dvöl í eitt skipti að hámarki í eitt ár vegna meðgöngu, fæðingar, alvarlegs sjúkdóms, náms eða starfsþjálfunar telst ekki rof á samfelldri dvöl skv. 1. mgr.

Réttur til ótímabundinnar dvalar fellur niður ef samfelld dvöl erlendis varir lengur en tvö ár.

Samkvæmt umsókn og að uppfylltum skilyrðum skal gefin út staðfesting á rétti til ótímabundinnar dvalar.

[Ráðherra]²⁾ setur nánari reglur um skilyrði fyrir ótímabundinni dvöl EES- eða EFTA-útlendingis og aðstandenda hans hér á landi, svo og um undanþágur frá þeim.]¹⁾

¹⁾L. 86/2008, 26. gr., ²⁾L. 162/2010, 172. gr.

Lög

nr. 162/2002 um úrvinnslugjald.

Tóku gildi 1. janúar 2003. EES-samningurinn: II. viðauki tilskipun 94/62/EB, XX. viðauki tilskipun 1999/31/EBE og 2000/53/EB. Breytt með [l. 8/2003](#) (tóku gildi 12. mars 2003), [l. 144/2003](#) (tóku gildi 1. jan. 2004), [l. 128/2004](#) (tóku gildi 1. jan. 2005), [l. 37/2005](#) (tóku gildi 25. maí 2005, ákvæði 1. gr. kom þó til framkvæmda 1. jan. 2005), [l. 114/2005](#) (tóku gildi 1. jan. 2006), [l. 106/2006](#) (tóku gildi 30. júní 2006 nema 3. og 4. mgr. f-liðar 3. gr. sem tóku gildi 1. ágúst 2006), [l. 15/2007](#) (tóku gildi 1. mars 2007), [l. 46/2007](#) (tóku gildi 31. mars 2007), [l. 153/2007](#) (tóku gildi 1. jan. 2008), [l. 73/2008](#) (tóku gildi 14. júní 2008; EES-samningurinn: XX. viðauki tilskipun 2002/96/EB, tilskipun 2003/108/EB), [l. 135/2009](#) (tóku gildi 1. jan. 2010), [l. 136/2009](#) (tóku gildi 1. jan. 2010) og [l. 69/2010](#) (tóku gildi 1. júlí 2010).

I. KAFLI

Markmið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnotkun*: endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
2. *Endurnýting*: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.
3. *Endurnýtingarstöð*: staður og aðstaða þar sem endurnýting úrgangs fer fram.
4. *Förgun úrgangs*: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.
5. *Móttökustöð*: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.
6. *Söfnunarstöð (gámastöð)*: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
7. *Umbúðir*: allar vörur, af hvaða tegund sem er og úr hvaða efni sem er, sem eru notaðar við þökkun, verndun, meðhöndlun og afhendingu framleiðsluvöru, hvort sem þar er um að ræða hráefni eða fullunna vöru, til notanda eða neytanda. Nánar tiltekið eru umbúðir:
 - a. *söluumbúðir* eða *grunnumbúðir*, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær sölueiningu fyrir notanda eða neytanda,
 - b. *safnumbúðir*, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekens fjölda sölueininga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til notanda eða neytanda eða aðeins notaðar til að fylla í hillur á sölustað; hægt er að taka þær utan af vörunni án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar,

c. *flutningsumbúðir*, þ.e. umbúðir þannig gerðar að þær auðvelda meðhöndlun og flutning nokkurra sölueininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón við meðhöndlun og flutning; gámar til vöruflutninga á landleiðum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða.]¹⁾

[8.]¹⁾ *Úrgangur*: hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og falla undir lög þessi.

[9.]¹⁾ *Úrvinnsla úrgangs*: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, þökkun og förgun úrgangs.

¹⁾L. 128/2004, 1. gr.

II. KAFLI

Úrvinnslugjald og ráðstöfun þess.

3. gr.

Almennt um gjaldtöku.

Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

[Úrvinnslugjald sem lagt er á pappa-, pappírs- og plastumbúðir skal standa undir greiðslum við að ná tölulegum markmiðum, sbr. 3. mgr. 15. gr., um endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem fellur til vegna framangreindra umbúða.]¹⁾

¹⁾L. 106/2006, 1. gr.

4. gr.

Fjárhæð úrvinnslugjalds.

Fjárhæð úrvinnslugjalds skal taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs, sbr. 2. mgr. 3. gr. Vöruflokkum skal skipt í uppgjörsflokka með reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs og skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks. Hver uppgjörsflokkur er fjárhagslega sjálfstæður.

[Fjárhæð úrvinnslugjalds vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða skal taka mið af áætlun Úrvinnslusjóðs um þær greiðslur sem bjóða þarf til að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu, sbr. 3. mgr. 3. gr., svo og greiðslur vegna flutninga umbúðaúr-gangs innan lands.]¹⁾

Umhverfisaráðherra leggur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs fram tillögu til fjármálaráðherra um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaldskyldar vörur eftir því sem við á. Fjármálaráðherra flytur frumvarp á Alþingi um fjárhæðir úrvinnslugjalds og skilagjalds.

¹⁾L. 106/2006, 2. gr.

5. gr.

Úrvinnslugjald á ökutæki.

Skráður eigandi gjaldskylds ökutækis skal á hverju gjaldtímabili greiða úrvinnslugjald að fjárhæð [350 kr.]¹⁾ fyrir hvert gjaldskyldt ökutæki sitt skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjald dagar úrvinnslugjalds á ökutæki eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar – 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí – 31. desember. Gjaldið skal innheimt með bifreiðagjaldi og fer um greiðsluskyldu, gjalddaga, eindaga, álagningu, innheimtu gjaldsins og kærueimild samkvæmt lögum um bifreiðagjald.

Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum. [Gjaldtímabil vegna bifreiða samkvæmt málsgrein þessari er 1. janúar – 31. desember og skal skráður eigandi gjaldskylds ökutækis á gjaldtímabilinu greiða úrvinnslugjald að fjárhæð [700 kr.]¹⁾ fyrir hvert gjaldskyldt ökutæki sitt. Gjald dagi úrvinnslugjalds á bifreiðar samkvæmt málsgrein þessari er 1. júlí ár hvert. Um innheimtu gjaldsins að öðru leyti gildir 1. mgr.]²⁾

[Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að greitt hefur verið úrvinnslugjald af ökutækinu í full 15 ár og fyrir bifreiðar sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs.]¹⁾

¹⁾L. 128/2004, 2. gr. ²⁾L. 144/2003, 1. gr.

6. gr.

Skilagjald á ökutæki.

Greiða skal skilagjald, [10.000 kr.]¹⁾, hverjum þeim sem afhendir gjaldskyldt ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð ákvæði um fyrirkomulag greiðslu til móttökustöðvar.

¹⁾L. 128/2004, 3. gr.

7. gr.

Skilagjald á drykkjarvöruumbúðir.

Endurgreiða skal neytendum skilagjaldshluta úrvinnslugjalds, 9 kr. með virðisaukaskatti á hverja umbúðaeiningu, sbr. viðauka III, við móttöku á notuðum úrvinnslugjaldsskyldum drykkjarvöruumbúðum.

[7. gr. a

Úrvinnslugjald á pappá-, pappír- og plastumbúðir.

[Úrvinnslugjald skal leggja á umbúðir gerðar úr pappá og pappír, [12 kr./kg],¹⁾ og umbúðir gerðar úr plasti, [5 kr./kg].¹⁾²⁾ Úrvinnslugjald skal leggja á hvort sem umbúðir eru einar sér eða utan um vörur sem fluttar eru til landsins. Úrvinnslugjald skal lagt á samkvæmt upplýsingum gjaldskylds aðila um þyngd, tegund og samsetningu umbúða, sbr. þó [4. mgr.]³⁾ Þetta á einnig við um samsettar umbúðir.

[Úrvinnslusjóður ákveður, í samræmi við áætlun sína um að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu, fyrir hvaða tegundir umbúðaúrgangs sem úrvinnslugjald er lagt á, sbr. 3. mgr. 3. gr., hann greiðir.

Margnota flutnings- og safnumbúðir sem fluttar eru úr landi til endurnotkunar hjá birgjum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Undanþágan er bundin því skilyrði að innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu, með þeim hætti sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður, að

umbúðirnar verði sannanlega fluttar úr landi til endurnotkunar hjá birgjum og komi ekki til úrvinnslu hér á landi.]³⁾

Gjaldskyldur aðili skal við tollafgreiðslu gefa upp þyngd umbúða í vörusendingu til tollafgreiðslu samkvæmt staðfestum upplýsingum þar um. [Ef staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða vöru fást ekki er gjaldskyldum aðila heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur í viðauka XVIII.]⁴⁾ ...³⁾

Um álagningu úrvinnslugjalds á heyrúlluplast og um skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðum með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum fer skv. 8. gr.

[[Pappa-, pappír- og plastumbúðir í eftirtöldum tollskrárnúmerum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að innflytjandi gefi yfirlýsingu í aðflutningsskýrslu, sbr. 3. mgr., um að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi:]³⁾

3919.1000	3923.3000	4819.2011	4819.5001
3920.1009] ²⁾	3923.4000	4819.2019	4819.5002
3923.1001	3923.5000	4819.2091	4819.5009
3923.1009	3923.9001	4819.2099	4819.6000
3923.2101	3923.9002	4819.3001	4822.1000
3923.2109	3923.9009	4819.3009	4822.9000
3923.2901	4819.1001	4819.4001	4823.9004
3923.2909	4819.1009	4819.4009	4823.9006

[Innlendir framleiðendur greiða ekki úrvinnslugjald vegna gjaldskyldra umbúða sem notaðar eru utan um vörur sem sannanlega eru fluttar úr landi, sbr. 6. mgr.

Framleiðendur og innflytjendur skulu við útgáfu sölureiknings tilgreina með skýrum hætti ef umbúðir eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Kaupandi skal staðfesta með móttökukvittun á viðkomandi reikningi að keyptar umbúðir fari til útflutnings. Endanleg yfirlýsing kaupanda er staðfest við greiðslu reiknings. Kaupandi er ábyrgur, gagnvart innheimtumönnum ríkissjóðs, fyrir því að umbúðir keyptar án úrvinnslugjalds fari til útflutnings.

[Ríkisskattstjóra]⁵⁾ er heimilt að gefa út úrvinnslugjaldsskírteini til framleiðanda, innflytjanda og seljanda umbúða úr pappír, pappa eða plasti, sbr. 6. mgr. Forsenda heimildar er að umbúðirnar séu utan um vörur til útflutnings eða til nota utan um vörur er fara á innanlandsmarkað og að umsækjandi hafi atvinnu af innflutningi, framleiðslu eða sölu úrvinnslugjaldsskyldra umbúða. Skírteinið veitir handhafa þess heimild til að flytja inn eða kaupa innan lands umbúðir án úrvinnslugjalds. Sækja þarf um úrvinnslugjaldsskírteini á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ef handhafi úrvinnslugjaldsskírteinis tekur til eigin nota vörur sem úrvinnslugjald hefur verið felld niður af á grundvelli skírteinisins skal hann á næsta gjalddaga almenns uppgjörstímabils standa skil á úrvinnslugjaldi vegna þeirra nota.]³⁾

Umhverfisstjórnsetur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd niðurfellingar úrvinnslugjalds.]⁴⁾⁶⁾

¹⁾L. 69/2010, 1. gr. ²⁾L. 15/2007, 1. gr. ³⁾L. 106/2006, 3. gr. ⁴⁾L. 114/2005, 1. gr. ⁵⁾L. 136/2009, 95. gr. ⁶⁾L. 128/2004, 4. gr.

8. gr.

[Úrvinnslugjald á aðrar vörur.

Úrvinnslugjald skal leggja á eftirtalda vöruflokka, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum með lögum þessum:

1. Aðrar umbúðir: heyrúlluplast, sbr. viðauka I, einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, sbr. viðauka III.
2. Olíuvörur: sbr. viðauka IV.
3. Lífræn leysiefni og klórbundin efnasambönd: lífræn leysiefni, sbr. viðauka V, halógeneruð efnasambönd, sbr. viðauka VI, ísócyánöt og pólyúretön, sbr. viðauka VII.
4. Málning og litarefni: málning, sbr. viðauka VIII, prentlitir, sbr. viðauka IX.
5. Rafhlöður og rafgeymar: rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka X, blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka XI.
6. Vörur í ljósmyndaiðnaði: sbr. viðauka XII.
7. Kvikasilfursvörur: sbr. viðauka XIII.
8. Varnarefni: sbr. viðauka XIV.
9. Kælimiðlar: sbr. viðauka XV.
10. Hjólbarðar: sbr. viðauka XVI.
11. Veifaræri úr gerviefnum: sbr. viðauka XVII.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga.

Fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja [við Úrvinnslusjóð]¹⁾ um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu og veifaræra úr gerviefnum, enda þjóni það markmiðum laganna. Svartolía og veifaræri úr gerviefnum eru þá undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögum þessum, enda hafi stjórn Úrvinnslusjóðs staðfest samninginn, sbr. 3. mgr. 17. gr., og tilkynnt það tollstjóra. [Jafnframt skal umhverfisráðherra staðfesta samninginn.]¹⁾ Hvorum samningsaðila er heimilt að segja upp samningi samkvæmt þessari grein. Úrvinnslusjóði er þó einungis heimilt að segja upp samningi vegna brota á honum og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Úrvinnslusjóður skal tilkynna tollstjóra sé samningi sagt upp.

Í samningi skv. 3. mgr. skal koma fram verklýsing þar sem m.a. eru upplýsingar um söfnun, flutninga, meðhöndlun úrgangs, ráðstöfun hans, umsjón og stjórnun, upplýsinga-söfnun og skýrslugjöf. Þá skulu, áður en gengið er frá samningi, liggja fyrir upplýsingar um magn úrgangs, hvernig kerfið mun vera fjármagnað, aðgang handhafa úrgangs að kerfinu og greiðslu umsýslugjalds til Úrvinnslusjóðs.²⁾

¹⁾L. 106/2006, 4. gr. ²⁾L. 128/2004, 5. gr.

III. KAFLI

Gjaldskyldir aðilar, álagning gjalds, uppgjörstímabil, gjalddagar, skýrslur, álag, dráttarvextir, kærheimild og kærufrestur.

9. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. gr., hvílir á eftirtöldum aðilum:

1. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til endursölu.
2. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til eigin nota.
3. Öllum sem framleiða gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum innan lands.

Gjaldskyldan tekur til allra framleiðenda og innflytjenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og annarra aðila sem flytja inn eða framleiða umræddar vörur.

[Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 3. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá [ríkisskattstjóra].²⁾ Skráning hjá [ríkisskattstjóra]²⁾ er forsenda fyrir greiðslufresti, sbr. 1. og 3. mgr. 11. gr. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram skal tilkynna [ríkisskattstjóra]²⁾ eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting varð.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, eiga við um álagningu, innheimtu, [gjaldskyldu, tilhögun bókhalds],¹⁾ tilkynningarskyldu, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt lögum þessum.

¹⁾L. 106/2006, 5. gr. ²⁾L. 136/2009, 96. gr.

10. gr.

Álagning gjalds.

Tollstjórar skulu annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum og skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. [Ríkisskattstjóri]¹⁾ annast álagningu gjalds vegna innlestrar framleiðslu sem tollstjórar innheimta. [...] ¹⁾Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum.

¹⁾L. 136/2009, 97. gr.

[10. gr. a

Endurgreiðsla úrvinnslugjalds vegna útflutnings.

Sé gjaldskyld vara sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal endurgreiða gjaldskyldum aðila, eða þeim sem keypt hefur vöruna af gjaldskyldum aðila, úrvinnslugjald sem greitt hefur verið af viðkomandi vöru. Aðili sem óskar endurgreiðslu skv. 1. másl. skal tilgreina í sérstakri skýrslu til [ríkisskattstjóra]²⁾ um magn vöru og fjárhæð þess úrvinnslugjalds sem sannanlega hefur verið greitt af viðkomandi vöru. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga úrvinnslugjalds. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi úrvinnslugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt. Fjárhæð sem sótt er um endurgreiðslu á hverju sinni skal vera að lágmarki 10.000 kr. Umhverfisiráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslu.]¹⁾

¹⁾L. 114/2005, 2. gr. ²⁾L. 136/2009, 98. gr.

11. gr.

Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlestrar framleiðslu á gjaldskyldum vörum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.

Hvert uppgjörstímabil vegna innfluttrar vöru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir eins og tilgreint er í 1. mgr. Gjaldalagi hvers tímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu.

Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

12. gr.

Skýrslur, álag og dráttarvextir.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. [Ríkisskattstjóri]¹⁾ skal áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili, sbr. 1. mgr. 9. gr., sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

¹⁾L. 136/2009, 98. gr.

13. gr.

Kæruheimild og kærufrestur.

[Heimilt er að kæra álagningu gjalds innan 60 daga frá gjalddaga gjaldsins vegna innlestrar framleiðslu en tollafgreiðsludegi ef um innflutning er að ræða.]¹⁾ [Kæru skal beint til tollstjóra eða til ríkisskattstjóra]²⁾ sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skýrsla [vegna innlestrar framleiðslu]¹⁾ skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 12. gr. Tollstjóri [...] eða ríkisskattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærna og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum [gagnaöflunar].¹⁾

Gjaldskyldur aðili og tollstjórinn í Reykjavík geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum [118. gr. tollalaga, nr. 88/2005].¹⁾

Gjaldskyldur aðili [getur skotið úrskurði ríkisskattstjóra]²⁾ skv. 1. mgr. til yfirkattanevndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirkattanevnd.

¹⁾L. 106/2006, 6. gr. ²⁾L. 136/2009, 99. gr.

IV. KAFLI Úrvinnslusjóður.

14. gr.

Frankvæmd.

Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir umhverfiráðherra. Úrvinnslusjóður fer með frankvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir lög falla.

15. gr.

Hlutverk Úrvinnslusjóðs.

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess.

Úrvinnslusjóður skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög þessi. Úrvinnslusjóður skal leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs. Úrvinnslusjóður semur við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á.

[Úrvinnslusjóði ber að ná á landsvísu tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs sem fara skal í endurnýtingu og endurvinnslu.]¹⁾

[Úrvinnslusjóði er heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.]²⁾³⁾

[Úrvinnslusjóði er heimilt að gera samninga um að taka að sér verkefni sem falla undir lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Slíkir samningar skulu samþykktir af ráðherra.]⁴⁾

Úrvinnslusjóður skal ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokkum, svo og um magn og skilahlutfall gjaldskyldrar vöru og úrvinnslu hennar. Auk þess geri Úrvinnslusjóður ár hvert fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar á eftir með hliðsjón af áætlun um magn gjaldskyldrar vöru á markaði, flokkaðs úrgangs sem safnast og kostnaði við úrvinnslu hans á grundvelli útreikninga, útboða og verksamninga.

Úrvinnslusjóður skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila um atriði er þá varða.

¹⁾L. 106/2006, 7. gr. ²⁾Rg. 1124/2005. ³⁾L. 114/2005, 3. gr. ⁴⁾L. 73/2008, 7. gr.

16. gr.

Stjórn Úrvinnslusjóðs.

Umhverfiráðherra skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Umhverfiráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum: einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVP – Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna.

Þóknun til stjórnarmanna greiðist úr Úrvinnslusjóði og skal ákveðin af umhverfiráðherra.

17. gr.

Hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim og er umhverfisráðherra til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara.

Stjórnin hefur það hlutverk að móta stefnu um starfsemi sjóðsins, svo sem um helstu áherslur, verkefni og starfshætti hans, og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.

Stjórnin staðfestir skýrslur og áætlanir skv. 15. gr. og hefur eftirlit með því að þær séu gerðar og leggur þær fyrir ráðherra fyrir 1. júní ár hvert. Þá staðfestir stjórnin einnig samninga skv. 3. mgr. 8. gr., að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

Stjórnin skal eftir því sem við á leggja fram tillögu til umhverfisráðherra um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær. Telji stjórnin þörf á að leggja skilagjald á vöru til að ná fram auknum skilum hennar skal hún jafnframt leggja fram tillögu um það til ráðherra og fjárhæð þess. Við gerð tillögu að nýjum gjaldskyldum vörum og undanþágu frá gjaldskyldu skal stjórnin taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum.

18. gr.

Umsjón með daglegum rekstri Úrvinnslusjóðs.

Stjórn Úrvinnslusjóðs ræður framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og ber ábyrgð á fjárreiðum hans og reikningshaldi gagnvart stjórn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk Úrvinnslusjóðs.

19. gr.

Rekstur Úrvinnslusjóðs.

Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt lögum þessum, [þ.m.t. vaxtatekur,]¹⁾ skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af þeim tekjum.

Skorti Úrvinnslusjóð reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til ráðstöfunar til að standa við skuldbindingar sínar.

¹⁾L. 37/2005, 1. gr.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði [tollalaga, nr. 88/2005]¹⁾, um innfluttar vörur og laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um innlendar framleiðsluvörur.

¹⁾L. 106/2006, 8. gr.

21. gr.

Reglugerðarheimildir.

Umhverfisráðherra setur reglugerð¹⁾ um framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs setja reglugerð um nauðsynlegan frágang úrgangs í hverjum uppgjörsflokki við móttöku í móttökustöð.

[Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglugerð um nánari útfærslu á greiðslu kostnaðar við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs setja reglugerð um hvernig standa skuli að greiðslum til að ná þeim tölulegu markmiðum sem sett eru um endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem fellur til vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða, sbr. 3. mgr. 3. gr.]²⁾

¹⁾Rg. 368/2000, sbr. 448/2002, 437/2003, 49/2006, 524/2006 og 908/2008. Rg. 1124/2005, sbr. 316/2007. ²⁾L. 106/2006, 9. gr.

22. gr.

Gildistaka.

Lög þessi skulu öðlast gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 56/1996, um spilliefnagjald, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal móttaka á flokkuðum úrgangi, sem til er kominn vegna vara sem bera úrvinnslugjald, hefjast 1. apríl 2003 vegna vöru sem fellur undir viðauka II, X og XVI, 1. júlí 2003 vegna ökutækja, sbr. 5. gr., og eigi síðar en 1. júlí 2004 vegna vöru sem fellur undir viðauka I. Greiðsla skilagjalds á ökutæki, sbr. 6. gr., skal hefjast 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

[Ákvæði 7. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. viðauka III vegna einnota drykkjarvöru-umbúða með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, skulu koma til framkvæmda [1. janúar 2011]¹⁾. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Úrvinnslusjóði er þó heimilt að undirbúa samning við Endurvinnsluna hf. um að ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda fyrir 1. janúar 2008.

Ákvæði 11. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. viðauka XVII um veiðarfæri úr gerviefnum, skal koma til framkvæmda 1. september 2005.]²⁾

¹⁾L. 135/2009, 1. gr. ²⁾L. 128/2004, 6. gr.

II.

[Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. a skal greiðsla vegna móttöku á plastfilmu sem kemur frá fyrirtækjum og bylgjupappa koma til framkvæmda 1. apríl 2005 og vegna annarra umbúða frá og með 1. mars 2006. Álagning úrvinnslugjalds á þessa vöruflokka skal hefjast [1. janúar 2006].¹⁾

Frá gildistöku laga þessara til 1. júní 2005 skal starfa nefnd umhverfisráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Úrvinnslusjóðs og Umhverfisstofnunar. Umhverfisráðherra skal skipa nefndina með tilnefningu frá framangreindum aðilum. Nefndin skal undirbúa framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Tilnefningaraðilar skulu bera kostnað vegna fulltrúa sinna í nefndinni.]²⁾

¹⁾L. 37/2005, 2. gr. ²⁾L. 128/2004, 6. gr.

[III.]

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. a skal til [1. janúar 2006]¹⁾ leggja úrvinnslugjald á samsettar pappaubúðir fyrir drykkjarvöru sem flokkast undir eftirfarandi tollskrárnúmer sem hér segir: ...²⁾³⁾

¹⁾L. 37/2005, 2. gr. ²⁾Um gjaldskrána vísast til Stjtið. A 2004, bls. 770–772. ³⁾L. 128/2004, 6. gr.

[IV. ...¹⁾²⁾

¹⁾L. 128/2004, 6. gr. ²⁾L. 8/2003, 1. gr.

Viðauki I¹⁾.	Viðauki X¹⁰⁾.
Viðauki II²⁾.	Viðauki XI¹¹⁾.
Viðauki III³⁾.	Viðauki XII¹²⁾.
Viðauki IV⁴⁾.	Viðauki XIII¹³⁾.
Viðauki V⁵⁾.	Viðauki XIV¹⁴⁾.
Viðauki VI⁶⁾.	Viðauki XV¹⁵⁾.
Viðauki VII⁷⁾.	Viðauki XVI¹⁶⁾.
Viðauki VIII⁸⁾.	Viðauki XVII¹⁷⁾.
Viðauki IX⁹⁾.	Viðauki XVIII¹⁸⁾.

Álagningarstofn úrvinnslugjalds skv. 2. málsl. 4. mgr. 7. gr. a.

¹⁾L. 15/2007, 2. gr., L. 153/2007, 2. gr. og L. 69/2010, 2. gr., ⁴⁾L. 128/2004, 7. gr. (viðauki felldur brott), ⁵⁾L. 128/2004, 9. gr., og L. 69/2010, 3. gr. ⁶⁾L. 128/2004, 10. gr. og L. 69/2010, 4. gr. ⁷⁾L. 128/2004, 11. gr. og L. 69/2010, 5. gr. ⁸⁾L. 128/2004, 12. gr., L. 153/2007, 3. gr. og L. 69/2010, 6. gr., ⁹⁾L. 128/2004, 13. gr., ¹⁰⁾L. 128/2004, 14. gr., ¹¹⁾L. 128/2004, 15. gr. og L. 69/2010, 7. gr. ¹²⁾L. 128/2004, 16. gr. og L. 153/2007, 5. gr., ¹³⁾L. 128/2004, 17. gr., ¹⁴⁾L. 128/2004, 18. gr., ¹⁵⁾L. 128/2004, 19. gr. og L. 153/2007, 5. gr., ¹⁶⁾L. 114/2005, 4. gr., ¹⁷⁾L. 128/2004, 21. gr., ¹⁸⁾L. 15/2007, 5. gr., sbr. l. 46/2007, 1. gr.

¹⁾Um texta viðauka þessara vísast til Stjtið. A 2002, bls. 514–535, sbr. Stjtið. A 2003, bls. 15 og bls. 584–587, Stjtið. A 2004, bls. 772–788, Stjtið. A 2005, bls. 1030–1043, Stjtið. A 2007, bls. 20–31 og bls. 138, Stjtið. A 69/2010.

Úr lögum

nr. 47/2003, um eftirlit með skipum.

Tóku gildi 1. janúar 2004. EES-samningurinn: VIII. viðauki tilskipun 97/70/EB, 98/18/EB og 1999/35/EB. Breytt með l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 139/2008 (tóku gildi 13. des. 2008), l. 36/2010 (taka gildi 1. nóv. 2010) og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011)..

I. KAFLI**Gildissvið og orðskýringar.****1. gr.***Gildissvið o.fl.*

Lög þessi gilda um öll íslensk skip.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að lög þessi gildi að hluta eða öllu leyti um erlend skip þegar þau eru í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð¹⁾ að eftirlit skuli haft með öryggi annarra skipa á sjó, ám og vötnum og hvernig því eftirliti skuli haga.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir²⁾ um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

Farþegaflutningar í atvinnuskyni, þ.m.t. skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lög þessi gilda um eru háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Skal slíkt leyfi gefið út þegar leitt er í ljós að fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gilda um skip í farþegaflutningum. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útgáfu og skilyrði leyfis samkvæmt þessari málsgrein, svo og um gjald fyrir útgáfu leyfisins.

Markmið þessara laga er að tryggja öryggi íslenskra skipa, áhafna þeirra og farþega og efla varnir gegn mengun frá skipum. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um gerð og búnað skipa, skoðun skipa og eftirlit með þeim.

Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum alþjóðasamninga og samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

¹⁾Rg. 1120/2007. ²⁾Rg. 659/2000, sbr. 597/2004; rg. 666/2001, sbr. 983/2004; rg. 743/2001, sbr. 595/2004; rg. 122/2004, rg. 204/2004, rg. 589/2004, rg. 594/2004, rg. 775/2004, rg. 672/2006, rg. 698/2006, rg. 200/2007, rg. 474/2007, sbr. 104/2008; rg. 265/2008....

2. gr.*Orðskýringar.*

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér greinir:

1. Skip er sérhvert fljótandi far nema annars sé getið.
2. Íslenskt skip er hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána.
3. Flokkað skip er hvert það skip sem er flokkað af flokkunarfélagi sem viðurkennt er af Siglingastofnun Íslands.
4. Hafnarríkiseftirlit er eftirlit og skoðun sem Siglingastofnun Íslands framkvæmir á skipum undir erlendum fána í íslenskum höfnum.

5. Viðurkenndur skoðunaraðili er flokkunarfélag eða skoðunarstofa sem hefur starfsleyfi Siglingastofnunar Íslands til að annast skoðun og eftirlit með skipum og búnaði þeirra skv. 10. gr.

II. kafli.

Eftirlit með skipum.

3. gr.

Smíði, búnaður, mengunarvarnir skipa o.fl.

Hvert skip skal smíðað og búið út á þann hátt að öryggi mannlífa sé tryggt eins og kostur er og með tilliti til þeirra verkefna sem því er ætlað á hverjum tíma.

Skip skal fullnægja skilyrðum reglna á hverjum tíma um smíði, búnað og örugga starfsemi skips, þ.m.t. um burðarvirki þess, vatnsþétta niðurrhólfun, lagnakerfi, bol, björgunar- og öryggisbúnað, vélbúnað, fjarskiptabúnað, rafbúnað, eldvarnabúnað, mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum.

Vinnusvæði og vistarverur skipverja skal hanna og búa með hliðsjón af öryggi og velferð skipverja.

Ráðherra ákveður nánar í reglugerð 1) um smíði, stöðugleika, hleðslumerki og búnað skipa.

Ráðherra ákveður í reglum hvaða lög, stjórnvaldsfyrirmæli, skírteini og skipsbækur skuli vera um borð í skipum.

Skip skulu smíðuð og búin í samræmi við lög og reglur um varnir gegn mengun sjávar og stranda.

...

8. gr.

Innflutningur skipa.

Skip sem er keypt eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi skal hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkuð skip eða sambærilegar reglur. Einnig skal slíkt skip fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Innflutningur skipa er háður samþykki Siglingastofnunar Íslands að öðrum skilyrðum uppfylltum.

...

II. kafli.

Eftirlit með skipum.

17. gr.

Haffæri skips.

Skip skal telja óhaffært:

1. Hafi það ekki gilt viðeigandi skírteini eða haffærissskírteini samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktu og/eða sammings um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Liggi það dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum eða reglum.
3. Sé bol þess, búnaði, þar á meðal mengunarvarnabúnaði, vélum, tækjum eða skipshöfn svo áfátt eða skipið er af öðrum ástæðum svo á sig komið með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja að telja verður vegna sjóferðar þeirrar er skipið skal fara að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er.

...

19. gr.

Upplýsingaskylda.

Löggæslumenn, hafnaryfirvöld, leiðsögu- og hafnsögumenn, tollgæslumenn, trúnaðarmenn skipverja, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar, sem fá vitneskju um að lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim eru brotin eða telja sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært, skulu tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingastofnunar Íslands viðvart. Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart sem tilkynnir það tafarlaust til næsta umdæmisstjóra.

...

22. gr.

Tilkynning um farbann.

Ákvörðun um farbann skal þegar í stað tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni skriflega. Ástæður fyrir farbanni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Starfsmenn Siglingastofnunar Íslands geta óskað eftir því ef nauðsyn krefur að lögreglustjórar og hafnar- og tollyfirvöld á hverjum stað, svo og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, veiti þeim fulltingi við framkvæmd farbanns og ber þeim að verða við þeirri ósk.

...

VI. kafli.

Gjöld.

28. gr.

Gjöld.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá eins og hér segir: Skráningarlengd skips [hfill] Árlegt gjald (í kr.)

[lt] 8 metrar 6.250

8–15 metrar 11.200

15–24 metrar 25.000

24–45 metrar 49.600

45–60 metrar 81.900

[geq] 60 metrar 108.400

Gjöldin skulu miðuð við skráningu 1. janúar ár hvert og er gjalddagi og eindagi þeirra sá sami, 1. apríl ár hvert. Við eigendaskipti ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á gjaldinu þar til umskráning hefur farið fram.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld skv. 1. mgr. innheimt af sýslumönnum en í Reykjavík skulu þau innheimt af tollstjóra. Innheimtumenn skulu skila gjöldum sem þeir innheimta skv. 1. mgr. í ríkissjóð. Ef skipagjald er ekki greitt á gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. [III. kafla laga nr. 38/2001](#), um vexti og verðtryggingu, frá næsta degi eftir gjalddaga, af þeirri fjárhæð sem þá er ógreidd fram að greiðsludegi.

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, útgáfu skírteina, samþykkt smíðalýsinga og teikninga og aðra lögboðna þjónustu sem Siglingastofnun Íslands veitir skal eigandi greiða samkvæmt gjaldskrá sem [ráðherra]²⁾ setur að tillögu Siglingastofnunar Íslands og miðast hún við kostnað stofnunarinnar.

Gjöldum samkvæmt grein þessari fylgir lögveð í skipi í eitt ár frá því er gjald var kræft.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að halda eftir haffærisskírteini eða öðrum jafngildum skírteinum samkvæmt samningum og alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt, að skoðun lokinni, ef gjöld skv. 3. mgr. eru ekki greidd.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.¹⁾

¹⁾Rg. 587/2002, ²⁾l. 162/2010, 236. gr.

Úr lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun

Tóku gildi 25. júlí 2003. EES-samningurinn: XI. viðauki tilskipun 90/388/EB, 2002/19/EB, 2002/20/EB, 2002/21/EB og 2002/22/EB. Breytt með l. 172/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 117/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008) og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

1. gr.

Yfirstjórn o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum og öðrum lögum.

Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun en undir yfirstjórn samgönguráðherra.

...

8. gr.

Þagnarskylda og samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

...

Póst- og fjarskiptastofnun getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattfyrvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Úr lögum um fjarskipti nr. 81/2003.

Tóku gildi 25. júlí 2003, sjá þó ákvæði 76. gr. EES-samningurinn: XI. viðauki tilskipun 1999/5/EB, reglugerð 2887/2000/EB, tilskipun 2002/19/EB, 2002/20/EB, 2002/21/EB, 2002/22/EB, 2002/58/EB og 2002/77/EB. Breytt með l. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), l. 78/2005 (tóku gildi 9. júní 2005), l. 74/2006 (tóku gildi 30. júní 2006), l. 39/2007 (tóku gildi 31. mars 2007), l. 143/2007 (tóku gildi 29. des. 2007), l. 82/2008 (tóku gildi 1. júní 2008, birt í Stjtið. 19. júní 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 118/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008, l. 145/2009 (tóku gildi 31. des. 2009), l. 146/2010 (tóku gildi 28. desember 2010) og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. kafli.

Markmið og gildissvið. Stjórn fjarskiptamála.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Lög þessi gilda um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet.

Markmið laganna er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Fjarskipti sem eingöngu eru boð eða sendingar með þræði innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyra ekki undir lög þessi.

Lög þessi gilda ekki um efni sem sent er á fjarskiptanetum.

2. gr.

Stjórn fjarskiptamála.

[[Innanríkisráðherra]⁴⁾ fer með yfirstjórn fjarskipta.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

[[Ráðherra]⁴⁾ leggur á þriggja ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar¹⁾ um fjarskiptaáætlun sem leggur grunn að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða bestu, ódýrustu og öruggustu rafrænu samskiptin með beitingu fjarskipta- og upplýsingatækni. Í fjarskiptaáætlun skal skilgreina markmið stjórnvalda sem stefna skuli að og gera grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptamálum í landinu. Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir næstu sex ár. Þá skal í fjarskiptaáætlun meta og taka tillit til þarfa annarra þátta samfélagsins fyrir bætt fjarskipti.

Í fjarskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

- ná fram viðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og [ráðuneytisins]⁴⁾ um stefnumótun í fjarskiptamálum,
- auka samkeppnishæfni Íslands og samkeppni á fjarskiptamarkaði,
- stuðla að framþróun atvinnulífs á sviðum sem tengjast fjarskiptum,
- ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif fjarskiptatækni á hagvöxt,
- ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
- tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar Íslands við umheiminn.

Við gerð fjarskiptaáætlunar skal taka mið af því að fjármunir nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf á úrbótum í landinu í heild og í einstökum landshlutum. Áætlun um fjáröflun og útgjöld fjarskiptaáætlunar skal skipt á tvö þriggja ára tímabil og hana skal endurskoða á þriggja ára fresti.

[[Ráðherra]⁴⁾ skipar fjarskiptaráð til þriggja ára í senn og er hlutverk þess m.a.:

- að vera samráðsvettvangur hagsmunaaðila um bætt fjarskipti,
- að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um fjarskiptamál,
- að veita ráðuneytinu umsagnir um fjarskiptamál, breytingar á löggjöf, stefnumarkandi ákvarðanir stjórnvalda og fjarskiptaáætlun,
- að beita sér fyrir samvinnu við þá aðila, félög og samtök er um fjarskiptamál og öryggi fjalla, annað sem ráðherra felur því.

[Ráðherra]⁴⁾ skipar tvo fulltrúa í fjarskiptaráð án tilnefningar. Skal annar vera formaður en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í ráðinu skipar ráðherra úr hópi helstu hagsmunaaðila eftir tilnefningu í samræmi við reglur²⁾ sem hann setur þar um.]³⁾

¹⁾Augl. A 89/2005. ²⁾Rg. 464/2006, sbr. 368/2008. ³⁾L. 78/2005, 1. gr., ⁴⁾1. 162/2010, 239. gr.

II. kafli.

Orðskýringar.

3. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Aðgangur:* Að veita öðru fjarskiptafyrirtæki aðgang að fjarskiptaneti, aðstöðu eða fjarskiptaþjónustu samkvæmt fastsettum skilmálum í þeim tilgangi að veita fjarskiptaþjónustu.
2. *Almenn talsímabjónusta:* Þjónusta opin almenningi sem miðlar innlendum og alþjóðlegum símtölum um notendabúnað sem er tengdur föstum nettengipunkti.
3. *Almenningssími:* Sími sem er opin almenningi til notkunar gegn greiðslu.
4. *Almennt talsímanet:* Fjarskiptanet sem er notað til að bjóða almenna talsímabjónustu. Netid gerir flutning milli nettengipunkta mögulegan, bæði á tali og öðrum tegundum boðskipta, svo sem faxi og gögnum.
5. *Almennt fjarskiptanet:* Fjarskiptanet sem er notað að öllu eða mestu leyti til að bjóða almenna fjarskiptaþjónustu.
6. *Alþjónusta:* Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
7. *Áskrifandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptaþjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu.
8. *Breiðskjársjónvarpsþjónusta:* Sjónvarpsþjónusta sem samanstendur að öllu leyti eða hluta til af dagskrárefni sem er framleitt til þess að sýna í breiðskjárformi með mynd í fullri hæð.
9. *Fast forval:* Möguleiki sem áskrifendum í talsímabjónustu er boðinn og gefur þeim kost á að velja að ákveðnum flokkum símtala sé beint til ákveðins þjónustuveitanda, sem valinn er fyrir fram, án þess að nota þurfi forskeyti viðkomandi þjónustuveitanda.
10. *Fjarskiptafyrirtæki:* Einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.
11. *Fjarskiptafyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]:*¹⁾ Fjarskiptafyrirtæki sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilgreint með [umtalsverðan markaðsstyrk.]¹⁾
12. *Fjarskiptanet:* Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.
13. *Fjarskiptavirki:* Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað að koma á fjarskiptum eða reka þau hvort heldur er til sendingar eða móttöku.
14. *Fjarskiptaþjónusta:* Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet. [þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur].²⁾
15. *Fjarskipti:* Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.

16. *Forritatengsl*: Hugbúnaðartengsl milli forrita, sem eru gerð aðgengileg af útvarpsstöðvum eða þjónustuveitendum, og úrræða í þróuðum stafrænum sjónvarpsbúnaði fyrir stafræna sjón- og hljóðvarpsþjónustu.
17. *Forskeyti*: Númer sem notandi verður að velja á undan símanúmeri til að fá aðgang að þjónustuaðila.
18. *Heimtaug*: Koparlína sem tengir nettengipunkt í húsnæði áskrifanda við tengigrind eða samsvarandi aðstöðu í hinu almenna talsímaneti.
19. *Nettengipunktur*: Efnislegur tengipunktur þar sem áskrifanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti.
20. *Notandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptaþjónustu.
21. *Númer og vistföng*: Röð tákna sem eru notuð til að auðkenna einstaka áskrifendur í fjarskiptavirkjum.
[Reikþjónusta: Símtalsþjónusta, SMS-þjónusta, MMS-þjónusta og önnur gagnaflytninguþjónusta í farsímaneti sem á upphaf hjá viðskiptavini í farsímaneti rekstraraðila hér á landi og lýkur í farsímaneti rekstraraðila í öðru ríki eða er móttekið af viðskiptavini með upphaf í almennu símaneti í öðru ríki og lýkur í farsímaneti rekstraraðila hér á landi.]⁴⁾
22. *Samhýsing*: Aðgangur að rými og tækniþjónustu sem er nauðsynlegur til að koma viðeigandi búnaði réttthafa fyrir með góðu móti og tengja hann.
23. *Samruni*: Um skilgreiningu á samruna fer eftir samkeppnislögum.
24. *Samtenging*: Efnisleg og rökvís tenging fjarskiptaneta sem gerir notendum kleift að eiga samskipti við aðra notendur eða fá aðgang að þjónustu sem er veitt af öðru fjarskiptafyrirtæki. Ekki skiptir máli hvort þjónustan er veitt af eigendum netsins eða öðrum aðilum sem kunna að hafa aðgang að fjarskiptanetinu.
25. *Skaðleg truflun*: Truflun sem setur í hættu, rýrir alvarlega, hindrar eða truflar endurtekið þráðlausa fjarskiptaþjónustu.
26. *Skilyrt aðgangskerfi*: Sérhver tæknileg ráðstöfun eða fyrirkomulag sem veitir aðgang að lokaðri hljóð- eða sjónvarpsþjónustu.
27. *Virðisaukandi þjónusta*: Þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.
28. *Yfirgjald*: Gjald fyrir virðisaukandi þjónustu sem er hærra en almennt símtalagjald.
29. *Þróaður stafrænn sjónvarpsbúnaður*: Aðgangskassi sem tengist sjónvarpstæki eða stafrænt sjónvarpstæki sem getur tekið á móti stafrænni gagnvirkri sjónvarpsþjónustu.

¹⁾L. 118/2008, 1. gr. ²⁾L. 78/2005, 12. gr. ³⁾L. 39/2007, 1. gr. ⁴⁾L. 145/2009, 1. gr.

...

XII. kafli.

Fjarskiptabúnaður.

59. gr.

Búnaður fjarskiptaneta.

Tækjabúnaður almennra fjarskiptaneta skal að jafnaði vera í samræmi við tæknistaðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um notkun annarra staðla, svo og tilmæla frá Alþjóðafjarskiptasambandinu. Tæknilegir eiginleikar í nettengipunktum skulu ávallt vera í samræmi við staðla. Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenn fjarskiptanet skulu birta upplýsingar um tæknilega eiginleika í nettengipunktum. [Ráðherra]²⁾ getur sett reglugerð¹⁾ um nánari útfærslu þessara ákvæða. Þráðlaus fjarskiptanet má einungis setja upp og nota að fengnu leyfi Póst- og

fjarskiptastofnunar. Stofnuninni er þó heimilt að gefa út almennt leyfi fyrir þráðlaus fjarskiptanet í ákveðnum tíðnisviðum þegar geislað afl senda er undir hámarki sem stofnunin setur.

¹⁾Rg. 532/2001, ²⁾l. 162/2010, 239. gr..

60. gr.

Innanhússfjarskiptalagnir.

Fjarskiptalagnir í húsnæði áskrifenda, þ.m.t. húskassar, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir í byggingu skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni sem byggingareftirlit hefur samþykkt. Í fjöleignarhúsum skulu húskassar vera innsglaðir eða læstir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínum. Þegar fjarskiptafyrirtæki berst umsókn um þjónustu frá áskrifanda skal fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á aðgangi að húskassa í viðkomandi byggingu til að tengja sig inn á hann og að lögnum viðkomandi áskrifanda. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangshæmild fjarskiptafyrirtækja.

61. gr.

Notendabúnaður og tæki fyrir þráðlaus fjarskipti.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með sölu notendabúnaðar fyrir fjarskipti og tækja fyrir þráðlaus fjarskipti. Eftirfarandi grunnkröfur eiga við um öll slík tæki:

1. Um verndun heilsu og öryggis notanda jafnt og annarra manna.
2. Um að tæki í notkun hafi ekki truflandi áhrif á rafsegulumhverfið.

Að auki skal þráðlaus búnaður gerður með tilliti til þess að nýta á sem skilvirkastan hátt tíðnisvið sem ætlað er þráðlausum fjarskiptum á jörðu og í geimnum og stöðu sem þeim er úthlutað á baugum umhverfis jörðu án þess að valda skaðlegum truflunum.

Setja má skilyrði um að ákveðnir flokkar tækja eða einstök tæki séu þannig gerð að þau:

- a. megi starfrækja með öðrum tækjum með milligöngu neta og að hægt sé að tengja þau við rétta skilpunkta hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins,
- b. valdi ekki tjóni á netum, starfsemi þeirra eða virkni og orsaki þannig óviðunandi rýrnun þjónustu,
- c. hafi innbyggðar varnir til verndar persónuupplýsingum og friðhelgi einkalífs áskrifenda og notenda,
- d. hafi möguleika á útfærslu sem hindrar svik,
- e. hafi möguleika á útfærslu sem tryggir aðgang að neyðarþjónustu,
- f. hafi möguleika sem auðvelda fötluðum notkun þeirra.

Notendabúnaður fyrir stafrænt sjónvarp skal uppfylla kröfur um samvirkni í samræmi við reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur um:

- a. sameiginlegt brenglunargrími og gjaldfrjálsa viðtöku,
- b. samvirkni hliðrænna og stafrænna sjónvarpstækja.

62. gr.

Þráðlaus sendibúnaður.

Sendibúnað fyrir þráðlaus fjarskipti má aðeins hafa undir höndum, setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Þó má starfrækja þráðlausan búnað án sérstaks leyfis þegar hann er eingöngu notaður við almenna fjarskiptaþjónustu í tilteknu tíðnisviði. Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfisbréf fyrir notkun þráðlauss sendibúnaðar og skal

leyfisbréfið [að jafnaði]¹⁾ vera tímabundið. Binda má leyfið skilyrðum, svo sem um sendiafl, staðsetningu, bandbreidd, útbreiðslusvæði og tengingu við almenn fjarskiptanet. Leyfishafi sem selur þráðlausan búnað, sem hann hefur fengið leyfisbréf fyrir, eða afhendir hann öðrum varanlega ber ábyrgð á því að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um nýjan eiganda. Póst- og fjarskiptastofnun skal þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu þráðlausra senda, þ.m.t. útvarpssenda, sem ekki er leyfisbréf fyrir og ekki eru undanþegnir leyfisskyldu. Óheimilt er að hindra eftirlitsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar í slíkum aðgerðum, enda hafi þeir framvísað starfsskírteini sínu. Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt undanþágur frá ákvæðum um leyfisbréf fyrir ákveðnar tegundir sendibúnaðar. [Ekki þarf leyfisbréf fyrir lágafsbúnaði sem vinnur á samræmdum tíðnisviðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur tilkynnt að nota megi fyrir slíkan búnað.]¹⁾[Seljendum leyfisskylds þráðlauss búnaðar ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun hver sé kaupandi búnaðarins á því formi og með þeim hætti sem stofnunin samþykkir.]¹⁾

¹⁾L. 78/2005, 10. gr.

63. gr.

Fjarskiptabúnaður í farartækjum.

Íslensk skip, loftför og önnur farartæki skulu búin fjarskiptabúnaði í samræmi við alþjóðasamþykktir og reglugerðir¹⁾ sem [ráðherra]²⁾ setur.

Fjarskiptabúnað í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum sem eru innan íslenskrar land- eða lofthelgi má aðeins nota í samræmi við íslensk lög og reglugerðir.

Póst- og fjarskiptastofnun getur bannað notkun fjarskiptabúnaðar í erlendum farartækjum í íslenskri lögsögu ef notkunin telst andstæð íslenskum reglum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun heimilað notkun búnaðar sem viðurkenndur er til notkunar á alþjóðavettvangi.

¹⁾Rg. 53/2000, ²⁾l. 162/2010, 239. gr.

64. gr.

Takmörkun fjarskipta vegna truflana.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

65. gr.

Viðurkenning búnaðar.

Óheimilt er að setja á markað annan notendabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur skv. 61. gr. og ber CE-merkingu því til staðfestingar. [Innflutningur einstaklinga eða lögaðila á notendabúnaði til eigin nota eða í öðrum tilgangi telst markaðssetning í þessu sambandi.]¹⁾

Framleiðandi eða umboðsmaður hans hér á landi skal tryggja að öllum búnaði sem settur er á markað hér á landi fylgi upplýsingar fyrir notendur á íslensku um tilætlaða notkun, helstu eiginleika búnaðarins og skyldu kaupenda til að sækja um leyfisbréf fyrir þráðlausan búnað.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans sem hyggst setja á markað þráðlausan búnað í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þessa fyrirætlun með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Einnig skal senda stofnuninni upplýsingar um eiginleika búnaðarins, þ.m.t. tíðnisvið hans, bil milli rása, mótunaraðferð og hátíðniafl. Telji Póst- og fjarskiptastofnun hættu á því að

búnaðurinn geti truflað aðra þjónustu í viðkomandi tíðnisviði getur stofnunin bannað sölu og notkun hans.

¹⁾L. 118/2008, 10. gr.

66. gr.

Markaðseftirlit.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur markaðseftirlit með búnaði skv. 61. gr. Í því skyni skal stofnunin hafa ótakmarkaðan aðgang að sölustöðum slíks búnaðar. Ef búnaður sem uppfyllir ekki grunnkröfur samkvæmt lögum þessum er settur á markað getur stofnunin krafist að sala hans og notkun verði þegar í stað stöðvuð og búnaðurinn kyrrsettur.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfu um að framleiðandi eða umboðsmaður hans afhendi stofnuninni sundurliðaðar upplýsingar og teikningar um búnað sem ráðgert er að setja á markað. Með slíkar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál.

[Ráðherra]¹⁾ setur reglugerð um markaðseftirlit með notendabúnaði og þráðlausum búnaði.

¹⁾L. 162/2010, 239. gr.

Lög

nr. 50/2004 um siglingavernd.

Tóku gildi 14. júní 2004; komu til framkvæmda 1. júlí 2004. Breytt með L. 18/2007 (tóku gildi 13. mars 2007; EES-samningurinn: XIII. viðauki reglugerð 725/2004 og 884/2005, tilskipun 2005/65/EB) og L. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stjórn siglingaverndarmála.

[Innanríkisráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn siglingaverndarmála en Siglingastofnun Íslands með framkvæmd þeirra svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

¹⁾L. 162/2010, 242. gr.

2. gr.

[Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Lög þessi gilda um eftirgreindar gerðir skipa ef þau eru notuð í millilandasiglingum:

- a. farþegaskip, þ.m.t. háhraðaför,
- b. flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og
- c. færánlega borpalla.

Lög þessi gilda einnig um farþegaskip og flutningaskip í innanlandssiglingum. Undanskilja má ákveðnar tegundir og flokka skipa í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur.

Lög þessi gilda um útgerðir þeirra skipa sem nefnd eru í 2. og 3. mgr. og um hafnaraðstöðu þar sem slíkum skipum er þjónað.]¹⁾

¹⁾L. 18/2007, 1. gr.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Siglingavernd*: Ráðstafanir samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS 1974) auk alþjóðakóða (ISPS Code) um skipa- og hafnavernd:
 - a. skipavernd: forvarnir til að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega og farms gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögumætum aðgerðum;
 - b. hafnavernd: forvarnir til að tryggja vernd hafnaraðstöðu gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögumætum aðgerðum;
 - c. farmvernd: forvarnir til að vernda farm gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögumætum aðgerðum.
2. *Tilnefnt stjórnvald*: Sú stofnun eða það stjórnvald aðildarríkis sem falin er ábyrgð á framkvæmd siglingaverndar í höfnum og skipum.
3. *Hafnaraðstaða*: Staður skilgreindur af aðildarríki eða tilnefndu stjórnvaldi þar sem tengsl skips og hafnar eru, og sem uppfyllir skilyrði laga um siglingavernd.
4. *Áhættumat*: Mat á áhættu gagnvart ógnunum og váatvikum.
5. *Verndaráætlun*: Áætlun til að tryggja að gerðar séu ráðstafanir til að vernda hafnaraðstöðu, skip, einstaklinga og farm.
6. *Verndarfulltrúi*: Sá einstaklingur sem falin er gerð, framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar.
7. *Vástig*: Segir til um hvert hættuástandið er þegar beita skal verndarráðstöfunum svo sem nánar er kveðið á um í alþjóðakóða (ISPS Code) um skipa- og hafnavernd.
8. *Verndaryfirlýsing*: Samkomulag um siglingavernd milli skipa og hafnaraðstöðu. Í samkomulaginu skal m.a. tilgreina verndarráðstafanir og ábyrgð hvors aðila um sig.
- [9. *Umboðsmaður*: Sá sem annast milligöngu útgerðar eða leigutaka skips og stjórnvalda.]¹⁾

¹⁾L. 18/2007, 2. gr.

4. gr.

Siglingastofnun Íslands, ásamt tollyfirvöldum, ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu, [vaktstöð siglinga],¹⁾ [útgerðum]¹⁾ og höfnum sem falla undir lög þessi, fer með framkvæmd siglingaverndar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að annast einstaka þætti siglingaverndar.

Siglingastofnun Íslands ber m.a. ábyrgð á að:

- a. staðfesta áhættumat [útgerða]¹⁾ fyrir íslensk skip og áhættumat hafnaraðstöðu fyrir hafnir,
- b. staðfesta verndaráætlanir [útgerða]¹⁾ fyrir íslensk skip og verndaráætlun hafnaraðstöðu fyrir hafnir,
- c. staðfesta skipan verndarfulltrúa íslenskra skipa, útgerða og hafnaraðstöðu,
- d. staðfesta skipan eftirlitsaðila og gefa út skírteini til eftirlitsmanna,
- e. hafa eftirlit með virkni verndaráætlana íslenskra skipa og hafnaraðstöðu,
- f. gefa út ferilskrá íslenskra skipa,

- g. halda skrá um íslensk skip og hafnir sem hafa viðurkenndar verndaráætlanir,
- [h. gert sé áhættumat vegna siglinga innan íslenskrar efnahagslögsögu,
- i. gerð sé og viðhaldið Siglingaverndaráætlun Íslands.]¹⁾

Áður en Siglingastofnun Íslands staðfestir áhættumat og verndaráætlun skv. 3. mgr. skal hún leita umsagnar ríkislögreglustjóra. Siglingastofnun skal gæta þess að kröfum um leynd og varðveislu verndaráætlana og annarra trúnaðarupplýsinga sé fullnægt. Siglingastofnun annast öll samskipti við Alþjóðasiglingamálastofnunina um siglingavernd, þ.m.t. að senda lögboðnar tilkynningar o.s.frv.

[Siglingastofnun Íslands annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Við framkvæmd eftirlits með siglingavernd skal fulltrúum Siglingastofnunar heimill aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjölum eftir því sem telja má nauðsynlegt vegna eftirlitsins án undangengins dómsúrskurðar. Fulltrúar hafna, skipa og útgerða, sem lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim taka til, skulu veita stofnuninni þá aðstoð sem þörf er á vegna eftirlits í þágu siglingaverndar. [Ráðherra]³⁾ setur nánari reglur um framkvæmd eftirlits í þágu siglingaverndar.]¹⁾

[Ríkislögreglustjóri ákveður vástig um borð í íslenskum skipum og í höfnum.]¹⁾ Þegar ógn steðjar að ákveður hann hækkun vástigs um borð í skipum eða í höfnum að höfðu samráði við Siglingastofnun og Landhelgisgæslu nema þegar um bráðatilvik er að ræða, þá tekur hann ákvörðun einn. Þegar vástig er hækkað í höfnum eða skipum ákveður ríkislögreglustjóri hvenær hann tekur við stjórn aðgerða samkvæmt viðeigandi verndaráætlun og almennum lögum um lögregluaðgerðir.

Siglingastofnun Íslands er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi einstaklings, að leita til ríkislögreglustjóra um athugun á viðkomandi í skráum lögreglu og öflun upplýsinga um sakaferil til þess að grundvalla mat um hæfi til þess að vinna með trúnaðarupplýsingar um öryggismál í starfi í þágu siglingaverndar.

Landhelgisgæslan hefur eftirlit með að lögum um siglingavernd sé framfylgt á hafinu umhverfis Ísland í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur²⁾ um farmvernd. Tollstjórar annast, í samráði við viðkomandi hafnaryfirvöld og Siglingastofnun Íslands, framkvæmd og eftirlit með farmvernd og setja reglur þar að lútandi.

[Útgerðir]¹⁾ sem gera út skip undir íslenskum fána og falla undir lög þessi bera ábyrgð á að lögboðnum verndarráðstöfunum sé fullnægt og að í hverju skipi liggi fyrir verndaráætlun með nákvæmum leiðbeiningum um viðbrögð við yfirvofandi vá.

Höfn sem rekur hafnaraðstöðu sem fellur undir lög þessi ber ábyrgð á því að lögboðnum ráðstöfunum um hafnavernd sé fullnægt og að í verndaráætlun liggi fyrir nákvæmar leiðbeiningar um viðbrögð við yfirvofandi vá.

¹⁾L. 18/2007, 3. gr. ²⁾Rgl. 929/2008, ³⁾L. 162/2010, 242. gr.

II. KAFLI Skipavernd.

5. gr.

[Útgerðir]¹⁾ skulu útbúa áhættumat og verndaráætlun fyrir hvert íslenskt skip sem fellur undir lög þessi og tilnefna verndarfulltrúa fyrir skipið og [útgerðina].¹⁾ Áhættumatið, verndaráætlunina og skipan verndarfulltrúans skal leggja fyrir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Í verndaráætlun skal koma fram áætlun um viðbrögð þegar ógn steðjar að og hlutverk aðila sem koma að aðgerðum vegna þess, t.d. hlutverk lögreglu og Landhelgisgæslu.

Ef skip, sbr. 1. mgr. 2. gr., sem uppfyllir ekki kröfur um siglingavernd leggst að höfn sem starfar samkvæmt lögum þessum getur verndarfulltrúi hafnaraðstöðu krafist þess að skipstjóri eða verndarfulltrúi skips undirriti verndaryfirlýsingu.

[Skipstjóri og útgerð skips skulu halda skrá yfir nauðsynlegar upplýsingar vegna siglingaverndar eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Áður en skip skv. 2. gr. laganna kemur til hafnar skal höfn, útgerð, umboðsmaður eða skipstjóri skips veita upplýsingar skv. 3. mgr. sem að mati Siglingastofnunar Íslands eru nauðsynlegar vegna siglingaverndar og verndar íslenskra hafna.

Ef skip uppfyllir ekki reglur um siglingavernd er Siglingastofnun Íslands heimilt að leggja farbann á skip, vísa því frá höfn, krefjast þess að það verði fært innan hafnar eða á milli hafna og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir brot á reglum um siglingavernd. Útgerð og skipstjóra skips er skylt að verða við fyrirmælum Siglingastofnunar samkvæmt þessari málsgrein. Um farbann fer að ákvæðum laga um eftirlit með skipum.

[Ráðherra]²⁾ setur nánari reglur um skráningu upplýsinga vegna siglingaverndar, upplýsingaskyldu útgerða og skipstjóra og frekari aðgerðir Siglingastofnunar Íslands til framkvæmdar eftirlits í þágu siglingaverndar.]¹⁾

¹⁾L. 18/2007, 4. gr., ²⁾L. 162/2010, 242. gr.

III. KAFLI

Hafnavernd.

6. gr.

Höfn sem kýs að þjóna skipum sem falla undir lög þessi skal skilgreina þá hafnaraðstöðu sem nýta á undir slíka starfsemi. Útbúa skal áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og verndaráætlun og bera undir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Tilnefna skal verndarfulltrúa fyrir hafnaraðstöðuna og skal Siglingastofnun Íslands staðfesta skipan hans. Verndarfulltrúi ákveður hvenær tilefni er til að grípa til ráðstafana samkvæmt þeirri verndaráætlun sem höfnin starfar eftir.

Ef skip, sbr. 1. mgr. 2. gr., leggst að höfn sem uppfyllir ekki kröfur um siglingavernd getur verndarfulltrúi skips óskað eftir verndaryfirlýsingu. Ef hafnaryfirvöld og verndarfulltrúi skips koma sér saman um gerð verndaryfirlýsingar skal Siglingastofnun Íslands eða annar aðili sem hún tilnefnir samþykka hana.

Í verndaráætlun skal koma fram áætlun um viðbrögð þegar ógn steðjar að og hlutverk aðila sem koma að aðgerðum vegna þess, t.d. hlutverk lögreglu og tollyfirvalda.

Að fengnu samþykki Siglingastofnunar Íslands getur höfn falið rekstraraðilum hafnaraðstöðu framkvæmd og eftirlit með að kröfum skv. 1. mgr. um siglingavernd sé framfylgt. Ef kröfum 1. mgr. er ekki fullnægt að mati Siglingastofnunar Íslands getur höfn rift samningum við rekstraraðila án frekari fyrirvara.

IV. KAFLI

Farmvernd.

7. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um farmvernd. Tollstjórar hafa eftirlit og umsjón með framkvæmd verndaráðstafana, þ.m.t. eftirlit með farmi sem flytja á úr landi, eftir því sem kveðið er á um í reglum tollstjórans í Reykjavík.

Tollstjórinn í Reykjavík skal upplýsa og leiðbeina hafnaryfirvöldum um kröfur farmverndar við gerð áhættumats og verndaráætlunar hafnar.

[V. KAFLI.
Aðgangur að hafnarsvæðum.]¹⁾

¹⁾L. 18/2007, 5. gr.

[8. gr.

Aðgangur að hafnarsvæðum.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að höfðu samráði við hafnaryfirvöld að takmarka aðgang að höfnum og hafnarsvæðum, umferð um þær og dvöl skipa í þeim, svo og að banna umgengni eða dvöl á slíkum svæðum, ef slíkt er talið nauðsynlegt vegna siglingaverndar.]¹⁾

¹⁾L. 18/2007, 5. gr.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

[9. gr.]¹⁾

Leit.

Siglingastofnun Íslands setur reglur²⁾ um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda á starfsfólki og farþegum skemmtiferðaskipa og í farangri þeirra og á áhöfnum og öðrum þeim sem vegna starfs síns þurfa að fara inn á hafnaraðstöðu eða um borð í skip sem falla undir lög þessi.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um leit í farmi sem tollstjórar annast. Hægt er að synja þeim mönnum sem neita öryggisleit samkvæmt þessari grein um aðgang að hafnaraðstöðu og skipi sem lög þessi ná yfir.

¹⁾L. 18/2007, 5. gr. ²⁾Rgl. 550/2004.

[10. gr.]¹⁾

Gjöld.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að innheimta gjöld til að standa straum af kostnaði sem til fellur samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. gjöld fyrir staðfestingar, eftirlit og útgáfu skráa skv. 4. gr. og námskeið sem haldin eru í samræmi við ákvæði laga þessara. Gjöldin skulu ákveðin í gjaldskrá sem [ráðherra]³⁾ setur að tillögu Siglingastofnunar Íslands og skal gjaldtakan standa undir kostnaði við veitta þjónustu.

[Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald, farmverndargjald, af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða landað í höfn.]²⁾ Gjald þetta skal taka mið af magni og eðli vöru og standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar af ráðstöfunum til verndar farmi á hafnaraðstöðu, svo sem girðingum, vöktun, leit og lokun svæða.

[Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald, hafnarverndargjald, fyrir hvert skip sem fellur undir lög þessi og getur gjaldið tekið mið af stærð skips, komufjölda skipa og/eða dvalartíma við hafnaraðstöðu í rekstri þeirra.]²⁾ Gjald þetta skal standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar af ráðstöfunum til verndar skipi, svo sem vöktun og lokun svæða.

[Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir hvern farþega sem kemur til eða fer frá landinu með skipi.]²⁾ Gjald þetta skal standa undir kostnaði þeirra af siglingavernd í farþegaflutningum, svo sem vegna móttökuaðstöðu, öryggisleitar, vöktunar og búnaðar.

Höfnum, sem annast tilfallandi framkvæmd siglingaverndar, er heimilt að innheimta þann kostnað sem þær verða fyrir samkvæmt reikningi hverju sinni. Með tilfallandi framkvæmd siglingaverndar er átt við ráðstafanir vegna einstakra koma og brottfara skipa sem

falla undir lög þessi, svo sem vegna afgreiðslu farþega- og flutningaskipa. Gjaldið sem innheimt er hverju sinni skal standa undir þeim kostnaði sem hlýst af þeim ráðstöfunum sem gripið er til, svo sem uppsetningu móttökuaðstöðu, öryggisleit, tímabundinni lokun svæða o.s.frv.

Komi fram beiðni um aukna þjónustu við framkvæmd siglingaverndar, t.d. aukna löggæslu, aukna vakt í skipi o.s.frv., er þeim sem beiðnin beinist að heimilt að innheimta útlagðan kostnað samkvæmt reikningi hverju sinni.

Gjaldtaka samkvæmt grein þessari skal í öllum tilfellum miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er og birt í gjaldskrám viðkomandi hafnar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalda þeirra sem kveðið er á um í grein þessari.

¹⁾L. 18/2007, 5. gr. ²⁾L. 18/2007, 6. gr., ²⁾L. 162/2010, 242. gr.

[11. gr.

Þagnarskylda.

Þeim aðilum sem starfa að siglingavernd ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna eða hagsmuna í þágu siglingaverndar. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti vegna siglingaverndar og fyrirhugaðar aðgerðir vegna siglingaverndar og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum eða eðli máls.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.]¹⁾

¹⁾L. 18/2007, 7. gr.

[12. gr.]¹⁾

Málskotsréttur.

Ákvarðanir sem Siglingastofnun Íslands tekur samkvæmt lögum þessum eru kærnanlegar til [ráðherra]²⁾. Kæra skal vera skrifleg og fer um meðferð hennar samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

¹⁾L. 18/2007, 7. gr., ²⁾L. 162/2010, 242. gr.

[13. gr.]¹⁾

Reglugerð.

[Ráðherra]⁴⁾ er heimilt að setja í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um hlutverk Siglingastofnunar Íslands og annarra opinberra aðila.

Undir skipavernd fellur m.a. að setja reglur um skyldur [útgerðar],³⁾ áhættumat fyrir skip, leit, verndaráætlun skips, skrár sem færa skal og varðveita um borð í skipi, verndarfulltrúa [útgerðar],³⁾ verndarfulltrúa skips, útgáfu skírteina fyrir skip [um kennslu, þjálfun og æfingar vegna skipaverndar, meðhöndlun trúnaðarskjala og eftirlit og skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila].³⁾

Undir hafnavernd fellur m.a. að setja reglur um áhættumat fyrir hafnaraðstöðu, verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, verndarfulltrúa hafnar, útgáfu skírteina fyrir hafnaraðstöðu, kennslu, þjálfun og æfingar vegna hafnaverndar, [vöktun og afmörkun hafnaraðstöðu og haftasvæða, meðhöndlun trúnaðarskjala og eftirlit og skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila].³⁾

¹⁾L. 18/2007, 7. gr. ²⁾Rg. 474/2007, sbr. 104/2008; rg. 265/2008. ³⁾L. 18/2007, 8. gr., ⁴⁾L. 162/2010, 242. gr.

[14. gr.

Afturköllun skipunar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila á grundvelli laga þessara, tímabundið eða að fullu, vegna brota gegn lögum og reglum ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hins brotlega, varhugavert að hann sé skipaður. Ákvörðun um afturköllun skal rökstudd og starfsmanni gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin, í samræmi við ákvæði stjórnslulaga.

Sé um að ræða alvarlegt brot í starfi, þar á meðal brot á trúnaðarskyldum, er Siglingastofnun heimilt að afturkalla skipan viðkomandi þegar í stað.¹⁾

¹⁾L. 18/2007, 9. gr.

[15. gr.]¹⁾

[Refsingar.

Brot gegn 5., 10. og 11. mgr. 4. gr., 5. gr. og 6. gr. laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Brot á þagnarskyldu skv. 11. gr. laganna er refsivert skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.²⁾

¹⁾L. 18/2007, 9. gr. ²⁾L. 18/2007, 10. gr.

[16. gr.]¹⁾

Innleiðing.

Með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru innleiddar í íslenskan rétt þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum þess hluta alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS frá 1974) sem fjallar um siglingavernd.

[Með lögum þessum eru innleiddar í íslenskan rétt eftirtaldar gerðir Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið:

- a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 14/2005 frá 8. febrúar 2005.
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 34/2006 frá 10. mars 2006.
- c. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnarvernd, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 65/2006 frá 2. júní 2006.²⁾

¹⁾L. 18/2007, 9. gr. ²⁾L. 18/2007, 11. gr.

[17. gr.]¹⁾

Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2004.

¹⁾L. 18/2007, 9. gr.

Lög

[nr. 87/2004 um olúgjald og kílómetragjald.]¹⁾

¹⁾L. 169/2006, 14. gr.

Tóku gildi 1. júlí 2005. Breytt með *l. 70/2005* (tóku gildi 1. júlí 2005), *l. 126/2005* (tóku gildi 30. des. 2005), *l. 136/2005* (tóku gildi 30. des. 2005), *l. 81/2006* (tóku gildi 30. júní 2006), *l. 169/2006* (tóku gildi 30. des. 2006), *l. 162/2007* (tóku gildi 1. jan. 2008), *l. 88/2008* (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), *l. 137/2008* (tóku gildi 12. des. 2008), *l. 60/2009* (tóku gildi 30. maí 2009), *l. 70/2009* (tóku gildi 30. júní 2009 nema 1.–3. gr., 12.–26. gr. og brbákv. V og VI sem tóku gildi 1. júlí 2009, 4. gr. sem tók gildi 1. sept. 2009 og brbákv. IV sem tók gildi 16. júní 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr., sbr. og *l. 97/2009* (tóku gildi 3. sept. 2009)), *l. 130/2009* (tóku gildi 30. des. 2009 nema 7.–9. gr. og 13.–42. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), *l. 136/2009* (tóku gildi 1. jan. 2010), *l. 63/2010* (tóku gildi 1. okt. 2010 nema 2. gr. sem tók gildi 24. júní 2010) og *l. 162/2010* (tóku gildi 1. janúar 2011) og *l. 164/2010* (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. KAFLI

Vörugjald af olúu, gjaldskylda og fjárhæð gjalds.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af gas- og dísilolíu sem flokkast í tollskrárnúmer 2710.1930 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Í lögum þessum er vörugjald á olúu nefnt olúugjald.

Gjaldskylda skv. 1. mgr. nær einnig til olúu í öðrum tollskrárnúmerum sem blönduð hefur verið gjaldskyldri olúu, enda séu blöndurnar nothæfar sem eldsneyti á ökutæki.

Fjárhæð olúugjalds skal vera [54,88]¹⁾ á hvern lítra af olúu.

¹⁾L. 164/2010, 17. gr.

2. gr.

Tollstjóri annast álagningu og innheimtu olúugjalds af gjaldskyldri olúu sem aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 3. gr. flytja til landsins. Ríkisskattstjóri annast álagningu olúugjalds á þá sem skráningarskyldir eru skv. 3. gr. vegna sölu þeirra og eigin nota á gjaldskyldri olúu. [...]¹⁾

¹⁾L. 136/2009, 104. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. þeir sem framleiða eða stunda aðvinnslu olúu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.,
2. þeir sem flytja inn, til endursölu eða eigin nota, olúu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.,

3. þeir sem kaupa olíu innan lands til endursölu.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir gjaldskylda aðila skv. 1. mgr. Gjaldskyldir aðilar skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem einvörðungu flytja inn olíu til eigin nota, skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu til ríkisskattstjóra áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skv. 2. mgr. skal tilgreina nafn, heimili og kennitölu rekstraraðila, firmanafn og tegund framleiðslu eða innflutnings. Enn fremur skulu þeir sem flytja inn olíu til endursölu greina frá birgðageymslum, þ.m.t. sölustöðum, staðsetningu þeirra og stærð. Verði breytingar á gjaldskyldri starfsemi, þ.m.t. varðandi birgðageymslur, ber að tilkynna þær án tafar.

Ríkisskattstjóri rannsakar tilkynningar og getur hafnað skráningu ef skilyrðum þessarar greinar eða annarra ákvæða laga þessara er ekki fullnægt.

Hafni ríkisskattstjóri skráningu, sbr. 4. mgr., ber viðkomandi að standa skil á olíugjaldi við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða eða við afhendingu ef um innlenda framleiðslu eða aðvinnslu er að ræða.

Undanþágur og endurgreiðslur.

4. gr.

[Gjaldskyldum aðilum skv. 3. gr. er heimilt að selja eða afhenda olíu skv. 1. gr. án innheimtu olíugjalds í eftirtöldum tilvikum:]¹⁾

1. [til nota á varðskip, kaupskip og önnur skip sem notuð eru í atvinnurekstri og skráð eru 6 metrar eða lengri],¹⁾

[2. til nota á önnur skip og báta en greinir í 1. tölul.],¹⁾

[3.]¹⁾ til húshitunar og hitunar almenningsundlauga,

[4.]¹⁾ til nota í iðnaði og á vinnuvélar,

[5.]¹⁾ til nota á dráttarvélar [...],²⁾

[6.]¹⁾ til raforkuframleiðslu,

[7.]¹⁾ [til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og eru með varanlegum áföstum búnaði til þeirra nota og brenna að meginhluta til dísilolíu í kyrrstöðu, t.d. kranabifreiðar, vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum, borkranabifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, holræsabifreiðar, borholumælingabifreiðar og úðunarbifreiðar],²⁾

[8.]¹⁾ [til nota á beltabifreiðar og námuökutæki sem eingöngu eru notuð utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum],²⁾

[[9.]¹⁾ til nota á bifreiðir í eigu björgunarsveita. Með björgunarsveit er átt við sjálfboðaliðasamtök sem hafa björgun mannlífa og verðmæta að aðalmarkmiði.]³⁾

[Skilyrði sölu eða afhendingar olíu án innheimtu olíugjalds skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. er að í olíuna hafi verið bætt litar- og merkiefnum, sbr. 5. gr.]¹⁾ Litaða olíu má ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilvikum en lýst er í 1. mgr. Litar- og/eða merkiefni má hvorki fjarlægja að öllu leyti né að hluta. [Gjaldskyldum aðilum skv. 1. mgr. 3. gr. er óheimilt að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðsludælu nema slík viðskipti eigi sér stað með sérstöku viðskiptakorti gjaldskylds aðila.]⁴⁾

[Óheimilt er að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. [63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987](#), önnur en dráttarvélar skv. [5. tölul.]⁵⁾ 1. mgr. og ökutæki skv. [7., 8. og 9. tölul.]⁵⁾ 1. mgr.]²⁾

[Eigendum ökutækja skv. [7. tölul.]⁵⁾ 1. mgr. er heimilt að skrá umrædd ökutæki hjá Umferðarstofu sem ökutæki til sérstakra nota og öðlast þar með rétt á gjaldfrjálsri litaðri olíu samhliða því að þeir greiði sérstakt kílómetragjald skv. 6. mgr. 13. gr. Ökutæki skv. [8. og 9.

tölul.]⁵⁾ 1. mgr. og ökutæki sem skráð hafa verið til sérstakra nota skal auðkenna með sérstökum hætti í ökutækjaskrá.]²⁾

[Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um skilyrði fyrir undanþágu í reglugerð,⁴⁾ þ.m.t. hvaða ökutæki falla undir 6., [7. og 8. tölul.]³⁾ 1. mgr. og um fyrirkomulag skráningar ökutækja skv. [7. og 8. tölul.]⁵⁾ 1. mgr.]²⁾

¹⁾L. 169/2006, 1. gr. ²⁾L. 136/2005, 1. gr. ³⁾L. 81/2006, 1. gr. ⁴⁾L. 63/2010, 1. gr. ⁵⁾L. 162/2007, 2. gr. ⁶⁾Rg. 274/2006, sbr. 415/2007, 338/2008, 152/2009 og 848/2009.

5. gr.

Peir sem gjaldskyldir eru skv. 3. gr. og óska eftir að fá heimild til að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds, sbr. 4. gr., skulu senda umsókn til ríkisskattstjóra. Einungis þeim sem fengið hafa leyfi hjá ríkisskattstjóra er heimilt að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu samkvæmt lögum þessum. [Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð hvernig staðið skuli að sölu eða afhendingu á gjaldfrjálsri olíu.]¹⁾

Aðeins má lita olíu í búnaði sem viðurkenndur hefur verið af Löggildingarstofu.

Ríkisskattstjóri getur afturkallað eða takmarkað leyfi til litunar á olíu ef í ljós kemur að búnaður uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett hafa verið, lituð olía er seld til annarra nota en tilgreind eru í 1. mgr. 4. gr. eða viðunandi eftirliti verður ekki komið við.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð²⁾ kveða á um gerð og samsetningu litar- og/eða merki-efnis, litunarbúnað og framkvæmd litunar að öðru leyti.

¹⁾L. 136/2005, 2. gr. ²⁾Rg. 283/2005.

6. gr.

Peim sem hafa einkaleyfi til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, skulu endurgreidd [85%]²⁾ olúgjalds af olíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum. Reglur¹⁾ um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skulu settar af fjármálaráðherra í samráði við [innanríkisráðherra]⁴⁾.

Endurgreiða skal olúgjald af olíu sem erlend sendiráð eða sendimenn erlendra ríkja kaupa vegna bifreiða í sinni eigu.²⁾

Beiðnir um endurgreiðslu [skv. 1. mgr.]³⁾ skulu afgreiddar af ríkisskattstjóra sem jafnframt tilkynningu til beiðanda skal tilkynna ákvörðun sína til innheimtumanns ríkissjóðs til útborgunar hjá honum. [Beiðnir um endurgreiðslu skv. 2. mgr. skulu afgreiddar af utanríkisráðuneytinu.]³⁾

¹⁾Rg. 395/2005. ²⁾Rg. 398/2005. ³⁾L. 136/2005, 3. gr., ⁴⁾L. 162/2010, 243. gr.

Bókhald.

7. gr.

Gjaldskyldir aðilar sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu aðgreina í bókhaldi sínu kaup á olíu sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu, olíu til annarrar framleiðslu og olíu sem afhent er öðrum. Jafnframt skulu þeir halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun slíkrar olíu og afhendingu hennar. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Aðrir gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., skulu halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun hennar og sölu eða afhendingu. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Við sölu eða afhendingu olíu skal gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. útgáfudagur,
2. útgáfustaður,
3. afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður,
4. nafn og kennitala seljanda (birgðasala),
5. nafn og kennitala kaupanda (móttakanda),
6. magn, einingarverð og heildarverð gjaldskyldrar olíu.

Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 3. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort olúgjald er lagt á og hver fjárhæð olúgjalds er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði bókhaldslaga. Við afhendingu á litaðri olíu til nota sem greinir í 1. mgr. 4. gr. skal tilgreina á sölureikningi að um gjaldfrjálsa litaða olíu sé að ræða.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út sölu-reikning, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

8. gr.

Þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu olúgjalds skv. 1. mgr. 6. gr. skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olúkaup og olúnotkun og annað sem máli skiptir fyrir sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar¹⁾.

Vanræki aðili að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir tímabilið þegar bókhald eða skráning var ekki fullnægjandi. Uppgjör og innheimta.

¹⁾Rg. 395/2005.

9. gr.

Gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., skulu greiða olúgjald af gjaldskyldri olíu fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun. Þeir sem flytja inn gjaldskylda olíu til eigin nota skulu greiða olúgjald við tollafgreiðslu.

Við uppgjör olúgjalds má draga frá fjárhæð sem nemur sannanlega töpuðum útistandandi kröfum til greiðslu olúgjalds sem áður hefur verið skilað í ríkissjóð.

10. gr.

Til gjaldskyldrar sölu eða afhendingar telst ekki:

1. olía sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila,
2. olía sem flutt er úr landi,
3. olía sem sannanlega hefur farið forgörðum vegna leka, eldsvoða eða rýrnunar af öðrum sambærilegum ástæðum.

11. gr.

Uppgjörstímabil olúgjalds er einn mánuður. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu gjaldskyldir aðilar sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu, olú-gjaldsskýrslu, yfir magn gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu á uppgjörstímabilinu og standa

skil á greiðslu olúgjaldsins. Fjármálaráðherra kveður í reglugerð¹⁾ á um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu, þar á meðal hvernig rafrænum skilum á skýrslu og greiðslu skuli háttáð.

Ríkisskattstjóri skal ákvarða olúgjald gjaldskylds aðila á hverju uppgjörstímabili. Hann skal rannsaka olúgjaldsskýrslur og leiðréttu þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyriræli sem sett eru samkvæmt þeim. Þá skal ríkisskattstjóri áætla gjald af viðskiptum þeirra sem ekki senda skýrslur innan tilskilins frests, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Þó er ríkisskattstjóra heimilt að leiðréttu augljósar reikningsskekkjur án sérstakrar tilkynningar til gjaldanda.

Sé olúgjaldsskýrsla ekki afhent innan tilskilins frests eða olúgjald ekki greitt er ríkisskattstjóra enn fremur heimilt að afturkalla skráningu skv. 3. gr. þar til úr hefur verið bætt.

¹⁾Rg. 597/2005.

12. gr.

Komi í ljós annmarkar á olúgjaldsskýrslu, fyrir eða eftir ákvörðun skv. 11. gr., eða telji ríkisskattstjóri frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skriflega skora á gjaldskyldan aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn sem ríkisskattstjóri telur þörf á. Fái ríkisskattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan tilskilins frests ákvarðar hann eða endurákvarðar olúgjald samkvæmt olúgjaldsskýrslu og að fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á olúgjaldsskýrslu, svar aðila berst ekki innan tilskilins frests, skýringar hans eru ófullnægjandi eða eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir er ríkisskattstjóra heimilt að áætla olúgjald aðila.

Við ákvörðun eða endurákvörðun skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri tilkynna aðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að aðili geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun skal ríkisskattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar.

Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

II. KAFLI

Kílómetragjald[og sérstakt kílómetragjald]¹⁾.

¹⁾L. 136/2005, 9. gr.

13. gr.

Kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald].¹⁾

Greiða skal kílómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:

1. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga, [eða af ökutækjum skv. [8. og 9. tölul.]²⁾ 1. mgr. 4. gr.],¹⁾
2. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,

3. bifreiðum og eftirvögnum, sbr. 1. og 2. tölul., sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands. Tollstjóri skal við komu og brottför ökutækis lesa af öikumæli þess og ákvarða kílómetragjald í samræmi við ekinn kílómetrafjölda.

[Greiða skal sérstakt kílómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:

1. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og skráðar eru í ökutækjaskrá sem ökutæki til sérstakra nota skv. [7. tölul.]²⁾ 1. mgr. 4. gr.,
2. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og dregnir eru af dráttarvélum. Skrá ber umrædda eftirvagna sem dregnir eru af dráttarvélum hjá Umferðarstofu. Undanþegnir gjaldskyldu eru eftirvagnar sem taldir eru upp í 3. másl. 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum.]¹⁾

Gjaldskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á skráðum eiganda ökutækis á álestrardegi eða afskráningardegi hafi ökutæki verið afskráð. Hafi orðið eigendaskipti á ökutæki án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir gjaldskyldan jafnframt á nýjum eiganda. Ef annar aðili en skráður eigandi hefur umráðarétt yfir skráningarskyldu ökutæki ber hann óskipta ábyrgð með skráðum eiganda á greiðslu kílómetragjalds [og sérstaks kílómetragjalds].¹⁾ Skylda til greiðslu kílómetragjalds [og sérstaks kílómetragjalds]¹⁾ af ökutæki sem skráð er erlendis hvílir á innflytjanda þess.

[Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
10.000–11.000	0,27	21.001–22.000	6,45
11.001–12.000	0,83	22.001–23.000	7,01
12.001–13.000	1,39	23.001–24.000	7,57
13.001–14.000	1,96	24.001–25.000	8,13
14.001–15.000	2,52	25.001–26.000	8,69
15.001–16.000	3,08	26.001–27.000	9,26
16.001–17.000	3,64	27.001–28.000	9,82
17.001–18.000	4,20	28.001–29.000	10,38
18.001–19.000	4,76	29.001–30.000	10,94
19.001–20.000	5,32	30.001–31.000	11,50
20.001–21.000	5,89	31.001 og yfir	12,06]3)

Kílómetragjald af gjaldskyldum eftirvögnum skv. 2. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sama fjárhæð kílómetragjaldsins og kveðið er á um í [4. mgr.]¹⁾

[Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum ökutækjum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
5.000–6.000	7,91	18.001–19.000	20,88
6.001–7.000	8,55	19.001–20.000	21,82
7.001–8.000	9,21	20.001–21.000	22,78
8.001–9.000	9,87	21.001–22.000	23,72
9.001–10.000	10,50	22.001–23.000	24,66
10.001–11.000	11,44	23.001–24.000	25,60

11.001–12.000	12,66	24.001–25.000	26,56
12.001–13.000	13,87	25.001–26.000	27,50
13.001–14.000	15,08	26.001–27.000	28,44
14.001–15.000	16,30	27.001–28.000	29,39
15.001–16.000	17,51	28.001–29.000	30,34
16.001–17.000	18,72	29.001–30.000	31,28
17.001–18.000	19,94	30.001–31.000	32,22
		31.001 og yfir	33,18]3)

Upphæð kílómetragjalds [og sérstaks kílómetragjalds]¹⁾ ræðst af gjaldþyngd ökutækis. Gjaldþyngd ökutækis skal vera leyfð heildarþyngd þess, sbr. ákvæði reglugerðar [nr. 155/2007],²⁾ um stærð og þyngd ökutækja. [Heildarþyngd ökutækis með farmi má ekki vera umfram gjaldþyngd þess.]⁵⁾

Ökumælur skulu settir í bifreiðar og eftirvagna á kostnað eigenda. Í reglugerð⁶⁾ skal kveðið á um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit. Ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt reglugerð nr. 136/1995 skal ökuritinn notaður sem ökumælir. Nú er ökuriti notaður sem ökumælir og er ökumanni þá skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum.

Ríkisskattstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökumælisskyld bifreið eða eftirvagn sé útbúin ökumæli, enda fari ákvörðun kílómetragjalds [og sérstaks kílómetragjalds]¹⁾ fram á annan jafntryggan hátt.

Kílómetragjald skv. 3. tölul. 1. mgr. [og sérstakt kílómetragjald skv. 6. mgr.]¹⁾ skal greiða við brottför bifreiðar eða vagns úr landi..

¹⁾L. 136/2005, 4. gr. ²⁾L. 162/2007, 3. gr. ³⁾ ¹⁾L. 164/2010, 18. gr. ⁴⁾L. 63/2010, 2. gr. ⁵⁾L. 169/2006, 2. gr. ⁶⁾Rg. 599/2005.

[14. gr.]¹⁾

Ákvörðun kílómetragjalds [og sérstaks kílómetragjalds]²⁾.

Álestrartímabil eru frá 1. desember til 15. desember og frá 1. júní til 15. júní ár hvert. Eigandi eða umráðamaður ökutækis sem kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]²⁾ er greitt af skv. 13. gr. skal án sérstakrar tilkynningar koma með ökutæki til álestraraðila á álestrartímabili og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis. Ríkisskattstjóri ákvarðar að loknu hverju álestrartímabili kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]²⁾ ökutækja, sem færð hafa verið til álestrar, vegna aksturs þeirra frá síðasta álestrartímabili þar á undan til álestrardags. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af ökumæli ökutækis utan álestrartímabils, ákvarða kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]²⁾ vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags. [Ríkisskattstjóra er heimilt við ákvörðun kílómetragjalds og/eða sérstaks kílómetragjalds að fella gjaldið niður sé það lægra en 200 kr.]³⁾

Gjalddagi kílómetragjalds [og sérstaks kílómetragjalds]¹⁾ fyrir álestrartímabilið 1. desember til 15. desember er 1. janúar þar á eftir og gjalddagi kílómetragjalds [og sérstaks kílómetragjald]²⁾ fyrir álestrartímabilið 1. júní til 15. júní er 1. júlí þar á eftir. Við eigendaskipti ökutækis er gjalddagi og álestrardagur sá sami, sbr. 21. gr. Eindagar skattsins eru 15. febrúar og 15. ágúst.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabili skal ríkisskattstjóri áætla kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]²⁾. Áætlun skal miðast við að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda

um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri tímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili tímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

¹⁾L. 169/2006, 3. gr. ²⁾L. 136/2005, 6. gr. ³⁾L. 169/2006, 4. gr.

[15. gr.]¹⁾

Ökumaður ökutækis sem kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]²⁾ er greitt af skv. 13. gr. skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina. Hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafa talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ef sérstakur ökumælir er í eftirvagni skal ökumaður einu sinni í hverri viku, sem eftirvagn hefur verið hreyfður, skrá kílómetrastöðu ökumælis eftirvagns og athuga hvort mælir hefur talið rétt. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags sem ökutæki er ekið. Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

Nú kemur í ljós við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita, að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki og skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar. Ef taka þarf ökumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af mælinum.

Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki og er þá heimilt að aka án ökumælis gegn greiðslu daggjalds, enda sé það tilkynnt til Vegagerðarinnar á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga í senn. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án ökumælis og skal gjaldið miðast við a.m.k. 200 km akstur fyrir hvern dag sem ekið er án ökumælis. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur verði því komið við samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.

¹⁾L. 169/2006, 3. gr. ²⁾L. 136/2005, 7. gr.

[16. gr.]¹⁾

[Komi í ljós fyrir eða eftir ákvörðun kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds skv. 14. gr. að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búíð ökumæli, ökumælir hafi verið óvirkur eða talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri af öðrum ástæðum að ökumælir sé ekki nægilega örugg heimild um akstur ökutækis skal hann skriflega skora á eiganda eða umráðamann ökutækis að láta í té skýringar og gögn um aksturinn. Fáir ríkisskattstjóri innan tiltekins tíma fullnægjandi skýringar og gögn ákvarðar hann eða endurákvæðar gjald að þeim skýringum og gögnum virtum, að öðrum kosti skal ríkisskattstjóri ákvarða eða endurákvæðar gjald skv. 2. mgr. Áður en ríkisskattstjóri hrindir endurákvörðun í framkvæmd skal hann skriflega gera eiganda eða umráðamanni viðvart um fyrirhugaða endurákvörðun og forsendur

hennar. Skal eiganda eða umráðamanni veittur a.m.k. 15 daga frestur, frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaða endurákvörðun, til að tjá sig skriflega um efni máls og leggja fram viðbótargögn áður en úrskurður um endurákvörðun er kveðinn upp. Ríkisskattstjóri hefur jafnframt heimild, að framangreindri málsmeðferð virtri, til endurákvörðunar kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds komi í ljós að aðrar forsendur ákvörðunar hafa verið rangar, svo sem að gjaldþyngd hafi verið ranglega skráð í álestrarskrá. Ríkisskattstjóra er heimilt að falla frá endurákvörðun nemi hún lægri fjárhæð en 5.000 kr.]²⁾

Endurákvörðun vegna vantalsins aksturs skal miðast við 2.000 km akstur fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantallinn nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu öikumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

¹⁾L. 169/2006, 3. gr. ²⁾L. 169/2006, 5. gr.

III. KAFLI

Kæruheimildir, eftirlit og refsíabyrgð.

[17. gr.]¹⁾

Kæruheimildir.

Ákvörðun ríkisskattstjóra skv. 4. mgr. 3. gr., 6., 11. og [14. gr.]²⁾ er kæránleg til hans innan 30 daga frá því að hún var tilkynnt. Kærufrestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um gjaldákvörðun. Við ákvörðun olúgjalds án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kærufrestur þó frá gjalddaga uppgjörstímabils, sbr. 11. gr. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 12. gr. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests kveða upp rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

Heimilt er að kæra úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. og endurákvörðun skv. [12. og 16. gr.]²⁾ til yfirsattanefndar samkvæmt ákvæðum laga um yfirsattanefnd.

Heimild til endurákvörðunar samkvæmt lögum þessum nær til síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi kennt um að áðurnefnd gjöld voru vanálögð, og/eða hafi hann látið í té við álagningu eða álestur fullnægjandi upplýsingar og/eða gögn sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að ákvarða honum gjald nema vegna síðustu tveggja ára sem næst voru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

[...] ²⁾

[...] ³⁾

Við endurákvörðun oftekinna gjalda samkvæmt lögum þessum skal greiða gjaldanda vexti, sem skulu vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. másl. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðslan fer fram.

Ákvörðun tollstjóra skv. 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. er kæránleg til hans innan 30 daga frá gjalddaga. Að öðru leyti skulu ákvæði þessarar greinar gilda um ákvarðanir skv. 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. eftir því sem við á, þ.m.t. kærur til yfirsattanefndar.

¹⁾L. 169/2006, 3. gr. ²⁾L. 169/2006, 6. gr. ³⁾L. 136/2005, 10. gr.

[18. gr.]¹⁾*Eftirlit.*

Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á skráningarskyld ökutæki og að skráning þeirra og búnaður sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Jafnframt annast ríkisskattstjóri eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá. Fjármálaráðherra er heimilt að fela Vegagerðinni framkvæmd [tiltekinna þátta]²⁾ eftirlitsins.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á skráningarskyld ökutæki andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeymi og vél ökutækis. Eftirlitsmönnum er heimilt að taka [sýni úr eldsneytisgeymi ökutækis].²⁾ [Einnig er eftirlitsmönnum heimilt að taka sýni úr birgðageymum, að beiðni ríkisskattstjóra.]²⁾ Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á því sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók. [Ökumanni er skylt að stöðva ökutæki óski eftirlitsmaður þess og heimila eftirlitsmanni að gera nauðsynlegar athuganir til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á ökutækið.]²⁾

[Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með gjaldskyldum aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., og er heimilt að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að starfsstöðvum og birgðastöðvum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt eftir því sem þau geta átt við.]²⁾ [Hafi ríkisskattstjóri grun um skattsvik eða að refsiverð brot á lögum um bókhald hafi verið framin skal hann tilkynna það skattranssóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins. Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. er ríkisskattstjóra heimilt að ljúka máli án þess að vísa því til skattranssóknarstjóra ríkisins enda sé einvörðungu um að ræða brot er varðar refsingu skv. 4. eða 5. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 20. gr.]²⁾

¹⁾L. 169/2006, 3. gr. ²⁾L. 169/2006, 7. gr.

[19. gr.]¹⁾**[Refsingar.]²⁾**

Skýri gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um skyldu sína til greiðslu olúgjalds skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt sem nemur allt að tífaldri, og aldrei lægri en tvöfaldri, þeirri fjárhæð sem dregin var undan eða vanrækt var að greiða.

Vanræki gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum samkvæmt ákvæðum laga um bókhald.

Vanræki gjaldskyldur aðili að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn eins og ákveðið er í lögum þessum, eða skýri hann rangt eða villandi frá einhverju sem varðar skyldu til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olúgjalds, þótt upplýsingarnar hafi hvorki haft áhrif á greiðslu hans né viðskiptamanna hans á olúgjaldi, eða brjóti á annan hátt gegn lögum þessum, skal hann sæta sektum enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir þessum lögum eða öðrum lögum.

[Sé ökutæki heimildarlaust í umferð án þess að það sé búið ökumæli eða ef ökumælir telur ekki eða akstur er ranglega færður eða ekki færður í akstursbók eða ef heildarþyngd ökutækis með farmi er umfram gjaldþyngd þess varðar það sektum allt að 100.000 kr.

Sé lituð olía notuð á skráningarskylt ökutæki, sbr. 3. mgr. 4. gr., varðar það sektum samkvæmt eftirfarandi töflu:

Heildarþyngd ökutækis:	Fjárhæð sektar:
0–3.500 kg	[300.000 kr.] ³⁾
3.501–10.000 kg	[750.000 kr.] ³⁾
10.001–15.000 kg	[1.125.000 kr.] ³⁾
15.001–20.000 kg	[1.500.000 kr.] ³⁾
20.001 kg og þyngri	[1.875.000 kr.] ³⁾

Sektarfjárhæðina skal lækka hlutfallslega þegar fyrir liggur að ekki hafi verið unnt að nota litaða olíu á skráningarskylt ökutæki, sbr. 3. mgr. 4. gr., á tveggja ára tímabili, talið frá þeim tíma er brot liggur fyrir. Sektarfjárhæð skal að hámarki lækkuð um helming. Við ítrekuð brot er heimilt að tvöfalda sektarfjárhæðina. Við sérstakar aðstæður er heimilt að lækka eða fella niður sekt samkvæmt ákvæðinu.

Skráðum eiganda ökutækis verður gerð sekt skv. 4. og 5. mgr. óháð því hvort brot megi rekja til saknæmrar háttsemi hans. Hafi umráðamaður ökutækis gerst sekur um brot skv. 4. og 5. mgr. er hann ábyrgur fyrir greiðslu sektarinnar ásamt skráðum eiganda.]²⁾

Séu brot stórfelld eða ítrekuð gegn lögum þessum má auk sektar beita fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverðar skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera má lögðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirvarsmanns eða starfsmanns lögðilans. [...]²⁾

¹⁾L. 169/2006, 3. gr. ²⁾L. 169/2006, 8. gr. ³⁾L. 63/2010, 3. gr

[20. gr.

Málsmeðferð

Yfirkattanevnd úrskurðar sektir skv. 19. gr. nema máli sé vísað til [...] ¹⁾rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Um meðferð mála hjá nefndinni fer eftir lögum nr. 30/1992, um yfirkattanevnd, með síðari breytingum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins kemur fram af hálfu hins opinbera þegar nefndin úrskurðar sektir. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til [rannsóknar lögreglu] ¹⁾af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunauts ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af yfirkattanevnd skv. 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa sökunaut kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda verður brot ekki talið varða þyngri refsingu en sekt, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirkattanevnd. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ríkisskattstjóra heimilt að ljúka refsimeðferð með ákvörðun sektar við brotum er varða refsingu skv. 4. eða 5. mgr. 19. gr. enda hafi málinu ekki verið vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins til meðferðar. Sé sekt skv. 1. málsl. greidd innan 14 daga frá ákvörðun hennar lækkar sektarfjárhæðin um 20 af hundraði. Sektarákvörðun

ríkisskattstjóra er kæránleg til yfirskattanefndar innan þriggja mánaða frá póstlagningu ákvörðunar. Ríkisskattstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni vegna kæru á úrskurði hans.

Skattkröfu má hafa uppi í [sakamáli]¹⁾ sem kann að vera höfðað vegna brota gegn lögum þessum.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

Vararefsing fylgir ekki sektarákvörðunum skattyfirvalda. Um innheimtu sekta skattyfirvalda gilda sömu reglur og um innheimtu virðisaukaskatts samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Sök skv. 19. gr. fýrnist á sex árum. Fari fram rannsókn af hálfu skattransóknarstjóra ríkisins eða ríkislögreglustjóra gegn aðila sem sökunaut miðast fyrningarfrestur við upphaf rannsóknar enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.]²⁾

¹⁾L. 88/2008, 234. gr. ²⁾L. 169/2006, 9. gr.

21. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]¹⁾ sem fallið er í eindaga á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni og tilkynna lögreglu um það þegar í stað. Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]¹⁾ fyrr en eftir eindaga.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki nema gjaldfallið kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]¹⁾ hafi verið greitt og lesið hafi verið af ökumæli og kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]¹⁾ vegna þess álestrar greitt.

Hafi gjöld samkvæmt lögum þessum ekki verið greidd á gjalddaga skal lögreglustjóri að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs stöðva ökutækið hvar sem það fer og taka skráningarmarki þess til geymslu.

Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]¹⁾ hafi áður verið greitt af henni.

Óheimilt er að afhenda skráningarmarki sem afhent hafa verið skráningaraðila til varðveislu nema gjaldfallið kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]¹⁾ hafi áður verið greitt. Ef gjaldskylt ökutæki er flutt tímabundið úr landi skal ekki greiða kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]¹⁾ vegna þess aksturs sem sannanlega hefur átt sér stað erlendis enda tilkynni eigandi eða umráðamaður ríkisskattstjóra um akstur erlendis og framvísi innflutnings- og útflutningskýrslu með staðfestingu tollyfirvalda á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis við útflutning og innflutning.

Óheimilt er að skipa ökutæki úr landi nema greitt hafi verið álagt kílómetragjald [og sérstakt kílómetragjald]¹⁾. [Hið sama á við um sektir skv. 4. og 5. mgr. 19. gr.]²⁾

[Kílómetragjaldi, sérstöku kílómetragjaldi og sektum skv. 4. og 5. mgr. 19. gr. fylgir lögveðsréttur í viðkomandi ökutæki.]²⁾

¹⁾L. 136/2005, 11. gr. ²⁾L. 169/2006, 10. gr.

22. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd á gjalddaga, sbr. 11. gr., eða eftir atvikum á eindaga, sbr. [14. gr.]¹⁾, skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

¹⁾L. 169/2006, 11. gr.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

23. gr.

Að því leyti sem ekki er öðruvísi kveðið á um í lögum þessum gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt. Varðandi álagningu og innheimtu olfugjalds við tollafgreiðslu skulu gilda ákvæði tollalaga.

Innheimtar tekjur af [olfugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi]¹⁾ samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.²⁾

¹⁾L. 136/2005, 12. gr. ²⁾Rg. 283/2005, rg. 398/2005, rg. 599/2005, rg. 627/2005, rg. 628/2005.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um þungaskatt sem greiða á af notkun ökutækja til 1. júlí 2005.

25. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.:

1. Í stað fjárhæðarinnar „11,34“ í 14. gr. laganna kemur: 9,28.
2. Í stað fjárhæðanna „30,89“ og „32,86“ í 2. másl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 32,95; og: 34,92.

[Ákvæði til bráðabirgða

I.

[Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð olfugjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til [31. desember 2007].¹⁾]²⁾]³⁾

¹⁾L. 169/2006, 12. gr. ²⁾L. 81/2006, 4. gr. ³⁾L. 70/2005, 1. gr.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 13. gr. laganna skal fjárhæð sérstaks kílómetragjalds vera sem hér segir frá gildistöku laga þessara til [31. desember 2007]:¹⁾

Leyfð heildar- þyngd öku- tækis, kg	Sérstakt kílómetra- gjald, kr.	Leyfð heildar- þyngd öku- tækis, kg	Sérstakt kílómetra- gjald, kr.
5.000–6.000	8,45	18.001–19.000	22,31
6.001–7.000	9,14	19.001–20.000	23,32
7.001–8.000	9,84	20.001–21.000	24,33
8.001–9.000	10,54	21.001–22.000	25,34
9.001–10.000	11,23	22.001–23.000	26,35

10.001–11.000	12,22	23.001–24.000	27,36
11.001–12.000	13,52	24.001–25.000	28,37
12.001–13.000	14,82	25.001–26.000	29,38
13.001–14.000	16,11	26.001–27.000	30,39
14.001–15.000	17,41	27.001–28.000	31,40
15.001–16.000	18,71	28.001–29.000	32,41
16.001–17.000	20,00	29.001–30.000	33,42
17.001–18.000	21,30	30.001–31.000	34,43
		31.001 og yfir	35,44] ²⁾

¹⁾L. 169/2006, 13. gr. ²⁾L. 81/2006, 5. gr.

[III.]

Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á fyrsta álestrartímabili 2009, sem er frá 1. til 15. júní 2009, sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna, skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrrgreinds álestrartímabils.]¹⁾

¹⁾ L. 70/2009, ákvæði til bráðabirgða, IV.

Lög

nr. 52/2005, um gæðamat á æðardúni.

Tóku gildi 30. maí 2005. Breytt með [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

1. gr.

Lög þessi gilda um íslenskan æðardún og gæðamat á honum.

2. gr.

Allur æðardúnn, hvort sem er til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun. Áður en að dreifingu á innanlandsmarkaði eða til útflutnings kemur skal liggja fyrir að æðardúnn standist gæðamat dúnmatsmanna með vottorði þeirra þar að lútandi.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið gefur út leyfi til handa dúnmatsmönnum til starfa á þeim stöðum sem það telur þörf á að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna. Dúnmatsmenn skulu undirrita eiðstaf áður en þeir taka til starfa. Kostnaður af störfum þeirra greiðist af matsbeiðanda í samræmi við gjaldskrá sem ráðuneytið staðfestir.

Nánar er kveðið á um framkvæmd laganna, starfsskyldur og hæfniskröfur dúnmatsmanna í reglugerð.¹⁾

¹⁾Rg. 659/2005, sbr. 20/2006.

4. gr.
Brot á lögum þessum varða sektum. [...].¹⁾

¹⁾L. 88/2008, 233. gr.

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi lög nr. 39/1970, um gæðamat á æðardún, og frá og með 1. júlí 2005 er lögð niður skipun þeirra aðila sem starfa við dúnmat samkvæmt þeim lögum.

Tollalög nr. 88/2005.

Tóku gildi 1. janúar 2006. Breytt með [l. 80/2006](#) (tóku gildi 1. jan. 2007 nema 1.–4. gr. og 7.–12. gr. sem tóku gildi 30. júní 2006), [l. 108/2006](#) (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), [l. 146/2006](#) (tóku gildi 1. jan. 2007), [l. 16/2007](#) (tóku gildi 3. mars 2007), [l. 170/2007](#) (tóku gildi 29. des. 2007 nema 1. gr. sem tók gildi 1. febr. 2008), [l. 34/2008](#) (tóku gildi 31. maí 2008 nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 8. maí 2008), [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), [l. 130/2008](#) (tóku gildi 18. nóv. 2008), [l. 147/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009), [l. 167/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009), [l. 17/2009](#) (tóku gildi 15. mars 2009, birt í Stjttíð. 19. mars 2009), [l. 27/2009](#) (tóku gildi 1. apríl 2009), [l. 98/2009](#) (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), [l. 136/2009](#) (tóku gildi 1. jan. 2010), [l. 14/2010](#) (tóku gildi 13. mars 2010), [l. 78/2010](#) (tóku gildi 30. júní 2010), [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011) og [l. 165/2010](#) (58. gr. tók gildi 30. desembe og 56. og 57. gr. tóku gildi 1. janúar 2011.)

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind svo:

1. *Aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld*: Tollur og aðrir skattar og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru við inn- eða útflutning.
 2. *Aðkomufar* : Far sem kemur frá útlöndum og hefur ekki fengið fyrstu tollafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari sem er í utanlandsferðum.
 3. *Ábyrgðaraðili fars*: Útgerðarmaður eða flugrekandi.
 4. *Embætti tollstjóra*: Sú stofnun sem fer með stjórn tollamála samkvæmt lögum þessum, m.a. tollheimtu og tolleftirlit, og er falið að framfylgja öðrum lögum og stjórnvaldsreglum sem varða innflutning, umflutning og útflutning á vörum.¹⁾
- [5.]¹⁾ *Far*: Skip eða flugfar.
- [6.]¹⁾ *Far í utanlandsferðum*: Far sem kemur frá útlöndum eða ferð þess er gerð til útlanda.
- [7.]¹⁾ *Farartæki*: Sérhvert tæki sem nota má til flutnings á vörum.
- [8.]¹⁾ *Farmenn*: Skipverjar og flugverjar sem eru í áhöfn skipa eða flugfara.
- [9.]¹⁾ *Ferðamenn*: Farþegar sem koma til landsins frá útlöndum eða fara til útlanda með skipum eða flugförum.
- [10.]¹⁾ *Flugfar*: Sérhvert fljúgandi farartæki.

- [11. *Hraðsendingar*: Sendingar sem fluttar eru hingað til lands með flugi, fyrir milligöngu tollmiðlara, í samvinnu við erlend hraðflutningafyrirtæki.]¹⁾
- [12.]²⁾ *Rafræn tollafgreiðsla*: SMT- og VEF-tollafgreiðsla.
- [13.]²⁾ *Ráðherra*: Fjármálaráðherra, nema annað sé tekið fram.
- [14.]²⁾ *Skip*: Sérhvert fljótandi farartæki.
- [15.]²⁾ *Skjalasending milli tölva (SMT)*: Sendingar á gögnum milli gagnavinnslukerfa sem fylgja ákveðnum stöðlum.
- [16.]²⁾ *SMT-tollafgreiðsla*: Rafræn tollafgreiðsla með skjalasendingum milli gagnavinnslukerfa tölva sem fylgja ákveðnum stöðlum.
- [17.]²⁾ *Tollabinding*: Hámark tolla samkvæmt hinum almenna samningi um tolla og viðskipti 1994 í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar er undirritaður var af Íslands hálfu 15. apríl 1994, sbr. viðauka IIA og IIB við lög þessi. Einnig hámark tolla samkvæmt ráðherraýfirlýsingu um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni sem undirritað var í Singapore 13. desember 1996, sbr. viðauka IIC við lög þessi.
- [18.]²⁾ *Tollafgreiðsla vöru*: Þegar tollstjóri hefur heimilað afhendingu vöru til nota innan lands eða til útflutnings.
- [19.]²⁾ *Tollgæsla*: Handhafar tollgæsluvalds, sbr. 147. gr.
- [20.]²⁾ *Tollkvóti*: Tiltekið magn vöru sem flutt er inn á lægri tollum en getið er um í 5. gr.
- [21.]²⁾ ...²⁾
- [22.]¹⁾ *Tollskjöl*: Tollskýrsla og önnur skjöl sem láta ber í té við tollafgreiðslu eftir því sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.
- [23] *Tollstjóri*: Sá embættismaður sem ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri embættis tollstjóra.]¹⁾
- [24.]¹⁾ *Tollur*: Gjald sem innheimt er af vöru samkvæmt tollskrá.
- [25.]¹⁾ *Tollverð*: Verðmæti vöru til nota við álagningu tolls á innflutta vöru.
- [26. *Tollyfirvöld*: Þau stjórnvöld sem fara með tollamál á hverjum tíma.]³⁾
- [27.]¹⁾ *Tölvukerfi tollyfirvalda*: Vél- og hugbúnaður sem notaður er af tollyfirvöldum við tollafgreiðslu, m.a. álagningu aðflutningsgjalda og innheimtu þeirra.
- [28.]¹⁾ *Umflutningur*: Flutningur vöru innan lands undir tollefirliti frá aðkomufari um borð í útflutningsfar, enda sé upphaflegur ákvörðunarstaður vörunnar annar en Ísland.
- [29.]¹⁾ *Vara eða sending*: Hver sá hlutur sem tollmeðferð getur hlotið samkvæmt tollskrá.
- [30.]¹⁾ *VEF-tollafgreiðsla*: Rafræn tollafgreiðsla í gegnum veftengingu við vefsetur tollyfirvalda.
- [31.]¹⁾ *Vörsluábyrgð*: Ábyrgð á vörslu ótollafgreiddrar vöru samkvæmt ákvæðum laga þessara.
- [32.]¹⁾ *Vörsluhafi*: Einstaklingur eða lögaðili sem fer með vörslu ótollafgreiddrar vöru samkvæmt ákvæðum laga þessara.

¹⁾L. 147/2008, 1. gr. ²⁾L. 80/2006, 1. gr. ³⁾L. 146/2006, 1. gr.

II. KAFLI Tollsvæði ríkisins.

2. gr.

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra, svo og tólf mílna landhelgi umhverfis það eins og hún er afmörkuð skv. 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Til tollsvæðis ríkisins telst enn fremur loftrými yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

III. KAFLI

Tollskyldir aðilar.

3. gr.

Almenn tollskylda.

Hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga er tollskyldur, sbr. þó 4. gr., og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá.

4. gr.

Takmörkuð tollskylda.

Eftirtaldir aðilar skulu ekki greiða toll af innfluttum vörum með þeim takmörkunum þó sem að neðan greinir:

1. Sendiráð, sendiráðismannsskrifstofur, sendierindrekar og sendiráðismenn erlendra ríkja.
2. Kjöræðismenn erlendra ríkja að því er varðar tiltekna skrifstofuvörur, sbr. 2. mgr.
3. Aðilar sem undanþegnir eru tollskyldu með sérstökum lögum, [þ.m.t. Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar og herlið Bandaríkjanna¹⁾.

Ráðherra setur nánari reglur²⁾ um tollfrelsi samkvæmt þessari grein og má binda tollfrelsi þeirra aðila sem um ræðir í 1. og 2. tölul. 1. mgr. því skilyrði að viðkomandi ríki sé aðili að Vínarsamningnum um stjórn málasamband, sbr. lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband, Vínarsamningi um ræðissamband, sbr. lög nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, eða íslenskir sendimenn og sendisveitir njóti sams konar tollfrelsis hjá viðkomandi ríki.

¹⁾L. 34/2008, 30. gr. ²⁾Rg. 630/2008.

IV. KAFLI

Tollskyldar vörur, undanþágur o.fl.

5. gr.

Tollskyldar vörur og tollskrá.

Af vörum, sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða toll eins og mælt er fyrir í tollskrá í viðauka I með lögum þessum. Tollur skal lagður sem verðtollur á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 14.–16. gr. og sem magntollur á vörumagn eftir því sem í tollskrá samkvæmt viðauka I greinir. Aðra tolla og gjöld, sem mismuna innlendum og innfluttum framleiðsluvörum, má eigi leggja á vöruna við innflutning.

Ákvæði 1. mgr. skulu eigi koma í veg fyrir álagningu verðjöfnunargjalda samkvæmt ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga, sbr. 139. gr. laga þessara eða 84. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, enda rúmist slík gjaldtaka innan tollabindinga, sbr. 3. mgr.

Tollur á vörur frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar má eigi vera hærri en þær tollabindingar sem tilgreindar eru í viðaukum IIA, IIB og IIC með lögum þessum. Miðist tollabinding bæði við verð og magn skal hámarkstollur miðast við þá bindingu sem hærri álagningu leyfir. Þó er heimilt að víkja frá ákvæðum um tollabindingar þegar ákvörðun er tekin um álagningu undirboðs- og jöfnunartolla skv. 133.–137. gr. og viðbótartolla skv. 138. gr. laga þessara, sbr. 86. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

6. gr.

Tollfrjálsar vörur.

Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt beinum fyrirmælum í tollskrá skulu eftirfarandi vörur vera tollfrjálsar:

1. Eftirtaldar vörur um borð í förum sem koma hingað til lands frá útlöndum:
 - a. Fylgifé fars sem er að mati tollyfirvalda ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgiféð ekki flutt úr viðkomandi fari.
 - b. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.
 - c. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Sama gildir um vöru sem send er hingað til umflutnings.
2. Varningur sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum sem hér segir:
 - a. Venjulegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða. Jafnframt venjulegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin nota þeirra á ferðalaginu að ræða.
 - [b. Varningur sem ferðamenn, búsettir hér á landi, hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun hér á landi umfram það sem greinir í a-lið, að verðmæti allt að 65.000 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera 32.500 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta réttinda samkvæmt þessum lið að hálfu.
 - c. Varningur sem skipverjar og flugverjar, búsettir hér á landi, hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun umfram það sem greinir í a-lið, að verðmæti allt að 24.000 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað, hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð, en 48.000 kr., hafi þeir verið lengur í ferð. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera 24.000 kr.
 - d. Matvæli, þ.m.t. sælgæti, sem ferðamenn og farmenn hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun, að verðmæti allt að 18.500 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Þyngd matvæla skal þó að hámarki vera 3 kg. Matvæli skulu talin með varningi skv. b- og c-lið.]¹⁾
3. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.
4. Búslóð manna sem flytjast búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann fluttist til landsins. Tollfrelsi samkvæmt þessum lið tekur ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja. Ráðherra getur með reglugerð takmarkað niðurfellingu samkvæmt þessum lið við notkun, vöruflokka eða hámarksverð að teknu tilliti til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna.
5. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaun fyrir íþróttáafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.
6. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu að mati tollyfirvalds fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
7. Endursendar tómar umbúðir, enda séu að mati tollyfirvalds færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan.
8. Gjafir sem sendar eru hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:
 - a. Gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands eða hafa með sér frá útlöndum af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 10.000 kr. Sé verðmæti gjafar meira en 10.000 kr. skal gjöf þó einungis

- tollskyld að því marki sem hún er umfram þá fjárhæð að verðmæti. Brúðkaupsgjafir skulu vera tollfrjálsar þótt þær séu meira en 10.000 kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða.
- b. Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru hingað frá útlöndum og göðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra.
 - c. Gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki.
9. Vísindatæki og vísindabúnaður sem íslenskar vísindastofnanir eða vísindastofnanir sem Ísland er aðili að kaupa fyrir styrki eða eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.
10. Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis, þó ekki ökutæki eða önnur vélknúin farartæki.
11. Sendingar vegna markaðssetningar og vöruþróunar sem hér segir:
- a. Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt. Jafnframt sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn verslunarvara.
 - b. Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar eða uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.
 - c. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar.
- Ráðherra skal með reglugerð²⁾ kveða nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt þessari grein.

¹⁾L. 167/2008, 1. gr. ²⁾Rg. 630/2008, sbr. 634/2008.

7. gr.

Niðurfelling, lækun eða endurgreiðsla tolls

Tollur skal lækka, falla niður eða endurgreiðast í eftirfarandi tilvikum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru:

1. Í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.
Tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims, samkvæmt skilgreiningu nefndar Sameinuðu þjóðanna um framtak, auðveldun viðskipta og þróunarmál (UNCTAD/Committee on Enterprise, Business Facilitation and Development), skulu falla niður til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Vegna tímabundins innflutnings í eftirfarandi tilvikum:
 - a. Af vörum sem sendar eru til landsins til sýningar eða flutnings um stundarsakir, enda verði þær ekki nýttar til annars. Jafnframt af vélum, tækjum og öðrum áhöldum sem eru send til landsins til reynslu um stuttan tíma.
 - b. Af tækjum, verkfærum og öðrum búnaði sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verktakar, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota hér við athuganir sínar, rannsóknir og starfsemi.
 - c. Af vörum sem eru sendar tímabundið hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.

- d. Af vörum sem fluttar eru tímabundið hingað til lands til að fram geti farið á þeim nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum.
- e. Af tækjum og öðrum búnaði sem fluttur er tímabundið hingað til lands vegna fundahalda, ráðstefna eða hátíðahalda.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um þann hámarkstíma sem tollfrjáls innflutningur samkvæmt þessum tölulið tekur til, þó aldrei lengur en í tólf mánuði. Ráðherra getur jafnframt í reglugerð afmarkað nánar þær vörur sem ákvæðið tekur til.

- 3. Af landbúnaðarvörum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og sendar eru tímabundið hingað til lands til aðvinnslu samkvæmt nánari skilyrðum þessa töluliðar. Vörurnar skulu endursendar úr landi að lokinni aðvinnslu eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins.

Landbúnaðarráðherra getur veitt lögaðilum, sem stunda umfangsmikla fullvinnslu í atvinnuskyni á innfluttum landbúnaðarvörum til endurútflyttings, heimild til tímabundins innflutnings landbúnaðarvara samkvæmt þessum tölulið.

Verði vara ekki flutt úr landi innan tímafrests skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal innflytjandi greiða toll af vörunni eins og mælt er fyrir um í viðauka I við lög þessi.

Leyfishafi skal greiða kostnað við tollefirlit með vörum sem fluttar eru tímabundið til landsins samkvæmt þessum tölulið.

Landbúnaðarráðherra skal afturkalla heimild skv. 2. mgr. þessa töluliðar fari leyfishafi ekki að fyrirmælum um framkvæmdina.

Landbúnaðarráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tímabundins innflutnings til aðvinnslu samkvæmt þessum tölulið, m.a. um það hverjir geti sótt um undanþágu, aðgreiningu innflutts hráefnis til vinnslu fullunninna vara fyrir innanlandsmarkað og til útflyttings, nýtingarhlutfall hráefnis við vinnslu, lágmarkskröfur um bókhald leyfishafa og upplýsingagjöf leyfishafa til landbúnaðarráðherra og tollyfirvalda. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

- [4. Vegna ökutækja til tímabundinnar notkunar hér á landi í eftirtöldum tilvikum:

- a. [Af bifreiðum sem eru skráðar erlendis eða keyptar nýjar og óskráðar á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum ef innflytjandi eða eftir atvikum kaupandi hennar hefur eða hefur haft fasta búsetu erlendis, hyggst dvelja hér á landi tímabundið og nota bifreiðina í eigin þágu. Það er jafnframt skilyrði að bifreiðin sé flutt til landsins eða eftir atvikum keypt ný og óskráð.]¹⁾ Hver sá sem ætlar að dveljast hér á landi í ár eða styttri tíma telst dvelja hér á landi tímabundið.
- b. Af eftirvögnum, skráðum erlendis, sem notaðir eru til flutnings vara til og frá landinu.
- c. Af hópibifreiðum sem ferðaskrifstofur eða aðrir sem hafa atvinnu af slíkum fólksflutningum flytja til landsins vegna hópferðalaga um landið enda verða þær fluttar úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin var ætluð í upphafi.
- d. Af tengitækjum, svo sem hjólhýsum og tjaldvögnum, eða öðrum ökutækjum sem ferðamenn flytja til landsins, enda eigi þau ekki undir a-lið, í allt að 12 mánuði. Það er skilyrði að tækin séu ætluð til eigin nota ferðamanns á ferðalagi hér á landi.
- [e. Af bifreiðum, skráðum erlendis, sem vinnuveitandi með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum sér starfsmanni sínum fyrir, enda sé bifreiðin nauðsynleg til þess að starfsmaðurinn geti sinnt starfsskyldum sínum. Það er jafnframt skilyrði að notkun bifreiðarinnar hér á landi sé tímabundin og ekki meiri en notkun hennar erlendis. Bifreiðin telst vera notuð tímabundið hér á landi ef hún er ekki notuð lengur en

samtals 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili. Notkun bifreiðarinnar telst vera meiri hér á landi en erlendis ef hún er á 12 mánaða tímabili notuð meira hér á landi í einkaerindum og í atvinnuskyni en hún er notuð erlendis í atvinnuskyni, í kílómetrum talið.]¹⁾

- [f. Af fólksbifreiðum leigðum út af bílaleigum, skráðum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, sem innflytjandi nýtir hér á landi tímabundið í eigin þágu enda vari dvöl bifreiðarinnar hér á landi ekki lengur en 42 daga í hvert sinn en aldrei lengur en 183 daga á hverju 12 mánaða tímabili. Hver sá sem nýtir sér heimild til tímabundins innflutnings samkvæmt þessum lið getur aldrei nýtt heimildina lengur en 42 daga á ári hverju.]⁴⁾
5. Af innfluttu eldsneyti sem rúmast í innbyggðum eldsneytisgeymum ökutækis og innfluttum varahlutum í ökutæki, uppfylli innflytjandi þess skilyrði 4. tölul.
 6. Af stærrí tækjum, þ.m.t. ökutækjum til fólks- og/eða vöruflutninga eða sérstakra nota, sem flutt eru til landsins tímabundið, þó ekki lengur en í 12 mánuði, enda séu skilyrði 4. tölul. ekki uppfyllt. Aðflutningsgjöld skulu reiknuð af leiguverði fyrir tæki í stað tollverðs. Liggi leiguverð tækis ekki fyrir skal reikna toll af áætlaðri leigu sem ákvörðuð skal sem $\frac{1}{60}$ hluti tollverðs eins og það er ákveðið skv. V. kafla laga þessara fyrir hvern byrjaðan mánuð frá komu tækis til landsins.²⁾
 7. Af vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðar seldar ónotaðar til útlanda eða í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði.
 8. Af vörum sem reynast gallaðar eða hafa eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollýfirvalda, í viðurkenndum geymslum fyrir ótollafgreiddar vörur eða í flutningi milli tollhafna innan lands áður en þær eru afhentar viðtakanda.
 9. Af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum sem ætlaðir eru til nota í flugvélum og skipum. Sama gildir um hluti sem ætlaðir eru til viðgerða eða annarrar aðvinnslu flugvéla og skipa.
 10. Af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar. Niðurfelling tolls af hráefni eða efnivöru samkvæmt þessum tölulið tekur ekki til vara sem magntollur (A1-tollur) er lagður á samkvæmt viðauka I við lög þessi.
 11. Af hráefni, efnivörum og hlutum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og ætluð eru í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar.
 12. Af björgunarbúnaði og björgunartækjum, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að búnaðurinn verði einungis nýttur í starfsemi björgunarsveita.
 13. Af vélum, vélarhlutum og varahlutum sem notaðir eru til vinnslu á innlendum framleiðsluvörum.
 14. Af tækjabúnaði og miðlum sem kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver nýta til starfsemi sinnar.
 15. Af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra getur með reglugerð³⁾ kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

¹⁾L. 167/2008, 2. gr. ²⁾L. 146/2006, 2. gr. ³⁾Rg. 630/2008. ⁴⁾L. 165/2010, 56. gr.

8. gr.

Vara send til útlanda til aðvinnslu.

Nú er vara send til útlanda til aðvinnslu og hún breytir ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir og skal þá aðeins greiða af aðvinnslukostnaði að viðbættum flutningskostnaði til landsins þann toll sem sams konar vara ber eftir tollskrá.

Breyti vara sem send er utan til aðvinnslu svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýr hlutur skal greiða af henni toll eftir tollskrá eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

9. gr.

Vara send til útlanda til viðgerðar.

Nú er vara send til útlanda til viðgerðar og hún breytir ekki svo eðli sínu við viðgerðina að úr verði nýir hlutir og skal þá aðeins greiða af viðgerðarkostnaði að viðbættum flutningskostnaði til landsins þann toll sem sams konar vara ber eftir tollskrá.

Komi ný vara í stað vöru sem send er utan til viðgerðar skal greiða af henni toll eftir tollskrá.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu notaðir hlutar í vöru, sem koma í stað sams konar hluta, sem sendir hafa verið til viðgerðar í þjónustumiðstöðvar erlendis, tollafgreiddir með þeim hætti að tollur sé reiknaður af þjónustugjaldi samkvæmt reikningi hinnar erlendu þjónustumiðstöðvar, enda komi þar fram heiti og tegundarnúmer hlutar, hann flokkist í sama tollskrárnúmer, hafi sams konar viðskiptalegt gildi og búi yfir sömu tæknilegum eiginleikum og sá hlutur sem sendur var til viðgerðar, auk þess sem gætt skal að öðru leyti ákvæða 1. mgr.

10. gr.

Vara send til útlanda til viðgerðar á ábyrgðartíma.

Vara sem á ábyrgðartíma er send utan til viðgerðar vegna galla skal við innflutning undanþegin tolli, enda séu að mati tollstjóra færðar fullnægjandi sönnur fyrir að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

Ákveði erlendur seljandi gallaðrar vöru að afhenda nýja vöru í stað þess að framkvæma viðgerð á gallaðri vöru skal tollur falla niður af hinni nýju vöru að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hin gallaða vara skal vera í ábyrgð samkvæmt lögbundinni eða samningsbundinni skyldu seljanda á þeim tíma sem hún er send utan eða henni fargað undir tolleftirliti. Ekki skal farga gallaðri vöru fyrir en að fenginni skriflegri staðfestingu seljanda um að hann muni afhenda nýja vöru í stað þeirrar gölluðu og óski ekki eftir að fá hina gölluðu vöru í hendur.
2. Seljandi staðfesti að vöruskipti fari fram vegna lögbundinnar eða samningsbundinnar ábyrgðar sinnar á galla og hann kjósi að senda nýja vöru í stað þeirrar gölluðu, kaupanda að kostnaðarlausu, á ábyrgðartíma.
3. Ný vara flokkist í sama tollskrárnúmer og hin gallaða vara sem hún kemur í staðinn fyrir, hafi sama viðskiptalegt gildi og búi yfir sömu tæknilegu eiginleikum og hin gallaða vara hafði við innflutning.

Tollstjóri getur heimilað innflutning vöru skv. 2. mgr., án greiðslu aðflutningsgjalda, áður en hin gallaða vara hefur verið flutt úr landi eða henni fargað undir tolleftirliti, sbr. 1. tölul. 2. mgr., að því tilskildu að innflytjandi leggi fram fjártryggingu til greiðslu aðflutnings-

gjalda og kostnaðar, sbr. 36. gr. laganna. Hin gallaða vara skal flutt úr landi eða henni fargað undir tollefirliti innan 60 daga frá tollafgreiðslu vöru sem kemur í stað gallaðrar vöru. Að öðrum kosti skal gengið að fjártryggingu.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar eða endurgreiðslu tolls skv. 9. og 10. gr. laga þessara.

12. gr.

Tollkvótar sem landbúnaðarráðherra úthlutar.

Í viðaukum IIIA og B eru tilgreindir tollkvótar samkvæmt skuldbindingum Íslands í samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna innflutnings á því magni sem tilgreint er fyrir hvert árána 1995 til og með 2000. Um úthlutun þeirra fer skv. 65. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIA, skal vera 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIB, skal vera 30% en þó eigi hærra en í viðaukanum greinir. Við innflutning á fóðurvörum og hráefnum í þær í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár skulu þó gilda þeir tolltaxtar sem tilgreindir eru í tollskrá í viðauka I.

Í viðaukum IVA og B eru tilgreindir tollkvótar sem landbúnaðarráðherra úthlutar skv. 65. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að tollur á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skuli vera 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80 eða 90 hundraðshlutar af þeim verð- og/eða magntolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum. Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vöru á hæfilegu verði er til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hvarrá vöru skulu vera hærra eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.

[Landbúnaðarráðherra úthlutar tollkvótum samkvæmt öðrum skuldbindingum Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og milliríkjasamningum en þeim sem tilgreindar eru í 1.–3. mgr. enda sé tollur lagður á vöruna sem magntollur eftir því sem í tollskrá í viðauka I greinir. Um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari málsgrein fer skv. 65. gr. B laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993.]¹⁾

¹⁾L. 16/2007, 1. gr.

13. gr.

Tollkvótar sem fjármálaráðherra úthlutar

Fjármálaráðherra úthlutar tollkvótum vegna innflutnings samkvæmt milliríkja- og alþjóðasamningum að því leyti sem vörur falla ekki undir viðauka IIIA, IIIB, IVA eða IVB við lög þessi.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela nefnd skv. 87. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum að gera tillögu um úthlutun tollkvóta skv. 1. mgr.

Úthlutun tollkvóta skal, eftir því sem við getur átt, vera í samræmi við samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem birtur er í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Heimilt er að skipta tollkvótum upp í einingar. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn. Berist umsóknir um meiri innflutning en nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að:

1. láta hlutkesti ráða úthlutun eða
2. miða úthlutun tollkvóta við hlutfall innflutnings viðkomandi umsækjanda miðað við heildarinnflutning allra umsækjanda af viðkomandi vörutegund á næstliðnu ári.

Endurúthluta má tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans. Heimilt er í stað úthlutunar tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda.

Um viðurlög við misnotkun á tollkvóta í því skyni að fá ívilnun í tolli eða sköttum við innflutning á vörum sem ekki falla undir tollkvótann skal fara skv. XXII. kafla. Heimilt er að sýnja þeim um úthlutun tollkvóta sem gerst hefur sekur um misnotkun.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tollataxtar og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

V. KAFLI

Tollverð og tollverðsákvörðun.

14. gr.

Tollverð.

Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörunar við sölu þeirra til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 15. gr., að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Kaupanda séu engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun varanna, aðrar en takmarkanir sem
 - a. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum hér á landi,
 - b. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vörunar eða
 - c. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti varanna.
2. Salan eða verðið sé ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirra vara sem verið er að virða.
3. Enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun varanna af hálfu kaupanda renni beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingar í samræmi við ákvæði 15. gr.
4. Kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða séu þeir hvor öðrum háðir þá sé viðskiptaverðið nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt nánari reglum settum skv. 16. gr.

Samkvæmt lögum þessum skal því aðeins telja aðila, persónur eða lögaðila, háða hvor öðrum að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

1. Þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvor annars.
2. Þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis.
3. Þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans.
4. Einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórn eða hafi umráð yfir fimm hundraðshlutum eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum.
5. Annar þeirra stjórn beint eða óbeint hinum.
6. Þriðji aðili stjórn beint eða óbeint báðum.
7. Báðir saman stjórn beint eða óbeint þriðja aðila.

8. Þeir séu í sömu fjölskyldu.

Aðilar persónur eða lögaðilar, sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan þannig að annar er einkaumboðsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum.

15. gr.

Tollverðsákvörðun.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 14. gr. skal bæta eftirtöldu við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hinar innfluttu vörur:

1. Eftirtöldu, að svo miklu leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar:
 - a. Umboðslaunum og miðlaraþóknun , þó ekki kaupumboðslaunum .
 - b. Gámakostnað i sem í tollalegu tilliti tilheyrir vörunum.
 - c. Þökkunarkostnað i, bæði fyrir vinnu og efni.
2. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinnna vara og þjónustu, sem látin er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu eða á lækkuðu verði, til notkunar í sambandi við framleiðslu og sölu hinna innfluttu vara til útflutnings að svo miklu leyti sem slíkt verðmæti er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber:
 - a. Efnivara, hluta, parta og þess háttar sem notað hefur verið í hinar innfluttu vörur.
 - b. Verkfæra, forma, móta og þess háttar sem notað hefur verið við framleiðslu hinna innfluttu vara.
 - c. Efnivara sem eyðst hafa við framleiðslu hinna innfluttu vara.
 - d. Verkfræðivinnu, þróunar, iðnlistar, hönnunar, áætlana og uppdráttar sem unnið hefur verið annars staðar en hér á landi og nauðsynlegt er til framleiðslu hinna innfluttu vara.
3. Einkaréttar- og leyfisgjöldum , sem tengd eru vörum þeim sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða óbeint að greiða, sem skilyrði fyrir sölu þeirra, að svo miklu leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber. Þetta tekur þó ekki til þess konar gjalda sem greidd eru fyrir framleiðslurétt á vörunni hér á landi.
4. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu, ráðstöfun eða notum hinna innfluttu vara sem rennur beint eða óbeint til seljanda.

Eftirtalið skal innifalið í tollverði:

 1. Flutningskostnaður hinna innfluttu vara til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
 2. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinna innfluttu vara vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
 3. Vátryggingarkostnaður .

Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. [Kostnaðarliðir og gjöld sem um ræðir í 2. mgr. skulu innifalin í tollverði, án tillits til þess hvort kostnaðarliðirnir og gjöldin séu raunverulega greidd eða ekki, enda sé unnt að ákvarða þau á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.]¹⁾

⁴⁾L. 165/2010, 57. gr

16. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð¹⁾ eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um ákvörðun tollverðs er taki mið af samningnum um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994. Reglurnar skulu m.a. tilgreina hvernig tollverð skal ákvarðað í þeim tilvikum sem ekki er hægt að ákvarða tollverð innflutningsvöru skv. 14. gr. og það sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 15. gr.

Ráðherra er með sama hætti heimilt að setja reglur um mat á vörum til tollverðs og málsmeðferðarreglur þegar ástæða þykir til að draga í efa sannleiksgildi vörureiknings og annarra þeirra atriða sem um ræðir í 14. gr. og þess sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 15. gr.

¹⁾Rg. 1100/2006.

17. gr.

Skipting kostnaðar .

Kostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sbr. 15. gr., sem til verða þegar vörur eru sendar í einu farmskrárnúmeri sem flokkast í mismunandi tollskrárnúmer, skal jafnað hlutfallslega niður á einstakar vörur í sendingu miðað við verð þeirra á innkaupsstað.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, sem unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðaraukanum. Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

18. gr.

Sé verð vara, sem flokka ber í mismunandi tollskrárnúmer og greiða ber af mismunandi háan toll, tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörunum þann tollhundraðshluta sem hvílir á þeirri vöru sem ber hæstan toll nema innflytjandi láti tollfyrirvöldum í té upplýsingar sem þau meta fullnægjandi og byggja má ákvörðun á um tollverð einstakra vara í sendingu.

19. gr.

[Tollafgreiðslugengi]²⁾.

[Tollafgreiðslugengi skal miða við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands hvern virkan dag. Tollafgreiðslugengi þeirra gjaldmiðla sem Seðlabanki Íslands tekur ekki til opinberrar skráningar skal ákvarðað af [tollstjóra]²⁾ að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Við tollafgreiðslu sendinga skal ákvörðun tollverðs byggð á tollafgreiðslugengi eins og opinbert viðmiðunargengi er skráð af Seðlabanka Íslands síðasta virkan dag á undan.]¹⁾

Ráðherra skal kveða nánar á³⁾ um ákvörðun tollafgreiðslugengis sem nota skal við umreikning tollverðs vöru eða hluta þess yfir í íslenskar krónur. Jafnframt skal kveðið nánar á um gildistíma, fresti, bráðabirgðatollafgreiðslu, tollafgreiðslu þegar enngar skráningar gengis nýtur við og annað er lýtur að gengisviðmiðun við tollafgreiðslu.

¹⁾L. 170/2007, 1. gr. ²⁾L. 147/2008, 2. gr. ³⁾Rg. 1100/2006, sbr. 172/2008.

Tollflokkun.

20. gr.

Tollflokkun vöru.

Inn- og útflytjendur skulu færa vöru til tollflokks í viðeigandi tollskjölum samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar í viðauka I við lög þessi.

Leiki vafi á um tollflokkun vöru eða óski inn- eða útflytjandi eftir staðfestingu tollstjóra á tollflokkun vöru getur hann leitað eftir bindandi álit tollstjóra á tollflokkun vörunnar, sbr. 21. gr.

21. gr.

Bindandi álit um tollflokkun.

Ef óskað er bindandi álits um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til [tollstjóra]¹⁾. Ákvörðun [tollstjóra]¹⁾ um bindandi tollflokkun vöru er bindandi gagnvart fyrirspyrjanda og tollyfirvöldum, nema hún sé afturkölluð af [tollstjóra]¹⁾ eða henni breytt eftir kæru til ríkistollanefndar, sbr. 118. gr. Komi til afturköllunar ákvörðunar um bindandi tollflokkun vöru gildir ákvörðunin uns afturköllunin hefur verið tilkynnt álitsbeiðanda.

[Tollstjóra]¹⁾ er ekki skylt að verða við beiðni skv. 1. mgr. ef hún reynist augljóslega vera tilefnislaus.

Með beiðni um bindandi álit skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun vöru, svo sem teikning, mynd, vörulýsing eða bæklingur. Ef nauðsyn ber til að mati [tollstjóra]¹⁾ getur hann sett skilyrði um að sýnishorn af vöru sé lagt fram áður en tekin er ákvörðun um tollflokkun.

[Tollstjóri]¹⁾ skal svara beiðni skriflega innan 30 daga frá því að hún berst. Í svari [tollstjóra]¹⁾ skal í meginatriðum koma fram á hvaða rökum niðurstaða er byggð. Telji [tollstjóri]¹⁾ að beiðni hafi ekki að geyma fullnægjandi upplýsingar eða henni fylgi ekki nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun skal hann tilkynna viðkomandi hvaða upplýsingar eða gögn vanti. Þegar úr því hefur verið bætt skal [tollstjóri]¹⁾ svara beiðni innan 30 daga.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr.

VII. kafli.

Skýrslugjafir.**Aðflutningsskýrsla og önnur tollskjöl.**

22. gr.

Skilafrestur aðflutningsskjala.

Innflytjandi skal láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og önnur tollskjöl vegna innfluttrar vöru, sbr. 23. og 25. gr., áður en vara er afhent til notkunar innan lands eða sett í tollfrjálsa verslun eða tollfrjálsa forðageymslu. Tollskjöl skulu þó látin tollstjóra í té ekki síðar en sex mánuðum frá komudegi flutningsfars vöru til landsins nema vöru hafi verið ráðstafað í tollvöruhegmslu eða á frísvæði.

[Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að afhenda hraðsendingar til notkunar innan lands áður en tollskjöl eru látin tollstjóra í té. Ráðherra ákveður frest til að skila tollskjölum vegna hraðsendinga með reglugerð.¹⁾²⁾

¹⁾Rg. 1100/2006. ²⁾L. 80/2006, 2. gr.

23. gr.

Rafrænar aðflutningsskýrslur.

Tollmiðlarar skulu senda [...] ¹⁾ tollstjóra með skjalasendingum á milli tölva þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara (SMT-tollafgreiðsla).

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur [tollstjóri] ²⁾ gefið fyrirmæli um að skriflegar aðflutningsskýrslur skuli látnar [honum] ¹⁾ í té vegna vara sem þarfnast sérstaks eftirlits.

Innflytjendur, sem stunda innflutning á vörum í atvinnuskyni, skulu senda [...] ¹⁾ tollstjóra þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara með skjalasendingum á milli tölva (SMT-tollafgreiðsla) eða í gegnum veftengingu við vefsetur tollyfirvalda (VEF-tollafgreiðsla).

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal ráðherra ákveða með reglugerð ³⁾ að þeir sem ná ekki tilteknum lágmarksfjölda innfluttra sendinga á ári geti látið tollyfirvöldum í té skriflegar aðflutningsskýrslur skv. 25. gr.

Innflytjendum samkvæmt þessari grein er heimilt að veita tollmiðlara umboð til þess að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart tollyfirvöldum með skjalasendingum á milli tölva (SMT-tollafgreiðslu).

[[Tollstjóri] ²⁾ ákveður form rammaskýrslu fyrir aðflutningsskýrslu og hvernig tæknilegri útfærslu SMT- og VEF-tollafgreiðslu skuli háttáð að öðru leyti.] ⁴⁾

...

¹⁾L. 147/2008, 3. gr. ²⁾L. 147/2008, 2. gr. ³⁾Rg. 1100/2006. ⁴⁾L. 146/2006, 3. gr.

24. gr.

Leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

[SMT- og VEF-tollafgreiðsla er háð leyfi tollstjóra] ¹⁾.

Leyfi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu er veitt þeim aðilum sem um getur í 1. og 3. mgr. 23. gr., enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

1. Þeir hafi tilskilin leyfi eða skráningu til viðkomandi atvinnustarfsemi, svo sem leyfi til þess að vera tollmiðlari skv. XI. kafla laga þessara, skráða verslun, sbr. lög nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, iðnaðarleyfi, sbr. iðnaðarlög, nr. 42/1978, vinnsluleyfi, sbr. lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, eða önnur leyfi sem krafist er.
2. Þeir hafi tilkynnt ríkisskattstjóra um atvinnustarfsemi sína og séu á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá. Ef um einstaklinga er að ræða sem stunda atvinnurekstur skulu þeir að minnsta kosti hafa framkvæmt þann lágmarksfjölda tollafgreiðslna sem tilgreindur er í reglugerð, sbr. 4. mgr. 23. gr.
3. Þeir hafi tilkynnt [ríkisskattstjóra] ³⁾ um starfsemi sína og verið skráðir skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og fyrirmælum settum samkvæmt þeim.
4. Þeir séu ekki í vanskilum við ríkissjóð með greiðslu opinberra gjalda eða skatta.
5. [Tollstjóri] ²⁾ hafi samþykkt þann hugbúnað sem umsækjandi hyggst nota til samskipta við tollyfirvöld, nema þegar sótt er um VEF-tollafgreiðslu.
6. Þeir hafi á að skipa starfsliði með fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum um tollmeðferð vara.

¹⁾L. 147/2008, 4. gr. ²⁾L. 147/2008, 2. gr. ³⁾L. 136/2009, 106. gr.

25. gr.

Skriflegar aðflutningsskýrslur.

Aðrir en þeir sem um getur í 1. og 3. mgr. 23. gr., sbr. 4. mgr. sömu greinar, skulu afhenda [...] ¹⁾ tollstjóra skriflegar aðflutningsskýrslur.

Innflytjendum skv. 1. mgr. er heimilt að veita tollmiðlara umboð til þess að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart tolyfirvöldum með rafrænum skjalasendingum á milli tölva.

[Tollstjóri] ²⁾ ákveður form skriflegra aðflutningsskýrslna.

Innflytjendur geta sjálfir lagt til eyðublöð fyrir aðflutningsskýrslur, enda uppfylli þau skilyrði sem sett eru skv. 3. mgr. um form þeirra.

¹⁾L. 147/2008, 5. gr. ²⁾L. 147/2008, 2. gr.

26. gr.

Einfaldaðar aðflutningsskýrslur.

Ráðherra getur í reglugerð ¹⁾ heimilað einfaldaðar skýrslugjafir vegna póstsendinga, smásendinga og vara sem ekki eru á farmskrá. Ráðherra getur jafnframt heimilað einfaldari skýrslugjafir vegna vara sem njóta tollfríðinda við innflutning skv. 4., 6. og 7. gr.

[Tollstjóri] ²⁾ ákveður form aðflutningsskýrslna skv. 1. mgr.

¹⁾Rg. 1100/2006. ²⁾L. 147/2008, 2. gr.

27. gr.

Skýrslugjafir ferðamanna og farmanna.

Ferðamenn og farmenn, sem koma til landsins frá útlöndum, skulu ótilkvaddir gera tollstjóra grein fyrir tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis. Sama gildir um varning sem er háður sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins.

Ferðamenn og farmenn, sem koma til landsins frá útlöndum eða fara frá landinu til útlanda, skulu ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæð en sem nemur [10.000 evrum] ¹⁾, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sem þeir hafa meðferðis í reiðufé [eða handhafabréfum, þ.m.t. ferðatékkum.] ¹⁾

Þar sem tollafgreiðsla ferðamanna fer fram er tollstjóra heimilt að hafa aðskilin tollafgreiðsluhlið, annars vegar fyrir þá sem hafa meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins og hins vegar fyrir þá sem hafa engan slíkan varning meðferðis. Farþegar skulu þá sjálfir velja sér tollafgreiðsluhlið og teljast þeir með vali sínu gefa til kynna hvort þeir hafi meðferðis varning sem þeim ber að gera tollgæslu grein fyrir.

[Sérhver farmaður skal ótilkvaddur gera tollgæslu skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem varningurinn er tollskyldur eður ei.] ¹⁾

Ráðherra getur með reglugerð ²⁾ sett nánari reglur um tollafgreiðslu samkvæmt þessari grein.

¹⁾L. 167/2008, 3. gr. ²⁾Rg. 630/2008.

28. gr.

Fylgiskjöl með aðflutningsskýrslum.

Eftirtalin skjöl skulu liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu skv. 23. og 25. gr. eftir því sem við á. Þegar um SMT- eða VEF-tollafgreiðslu er að ræða skulu fylgigögn varðveitt með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 29. gr. Viðeigandi fylgiskjöl skulu afhent tollstjóra í þeim tilvikum þegar aðflutningsskýrsla er skrifleg:

1. *Vörureikningur*: Frumrit eða samrit af vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er tollstjóra heimilt að taka gildan pro forma reikning eða viðskiptareikning í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún er augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, t.d. þegar um persónulega muni er að ræða.

2. *Farmbréf og önnur staðfestingarskjöl*: Farmbréf eða undirfarmbréf, reikningur fyrir flutningskostnað, reikningur fyrir umbúðakostnað, pökkunarlisti, niðurstaða efnagreiningar og önnur skjöl og gögn sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og vörureikningi eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu, magn og verð hennar. Krefjast má þess að farmbréf eða undirfarmbréf sé afhent í fleiri en einu eintaki og tollstjóra er heimilt að halda eftir einu eintaki eða fleiri eftir þörfum. Tollstjóra er heimilt að taka afrit af staðfestingarskjölum ef ástæða þykir til.

3. *Tollverðsskýrsla*: Tollverðsskýrsla í þeim tilvikum þegar það verð sem tilgreint er í vöru- eða sölureikningi er ekki viðskiptaverð vöru, sbr. 14. gr. Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum ákveðið að tollverðsskýrsla sé látin í té með aðflutningsskýrslu í öðrum tilvikum. Tollverðsskýrsla skal innflytjandi gera skriflega á þar til gert eyðublað.

4. *Upprunasannanir*: Frumrit viðeigandi upprunasönnunar í þeim tilvikum þegar sett er fram krafa um fríðindameðferð innfluttrar vöru með vísan til fríverslunarsamnings sem Ísland á aðild að.

5. *Önnur fylgiskjöl*: Önnur gögn sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

...¹⁾

¹⁾L. 80/2006, 3. gr.

29. gr.

Varðveisla aðflutningsskýrslna og fylgiskjala vegna rafrænnar tollafgreiðslu.

Innflytjandi, sem er bókhaldsskyldur samkvæmt ákvæðum laga um bókhald, skal varðveita öll tollskjöl í samræmi við ákvæði laga um bókhald og fyrirmæli sett samkvæmt þeim. Þá skal innflytjandi, sem hefur leyfi til SMT-tollafgreiðslu, varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðslu í sex ár frá tollafgreiðsludegi. Hann skal halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaseyti sem hann sendir tollstjóra eða tekur á móti frá tollstjóra. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaseyti og endurmynda þau og prenta á læsilegan hátt ef þess er óskað. Innflytjandi, sem hefur leyfi til VEF-tollafgreiðslu, skal varðveita útprintun af tollskýrslu og rafrænni tilkynningu tollstjóra um tollafgreiðslu og skuldfærslu aðflutningsgjalda.

Tollmiðlari skal varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðslu með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Tollmiðlari skal að auki varðveita afrit af viðeigandi skriflegum gögnum, sbr. 28. gr., sem liggja til grundvallar rafrænni aðflutningsskýrslu í sex ár frá tollafgreiðsludegi.

Tollstjóri varðveitir öll tollskjöl vegna tollafgreiðslu sendinga sem aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir, flytja til landsins.

30. gr.

Upplýsingaskylda.

Innflytjandi skal samkvæmt ákvörðun tollstjóra leggja fram eða veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, bréfum, samningum og öðrum gögnum er varða innflutning vöru eða sendingar ef nauðsynlegt þykir til þess að unnt sé að ganga úr skugga um hvort verð eða

önnur atriði í aðflutningsskýrslu, vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind. Tollstjóri hefur aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum tollskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum, greiðslukortafyrirtækjum og öðrum sem annast gjaldeyrisviðskipti er skylt að láta tolfyrirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur sem þau óska eftir og unnt er að láta þeim í té.

Öllum öðrum aðilum, bæði tollskyldum og öðrum, er skylt að láta tollstjóra í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn, til nota við almennt tollefirlit og áhættugreiningu, er hann fer fram á og snerta innflutning vöru eða sendingar sem og flutning farþega til og frá landinu. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um.

31. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð¹⁾ sett almenn skilyrði sem innflytjendur og aðrir þurfa að uppfylla vegna skýrslugjafar samkvæmt þessum kafla. Þar skal m.a. kveðið á um skilyrði fyrir leyfum til SMT- og VEF-tollafgreiðslu, tryggingar fyrir aðflutningsgjöldum á greiðslufresti, uppgjörstímabil, gjalddaga og skil aðflutningsgjalda, varðveislu gagna sem snerta tollmeðferð og innflutning vara, endurskoðun aðflutningsgjalda, tollefirlit og önnur atriði eftir því sem nauðsyn ber til.

¹⁾*Rg. 1100/2006.*

VIII. KAFLI

Ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum.

32. gr.

Ábyrgð innflytjanda.

Innflytjandi, sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskeyti um gagnaflutningsnet vegna SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á viðeigandi fylgiskjölum sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu.

Sá sem undirritar og lætur tollstjóra í té skriflega aðflutningsskýrslu ásamt fylgiskjölum ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem þar koma fram séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar.

33. gr.

Ábyrgð tollmiðlara.

Tollmiðlari, sem hefur sent aðflutningsskýrslu til tollstjóra fyrir hönd innflytjanda, ber ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum hafi hann vitað eða mátt vita að upplýsingar innflytjanda væru rangar eða ófullnægjandi.

Tollmiðlara er skylt að fá í hendur öll viðeigandi fylgiskjöl skv. 28. gr. áður en hann sendir tollstjóra rammaskeyti vegna SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjanda. Tollmiðlari skal að lokinni tollafgreiðslu vöru afhenda bókhaldsskyldum innflytjanda, sbr. 1. mgr. 29. gr., eða tollstjóra í þeim tilvikum þegar innflytjandi er ekki bókhaldsskyldur, sbr. 3. mgr. 29. gr., öll skrifleg gögn skv. 28. gr.

Tollmiðlara ber skylda til þess að leggja sjálfstætt mat á hvort þau fylgiskjöl sem umbjóðandi hans leggur fram til grundvallar aðflutningsskýrslu fullnægja ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla. Telji hann svo ekki vera skal hann kalla eftir þeim gögnum sem á vantar eða nýjum gögnum í stað þeirra sem kunna að vera ófullnægjandi. Hann skal því aðeins senda aðflutningsskýrslu til tollstjóra með rammaskyeti í þeim tilvikum þegar fylgiskjöl, sem liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu, uppfylla skilyrði laga þessara með ótvíræðum hætti.

IX. KAFLI

Tollmeðferð vöru.

34. gr.

Upphaf tollmeðferðar.

Vara telst tekin til tollmeðferðar þegar eitthvert eftirtalinna tilvika á við:

1. Tollstjóri hefur tekið við aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum, sem skulu látin í té vegna tollmeðferðar vöru, enda fullnægi þau að öllu leyti skilyrðum laga þessara til þess að unnt sé að heimila afhendingu vöru þegar í stað. Rafræn aðflutningsskýrsla, sem send er við SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, telst móttækin hjá tollstjóra við skráningu skýrslunnar í tölvukerfi töllyfirvalda.
2. Tollstjóri hefur heimilað afhendingu vöru eða sendingar án eða gegn tryggingu.
3. Tollstjóri hefur tilkynnt innflytjanda að vara eða sending verði seld nauðungarsölu eða gert ráðstafanir til þess að selja vöru nauðungarsölu ef ekki næst til innflytjanda til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 128. og 129. gr.

35. gr.

Frestun ákvörðunar um tollverð.

[Taka skal í einu lagi til tollmeðferðar vörur sem skráðar eru í einu sendingarnúmeri, nema annað leiði af ákvæðum laga þessara.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað skiptingu sendinga til tollmeðferðar þegar aðstæður þykja mæla með því að slíkt sé heimilt og bundið heimildina þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til þess að tryggja að skiptingin hafi ekki áhrif á fjárhæð aðflutningsgjalda sem greiða ber af viðkomandi vörum.]¹⁾

¹⁾L. 146/2006, 4. gr.

36. gr.

[Bráðabirgðatollafgreiðslur og hraðsendingar.]¹⁾

Nú gerir innflytjandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 28. gr. tekur til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollstjóri veita heimild til afhendingar vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og afhendi eða leiðrétti gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma sem tollstjóri tiltekur. Við ákvörðun tryggingar getur tollstjóri lagt allt að 25% álag á áætluð aðflutningsgjöld. Ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda má tollstjóri ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.

[Bráðabirgðatollafgreiðsla gegn fjártryggingu, sbr. 1. mgr., er enn fremur heimil þegar nauðsynlegt reynist að fresta lokaákvörðun um tollverð vöru skv. 14.–17. gr. eða um önnur atriði sem lög þessi taka til, enda þyki að mati tollstjóra ekkert því til fyrirstöðu að innflytjandi leysi vöruna til sín.]¹⁾

[Tollmiðlara er heimilt að afhenda hraðsendingu til notkunar innan lands án greiðslu aðflutningsgjalda, enda láti hann tollstjóra í té upplýsingar um verðmæti, tegund og þyngd sendingar og setji tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda. Ráðherra getur heimilað að trygging taki mið af þeim aðflutningsgjöldum sem ætla má að tollmiðlari verði ábyrgur fyrir vegna hraðsendingaþjónustu, í stað þess að trygging sé sett fyrir hverja sendingu.]²⁾

[Ráðherra setur nánari reglur um bráðabirgðatollafgreiðslur og hraðsendingar³⁾ samkvæmt þessari grein.]²⁾

¹⁾L. 146/2006, 5. gr. ²⁾L. 80/2006, 4. gr. ³⁾Rg. 1100/2006.

37. gr.

Neyðarleyfi.

Heimila má farmflytjendum eða öðrum aðilum, sem geyma ótollafgreiddar vörur, að afhenda á eigin ábyrgð vörusendingar, enda sé afhending þeirra brýn. Handhafi neyðarleyfis er ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda vegna vörusendingar ef innflytjandi stendur ekki sjálfur í skilum.

Ráðherra setur nánari reglur um útgáfu neyðarleyfa samkvæmt þessari grein.

X. KAFLI

Æðsta stjórn og skipulag tollyfirvalda.

38. gr.

Æðsta stjórn tollamála.

Fjármálaráðherra fer með æðstu stjórn tollamála í landinu. [Tollstjóri fer]¹⁾ með tollamálefni í umboði ráðherra með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum þessum.

Ráðherra hefur eftirlit með því að [tollstjóri]¹⁾ ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til þess að fá til athugunar tollskjöl aðila og gögn varðandi þau og krefja tollstjóra skýringa á öllu því er varðar framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal enn fremur fylgjast með því að ríkistollanefnd ræki skyldur sínar og skal nefndin senda ráðherra árlega skýrslu um störf sín.

¹⁾L. 147/2008, 6. gr. Í ákvæði til bráðabirgða við lögin segir:

„Við gildistöku laga þessara verður embætti tollstjórans í Reykjavík embætti tollstjóra. Tekur embættið frá sama tíma við réttindum og skyldum gagnvart tollvörðum sem starfa hjá tollstjórunum í Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi nyrðra, Austurlandsumdæmi syðra, Suðurlandsumdæmi, Vestmannaeyjaumdæmi og Reykjanesumdæmi.

Enn fremur mun embættið á sama tíma taka við umráðum og eignarhaldi á tækjum og búnaði, þ.m.t. ökutækjum, röntgentækjum og áhöldum hvers konar, sem viðkomandi tollstjórar hafa fengið tollvörðum til nota vegna starfa sinna, auk þess sem það ber frá sama tíma ábyrgð á meðferð og afgreiðslu þeirra mála á sviði tollheimtu og tolleftirlits sem þá kunna að vera óafgreidd og til meðferðar hjá viðkomandi tollstjórum.“

[39. gr.

[Landið er eitt tollumdæmi.]¹⁾²⁾

¹⁾L. 147/2008, 7. gr. ²⁾L. 80/2006, 5. gr.

[40. gr.

Tollstjóri.

Hlutverk tollstjóra er:

1. Að annast tollframkvæmd á landsvísu.
2. Álagning og innheimta tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu vöru samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum.
3. Eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu.
4. Aðstoð við fjármálaráðherra varðandi tollamálefni.
5. Að vinna að framþróun, hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar, skilvirkri og árangursríkri tollstarfsemi og sem bestri þjónustu tollgæslunnar. Hann skal stuðla að því að tollframkvæmdin verði sem hagfelldust fyrir atvinnulífið, almenning og samfélagið og hafa samstarf við atvinnulífið um málefni sem varða hagsmuni þess og greiða fyrir löglegum viðskiptum og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja, eftir því sem við getur átt og að teknu tilliti til fjárhagslegra og lagalegra forsendna og öryggissjónarmiða.
6. Samstarf við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði hans, sbr. 45. gr.
7. Rekstur tölvukerfis og þróun rafræna samskipta vegna tollafgreiðslu.
8. Greiningarstarf vegna áhættustjórnunar við tollefirlit.
9. Starfræksla Tollskóla ríkisins²⁾ sem sér um menntun tollstarfsmanna og annarra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða reglugerðum.
10. Öflun upplýsinga til hagskýrslugerðar um milliríkjavíðskipti.
11. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi tolyfirvalda.
12. Gerð verklagsreglna varðandi tollframkvæmd.
13. Gerð leiðbeininga um tollamálefni fyrir almenning og fyrirtæki.
14. Ákvörðun um form og efni tollskjala og eyðublaða til nota við tollframkvæmd.
15. Önnur verkefni sem honum eru falin með lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.]¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 8. gr. ²⁾Rgr. 48/2010.

[41. gr.

Staðsetning starfsstöðva tollgæslunnar.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum tollstjóra, staðsetningu starfsstöðva tolyfirvalda með tilliti til þess að unnt sé að halda uppi nauðsynlegri tollþjónustu, tollheimtu og tollefirliti á landsvísu.]¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 10. gr.

[42. gr.

Samningar tollstjóra við sýslumenn og lögreglustjóra um tollframkvæmd.

Tollstjóra er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra og [innanríkisráðherra]¹⁾, að gera samninga við sýslumenn og lögreglustjóra um að þeir annist í umboði hans tiltekna þætti tollframkvæmdar í stjórnsýsluumdæmum sínum. Hann getur enn fremur samið við þá um nauðsynlega starfsaðstöðu fyrir tollgæslu í viðkomandi stjórnsýsluumdæmum og aðstoð við tollstarfsmenn við framkvæmd starfans.]²⁾

¹⁾L. 162/2010, 183. gr., ²⁾L. 147/2008, 11. gr.

[43. gr.]¹⁾

Tollhafnir.

Tollhöfn er staður, höfn eða flugvöllur, þar sem heimilt er að ferma og afferma för og geyma og tollafgreiða vörur úr þeim án sérstakrar heimildar tollyfirvalda.

Ráðherra ákveður með reglugerð²⁾ hvar tollhafnir skuli vera. Við þá ákvörðun skal ráðherra taka mið af þörfum atvinnulífs á viðkomandi stöðum. Ráðherra skal um önnur atriði leita umsagnar tollstjóra [...] ¹⁾, sbr. 3. mgr.

Í umsögn tollstjóra skal gerð úttekt á því hvort eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

1. Í tollhöfn skal vera fullnægjandi aðstaða til fermingar og affermingar fara.
2. Í tollhöfn skal vera fullnægjandi aðstaða til tollefirlits.
3. Í tollhöfn skulu vera fullnægjandi geymsluhús, geymslusvæði og önnur aðstaða til vörslu á ótollafgreiddum vörum.

Ráðherra getur með sama hætti afturkallað ákvörðun um að tiltekin höfn skuli vera tollhöfn ef ekki er talin þörf á tollhöfn á viðkomandi stað eða skilyrði 3. mgr. eru ekki lengur uppfyllt.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum, hafnarlóðum og öðrum svæðum sem ætluð eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum skulu sveitarfélög og hafnarstjórnir hafa samráð við [...] ¹⁾ tollstjóra.

¹⁾L. 147/2008, 9. gr. ²⁾Rg. 1100/2006.

44. gr.

Ríkistollanefnd.

Ríkistollanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem til hennar er skotið um ákvörðun tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu, tollverð, tollflokun og annað sem lög þessi mæla fyrir um.

Ráðherra skipar ríkistollanefnd. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera formaður og skal hann fullnægja sömu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á tollamálum. Við skipun í nefndina skal þess gætt að nefndarmenn séu óháðir tollyfirvöldum og hagsmunaaðilum.

Um kærur til ríkistollanefndar fer eftir ákvæðum 118. gr.

45. gr.

Samvinna tollstjóra við önnur stjórnvöld og stofnanir.

Tollstjóri skal aðstoða lögreglu og ákærvald við störf þeirra vegna brota á lögum þessum.

Tollyfirvöld og önnur stjórnvöld og stofnanir skulu hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast tollheimtu og tollefirliti, svo sem upplýsingagjöf og forvarnir.

[Ákvæði 188. gr. skulu ekki vera því til fyrirstöðu að tollstjóri veiti lögreglu aðgang að upplýsingum sem sú grein tekur til, enda sé það nauðsynlegt í þágu greiningarstarfs lögreglu eða rannsóknar lögreglu á ætluðum brotum á lögum þessum, lögum um ávana- og fíkniefni eða öðrum lögum sem tollstjóra ber að framfylgja.] ¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 12. gr.

46. gr.

Veiting starfa hjá tollyfirvöldum.

Ráðherra skipar [tollstjóra] ¹⁾ til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti.

Tollstjóri skipar tollverði til fimm ára í senn. Tollstjóri ræður aðra starfsmenn við embætti sitt. Hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skal hafa lokið prófi frá Tollskóla ríkisins eða hlotið sambærilega menntun. Ráðherra setur í reglugerð²⁾ nánari fyriræli um starfsheiti tollvarða.

Tollstjóra er heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa tollvarða. Jafnframt er tollstjóra heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð meðan tekin er ákvörðun um hvort rétt sé að skipa tollvörð að fullu skv. 2. mgr. eða meðan hann stundar nám við tollskólann.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾Rg. 89/2009.

XI. KAFLI Tollmiðlarar.

47. gr.

Starfsemi tollmiðlara.

Tollmiðlara er heimilt að koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda og hafa með höndum eftirtalda þjónustu í tengslum við tollafgreiðslu vöru:

1. Ráðgjöf við gerð tollskjala, svo sem tollflokkun og útreikning aðflutningsgjalda.
2. Tollskýrslugerð vegna inn- og útflutnings.
3. Beiðni um tollafgreiðslu vöru.
4. Greiðslu aðflutningsgjalda fyrir hönd innflytjanda.

48. gr.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

[Tollstjóri]¹⁾ veitir starfsleyfi til tollmiðlunar að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru sem hér segir:

1. Umsækjandi skal vera lögaðili.
2. Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa gengist undir sátt eða hlotið dóm vegna brota á tollalögum eða hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot. [Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnar búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.]²⁾ [Tollstjóra]³⁾ er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
3. Daglegur stjórnandi tollmiðlunar skal fullnægja skilyrðum 2. tölul.
4. Starfsmenn tollmiðlara, sem annast gerð tollskýrslna og samskipti við tollyfirvöld vegna þeirra, skulu hafa sótt sérstakt námskeið hjá Tollskóla ríkisins til þess að öðlast fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð vara, þar á meðal tollflokkun, tollskýrslugerð, meðferð ótollafgreiddra vara, ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og upplýsingum sem veittar eru tollyfirvöldum, og reglum um greiðslufrest aðflutningsgjalda.
5. Umsækjandi skal sýna fram á að stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna vegna starfseminnar verði með traustum hætti.

6. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg.

[Tollstjóri]¹⁾ skal halda skrá yfir tollmiðlara. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollmiðlun, kalla sig tollmiðlara eða með öðrum hætti gefa til kynna að þau hafi hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt þessari grein.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi tollmiðlun ekki veitt þjónustu sem henni er heimilt samkvæmt lögum þessum samfelld í tólf mánuði.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾L. 108/2006, 26. gr. ³⁾L. 167/2008, 4. gr.

49. gr.

Skyldur tollmiðlara.

Starfsmenn tollmiðlara skulu rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem lúta að starfi þeirra.

Verði tollmiðlari þess var að umbjóðandi hans leggi vísvitandi fyrir hann röng eða ófullnægjandi gögn skal hann þegar í stað tilkynna um það til tollstjóra.

50. gr.

Eftirlit með tollmiðlurum.

Tollmiðlarar lúta eftirliti [tollstjóra]¹⁾.

¹⁾

...

[[Tollstjóri]²⁾ getur afturkallað starfsleyfi til tollmiðlunar uppfylli tollmiðlari ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.]²⁾

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾L. 146/2006, 7. gr.

XII. KAFLI

För í utanlandsferðum, skýrslugjafir farmflytjenda, ferming, afferming o.fl.

51. gr.

Tilkynning um komu og brottför fara í utanlandsferðum.

Stjórnanda fars ber að tilkynna tollstjóra komu fars inn á tollsvæði ríkisins og brottför með hæfilegum fyrirvara.

Flugumferðarstjórn skal veita tollstjóra upplýsingar um komu og brottför flugfara í utanlandsferðum svo fljótt sem við verður komið.

Landhelgisgæslan skal veita tollstjóra upplýsingar um komu og brottför skipa í utanlandsferðum svo fljótt sem við verður komið.

Starfsmenn hafna og skipaðir leiðsögumenn svo og starfsmenn flugvalla skulu veita tollstjóra allar nauðsynlegar upplýsingar um ferðir skipa og flugfara.

Ráðherra getur sett nánari reglur um tilkynningar samkvæmt þessari grein.

52. gr.

Fyrsta og síðasta viðkoma í tollhöfn.

Fari er skylt að hafa fyrstu og síðustu viðkomu hér á landi í tollhöfn. Skal ferming eða afferming fars fara þar fram og mönnum hleypt þar frá borði eða teknir um borð.

53. gr.

Undantekningar.

Þegar sérstaklega stendur á getur tollstjóri veitt leyfi til þess að far hafi fyrstu eða síðustu viðkomu hér á landi utan tollhafnar. Þeim sem slíkt leyfi fær er skylt að hlíta þeim skilyrðum sem tollstjóri setur fyrir undanþágunni, m.a. varðandi fermingu og affermingu fars, og greiða allan kostnað sem af henni leiðir.

Fari, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er ekki skylt að hafa fyrstu viðkomu í tollhöfn hér á landi en stjórnandi farsins skal tilkynna tollstjóra komu fars svo fljótt sem verða má og ástæður þess að leitað var hafnar í skyndi.

Fiskiskipi sem siglir með afla til útlanda beint af veiðum er ekki skylt að hafa viðkomu í tollhöfn við upphaf ferðar. Skipstjóra er skylt að gefa tollstjóra upplýsingar, með hæfilegum fyrirvara, um fyrirhugaða siglingu með afla til útlanda.

54. gr.

Afgreiðslustaður fars.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrir en að fengnu leyfi tollstjóra sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld og skipstjóra hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugvélar skulu afgreiddar þar á flugvelli sem tollstjóri ákveður í samráði við flugvallarstjóra.

55. gr.

Fyrirmæli um að skip megi eingöngu hafast við í tollhöfnum.

Tollstjóra er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðis ríkisins nema í tollhöfnum.

56. gr.

Skylda stjórnanda fars til að aðstoða tollverði.

Stjórnanda fars ber að veita tollstjóra allar upplýsingar sem þörf er á um farið, farm þess og farþega. Hann skal vísa á alla innganga í farmrými svo og geymslur og aðra staði þar sem geyma má vörur og honum er eða ætti að vera kunnugt um.

Ef tollvörður óskar að komast um borð eða frá borði er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð

57. gr.

Meðferð forða .

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars nema aðflutningsgjöld séu greidd og öðrum lagafyrirmælum fullnægt um innflutning.

Stjórnandi fars sem er í millilandaferðum skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram hæfilegan forða sem heimilt er að hafa til frjálstra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að allt fari undir lás sem þar skal vera og ekkert hverfi undan lás.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til landsins ber stjórnanda þess, ef innsigli skv. 164. gr. hafa verið rofin eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrir en tollstjóri hefur gefið leyfi til þess.

Stjórnandi fars skal gera skrá yfir vörur skv. 1. mgr. við komu fars inn á tollsvæði ríkisins. Stjórnandi fars skal afhenda tollstjóra skrána við komu til landsins.

Tollstjóra er heimilt að undanþiggja skemmtiferðaskip, sem koma hingað til lands, ákvæðum 2. mgr. og 4. mgr.

58. gr.

Farmskrá.

Allar vörur, sem far flytur frá útlöndum eða til útlanda, skulu færðar á farmskrá. Þó er ekki áskilið að upplýsingar um vörur í forða fars og farangur farþega og áhafnar séu skráðar á farmskrá. Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæslu og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu.

Tilgreina skal í farmskrá tollhöfn sem er ákvörðunarstaður vöru.

Ráðherra skal með reglugerð¹⁾ setja nánari reglur um farmskrá samkvæmt þessari grein, m.a. þær vörur sem færðar skulu í skrána, breytingar og leiðréttingar skrárinnar og ábyrgð á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

¹⁾[Rg. 1100/2006.](#)

59. gr.

Hættuleg efni.

Ráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð að tiltekna hættulegar vörur, svo sem eiturfefni og aðrar slíkar vörur, skuli tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

60. gr.

Geymsla bannvöru.

Ef vara er flutt til landsins andstætt fyrirmælum laga eða stjórnvaldsfyrirmæla, sem banna innflutning hennar, skal tollstjóri mæla fyrir um hvar og með hvaða hætti hún skuli geymd þar til ákvörðun hefur verið tekin um frekari meðhöndlun hennar af þar til bærum stjórnvöldum, svo sem um förgun eða flutning úr landi.

61. gr.

Aðkomuafgreiðsla fars.

Afferming fars er háð leyfi tollstjóra. [Slíkt leyfi skal ekki veitt fyrr en aðkomuskýrsla, farmskrá og önnur þau skjöl sem lög og reglur áskilja hafa verið látin tollstjóra í té.]¹⁾

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er afferming fars heimil án leyfis tollstjóra ef neyð steðjar að og afferming er nauðsynleg til þess að takmarka tjón á farmi fars. Stjórnanda fars ber að tilkynna tollstjóra um affermingu strax og auðið er og tilgreina ástæður hennar.

¹⁾[L. 80/2006, 7. gr.](#)

62. gr.

Skrá yfir affermdar vörur.

Að lokinni affermingu í hverri höfn er stjórnanda fars skylt að láta tollstjóra í té nákvæma skrá yfir vörur sem affermdar hafa verið í höfninni. Sé talning ekki framkvæmd getur tollstjóri látið gera hana á kostnað farmflytjanda.

63. gr.

Skrá um vöntun og skemmdir á vörum.

Að lokinni affermingu í hverri höfn ber stjórnanda fars að afhenda tollstjóra skrá yfir vöntun og skemmdir á vörum sem komið hafa í ljós við afferminguna. Tollstjóri getur látið fara fram rannsókn á vöntun og skemmdum vegna eftirlits með vörunni eða ákvörðun gjalda af henni.

64. gr.

[Ferming fars.]¹⁾

Ferming fars er háð leyfi tollstjóra að undanskildum afla sem tekinn er um borð í skip á veiðisvæðum.

Sé vara flutt í far án samþykkis tollstjóra ber stjórnanda fars að afferma það aftur ef tollstjóri telur það nauðsynlegt vegna eftirlits með vörunni.

¹⁾*L. 80/2006, 8. gr.*

65. gr.

Far frá innanlandshöfn.

Tollstjóri getur ákveðið að með far sem kemur frá innanlandshöfnum eða af veiðum skuli farið sem aðkomufar að því er tollefirlit varðar.

66. gr.

Aðstaða til tollefirlits í flugstöð eða höfn.

Eigendum eða umráðamönnum fara, sem annast reglubundnar ferðir milli landa, er skylt að leggja tollstjóra til án endurgjalds nægilegt húsrými eða aðra aðstöðu til tollefirlits með farþegum, áhöfnum og vörum, sé þess krafist.

67. gr.

Úrræði tollstjóra sinni stjórnandi fars ekki skyldum sínum.

Hafi farmskrá og önnur gögn samkvæmt ákvæðum þessa kafla ekki verið afhent tollstjóra er honum heimilt að taka í sína vörslu þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars svo og áhafnaskrá og önnur viðeigandi skjöl. Tollstjóra ber að skila stjórnanda fars skjölum þessum þegar viðeigandi gögn hafa verið afhent tollstjóra.

68. gr.

Herskip og herflugvélar.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til erlendra herskipa og herflugvéla sem leita hér hafnar. Stjórnendum þeirra er þó skylt að gera tollstjóra fullnægjandi grein fyrir að um herfar sé að ræða og má krefjast þess að slík greinargerð sé gefin skriflega.

[För skv. 1. mgr. eru undanþegin innsigling vista, birgða og annars varnings um borð.]¹⁾

Áður en tollskyldar vörur eru fluttar úr fari sem um ræðir í 1. mgr. ber stjórnanda fars að afhenda tollstjóra skrá yfir vörunar. Tollstjóri hefur sömu heimildir til hvers konar eftirlits með þeim vörum og öðrum varningi sem fluttur er til landsins.

¹⁾*L. 170/2007, 2. gr.*

XIII. KAFLI

Meðferð og varsla ótollafgreiddrar vöru.

69. gr.

Geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur.

Heimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur á eftirtöldum geymslusvæðum:

1. Afgreiðslugeymslum farmflytjenda og viðurkenndra tollmiðlara, sbr. 88.–90. gr.
2. Tollvörugeymslum, sbr. 91.–95. gr.
3. Tollfrjálsum forðageymslum, sbr. 96.–100. gr.

4. Tollfrjálsum verslunum og tollfrjálsum birgðageymslum þeirra, sbr. 101.–104. gr.
 5. Frísvæði, sbr. 105.–108. gr.
 [6. Umflutningsgeymslum, sbr. 108. gr. a – 108. gr. d.]¹⁾

Óheimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur utan þeirra geymslusvæða sem nefnd eru í 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er tollstjóra heimilt, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að veita leyfi til geymslu ótollafgreiddrar vöru utan geymslusvæða skv. 1. mgr. Leyfi skal veitt með skriflegum eða rafrænum hætti. Tollstjóri getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg. Leyfishafi skal greiða allan kostnað sem hlýst af nauðsynlegu eftirliti með vörunni.

Tollstjóra er heimilt að taka ótollafgreiddar vörur í sínar vörslur á kostnað farmflytjanda eða innflytjanda til geymslu eða tollafgreiðslu ef nauðsyn krefur.

¹⁾L. 170/2007, 3. gr.

70. gr.

Geymslutími.

Vörur, sem settar hafa verið í afgangslugeymslu skv. 1. tölul. 1. mgr. 69. gr., skal tollafgreiða innan sex mánaða frá komu flutningsfars vöru til landsins nema tollstjóri hafi veitt leyfi til flutnings þeirra í tollvöruheymslu, tollfrjálssa forðageymslu, tollfrjálssa verslun eða á frísvæði. Ef sérstaklega stendur á getur tollstjóri heimilað, að fengnu samþykki leyfishafa, að vörur skuli tollafgreiða innan 18 mánaða frá komu flutningsfars til landsins.

Heimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur á geymslusvæðum skv. [2.–6. tölul.]¹⁾ 1. mgr. 69. gr. án tímatakmarkana.

¹⁾L. 170/2007, 4. gr.

71. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um meðferð og vörslu ótollafgreiddra vara samkvæmt þessum kafla.

¹⁾Rg. 1100/2006.

72. gr.

Athafnasvæði og húsnæði til geymslu ótollafgreiddra vara.

Geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skal vera afmarkað rými, hús eða afgirt svæði eftir eðli vörunnar og undir lás leyfishafa. Skal það vera að öllu leyti með þeim hætti að það henti til tryggrar vörslu þeirra vara sem þar eiga að vera.

Tollstjóri skal viðurkenna athafnasvæði og húsnæði sem ætlað er til geymslu ótollafgreiddra vara og eru breytingar á því óheimilar nema að fengnu leyfi hans.

Leyfishafi geymslusvæðis ábyrgist að geymslusvæðið uppfylli á hverjum tíma þau skilyrði sem sett eru um ásigkomulag þess.

Ef geymslusvæði er ekki í fullkomnu ásigkomulagi og leyfishafi bætir ekki úr því innan þess frests sem tollstjóri tiltekur getur tollstjóri látið bæta úr ágöllum á kostnað leyfishafa eða svipt hann rétti til þess að nota húsnæðið eða svæðið.

Meðferð vara á geymslusvæðum.

73. gr.

Einkaneysla, afnot eða sýning á vörum sem fluttar hafa verið á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur er óheimil nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Iðnaður og aðvinnsla á vörum er óheimil á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

74. gr.

Hættuleg efni.

Tollstjóri getur sett sérstök skilyrði fyrir geymslu hættulegra efna á geymslusvæðum, t.d. um eftirlit, geymslustað eða meðferð þeirra að öðru leyti, eða bannað geymslu þeirra á geymslusvæðum ef nauðsyn ber til.

Ábyrgð vörsluhafa.

75. gr.

Farmflytjendur og leyfishafar geymslusvæða skv. 69. gr. bera ábyrgð á að geymsla og flutningur ótollafgreiddrar vöru sé í samræmi við ákvæði þessa kafla.

76. gr.

Skráning vöru inn á geymslusvæði.

Við flutning vara á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. [2.–6. tölul.]¹⁾ 1. mgr. 69. gr. skal leyfishafi skrá þær á nafn innflytjanda sendingar og tilgreina heiti og tegund vara í sendingu ásamt magni, þyngd og verðmæti þeirra. Leyfishafi skal jafnframt skrá númer sendingar.

Aðflutningsgjöld af sendingu miðast við það vörumagn sem tilgreint er samkvæmt ákvæðum 1. mgr., sbr. þó ákvæði 87. gr. um umframmagn vöru.

¹⁾L. 170/2007, 4. gr.

77. gr.

Afhending vöru út af geymslusvæði til notkunar innan lands.

Þeim sem hafa ótollafgreiddar vörur í sinni vörslu til flutnings eða geymslu er óheimilt að láta þær af hendi án leyfis tollstjóra. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í tollfrjálsum forðageymslum né um vörur sem seldar eru úr tollfrjálsum verslunum.

78. gr.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda.

Farmflytjendur, leyfishafar geymslusvæða skv. 69. gr. og eftir atvikum umboðsmenn erlendra aðila, sem flytja vörur hingað til lands, ábyrgjast greiðslu á aðflutningsgjöldum af vörum sem þeir hafa afhent eða tekið í notkun án þess að gætt hafi verið ákvæða laga þessara.

Um áætlun aðflutningsgjalda í þeim tilvikum sem um ræðir í 1. mgr. fer eftir ákvæðum 115. gr.

Gera má fjárnám í eignum þeirra sem bera ábyrgð á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum og kostnaði án undangengins dóms eða dómsáttar.

79. gr.

Afhending vöru úr fari eða afgreiðslugeymslu.

Áður en vara er flutt úr fari eða afgreiðslugeymslu í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun, [umflutningsgeymslu eða á frísvæði, sbr. 2.–6. tölul. 1. mgr. 69. gr.]¹⁾ skal leyfishafi tilkynna tollstjóra [...] um fyrirhugaðan flutning. Sama gildir þegar vara

er afhent úr vörslu farmflytjanda í afgreiðslugeymslu tollmiðlara eða annars farmflytjanda. Tollstjóri skal lýsa því yfir hvort flutningur sé heimill eða hvort varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar án tafar en þó eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að tilkynning berst honum með sannanlegum hætti.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um vörur sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaforða fars.

¹⁾L. 170/2007, 5. gr. ²⁾L. 147/2008, 13. gr.

80. gr.

Flutningur ótollafgreiddrar vöru milli geymslusvæða.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur á milli geymslusvæða skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr. án sérstaks leyfis tollstjóra. Vörsluhafi skal tilkynna tollstjóra um flutning vöru áður en flutningur á sér stað.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að flytja vöru úr tollfrjálsri forðageymslu eða tollfrjálsri verslun á önnur geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur nema að fengnu sérstöku leyfi tollstjóra.

81. gr.

Yfirfærsla ábyrgðar vörsluhafa.

Flutningur ótollafgreiddrar vöru á milli geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur [...] ¹⁾ hefur í för með sér yfirfærslu ábyrgðar frá einum vörsluhafa til annars þegar leyfishafi, sem tekur við vöru, staðfestir móttöku hennar.

[Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um flutning ótollafgreiddrar vöru á milli geymslusvæða. Hann getur m.a. kveðið á um með hvaða hætti skuli færa sönnur á yfirfærslu vörsluábyrgðar skv. 1. mgr.] ¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 14. gr.

[...] ¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 15. gr.

Vöntun og umframbirgðir.

84. gr.

Vörutalning.

Tollstjóri getur hvenær sem er gert vörutalningu á geymslusvæðum.

Leyfishafi geymslusvæðis skal gæta þess að meðferð og varsla vara á geymslusvæði sé jafnan með þeim hætti að aðgengilegt sé að framkvæma þar vörutalningu. Er hann skyldur til að gefa tollstjóra hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir um vörur á geymslusvæðinu og veita hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf tollstjóra.

Leyfishafi skal hafa ábyrgðarmann viðstaddan vörutalningu.

85. gr.

Sýnileg vöntun.

Tollstjóri skal lækka, fella niður eða endurgreiða toll ef fram kemur sýnileg vöntun í vörusendingu, í heild eða að hluta, við affermingu fars. Vöruvöntun telst sýnileg komi vörusending ekki fram við affermingu eða ef ljóst er af ytri umbúðum að um vöntun er að ræða.

Ráðherra skal með reglugerð¹⁾ kveða nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls skv. 1. mgr. Hann getur m.a. kveðið á um með hvaða hætti skuli færa sönnur á vöntun í vörusendingu og fresti til þess að tilkynna tollstjóra um vöntun í vörusendingu.

¹⁾*Rg. 630/2008.*

86. gr.

Leynd vöntun.

Komi fram vöntun í vörusendingu, sem ekki var sýnileg við affermingu fars, í heild eða að hluta, sem sett er á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 1. mgr. 69. gr. eða geymd er samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 69. gr., er leyfishafa skylt að greiða toll og önnur aðflutningsgjöld af því vörumagni sem vantar miðað við skráningu skv. 76. gr., að viðbættu 20% álagi á toll og önnur aðflutningsgjöld, nema leyfishafi geti fært fullnægjandi sannanir fyrir því að vöntunin sé komin til áður en sendingin var flutt inn á tollsvæði ríkisins.

Ráðherra skal með reglugerð¹⁾ kveða nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls skv. 1. mgr. Hann getur m.a. kveðið á um með hvaða hætti skal færa sönnur á vöntun í vörusendingu og fresti til þess að tilkynna tollstjóra um vöntun í vörusendingu.

¹⁾*Rg. 630/2008.*

87. gr.

Umframbirgðir.

Leyfishafi geymslusvæðis skal skrá allar umframbirgðir á geymslusvæði samkvæmt ákvæði 76. gr. um leið og hann verður þeirra var. Leyfishafi skal tilkynna tollstjóra um allar skráningar samkvæmt þessari grein.

Komi fram, við vörutalningu tollstjóra á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur, vörumagn umfram það magn sem skráð er inn á hlutaðeigandi geymslusvæði skv. 76. gr. er leyfishafa geymslusvæðis skylt að greiða toll og önnur aðflutningsgjöld af því vörumagni þegar þess verður vart.

[Afgreiðslugeymslur]¹⁾.

¹⁾*L. 170/2007, 9. gr.*

88. gr.

Starfsleyfi.

[Að uppfylltum skilyrðum 1.–3. og 5.–7. tölul. 1. mgr. 91. gr. getur [tollstjóri]¹⁾ heimilað lögaðilum að reka afgreiðslugeymslur fyrir ótollafgreiddar vörur.]²⁾

[Farmflytjendur sem ekki reka afgreiðslugeymslur í eigin nafni skulu eiga nægan aðgang að geymslum sem reknar eru á grundvelli leyfis skv. 1. mgr.]³⁾

[Tollstjóri]¹⁾ skal halda skrá yfir leyfishafa skv. 1. mgr. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja afgreiðslugeymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt úr gildi hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfelld í tólf mánuði.

¹⁾*L. 147/2008, 2. gr.* ²⁾*L. 170/2007, 8. gr.* ³⁾*L. 146/2006, 8. gr.*

89. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

[Tollstjóri]¹⁾ getur afturkallað starfsleyfi skv. 88. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr.

90. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja í afgreiðslugeymslu.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur í afgreiðslugeymslu úr fari eða milli afgreiðslugeymslna. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja í afgreiðslugeymslu, enda þótt leyfi liggja ekki fyrir. Tollafgreiðsla vöru er háð því að innflutningsleyfi vegna hennar liggja fyrir.

Tollvörugeymslur.

91. gr.

Skilyrði starfsleyfis.

Að fenginni skriflegri umsókn getur [tollstjóri]¹⁾ veitt leyfi til reksturs tollvörugeymslu fyrir ótollafgreiddar vörur í tollhöfn. Leyfi skal veitt þeim einum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum [ótengdum aðilum]²⁾ þá þjónustu sem felst í rekstri tollvörugeymslu, en leyfishöfum sjálfum er óheimilt að geyma þar vörur eða stunda þar aðvinnslu á vörum, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu. [Tollstjóra er þó heimilt að veita öðrum starfsleyfi ef leyfishafi uppfyllir kröfur tollstjóra um fullnægjandi aðstöðu og bókhaldslega aðgreiningu og stenst áhættumat.]²⁾ Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru að öðru leyti sem hér segir:

1. Umsækjandi skal vera lögaðili.
2. Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa hlotið dóm vegna brota á tollalögum fyrir fíkniefnabrot. [Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.]³⁾ [Tollstjóri]²⁾ er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
3. Daglegur stjórnandi geymslusvæðis skal fullnægja skilyrðum 2. tölul.
4. Leyfishafi skal setja tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem fyrirtækið kann að verða ábyrgt fyrir vegna starfseminnar. Við ákvörðun á fjárhæð tryggingarinnar skal m.a. höfð hliðsjón af umfangi starfseminnar og gjöldum af þeim vörum sem ætla má að geymdar verði í geymslunni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett í reglugerð.
5. Geymslusvæði skal hafa hlotið viðurkenningu tollstjóra skv. 2. mgr. 72. gr. og liggja vel við affermingu og eftirliti. Upplýsingar um staðsetningu geymslusvæðis og mannvirki tengd því skulu liggja fyrir. Gengið skal þannig frá geymslum að þær verði auðveldlega settar undir lás tollgæslunnar ef nauðsyn ber til vegna tolleftirlits.

6. Leyfishafa geymslusvæðis er skylt að láta tollstjóra í té án endurgjalds fullnægjandi aðstöðu á geymslusvæðinu til tolleftirlits og rannsóknar á vörum og enn fremur einföld áhöld og tæki sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits að mati tollstjóra.
7. Vél- og hugbúnaður fyrir birgðabókhald skal þannig úr garði gerður að unnt sé á hverjum tíma að staðreyna viðtökudag sendingar, magn í sendingu, staðsetningu hennar, meðferð og ráðstöfun. Jafnframt skal tryggt að tollstjóri eigi ætíð aðgang að birgðabókhaldi geymslusvæðis. Vél- og hugbúnaður skal samþykktur af [tollstjóra]¹⁾. Honum er heimilt að gera að skilyrði að tolyfirvöld hafi beinlínuaðgang að upplýsingum úr birgðabókhaldi.
8. Leyfishafi skal hafa á að skipa starfsfólki sem hefur fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum um meðferð ótollafgreiddra vara. Sýnt skal fram á að skjalagerð vegna tollmeðferðar, stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna starfseminnar verði með traustum hætti.
9. Hagkvæmniútreikningur vegna reksturs geymslunnar skal liggja fyrir.
[Tollstjóri]¹⁾ skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollvöruheymislu.
Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfelld í tólf mánuði.
Ráðherra getur með reglugerð⁴⁾ sett nánari fyrirsmáli um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til reksturs geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾L. 167/2008, 5. gr. ³⁾L. 108/2006, 27. gr. ⁴⁾Rg. 1100/2006.

92. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

[[Tollstjóri]¹⁾ getur²⁾ afturkallað starfsleyfi skv. 91. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾L. 170/2007, 11. gr.

93. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja í tollvöruheymislu.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur í tollvöruheymislu úr fari eða afgangsgreidda geymslu. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja í tollvöruheymislu, enda þótt leyfi liggi ekki fyrir. Tollafgreiðsla vöru er háð því að innflutningsleyfi vegna hennar liggi fyrir.

Heimilt er að flytja innlendar vörur í tollvöruheymislu ef þær eru ætlaðar til nota við aðvinnslu sem heimil er í geymslunni samkvæmt ákvæðum 95. gr.

Heimilt er að flytja innlenda framleiðsluvöru til útflutnings í tollvöruheymislu þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Í þessum tilvikum skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt í tollvöruheymislu.

94. gr.

Tollafgreiddar vörur í tollvöruheymislu.

[Tollstjóri]¹⁾ getur ákveðið, að fenginni umsókn leyfishafa tollvöruheymslu, að heimila geymslu tollafgreiddra og ótollafgreiddra vara í sama rými í tollvöruheymslu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Tollafgreiddar vörur skulu vera skýrt aðgreindar frá ótollafgreiddum vörum í birgðabókhaldi tollvöruheymslu. [Tollstjóri]¹⁾ skal samþykkja vél- og hugbúnað tollvöruheymslu til þess að tryggja að þessu skilyrði sé fullnægt.
2. [Tollstjóri]¹⁾ getur bundið leyfi samkvæmt þessari grein þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til þess að tryggja fullnægjandi tollefirlit. [[Tollstjóri]¹⁾ getur]²⁾ afturkallað leyfi samkvæmt þessari grein uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði 1. mgr. Ráðherra getur kveðið nánar á um skilyrði heimildar skv. 1. mgr. með reglugerð.³⁾

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾L. 170/2007, 12. gr. ³⁾Rg. 1100/2006.

95. gr.

Aðvinnsla í tollvöruheymslu.

Iðnaðarframleiðsla og önnur aðvinnsla vöru er óheimil í tollvöruheymslu.

[Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óveruleg aðvinnsla á vörum heimil í tollvöruheymslu, svo sem einföld umpökkun, merking, samsetning, prófun og þrif, enda leiði aðvinnslan ekki til breyttrar tollflokunar vöru.]¹⁾

Tollstjóri sker úr ef óljóst er hvort aðvinnsla falli undir 2. mgr.

Tollstjóra er heimilt að takmarka aðvinnslu skv. 2. mgr. ef það telst nauðsynlegt vegna tollefirlits.

¹⁾L. 146/2006, 9. gr.

Tollfrjálsar forðageymslur.

96. gr.

Starfsleyfi.

Að uppfylltum skilyrðum 1.–8. tölul. 1. mgr. 91. gr. getur [tollstjóri]¹⁾ heimilað lögaðilum að reka tollfrjálsar forðageymslur í tollhöfn þar sem geyma má vistir, útbúnað og annan forða fyrir för í utanlandsferðum auk varnings sem boðinn er til sölu um borð.

[Tollstjóri]¹⁾ skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollfrjálsa forðageymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfelld í tólf mánuði.

²⁾L. 147/2008, 2. gr.

97. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

[[Tollstjóri]¹⁾ getur]²⁾ afturkallað starfsleyfi skv. 96. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflaga skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾L. 170/2007, 14. gr.

98. gr.

Vörur sem flytja má í tollfrjálsa forðageymslu.

Í tollfrjálsar forðageymslur má setja eftirtaldar vörur:

1. Ótollafgreiddar vörur.
2. Vörur úr birgðum skipa eða flugvéla.
3. Innlendir framleiðsluvörur. Þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt í tollfrjálsa forðageymslu.

99. gr.

Flutningur vara úr tollfrjálsri forðageymslu.

Úr tollfrjálsri forðageymslu má aðeins selja og flytja vörur sem hæfilegan birgðaforða í far sem er í utanlandsferðum, enda verði vörurnar einungis til neyslu eða sölu í því fari. Ef sérstaklega stendur á, t.d. ef vörur liggja undir skemmdum, má tollstjóri heimila toll afgreiðslu á þeim til neyslu eða sölu innan lands, að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

Við mat á því hvað telst hæfilegur forði skal tollstjóri taka mið af stærð fars og gerð þess, fjölda farþega og stærð áhafnar og lengd ferðar.

Ráðherra getur með reglugerð¹⁾ sett nánari reglur samkvæmt þessari grein.

¹⁾Rg. 1100/2006.

100. gr.

Forði sendur í veg fyrir far.

Vörur úr tollfrjálsri forðageymslu má senda til annarra tollhafna í veg fyrir skip og önnur farartæki í utanlandsferðum ef fylgt er þeim skilyrðum sem tollstjóri setur um flutninginn. Tollstjóri getur undanskilið tiltekna vöruflokka slíkum flutningi.

Tollfrjálsar verslanir.

101. gr.

Starfsleyfi.

Að uppfylltum skilyrðum 1.–3. og 6.–9. tölul. 1. mgr. 91. gr. og að fenginni skriflegri umsókn getur [tollstjóri]¹⁾ heimilað lögaðilum að reka tollfrjálsar verslanir í flugstöðvum eða höfnum.

Leyfi skv. 1. mgr. nær jafnframt til reksturs tollfrjálsrar birgðageymslu fyrir vörur til sölu í verslun leyfishafa.

[Tollstjóri]¹⁾ skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollfrjálsa verslun.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfelld í tólf mánuði.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr.

102. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

[[Tollstjóri]¹⁾ getur]²⁾ afturkallað starfsleyfi skv. 101. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾L. 170/2007, 16. gr.

103. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja í tollfrjálsa verslun.

Í tollfrjálsa verslun má setja eftirtaldar vörur:

1. Ótollafgreiddar vörur.
2. Tollafgreiddar vörur þegar endurgreiðsla tolls er heimil skv. 7. tölul. 1. mgr. 7. gr.
3. Innlendar framleiðsluvörur. Þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt í tollfrjálsa verslun.

104. gr.

Sala úr tollfrjálsri verslun.

Eingöngu er heimilt að selja farþegum og áhöfnum millilandafara á leið úr landi vörur úr tollfrjálsri verslun. Sala skal eingöngu heimil gegn framvísun brottfararspjalds.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur [tollstjóri]¹⁾ heimilað leyfishafa að selja farþegum og áhöfn um millilandafara við komu til landsins vörur úr tollfrjálsri verslun. Slík verslun skal sérstaklega afmörkuð og eingöngu aðgengileg fyrir farþega og áhafnir sem koma til landsins.

Ráðherra ákveður með reglugerð²⁾ hvaða vörur er heimilt að selja í tollfrjálsri verslun skv. 2. mgr.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾Rg. 641/2006, sbr. 428/2008.

Frísvæði.

105. gr.

Frísvæði.

Að fenginni skriflegri umsókn og að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 91. gr. getur [tollstjóri]¹⁾ heimilað lögadilum að reka frísvæði þar sem ótollafgreiddar vörur og innlendar framleiðsluvörur hljóta aðvinnslu umfram þá aðvinnslu sem heimil er í tollvörugæmslu, sbr. 95. gr.

Leyfi skal veitt þeim einum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri frísvæðis. Leyfishöfum sjálfum skal óheimilt að stunda iðnaðarframleiðslu, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu á frísvæðinu.

[Tollstjóri]¹⁾ skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja frísvæði.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfelld í tólf mánuði.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr.

106. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

[[Tollstjóri]¹⁾ getur²⁾ afturkallað starfsleyfi skv. 105. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾L. 170/2007, 19. gr.

107. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja á frísvæði.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur á frísvæði úr fari, afgreiðslugeymslu eða tollvörugeymslu. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja á frísvæði enda þótt leyfi liggi ekki fyrir. Tollafgreiðsla vöru er háð því að innflutningsleyfi vegna hennar liggi fyrir.

Heimilt er að flytja innlendar vörur á frísvæði ef þær eru ætlaðar til nota við iðnaðarframleiðslu sem heimil er á frísvæðinu.

Þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt á frísvæði.

108. gr.

Tollverðsákvörðun.

Aðflutningsgjöld af vöru á frísvæði, sem tekin er til tollmeðferðar vegna afhendingar hennar til notkunar innan lands, miðast við tollverð hennar eins og það er ákveðið samkvæmt reglum um tollverð og tollverðsákvörðun við upphaf tollmeðferðar hennar, sbr. 34. gr.

Tollverð vöru á frísvæði sem flutt er til útlanda er það sem greitt er eða greiða ber fyrir hana samkvæmt ákvæðum V. kafla.

[Umflutningsgeymslur.]¹⁾

¹⁾[L. 170/2007, 20. gr.](#)

[108. gr. a.

Starfsleyfi.

Að fenginni skriflegri umsókn og að uppfylltum skilyrðum 1.–9. tölul. 1. mgr. 91. gr. getur [tollstjóri]¹⁾ heimilað lögaðilum að reka umflutningsgeymslur.

Leyfi skal veitt þeim einum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri umflutningsgeymslu. Leyfishöfum sjálfum skal óheimilt að geyma þar vörur eða stunda þar iðnaðarframleiðslu, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu.

[Tollstjóri]¹⁾ skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja umflutningsgeymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt að veita samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.]²⁾

¹⁾[L. 147/2008, 2. gr.](#) ²⁾[L. 170/2007, 20. gr.](#)

[108. gr. b.

Afturköllun starfsleyfis.

[Tollstjóri]¹⁾ getur afturkallað starfsleyfi skv. 108. gr. a uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.]²⁾

¹⁾[L. 147/2008, 2. gr.](#) ²⁾[L. 170/2007, 20. gr.](#)

[108. gr. c.

Vörur sem heimilt er að flytja í umflutningsgeymslu.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur í umflutningsgeymslu úr fari eða afgreiðslugeymslu. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja í umflutningsgeymslu, enda þótt leyfi liggi ekki fyrir.

Heimilt er að flytja innlendar vörur í umflutningsgeymslu ef þær eru ætlaðar til að viðhalda óbreyttu ástandi umflutningsvörunnar eða varna umflutningsvöru skemmdum, sbr. 108. gr. d.

Óheimilt er að flytja vörur í umflutningsgeymslu á annað geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Þá er óheimilt að afhenda vörur úr umflutningsgeymslu til notkunar innan lands.]¹⁾

¹⁾L. 170/2007, 20. gr.

[108. gr. d.

Aðvinnsla í umflutningsgeymslu.

Iðnaðarframleiðsla og önnur aðvinnsla vöru er óheimil í umflutningsgeymslu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru aðgerðir til þess að viðhalda óbreyttu ástandi vörunnar eða til þess að verja hana gegn skemmdum heimilar í umflutningsgeymslum.]¹⁾

¹⁾L. 170/2007, 20. gr.

XIV. KAFLI

Álagning, kærur o.fl.

109. gr.

Álagning aðflutningsgjalda.

[Tollstjóri]¹⁾ annast álagningu aðflutningsgjalda. Álagning aðflutningsgjalda skal byggð á þeim upplýsingum sem koma fram í aðflutningsskýrslu skv. VII. kafla. Þó skal tollstjóri leiðrétta augljósar og smávægilegar villur í skriflegum aðflutningsskýrslum sem honum hafa verið látnar í té.

Ef aðflutningsskýrslu er ekki skilað innan tilskilins frests skv. 22. gr. skal tollstjóri áætla tollverð vöru skv. 115. gr.

¹⁾L. 147/2008, 16. gr.

110. gr.

Leiðréttingar á aðflutningsskýrslu fyrir tollafgreiðslu.

Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla ásamt fylgiskjölum hefur verið látin tollstjóra í té og áður en afhendingarheimild er veitt að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl eru ófullnægjandi, óglögg eða tor tryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt, undirrituð á ófullnægjandi hátt eða tollstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skora á viðkomandi að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skýringar og þau gögn sem tollstjóri telur þörf á.

Áskorun skv. 1. mgr. getur hvort heldur sem er verið skrifleg eða rafræn, á því formi sem [tollstjóri]¹⁾ ákveður.

Fái tollstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests skv. 1. mgr. leggur hann toll og önnur gjöld á samkvæmt aðflutningsskjölum og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á aðflutningsskýrslu, svar frá viðkomandi berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir eða send gögn eru ófullnægjandi eða tor tryggileg skal tollstjóri áætla aðflutningsgjöld með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 115. gr.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr.

111. gr.

Endurákvörðun aðflutningsgjalda eftir rafræna tollafgreiðslu.

Tollstjóri skal endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld, ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu, vegna sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar með rafrænum hætti á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun skv. 1. mgr. 114. gr.

112. gr.

Endurákvörðun aðflutningsgjalda eftir skriflega tollafgreiðslu.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum, sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu, skal tollstjóri endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum.

Tollstjóra er heimilt að endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld á grundvelli 1. mgr. vegna sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning skv. 1. mgr. 114. gr. um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té réttar og fullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskýrslu og fylgiskjölum er þó eigi heimilt að endurákværða honum aðflutningsgjöld nema vegna sendinga sem hann hefur fengið tollafgreiddar á síðustu 60 dögum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun. Hafi heimild verið veitt til tímabundins innflutnings vöru skal tollstjóra þó heimilt að endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld í 60 daga talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er tollstjóra heimilt að endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld vegna sendinga, sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning skv. 1. mgr. 114. gr. um fyrirhugaða endurákvörðun, hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru.

113. gr.

Aðrar endurákværðanir.

Komi í ljós eftir tollafgreiðslu vöru að tollstjóra hafi verið láttnar í té rangar eða ófullnægjandi upplýsingar en fjárhæð aðflutningsgjalda er engu að síður rétt ákvörðuð skal tollstjóri tilkynna innflytjanda um fyrirhugaðar breytingar á aðflutningsskjölum. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum.

Um endurákværðanir skv. 1. mgr. gilda ákvæði 114. gr. eftir því sem við á.

114. gr.

Málsmeðferðarreglur við endurákvörðun aðflutningsgjalda.

Ef fyrirhuguð er endurákvörðun tollstjóra skv. 111.–113. gr. skal tollstjóri senda innflytjanda tilkynningu um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun með sannanlegum hætti.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skal tollstjóri lýsa í meginatriðum þeim atvikum sem hann telur að eigi að leiða til endurákvörðunar.

Tollstjóri skal veita innflytjanda a.m.k. 15 daga frest, frá póstlagningardegi tilkynningar um fyrirhugaða endurákvörðun, til þess að tjá sig skriflega um efni máls og, eftir atvikum, leggja fram gögn áður en úrskurður um endurákvörðun er kveðinn upp.

Úrskurður um endurákvörðun skal kveðinn upp innan 30 daga frá lokum þess frests sem innflytjanda var veittur til þess að tjá sig um fyrirhugaða endurákvörðun. Innflytjanda skal tilkynnt um úrskurð með ábyrgðarbréfi.

115. gr.

Heimildir tollstjóra til áætlunar aðflutningsgjalda.

Í þeim tilvikum þegar tollstjóra ber að áætla fjárhæð aðflutningsgjalda skal hann áætla tollverð vöru svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en raunverulegt verðmæti vörunnar og ákvarða aðflutningsgjöld í samræmi við þá áætlun. Við áætlunina skal tollstjóri hafa hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir um vöruna, þar á meðal farmskrá, framlögðum gögnum ef einhver eru og gögnum Hagstofu Íslands yfir innfluttar vörur.

116. gr.

Leiðréttinga á aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu.

Verði innflytjandi þess var innan sex ára talið frá tollafgreiðsludegi vöru að upplýsingar, sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru, voru rangar eða ófullnægjandi skal hann leggja fram beiðni hjá tollstjóra um viðeigandi leiðréttingar, sbr. 2. mgr.

Beiðni skv. 1. mgr. um leiðréttingu skal afhent tollstjóra á formi leiðréttrar skriflegrar aðflutningsskýrslu ásamt viðeigandi fylgiskjölum. Ákvæði VII. kafla um skriflegar skýrslugjafir gilda um leiðréttar aðflutningsskýrslur samkvæmt þessari málsgrein.

Innflytjandi ber sönnunarbyrði fyrir því að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra aðflutningsgjalda.

Tollstjóri kveður upp úrskurð vegna beiðni um leiðréttingu innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 117. gr.

117. gr.

Kærur til tollstjóra.

Telji tollskyldur aðili ákvörðun tollstjóra um gjaldskyldu, fjárhæð aðflutningsgjalda eða atriði sem liggja til grundvallar ákvörðun aðflutningsgjalda, svo sem tollverð og tollflokkun, eigi rétta getur hann sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum til tollstjóra. Ef ágreiningur er um tollmeðferð vöru sem hefur þegar verið tollafgreidd skal kæra send tollstjóra innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi.

Telji tollstjóri óljóst á hvaða rökum kæra er reist eða að fylgiskjöl séu ófullnægjandi skal hann gefa kæranda kost á að bæta úr því innan hæfilegs tíma. Ef þess er eigi gætt varðar vanreifun frávísun kæru.

Úrskurða skal svo fjótt sem verða má og eigi síðar en innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur og tollskyldum aðila skal bent á heimild til þess að kæra úrskurðinn til ríkistollanefndar, sbr. 118. gr. Úrskurður skal sendur innflytjanda með sannanlegum hætti. [...]¹)

¹) *L. 147/2008, 17. gr.*

118. gr.

Kærur til ríkistollanefndar.

Tollskyldur aðili getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 111.–113. gr., sbr. 114. gr., úrskurði tollstjóra um leiðréttingu skv. 116. gr., kæruúrskurði skv. 117. gr. og ákvörðun [tollstjóra]¹⁾ í Reykjavík skv. 21. gr. og 2. mgr. 145. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga frá póstlagningardegi úrskurðar eða ákvörðunar.

[...]²⁾

Kærur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Vanreifun varðar frávisun. Berist nefndinni kæra og hún er rökstudd með tollskjölum, sem ekki hafa sætt efnisúrlausn hjá tollstjóra, getur nefndin sent kærana til tollstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna aðila um þá ákvörðun.

[Tollstjóri skal koma fram gagnvart ríkistollanefnd fyrir hönd ríkisins og annarra gjaldkrefjenda.

Ríkistollanefnd skal tafarlaust senda tollstjóra kæru ásamt endurriti af þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru. Skal nefndin gefa tollstjóra hæfilegan frest til að leggja fyrir nefndina kröfugerð sína í málinu og nauðsynleg gögn. Ríkistollanefnd skal gefa kæranda kost á andsvörum vegna kröfugerðar tollstjóra innan hæfilegs frests.]²⁾

Telji nefndin mál ekki nægilega upplýst getur hún beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga málinu til skýringar.

Ríkistollanefnd er heimilt að kveðja sérfróða menn sér til aðstoðar við úrlausn ágreiningsmála og krefjast upplýsinga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Nefndin getur ákveðið málflutning ef mál er flókið eða yfirgripsmikið og má hann vera munnlegur. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, um vanhæfi, aðstoð sérfróðra manna o.fl. eftir því sem við á.

Nefndin skal úrskurða um kærur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 60 dögum eftir að gagnaöflun er lokið. Sé munnlegur málflutningur viðhafður skal úrskurður kveðinn upp innan 60 daga frá lokum málflutnings. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir.

Kæra til ríkistollanefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Úrskurður ríkistollanefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnslustigi. Málskot til almennra dómstóla um úrlausnarefni sem farið hefur fyrir nefndina frestar eða breytir ekki niðurstöðu hennar fyrir en dómur er genginn.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾L. 147/2008, 18. gr.

119. gr.

Tollendurskoðun.

[Tollstjóri hefur á hendi tollendurskoðun.]¹⁾

Tollendurskoðun tekur til hvers konar könnunar [tollstjóra]²⁾ á réttmæti upplýsinga sem lagðar voru fram við lögboðna skýrslugjöf til tollstjóra og hvers konar könnunar á réttmæti skila á aðflutningsgjöldum eftir álagningu þeirra. Í tollendurskoðun felst m.a. samanburður á upplýsingum sem [tollstjóra]²⁾ eru veittar með rafrænum hætti við bókhaldsgögn, þar á meðal viðeigandi fylgigögn sem eiga að ligga til grundvallar skýrslugjöf til tollstjóra samkvæmt ákvæðum laga þessara. Tollendurskoðun tekur einnig til öflunar frekari gagna frá tollskyldum aðilum eða öðrum.

Lögreglu er skylt að veita [tollstjóra]²⁾ nauðsynlega aðstoð í þágu tollendurskoðunar ef aðili færir undan afhendingu bókhaldsgagna.

[...]¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 19. gr. ²⁾L. 147/2008, 2. gr.

Gjalddagi, greiðslufrestur og greiðslustaður aðflutningsgjalda.

120. gr.

Gjalddagi aðflutningsgjalda.

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem ráðstafað hefur verið á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. [2.–6. tölul.]¹⁾ 1. mgr. 69. gr., falla í gjalddaga þegar leyfi hefur verið veitt til afhendingar þeirra til notkunar innan lands enda sé flutningsfar þegar komið til landsins. Aðflutningsgjöld skulu þó falla í gjalddaga eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins nema tollstjóri hafi heimilað lengri geymslutíma í afgreiðslugeymslu, sbr. 1. mgr. 70. gr. Í þeim tilvikum skulu aðflutningsgjöld falla í gjalddaga við lok þess frests sem tollstjóri tiltekur. Um gjalddaga aðflutningsgjalda þegar greiðslufrestur er veittur fer eftir ákvæði 2. mgr. 122. gr.

Aðflutningsgjöld af vörum sem ráðstafað hefur verið í tollvörugeymslu eða á frísvæði falla í gjalddaga þegar leyfi hefur verið veitt til afhendingar þeirra til notkunar innan lands. Sama gildir um þær vörur sem óskast tollafgreiddar úr tollfrjálsum forðageymslum og tollfrjálsum verslunum til notkunar innan lands.

Ef neyðarleyfi eða leyfi til bráðabirgðatollafgreiðslu er veitt skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sá dagur þegar uppgjör aðflutningsgjalda skal eiga sér stað samkvæmt ákvörðun tollstjóra, sbr. 36. og 37. gr. Ef tímabundinn tollfrjáls innflutningur er heimilaður skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sá dagur þegar leyfi til tímabundins innflutnings fellur úr gildi. Aðflutningsgjöld skulu ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem var í gildi á tollafgreiðsludegi.

Ef um hraðsendingu er að ræða skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sjö dögum eftir tollafgreiðslu sendingar.

Ef vara er afhent úr vörslu farmflytjanda eða af geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur án tilskilins leyfis tollstjóra skulu aðflutningsgjöld þegar gjaldfelld.

Þegar atvik eru eins og um ræðir í 5. mgr. og vara hefur verið í vörslu farmflytjanda, tollmiðlara eða innflytjanda samkvæmt sérstöku leyfi tollstjóra, sbr. 3. mgr. 69. gr., skal gjalddagi vera komudagur flutningsfars og skulu aðflutningsgjöld ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var á þeim degi. Ef vara hefur verið flutt í tollvörugeymslu eða á frísvæði skal gjalddagi vera þegar tollstjóra barst tilkynning skv. 79. gr. og skulu aðflutningsgjöld ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem var í gildi á þeim degi, nema sannað sé með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að óheimil afhending vöru til notkunar innan lands hafi átt sér stað síðar.

Ef aðflutningsgjöld innflytjanda eru endurákvörðuð skv. 111. eða 112. gr., sbr. 114. gr., fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga á tollafgreiðsludegi vöru.

¹⁾L. 170/2007, 4. gr.

121. gr.

Réttur til greiðslufrests.

Aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattskrá skulu njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum enda séu þeir í skilum við ríkissjóð. Réttur til greiðslufrests tekur til aðflutningsgjalda af vörum sem fluttar eru inn í atvinnuskyni.

Óheimilt er að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar neyðarleyfi er veitt eða bráðabirgðatollafgreiðsla fer fram svo og við uppgjör aðflutningsgjalda í þessum tilvikum.

122. gr.

Uppgjörstímabil og gjalddagi við skuldfærslu.

Þegar greiðslufrestur er veittur er hvert uppgjörstímabil tolls og annarra aðflutningsgjalda tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum.

Gjalddagi skuldfærðra aðflutningsgjalda er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

[Tollstjóra er heimilt, á grundvelli umsóknar, að fresta gjalddaga skuldfærðs virðisaukaskatts skv. 2. mgr. fram að uppgjöri virðisaukaskatts fyrir sama uppgjörstímabil, sbr. 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, enda sé aðili að jafnaði með lægri útskatt en innskatt þar sem verulegur hluti veltunnar er undanþeginn virðisaukaskatti skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Heimild, útgefin af tollstjóra, skal gilda í 12 mánuði í senn.]¹⁾

¹⁾L. 167/2008, 6. gr.

123. gr.

Synjun um heimild til skuldfærslu.

Tollstjóri skal synja þeim sem nýtur heimildar til skuldfærslu aðflutningsgjalda um frekari greiðslufrest á aðflutningsgjöldum ef hann gerir ekki skil á aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma. Jafnframt er tollstjóra heimilt að synja um frekari greiðslufrest ef sá sem hans nýtur gerir ekki skil á öðrum ríkissjóðsgjöldum en aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma.

Ef bú innflytjanda er tekið til gjaldþrotaskipta eða opinberra skipta eftir lát hans og erfingjar hans taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum búsins skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt. Sama gildir sé innflytjandi ekki fjár síns ráðandi eða komi í ljós við aðför eða með öðrum hætti að innflytjanda vöru er tímabundið ómögulegt að greiða skuldir sínar eða hefur óskað eftir heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

124. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglum um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.

125. gr.

Vextir.

Dráttarvextir skulu reiknast á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga og innheimtir í ríkissjóð. Þó verða dráttarvextir einungis ákvarðaðir frá því að innflytjanda barst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun skv. 111. gr. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Nú verður ljóst þegar álagningu aðflutningsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra að meira hefur verið greitt en sem nemur endanlegum álögðum aðflutningsgjöldum og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslum ríkissjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Sé kára til meðferðar hjá ríkistollanefnd og nefndin kveður ekki upp úrskurð innan lögboðins frests skv. 9. mgr. 118. gr. skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sem ríkistollanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, frá þeim tíma þegar frestur nefndarinnar til þess að kveða upp úrskurð leið.

Ætíð má krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu aðflutningsgjalda.

[126. gr.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra.

Tollstjóri getur falið sýslumönnum að veita viðtöku greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 42. gr., sem og bönkum og sparisjóðum og póstrekendum.

Tollstjóra er heimilt að setja reglur um rafræn greiðsluskil vegna aðflutningsgjalda.]¹⁾

¹⁾[L. 147/2008, 20. gr.](#)

XVI. KAFLI

Innheimta og ábyrgð.

127. gr.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda vöru.

Nú kemur tollmiðlari fram gagnvart tollfyrirvöldum fyrir hönd innflytjanda vegna tollmeðferðar vöru og ber hann þá ásamt innflytjanda óskipta ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð tollmiðlara fellur brott hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda, enda hafi tollmiðlari haft heimild innflytjanda til þess, nema tollmiðlari hafi vitað eða mátt vita að upplýsingar í aðflutningsskjölum væru rangar eða ófullnægjandi, sbr. 33. gr.

128. gr.

Fullnusta aðflutningsgjalda.

Aðflutningsgjöld, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, eru tryggð með lögveði í innfluttri vöru. Lögveðsréttur er óháður grandleysi eigenda og helst þrátt fyrir eigendaskipti.

Tollstjóri getur krafist nauðungarsölu á uppboði á ótollafgreiddri vöru án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, sbr. 129. gr., til lúkningar á gjaldföllnum aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Tollstjóri getur jafnframt boðið vöru til sölu á almennum markaði.

Telji tollstjóri ekki ástæðu til að selja vöru nauðungarsölu vegna ástands hennar skal honum heimilt að láta farga henni á kostnað innflytjanda.

Verði vara ekki seld nauðungarsölu má gera fjárnám til tryggingar greiðslu aðflutningsgjalda, dráttarvaxta, sekta og kostnaðar hjá tollskyldum aðila án undangengins dóms eða sáttar.

129. gr.

Nauðungarsala á uppboði og uppgjör söluandvirðis.

Tollstjóri skal fá birta auglýsingu um uppboð skv. 2. mgr. 128. gr. með mest fjögurra vikna og minnst viku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Jafnframt skal tollstjóri tilkynna innflytjanda vöru bréflaga um hvar og hvenær uppboð fer fram. Verði tilkynningu ekki við komið vegna þess að innflytjandi er ekki þekktur eða finnst ekki stendur það ekki í vegi fyrir uppboði.

Um mótmæli gegn nauðungarsölu gilda ákvæði XI. og XIV. kafla laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

Aðflutningsgjöld greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir sölukostnaði vörunnar og gjöldum vegna geymslu hennar hjá farmflytjanda í einn mánuð frá því að hún kom til landsins. Sé söluandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði skal greiða þeim sem eignarréttur gekk úr hendi afganginn að frádregnum öðrum eignarhöftum sem á vörunni hvíldu auk alls áfallins

kostnaðar. Vitji eigandi ekki þess sem afgangur er samkvæmt framangreindu innan árs frá söludegi rennur andvirðið í ríkissjóð.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd nauðungarsölu með uppboði.

XVII. KAFLI

Stöðvun tollafgreiðslu.

130. gr.

Tollstjóri skal stöðva tollafgreiðslu sendingar ef innflutningur vöru sem sending inniheldur er háður skilyrðum samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið fullnægt. Sama gildir ef innflutningur er háður leyfum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið aflað.

131. gr.

Tollstjóra er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á öllum vörum til innflytjanda:

1. sem er í vanskilum með aðflutningsgjöld, dráttarvexti eða annan kostnað,
2. sem hefur vanrækt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og fylgigögn innan tilskilins frests,
3. sem sinnir ekki upplýsingaskyldu gagnvart tollstjóra, sbr. 30. gr., eða tregðast við að veita aðstoð sem honum ber að veita tollstjóra samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Stöðvun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. skal koma til framkvæmda 15 dögum eftir að innflytjanda hefur verið tilkynnt um fyrirhugaða stöðvun tollafgreiðslu á öllum vörum til hans vegna þeirra atvika sem um getur í 1. mgr.

132. gr.

Ef grunur leikur á að innflutningur eigi sér stað á vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum er tollstjóra heimilt, að beiðni rétthafa, að fresta tollafgreiðslu vörunnar á meðan rétthafi leitar bráðabirgðaaðgerða hjá þar til bærur yfirvöldum og í framhaldi af þeim hefur málarekstur fyrir dómstólum. Eftirfarandi skilyrði eru fyrir heimild tollstjóra:

1. að rétthafi leggi fram skriflega beiðni til tollstjóra um að tollafgreiðslu verði frestað og skuldbindi sig til að greiða þann kostnað sem leiðir af aðgerðum tollyfirvalda,
2. að rétthafi leggi fram fullnægjandi gögn þess efnis að hugverkaréttindi njóti verndar hér á landi, að hann sé handhafi þess réttar og að innflutningur vörunnar muni brjóta á rétti hans; hann skal jafnframt leggja fram nógu nákvæma lýsingu á vörunni til að tollyfirvöld geti borið kennsl á hana,
3. að rétthafi leggi fram tryggingu í formi fjárgreiðslu, eða með öðrum þeim hætti er tollstjóri telur fullnægjandi, er nægi til að bæta rétthafa, eiganda eða innflytjanda vörunnar það tjón eða þann kostnað sem óréttmæt frestun tollafgreiðslu kann að hafa í för með sér.

Hafi fullnægjandi gögn verið lögð fram er tollstjóra heimilt að fresta tollafgreiðslu vörunnar í allt að tíu virka daga. Hann skal þegar í stað tilkynna bæði rétthafa og eiganda vörunnar eða innflytjanda um ákvörðun sína. Hafi rétthafi eigi innan framangreinds frests hafist handa við að leita réttar síns hjá þar til bærur yfirvöldum, og tilkynnt tollyfirvöldum slíkt skriflega, er heimilt að tollafgreiða sendinguna. Heimilt er að framlengja framangreindan frest um tíu virka daga ef sérstakar ástæður mæla með því.

Tollstjóri getur að eigin frumkvæði ákveðið frestun tollafgreiðslu þegar hann hefur í höndum fullnægjandi gögn þess efnis að varan brjóti gegn hugverkaréttindum. Skal hann

tilkynna réttthafa um ákvörðun sína með skriflegum hætti þegar í stað og gefa honum frest í þrjú virka daga frá móttöku bréfs til að fara fram á frestun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. Geri réttthafi ekki tímanlega kröfu um frestun er heimilt að tollafgreiða vöruna.

Ef beiðni um bráðabirgðaaðgerð er synjað eða dómstóll hafnar því að um brot á hugverkarétti sé að ræða skal tollstjóri afturkalla ákvörðun sína um frestun tollafgreiðslu. Nú er með dómi kveðið á um að um brot á hugverkarétti sé að ræða og í dómnum er eigi mælt fyrir um ráðstöfun vörunnar og er þá tollyfirvaldi heimilt að farga vörunni eða að ráðstafa henni á annan þann hátt sem ekki brýtur á rétti réttthafa. Hafi dómi verið áfrýjað skal fresta förgun eða ráðstöfun vöru þar til niðurstöður liggja fyrir.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um vörur í litlu magni í farangri ferðamanna eða litlar vörusendingar, enda sé ekki um innflutning í viðskiptaskyni að ræða. Einnig eru undanskildar vörur sem settar hafa verið á markað í öðru landi af réttthafa eða með hans samþykki og vörur í umflutningi.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um frestun tollafgreiðslu. Hann getur jafnframt gert réttthafa að greiða geymslukostnað og þann kostnað sem tollyfirvöld hafa af framangreindum ráðstöfunum. Ráðherra getur ákveðið að framangreind ákvæði taki til útflutnings á vörum.

XVIII. KAFLI

Undirboðs- og jöfnunartollar o.fl.

133. gr.

Álagning undirboðs- og jöfnunartolla.

Nú má ætla að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun og er þá ráðherra heimilt að leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá er ráðherra heimilt í sama skyni og með sömu skilyrðum að leggja á sérstakan jöfnunartoll ef ætla má að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur og þess háttar erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. mgr.

Ráðherra er enn fremur heimilt að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á erlend þjónustuviðskipti að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda um vöruviðskipti samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Ákvarðanir ráðherra um þetta efni gilda frá og með þeim degi sem þær eru birtar í Stjórnartíðindum og skulu ekki gilda lengur en í fimm ár.

Ráðherra getur skipað nefnd til að rannsaka kærur um innflutning vara á undirboðskjörum eða með styrkjum og gera tillögur til ráðherra um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla. Um störf nefndarinnar, réttindi og skyldur, skulu gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

134. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram:

1. á verði sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarendi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
1. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
 - a. á verði sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarendi vöru til einhvers annars lands, eða
 - b. á verði sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann er um ræðir í 1. mgr. skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar sem skipt getur máli.

135. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en nemur undirboðinu, þ.e. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en nemur greiðslum eða uppbótum sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

136. gr.

Leggja má undirboðs- eða jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgðatolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en tólf mánaða.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Um lögvernd tolla þessara fer eftir ákvæðum 128. gr.

137. gr.

Undirboðs- og jöfnunartolla skal ekki leggja á með afturvirkum hætti nema:

1. Þegar vara hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og boðin fram á undirboðskjörum sem valdið hefur tjóni innan lands. Í slíkum tilvikum má leggja undirboðstolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á undirboðskjörum.
2. Þegar vara, sem notið hefur útflutningsverðlauna, uppbóta, endurgreiðslna og þess háttar, hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og valdið tjóni sem erfitt er að bæta. Í slíkum tilvikum má leggja jöfnunartolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á vörum sem njóta styrkja með þessum hætti.
3. Þegar loforð um að hætta innflutningi, sem fellur undir 1.–3. mgr. 133. gr., hefur verið vanefnt.

Undirboðs- eða jöfnunartollar, sem lagðir eru á með afturvirkum hætti, geta náð til vöru sem flutt hefur verið til landsins allt að 90 dögum áður en kæra barst fjármálaráðuneytinu um innflutning sem fellur undir 1.–3. mgr. 133. gr.

138. gr.

Þegar svo stendur á er greinir í 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar varðandi einhverjar af þeim vörum sem tilgreindar eru í viðauka IIA við lög þessi og þar eru merktar SSG að:

1. innflutt magn fer yfir mörk þau er tilgreind eru í 5. gr. tilvitnaðs samnings um landbúnað; eða, en þó ekki á sama tíma,
2. innflutningsverð vörunnar fellur niður fyrir tiltekin mörk, sbr. skilgreiningu í 5. gr. samningsins um landbúnað, skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. 5. gr., tollur á viðkomandi vöru vera hámarkstollur samkvæmt tollabindingu í viðauka IIA að viðbættum viðbótartolli skv. 5. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

Viðbótartollar skulu að öðru leyti taka mið af skilyrðum 5. gr. samningsins um landbúnað. Tollur samkvæmt þessari grein kemur aðeins til framkvæmda að landbúnaðarráðherra hafi ákveðið að beita 5. gr. samningsins um landbúnað og gefið út reglugerð þar að lútandi.

139. gr.

Verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur.

Heimilt skal að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, svo og öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum og bókunum við þá.

Séu verðjöfnunargjöld lögð á skv. 1. mgr. er óheimilt að leggja jafnframt á gjaldskylda vöru frá sammingsaðila tolla eða önnur sambærileg gjöld nema annað leiði af ákvæðum bókunar 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, svo og ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og bókana við þá.

Innheimta verðjöfnunargjalda samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga nema þar sé kveðið á um annað.

Verðjöfnunargjald skal lagt á og innheimt við tollmeðferð vöru.

XIX. KAFLI Útflutningur.

140. gr.

Skylda til að skila útflutningsskýrslu.

Peir sem stunda útflutning á vörum í atvinnuskyni skulu, áður en vara er flutt úr landi, senda [...] ¹⁾ tollstjóra með rafrænum hætti þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara.

¹⁾L. 147/2008, 21. gr.

141. gr.

Einfaldaðar útflutningsskýrslur vegna póstverslunar.

Einstaklingar og lögaðilar sem stunda í atvinnuskyni útflutning smásendinga í póstverslun til einstaklinga geta sótt um leyfi [tollstjóra] ¹⁾ til að skila einfölduðum útflutningsskýrslum sem láta má tollstjóra í té eftir að útflutningur hefur átt sér stað.

Ráðherra getur með reglugerð ²⁾ kveðið á um skilyrði fyrir heimild til einfaldaðrar skýrslugjafar við útflutning skv. 1. mgr.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾Rg. 1100/2006.

[...] ¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 22. gr.

143. gr.

Aflaskýrslur íslenskra veiðiskipa.

Skýrslu um afla íslenskra veiðiskipa, sem fluttur er út með þeim sjálfum til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa í fyrstu höfn sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum eða næst þegar það leitar hafnar hér á landi taki skipið ekki höfn áður en það flytur afla á erlendan markað. [...] ¹⁾

¹⁾L. 147/2008, 23. gr.

144. gr.

Ákvæði laga þessara um innflutning gilda um útflutning og umflutning eftir því sem við getur átt nema öðruvísi sé kveðið á um í þessum kafla.

XX. KAFLI

Uppruni vöru.

145. gr.

Ráðherra er heimilt að setja almennar upprunareglur er gildi við innflutning og útflutning vöru. Við setningu upprunareglna skal samráð eftir atvikum haft við [efnahags- og viðskiptaráðuneyti]²⁾, sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Reglurnar skulu grundvallaðar á eftirfarandi meginreglum:

1. Þegar viðmiðun um breytingu á tollflokkun er beitt skal tilgreina nákvæmlega undirliði og vöruliði þeirrar tollnafnaskrár sem notuð er.
2. Þegar miðað er við hundraðshluta af verðmæti skal tilgreina reikningsaðferðir.
3. Þegar miðað er við framleiðslu eða aðvinnsluáðferðir skal skýra nákvæmlega frá aðferðum sem gefa til kynna uppruna viðkomandi vöru.

Upprunareglur skal birta með reglugerð. [Tollstjóri]¹⁾ veitir innflytjendum, útflytjendum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta bindandi álit um uppruna vöru. Álitið skal veita eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 60 dögum eftir að beiðni er lögð fram.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenskar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum skal tollstjóri að beiðni útflytjenda veita upplýsingar um skilyrði tollfríðinda, þar á meðal útgáfu upprunasannana o.fl.

Ef útflytjandi framleiðsluvara er annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o.fl. skv. 1. og 3. mgr. skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið er af ráðherra.

Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. og 3. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. vegna útfluttra vara til viðkomandi landa eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn og eru þá atvinnurekandi og aðrir, sem hlut eiga að máli, skyldir til að láta tolyfirvaldi í té upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina og getur tolyfirvald eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila.

Ráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl og ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum sem útfluttar eru héðan til tímabundinna nota eða til umflutnings í því ríki þegar um er að ræða útflutningsvörur sem lúta sérstakri meðferð samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr. ²⁾L. 98/2009, 4. gr.

XXI. KAFLI

Tollgæsla.

146. gr.

Tollgæsluvald.

Í tollgæsluvaldi felst heimild til þess að beita úrræðum samkvæmt þessum kafla til þess að tryggja að farið sé eftir þeim lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem [tollstjóri ber]¹⁾ ábyrgð á að framfylgja.

¹⁾ *L. 147/2008, 24. gr.*

147. gr.

Handhafar tollgæsluvalds.

[Tollstjóri, löglærðir fulltrúar hans og tollverðir fara með tollgæsluvald samkvæmt lögum þessum.]¹⁾

Fjármálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum tollstjóra tollgæsluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.

[Lögreglustjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og lögreglumenn fara með tollgæsluvald þegar þeir annast eða aðstoða við tollgæslu.]¹⁾

Skipshafnir varðskipa fara með tollgæsluvald þegar þær annast eða aðstoða við tollgæslu.

Þeir sem kvaddir eru tollgæslunni til aðstoðar lögum samkvæmt fara með tollgæsluvald meðan þeir gegna starfinu.

¹⁾ *L. 147/2008, 25. gr.*

Skyldur tollgæslu og framkvæmd tollgæslustarfa.

148. gr.

Almennar reglur.

Handhöfum tollgæsluvalds ber að sýna árvekni í starfi og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir.

Handhöfum tollgæsluvalds ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttisýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á móttþróa hans gegn lögum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögumatri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

149. gr.

Einkenni tollvarða.

Við framkvæmd starfa sinna skulu tollverðir að jafnaði vera einkennisklæddir og ávallt bera á sér og sýna ef með þarf einkennismerki sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina „Tollmerki Íslands“ auk nafns þeirra og stöðu, ásamt mynd.

Ráðherra setur nánari reglur um einkennisfatnað og skilríki tollvarða með reglugerð¹⁾.

¹⁾ *Rgr. 807/2010.*

150. gr.

Frjáls og óhindraður aðgangur tollgæslu.

Tollgæslu er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli.

151. gr.

Valdbeiting.

Handhöfum tollgæsluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

Handhöfum tollgæsluvalds er heimilt ef brýna nauðsyn ber til að nota handjárn og gasvopn við skyldustörf. Ráðherra skal að höfðu samráði við [innanríkisráðherra]¹⁾ setja reglur um hvaða tollvörðum verði heimilað að bera og beita slíkum búnaði, um notkun hans og þjálfun tollvarða.

¹⁾L. 162/2010, 183. gr.

152. gr.

Heimild til að fela lögreglu og landhelgisgæslu tollgæslustörf.

[Með samningi skv. 42. gr. getur tollstjóri falið lögreglustjórum að annast tollgæslu jafnframt annarri löggæslu í stjórnsluumdæmum sínum.]¹⁾

Tollstjóri getur falið starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að annast tollgæslu.

¹⁾L. 147/2008, 26. gr.

153. gr.

Heimild til að fela tollvörðum löggæslustörf.

Fjármálaráðherra og [innanríkisráðherra]¹⁾ geta ákveðið að þar sem henta þykir skuli tollverðir gegna löggæslustörfum jafnframt öðrum tollgæslustörfum.

¹⁾L. 162/2010, 183. gr.

Handtaka, leit og hald á munum.

154. gr.

Handtaka.

Handhöfum tollgæsluvalds er heimilt að handtaka mann sem staðinn er að eða grunaður er um brot gegn lögum þessum og yfirheyra eða fá hann lögreglunni í hendur.

155. gr.

Leit í förum og farartækjum.

Tollgæslu er heimilt að leita alls staðar í förum sem eru á tollsvæði ríkisins. Einnig er heimilt að leita í farartækjum sem eru á eða koma frá fermingar- og affermingarstöðum skipa og flugfara, svo og öðrum þeim stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar. Tollgæslu er enn fremur heimilt að leita í öllum farartækjum sem hún hefur rökstuddan grun um að flytji ólöglega innfluttar vörur.

156. gr.

Skoðun og rannsókn á vörum sem fluttar eru til landsins.

Tollgæslu er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur sem fluttar eru til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, pósthlutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess að vörurnar séu fluttar í húsakynni tollstjóra eða á annan tiltekinn stað þar sem tolleftirlit fer fram og þeim framvísað þar til skoðunar.

Tollgæslu er heimilt að taka farangur farþega og áhafnar í sínar vörslur til skoðunar síðar. Getur viðkomandi krafist þess að farangurinn verði innsiglaður þar til skoðun fer fram. Skal hlutaðeigandi gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina. Enn fremur skal honum látni í té fullnægjandi kvittun ef hann óskar þess.

157. gr.

Leit á geymslustöðum fyrir ótollafgreiddar vörur.

Tollgæsla skal hafa frjálstan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á ótollafgreiddum vörum sem geymdar eru á geymslusvæðum skv. 69. gr., svo og að öðrum húsum og stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæslu heimill aðgangur að atvinnuhúsnæði ef ætla má að þar séu geymdar vörur sem ekki hafa fengið löglega tollmeðferð.

158. gr.

Húsleit í framhaldi af beinni eftirför.

Tollgæslu er heimilt að veita þeim mönnum eftirför sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tollefirliti með innfluttar vörur. Framkvæma má leit í húsum þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

159. gr.

Leit á mönnum.

Tollgæslu er heimilt að leita á mönnum sem eru í farartækjum, húsum eða á svæðum eða á leið frá farartækjum, förum, húsum eða svæðum þar sem tollvörðum er heimil rannsókn og skoðun á vörum.

Leit á manni má aðeins framkvæma samkvæmt skipun æðsta tollvarðar sem er viðstaddur þegar leitarinnar er þörf. Skal framkvæma hana af svo mikilli tillitssemi sem unnt er og má hún aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er vegna tollefirlitsins.

Sá sem leita skal á skal eiga rétt á því að ákveðið vitni sé tilkvatt til að vera viðstatt þegar leit fer fram ef þess er kostur. Ber tollverði að benda [viðkomandi]¹⁾ ótvírætt á þennan rétt.

Nákvæm leit á manni skal framkvæmd af persónu af sama kyni.

¹⁾L. 80/2006, 9. gr.

160. gr.

Leit á ólögráða einstaklingum.

Ef fyrirhuguð er leit á einstaklingi sem er ólögráða vegna aldurs skal þá þegar hafa samband við forsjáraðila hans og fulltrúa barnaverndarnefndar, í því umdæmi þar sem leit skal fara fram, og gefa þeim kost á að koma á staðinn án tafar og vera viðstaddir þegar leit fer fram.

Ef fyrirhuguð er leit á einstaklingi sem er ólögráða af öðrum ástæðum en greinir í 1. mgr. skal þá þegar gera lögráðamanni viðvart og gefa honum kost á að koma á staðinn án tafar og vera viðstaddur þegar leit fer fram.

161. gr.

Hald á munum.

Tollgæsla skal leggja hald á muni ef ætla má að þeir hafi sönnunargildi í [sakamáli]¹⁾, ef þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ef ætla má að þeir kunni að verða gerðir upptækir, vegna brota á lögum þessum eða öðrum lögum.

¹⁾L. 88/2008, 234. gr.

162. gr.

Hafi ferðamaður eða farmaður meðferðis hærrí fjárhæð í reiðufé en sem nemur 15.000 evrum, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, meðferðis við komu til landsins eða brottför frá landinu er handhöfum tollgæsluvalds heimilt að leggja hald á fjármunina ef grunur leikur á um að þeir verði notaðir við framkvæmd brots gegn refsí-ákvæðum almennra hegningarlaga.

Tollstjóri skal þegar tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um haldlagningu skv. 1. mgr. sem tekur ákvörðun um framhald málsins.

163. gr.

Málsmeðferðarreglur laga um [sakamála]¹⁾.

Um leit, hald á munum, handtöku og aðra málsmeðferð gilda ákvæði laga um meðferð [sakamála]¹⁾ nema öðruvísi sé kveðið á um í þessum kafla.

Um rannsókn, yfirheyrslu grunaðra manna og skýrslutökur gilda ákvæði 183.–185. gr. laga þessara.

¹⁾L. 88/2008, 234. gr. Tóku gildi 1. janúar 2009 (brbákv. VII tók þó gildi 21. júní 2008). Breytt með lögum nr. 156/2008.

Innsigli og aðrar takmarkanir.

164. gr.

Innsigli.

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæslu fyrir farmrými og vistageymslur fara og farartækja, vörugeymslur eða aðra staði þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur er heimilt að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skyld er stjórnendum fara og farartækja og forstöðumönnum vörugeymslna að veita tollgæslu aðstoð við innsiglingu og lokun, svo og að vekja athygli tollgæslu á þeim stöðum þar sem innsiglingu eða læsing kemur ekki að haldi.

[Tollstjóri]¹⁾ ákveður gerð innsigla og setur reglur um notkun þeirra.

Verði læsing eða innsigling ekki við komið getur tollstjóri krafist þess að varsla varanna eða flutningur fari fram undir tolfertirliti á kostnað vörsluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli og læsingar tollgæslu má enginn nema tollvörður rjúfa innan tollsvæðis ríkisins eða í fari eða farartæki á leið milli staða á tollsvæðinu.

¹⁾L. 147/2008, 2. gr.

165. gr.

Far einangrað.

Tollgæsla getur kvíð af far sem komið er í höfn eða á flugvöll, svo og bannað umferð á svæðum þar sem ferming eða afferming vöru fer fram eða farþegar fara um á leið til eða frá fari í utanlandsferðum. Tollgæsla getur ákveðið að farþegar eða aðrir megi einungis fara frá borði eða stíga um borð á ákveðnum stað eða á ákveðnum tíma. Einnig getur tollgæsla ákveðið, í samráði við hafnar- eða flugvallaryfirvöld, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað sem hentugastur þykir til eftirlits hverju sinni.

Skylda til að aðstoða tollgæslu og hlýða fyrirmælum.

166. gr.

Skylda til að aðstoða tollgæslu.

Ef nauðsyn ber til getur tollgæsla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann. Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu tollgæslu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.

Þeir sem kvaddir eru tollgæslu til aðstoðar skv. 1. mgr. fara með tollgæsluvald meðan þeir gegna starfinu og njóta sömu verndar og tollverðir.

167. gr.

Skylda til að aðstoða við tollskoðun.

Innflytjendum og vörsluhöfum ótollafgreiddrar vöru er skylt að aðstoða við tollskoðun með því að framvísa vöru að beiðni tollgæslu, opna töskur og aðrar umbúðir, taka upp úr þeim, loka þeim aftur að skoðun lokinni og veita alla þá aðstoð og upplýsingar sem leitað er eftir. Sinni innflytjandi eða vörsluhafi ekki skyldu sinni til að aðstoða við tollskoðun er tollstjóra heimilt að fela tollvörðum eða öðrum starfsmönnum tollstjóra að vinna verkið eða ráða menn til starfsins og innheimta hjá innflytjanda eða vörsluhafa þóknun er nemur kostnaði.

[Stjórnendum fara og farartækja er skylt að stöðva þau þegar tollvörður gefur um það merki.]¹⁾

Stjórnendum fara og farartækja er skylt að veita tollgæslu alla þá aðstoð og upplýsingar sem leitað er eftir. Þeim er einnig skylt að fara eftir fyrirmælum tollgæslu sem lúta að því að tryggja eftirlit með fermingu og affermingu.

¹⁾L. 80/2006, 10. gr.

168. gr.

Bann við að tálma tollgæslu í störfum sínum.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni tollgæslustörfum eða óhlýðnast fyrirmælum sem tollgæslan gefur í því skyni að vinna að framkvæmd laga þessara.

XXII. KAFLI

Refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð.

Refsiábyrgð og refsingar.

169. gr.

Refsa skal fyrir þau brot á lögnum er falla undir verknaðarlýsingar ákvæða í kafla þessum. Tilraun til brota og hlutdeild í brotum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Brotin varða refsingu ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Gera má lögðila fésekt, einum sér eða ásamt einstaklingum honum tengdum, eftir því sem nánar er kveðið á um í einstökum ákvæðum kaflans. Sama gildir um greiðsluábyrgð lögðila á sekt sem fyrirvarsmanni hans eða öðrum starfsmönnum kann að vera gerð.

170. gr.

Það er ólöglegur innflutningur, sem varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sama gildir ef vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur eða tekin til notkunar án heimildar tollyfirvalda.

Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur, er varðar sömu refsingu, ef ótollafgreidd vara sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings eða vara sem útflutningur hefur verið

leyfður á gegn lækkun eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum er án heimildar tolyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

Verði eigandi vörunnar ekki fundinn skal refsa stjórnanda farsins fyrir saknæmt brot eða ábyrgðaraðila farsins, lögaðila eða einstaklingi, óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar starfsmanns ábyrgðaraðilans eða ábyrgðaraðilans sjálfs ef hann er einstaklingur. Ábyrgðaraðila farsins verður eingöngu gerð sekt.

Það varðar sektum ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

171. gr.

Hver sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vöru, þótt hann viti eða megi vita að hún sé ólöglega innflutt, skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Meðferð ávinnings af brotum gegn lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

172. gr.

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti vöru eða vanrækir að leggja fram tilskilin gögn samkvæmt lögum þessum vegna innflutnings vöru skal sæta sektum sem að lágmarki nema tvöföldum en að hámarki tíuföldum aðflutningsgjöldum af því tollverði sem dregið var undan álagningu aðflutningsgjalda. Álag á toll og önnur aðflutningsgjöld skv. 86. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti vöru eða vanrækir að leggja fram tilskilin gögn samkvæmt lögum þessum vegna útflutnings vöru skal sæta sektum.

[Tollmiðlari sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til tolyfirvalda eða veitir rangar eða villandi upplýsingar við tollskýrslugerð skal sæta refsingu skv. 1. mgr. ef um er að ræða innflutning en skv. 2. mgr. ef um er að ræða útflutning.]¹⁾

Hafi brot gegn 1. eða 3. mgr. verið framið af ásetningi varðar það auk sekta fangelsi allt að sex árum ef brotið er ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti.

¹⁾L. 80/2006, 11. gr.

173. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar, að láta í té eða valda því að látin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða teljist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamninga.

Hafi einstaklingi, félagi eða stofnun verið veitt leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð sem nefnd eru í 1. mgr., en ekki hefur verið sannað hver hafi undirritað þau, má gera viðkomandi leyfishafa sekt ef hann er einstaklingur og hefur ekki sýnt nægilega varkárni við meðferð eða vörslu skjalanna. Sama gildir um forsvarsmann lögaðila ef lögaðilinn er leyfishafi.

Einnig má gera lögaðila sekt fyrir brot gegn ákvæði þessu, óháð því hvort brotið verði rakið til saknæms verknaðar starfsmanns lögaðilans, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

174. gr.

Sá sem rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur tolleinkenni skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum. Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmetan hátt aflar sér aðgangs að vörum sem eru undir tollinnsigli án þess að rjúfa innsiglið eða fjarlægja það.

Sé lás eða innsigli tollgæslunnar eða annað tolleinkenni rofið eða fjarlægt, án þess að sá seki finnist, skal vörsluhafi vörunnar eða annar ábyrgðarmaður hennar sæta sektum ef kenna má vanrækslu hans eða starfsfólks hans um brotið. Sama gildir ef vörsluhafi hefur látið undir höfuð leggjast að tilkynna tollyfirvöldum um brotið strax og hann varð þess var eða hefur vanrækt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því að hin innsiglaða vara yrði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

175. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins samkvæmt lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkvæmt þeim lögum.

Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja þær vörur, enda liggja ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

Sömu refsingu varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja vörur út af samningssvæðum samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna Norður-Ameríku sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn ber stjórnandi farartækisins ábyrgð á brotinu ef hann hefur sýnt af sér gáleysi við vöruflutninginn.

176. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru, hafi maður misnotað leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í [6. eða 7. gr.]¹⁾ eða öðrum reglum settum samkvæmt lögum þessum.

Einnig má gera lögaðila sekt fyrir brot gegn ákvæði þessu, óháð því hvort brotið verður rakið til saknæms verknaðar starfsmanns lögaðilans, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

¹⁾L. 146/2006, 10. gr.

177. gr.

Það varðar stjórnanda, eiganda eða umráðamann fars sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef tilskilin skjöl og skilríki fylgja ekki fari, ekki er gerð þar grein fyrir öllum vörum svo sem skylt er eða skjölin eru ekki gerð eins og fyrir er mælt í lögum þessum eða öðrum reglum settum samkvæmt þeim, eða vanrækt er að afhenda þau tollgæslumanni.

Sömu refsingu varðar það stjórnanda fars ef við komu þess frá útlöndum eru eigi gefnar upp, eigi finnast í farinu eða ekki er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir vörum sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir sem samkvæmt innsigliskrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsigliskrá yfir slíkan varning.

Einnig má gera lögaðila sekt fyrir brot gegn ákvæði þessu, óháð því hvort brotið verði rakið til saknæms verknaðar starfsmanns lögaðilans, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af því.

178. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugæmslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra. Sömu refsingu varðar það að veita viðtöku vöru sem er ólöglega afhent.

Brot skv. 1. mgr. varða refsingu ef þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

179. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða, aðra muni eða vöru sem heimilt er að hafa tollfrjálsa í fari nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt.

180. gr.

Ef maður tálmar tollvörðum í því að sinna skyldustörfum sínum við tollgæslu eða óhlýðnast fyrirmælum sem tollverðir gefa við framkvæmd tollgæslustarfa varðar það sektum nema brotið varði þyngri refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Önnur viðurlög.

181. gr.

Heimilt er að gera upptæka vöru sem flutt hefur verið ólöglega til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði, eða á annan hátt farið með vöruna andstætt ákvæðum þessa kafla, óháð því hver eigandi vörunnar er og án tillits til eignarhafta sem á henni hvíla, nema vörsluhafi vörunnar hafi komist yfir hana á saknæman hátt.

Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut andvirði vörunnar auk tolla og annarra gjalda af henni.

Verði ekki upplýst hver hinn seki er skal varan að liðnum 30 dögum frá því að hún var flutt inn eða fannst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

Eignaupptöku er heimilt að beita þótt refsíabyrgð verði ekki komið fram.

182. gr.

Heimilt er að svipta mann réttindum skv. 68. gr. almennra hegningarlaga sem sekur hefur gerst um stórfellt eða ítrekað brot á ákvæðum þessa kafla.

Svipta má þann leyfinu sem öðlast hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum til þess að vera tollmiðlari, reka geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur eða stunda önnur sambærileg störf ef hann hefur brotið gegn refsíákvæðum þessa kafla eða með öðrum hætti sýnt af sér stórfellda vanrækslu í starfi sínu. Um tímalengd sviptingar og endurskoðun ákvörðunar fer eftir ákvæðum 68. gr. og 68. gr. almennra hegningarlaga.

Rannsókn, málsmeðferð og fyrning.

183. gr.

[Tollstjóri]¹⁾ annast rannsókn brota gegn refsíákvæðum þessa kafla að svo miklu leyti sem slík rannsókn er ekki í höndum lögreglu. [Skal hann]¹⁾ hvenær sem þess gerist þörf hefja rannsókn út af rökstuddum grun eða vitneskju um refsivert brot. [...]¹⁾

Lögreglu er skylt að veita tollstjóra nauðsynlega aðstoð í þágu rannsóknar með því að færa mann til skýrslugjafar hjá tollstjóra ef hann hefur að forfallalausum ekki sinnt kvaðningu þess efnis.

Um heimildir tollgæslu til valdbeitingar, handtöku, leitar, haldlagningar og innsíglunar gilda ákvæði 151. gr. og 154.–164. gr.

Um rannsókn, yfirheyrslu grunaðra manna og aðrar skýrslutökur fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um meðferð [sakamála]²⁾.

¹⁾L. 147/2008, 27. gr. ²⁾L. 88/2008, 234. gr.

184. gr.

Ef ætlað brot gegn refsíákvæðum þessa kafla varðar einnig við almenn hegningarlög eða önnur sérrefsilög eða tengist brotum gegn almennum hegningarlögum eða öðrum sérrefsilögum, þar á meðal lögum um ávana- og fíkniefni, skal tollstjóri þegar tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra sem tekur ákvörðun um framhald rannsóknarinnar.

[Berist tollstjóra beiðni erlends tollyfirvalds um aðstoð við rannsókn máls og hann telur að íslenskum stjórnvöldum beri samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum að veita umbeðna aðstoð skal hann annast rannsókn málsins nema rannsókn þess heyri undir lögreglu samkvæmt þessari grein.]¹⁾

Tollstjóra ber að hafa samvinnu við lögreglu og ákærvald um rannsókn mála þegar tilefni er til þess eða eftir því er óskað af hálfu lögreglustjóra. Á sama hátt ber lögreglustjóra að hafa samvinnu við tollyfirvöld um rannsókn mála ef sérstaklega reynir á sérþekkingu tollgæslu eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í tollamálum. Heimilt er að kveða nánar á um samskiptin með reglugerð.

¹⁾L. 147/2008, 28. gr.

185. gr.

[...]¹⁾

Tollstjóra er [...] heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning eða önnur brot gegn ákvæðum þessa kafla ef brot er skýlaust sannað og ætla má að það varði ekki hærri sekt en 300.000 kr., enda játtist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stuttlega, frá því broti sem um er að tefla, refsíákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollstjóri undir því skilorði er nú var sagt eða 4. mgr. 181. gr. ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti þess sem gera á upptækt eigi fram úr 300.000 kr.

Sektir allt að 300.000 kr. fyrir helstu brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Í reglugerðinni skal tilgreint til hvaða tegunda brota hún tekur og hvaða sekt og önnur viðurlög skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

Þegar ákvörðun er tekin um sekt vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig, enda rúmist refsingin innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

Sektir og eignaupptaka samkvæmt þessari grein skulu ákveðnar af tollstjóra, löglærðum fulltrúa hans eða tollvörðum. Þó skulu skulu sektir og eignaupptaka samkvæmt þessari grein ákveðnar af tollstjóra eða löglærðum fulltrúa hans ef mál varðar brot sem ekki er tilgreint í reglugerð ráðherra, sbr. 3. mgr.

Senda skal ríkissaksóknara skrá um mál sem lokið er skv. 2. mgr. eftir þeim reglum sem [innanríkisráðherra]²⁾ setur, en m.a. skulu ákvæði [laga um meðferð sakamála]¹⁾, gilda um færslu á sakaskrá og leiðbeiningu ríkissaksóknara um sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brota.

Nú telur saksóknari að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr., eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða mál sem lokið er samkvæmt sama ákvæði hefði átt að ganga til dóms og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

¹⁾L. 88/2008, 234. gr., ²⁾L. 162/2010, 183. gr.

186. gr.

Sektir fyrir brot á refsíákvæðum þessa kafla og andvirði upptækrar vöru skulu renna í ríkissjóð.

187. gr.

Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fynnist á fimm árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum tollstjóra eða lögreglustjóra enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar. Um upphaf og stöðvun fyrningarfrests fer að öðru leyti eftir ákvæðum 82. gr. almennra hegningarlaga.

XXIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

188. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmönnum tollstjóra ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara vegna lögmætra almanna- og einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja, þ.m.t. hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir. Einnig tekur þagnarskylda til upplýsinga er varða starfshætti tollstjóra, þ.m.t. fyrirhugaða tollrannsókn, og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum tollstjóra eða eðli máls.

Þagnarskyldan helst þó látið sé af starfi.

189. gr.

Samþykki Alþjóðatollastofnunin breytingar á tollnafnaskrá stofnunarinnar eða skýringum við tollnafnaskrána, úrskurði eða gefi út túlkun um tollflokkun eða nýja samræmda tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrá er ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður, breyta eða taka upp ný tollskrárnúmer. Ráðherra er jafnframt heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer ef þess gerist þörf, t.d. til að afla megi nauðsynlegra upplýsinga til hagskýrslugerðar.

Breytingar á tollskrá skv. 1. mgr. skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda og hafa ekki afturvirk gildi. Breytingarnar skulu ekki hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá, gjöld eða gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir og annað sem kveðið er á um í öðrum lögum.

Ráðherra er heimilt að sameina í eitt tollskrárnúmer vörur sem koma til landsins eða fara frá landinu með hraðsendingum eða póstsendingum í einu sendingarnúmeri og eru að tollverðmæti 25.000 kr. eða minna. Slík breyting skal þó ekki hafa áhrif á fjárhæð tolls af viðkomandi vörum.

190. gr.

Ráðherra setur reglur¹⁾ um almennan tollafgreiðslutíma. Tollstjóri getur heimilað að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað sem af því leiðir.

¹⁾[Rg. 1100/2006](#).

191. gr.

Ráðherra setur reglur um skil tollstjóra á upplýsingum til Hagstofu Íslands úr aðflutnings- eða útflutningsskjölum og öðrum gögnum, að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

192. gr.

Ráðherra skal hrinda í framkvæmd ákvæðum í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, svo og bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra.

Ráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf á sviði tollmála, m.a. til að samræma og einfalda tollmeðferð vegna gagnkvæmra upplýsingaskipta og innheimtu vangreiddra gjalda og til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og útflutningi.

193. gr.

Ráðherra setur með reglugerð¹⁾ eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹⁾[Rg. 1100/2006](#), [sbr. 172/2008](#); [rg. 985/2007](#), [rg. 630/2008](#), [rg. 1247/2008](#), [rg. 89/2009](#). [Rgr. 807/2010](#).

194. gr.

Ákvæði laga þessara um flokkun vara, álagningu, innheimtu, lögveð, tilhögun bókhalds, aðflutnings- og útflutningsskýrslur og önnur skjöl, eftirlit, stöðvun tollafgreiðslu, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi toll skulu gilda eftir því sem við getur átt um aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld sem ákveðin eru samkvæmt öðrum lögum, nema annað sé þar ákveðið.

XXIV. kafli.

Gjaldtökuheimildir.

195. gr.

Heimilt er að innheimta eftirtalin gjöld vegna þjónustu tollstjóra í eftirfarandi tilvikum:

1. Tollafgreiðslugjald vegna tollafgreiðslu skipa og flugvéla utan almenns afgreiðslutíma. Gjald þetta skal standa undir launakostnaði vegna tollafgreiðslu utan almenns afgreiðslutíma.
2. Tollafgreiðslugjald vegna tollafgreiðslu skipa og flugvéla utan tollhafna skv. 53. gr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði til og frá tollafgreiðslustað.

3. Bráðabirgðatollafgreiðslugjald sem skal standa straum af kostnaði við tollefirtirlit vegna bráðabirgðatollafgreiðslu skv. 36. gr. Gjald þetta skal miðast við kostnað af útgáfu leyfis til bráðabirgðatollafgreiðslu og aksturskostnað í tengslum við skoðun vöru.
4. Neyðarleyfisgjald sem skal standa straum af kostnaði við tollefirtirlit vegna útgáfu neyðarleyfis skv. 37. gr. Gjald þetta skal miðast við kostnað af útgáfu neyðarleyfis og aksturskostnað í tengslum við skoðun vöru.
5. Tjónamatsgjald vegna mats tollstjóra á vörum sem orðið hafa fyrir skemmdum, vöntun eða rýrnun. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar matsins.
6. Förgunargjald vegna eyðileggingar vöru að beiðni eiganda vörunnar, farmflytjanda eða leyfishafa geymslusvæðis fyrir ótollafgreiddar vörur. Gjaldið skal standa straum af kostnaði við förgun vöru og aksturskostnaði vegna förgunar.
7. Fylgdargjald vegna kostnaðar af tollgæslu við flutning á ótollafgreiddum vörum. Gjaldtaka þessi er heimil þegar tollstjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka gæslu eða þegar þess er sérstaklega óskað að tollgæsla sé viðstödd flutning ótollafgreiddra vara, affermingu eða fermingu fara, innsetningu ótollafgreidds varnings á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur o.fl. Gjaldið skal standa straum af aksturskostnaði og launakostnaði vegna fylgdar.
8. Eftirlitsgjald vegna tollefirtirlits með fullvinnslu á landbúnaðarvörum sem fluttar eru til landsins tímabundið til fullvinnslu og endurútflytnings skv. 3. tölul. 7. gr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði og ferðakostnaði starfsmanna tollstjóra vegna tollefirtirlits og kostnaði af aðkeyptri sérfræðipjónustu við tollefirtirlit.
9. Tollalínugjald vegna upplýsinga- og gagnamiðlunar úr tölvukerfi tollyfirvalda (tollalínu). Gjald þetta skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu, m.a. úrvinnslu gagna og flutning þeirra um upplýsingaveitur.
10. Innsiglisgjald vegna vinnu við að innsigla vörur eða rjúfa innsigli skv. 164. gr. Gjaldið skal standa straum af aksturskostnaði til og frá þeim stað þar sem innsigling eða rof innsiglis fer fram. [Jafnframt er gjaldtaka heimil til að standa straum af kostnaði við gerð innsigla vegna farmverndar, sbr. 7. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004.]¹⁾
11. Eftirlitsgjald vegna tollefirtirlits með skemmtiferðaskipum hafi þau verið undanþegin ákvæðum um innsigling forða, sbr. 5. mgr. 57. gr.
12. [Eftirlitsgjald vegna tollefirtirlits með tollfrjálsum forðageymslum, tollfrjálsum verslunum og tollfrjálsum birgðageymslum þeirra, frísvæðum og umflutningsgeymslum.]²⁾
- [13. Námskeiðsgjald sem skal standa straum af kostnaði Tollskóla ríkisins við námskeiðshald fyrir aðra en tollstarfsmenn.]³⁾

Ákvæði 1. og 2. tölul. taka hvorki til erlendra herskipa eða herflugvéla né skipa eða flugfara í opinberri eigu sem ferðast eingöngu í opinberum erindagerðum og flytja hvorki vörur né farþega gegn greiðslu. Sama gildir ef far leitar hafnar samkvæmt ákvörðun stjórnvalda, vegna neyðar, slysa, sjúkdóma manna um borð eða annars ófarnaðar.

Gjaldtaka tollstjóra skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

Tollstjóra er heimilt að gera langtímasamning skv. 1. mgr. fyrir notkun þjónustu.

¹⁾L. 167/2008, 7. gr. ²⁾L. 170/2007, 21. gr. ³⁾L. 80/2006, 12. gr.

196. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006 og taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra. ...

Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt tollalögum, nr. 55/1987, skulu þó halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Aðilar sem hafa fengið viðurkenningu tollstjóra til reksturs geymslu- og afgreiðslustaðar fyrir ótollafgreiddar vörur eða leyfi ráðherra til reksturs almennrar tollvöruhegyslu, tollfrjálsrar forðageymslu, tollfrjálsrar verslunar eða frísvæðis fyrir gildistöku laga þessara skulu innan eins árs frá gildistöku laganna senda ráðherra eða tollstjóra eftir atvikum umsókn um starfsleyfi.

Hafi umsókn frá aðilum sem um getur í 1. mgr. ekki borist innan eins árs frá gildistöku laganna skal viðurkenning þeirra eða leyfi falla úr gildi.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum heimilt að óska eftir því að fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabilsins september til október 2008 verði sem hér segir:

1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á uppgjörstímabilinu skuli skila eigi síðar en 17. nóvember 2008.
2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á uppgjörstímabilinu skuli skila eigi síðar en 15. desember 2008.
3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á uppgjörstímabilinu skuli skila eigi síðar en 5. janúar 2009.

Vextir vegna greiðslufrests aðflutningsgjalda sem veittur er skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr., þ.e. frá 17. nóvember til 15. desember 2008 og frá 17. nóvember til 5. janúar 2009, skulu vera almennir meðaltalsvextir, sbr. II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, á viðkomandi tímabili.]¹⁾

¹⁾L. 130/2008, 1. gr.

III

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabils á árinu 2009 vera sem hér segir:

1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.]¹⁾

¹⁾L. 17/2009, 1. gr.

IV

Fram til [31. ágúst 2011]¹⁾ skal viðskiptaverð vöru skráð í erlendum gjaldmiðli á útflutningsskýrslu, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum. Við skráningu skal miða við þann gjaldmiðil sem fram kemur á

sölureikningi útflytjanda, þó ekki íslenskar krónur. Sé ekki ljóst af sölureikningi hver sé gjaldmiðill viðskiptanna skulu þau skráð í evrum eða bandaríkjadöllum á útflutningsskýrslu.]²⁾

¹⁾ *L. 78/2010, 1. gr.*, ²⁾ *L. 27/2009, 1. gr.*

[V

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar, á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.]¹⁾

¹⁾ *L. 14/2010, 1. gr.*

[VI

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.]¹⁾

¹⁾ *L. 165/2010, 58. gr.*

Viðauki I. ...¹⁾

1) Viðauki I, sem er tollskrá, er ekki birtur hér. Um texta, sjá Stjtið. A 2005, bls. 409. Sjá ennfremur auglýsingu nr. [141/2005](#), [142/2006](#), [13/2007](#) og [95/2007](#) um breyting á viðauka I við tollalög nr. 88/2005.

Viðauki II. ...¹⁾

1) Um texta, sjá Stjtið. A 1995, bls. 305, sbr. [l. 81/1998, 21. gr.](#)

Viðauki III. ...¹⁾

1) Um texta, sjá Stjtið. A 1995, bls. 581.

Viðauki IV. ...¹⁾

1) Um texta, sjá Stjtið. A 1995, bls. 609, sbr. Stjtið. A 2001, bls. 170.

Úr lögum

nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands.

Tóku gildi 1. júlí 2006. Breytt með [l. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. janúar 2011).

5. gr.

Samningsbundin þjónustuverkefni.
Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að gera þjónustusamninga, m.a. um eftirtalin verkefni:

1. Fiskveiðieftirlit.
2. Fjareftirlit með farartækjum á sjó.
3. Almennt sjúkraflug og aðstoð við lækniþjónustu.
4. Mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu.
5. Sprengjueyðingu og hreinsun skotæfingasvæða.
6. Eftirlit með skipum á hafinu og aðstoð við framkvæmd vitamála.
7. Rekstur vaktstöðvar siglinga.
8. Móttöku og miðlun tilkynninga frá skipum.
9. Tolleftirlit.
10. Rannsóknir og vísindastörf á hafinu eftir því sem aðstæður leyfa.

Lög

nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum.

Tóku gildi 1. júlí 2006. Breytt með [l. 167/2007](#) (tóku gildi 1. jan. 2008) og [l. 81/2008](#) (tóku gildi 1. júlí 2008).

I. KAFLI.

Markmið, gildissvið, skilgreiningar og stjórnarsýsla.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda lífríki vatna, vatnafisk og lagardýr sem alin eru í eldisstöð á landi eða í sjó með því að sporna við sjúkdómum og sníkjudýrum.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til vatnafisks og innflutnings fisks og hroгна á íslenskt forráðasvæði. Við framkvæmd laganna skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt [og laga um fiskeldi].¹⁾

¹⁾[L. 81/2008, 6. gr.](#)

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur*: Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða flátum.

2. *Eldisdýr*: Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi*: Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð*: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt*: Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.
6. *Fiskstofn*: Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
7. *Fiskur*: Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
8. *Geldstofn*: Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
9. *Göngusilungur*: Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
10. *Hafbeit*: Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
11. *Lagardýr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
12. *Laxastofn*: Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
13. *Sjávarfiskur*: Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
14. *Sjór*: Salt vatn utan árósa.
15. *Straumvatn*: Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
16. *Stöðuvatn*: Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
17. *Vatn*: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
18. *Vatnadýr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
19. *Vatnafiskur*: Lax (*Salmo salar*), silungur (urriði (*Salmo trutta*), bleikja (*Salvelinus alpinus*) og regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*)), áll (*Anguilla anguilla*) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
20. *Vatnasilungur*: Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
21. *Veiðivatn*: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
22. *Villtur fiskstofn*: Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

4. gr.

Stjórnýsla.

[Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Framkvæmd stjórnýslunnar er að öðru leyti í höndum [Matvælastofnunar]¹⁾ sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

[Matvælastofnun]¹⁾ til ráðgjafar við framkvæmd laganna er fisksjúkdómanefnd. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ skipar fimm manna fisksjúkdómanefnd: einn samkvæmt tilnefningu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Fiskistofu og yfirdýralækni, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. [Matvælastofnun]¹⁾ skal hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir

til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í lögum þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

¹⁾L. 167/2007, 79. gr.

II. KAFLI

Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

5. gr.

Innflutningur lifandi ferskvatnsfiska.

Um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni, óháð þroskastigi, þ.m.t. hroгна og svilja, gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra. Óheimilt er að sleppa í veiðivatn lifandi fiskum, lagardýrum eða vatnaplöntum sem fluttar hafa verið til landsins.

6. gr.

Um innflutning skrautfiska.

Matvælastofnun¹⁾ er heimilt að leyfa innflutning skrautfiska og hroгна þeirra með þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru svo að markmið laga þessara náist. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyriræli þar að lútandi.

¹⁾L. 167/2007, 79. gr.

7. gr.

Tímabundin viðkoma vegna flutnings á fiski.

Ef fiskur er fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi skal sá flutningur fara fram undir eftirliti [Matvælastofnunar]¹⁾ og hlíta þeim fyrirælum sem stofnunin setur. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um slíkan flutning.

¹⁾L. 167/2007, 79. gr.

8. gr.

Sóttþreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar.

Skyllt er að sóttþreinsa veiðitæki, veiðibúnað, báta og annan sambærilegan búnað, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt er að flytja hann inn í landið, enda liggi ekki fyrir fullnægjandi vottorð, að mati [Matvælastofnunar]¹⁾, um að búnaðurinn hafi verið sóttþreinsaður erlendis. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ skal í reglugerð setja nánari fyriræli um framkvæmd og eftirlit með sóttþreinsun samkvæmt grein þessari. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]¹⁾ getur falið tollyfirvöldum framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari grein.

¹⁾L. 167/2007, 79. gr.

9. gr.

Innflutningur á dauðum fiski

Landbúnaðarstofnun er rétt að banna innflutning á dauðum fiski, ferskum eða frystum, ef ástæða þykir til, t.d. vegna hættu á sjúkdómum og sníkjudýrum í vatnafiski. Slík fyriræli Landbúnaðarstofnunar skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI.

Ýmis ákvæði

10. gr.

Viðbrögð vegna sjúkdóma og sníkjudýra í veiðivatni eða fiskeldisstöð.

Ef upp kemur smitandi sjúkdómur eða sníkjudýr í veiðivatni eða í fiskeldisstöð er [Matvælastofnun]¹⁾ heimilt, að höfðu samráði við fisksjúkdómanefnd og með hliðsjón af lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu þeirra. Við framkvæmd slíkra ráðstafana skal þar að auki og eftir föngum haft samráð við viðkomandi veiðifélag, veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað, eða rekstrarleyfishafa fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar.

¹⁾L. 167/2007, 79. gr.

11. gr.

Setning reglugerða.

Ráðherra skal, að höfðu samráði við [Matvælastofnun]¹⁾, fisksjúkdómanefnd, Veiðimála- stofnun og erfðanefnd landbúnaðarins, eftir því sem við á, setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.²⁾

Í reglugerð skal mælt fyrir um skilyrði innflutnings lifandi fisks, hrogna og svilja þar sem m.a. skal kveðið á um að fyrir hendi sé heilbrigðisvottorð og að fisksjúkdómanefnd mæli ekki gegn slíkum innflutningi. Þá skal nánar mælt fyrir um sóttþreinsun hrogna, íláta og umbúða innfluttra fiska, sem og meðferð þeirra að öðru leyti. Enn fremur skal í reglugerð mælt fyrir um framkvæmd sóttþreinsunar veiðibúnaðar. Jafnframt skal kveðið á um nánari skilyrði sem Landbúnaðarstofnun getur sett fyrir innflutningi á dauðum fiski.

Í reglugerð skal einnig mælt fyrir um heilbrigðiseftirlit í eldisstöðvum, um töku sýnis- horna, um sóttvarnaðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum og annað það sem nauðsynlegt kann að teljast til þess að ná þeim markmiðum laga þessara að tryggja heilbrigði í vatnafiski.

¹⁾L. 167/2007, 79. gr. ²⁾Rg. 448/2005, sbr. 711/2006; rg. 449/2005, sbr. 712/2006; rg. 739/2006, rg. 740/2006, rg. 741/2006, rg. 1254/2008, sbr. 303/2009.

IV. KAFLI

Refsi- og gildistökuákvæði.

12. gr.

Um refsingar

Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að einu ári brjóti hann gegn ákvæðum 7. gr. af ásetningi eða gáleysi. Það varðar sömu refsingu brjóti maður af ásetningi eða gáleysi fyrimæli [Matvælastofnunar]¹⁾ skv. 9. gr. um bann við innflutningi á dauðum, ferskum eða frystum fiski.

¹⁾L. 167/2007, 79. gr.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Um leið falla úr gildi 78.–84. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Lög um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005: Í stað orðanna „lögum nr. 76/1970, um laxog silungsveiði“ í a-lið 2. gr. kemur: lögum um varnir gegn fisksjúkdómum.
2. Lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986:
 - a. Í stað „nr. 76/1970“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: um varnir gegn fisksjúkdómum.
 - b. Í stað orðsins „fisksjúkdómanefndar“ í 5. tölul. 5. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um eldi vatnafiska. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja ellefu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landsambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Úr lögum

nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Tóku gildi 23. júní 2006 nema 12. gr. sem tók gildi 1. janúar 2007. EES-samningurinn: tilskipun 2005/60/EB. Breytt með l. 77/2008 (tóku gildi 19. júní 2008), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010) og l. 116/2009 (tóku gildi 29. des. 2009) og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með því að skylda aðila sem stunda starfsemi er kann að verða notuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til bærri yfirvalda verði þeir varir við slíka ólögmeta starfsemi.

...

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

- [1. Peningaþvætti: Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.]¹

¹⁾L. 77/2008, 2. gr.

...

26. gr.

Tilkynningar eftirlitsaðila.

Fái Fjármálaeftirlitið, önnur stjórnvöld eða aðrir fagaðilar sem hafa eftirlit með starfsemi tilkynningarskyldra aðila í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skal það tilkynnt til lögreglu.

Fjármálaeftirlitið gefur út tilkynningar og leiðbeiningar ef þörf er á sérstakri varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Tilkynningarskyldum aðilum ber jafnframt að gefa sérstakan gaum að ríkjum eða ríkjasvæðum sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. [Séu lög og reglur sem beinast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka strangari í hinu erlenda ríki, þar sem útibú eða dótturfélag er staðsett, skal þeim fylgt.]¹⁾

1) Sbr. 18. gr. laga nr. 77/2008.

Lög

nr. 76/2006 um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Tóku gildi 30. júní 2006.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998, um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998 um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna.

RÁÐ
HEFUR,

EVROPUSAMBANDSINS

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópu-
bandalagsins, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,
með hliðsjón af álitni Evrópuþingsins,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eins og kveðið er á um í 7. gr. a í sáttmálanum myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem einkum eru tryggðir frjálsir vöruflutningar í samræmi við 30.–36. gr. sáttmálans.
- 2) Brot á þessari meginreglu, eins og eiga sér stað þegar einstaklingar hindra með aðgerðum sínum frjálsa vöruflutninga í tilteknu aðildarríki, geta valdið alvarlegri röskun á eðlilegri starfsemi innri markaðarins og valdið einstaklingunum, sem slíkt bitnar á, alvarlegu tjóni.
- 3) Aðildarríkin skulu, til að standa við þær skuldbindingar sem felast í sáttmálanum og einkum til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins, annars vegar láta ógert að samþykkja ráðstafanir eða aðhafast eitthvað sem gæti orsakað viðskiptahindrun og hins vegar skulu þau gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði sínu.
- 4) Slíkar ráðstafanir mega ekki hafa áhrif á grundvallarréttindi, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls.
- 5) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir neinar aðgerðir, sem kunna að vera nauðsynlegar í tilteknum tilvikum á vettvangi Bandalagsins, til að bregðast við vandamálum í starfsemi innri markaðarins, að teknu tilliti til beitingar þessarar reglugerðar, þar sem það á við.
- 6) Aðildarríki hefur eitt til þess vald að viðhalda allsherjarreglu og standa vörð um innra öryggi, sem og til að ákvarða hvort, hvenær og hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við aðstæður til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á eigin yfirráðasvæði við tilteknar aðstæður.
- 7) Upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um hindranir á frjálsum vöruflutningum skulu vera fullnægjandi og hröð.
- 8) Ef hindranir eru fyrir hendi á frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði aðildarríkis, skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að koma aftur á frjálsum vöruflutningum eins fljótt og auðið er á yfirráðasvæði sínu til þess að forða því að röskun sú eða tjón, sem um er að ræða, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist sem og að hrun geti orðið í viðskiptum og samningsbundnum tengslum sem að baki þeim liggja. Þetta aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og, ef eftir því er leitað, öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem það hefur gert eða hyggst gera til að ná þessu markmiði.
- 9) Framkvæmdastjórnin skal, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum, tilkynna viðkomandi aðildarríki um að það telji að brot hafi verið framið og skal aðildarríkið svara tilkynningunni.
- 10) Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir fyrir samþykki þessarar reglugerðar en þær sem er að finna í 235. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hindrun“: hindrun frjálsra vöruflutninga milli aðildarríkja, sem rekja má til aðildarríkis, hvort sem hún felst í aðgerð eða aðgerðarleysi af þess hálfu, er kann að fela í sér brot á 30.–36. gr. sáttmálans og sem:

a) hefur í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum með því að koma í veg fyrir, áþreifanlega eða öðrum hætti, tefja eða beina annað innflutningi til, útflutningi frá eða flutningi í gegnum aðildarríki,

b) veldur einstaklingunum, sem hún bitnar á, alvarlegu tjóni, og

c) krefst tafarlausra aðgerða til að komið verði í veg fyrir að röskunin eða tjónið, sem um ræðir, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist,

2. „aðgerðarleysi“: þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis láta hjá líða að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, sem í þeirra valdi standa, til að fjarlægja hindrun, sem einstaklingar hafa skapað með aðgerðum sínum, og tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði sínu.

a) hefur í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum með því að koma í veg fyrir, áþreifanlega eða öðrum hætti, tefja eða beina annað innflutningi til, útflutningi frá eða flutningi í gegnum aðildarríki,

b) veldur einstaklingunum, sem hún bitnar á, alvarlegu tjóni, og

c) krefst tafarlausra aðgerða til að komið verði í veg fyrir að röskunin eða tjónið, sem um ræðir, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist,

2. „aðgerðarleysi“: þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis láta hjá líða að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, sem í þeirra valdi standa, til að fjarlægja hindrun, sem einstaklingar hafa skapað með aðgerðum sínum, og tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði sínu.

2. gr.

Ekki má túlka þessa reglugerð þannig að hún hafi nokkur áhrif á grundvallarréttindi, eins og þau eru viðurkennd í aðildarríkjunum, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls. Til þessara réttinda getur einnig talist réttur eða frelsi til annarra aðgerða sem fellur undir sérstök samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum.

3. gr.

1. Ef hindrun er fyrir hendi eða hætta er á hindrun

a) skal hvert það aðildarríki sem býr yfir upplýsingum, sem skipta máli (hvort sem um er að ræða aðildarríki, sem hlut á að máli, eða ekki), þegar í stað senda þær til framkvæmdastjórnarinnar, og

b) skal framkvæmdastjórnin þegar í stað senda aðildarríkjunum þessar upplýsingar ásamt hverjum þeim upplýsingum, fengnum eftir öðrum heimildum, sem hún telur að skipti máli.

2. Viðkomandi aðildarríki skal svara eins fljótt og unnt er beiðnum framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja um upplýsingar um eðli hindrunarinnar eða hættunnar og um það til hvaða aðgerða það hefur gripið eða hyggst grípa. Upplýsingar, sem fara á milli aðildarríkjanna, skal einnig senda til

framkvæmdastjórnarinnar.

4. gr.

1. Þegar hindrun er fyrir hendi skal viðkomandi aðildarríki, með fyrirvara um 2. gr.,

a) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði aðildarríkisins í samræmi við sáttmálann, og

b) tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem yfirvöld þess hafa gripið til eða hyggjast grípa til.

2. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda upplýsingarnar sem hún fær, skv. b-lið 1. mgr., til hinna aðildarríkjanna.

5. gr.

1. Telji framkvæmdastjórnin að hindrun sé fyrir hendi í aðildarríki skal hún tilkynna viðkomandi aðildarríki um ástæðurnar fyrir þessari niðurstöðu sinni og óska eftir því við aðildarríkið að það geri allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að afnema fyrrnefnda

hindrun innan frests sem hún ákvarðar með hliðsjón af því hversu brýnt málið er.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa hliðsjón af 2. gr. þegar hún kemst að niðurstöðu.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta texta tilkynningarinnar, sem hún sendi viðkomandi aðildarríki, í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna og skal þegar í stað senda textann til allra aðila sem óska eftir því.

4. Aðildarríkið skal, innan fimm virkra daga frá viðtöku textans, annaðhvort:

— tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem það hefur gripið til eða hyggst grípa til til framkvæmdar 1. mgr., eða

— leggja fram rökstudda greinargerð fyrir því að ekki sé um að ræða hindrun sem brýtur í bága við 30.36. gr. sáttmálans.

5. Í undantekningartilvikum getur framkvæmdastjórnin heimilað lengingu á frestinum, sem greint er frá í 4. mgr., ef aðildarríkið leggur fram tilhlýðilega rökstudda beiðni, og rökin, sem það leggur til grundvallar, teljast fullnægjandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Lög

nr. 56/2007 um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

Tóku gildi 3. apríl 2007. EES-samningurinn: XIX. viðauki reglugerð 2006/2004.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. [lög nr. 2/1993](#), um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi gilda um innbyrðis aðstoð stjórnvalda aðildarríkja EES-samningsins vegna brota á þeim ákvæðum um neytendavernd sem falla undir lögina og eiga uppruna sinn í öðru ríki en afleiðingar þess koma fram í.

3. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um samvinnu yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd)

(Texti sem varðar EES)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPU-SAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópu-bandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ályktun ráðsins frá 8. júlí 1996 um samvinnu milli stjórnslustofnana um framkvæmd löggjafarinnar um innri markaðinn (3) er viðurkennt að stöðugt þurfi að leitast við að bæta samvinnu milli stjórnslustofnana og eru aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hvött til að hafa það sem forgangsverkefni að kanna möguleikann á því að styrkja samstarf stjórnvalda við framkvæmd löggjafar.

2) Núverandi innlent fyrirkomulag, við framkvæmd laga til verndar hagsmunum

neytenda, er ekki lagað að erfiðleikum við framkvæmd þeirra á innri markaðnum og árangursríkt og skilvirkt samstarf í slíkum tilvikum er ekki mögulegt sem stendur. Þessi vandkvæði koma í veg fyrir að opinber yfirvöld, sem framfylgja lögum, geti átt samstarf um að uppgötva, rannsaka og sjá til þess að brot á lögum til verndar hagsmunum neytenda innan Bandalagsins verði stöðvuð eða þau bönnuð. Skortur á árangursríkri lagaframkvæmd á landamærasvæðum gerir því seljendum og birgjum kleift að víkjast undan viðleitni til að framfylgja lögum með því að flytja sig um set innan Bandalagsins. Þetta veldur röskun á samkeppni löghlýðinna seljenda og birgja sem starfa annaðhvort í sínu eigin landi eða handan landamæra. Erfiðleikar við að framfylgja lögum yfir landamæri grafa einnig undan tiltrú neytenda á tilboðum yfir landamæri og þar með tiltrú þeirra á innri markaðnum.

3) Því þarf að auðvelda samstarf milli opinberra yfirvalda, sem bera ábyrgð á framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda, þegar þau taka á brotum innan Bandalagsins og stuðla að snurðulausri starfsemi innri markaðarins, gæðum og

samræmi í framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda og fylgjast með því að efnahagslegra hagsmuna neytenda sé gætt.

4) Í löggjöf Bandalagsins eru ákvæði um samstarfsnet til framkvæmdar lögum um að vernda neytendur umfram efnahagslega hagsmuni þeirra, ekki síst að því er varðar heilsufar. Miðla skal bestu starfsháttum á milli þeirra neta sem komið er á fót með þessari reglugerð og annarra neta.

5) Gildissvið ákvæða um gagnkvæma aðstoð í þessari reglugerð skal takmarkast við brot innan Bandalagsins á lögum Bandalagsins til verndar hagsmunum neytenda. Arangursrík meðhöndlun brota í einstökum löndum skal tryggja að engin mismunun eigi sér stað hvort sem um er að ræða innlenda starfsemi eða starfsemi annars staðar í Bandalaginu. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar brot einstakra aðildarríkja á lögum Bandalagsins og veitir framkvæmdastjórninni heldur ekki heimild til að stöðva brot sem framin eru innan Bandalagsins og skilgreind í þessari reglugerð.

6) Til að vernda neytendur gegn brotum innan Bandalagsins er nauðsynlegt að koma upp neti opinberra yfirvalda sem framfylgja lögum í öllu Bandalaginu og þessi yfirvöld þurfa að lágmarki að hafa almenna rannsóknar- og framkvæmdaheimild til að geta beitt þessari reglugerð á árangursríkan hátt og komið í veg fyrir að seljendur og birgjar geri sig seka um brot innan Bandalagsins.

7) Mikilvægt er að lögbær yfirvöld hafi möguleika á því að starfa óhindrað saman á gagnkvæmum grunni, að því er varðar upplýsingaskipti, uppgötvun og rannsókn brota innan Bandalagsins og ráðstafanir til að stöðva eða banna brot, til að geta tryggt snurðulausa starfsemi innri markaðarins og vernd neytenda.

8) Lögbær yfirvöld skulu einnig nýta sér aðrar heimildir eða ráðstafanir, sem eru leyfðar á innlendum vettvangi, þ.m.t. heimildir til að hefja mál eða vísa málum til ákærvaldsins með það fyrir augum að stöðva eða banna þegar í stað brot innan Bandalagsins, að fenginni beiðni um gagnkvæma aðstoð ef um slíkt er að ræða.

9) Upplýsingar, sem lögbær yfirvöld skiptast á, skulu vera háðar ítrustu trúnaðarkvöðum og þagnarskyldu til að tryggja að hvorki sé um að ræða málamiðlanir í rannsóknnum né að orðspori seljenda eða birgja sé spillt að ósekju. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (4) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (5) skulu gilda í tengslum við þessa reglugerð.

10) Viðfangsefni sem tengjast framkvæmd laga ná yfir landamæri Evrópusambandsins og gæta þarf hagsmuna neytenda í Bandalaginu gagnvart viðskiptaaðilum með staðfestu í þriðju löndum sem starfa ekki innan ramma laganna. Því er nauðsynlegt að gera alþjóðasamninga við þriðju lönd varðandi gagnkvæma aðstoð við framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda. Þessir alþjóðasamningar skulu gerðir á vettvangi Bandalagsins á svæðum þar sem þessi reglugerð gildir til að tryggja hámarksvernd neytenda í Bandalaginu og snurðulausa samvinnu við þriðju lönd um framkvæmd laga.

13) Ef samræmingin á starfsemi aðildarríkjanna samkvæmt þessari reglugerð felur í sér fjárhagsaðstoð Bandalagsins skal ákvörðun um að veita slíka aðstoð tekin í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 20/2004/EB frá 8. desember 2003 um almennan ramma fyrir fjármögnun aðgerða Bandalagsins til stuðnings neytendastefnu á tímabilinu 2004 til 2007 (6), einkum 5. og 10. aðgerð sem settar eru fram í viðaukanum við þá ákvörðun og í síðari ákvörðunum.

14) Neytendasamtök gegna afar mikilvægu hlutverki að því er varðar neytendaupplýsingar og fræðslu og við að vernda hagsmunum neytenda, þ.m.t. við lausn deilumála, og skulu þau hvött til að starfa með lögbærum yfirvöldum að því að gera beitingu þessarar reglugerðar áhrifaríkari.

15) Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið (7).

16) Árangursríkt eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar og skilvirkni neytendaverndar útheimtir reglulega skýrslugjöf frá aðildarríkjunum.

17) Í þessari reglugerð er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru m.a. viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi (8). Þar af leiðandi er rétt að túlka og beita þessari reglugerð með hliðsjón af þeim réttindum og meginreglum.

18) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. samstarfi milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, vegna þess að þau geta ekki ein tryggt samstarf og samræmi og markmiðunum verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreiffræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein,

er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Inngangssákvæði

1. gr.

Markmið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um við hvaða aðstæður lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, sem eru tilnefnd ábyrg fyrir framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda, skuli hafa samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina til að tryggja að farið sé að þessum lögum og til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og auka fjárhagslega vernd neytenda.

2. gr.

Gildissvið

1. Ákvæðin um gagnkvæma aðstoð, sem eru sett fram í II. og III. kafla, gilda um brot innan Bandalagsins.

2. Þessi reglugerð er með fyrirvara um reglur Bandalagsins um alþjóðlegan einkamálarétt, einkum reglur í tengslum við lögsögu dómstóls og þá réttarreglu sem beitt er.

3. Þessi reglugerð er með fyrirvara um beitingu ráðstafana er varða dómsmálasamstarf í sakamálum og einkamálum í aðildarríkjunum, einkum starfsemi Evrópunets dómstóla.

4. Þessi reglugerð er með fyrirvara um að aðildarríkin standi við allar viðbótar-skuldbindingar í tengslum við gagnkvæma aðstoð við vernd sameiginlegra, fjárhagslegra hagsmuna neytenda, þ.m.t. varðandi sakamál, sem leiðir af öðrum löggæringum, þ.m.t. tvíhliða eða marghliða samningar.

5. Þessi reglugerð er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda (9).

6. Þessi reglugerð er með fyrirvara um lög Bandalagsins um innri markaðinn, einkum þau ákvæði sem varða frjálsan flutning á vörum og þjónustu.

7. Þessi reglugerð er með fyrirvara um lög Bandalagsins um sjónvarpsútsendingar.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lög til verndar hagsmunum neytenda“: tilskipanir eins og þær eru leiddar í landslög aðildarríkjanna og reglugerðir sem eru tilgreindar í viðaukanum,

b) „brot innan Bandalagsins“: aðgerðir eða aðgerðaleyssi andstætt lögum til verndar hagsmunum neytenda, eins og skilgreint er í a-lið, sem skaða, eða eru líkleg til að skaða, sameiginlega hagsmuni neytenda sem hafa búsetu í aðildarríki eða -ríkjum, þó ekki í því aðildarríki þar sem aðgerðirnar eða aðgerðaleyssið var upprunnið eða átti sér stað eða þar sem seljandi eða birgir, sem ber ábyrgðina, hefur búsetu eða þar sem finnast sönnunargögn eða eignir sem tengjast aðgerðinni eða aðgerðaleyssinu,

c) „lögbært yfirvald“: hvaða opinbert yfirvald sem vera skal sem hefur staðfestu annaðhvort á innanlands-, svæðis- eða staðargrundvelli sem hefur sérstökum skyldum að gegna við framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda,

d) „miðlæg tengiskrifstofa“: opinbera yfirvaldið í hverju aðildarríki sem er tilnefnt sem ábyrgðaraðili fyrir samræmingu á beitingu þessarar reglugerðar í því aðildarríki,

e) „þar til bær embættismaður“: embættismaður sem er lögbært yfirvald og ber ábyrgð á því að beita þessari reglugerð,

f) „yfirvald sem leggur fram beiðni“: lögbært yfirvald sem leggur fram beiðni um gagnkvæma aðstoð,

g) „yfirvald sem beiðni er beint til“: lögbært yfirvald sem tekur við beiðni um gagnkvæma aðstoð,

h) „seljandi eða birgir“: einstaklingur eða lögaðili sem, að því er varðar lög til verndar hagsmunum neytenda, starfar að sinni atvinnugrein, viðskiptum, iðju eða sérgrein,

i) „markaðseftirlitsstarfsemi“: aðgerðir lögbærs yfirvalds sem er tilnefnt til að komast að því hvort brot innan Bandalagsins hafi átt sér stað á umráðasvæði yfirvaldsins,

j) „kvartanir neytenda“: yfirlýsing, studd eðlilegum sönnunargögnum, um að seljandi eða birgir hafi brotið, eða sé líklegur til að brjóta, lög sem eru til verndar hagsmunum neytenda,

k) „sameiginlegir hagsmunir neytenda“: hagsmunir tiltekins fjölda neytenda sem hafa skaðast eða líklegt er að skaðist vegna brots.

4. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld og miðlæga tengiskrifstofu sem bera ábyrgð á beitingu þessarar reglugerðar.

2. Hvert aðildarríki getur tilnefnt önnur opinber yfirvöld, ef þörf krefur, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð. Þau geta einnig tilnefnt stofnanir sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta í tengslum við að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins í samræmi við 3. mgr. 8. gr.

3. Hvert lögbært yfirvald skal, með fyrirvara um 4. mgr., hafa nauðsynlegar rannsóknar- og framkvæmdaheimildir fyrir beitingu þessarar reglugerðar og skal fara með þær í samræmi við innlend lög.

4. Lögbær yfirvöld geta, í samræmi við innlend lög, beitt heimildunum sem um getur í 3. mgr.:

a) annaðhvort beint samkvæmt sínum eigin heimildum eða undir eftirliti dómsmálafyrivalda,

b) eða með því að vísa máli til dómstóla sem eru þar til bærir að taka nauðsynlega ákvörðun, þ.m.t. með málskoti ef þörf

krefur, ef ekki er orðið við beiðni um að taka þessa nauðsynlegu ákvörðun.

5. Ef lögbær yfirvöld beita heimildum sínum með því að vísa máli til dómstóla, í samræmi við b-lið 4. mgr., skulu þeir dómstólar vera þar til bærir að taka nauðsynlegar ákvarðanir.

6. Þeim heimildum, sem um getur í 3. mgr., skal aðeins beitt ef rökstuddur grunur leikur á um brot innan Bandalagsins og þær skulu a.m.k. fela í sér rétt til þess:

a) að fá aðgang að hvers konar viðeigandi skjölum í hvaða formi sem er sem tengjast viðkomandi broti innan Bandalagsins,

b) að krefjast þess af hvaða einstaklingi sem er að hann leggi fram viðeigandi upplýsingar í tengslum við viðkomandi brot innan Bandalagsins,

c) að framkvæma nauðsynlega vettvangsskoðun,

d) að krefjast þess skriflega að viðkomandi seljandi eða birgir láti af viðkomandi broti innan Bandalagsins,

e) að fá hjá seljanda eða birgi, sem hefur gerst sekur um brot innan Bandalagsins, loforð um að hann láti af því broti og, eftir því sem við á, birta það loforð,

f) að krefjast stöðvunar eða banns við öllum brotum innan Bandalagsins og, eftir því sem við á, að birta þær ákvarðanir sem eru teknar,

g) að krefjast þess að stefndi, sem tapar máli, greiði sekt til hins opinbera eða til réttihafa sem er tilnefndur í eða samkvæmt innlendum lögum ef hann fer ekki að ákvörðuninni sem er tekin.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að þar til bær yfirvöld fái þá fjármuni sem nauðsynlegir eru til að beita þessari reglugerð. Þar til bærir embættismenn skulu virða faglegar reglur og vera bundnir af viðeigandi innlendra málsmeðferð eða siðareglum sem tryggja einkum vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga, sanngjarna málsmeðferð og að ákvæðin um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu, sem sett eru með 13. gr., séu virt til fulls.

8. Sérhvert lögbært yfirvald skal láta almenning vita af réttindum og skyldum samkvæmt þessari reglugerð og skal tilnefna þar til bæra embættismenn.

5. gr.

Skrár

1. Hvert aðildarríki skal láta framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin vita af því hver lögbær yfirvöld eru, um önnur opinber yfirvöld og stofnanir sem eiga löglegra hagsmuna að gæta varðandi stöðvun og bann við brotum innan Bandalagsins og um miðlægu tengiskrifstofuna.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta og uppfæra skrá yfir miðlægar tengiskrifstofur og lögbær yfirvöld í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

II. KAFLI

Gagnkvæm aðstoð

6. gr.

Skipti á upplýsingum að fenginni beiðni

1. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal, samkvæmt beiðni þar til bær yfirvalds, í samræmi við 4. gr., þegar í stað veita allar viðeigandi upplýsingar sem þarf til að ákvarða hvort brot innan Bandalagsins hafi átt sér stað eða til að ákvarða hvort rökstuddur grunur leiki á um að slíkt brot geti átt sér stað.

2. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal gera viðeigandi rannsóknir, með aðstoð annarra opinberra yfirvalda ef þörf krefur, eða hvers konar aðrar, nauðsynlegar eða viðeigandi ráðstafanir í samræmi við 4. gr. til að afla þeirra upplýsinga sem þörf krefur.

3. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur, ef yfirvald sem leggur fram beiðni óskar eftir því, leyft þar til bærum embættismanni yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, að fylgjast með rannsóknum embættismanna yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

4. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu

samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

7. gr.

Skipti á upplýsingum án beiðni

1. Ef lögbæru yfirvaldi verður kunnugt um brot innan Bandalagsins, eða hefur rökstuddan grun um að slík brot geti átt sér stað, skal það tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um það og veita þegar í stað allar nauðsynlegar upplýsingar.

2. Ef lögbært yfirvald gerir frekari ráðstafanir til að framfylgja lögum eða fær beiðni um gagnkvæma aðstoð í tengslum við brot innan Bandalagsins skal það tilkynna lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni um það.

3. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

8. gr.

Beiðni um ráðstafanir til að framfylgja lögum

1. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal, að fenginni beiðni frá yfirvaldi sem leggur fram beiðni, tafarlaust gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að knýja fram stöðvun eða bann við viðkomandi broti innan Bandalagsins.

2. Til að uppfylla skyldur sínar skv. 1. mgr. skal yfirvald, sem beiðni er beint til, beita þeim heimildum sem eru tilgreindar í 6. mgr. 4. gr. og öllum viðbótarheimildum sem það fær samkvæmt landslögum. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal ákvarða, með aðstoð annarra opinberra yfirvalda ef þörf krefur, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins á skilvirkan og árangursríkan hátt sem er í réttu hlutfalli við brotið.

3. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur einnig uppfyllt skyldur sínar skv. 1. og 2. mgr. með því að gefa stofnun, sem er

tilnefnd í samræmi við annan málslíð 2. mgr. 4. gr. og, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta varðandi stöðvun eða bann við brotum innan Bandalagsins, fyrirmæli um að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, sem hún hefur heimild til samkvæmt landslögum, til að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins fyrir hönd yfirvaldsins sem beiðni er beint til. Ef sú stofnun vanrækir að sjá til þess að viðkomandi brot innan Bandalagsins sé stöðvað eða bannað þegar í stað hvílir skyldan skv. 1. og 2. mgr. áfram á yfirvaldinu sem beiðni er beint til.

4. Yfirvaldið, sem beiðni er beint til, getur aðeins gert ráðstafanirnar sem eru settar fram í 3. mgr. að höfðu samráði við þar til bært yfirvald um beitingu þessara ráðstafana og að því tilskildu að bæði yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðni er beint til samþykki:

– að líklegt sé að beiting ráðstafananna í 3. mgr. leiði til stöðvunar eða banns við viðkomandi broti innan Bandalagsins á a.m.k. jafn skilvirkan og áhrifaríkan hátt og aðgerð af hálfu yfirvaldsins sem beiðni er beint til

og

– að fyrirmæli til stofnunarinnar, sem er tilnefnd samkvæmt landslögum, leiði ekki til þess að þeirri stofnun séu afhentar neinar upplýsingar sem eru trúnaðarmál skv. 13. gr.

5. Ef yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, er þeirrar skoðunar að skilyrðin, sem sett eru fram í 4. mgr., séu ekki uppfyllt skal það senda yfirvaldinu, sem beiðni er beint til, skriflega tilkynningu um það og tilgreina ástæðurnar fyrir álitinu sínu. Ef yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, og yfirvaldið, sem beiðni er beint til, eru ekki sömu skoðunar getur síðarnefnda yfirvaldið vísað málinu til framkvæmdastjórnarinnar sem skal skila álitinu í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

6. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur haft samráð við yfirvaldið, sem leggur

fram beiðni, við gerð ráðstafana til að framfylgja lögum sem um getur í 1. og 2. mgr. Yfirvaldið, sem beiðni er beint til, skal þegar í stað tilkynna yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem eru gerðar og hvaða áhrif þær hafa á brot innan Bandalagsins, þ.m.t. hvort þeim hefur fækkað.

7. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

9. gr.

Samræming starfs við markaðseftirlit og lagaframkvæmd

1. Lögbær yfirvöld skulu samræma starf sitt við markaðseftirlit og lagaframkvæmd. Þau skulu skiptast á öllum nauðsynlegum upplýsingum til að ná því markmiði.

2. Ef lögbær yfirvöld fá vitneskju um að brot innan Bandalagsins skaði hagsmunum neytenda í fleiri en tveimur aðildarríkjum skulu viðkomandi lögbær yfirvöld, með milligöngu miðlægu tengiskrifstofunnar, samræma aðgerðir sínar við lagaframkvæmdina og beiðnir um gagnkvæma aðstoð. Þau skulu einkum leitast við að gera rannsóknir og ráðstafanir til að framfylgja lögum samtímis.

3. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa framkvæmdastjórnina fyrir fram um slíka samræmingu og þau geta boðið embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa heimild framkvæmdastjórnarinnar, að taka þátt í henni.

4. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

10. gr.

Gagnagrunnur

1. Framkvæmdastjórnin skal viðhalda raf-rænum gagnagrunni þar sem hún skal geyma og vinna upplýsingarnar sem hún fær skv. 7., 8. og 9. gr. Þessi gagnagrunnur

skal einungis vera aðgengilegur lögbærum yfirvöldum til skoðunar. Varðandi þá skyldu lögbærra yfirvalda að tilkynna um þær upplýsingar sem á að geyma í gagnagrunninum og vinnslu persónuupplýsinga sem tengjast þeim skulu lögbær yfirvöld teljast vera ábyrgðaraðilar í samræmi við d-lið 2. mgr. tilskipunar 95/46/EB. Varðandi skyldur framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þessari grein og um vinnslu persónuupplýsinga í því sambandi skulu lögbær yfirvöld teljast vera ábyrgðaraðilar í samræmi við d- lið 2. mgr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

2. Ef lögbært yfirvald kemst að raun um að tilkynning skv. 7. gr. um brot innan Bandalagsins reynist ekki á rökum reist skal það draga tilkynninguna til baka og framkvæmdastjórnin skal þegar í stað fjarlægja þær upplýsingar úr gagnagrunninum. Ef þar til bært yfirvald tilkynnir framkvæmdastjórninni skv. 6. mgr. 8. gr. um að látið hafi verið af broti innan Bandalagsins skal eyða skráðum gögnum sem tengjast viðkomandi broti fimm árum eftir að tilkynningin berst.

3. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

III. KAFLI.

Skilyrði varðandi gagnkvæma aðstoð

11. gr.

Almenn ábyrgð

1. Lögbær yfirvöld skulu uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eins og væru þau að vinna fyrir hönd neytenda í sínu eigin landi og að eigin frumkvæði eða að beiðni annars lögbærs yfirvalds í heimalandi sínu.

2. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að beiting þessarar reglugerðar af hálfu lögbærra yfirvalda, annarra opinberra yfirvalda, stofnana sem þau hafa tilnefnt og eiga löglegra hagsmuna að gæta varðandi stöðvun eða bann við brotum innan Bandalagsins og þar til bærra dómstóla sé samræmd á

skilvirkan hátt, með milligöngu miðlægu tengiskrifstofunnar.

3. Aðildarríkin skulu hvetja til samstarfs lögbærra yfirvalda og annarra aðila sem, samkvæmt landslögum, hafa löglega hagsmuni af því að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins, til að tryggja að hugsanleg brot innan Bandalagsins séu tilkynnt lögbærum yfirvöldum þegar í stað.

12. gr.

Málsmeðferð við beiðni um gagnkvæma aðstoð og upplýsingaskipti

1. Yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, skal sjá til þess að öllum beiðnum um gagnkvæma aðstoð fylgi nægar upplýsingar til að unnt sé að verða við beiðninni, þ.m.t. nauðsynleg sönnunargögn sem aðeins er unnt að fá á yfirráðasvæði yfirvaldsins sem leggur fram beiðni.

2. Yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, skal senda beiðnina til miðlægrar tengiskrifstofu yfirvaldsins sem beiðni er beint til með milligöngu miðlægrar tengiskrifstofu yfirvaldsins sem leggur fram beiðni. Miðlæg tengiskrifstofa yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, skal þegar í stað senda beiðnir til viðeigandi lögbærs yfirvalds.

3. Beiðni um aðstoð og öll miðlun upplýsinga skal vera skrifleg á stöðluðu eyðublaði og send rafrænt um gagnagrunninn sem komið er á fót skv. 10. gr.

4. Viðkomandi lögbær yfirvöld skulu, áður en beiðni er lögð fram, samþykkja tungumálin sem eru notuð í beiðnum og við upplýsingaskipti. Ef samþykki fæst ekki skulu beiðnir sendar á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkis yfirvaldsins sem leggur fram beiðni og svörin skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkis yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

5. Upplýsingar, sem eru sendar í kjölfar beiðni, skulu sendar beint til yfirvaldsins sem leggur fram beiðni og jafnframt til miðlægra tengiskrifstofa yfirvaldsins sem leggur fram beiðni og yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

6. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

13. gr.

Notkun upplýsinga og vernd persónuupplýsinga og þagnarskylda og viðskiptaleynd

1. Upplýsingar, sem eru láttnar í té, má einungis nota í þeim tilgangi að tryggja samræmi við lög og verja hagsmuni neytenda.

2. Lögbær yfirvöld geta borið fyrir sig, sem sönnunargögn, hvers konar upplýsingar, skjöl, niðurstöður, yfirlýsingar, staðfest rétt endurrit eða vitneskju sem er miðlað á sama hátt og svipuðum skjölum sem þau geta fengið í sínu eigin landi.

3. Upplýsingar, sem eru sendar í einhverju formi til einstaklinga sem vinna fyrir lögbær yfirvöld, dómstóla, önnur opinber yfirvöld og framkvæmdastjórnina, þ.m.t. upplýsingar sem eru tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar og geymdar í gagnasafninu sem um getur í 10. gr. og sem, væru þær láttnar af hendi, myndu grafa undan:

– friðhelgi einkalífsins og ráðvendni einstaklingsins, einkum í tengslum við lög Bandalagsins um vernd persónuupplýsinga,

– viðskiptahagsmunum einstaklings eða lögaðila, þ.m.t. hugverkaréttur, málarekstri fyrir dómstóli og lögfræðiráðgjöf eða

– tilganginum með eftirliti eða rannsóknnum,

skulu vera trúnaðarmál og háðar kvöð um þagnarskyldu, nema nauðsynlegt sé að afhenda þær til að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins og yfirvaldið, sem sendir upplýsingarnar, samþykki að þær séu láttnar af hendi.

4. Að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin samþykkja þau lagaákvæði sem eru nauðsynleg til að takmarka réttindi og skyldur skv. 10., 11. og 12. gr. tilskipunar 95/46/EB eftir því

sem nauðsynlegt er til að standa vörð um þá hagsmuni sem um getur í d- og f-lið 1. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin getur takmarkað réttindi og skyldur skv. 4. gr. (1. mgr.), 11. gr., 12. gr. (1. mgr.), 13.–17. gr. og 37. gr. (1. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 45/2001 ef slík takmörkun er nauðsynleg ráðstöfun til að verja þá hagsmuni sem um getur í a- og e-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

14. gr.

Upplýsingaskipti við þriðju lönd

1. Lögbært yfirvald, sem fær upplýsingar frá yfirvaldi í þriðja landi, skal senda upplýsingarnar til viðeigandi lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum svo fremi að það sé leyft í tvíhliða samningi um aðstoð sem gerður er við þetta þriðja land og í samræmi við lög Bandalagsins um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga.

2. Upplýsingar, sem eru sendar samkvæmt þessari reglugerð, getur lögbært yfirvald einnig sent yfirvaldi þriðja lands samkvæmt tvíhliða samningi um aðstoð sem gerður er við það að því tilskildu að samþykki lögbæra yfirvaldsins, sem sendi upplýsingarnar upphaflega, liggja fyrir og í samræmi við lög Bandalagsins um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga.

15. gr.

Skilyrði

1. Aðildarríkin skulu falla frá öllum kröfum um endurgreiðslu á kostnaði við beitingu þessarar reglugerðar. Aðildarríki yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, skal þó áfram taka á sig ábyrgð gagnvart aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, á kostnaði eða tapi sem myndast í kjölfar ráðstafana sem dómstóll úrskurðar að séu tilefnislausar að því er varðar sakarefni brots innan Bandalagsins.

2. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur neitað að verða við beiðni um ráðstafanir til að framfylgja lögum skv. 8. gr. eftir að hafa átt viðræður við yfirvaldið sem leggur fram beiðni:

a) ef dómsmeðferð hefur þegar farið fram eða dómsyfirvöld í aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, eða yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, hafa þegar fellt endanlegan dóm varðandi sama brot innan Bandalagsins og gegn sömu seljendum eða birgjum,

b) ef yfirvaldið, sem beiðni er beint til, telur, að lokinni viðeigandi rannsókn, að ekkert brot hafi átt sér stað innan Bandalagsins

eða

c) ef það telur að yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, hafi ekki veitt nægar upplýsingar í samræmi við 1. mgr. 12. gr. nema yfirvaldið, sem beiðni er beint til, hafi þegar neitað að verða við beiðninni skv. c-lið 3. mgr. í tengslum við sama brot innan Bandalagsins.

3. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur neitað að verða við beiðni um upplýsingar skv. 6. gr.:

a) ef það telur, eftir viðræður við yfirvaldið sem leggur fram beiðni, að upplýsinganna sé ekki óskað í því skyni að ákvarða hvort brot hafi átt sér stað innan Bandalagsins eða til að ákvarða hvort rökstuddur grunur leiki á um að það geti átt sér stað,

b) ef yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, fellst ekki á að upplýsingarnar séu háðar ákvæðum um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu sem eru sett fram í 3. mgr. 13. gr.

eða

c) ef rannsókn sakamáls eða dómsmeðferð hefur þegar farið fram eða dómsyfirvöld í aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, eða yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, hafa þegar fellt endanlegan dóm varðandi sama brot innan Bandalagsins og gegn sömu seljendum eða birgjum.

4. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur ákveðið að efna ekki skuldbindingarnar sem um getur í 7. gr. ef rannsókn sakamáls

eða dómsmeðferð hefur þegar farið fram eða dómsyfirvöld í aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, eða yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, hafa þegar fellt endanlegan dóm varðandi sama brot innan Bandalagsins og gegn sömu seljendum eða birgjum.

5. Yfirvaldið, sem beiðni er beint til, skal tilkynna yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, og framkvæmdastjórninni um ástæðurnar fyrir því að það neitar að verða við beiðni um aðstoð. Yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, getur vísað málinu til framkvæmdastjórnarinnar sem skal skila álit í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

6. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

IV. KAFLI.

Aðgerðir bandalagsins

16. gr.

Samræming lagaframkvæmdar

1. Aðildarríkin skulu, í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum þessarar reglugerðar, tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um starfsemi sína í þágu Bandalagsins á sviðum eins og:

- a) menntun embættismanna sinna sem annast lagaframkvæmd á sviði neytendaverndar, þ.m.t. tungumálakennsla og námskeiðshald,
- b) söfnun og flokkun kvartana frá neytendum,
- c) að koma á fót netum þar til bærra embættismanna í sérstökum atvinnugreinum,
- d) þróun upplýsinga- og fjarskiptabúnaðar,
- e) þróun staðla, aðferðafræði og leiðbeininga fyrir embættismenn sem annast lagaframkvæmd á sviði neytendaverndar,
- f) embættismannaskipti.

Aðildarríkin geta, í samráði við framkvæmdastjórnina, unnið að sameiginlegri starfsemi á sviðum sem um getur í a- til f-lið. Aðildarríkin skulu, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, þróa sameiginlegan

ramma um flokkun kvartana frá neytendum.

2. Lögbær yfirvöld geta skipst á þar til bærum embættismönnum til að bæta samvinnuna. Lögbæru yfirvöldin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þar til bærum embættismönnum, sem skipst er á, kleift að taka virkan þátt í starfsemi lögbæra yfirvaldsins. Þess vegna skulu slíkir embættismenn fá heimild til að vinna þau skyldustörf sem lögbær yfirvöld í gistiríkinu fela þeim í samræmi við lög viðkomandi aðildarríkis.

3. Á meðan skiptin standa yfir skal farið með einkaréttarábyrgð og refsíábyrgð þar til bærs embættismanns á sama hátt og embættismanna lögbæra yfirvaldsins í gistiríkinu. Þar til bærir embættismenn, sem skipst er á, skulu virða faglegar reglur og vera bundnir af viðeigandi innlendum siðareglum lögbæra yfirvaldsins í gistiríkinu sem tryggja einkum vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónulegra gagna, sanngjarna málsmeðferð og að ákvæðin um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu, sem sett eru með 13. gr., séu virt til fulls

4. Ráðstafanir Bandalagsins, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, þ.m.t. tilhögun á framkvæmd sameiginlegrar starfsemi, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

17. gr.

Samvinna á sviði stjórnsýslu

1. Aðildarríkin skulu, í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum þessarar reglugerðar, tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um starfsemi sína í þágu Bandalagsins á sviðum sem geta verið t.d.:

- a) upplýsingar og ráðgjöf til neytenda,
- b) stuðningur við starfsemi fulltrúa neytenda,
- c) stuðningur við starfsemi stofnana sem bera ábyrgð á lausn deilumála neytenda utan dómstóla,

d) stuðningur við aðgang neytenda að réttarkerfinu,

e) söfnun tölulegra upplýsinga, niðurstöður rannsókna eða aðrar upplýsingar í tengslum við hegðun neytenda, viðhorf og niðurstöður.

Aðildarríkin geta, í samráði við framkvæmdastjórnina, unnið að sameiginlegri starfsemi á sviðum sem um getur í a- til e-lið. Aðildarríkin skulu, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, þróa sameiginlegan ramma um starfsemina sem um getur í e-lið.

2. Ráðstafanir Bandalagsins, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, þ.m.t. tilhögun á framkvæmd sameiginlegrar starfsemi, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

18. gr.

Alþjóðasamningar

Bandalagið skal eiga samstarf við þriðju lönd og við þar til bær alþjóðleg samtök á þeim sviðum sem falla undir þessa reglugerð með það fyrir augum að auka vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda. Tilhögun samvinnu, þ.m.t. að koma á fót tilhögun fyrir gagnkvæma aðstoð, getur verið hluti af samningum milli Bandalagsins og viðkomandi þriðju landa.

V. KAFLI.

Lokaákvæði

19. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

20. gr.

Nefndarmeðferð

1. Nefndin getur skoðað öll mál er varða beitingu þessarar reglugerðar sem formaður hennar leggur fram, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Hún getur einkum athugað og metið hvernig sú tilhögun samstarfs, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, reynist.

21. gr.

Skýrslur

1. Aðildarríkin skulu senda kvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja eða úr samningum sem þau gera um málefni sem reglugerð þessi nær til, að undanskildum samningum sem fjalla um einstök mál.

2. Annað hvert ár eftir gildistöku þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu hennar. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum.

3. Í skýrslunum skal fjallað um:

a) allar nýjar upplýsingar um stofnunina, heimildir, úrræði og skyldustörf lögbærra yfirvalda,

b) allar upplýsingar varðandi þróun, leiðir og aðferðir við að fremja brot innan Bandalagsins, einkum þær sem hafa leitt í ljós galla eða veilur í þessari reglugerð eða í lögnum til verndar hagsmunum neytenda,

c) allar upplýsingar um aðferðir við lagaframkvæmd sem hafa reynst árangursríkar,

d) samantekt tölulegra upplýsinga varðandi starfsemi lögbærra yfirvalda, s.s. aðgerðir samkvæmt þessari reglugerð, kvartanir sem hafa borist, aðgerðir við lagaframkvæmd og dóma,

e) samantekt mikilvægra innlendra dóma sem varða túlkun laga til verndar hagsmunum neytenda,

f) aðrar upplýsingar sem varða beitingu þessarar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar

fyrir Evrópuþingið og ráðið á grundvelli skýrslna aðildarríkjanna.

22. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún gildir frá 29. desember 2005.

Ákvæðin um gagnkvæma aðstoð, sem eru sett fram í II. og III. kafla, gilda frá 29. desember 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

VIÐAUKI

Tilskipanir og reglugerðir sem falla undir a-lið 3. gr. (10)

1. Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnábyrgðum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar (Stjttíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB (Stjttíð. EB L 290, 23.10.1997, bls. 18).

2. Tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva (Stjttíð. EB L 372, 31.12.1985, bls. 31)

3. Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnábyrgðum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjttíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB (Stjttíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17).

4. Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnábyrgðum aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur, 10.–21. gr. (Stjttíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjttíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

5. Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka (Stjttíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59).

6. Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjttíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29). Tilskipuninni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/995/EB (Stjttíð. EB L 353, 30.12.2002, bls. 1).

7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni (Stjttíð. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83).

8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga (Stjttíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2002/65/EB (Stjttíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB frá 6. október 1997 um breytingu á tilskipun 84/450/EBE varðandi villandi auglýsingar þannig að hún taki einnig til samanburðarauglýsinga.

10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum (Stjttíð. EB L 80, 18.3.1998, bls. 27).

11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi (Stjttíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12).

12. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafræna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) (Stjttíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um

Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum: 86.–100. gr. (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/27/EB (Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 34).

14. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur.

15. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004 frá 11. febrúar 2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður (Stjtið. ESB L 46, 17.2.2004, bls. 1).

(1)Stjtið. ESB C 108, 30.4.2004, bls. 86.

(2)Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 2004

(hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 7. október 2004. (3)Stjtið. EB C 224, 1.8.1996, bls. 3. (4)Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1). (5)Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1. (6)Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 786/2004/EB (Stjtið. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 7). (7)Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. (8)Stjtið. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1. (9)Stjtið. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/65/EB (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16). (10)Í tilskipunum nr. 1, 6, 8 og 13 er að finna sértæk ákvæði.

Úr lögum

nr. 72/2007 um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl. (7. gr.).

Tóku gildi 5. apríl 2007. Breytt með l. 34/2008 (tóku gildi 31. maí 2008 nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 8. maí 2008).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd eftirtalda alþjóðasamninga:

1. Samning frá 19. júní 1951 milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um réttarstöðu liðsafla þeirra.
2. Samning frá 19. júní 1995 milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að Samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra ásamt bókunum við þann samning frá 19. júní 1995 og 19. desember 1997.

2. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um erlendan liðssafla sem dvelur á Íslandi á grundvelli þeirra alþjóðasamninga sem tilgreindir eru í 1. og 2. tölul. 1. gr. eða á grundvelli bókunar frá 28.

ágúst 1952 varðandi réttarstöðu fjölþjóðlegra hernaðarlegra höfuðstöðva sem stofnsettar eru samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum.

Utanríkisráðherra er heimilt að ákveða með auglýsingu að ákvæði laga þessara skuli einnig gilda um annan erlendan liðssafla sem dvelur á Íslandi á grundvelli alþjóðasamninga

sem eru skuldbindandi fyrir Ísland að þjóðarétti og veita slíkum liðsafla sömu réttarstöðu og veitt er í framangreindum samningum.

Mönnum í erlendum liðsafla sem dvelur hérlendis á grundvelli heimildar skv. 1. eða 2. mgr. er heimilt að bera vopn hérlendis enda hafi þeir heimild til þess samkvæmt reglum þess sendiríkis sem þeir tilheyra og uppfyllt séu skilyrði sem íslensk stjórnvöld kunna að setja varðandi slíkan vopnaburð.

...

7. gr.

Erlendur liðsafla og borgaralegar deildir hans sem dvelja hér á landi á grundvelli alþjóðasamninga skv. 2. gr. skulu hérlendis njóta þess skattfrelsis og þeirra tollundanþágna sem samningarnir kveða á um.

Úr Varnarmálalögum nr. 34/2008.

Tóku gildi 31. maí 2008 nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 8. maí 2008. Breytt með l. 98/2010 (tóku gildi 3. júlí 2010) og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

I. KAFLI

Gildissvið, yfirstjórn, stefnumótun o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um stjórnsýslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála. Lögin taka ekki til verkefna stjórnvalda sem eru borgaraleg í eðli sínu, svo sem löggæslu og almannavarna.

...

13. gr.

Aðgangur að öryggis- og varnarsvæðum.

[Utánríkisráðherra]¹⁾ veitir aðgangsheimildir að öryggis- og varnarsvæðum. [Honum]¹⁾ er þó heimilt að fela rekstraraðila Keflavíkurflugvallar að annast útgáfu aðgangsheimilda að þeim hluta öryggissvæðisins við Keflavíkurflugvöll sem er innan haftasvæðis flugverndar. Takmarka má, synja um eða afturkalla aðgangsheimild af öryggisástæðum eða ef allsherjarregla krefst þess. ...¹⁾

Að undanskildum íslenskum tollgæslu- og lögregluyfirvöldum er þeim einum heimill aðgangur að öryggis- og varnarsvæðum og mannvirkjum þar sem þangað á lögsmætt erindi og hefur gilda aðgangsheimild.

¹⁾L. 98/2010, 8. gr.

...

VIII. KAFLI

Skatt- og tollundanþágur.

21. gr.

Öryggis- og varnarsvæði, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, skulu undanþegin öllum opinberum gjöldum, þ.m.t. vegna kaupa á vöru og þjónustu til viðhalds og rekstrar. Þá eru mannvirkin undanþegin skyldutryggingu fasteigna.

Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar, herlið Bandaríkjanna og liðsaflí skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 72/2007 nýtur hérlendis undanþágu frá greiðslu skatta, gjalda og tolla með þeim hætti sem greinir í 7. og 8. gr. viðbættis við lög nr. 110/1951, sbr. og 48. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Þó skal greiða óbeina skatta og gjöld, skv. 1. tölul. 6. gr. viðbættisins, með þeim undanþágum sem leiðir af 8. gr. viðbættisins og endurgreiðsluheimild 43. gr. laga nr. 50/1988. Sama gildir um liðsafla annarra ríkja, og skyldulið þeirra, sem dvelst hérlendis við framkvæmd skyldustarfa eða varnaræfingar á vegum íslenskra stjórnvalda.

Um þær eignir og þann rekstur sem Varnarmálastofnun annast fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar, herliðs Bandaríkjanna eða annarra þjóðréttaraðila, sem samkvæmt lögum og alþjóðasamningum eru undanþegnir skatt- og tollskyldu, fer eftir þeim sérreglum sem um þá þjóðréttaraðila gilda. Utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið reglugerð um framkvæmd slíkrar umsýslu.

...

29. gr.

Gildistaka og brottfall laga.

Lög þessi öðlast gildi 31. maí 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., nr. 106/1954, og lög um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, með síðari breytingum. Við gildistöku laganna skal Ratsjárstofnun lögð niður. Ákvæði til bráðabirgða öðlast þegar gildi.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett hafa verið á grundvelli laga nr. 106/1954 og nr. 82/2000, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði nýrra laga, uns nýjar reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið gefin út.

Lög**nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.**

Tóku gildi 6. júní 2008, nema 5. gr. sem tók gildi 1. júní 2008. EES-samningurinn: II. viðauki reglugerð 1907/2006.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er annars vegar að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi ekki tjóni á heilsu manna og dýra eða á umhverfi og hins vegar að tryggja frjálst flæði á efnavörum á markaði. Í því skyni skal byggja á þeirri grundvallarreglu að framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur efna og efnablandna skuli ganga úr skugga um að þau efni sem þeir framleiða, flytja inn eða nota valdi ekki tjóni á heilsu manna eða umhverfi.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um efni, hvort sem þau eru hrein, í efnablöndum eða í hlutum. Lögin taka þó ekki til lyfja, sbr. lyfjalög, nr. 93/1994, matvæla, sbr. lög um matvæli, nr. 93/1995, tóbaks, sbr. lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, vímuefna, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, snyrtivara, sbr. lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, né til geislavirkra efna, sbr. lög um geislavarnir, nr. 44/2002. Lög þessi taka enn fremur ekki til lækningatækja, sbr. lög um lækningatæki, nr. 16/2001.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinnna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Birgir*: Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi sem setur efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, á markað.
2. *Dreifandi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.m.t. smásali, sem einungis geymir og setur á markað efni, hreint eða í efnablöndu.
3. *Efnablanda*: Blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna.
4. *Efnastofnun Evrópu*: Efnastofnun Evrópu í Helsinki sem sett var á fót með reglugerð Evrópusambandsins nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006.
5. *Efni*: Frumefni og sambönd þeirra, bæði náttúruleg og manngerð, þ.m.t. aukefni sem eru nauðsynleg til að viðhalda stöðugleika efnisins, og óhreinindi sem verða til í vinnslu, en þó ekki leysiefni sem skilja má frá án þess að það hafi áhrif á stöðugleika efnisins eða breyti samsetningu þess.
6. *Efni í hlut*: Efni sem sett eru á markað í hlut og ætlast er til að losni úr hlutum við venjubundna notkun. Dæmi um slíkt er blek í prenthylkjum eða pennum.
7. *Eftirnotandi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem notar efni, hreint eða í efnablöndu, í iðnaði eða við faglega starfsemi. Dreifandi eða neytandi telst ekki eftirnotandi í þessum skilningi. Sá sem flytur aftur inn efni sem hefur verið skráð hjá Efnastofnun Evrópu og flutt út af Evrópska efnahagssvæðinu telst vera eftirnotandi.
8. *Framleiðandi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem framleiðir efni innan svæðisins.
9. *Innflutningur*: Flutningur efnis, efnablöndu eða efna í hlutum inn á Evrópska efnahagssvæðið frá ríkjum utan svæðisins.
10. *Innflytjandi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem er ábyrgur fyrir innflutningi inn á svæðið. Aðili sem flytur inn efni sem þegar hafa verið skráð hjá Efnastofnun Evrópu telst dreifandi en ekki innflytjandi í skilningi laga þessara.
11. *Markaðsleyfi*: Leyfi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til markaðssetningar efna sem háð eru sérstökum takmörkunum samkvæmt reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
12. *Markaðssetning*: Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir lög þessi eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur telst markaðssetning í skilningi laga þessara.
13. *Öryggisblöð*: Upplýsingablöð um eiginleika efna eða efnablandna ásamt upplýsingum um meðhöndlun og meðferð þeirra.
14. *Öryggismat*: Mat á hættueiginleikum efnis í framleiðslu og við þá notkun sem efnið er ætlað til, að teknu tilliti til eðlilegrar varúðar við framleiðslu og notkun.

15. *Öryggisskýrsla*: Skýrsla þar sem niðurstöður öryggismats eru teknar saman.

4. gr.

Takmarkanir.

Ef heilsu manna og dýra eða umhverfi stafar hættu af má takmarka heimildir til framleiðslu, markaðssetningar og notkunar tiltekinna efna, hvort sem þau eru hrein, í efnablöndum eða í hlutum, binda þær við tiltekin notkunarvið, kveða á um upplýsingaskyldu um notkunina, kveða á um skyldubundnar merkingar, krefjast þess að efni sem talið er hafa óæskileg áhrif á heilsu manna og dýra eða er talið skaða umhverfið sé skipt út fyrir annað hættuminna efni, krefjast prófunar af hálfu faggiltra prófunaraðila, leyfisbinda markaðssetningu eða notkun eða banna alla notkun.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um takmarkanir skv. 1. mgr. í samræmi við kröfur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðherra er heimilt, ef réttmæt ástæða er til að ætla að þörf sé á tafarlausum aðgerðum til að vernda heilsu manna eða umhverfið, að grípa til aðgerða, svo sem banns við markaðssetningu eða annarra takmarkana til verndar þessum hagsmunum. Þetta gildir þó að viðkomandi efni, efnablanda eða efni í hlut sem aðgerðir skv. 1. másl. beinast að uppfylli kröfur laga þessara eða reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

5. gr.

Skráningarskylda.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem framleiðir eða flytur inn efni til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári, skal skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu. Framleiðanda og innflytjanda er skylt að hlíta þeim takmörkunum sem skráningunni kunna að fylgja.

Ráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um fyrirkomulag skráningar, tilkynningar, mat á efnunum, skyldu til gerðar og endurmats öryggisskýrslu og öryggismats og prófanir sem skal framkvæma í tengslum við skráninguna. Enn fremur er ráðherra heimilt í reglugerð að setja ákvæði sem nauðsynleg eru vegna aðildar Íslands að Efnastofnun Evrópu, þ.m.t. um gjaldtöku.

Um virk efni í varnar- og sæfiefnum fer samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

6. gr.

Markaðsleyfi

Framleiðandi eða innflytjandi efnis sem háð er markaðsleyfi skal sækja um slíkt leyfi til Efnastofnunar Evrópu. Sama gildir um eftirnotanda ef notkun hans á efninu er ekki innan heimils notkunarviðs samkvæmt markaðsleyfi sem gefið hefur verið út til handa innflytjanda eða framleiðanda efnisins.

Umhverfisstofnun staðfestir útgefið markaðsleyfi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða efni skuli háð markaðsleyfi, um leyfisumsókn, efni leyfis, veitingu þess og staðfestingu Umhverfisstofnunar.

7. gr.

Öryggisblöð og öryggisskýrslur.

Birgjar skulu láta öryggisblað fylgja við afhendingu efnis til eftirnotanda eða dreifanda, hvort sem það er hreint eða í efnablöndu, ef það fellur undir einn eða fleiri af eftirtöldum liðum :

- a. Efnið er hættulegt eða eitrað, sbr. lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.
- b. Efnið er þrávirkt, safnast fyrir í lífverum eða er eitrað samkvæmt nánari viðmiðunum sem settar eru í reglugerð.
- c. Efnið er háð markaðsleyfi skv. 6. gr.

Upplýsingar úr öryggisskýrslum um örugga notkun skulu, þegar við á, fylgja í viðauka við öryggisblað.

Birgjar annarra efna en þeirra sem falla undir 1. mgr. skulu við afhendingu láta fylgja skráningarnúmer efnis og upplýsingar um notkunartakmarkanir ef um þær er að ræða.

Eftirnotendur skulu nota efni og efnablöndur í samræmi við ákvæði öryggisblaða og öryggisskýrslna sem þeim fylgja.

Eftirnotendur skulu tilkynna dreifanda, innflytjanda eða framleiðanda ef notkun þeirra er utan skráðs notkunarviðs viðkomandi efnis samkvæmt öryggisskýrslu. Ef um er að ræða notkun efna sem skylt er að gera öryggisskýrslu um, utan skráðs notkunarviðs, er eftirnotanda skylt að gera öryggisskýrslu vegna notkunar sem ekki er tilgreind á öryggisblaði, sé notkunin meiri en sem nemur einu tonni á ári.

Nánari ákvæði um skyldu til gerðar og endurmats öryggisblaða og um undanþágur þar frá, um efni þeirra og um skyldur birgja og eftirnotenda að öðru leyti skulu sett í reglugerð.

8. gr.

Markaðssetning, framleiðsla og notkun.

Heimilt er að setja á markað efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem skráð hefur verið hjá Efnastofnun Evrópu með þeim notkunartakmörkunum sem af þeirri skráningu kann að leiða eða markaðsleyfi kveður á um.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem ekki hefur verið skráð eða eftir atvikum leyft samkvæmt ákvæðum þessara laga. Enn fremur er óheimilt að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, á þann hátt að í bága fari við þær takmarkanir sem settar eru á grundvelli laga þessara og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim, sbr. 4.–7. gr.

9. gr.

Eftirlit og framkvæmd.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laganna og er ráðherra til ráðgjafar.

Umhverfisstofnun skal upplýsa almenning um hættu tengda efnum og efnanotkun þegar þörf er á til verndar heilsu almennings eða umhverfi. Umhverfisstofnun skal setja á fót rafrænt þjónustuborð þar sem framleiðendum, innflytjendum, birgjum, eftirnotendum og öðrum eru veittar upplýsingar og ráðgjöf um skyldur sínar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framleiðslu, innflutningi og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lög þessi. Samhliða eftirliti með starfsleyfis skyldri starfsemi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skulu heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara hjá hlutadeigandi starfsemi í samræmi við fyrirmæli Umhverfisstofnunar. Í þeim tilvikum skal beiting úrræða skv. 10. gr. vera í höndum heilbrigðisnefndar.

Umhverfisstofnun getur haft samstarf við tollyfirvöld um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum við innflutning. Tollyfirvöld skulu veita Umhverfisstofnun upplýsingar um innflutning efna, efnablandna og vara sem falla undir lög þessi sé þess óskað.

Umhverfisstofnun getur með samningi falið öðrum stjórnvöldum eða faggiltum skoðunarstofum, sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., einstaka þætti eftirlits samkvæmt lögum þessum. Taka stjórnvaldsákvörðana samkvæmt lögum þessum skal þó ávallt vera í höndum Umhverfisstofnunar, sbr. þó 3. mgr. Skylda má þá sem eftirlit beinist að til að semja um framkvæmd eftirlits við faggiltar skoðunarstofur.

10. gr.

Heimildir eftirlitsaðila.

Eftirlitsaðilum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi ná til. Eftirlitsaðilar geta krafist þess að birgir veiti eins fljótt og verða má þær upplýsingar um innihald efna, efnablandna og efna í hlutum sem honum er skylt að hafa.

Umhverfisstofnun, eða eftir atvikum heilbrigðisnefnd, sbr. 3. mgr. 9. gr., skal stöðva markaðssetningu vöru sem ekki uppfyllir skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim og leggja hald á slíka vöru. Enn fremur er heimilt að krefjast þess að birgir fargi viðkomandi efni, efnablöndu eða hlut með öruggum hætti eða afturkalli vöruna eða geymi þar til bætt hefur verið úr ágöllum eða hættu afstýrt með viðunandi hætti.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum getur Umhverfisstofnun, eða eftir atvikum heilbrigðisnefnd, sbr. 3. mgr. 9. gr., veitt viðkomandi aðila áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf. Ef tilmælum er ekki sinnt innan tiltekins frests getur Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd ákveðið þeim sem eftirlit beinist að dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir sem Umhverfisstofnun ákveður renna í ríkissjóð en dagsektir sem heilbrigðisnefnd ákveður renna til rekstraraðila heilbrigðis-eftirlits. Dagsektir skulu að hámarki nema 500.000 kr. á dag. Kostnað við verkið sem og dagsektir má innheimta með fjárnámi.

11. gr.

Gjaldtaka.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd er heimilt að taka gjald fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum hjá starfsemi sem háð er starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Eftirlit sem tekið er gjald fyrir skal framkvæmt samhliða eftirliti Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar með starfseminni samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um meðhöndlun úrgangs. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds fyrir viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

12. gr.

Viðurlög.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Efni, efnablöndur eða hluti sem flutt eru til landsins, markaðssett eða framleidd þannig að fari í bága við lög þessi má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25 frá 14. mars 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu, breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB.

14. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Ákvæði 5. gr. taka þó ekki gildi fyrir en 1. júní 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bann skv. 2. mgr. 8. gr. gildir ekki um efni sem forskráð eru hjá Efnastofnun Evrópu á tímabilinu 1. júní 2008 til 1. desember 2008, á meðan skráning efnisins er til meðferðar hjá stofnuninni. Bannið gildir ekki heldur um vörur sem afhentar voru frá framleiðanda og settar á markað á EES-svæðinu fyrir gildistöku laga þessara.

Úr lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008

Tóku gildi 1. janúar 2009, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða VII og VIII. Breytt með l. 156/2008 (tóku gildi 31. des. 2008), l. 70/2009 (tóku gildi 30. júní 2009 nema 1.–3. gr., 12.–26. gr. og brbákv. V og VI sem tóku gildi 1. júlí 2009, 4. gr. sem tók gildi 1. sept. 2009 og brbákv. IV sem tók gildi 16. júní 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr., sbr. og l. 97/2009 (tóku gildi 3. sept. 2009)), l. 80/2009 (tóku gildi 7. ágúst 2009), l. 123/2009 (tóku gildi 30. des. 2009), l. 52/2010 (tóku gildi 12. júní 2010) og l. 162/2010 (tóku gildi 1. janúar 2011).

1. ÞÁTTUR.

Almennar reglur um meðferð sakamála.

I. KAFLI.

Gildissvið laganna og dómendur í héraði.

1. gr.

Þau mál öll, sem handhafar ákærvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu sæta meðferð eftir ákvæðum laga þessara nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Sama á við um mál til þess að koma fram refsikenndum viðurlögum, svo sem öryggisgæslu og öðrum öryggisráðstöfunum, upptöku eigna, sviptingu réttinda og ómerkingu ummæla, ef ákærvaldið á sókn sakar, þótt ekki sé krafist refsingar í málinu.

2. gr.

Einnig skulu sæta meðferð samkvæmt lögum þessum mál til úrlausnar kröfu um framsal sakamanns og fullnustu erlends refsíðs hér á landi og meðferð erinda frá erlendum dómstólum og yfirvöldum um aðgerðir hér á landi í tengslum við sakamál. Þar að auki þau mál sem sæta skulu meðferð sakamála samkvæmt öðrum lögum.

Einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í sakamáli samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla laga þessara. Sama gildir um kröfur allsherjarréttar eðlis, svo sem kröfur um skatta, brottnám ólögmæts ástands eða bann við ólögmætri starfsemi.

...

4. gr.

Þá eina má kveðja til setu í dómi sem sérfróða meðdómsmenn er hafa nægilegan þroska og andlegt og líkamlegt heilbrigði, eru íslenskir ríkisborgarar, lögráða og orðnir 25 ára, hafa forræði á búi sínu og hafa hvorki gerst sekir um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómara verða almennt að njóta.

Hverjum þeim sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. er skylt að verða við kvaðningu til starfa sem sérfróður meðdómsmaður. Þetta gildir þó ekki um hæstaréttardómara, starfsmenn Hæstaréttar, héraðsdómara og aðstoðarmenn þeirra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, biskupa, presta og forstöðumenn í viðurkenndum trúfélögum, umboðsmann Alþingis, ríkissaksóknara, héraðssaksóknara, sýslumenn, tollstjóra og lögreglustjóra og löglærða starfsmenn þeirra né heldur lögmenn og fulltrúa þeirra.

...

III. kafli.

Ákærvaldið.

18. gr.

Ákærendur eru ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar. Að auki, í umboði þeirra, vararíkissaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar og saksóknarfulltrúar, svo og löglærðir aðstoðarlögreglustjórar.

Hlutverk ákæranda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þeir taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum.

Ákærendur skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er.

Ákærendum er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmæltra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti ákærvalds og lögreglu og fyrirhugaðar aðgerðir í þágu rannsóknar, og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

...

IV. KAFLI.

Sakborningur og verjandi.

27. gr.

Sakborningur er sá maður sem borinn er sökum eða grunaður um refsiverða háttsemi. Enn fremur sá lögaðili sem er sakaður eða grunaður um að bera ábyrgð á slíkri háttsemi.

Ef sakborningur er ólögráða kemur lögráðamaður fram sem fyrirvarsmáður hans eftir því sem þörf krefur. Lögráðamaður tekur ákvarðanir fyrir hönd hins ólögráða sem hann er ekki talinn bera skynbragð á eða fær um að taka.

Ef sakborningur er lögaðili koma stjórnendur fram sem fyrirvarsmenn hans, einir eða fleiri í sameiningu, eftir því sem leiðir af almennum reglum. Verði því við komið skal sá maður ekki fara með fyrirvar sem sakaður er um sams konar brot og lögaðilinn.

Fyrirvarsmenn skv. 2. og 3. mgr. hafa sömu réttarstöðu og væru þeir sjálfir bornir sökum eða grunaðir um refsiverða háttsemi.

28. gr.

Sakborningur á rétt á að fá upplýsingar um sakarefni áður en skýrsla er tekin af honum út af því eða við handtöku ef til hennar kemur.

Sakborningur sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar máls á rétt á að hafa samband við lögmann þegar eftir handtöku, sömuleiðis nánustu vandamenn sína nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvela rannsókn málsins. Í því tilviki skal lögregla, svo fljótt sem kostur er, tilkynna nánustu vandamönnum sakbornings að hann hafi verið handtekinn og hvar hann sé vistaður. [Innanríkisráðherra]²⁾ setur í reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um hvenær synja má handteknunum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína.

¹⁾Rg. 651/2009, ²⁾L. 162/2010, 194. gr.

...

2. ÞÁTTUR

Rannsókn.

VII. KAFLI.

Almennar reglur um rannsókn.

52. gr.

Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Enn fremur skal lögregla rannsaka mannlát, mannhvörf, eldsvoða, slys og aðrar ófarir, þótt ekki liggi fyrir grunur um refsiverða háttsemi. Ríkissaksóknari eða héraðssaksóknari geta hvor um sig gefið lögreglu fyrirmæli um að hefja rannsókn, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 23. gr. Um verkaskiptingu ríkislögreglustjóra og lögreglu í einstökum umdæmum fer eftir lögum og reglum, settum samkvæmt þeim.

Kæru vegna refsiverðs brots eða beiðni um rannsókn skal beint til lögreglu eða ákæranda. Nú er háttsemi ekki refsiverð nema brotþoli krefjist þess að sakamál skuli höfðað og skal þá ekki byrja rannsókn nema samkvæmt kröfu hans. Um kröfuna gilda annars ákvæði 144. gr. eftir því sem við á.

Lögregla vísar frá kæru um brot ef ekki þykja efni til að hefja rannsókn út af henni. Sé rannsókn hafin getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram, svo sem ef í ljós kemur að kæra hefur ekki verið á rökum reist eða brot er smávægilegt og fyrirsjáanlegt er að rannsóknin muni hafa í för með sér óeðlilega mikla fyrirhöfn og

kostnað. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin.

Nú er kæru vísað frá eða rannsókn hætt skv. 4. mgr. og er lögreglu þá skylt að tilkynna það kæranda hafi hann hagsmuna að gæta. Skal honum jafnframt bent á að hann geti kært ákvörðunina til héraðssaksóknara skv. 6. mgr.

Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun lögreglu skv. 4. mgr. innan eins mánaðar frá því að honum er tilkynnt um hana eða hann fékk vitneskju um hana með öðrum hætti. Ber héraðssaksóknara að taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum. Héraðssaksóknari getur jafnframt ákveðið að eigin frumkvæði að kæru skuli vísað frá eða að rannsókn skuli hætt, enda sé eitthvert skilyrði 4. mgr. fyrir hendi. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin, en tilkynna skal kæranda hana eftir því sem segir í 5. mgr.

Nú lýtur kæra að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi og getur sá sem kært hefur ákvörðun lögreglustjóra til héraðssaksóknara skotið úrskurði hans til ríkissaksóknara. Enn fremur getur sá sem á hagsmuna að gæta kært til ríkissaksóknara ákvörðun sem héraðssaksóknari hefur tekið að eigin frumkvæði skv. 6. mgr. Skal kærufrestur og frestur til að taka afstöðu til kærunnar vera sá sami og skv. 6. mgr.

Lögreglu og héraðssaksóknara er ekki skylt að rökstyðja ákvarðanir sínar skv. 4. og 6. mgr.

53. gr.

Markmið rannsókna er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi.

Peir sem rannsaka sakamál skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er.

Peir sem rannsaka sakamál skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakborning eða aðra harðræði umfram það sem lög heimila og nauðsynlegt er til að vinna bug á mótþróa þeirra gegn lögumtæmum aðgerðum né á annan hátt að beita þá ólögmati þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

54. gr.

Rannsaka skal og afla allra tiltækra gagna um verknað þann sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli, leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa uppi á munum sem hald skal leggja á og öðrum sýnilegum sönnunargögnum. Þá skal rannsaka vettvang ef við á og yfirleitt öll ummerki sem kunna að vera eftir brot.

Rannsaka skal þau atriði sem varða sakborning sjálfan, þar á meðal eftir því sem ástæða er til aldur hans, persónulegar aðstæður, svo sem fjölskyldu- og heimilishagi, menntun, störf og efnahag, hegðun hans og fyrri brot, og þroska hans og heilbrigðisástand, andlegt og líkamlegt.

Rannsaka skal hugarfar sakbornings og hvatir hans til brots, hvort hann hefur framið brot af ásetningu eða eftir atvikum af gáleysi og ef um tilraun er að ræða hvort hann hefur horfið af sjálfsdáðum frá henni. Ef fleiri en einn eru um brot skal eftir fögnum rannsaka þátt hvors eða hvers þeirra um sig.

55. gr. Skylt er mönnum, ef þeir eru kvaddir til þess, að veita lögreglu lið í þágu rannsókna, að því tilskildu að þeir geti það án hættu fyrir líf og heilsu sína, vandamanna

sinna eða annarra sem þeir eiga að annast. Svo er mönnum með sama skilorði skylt að láta í té aðstöðu eða muni sem þeir ráða yfir í þarfir rannsóknar, svo sem hús og flutningatæki. Undanþegnir skyldu samkvæmt þessari málsgrein eru nánustu vandamenn sakborninga sem greindir eru í 117. gr. laga þessara.

Greiða skal fyrir vinnu og annað það sem látið er í té skv. 1. mgr. og fer um það sem annan sakarkostnað.

56. gr.

Lögregla tekur saman skýrslu um rannsókn sína í hverju máli um sig þar sem getið skal einstakra rannsóknaraðgerða og niðurstöðu þeirra. Eftir því sem við á skal þar meðal annars koma fram það sem sakborningur og vitni bera við skýrslutöku, sbr. 64. og 65. gr., athugun lögreglu sjálfrar og niðurstaða skoðunar og rannsóknar sérfróðra manna.

Ef ætla má að lífi, heilbrigði eða frelsi lögreglumanns sem gerir skýrslu eða sinnir rannsóknaraðgerð ellegar nánna vandamanna hans, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. gr., yrði stefnt í hættu ef gert væri uppskátt hver hann er getur sá sem rannsókn stýrir ákveðið að gefa lögreglumanninum þar tilbúið heiti eða auðkenni. Skal þá um leið skjalfest hvaða lögreglumaður á hlut að máli, en aðrir skulu ekki hafa aðgang að upplýsingum um það en sá sem rannsókn stýrir og ákærandi, svo og dómari ef upplýsingarnar eru síðar lagðar fyrir dóm.

Ríkissaksóknara er heimilt að setja reglur um skyldu lögreglu til að veita upplýsingar um rannsókn máls, ef eftir þeim er leitað, þar sem meðal annars sé kveðið á um hvaða atriði eigi að upplýsa þegar verið er að rannsaka tilteknar tegundir mála og á hvaða stigi rannsóknar það verði gert.

57. gr.

Nú telur lögregla að rannsókn sé lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hún ákæranda þá rannsóknargögnin nema lögreglustjóri megi sjálfur höfða mál skv. 1. og 4. mgr. 24. gr. Með rannsóknargögnum sendir lögregla skýrslu um rannsóknina skv. 1. mgr. 56. gr.

Ákærandi getur mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir af hálfu lögreglu ef hann telur þess þörf, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 23. gr.

Nú hefur rannsókn á hendur sakborningi verið hætt vegna þess að sakargögn hafa ekki þótt nægileg til ákæru og á þá ekki að taka rannsókn upp á ný gegn honum nema ný sakargögn séu fram komin eða líklegt sé að þau komi fram. Ef rannsókn gegn sakborningi hefur verið hætt skal lögregla tilkynna honum það og á hann rétt á að fá það staðfest skriflega.

VIII. KAFLI.

Skýrslutaka við rannsókn.

58. gr.

Lögregla tekur skýrslu af sakborningi og vitnum meðan mál er til rannsóknar eftir því sem nánar er fyrir mælt í þessum kafla, sbr. þó 59. gr.

Að kröfu lögreglu er hverjum þeim, sem spurður er, skylt að skýra frá nafni sínu, kennitölu og heimili.

59. gr.

Meðan á rannsókn stendur fer skýrslutaka fram fyrir dómi í eftirgreindum tilvikum:

- a. af brotaþola ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og hann hefur ekki náð 15 ára aldri þegar rannsókn máls hefst,

- b. af sakborningi, brotþola eða öðrum vitnum ef lögregla telur það nauðsynlegt til þess að upplýsa mál áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess,
- c. af brotþola eða öðrum vitnum ef þau neita að mæta til skýrslutöku hjá lögreglu eða neita að svara spurningum hennar, ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð málsins eða það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna þeirra, svo sem ef um börn er að ræða.

Um skýrslutöku fyrir dómi skv. 1. mgr. gilda ákvæði XV. kafla.

60. gr.

Ef lögregla kemur á vettvang brots og ræðir þar við sjónarvotta eða önnur vitni getur hún skráð skýrslu um frásögn þeirra án þess að þau staðfesti hana sérstaklega.

Á öðrum stigum rannsóknar getur lögregla með samtali við vitni aflað frásagnar þess um atriði sem tengjast ætluðu broti og gert skýrslu um efni hennar á sama hátt og skv. 1. mgr.

Ákvæði 63.–65. gr. gilda um skýrslutöku skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

61. gr.

Ef sakborningur hefur ekki verið handtekinn skal lögregla kveðja hann til skýrslutöku og er honum skylt að sinna þeirri kvaðningu. Ef taka á skýrslu af sakborningi yngri en 18 ára vegna ætlaðs brots gegn almennum hegningarlögum eða brots gegn öðrum lögum, sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi, skal tilkynna það barnaverndarnefnd sem getur sent fulltrúa sinn til að vera við skýrslutökuna.

Ef lögregla telur þörf á að taka frekari skýrslu af vitni, þar á meðal brotþola, en kveðið er á um í 60. gr. skal hún boða vitnið til skýrslutöku. Vitni getur skorast undan að verða við þeirri boðun.

Ef verjandi og réttargæslumaður eiga rétt á því að vera viðstaddir skýrslutöku samkvæmt þessari grein skulu þeir jafnframt boðaðir til hennar.

62. gr.

Skýrslutaka af sakborningi og vitnum skv. 61. gr. fer fram fyrir luktum dyrum. Sé þess kostur skal hún fara fram á lögreglustöð eða í öðru sérútbúnu húsnæði.

Skýrslutaka af manni má ekki standa yfir lengur en í samtals tólf klukkustundir á hverjum 24 klukkustundum. Nú hefur skýrslutaka staðið yfir í fjórar klukkustundir, þó með stuttum hléum sé, og er þá skylt að ósk skýrslugjafa að gera lengra hlé á henni í minnst eina klukkustund áður en henni er fram haldið. Séð skal til þess að skýrslugjafi fái að öðru leyti nægilega hvíld og næringu.

Spyrja skal hvern mann án nærveru annarra, hvort sem er sakbornings eða vitna, uns ástæða kann að vera til að samprófa þá sem skýrslu gefa. Samprófun fer þannig fram að tekin skal í senn skýrsla af tveimur eða fleiri mönnum og spurningum þar beint til þeirra um tiltekin atriði sem þeim hefur ekki borið saman um.

Auk þess lögreglumanns sem stýrir skýrslutöku skal við hana vera einn greinargóður og trúverðugur vottur, sé þess kostur.

63. gr.

Sá sem gefur skýrslu skv. 61. gr. skal fyrst spurður um nafn, kennitölu og heimili.

Skýrslugjafi á rétt á því að fá vitneskju um það, þegar mál er orðið svo skýrt að þess sé kostur, hvort hann er spurður vegna gruns á hendur honum um refsivert brot eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar.

Spurningar lögreglu skulu vera skýrar og ótvíræðar. Ekki má rugla skýrslugjafa með ósannindum eða á annan hátt eða beita hann neins konar ólögmati þvingun í orði eða verki.

Ef verjandi er viðstaddur skýrslutöku getur hann beint þeim tilmælum til þess sem skýrslu tekur að skýrslugjafi verði spurður um tiltekin atriði. Á sama hátt getur réttargæslumaður, sem viðstaddur er skýrslutöku, mælt til þess að skjólstæðingur hans verði spurður um tiltekin atriði. Sé ekki farið að slíkum tilmælum eða sjái verjandi eða réttargæslumaður að öðru leyti ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd skýrslutöku í lok hennar.

Nú kann skýrslugjafi íslensku ekki nægilega vel og skal þá lögregla kalla til löggiltan dóm túlk eða annan hæfan mann til að annast þýðingu þess sem fram fer. Ef skýrslugjafi er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal lögregla á sama hátt sjá um að kalla til kunnáttumann til aðstoðar. Lögregla ákveður þóknun til handa túlki eða kunnáttumanni og greiðist hún og annar kostnaður vegna starfa þeirra úr ríkissjóði. Um störf þeirra og hæfi gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. eftir því sem við á.

64. gr.

Ef sakborningur hefur ekki fengið upplýsingar um sakarefni skal honum gerð grein fyrir því við upphaf skýrslutöku, sbr. 1. mgr. 28. gr.

Sakborningi er óskýlt að svara spurningum varðandi refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Ber þeim sem skýrslu tekur að benda sakborningi ótvírætt á þennan rétt hans.

Ef sakborningur kys að gefa skýrslu um sakarefnið skal brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta. Ekki má gefa honum fyrirheit um ívilnanir eða fríðindi ef hann ber á ákveðinn hátt, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða ekki á valdi lögreglu að veita þau.

Sakborningur má ekki ráðfæra sig við verjanda sinn um hvernig hann eigi að svara einstökum spurningum. Þó er sakborningi heimilt að ráðgast við verjanda um réttarstöðu sína í einrúmi, enda trufli það ekki skýrslutöku að mati þess sem skýrslu tekur. Nú greinir hann og verjanda á og skal skýrslutökunni samt eigi að síður fram haldið en rétt á verjandi á að gera í stuttu máli grein fyrir afstöðu sinni með bókun.

65. gr.

Ef vitni, þar á meðal brotapolí, gefur skýrslu skv. 61. gr. er því skylt að svara spurningum og skýra satt og rétt frá að viðlagðri refsíabyrgð, sbr. þó 2. mgr. Ber þeim sem skýrslu tekur að brýna fyrir vitninu þessa skyldu þess.

Vitni er heimilt að neita eða eftir atvikum óheimilt að svara einstökum spurningum ef þær ástæður sem greindar eru í 117.–119. gr. eiga við. Skal vekja athygli vitnisins á þessum undanþágum frá skyldu til vitnisburðar ef tilefni er til.

Vitni getur farið fram á að nafn þess, kennitala og heimili sem og aðrar upplýsingar, sem gætu bent til þess hvert það er, komi ekki fram í lögregluskýrslu, ef það telur hættu á að lífi, heilbrigði eða frelsi þess sjálfs ellegar náninna vandamanna þess, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. gr., yrði stefnt í hættu ef gert væri uppskátt hvert það er. Í því tilviki skulu upplýsingar þessar varðveittar þannig að tryggt sé að aðrir fái ekki aðgang að þeim en sá sem rannsókn stýrir og ákærandi, svo og dómari ef skýrslan er síðar lögð fyrir dóm. Skal vekja athygli vitnisins á þessum rétti þess ef tilefni er til.

66. gr.

Pegar tekin er skýrsla af sakborningi eða vitni skv. 61.–65. gr. skal skráð á þar til gert eyðublað hvar skýrslutakan fer fram, hver tekur skýrsluna, hver gefur hana og hverjir aðrir eru viðstaddir. Skal þar jafnframt skráð hvenær skýrslutaka hefst og hvenær henni lýkur, hvernig

henni er háttáð, sbr. 2. mgr., og hvaða gögn eru lögð fyrir eða sýnd skýrslugjafa. Enn fremur athugasemdir hans, ef einhverjar eru, og athugasemdir verjanda eða réttargæslumanns, sbr. 4. mgr. 63. gr.

Það sem kemur að öðru leyti fram við skýrslutöku skal hljóðritað, tekið upp á myndband eða mynddisk, ef því verður við komið, en annars ritað af þeim sem skýrslu tekur eftir nánari ákvörðun hans. Skal ákvörðunin tilkynnt skýrslugjafa og öðrum sem viðstaddir eru skýrslutöku. Ef framburður er ekki hljóðritaður eða tekinn upp á annan hátt skal leitast við að skrá orðrétt eftir skýrslugjafa. Í lok skýrslutöku skal gefa skýrslugjafa tækifæri til að lesa það sem skráð hefur verið eftir honum. Vilji hann leiðrétta það sem þar kemur fram eða skýra það frekar ber að gefa honum kost á því, eftir atvikum með því að skrá niður athugasemdir hans, sbr. 1. mgr.

Að lokinni skýrslutöku ritar sá sem skýrslu tekur, skýrslugjafi og aðrir sem viðstaddir eru nöfn sín undir eyðublað skv. 1. mgr. Ef framburður skýrslugjafa hefur verið skráður ritar hann jafnframt nafn sitt undir þá skýrslu. Eyðublaðið ásamt framburði skýrslugjafa á að fylgja rannsóknarskýrslu lögreglu skv. 56. gr.

Nú hefur vitni gefið skýrslu hjá lögreglu án þess að nafn þess og önnur persónueinkenni komi þar fram, sbr. 3. mgr. 65. gr., og á þá ekki að greina þær upplýsingar á eyðublaði skv. 1. mgr. og þær eiga ekki heldur að koma fram á gögnum skv. 2. mgr., auk þess sem vitnið þarf ekki að rita nafn sitt skv. 3. mgr.

67. gr.

[Innanríkisráðherra]²⁾ setur í reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um málaskrá lögreglu, um skýrslur sem teknar eru og varðveislu skriflegra skýrslna, hljóðritana, myndbanda og mynddiska með framburði skýrslugjafa.

¹⁾Rg. 651/2009, ²⁾L. 162/2010, 194. gr.

IX. kafli.

Hald á munum.

68. gr.

Leggja skal hald á muni, þar á meðal skjöl, ef ætla má að þeir ellegar hlutir eða upplýsingar sem þeir hafa að geyma hafi sönnunargildi í sakamáli, að þeirra hafi verið aflað á refsiverðan hátt eða að þeir kunni að verða gerðir upptækir. Óheimilt er að leggja hald á muni ef þeir hafa að geyma upplýsingar um það sem sakborningi og verjanda hans hefur farið á milli, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til.

Nú er þess kostur að tryggja sönnun í því skyni sem í 1. mgr. segir án þess að leggja þurfi hald á mun og skal þá þess í stað beina því til eiganda eða vörsluhafa munarins að veita aðgang að honum eða láta í té upplýsingar, sem hann hefur að geyma, svo sem með því að afhenda afrit af skjali eða annars konar upplýsingum.

69. gr.

Lögreglu er heimilt að leggja hald á muni án dómsúrskurðar, sbr. þó 2. mgr.

Nú eru munir í eigu eða vörslum annars manns en sakbornings og ekki er hætt á að þeir fari forgörðum eða þeim verði skotið undan og skal þá haldlagning ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki eiganda eða vörsluhafa.

Nú vill eigandi eða vörsluhafi munar, sem hald er lagt á, ekki hlíta þeirri ákvörðun og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara. Krafa um að aflétta haldi frestar því þó ekki.

70. gr.

Hald má leggja á bréf eða aðrar sendingar, sem eru í vörslum póst- eða flutningafyrirtækis, svo og á símskeyti, símbréf, tölvubréf eða aðrar sendingar, sem eru í vörslum fjarskiptafyrirtækis, enda sé það gert vegna rannsóknar út af broti sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum. Ef sendandi og viðtakandi hafa ekki verið staddir við haldlagningu skal hún tilkynnt þeim svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Rannsókn á efni bréfa, skeyta eða sendinga, sem hald er lagt á samkvæmt þessari málsgrein, má einungis fara fram samkvæmt úrskurði dómara.

Hald verður ekki lagt á prentað mál til undirbúnings upptöku samkvæmt ákvæðum laga um prentrétt án undangengins dómsúrskurðar.

71. gr.

Skrá skal þá muni sem hald er lagt á og varðveita þá með tryggum hætti. Eftir kröfu eiganda eða þess sem lætur muni af hendi skal láta honum í té afrit af skránni.

72. gr.

Aflétta skal haldi þegar þess er ekki lengur þörf og í síðasta lagi þegar máli er endanlega lokið nema um sé að ræða:

- a. muni sem gerðir hafa verið upptækir með dómi,
- b. muni sem aflað hefur verið með refsiverðum hætti og afhentir hafa verið þeim sem tilkall eiga til þeirra,
- c. muni sem lagðir hafa verið fram sem sönnunargögn í máli nema sá sem afhendingar krefst þurfi á gagni að halda til að ná rétti sínum eða afstýra réttindamissi.

Þegar haldi verður aflétt skv. 1. mgr. skal lögregla hlutast til um að skila munum til þess sem rétt á til þeirra.

X. kafli.

Leit og líkamsrannsókn.

73. gr.

Í þágu rannsóknar er heimilt án dómsúrskurðar að loka húsum eða geymslustöðum, einstökum herbergjum eða hirslum, afgirða ákveðna staði eða svæði og varna mönnum för um þá eða þau, gefa út bann við því að farið sé með muni af ákveðnum stöðum eða svæðum og grípa til sambærilegra ráðstafana til þess að ekki verði hróflað við vettvangi brots og öðrum ummerkjum sem komið geta að notum við rannsóknina.

74. gr.

Heimilt er að leita í húsum sakbornings, geymslustöðum, hirslum, skipum, loftförum, bifreiðum eða öðrum farartækjum hans í því skyni að handtaka hann, rannsaka andlag brots og önnur ummerki eða hafa uppi á munum sem hald skal leggja á.

Leita má í húsum, geymslustöðum, hirslum eða farartækjum annars manns en sakbornings þegar brot hefur verið framið þar eða sakborningur handtekinn þar. Einnig ef rökstuddur grunur leikur á að sakborningur haldi sig þar eða þar sé að finna muni sem hald skal leggja á.

Skilyrði fyrir húsleit er að rökstuddur grunur leiki á að framið hafi verið brot sem sætt getur ákæru og að sakborningur hafi verið þar að verki, enda séu augljósir rannsóknarhagsmunir í húfi. Það er enn fremur skilyrði fyrir húsleit skv. 2. mgr. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum.

75. gr.

Leit skv. 74. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki eiganda eða umráðamanns, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Leit er þó heimil án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Enn fremur ef leitað er að manni sem handtaka skal og honum er veitt eftirför eða hætta er á að hann komi sér undan ef beðið er úrskurðar.

Leit er heimil án dómsúrskurðar á víðavangi og í húsakynnum eða farartækjum, sem eru opin almenningi eða hver og einn getur átölulaust gengið um, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 74. gr.

Nú vill sá sem hagsmuna á að gæta ekki hlíta ákvörðun lögreglu um húsleit skv. 2. eða 3. mgr. og skal honum þá bent á að hann geti borið ágreiningsefnið undir dómara. Það frestar þó ekki húsleitinni.

76. gr.

Leita má á sakborningi ef nauðsynlegt þykir til að taka af honum muni sem hald skal leggja á, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu samkvæmt almennum hegningarlögum eða tveggja ára fangelsi samkvæmt öðrum lögum. Enn fremur má með sama skilorði leita á öðrum en sakborningi, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi á sér muni sem hald skal leggja á.

Nú er talið að sakborningur feli innvortis muni eða efni sem hald skal leggja á og er þá heimilt að framkvæma leit, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem varðað getur sex ára fangelsi að lögum. Enn fremur verður að liggja fyrir álit læknis um að óhætt sé að grípa til leitar samkvæmt þessari málsgrein með tilliti til heilsu sakborningsins.

Taka má fingraför af sakborningi og ljósmyndir af honum í þágu rannsóknar, svo og taka úr honum öndunarsýni í sama skyni. Samanburðarfingraför má taka af öllum þeim sem vegna umgengni sinnar um vettvang brots gætu átt þar fingraför. Sú heimild gildir jafnt þótt refsingu verði ekki við komið að lögum.

77. gr.

Heimilt er að taka blóð- og þvagsýni og önnur lífsýni úr sakborningi og rannsaka þau, svo og að framkvæma á honum aðra þá líkamsrannsókn í þágu rannsóknar sem gerð verður honum að meinalausu, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum. Enn fremur má taka lífsýni úr öðrum en sakborningi og rannsaka þau, enda varði brot að lögum tveggja ára fangelsi og fyrir liggi álit læknis um að óhætt sé að grípa til slíkrar rannsóknar með tilliti til heilsu þess sem í hlut á.

Ef vafi leikur á hvort sakborningur sé sakhæfur eða refsing geti borið árangur vegna andlegs ástands hans er rétt að láta hann sæta sérstakri geðrannsókn til þess að leiða þessi atriði í ljós. Skilyrði fyrir geðrannsókn er að rökstuddur grunur leiki á að sakborningur hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum.

78. gr.

Líkamsleit skv. 1. eða 2. mgr. 76. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þess sem í hlut á. Þó er líkamsleit skv. 1. mgr. 76. gr. heimil án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum.

Líkamsrannsókn eða geðrannsókn skv. 77. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þess sem í hlut á.

79. gr.

Lögregla stýrir húsleit og framkvæmir líkamsleit samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Líkamsleit skal gerð af lögreglumanni sem er sama kyns og sá sem leitað er á. Leit skv. 2. mgr. 76. gr. og læknisrannsókn, þar með talin geðrannsókn, skal framkvæmd af lækni eða öðrum sem hefur til þess tilskilda menntun.

Eiganda eða umráðamanni húsakynna eða farartækis, þar sem leit fer fram, skal kynnt heimild til húsleitar og veittur kostur á að vera viðstaddur hana ef unnt er. Sé hann fjarri skulu til kvaddir heimilismenn hans eða starfsmenn sem þar eru staddir. Hverjum þeim sem hindrar eða truflar leitina má víkja brott af leitarstað. Ef enginn er viðstaddur húsleit af hálfu eiganda eða umráðamanns skal lögregla tilkynna honum um leitina án ástæðulauss dráttar.

Við leit og líkamsrannsókn skal gæta þeirrar varfærni og hlífðar sem samræmist markmiði hennar. Ekki skal gera húsleit að næturþeli nema brýnir rannsóknarhagsmunir séu í húfi.

...

XIII. KAFLI.

Handtaka.

90. gr.

Lögreglu er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Nú verður upptot eða fjölmennar óeirðir brjótast út sem hafa haft eða gætu haft í för með sér líkamsmeiðingar eða stórfelld eignaspjöll og ekki verður með vissu bent á hinn seka eða hina seku og er þá lögreglu heimilt að handtaka hvern þann sem nærstaddur er og ástæða er til að gruna um refsiverða háttsemi.

Auk þess sem kveðið er á um í öðrum lögum er lögreglu enn fremur heimilt að handtaka mann:

- a. ef hann neitar að segja til nafns og deili á sér að öðru leyti, enda sé það nauðsynlegt í þágu rannsóknar,
- b. ef hann hefur verið kvaddur til að gefa skýrslu hjá lögreglu sem sakborningur en ekki sinnt kvaðningu,
- c. ef hann hefur ekki að forfallalausni sinnt fyrirfalli eða mætt til að gefa skýrslu í sakamáli,
- d. ef hann hefur leyfislaust horfið úr gæsluvarðhaldi eða rofið bann skv. 1. mgr. 100. gr.

91. gr.

Hver sá sem stendur mann að broti sem sætt getur ákæru og varðað getur fangelsi hefur heimild til að handtaka hann. Í því tilviki skal koma hinum handtekna í hendur lögreglu tafarlaust ásamt upplýsingum um ástæðu handtökunnar og hvenær hún fór fram.

92. gr.

Dómari getur fyrirskipað handtöku eftir kröfu héraðssaksóknara eða lögreglu ef skilyrði 1. eða 3. mgr. 90. gr. eru fyrir hendi. Slík handtökuskipun skal vera skrifleg og tilgreina deili á þeim sem handtaka skal og ástæður handtöku.

Handtökuskipun dómara má birta opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana ef ókunnugt er um dvalarstað þess sem handtaka skal og brot getur varðað fangelsi.

93. gr.

Við handtöku skal upplýsa þann sem handtekinn er um ástæður hennar.

Við handtöku skal forðast að valda hinum handtekna tjóni eða baka honum meiri óþægindi en nauðsyn ber til. Þess ber jafnframt að gæta eftir föngum að hann geti ekki unnið tjón á sjálfum sér eða öðrum.

Leita má á handteknum manni og taka af honum muni sem hann hefur á sér. Skila skal mununum aftur þegar handtöku lýkur nema hald hafi verið lagt á þá skv. 1. mgr. 68. gr.

[Innanríkisráðherra]² setur í reglugerð¹⁾ ákvæði um vistun á handteknum mönnum, þar á meðal hvaða atriði skuli skrá sem hana varða.

¹⁾Rg. 651/2009, ²⁾L. 162/2010, 194. gr..

94. gr.

Mann sem handtekinn hefur verið skal leiða fyrir dóm innan 24 klukkustunda frá því að hann var sviptur frelsi, enda sé hann ekki látinn laus ellegar færður aftur í gæslu sem hann á að sæta. Ef veður, ófærð eða aðrar þvífkar ástæður koma í veg fyrir að handtekinn maður verði leiddur fyrir dóm samkvæmt framansögðu skal það gert jafnskjótt og kostur er. Sama á við ef ekki er unnt að taka skýrslu af handteknum manni fljótlega eftir að hann hefur verið sviptur frelsi vegna þess að hann er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Þó má aldrei draga lengur en í 30 klukkustundir að leiða hann fyrir dómara af þeirri ástæðu.

Úr lögum

nr. 51/2009 um heimild til samninga um álver í Helguvík.

Tóku gildi 1. maí 2009. Breytt með lögum nr. 141/2009.

...

6. gr.

Innflutningur.

Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis á byggingar-efnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir álverið og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skulu vera undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sem og sams konar sköttum eða gjöldum er kunna síðar að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir framangreind gjöld. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar álversins.

Lög

nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta.

Tóku gildi 1. janúar 2010.

I. KAFLI

Kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð kolefnisgjald af fljótandi jarðefnaeldsneyti eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Með fljótandi jarðefnaeldsneyti er átt við gas- og dísilólú, bensín, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluólú.

Fjárhæð kolefnisgjalds skal vera [4,35 kr.]¹⁾ á hvern lítra af gas- og dísilólú, [3,80 kr.]¹⁾ á hvern lítra af bensíni, [4,10 kr.]¹⁾ á hvern lítra af flugvéla- og þotueldsneyti og [5,35 kr.]¹⁾ á hvert kílógramm af brennsluólú.

¹⁾L. 164/2010, 15. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

2. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. Allir þeir sem flytja til landsins vöru sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.
2. Allir þeir sem framleiða hér á landi vöru sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, vinna að framleiðslu hennar eða setja saman, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Gjaldskyldum aðilum ber að standa skil á kolefnisgjaldi við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða en við afhendingu í tilviki innlendrar framleiðslu eða aðvinnslu.

Álagning, innheimta, eftirlit o.fl.

3. gr.

Tollstjóri annast álagningu og innheimtu kolefnisgjalds samkvæmt lögum þessum og hefur með höndum eftirlit.

Gjöld, sem lögð eru á samkvæmt lögum þessum, mynda gjaldstofn til virðisaukaskatts.

Ýmis ákvæði.

4. gr.

Að því leyti sem eigi er kveðið á um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, eftirlit, innheimtu, vörslusviptingu, uppboð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi kolefnisgjald, skv. I. kafla laga þessara, skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, og laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., eftir því sem við getur átt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI

Skattur af raforku og heitu vatni.

5. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af seldri raforku og heitu vatni eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Fjárhæð skatts af raforku skal vera 0,12 kr. á hverja kílóvattstund (kWst) af seldri raforku.

Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2,0% af smásöluverði á heitu vatni.

Heimilt er að miða innheimtu skatts af raforku og heitu vatni við áætlaða sölu.

Skattskyldir aðilar.

6. gr.

Skattskyldan nær til þeirra aðila sem selja raforku og heitt vatn á síðasta stigi viðskipta, þ.e. sölu til notenda, en notandi telst vera sá sem endurselur ekki raforku eða heitt vatn.

Undanþegnir skattskyldu skv. 1. mgr. eru þeir sem selja raforku eða heitt vatn fyrir minna en 500.000 kr. á ári.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir skattskylda aðila samkvæmt þessari grein. Skattskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um skattskylda starfsemi áður en starfsemi hefst.

7. gr.

Til skattskyldrar sölu eða afhendingar telst ekki:

1. Raforka eða heitt vatn sem afhent er öðrum skattskyldum aðila.
2. Raforka eða heitt vatn sem afhent er eða notað eingöngu til framleiðslu á raforku eða heitu vatni til endursölu.

Ráðherra er með reglugerð heimilt að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd vegna undanþágu frá greiðslu skatts af raforku og heitu vatni.

8. gr.

Skattskyldir aðilar skulu við sölu eða afhendingu á raforku eða heitu vatni gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Útgáfudagur.
2. Útgáfustaður.
3. Afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður.
4. Nafn og kennitala seljanda.
5. Nafn og kennitala kaupanda.
6. Magn, einingarverð og heildarverð á raforku eða heitu vatni.

Auk upplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort skattur af raforku og heitu vatni sé lagður á og hver fjárhæð hans er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald.

Álagning.

9. gr.

Ríkisskattstjóri annast álagningu skatts af raforku og heitu vatni á þá aðila sem skráningarskyldir eru skv. 6. gr., vegna sölu þeirra á raforku eða heitu vatni.

Uppgjör og innheimta.

10. gr.

Skylda til að innheimta skatt af raforku og heitu vatni og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þeim aðilum sem selja raforku eða heitt vatn til endanlegra notenda, í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og orkulaga, nr. 58/1967.

Skattskyldir aðilar sem hlotið hafa skráningu skv. 6. gr. skulu greiða skatt af raforku og heitu vatni fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu.

Við uppgjör skatts af raforku og heitu vatni má draga frá fjárhæð sem nemur sannanlega töpuðum útistandandi kröfum eða ofgreiddum skatti, sbr. 4. mgr. 5. gr., af raforku og heitu vatni sem áður hefur verið skilað í ríkissjóð.

Uppgjörstímabil og skýrslur.

11. gr.

Uppgjörstímabil skatts af raforku og heitu vatni er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjaldldagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu skattskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 6. gr., ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu yfir magn gjaldskyldrar raforku og heits vatns á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins. Fjármálaráðherra kveður í reglugerð á um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu, þar á meðal hvernig rafrænum skilum á skýrslu og greiðslu skuli háttáð.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

12. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, upplýsingaskyldu, viðurlög, kærur og aðra framkvæmd varðandi skatt af raforku og heitu vatni, skv. II. kafla laga þessara, skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Skattur, sem lagður er á samkvæmt lögum þessum, myndar gjaldstofn til virðisaukaskatts.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Lögin falla úr gildi 31. desember 2012.

LÖG**nr. 58/2010 um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu.**

Tóku gildi 17. júní 2010.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að auka alþjóðaöryggi og tryggja virðingu fyrir mannréttindum, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, með því meðal annars að hafa eftirlit með, banna og/eða leyfisbinda útflutning á hlutum sem má nota, með beinum eða óbeinum hætti, til hryðjuverka, bælingar eða í hernaðarlegum tilgangi, svo og hafa eftirlit með þjónustu og fjárfestingum þeim tengdum.

Með lögum þessum eru settar reglur um örugga vörslu hluta og geymslu gagna um hluti skv. 1. mgr. og þjónustu og fjárfestingar þeim tengdar, svo og viðurlög og stjórnarsýsluleg úrræði við brotum á lögum þessum.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til íslenskra ríkisborgara og útlendinga samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um refsilögsögu, en gera að auki íslenskum ríkisborgurum refsíabyrgð fyrir verknað sem þeir fremja erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið var framið.

Lögin gilda gagnvart lögaðilum sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum, hvar sem þeir starfa eða eru staðsettir. Nú er lögaðili skráður eða stofnaður erlendis og taka þá lögin til starfsemi hans að því leyti sem hún fer fram innan íslenskrar lögsögu.

Nú leggja lög tiltekinn málaflokk til viðkomandi fagraðherra og skal það ekki vera því til fyrirstöðu að utanríkisráðuneytið veiti leyfi eða setji reglur samkvæmt lögum þessum, enda sé haft samráð um útgáfu leyfisins eða setningu reglnanna við viðkomandi ráðuneyti eða undirstofnun þess eftir atvikum. Lögreglustjóri veitir þó leyfi fyrir útflutningi á þeim vopnum sem falla undir gildissvið vopnalaga, að höfðu samráði við utanríkisráðuneyti.

3. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. Aðili er einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. ríkisstjórnir, fyrirtæki, samsteypur, stofnanir, sjóðir og samtök.
2. Hergögn eru vopn og skotfæri sem hafa hernaðarlega þýðingu, hernaðarökutæki, herbúnaður, aðföng til hernaðar, hernaðarleg tækni, herbúnaður sem er ekki ætlaður ríkisher og varahlutir í framangreinda hluti.
3. Hlutur tekur m.a. til vöru, búnaðar, hugbúnaðar og tækni. Hergögn eru meðtalin.
4. Hlutur með tvíþætt notagildi er hlutur sem má nota bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi, þ.m.t. allir hlutir sem má bæði nota án þess að þeir springi og við hvers konar framleiðslu kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar.
5. Miðlun er milliganga við samningsgerð um kaup, sölu eða útvegum hluta eða þjónustu þar sem milligöngumaðurinn gerir hvorki löggerninga varðandi viðskiptin í eigin nafni né í nafni samningsaðilanna. Miðlun á m.a. við um viðskipti sem eiga sér stað milli aðila í erlendum ríkjum.
6. Útflutningur tekur til útflutnings og umflutnings, þ.m.t. endurútflutnings, í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, með eða án endurgjalds. Hugtakið tekur einnig til þess að láta af hendi hugbúnað og tækni með rafrænum miðlum, með faxi eða gegnum síma til áfangastaða erlendis.
7. Þjónusta tekur m.a. til sölu, miðlunar, útvegunar, flutnings, fjármögnunar, aðstoðar, ráðgjafar og þjálfunar, með eða án endurgjalds.

Útflutnings-, innflutnings-, þjónustu- og fjárfestingaleyfi samkvæmt lögum þessum, hér nefnd heimildir, geta verið almenn leyfi, heildarleyfi eða stök leyfi:

- a. Almenn leyfi veita öllum aðilum heimildir gagnvart tilgreindum ríkjum, enda séu leyfisskilyrðin uppfyllt. Þau skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda.
- b. Heildarleyfi veita einum aðila heimildir, eftir tegundum eða flokkum, gagnvart einum eða fleiri tilgreindum lokaviðtakendum og/eða einu eða fleiri tilgreindum ríkjum.
- c. Stök leyfi veita einum aðila heimildir gagnvart aðila í öðru ríki varðandi einn eða fleiri hluti, tegundir þjónustu eða fjárfestinga.

4. gr.

Leyfisskyldur inn- og útflutningur.

Enginn má flytja út hergögn eða hluti með tvíþætt notagildi nema með leyfi ráðherra, sbr. þó 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. Listar yfir slík hergögn og hluti skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Listarnir skulu uppfærðir til samræmis við skyldur og skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir sem aðili að alþjóðasamstarfi um bann við útbreiðslu hergagna og hluta með tvíþætt notagildi og um fyrirkomulag útflutningseftirlits eða sem aðili að alþjóðasamningum, eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að útflutningsleyfi þurfi fyrir búnaði sem nota mætti til bælingar innan lands í öðrum ríkjum.

Auk þess sem tilgreint er í 1. og 2. mgr. er óheimilt að flytja út hluti sem útflytjanda er kunnugt um, hann má ætla eða ráðuneytið tilkynnir honum að séu eða kunni að vera ætlaðir, í heild eða að hluta, til notkunar í hernaðarlegum tilgangi, til hryðjuverka eða til bælingarinnar lands og að útflutningurinn brjóti í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands eða ógni varnar- eða öryggishagsmunum þess eða bandalagsríkja. Hið sama á við um hluti sem ráðuneytið tilkynnir útflytjanda að séu eða kunni að vera ætlaðir til nota, í heild eða að hluta, í tengslum við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstur, viðhald, geymslu, greiningu, auðkenningu eða útbreiðslu efna-, sýkla- eða kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar eða við þróun, framleiðslu, viðhald eða geymslu á flugskeytum sem geta borið slík vopn.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að leyfi þurfi fyrir innflutningi eða viðkomu hluta hérlendis sem geta nýst, í heild eða að hluta, í tengslum við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstur, viðhald, geymslu, greiningu, auðkenningu eða útbreiðslu efna-, sýkla- eða kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar eða þróun, framleiðslu, viðhald eða geymslu á flugskeytum sem geta borið slík vopn. Einungis má þó veita slíkt leyfi ef fyrir liggur að innflutningurinn eða viðkoman brjóti ekki í bága við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

5. gr.

Leyfisskyld þjónusta og leyfisskyldar fjárfestingar.

Enginn má stunda þjónustuviðskipti í tengslum við útflutning hluta skv. 4. gr. nema með leyfi ráðherra, enda hafi verið settar um þau nánari reglur.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að leyfi þurfi til miðlunar með hluti skv. 4. gr. óháð því hvort um útflutning er að ræða eða ekki.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að leyfi þurfi til fjárfestinga erlendis í starfsemi sem tengist þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstri, viðhaldi, geymslu, greiningu, auðkenningu, útbreiðslu, öflun, söfnun, notkun, útvegum, eignarhaldi, flutningi, miðlun eða viðskiptum með hluti skv. 4. gr. ef viðkomandi ríki er ekki aðili að alþjóðasamstarfi um útflutningseftirlit sem ráðherra metur fullnægjandi.

6. gr.

Leyfisskilyrði.

Ráðherra getur sett skilyrði í tengslum við útgáfu innflutnings-, útflutnings-, þjónustu- og fjárfestingaleyfa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal varðandi upplýsingagjöf um sölukjör, greiðslukjör, lánskjör, flutningaleiðir, meðferð skjala og framlagningu vottorða um lokanotanda og/eða lokanot hluta og þjónustu.

Ráðherra getur breytt leyfisskilyrðum eftir að leyfi hefur verið gefið út eða afturkallað leyfi hvenær sem er, til bráðabirgða eða fyrir fullt og allt, ef:

- a. forsendur fyrir útgáfu leyfis eru brostnar,
- b. leyfishafi hefur ekki farið eftir settum leyfisskilyrðum eða
- c. brýna nauðsyn ber til og skal þá leyfishafi skila leyfinu tafarlaust til ráðuneytisins.

Nú hefur almennt innflutnings-, útflutnings-, þjónustu- eða fjárfestingaleyfi verið gefið út en leyfishafa verður kunnugt um eða hann má ætla, vegna síðari atburða eða af öðrum ástæðum, að útflutningurinn, innflutningurinn, þjónustan eða fjárfestingin brjóti í bága viðalþjóðlegar skuldbindingar Íslands og er honum þá óheimilt að nota leyfið.

Aðili máls getur ávallt óskað eftir því að ákvörðun ráðherra um leyfisskilyrði, breytingu leyfisskilyrða, afturköllun eða synjun leyfis verði endurupptekin í samræmi við ákvæði 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

7. gr.

Varsla hluta og gagna.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hluta skv. 4. gr. skulu tryggja örugga vörslu þeirra. Ráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hluta skv. 4. gr. og þjónustuaðilar og fjárfestar skv. 5. gr. skulu geyma ítarlegar upplýsingar og gögn um útflutning, innflutning, eignarhald, birgðahald, sölu, miðlun, útvegum og flutning þeirra, eftir því sem við á, í að minnsta kosti tíu ár. Gögnin skulu m.a. ná til:

- a. lýsingar á hlutum, þjónustu og/eða fjárfestingum,
- b. magns,
- c. nafns og heimilisfangs viðtakanda, ef við á,
- d. lokanotanda og/eða lokanota hluta og þjónustu, ef um þau er vitað. Ráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

8. gr.

Upplýsingaskylda.

Útflytjendur hluta skv. 4. gr. og þjónustuaðilar og fjárfestar skv. 5. gr. skulu veita ráðuneytinu allar þær upplýsingar og alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til þess að framfylgja lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Skal ráðuneytið miðla upplýsingum til ríkislögreglustjóra samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

Ráðuneytið, og þeir opinberu aðilar sem það tilnefnir, getur m.a. krafist:

- a. aðgangs að öllum gögnum og bókhaldi sem snertir framkvæmd laga þessara,
- b. aðgangs að öllu viðkomandi skrifstofuhúsnæði og allri tilheyrandi rekstraraðstöðu,
- c. afrita og þýðinga á efni skv. a-lið,
- d. aðstoðar við vinnslu og túlkun á efni skv. a-lið.

Ef ekki er orðið við kröfu ráðuneytisins samkvæmt þessari grein getur það ákveðið að sáeða þeir sem krafan beinist að greiði dagsektir þar til orðið er við henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir getanumíð allt að 100.000 kr. á dag. Ákvarðanir ráðuneytisins um dagsektir eru aðfararhæfar skv. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

9. gr.

Tilkynningarskylda.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hluta skv. 4. gr. skulu tilkynna ráðuneytinu um útflutning, innflutning og birgðahald samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Nú er útflytjanda, innflytjanda, þjónustuaðila eða fjárfesti kunnugt um eða hann má ætla að hlutur sem hann vill flytja út eða inn, stunda þjónustuviðskipti með eða fjárfesta í tengslum við, sbr. 5. gr., sé eða kunni að vera ætlaður til nota, í heild eða að hluta, í hernaðarlegum tilgangi, til hryðjuverka eða til bælingar innan lands og skal hann þá tilkynna ráðuneytinu þar um, sem tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt, eftir því sem við á. Hið sama á við um hluti sem honum er kunnugt um eða hann má ætla að kunni að vera ætlaðir til nota, í heild eða að hluta, í tengslum við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstur, viðhald, geymslu, greiningu, auðkenningu eða útbreiðslu efna-, sýkla- eða kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar eða við þróun, framleiðslu, viðhald eða geymslu á flugskeytum sem geta borið slík vopn.

Ráðherra getur sett reglur um að tilkynna skuli flugskeytaskot innan íslenskrar lofthelgi.

10. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn ráðuneytisins og þeir aðilar sem það tilnefnir skv. 8. gr. skulu gæta þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um samkvæmt þessum lögum og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi. Þagnarskyldan gildir ekki að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er:

- a. til þess að ná markmiðum laganna, m.a. í tengslum við lögreglurannsókn og saksókn máls,
- b. milli þeirra aðila sem annast framkvæmd laganna, þar á meðal skjalavörslu,
- c. vegna samráðs eða samvinnu við aðra eftirlits- og samstarfsaðila hérlendis sem erlendis.

11. gr.

Réttindi og skyldur sem fara í bága við lög þessi.

Óheimilt er að efna samninga eða fullnægja öðrum réttindum og skyldum sem fara í bága við lög þessi og reglugerðir settar með stoð í þeim. Þetta á við hvort sem þessi réttindi og skyldur stofnuðust fyrir eða eftir gildistöku laganna eða viðkomandi reglugerðar nema annað sé tekið fram í henni.

Vanefnd á réttindum og skyldum skv. 1. mgr. skal ekki leiða af sér skaðabótaskyldu.

12. gr.

Undanþáguheimild.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá banni sem er sett samkvæmt þessum lögum þegar gildar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er að setja skilyrði fyrir undanþágu til þess að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist fram hjá markmiði bannsins.

Þegar tekin er ákvörðun um undanþágu samkvæmt þessari grein skal m.a. taka tillit til skyldna og skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir sem aðili að alþjóðasamstarfi um bann við útbreiðslu hergagna og hluta með tvíþætt notagildi og um fyrirkomulag útflutningseftirlits eða sem aðili að alþjóðasamningum, eftir því sem við á.

13. gr.

Viðurlög.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni, sem mælt er fyrir um í eftirgreindum ákvæðum eða í reglugerð sem er sett til nánari útfærslu á þeim, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum:

- a. 7. gr. um vörslu hluta og gagna,
- b. 9. gr. um tilkynningarskyldu.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni, sem mælt er fyrir um í eftirgreindum ákvæðum eða í reglugerð sem er sett til nánari útfærslu á þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brotið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum:

- a. 4. gr. um bann við inn- eða útflutningi án leyfis,
- b. 5. gr. um bann við þjónustuviðskiptum, miðlun eða fjárfestingum án leyfis,
- c. 1. mgr. 6. gr. um leyfisskilyrði. Hafi brot, sem vísað er til í 2. mgr., verið framið af stórfelldu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila og í þágu hans má gera honum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot má samhliða ákvörðun um refsingu þeirra gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

Gera má upptæka hluti, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, sem hafa verið notaðir við brot, hafa orðið til við brot eða með öðrum hætti tengjast framningu brots. Þá má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta.

Tilraun og hlutdeild í brotum á reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum er refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum.

14. gr.

Nánari reglur o.fl.

Utanríkisráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er heimilt:

- a. að setja nánari reglur þar að lútandi,
- b. að láta birta erlendan frumtexta lista yfir hluti skv. 4. gr. í B-deild Stjórnartíðinda,
- c. að fella niður gjald fyrir útgáfu útflutningsleyfis, sbr. 50. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, þegar hlutir, sem undir lög þessi heyra, eru fluttir tímabundið til eða frá landinu til prófana, sýningar eða í öðrum tilgangi.

15. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4/1988.

Reglugerð

nr. 242/1974 um varnir gegn mengun matvæla af völdum blýs og kadmíums í matarílátum.

1. gr.

Í glerjungu íláta (leir- eða málmíláta), sem notuð eru undir matvæli, getur verið blý eða kadmíum. Til þess að forða eitrunum af völdum þessara málma, er rekja mætti til slíkra íláta, ber hlutaðeigendum að breyta samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná einnig til íláta úr plasti, seta notuð eru undir matvæli.

2. gr.

Bannað er að framleiða, flytja inn eða versla með ílát þau, sem getið er um í 1. gr. reglugerðar þessarar, ef þau gefa frá sér meira magn af blýi en 7.0 mikróg blý/ml eða 0.5 mikróg kadmíum/ml, þegar eftirfarandi rannsóknáðferðum er beitt, sbr. 3. gr.

3. gr.

Sex sýni af hverri gerð íláta skulu rannsökuð á þann hátt, að þau eru fyllt með 4% edikssýru, gler látið yfir op ílátsins, og ílátin síðan látin standa þannig í 24 klst. við venjulegan stofuhita. Blý eða kadmíum, er leysast kann í edikssýrulausn-inni, er síðan ákvarðað með aðferð þeirri, sem lýst er í viðauka, sbr. viðauka nr. 1.

Fundið er meðaltal sýnanna. Ef frávik einstakra niðurstöðutalna er innan eðlilegra marka (+10%), skal meðaltalið gilda. Annars verður að gera frekari rannsóknir.

4. gr.

Einungis niðurstöðutölur rannsókna frá viðurkenndum rannsóknastofnunum, t. d. Rannsóknastofnun iðnaðarins eða hliðstæðum rannsóknastofnunum, eru gildar.

5. gr.

Við mótun íláta eða á annan hátt ber að setja merki (vörumerki), sem ótvírætt sýnir, hver hefur framleitt vöruna. Jafnframt er þeim, sem framleiða eða flytja inn slíkar vörur hér á landi, skylt að láta rannsaka þær þannig, að ótvírætt sé, að þær standist kröfur, sem gerðar eru samkvæmt 2. og 3. gr. að framan. Ef varning-urinn stenst ekki þessar kröfur, er bannað að hafa hann á boðstólum.

Varningur, sem heimilt er að hafa á boðstólum samkvæmt ákvæðum 1. máls-greinar hér að framan, skal merktur með tilliti til þess, að rannsakað hafi verið blý-- og kadmíuminnihald hans, svo sem kveðið er á í þessari reglugerð.

6. gr.

Þeim, sem framleiða eða selja slíkar vörur hér á landi, er skylt að tilkynna það heilbrigðisnefnd viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags.

7. gr.

Um málsmeðferð og viðurlög við brotum á ákvæðum þessum fer samkvæmt 22. og 23. gr. laga nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

1. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera ríkissjóði reikningsskil mánaðarlega fyrir þeim innheimtum sem þeim er trúað fyrir.

Með innheimtumönnum ríkissjóðs er í reglugerð þessari átt við [sýslumenn, lögreglustjóra, tollstjóra og héraðsdómara]¹⁾, og eru þeir í reglugerðinni einu orði nefndir innheimtumenn ríkissjóðs.

Aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu hlíta ákvæðum reglugerðar þessarar, eftir því sem við á.

- 1) Breytinguna leiðir af ákvæðum laga nr. 92/1989 um framkvæmdavald ríkisins í héraði.

2. gr.

[...]¹⁾

Þeir innheimtumenn ríkissjóðs sem hafa vélfært bókhald skulu færa það að fyrirmælum ríkisbókhaldsins enda komi þar fram sömu upplýsingar og krafist er við handfært bókhald.

- 1) Bókhald ríkisins er nú fært vélrænt samkvæmt fyrirmælum fjársýslu ríkisins. Ákvæði 1. til 3. málsgreinar þessarar greinar svo og ákvæði 3. til 13. gr. eru ekki í samræmi við þau fyrirmæli og almennt úrelt. Þykir ekki ástæða til að tilfæra þau í þessari handbók.

[3. gr. til 12. gr.]¹⁾

- 1) Sjá athugasemd við 2. gr.

13. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu halda birgðabækur yfir stimpilmerki og önnur verðmæti, sem í vörslum þeirra eru, svo sem bifreiðamerki, ökuskírteini, viðskiptamannabækur sjó-

manna o.s.frv. Skilagrein fyrir verðmætum þessum skal árlega senda ríkisendurskoðuninni og andvirði þeirra skal skilað með því sem sérstaklega er fyrirmælt.

14. gr.

Um hver mánaðamót og í árslok ber innheimtumönnum ríkissjóðs að senda ríkisbókhaldi og ríkisendurskoðun yfirlit um innheimtu í því formi sem ríkisbókhald og ríkisendurskoðun ákveða.

Mánaðarlega skulu innheimtumenn ríkissjóðs skila eftirtöldum yfirlitum: (Vegna liðins mánaðar).

1. Mánaðarinnheimtuskilagrein skal senda ríkisbókhaldi í tveimur eintökum, eigi síðar en á þriðja virkum degi næsta mánaðar. Ríkisbókhald framsendir annað eintakið til ríkisendurskoðunar.
2. Ráðstöfunaryfirlit mánaðarins skal senda ríkisbókhaldi í tveimur eintökum eigi síðar en 7. dag næsta mánaðar. Ríkisbókhald framsendir annað eintakið til ríkisendurskoðunar.

Í árslok ber innheimtumönnum að semja heildarskilagrein og senda ríkisbókhaldi og ríkisendurskoðun sitt hvort eintakið. Enn fremur skal senda ríkisendurskoðun með heildarskilagrein embættisbækur þær og skilagreinar, sem hún tiltekur.

Reikningum embættisins ber að loka 31. desember ár hvert.

Heildarskilagrein ber að skila eigi síðar en 20. febrúar.

15. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera skil á innheimtufé ríkissjóðs, samkvæmt nánari fyrirætlum fjármálaráðuneytisins.

16. gr.

Innheimtumönnum ríkissjóðs ber að gera sjóðsuppgjör daglega. Þeir skulu geyma og ávaxta fé embættisins í ríkisbanka, þar til því er skilað. Ef ekki er ríkisbanki á staðnum, en hins vegar annar banki eða sparisjóður, skulu innheimtumenn ríkissjóðs, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins, geyma þar og ávaxta fé embættisins.

Fé embættisins er allt það fé, sem innheimtumenn ríkissjóðs taka við samkvæmt embættisskyldu, hvort sem það á að renna í ríkissjóð eða til annarra. Fé búa og sjóða skal vera á sérreikningi fyrir hvert bú og hvern sjóð.

Vexti af fé búa og sjóða ber að færa hverju þeirra til tekna þegar er þeir til falla.

Vexti af öðru embættisfé skal færa ríkissjóði til tekna og skila þeim með öðrum tekjum.

17. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu heimta inn tekjur þær, sem þeim er falin innheimta á, svo fljótt sem auðið er eftir að þær falla í gjalddaga.

Þeim ber að neyta lögtaks eða annarra lögheimilaðra aðfarargerða áður en frestur til þeirra er liðinn.

18. gr.

Innheimtumönnum ríkissjóðs ber að veita starfsmönnum ríkisendurskoðunarinnar frjálstan og óhindraðan aðgang að öllum embættisbókum og skjölum og gefa þeim allar þær upplýsingar, sem þeir æskja um fjárreiður embættisins.

Innheimtumönnum ríkissjóðs ber að framvísa sjóði embættisins hvenær sem endurskoðunin krefst þess, og skal hann á hverjum tíma vera sá, sem sjóðbækur sýna.

Pegar sjóðtalinng fer fram á vegum ríkisendurskoðunarinnar ber innheimtumanni ríkissjóðs að sýna endurskoðendum allar fjárreiður, sem hann hefur undir höndum, einnig þær, sem ekki koma ríkissjóði við, til þess að gengið verði úr skugga um það, að ekkert fé fari á milli sjóða.

19. gr.

Ef innheimtumenn ríkissjóðs greiða ekki tekjur þær, er þeir eiga að standa skil á til ríkissjóðs, samkvæmt fyrirmælum fjármálaráðuneytisins sbr. 15. gr., eða gera ekki reikning í tæka tíð samkvæmt 14. gr., eða standa í skuld samkvæmt skilagrein þeirri, sem fram er komin, eða ef sjóðþurrð reynist hjá einhverjum embættismanni ríkissjóðs, verður farið eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 38. 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga nr. 52 13. maí 1966 og öðlast gildi 1. janúar 1976. Með henni er úr gildi numin reglugerð um opinber reikningsskil dags. 18. nóvember 1955, sem auglýst er í B-deild Stjórnartíðinda nr. 134 á því ári.

Úr reglugerð

nr. 290/1980, um varnir gegn hundaeði (rabies).

1. gr.

Til þess að forðast að hundaeði berist til Íslands, er bannað að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.

Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu og heimilað, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð dýr að loknum ákveðnum einangrunartíma.

Setja skal reglur í hvert sinn, er öruggar séu til varnar því, að sjúkdómar berist með dýrum þeim, sem innflutningur er leyfður á.

2. gr.

Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin og skrokkarnir brenndir. Ef lifandi dýr eru flutt til landsins án heimildar, varðar það sektum fyrir eiganda dýranna, svo og fyrir skipstjóra þann eða flugstjóra á farartæki því, er dýrin flutti, ef ætla má að dýrin séu flutt með hans vitund.

3. gr.

Flugfélögum og skipafélögum er óheimilt að taka til flutnings dýr til Íslands, ef umráðamaður eða eigandi getur ekki framvísað heimild frá landbúnaðarráðuneytinu um innflutningsleyfi fyrir dýrinu.

Ferðaskrifstofur, flugfélög, skipafélög og aðrir, sem greiða götur ferðamanna til Íslands, skulu vekja athygli á því, að innflutningur á dýrum og fuglum er óheimill.

4. gr.

Skylt er hverjum eiganda hunds að auðkenna hund sinn, annað hvort með auglýstu fjármarki sínu eða öruggu hálsbandi (leðuról) með nafni, eiganda, bæjarnafni (heimili) eða auglýstu brennimarki eiganda.

Nú verður vart ómerkts flækingshunds, sem eigandi finnst ekki að, og er þá þeim sem hundinn finnur, skylt að annast um hann og færa hann til hreppstjóra (bæjarfógeta, lögreglustjóra) eða gera honum viðvart tafarlaust, svo hann geti tekið hundinn í vörslu og gert gangskör að því að hafa upp á eiganda hundsins.

Ef eigandi hefur ekki gefið sig fram eða fundist 10 dögum eftir að auglýst hefur verið eftir honum og greitt áfallinn kostnað og eigi hefur tekist að fá hundinum ábyrgan eiganda, skal hundinum lógað tafarlaust.

5. gr.

Eigendur hunda, sem hafðir eru um borð í íslenskum skipum, skulu hafa til þess sérstakt leyfi skipstjóra og lögreglustjóra á stað þeim, þar sem skipið er skrásett.

Um leið og lögreglustjóri gefur út leyfi til þess að hafa hund um borð í tilteknu skipi, skal rita á leyfið heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur auðkenni skipshundsins. Hundinum skal framvísað þegar leyfið er gefið út og jafnframt viðhlítandi merkisól. Leyfið gildir lengst í þrjú ár í senn og rétt er að krefjast gjalds fyrir hverju sinni. Afrit skal varðveitt hjá lögregluembætti því er gefur leyfið út.

Allir skipshundar skulu að staðaldri bera hálsband, er gefi til kynna nafn hundsins, skipsins og skrásetningarnúmer þess. Umráðamaður skal hafa tiltæka í skipinu heimild lögreglustjóra.

Nú er skipshundur fluttur á nýtt skip og skal þá lögreglustjóri gefa út nýtt leyfi á sama hátt og að framan greinir.

Ef skipshundur drepst eða er lógað skal það tilkynnt viðkomandi lögreglustjóraembætti.

6. gr.

Strax og erlend skip koma til landsins skal tollgæslan ganga úr skugga um hjá yfirmönnum skipsins, hvort um borð í skipinu séu nokkur dýr. Ef svo reynist, er skipstjóra skylt að hlutast til um að dýrin séu geymd í læstu herbergi á skipinu, á meðan á dvöl þess stendur. Áður en skipið siglir frá landinu, skal tollgæslan ganga úr skugga um það, hvort dýrin séu enn í vörslu um borð. Sé svo ekki, skal skipstjóri gera fullnægjandi grein fyrir afdrifum þeirra.

Óheimilt er að hafa hunda eða ketti um borð í íslenskum skipum þegar þau sigla til útlanda. Ef bann þetta er ekki virt skal fara með dýr á íslenskum skipum á sama hátt og um erlend skip sé að ræða, þegar skipið kemur aftur til Íslands. Gildir það ákvæði uns sex mánuðir eru liðnir frá síðustu för skipsins til erlendra hafna.

Óheimilt er að fara með íslensk dýr um borð í erlend skip hér við land, ef í skipinu eru geymd erlend dýr. Sama máli gegnir um íslensk skip, hafi þau verið í millilandasiglingum einhvern tíma næstliðna sex mánuði.

Ef skipsdýr sleppa í land úr skipum þeim er að framan greinir, skulu þau ófriðhelg og skulu löggæslumenn hlutast til um að lóga þeim án tafar.

Nú ganga hvítabirnir eða önnur framandi rándýr á land og skulu þau þá ófriðhelg.

Sýslumenn á viðkomandi stöðum skulu hlutast til um að dýr þessi verði unnin eða handsömuð, svo skjótt sem aðstæður leyfa.

Úr reglugerð

nr. 336/1984 um starfrækslu talstöðva í landfarstöðvaþjónustu í metra- og desimetrabylgjusviðinu.

1. gr.

Póst- og símamálastofnunin (hér eftir skammstafað P og S) veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum heimild til að nota tíðnir í metra- og desimetrabylgjusviðinu fyrir landfarstöðvaþjónustu.

Í landfarstöðvaþjónustunni fara fram þráðlaus fjarskipti milli fastastöðva (móðurstöðva) og farstöðva eða milli farstöðva. Farstöðvar þær, sem hér um ræðir, eru í farartækjum á landi eða eru burðar- eða handstöðvar. Fjarskipti milli fastastöðva í tíðnisviðum farstöðvaþjónustu eru óheimil.

Bylgjusvið þau, sem hér um ræðir, ná frá 153,5 til 174 og frá 453 til 470 MHz.

8. gr.

P og S skal heimila innflutning á viðurkenndum talstöðvum á vegum framleiðanda, umboðsmanns hans eða einstakra notenda með áritun á aðflutningsskýrslu. Þegar framleiðandi eða umboðsmaður hans flytur inn talstöðvar til ákveðinna kaupenda skal hann afhenda P og S umsóknir um starfræksluleyfi frá kaupanda um leið og áritunar er óskað á aðflutningsskýrslu. Liggi ekki fyrir, hverjir verða kaupendur stöðvanna skal framleiðandi eða umboðsmaður hans leggja fram umsókn um innflutning og komi þar fram upplýsingar um tegund stöðvanna, fjölda og framleiðslunúmer. Í þessu tilviki er framleiðandi eða umboðsmaður hans ábyrgur fyrir því að væntanlegir kaupendur fylli út umsóknir um starfræksluleyfi og að þær séu sendar P og S innan 10 daga frá því að sala hefur farið fram. Það er þó með öllu óheimilt að afhenda eða setja upp talstöðvar fyrir bílasíma nema kaupandi framvísi leyfisbréfi fyrir stöðinni með bílasímanúmeri því, sem honum hefur verið úthlutað.

Dragist á langinn hjá framleiðanda eða umboðsmanni hans að selja talstöðvar, sem hann er skráður fyrir, skal hann sýna þær starfsmönnum radióeftirlitsins, hvenær sem þess er óskað.

9. gr.

Framleiðandi skal setja á hverja talstöð skilti þar sem fram kemur nafn hans, tegundarheiti stöðvarinnar og framleiðslunúmer hennar. Þar að auki skal framleiðanda eða umboðsmanni hans skylt, sé þess óskað að hálfu P og S, að setja á hverja talstöð límmiða með raðnúmeri P og S og/eða öðrum upplýsingum frá stofnuninni. Skal límmiðinn afhentur um leið og aðflutningsskýrsla er árituð og skal honum komið fyrir á áberandi stað á talstöðinni.

...

25. gr.

Innflutningur talstöðva, sem áður hafa fengið viðurkenningu en ekki uppfylla skilyrðin í viðauka A, verður heimilaður til 30. júní 1985. Starfræksla hinna sömu talstöðva verður heimiluð til 31. des. 1993.

Úr reglugerð

nr. 322/1985, um notendabúnað til tengingar við hið opinbera fjarskiptakerfi.

IV. KAFLI

Viðurkenning Póst- og símamálastofnunar* á notendabúnaði.

6. gr.

Póst- og símamálastofnun skal veita viðurkenningu þeim búnaði sem fluttur er inn eða framleiddur til einkanota, sem fullnægir ákvæðum laga og reglna um tæknibúnað, sbr. 3. gr.

*) Nú Póst- og fjarskiptastofnun sbr. lög nr. 143/1996 um fjarskipti.

7. gr.

Innflytjandi eða framleiðandi sem óskar viðurkenningar Póst- og símamálastofnunar á notendabúnaði skal skila umsókn þar að lútandi á eyðublaði sem stofnunin lætur í té.

8. gr.

Sé orka frá rafveitu nauðsynleg til notkunar á búnaðinum skal samþykki Rafmagnseftirlits ríkisins liggja fyrir. Póst- og símamálastofnun mun leita eftir þessu samþykki fyrir umsóknaraðila en ef umsókn er synjað verður viðkomandi að sækja sjálfur mál sitt gagnvart Rafmagnseftirliti ríkisins.

Um hluti sem prófaðir eru af Rafmagnseftirliti ríkisins, samkvæmt framansögðu, fer eftir ákvæðum reglugerða Rafmagnseftirlitsins um eftirlit með rafföngum.

9. gr.

Áður en notendabúnaður er fluttur inn skal innflytjandi leggja fram tæknilýsingu, tengingateikningu og notkunarreglur með notendabúnaði. Tæknilýsing skal tilgreina alla starfsemi búnaðarins með hliðsjón af teikningum. Í tæknilýsingunni skal vera upptalning á öllum tæknilegum eiginleikum tækisins sem framleiðandi ábyrgist ásamt fráviki frá þeim. Ef mælingaskýrslur rannsókna (prófana) fyrir tækið liggja fyrir frá framleiðanda eða öðrum skulu þær fylgja ofangreindum gögnum.

Yfirlýsing Póst- og símamálastofnunar á grundvelli gagna skv. 1. mgr. um að búnaðurinn eða hlutar hans uppfylli þær tækniröfur sem um hann gilda skal veitt innan tveggja vikna frá móttöku umsóknar.

Áður en veitt er endanleg viðurkenning skal afhenda búnað eða veita aðgang að búnaði til tegundaprófunar. Ennfremur skal leggja fram teikningu yfir straumrásir notendabúnaðar.

Þegar um er að ræða flókin rafeindatæki er Póst- og símamálastofnun áskilinn lengri frestur, þó ekki lengri en sex mánuðir.

Póst- og símamálastofnun ber ekki ábyrgð á bilunum sem kunna að vera á búnaði við prófun.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um innlenda framleiðendur eftir því sem við á.

10. gr.

Ef gögnum, samkvæmt 9. gr., fylgir vottorð frá viðurkenndri mælinga- eða prófunarstofnun á hinum Norðurlöndum skal Póst- og símamálastofnun viðurkenna búnað án frekari skoðunar, svo fremi sem þarlandar reglur stangast ekki á við íslenskar reglur sbr. 3. gr.

Ef búnaði fylgir vottorð frá viðurkenndri mælinga- eða prófunarstofnun í öðrum löndum, er Póst- og símamálastofnun heimilt að viðurkenna hann án frekari skoðunar með sömu skilyrðum og í 1. mgr. greinir.

Sé viðurkenning veitt samkvæmt 1. og 2. mgr. skal hún liggja fyrir innan tveggja vikna frá móttöku umsóknar.

11. gr.

Gögn samkvæmt 3., 8., 9. og 10. gr. eru jafngild á íslensku, dönsku, norsku, sænsku og ensku.

12. gr.

Ákvörðun Póst- og símamálastofnunar um viðurkenningu eða synjun á búnaði skal byggð á gögnum samkvæmt II. kafla. Synjun skal vera skrifleg, rökstudd og vísað til þeirra greina og atriða í fyrrnefndum gögnum sem synjun er grundvölluð á.

13. gr.

Sé umsókn um viðurkenningu samþykkt, skal hún árituð af Póst- og símamálastofnun. Árituð umsókn telst fullnægjandi heimild fyrir viðurkenningu Póst- og símamálastofnunar á viðkomandi notendabúnaði.

14. gr.

Innflytjandi innlendur framleiðandi eða notandi sem vill breyta viðurkenndum búnaði skal afhenda Póst- og símamálastofnun hinn breytta búnað til prófunar eins og um nýjan búnað væri að ræða.

15. gr.

Heimilt er með fyrirvara að afturkalla viðurkenningu á búnaði þ.e.a.s. stöðva innflutning búnaðar og banna notkun á viðurkenndum búnaði, sem úreldist vegna breytinga á hinum almennu fjarskiptakerfum Póst- og símamálastofnunar.

16. gr.

Innflytjandi eða innlendur framleiðandi skal vera ábyrgur fyrir því að seldur búnaður sé ekki síðri þeim búnaði sem prófaður var. Komi þó í ljós að þetta ákvæði sé ekki uppfyllt er heimilt að fella viðurkenninguna niður. Póst- og símamálastofnun er heimilt að kanna með úrtaki hvort viðurkenndur búnaður á markaðinum haldi áfram að uppfylla settar kröfur.

17. gr.

Innfluttur notendabúnaður, sem ekki öðlast viðureningu, skal að vali innflytjenda sendur úr landi eða afhentur Póst- og símamálastofnun. Verði fyrri kosturinn valinn skal stofnunin innan mánaðar frá því að tilkynnt var um niðurstöður prófunarinnar, afhent ljósrit af útflutningsskýrslu fyrir tækið. Verði seinni kosturinn valinn, mun stofnunin geyma tækið í eitt ár, ef umsækjandi skyldi skipta um skoðun og vilja senda tækið úr landi. Skal hann þá afhenda stofnuninni ljósrit af útflutningsskýrslu innan mánaðar frá því að hann fær tækið í hendur. Að þessu eina ári liðnu verður tækið eyðilagt.

V. KAFLI

Starfræksluleyfi.

18. gr.

Þegar um er að ræða færanlegan notendabúnað, sem ekki er þráðbundinn skal Póst- og símamálastofnun gefa út starfræksluleyfi. Þar sé að finna upplýsingar um leyfilega notendur, notkunarstað, svo og um tæknieiginleika búnaðarins. Undanþeginn þessu skal þó vera búnaður til fjarstýringar á leikföngum, bílskúrshurðum o.þ.h., enda sé sendiafl þeirra ekki meira en 100 mw.

I. KAFLI

Málskot.

19. gr.

Synjun Póst- og símamálastofnunar á viðurkenningu má skjóta til úrskurðar nefndar er samgönguráðherra skipar. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi tilnefndar af málskotsaðila og fulltrúi tilnefndur af Póst- og símamálastofnun. Formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann hafa tækniþekkingu á fjarskiptum.

20. gr.

Sá er synjun fær getur skotið henni til úrskurðar nefndarinnar. Með málskoti skal fylgja rökstuðningur fyrir beiðni og tilnefning í málskotsnefndina.

Málskotsfrestur er tvær vikur frá móttöku synjunar.

Reglugerð

238/1986 um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

I. KAFLI

Skýringar.

1. gr.

Pegar vitnað er til annarra reglugerða í reglugerð þessari, er átt við reglugerðir, sem taldar eru upp í fylgiskjali, eins og þær eru við staðfestingu reglugerðarinnar.

II. KAFLI

Eftirlitsaðilar.

2. gr.

Eftirlit með framkvæmd laga um eiturefni og hættuleg efni annast:

- a) Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, sbr. lög nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglugerð nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem valdið getur mengun.
- b) Lyfjaeftirlit ríkisins, sbr. lyfjalög nr. 108/1984.
- c) Vinnueftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum lög nr. 85/1968 og reglugerð nr. 74/1983, um bann við innflutningi og notkun asbests.
- d) Eiturefnaneftirlit, sbr. lög nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.
- e) Héraðslæknar og lögreglustjórar, hver á sínum stað, sbr. lög nr. 109/1984, lög nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu og lög nr. 85/1968, með síðari breytingum og ákvæði reglugerða og erindisbréfa settum samkvæmt lögum þessum.
- f) Aðrir, er tilnefndir kunna að verða, sbr. 20. gr. laga nr. 85/1968, sbr. og reglugerð nr. 54/1983.

III. KAFLI

Eftirlit einstakra aðila.**A. Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir.**

3. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu annast eftirlit með ákvæðum reglugerða, sem settar eru samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, varðandi sölu, gerð íláta

og umbúða, varnaðarorð eða varnaðarmerki og varðveislu hættulegra efna, sem eru á boðstólum í verslunum. Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með eftirliti heilbrigðisnefnda samkvæmt reglugerðum þessum. Heilbrigðisnefndir skulu þannig annast eftirlit með eiturefnum, sem heimilt er að selja í verslunum samkvæmt sérstökum ákvæðum, sbr. ákvæði reglugerðar um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með sölubúðum þeim, er leyfi hafa til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra sbr. 5. tl. 1. málsg. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

4. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal, að höfðu samráði við eiturefnanevnd, hafa eftirlit með framkvæmd reglugerða sem settar eru samkvæmt heimild í 15. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

Heilbrigðisnefndir skulu fylgjast með notkun nítríta og nítrata í kjötvörum og öðrum sláturafurðum, sbr. ákvæði reglugerðar þar að lútandi og magni lindans og ísómera þess og tiabendazols í tilteknum matjurtum, smjörfitu og smjörlíkisfitu, sbr. ákvæði reglugerðar þar að lútandi.

Heilbrigðisnefndir skulu annast eftirlit með sætuefnum í drykkjarvörum, og pípretrin-samböndum og píperonylbutoxíði í skreið, sbr. ákvæði reglugerða þar að lútandi.

5. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal að höfðu samráði við eiturefnanevnd fylgjast með því, að tiltekin eiturefni eða hættuleg efni komi ekki fyrir í nauðsynjavörum eða að magn þessara efna fari yfir leyfilegt hámark. Ef ekki gerist annars þörf skal styðjast við yfirlýsingar framleiðanda eða innflytjanda samkv. bestu vitund um innihald eiturefna og hættulegra efna í tilgreindum varningi, svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fódurvörum, sbr. ákvæði 6. málsg. 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

Hollustuvernd ríkisins annast í samráði við eiturefnanevnd efnagreiningu á fegrunar- og snyrtivörum og öðrum varningi ef sérstök ástæða er til þess að ætla að almenningi geti stafað hætta af vegna innihalds eiturefna og hættulegra efna.

Heilbrigðisnefndir skulu hafa eftirlit með innihaldi blýs og kadmíums í matarílátum, sbr. ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun matvæla of völdum blýs og kadmíums í matarílátum.

6. gr.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd ákvæða reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun nr. 390/1985. Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd reglna um garðúðum nr.

222/1984. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með tækjabúnaði og geymslu efna hjá þeim sem heimild hafa til garðúðunar.

7. gr.

Heilbrigðisnefndir annast eftirlit með notkun sótthreinsunarefna í sundlaugum og við framleiðslu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 13. gr. Hollustuvernd ríkisins getur að höfðu samráði við eiturefnanevnd og Vinnueftirlit

ríkisins krafist þess, að menn, sem með slík efni fara, hafi áður sótt námskeið til þess að öðlast sérþekkingu í meðferð efnanna.

8. gr.

Hollustuvernd ríkisins og eftir atvikum heilbrigðisnefndir skjóta málum til umsagnar Vinnueftirlits ríkisins, Lyfjaeftirlits ríkisins eða eiturefnanefndar.

B. Lyfjaeftirlit ríkisins.

9. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins annast eftirlit með lyfjabúðum og undirstofnunum þeirra, lyfjagerð-um og lyfjaheildsölum, sem leyfi hafa til þess að versla með eiturefni og hættuleg efni, sbr. reglugerð um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna og eiturefna.

10. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með færslum eiturefna í þar til gerðar sölubækur í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum. Í sölubækur skal færa alla sölu á eiturefnum, er greinir á listum I og II í reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna og heimilt er að láta úti gegn eiturbeiðnum eða öðrum tilsvarendi, sbr. ákvæði reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa.

Lyfjaeftirlitið hefur ennfremur eftirlit með færslum í sölubækur, er lúta að sölu efna í X, A og B hættuflokkum í fyrirtækjum þessum.

Þau fyrirtæki, er greinir í 1. málsg. skulu í lok hvers árs senda eiturefnanefnd afrit sölubókar til yfirlits.

11. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða eiturefni á listum I og II í reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna, til lyfjabúða og lyfjaheildsala nema fyrir liggja samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins, sbr. og ákvæði 8. gr. Sömu ákvæði gilda um tollafgreiðslu á eiturefnum og hættulegum efnum til nota í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra (efni og efnasamsetningar í X, A, B og C hættuflokkum) til fyrirtækja, er greinir í 3. tölulið 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og fengið hafa skráð slíkar efnasamsetningar (sbr. einnig reglugerð að þessu lútandi).

Lyfjaeftirlit ríkisins skal í lok hvers árs tilkynna eiturefnanefnd um innflutning eiturefna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

C. Vinnueftirlit ríkisins.

12. gr.

Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit með notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum, sbr. IV, V og VIII kafla laga nr. 46/1980.

Vinnueftirlit ríkisins hefur þannig eftirlit með því að ráðstafanir séu gerðar til þess að vernda starfsmenn gegn slysum, eitrunum, sjúkdómum og óhollustu of völdum slíkra efna, sbr. einnig ákvæði 1. málsg. 20. gr.

Vinnueftirlit ríkisins gefur út leiðbeiningar um framleiðslu, umbúðir áfyllingu, merk-ingu, geymslu, flutning og notkun efna og vara á vinnustöðum, sem geta verið hættuleg, dregið verulega úr öryggi eða lent geta til lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta.

Vinnueftirlit ríkisins getur bannað framleiðslu, flutning og notkun eiturefna og hættulegra efna og vara á vinnustöðum. Sama gildir um efni og vöru, þegar ekki liggja fyrir, að mati stofnunarinnar, fullnægjandi upplýsingar um innihald, samsetningu og meðferð og notkun eða vörslu þeirra.

Vinnueftirlit ríkisins skal við útgáfu reglna og leiðbeininga er varða eiturefni og hættuleg efni hafa samráð við viðkomandi heilbrigðisyfirvöld og/eða aðra sérfróða aðila, sem um slík

mál fjalla, sbr. 3. málsg. 51. gr. laga nr. 46/1980. Sama gildir ef Vinnueftirlit ríkisins ráðgerir að banna framleiðslu, flutning eða notkun eiturefna og hættulegra efna eða vara.

13. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með öryggisráðstöfunum við framleiðslu, geymslu og notkun eiturefna og hættulegra efna í fyrirtækjum til að hindra að slík efni geti vegna bilunar eða óhapps borist út í umhverfið, þannig að hætta stafi af.

14. gr.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með því að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna við förgun eiturefna og hættulegra efna.

15. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða eiturefni á listanum I og II í reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna til annarra en lyfjabúða og lyfjaheildsala, nema fyrir liggi heimild Vinnueftirlits ríkisins. Sömu ákvæði gilda um tollafgreiðslu á eiturefnum og hættulegum efnum til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (efni og efnasamsetningar í X, A, B og C hættuflokkum) til verslana, sem greinir í 5. tölulíð 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni (sbr. einnig reglugerð að þessu lútandi).

Ef um er að ræða eiturefni, sem nota á í fyrirtækjum er falla undir ákvæði 2. tl. 1. málsg. 5. gr. laga nr. 85/1968, er innflutningur efnanna óheimill nema Vinnueftirlit ríkisins hafi samþykkt notkun þeirra í hlutaðeigandi fyrirtækjum, sbr. og ákvæði 16. og 17. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal tilkynna eiturefnanefnd og Hollustuvernd ríkisins um innflutning eiturefna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar jafnóðum og harm er heimilaður.

16. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með því að forstöðumenn efnagerða, efnaverk-smiðja og annarra fyrirtækja greini frá því, hver eiturefni eru notuð við rekstur fyrirtækjanna, sbr. 2. tl. 1. málsg. 5. gr. laga nr. 85/1969, sbr. einnig 78. gr. stafl. G, 93., 94. og 95. gr. laga nr. 46/1980. Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir notkun eiturefna í fyrirtækjum samkvæmt framanskráðu.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með geymslum þeirra, er leyfi hafa til þess að nota efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X og A og með ráðstöfunum til þess að tryggja öryggi og heilsu þeirra starfsmanna, sem fara með efnin.

17. gr.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framleiðslu eiturefna og hættulegra efna, sbr. 4. gr. laga nr. 85/1968 og 50., 51., og 78. gr. laga nr. 46/1980.

18. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skýtur, eftir aðstæðum, málum til umsagnar Hollustuverndar ríkisins og eiturefnanefndar.

D. Eiturefnanefnd.

19. gr.

Eiturefnanefnd hefur eftirlit með sölu eiturefna og hættulegra efna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. ákvæði reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Eiturefnanefnd hefur

ennfremur eftirlit með sölu eiturefna á listum I og II í lyfjabúðum og hliðstæðum fyrirtækjum, sbr. 3. málsg. 11. gr.

Eiturefnanefnd skal árlega gefa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og aðilum í samstarfsnefnd, sbr. 31. gr. skýrslu um sölu þeirra efna, er greinir í 1. málsg.

20. gr.

Eiturefnanefnd mælir með útgáfu leyfisskírteina handa iðnaðarmönnum eða öðrum einstaklingum til þess að kaupa og nota eiturefni, sem talin eru á listum I og II í reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna við störf sín (rauð skírteini). Áður en nefndin mælir með slíkum leyfum, skal Vinnueftirlit ríkisins meta vinnuhúsnaði og búnað umsækjanda fullnægjandi, sbr. 3. málsg. 7. gr. reglugerðar nr. 39/1984.

Nefndin skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins jafnóðum og hún sendir hlutaðeigandi lögreglustjórum meðmæli með leyfisveitingum samkv. ákvæðum reglugerðar nr. 39/1984 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa.

Nefndin skal halda skrá yfir alla einstaklinga, sem fengið hafa meðmæli hennar til hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. og 27. gr., um útgáfu þeirra leyfisskírteina, er greinir í 1. málsg.

21. gr.

Eiturefnanefnd mælir með útgáfu leyfisskírteina handa bændum, garðyrkjumönnum, skógræktarmönnum, meindýraeyðum, eða öðrum, er nægilega þekkingu hafa til þess að mega kaupa og nota efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X og A, sbr. ákvæði reglu-gerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (gul og blá skírteini). Áður en nefndin mælir með slíkum leyfum skal leita álits Búnaðarfélags Íslands eða eftir atvikum annarra opinberra aðila og hlutaðeigandi heil-brigðisnefnda.

Nefndin skal tilkynna hlutaðeigandi heilbrigðisfulltrúa og Vinnueftirliti ríkisins jafnóð-um og hún sendir lögreglustjóra meðmæli með leyfisveitingum samkvæmt ákvæðum reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Nefndin skal halda skrá yfir alla einstaklinga, sem fengið hafa meðmæli hennar til hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. og 27. gr. útgáfu þeirra leyfisskírteina, er greinir í 1. málsg.

22. gr.

Eiturefnanefnd veitir umsögn um umsækjendur, er stunda vilja úðun garða í einkaeign eða almenningsseign með efnum og efnasamsetningum í X og A hættuflokkum, sbr. ákvæði 6. málsg. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984 og sbr. og 3. málsg. 3. gr. og ákvæði reglugerðar nr. 222/1984.

23. gr.

Eiturefnanefnd hefur í samráði við Vinnueftirlit ríkisins eftirlit með sölu eiturefna í þeim fyrirtækjum er falla undir ákvæði 2. tl. 1. málsg. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og selja eiturefni of birgðum, sem fluttar hafa verið inn til eigin þarfa fyrirtækjanna, sbr. og 2. gr. laga nr. 96/1984 um breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni.

24. gr.

Eiturefnanefnd er til ráðuneytis við setningu hvers konar ákvæða er varða eftirlit með lögum um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

E. Héraðslæknar og lögreglustjórar.

25. gr.

Héraðslæknar skulu hver í sínu héraði gera eftirlitsaðilum viðstöðulaust viðvart, ef þeir telja, að úrskæðis gangi um rekstur sölubúða í viðkomandi umdæmi, er leyfi hafa til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til þess að nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, eða leyfishafi hafi brotið svo of sér, að til greina komi að svipta harm söluleyfi.

Héraðslæknar hafa umsjá hver í sínu héraði með útrýmingarefnum, sem ætluð eru til nota í þágu almennings.

Ef varsla og umsjá slíkra útrýmingarefna er öðrum falin, skal það tilkynnt eiturefna-nefnd og leita samþykkis nefndarinnar í hverju einstöku tilviki.

26. gr.

Héraðslæknar hafa eftirlit hver í sínu héraði með förgun eiturefna og hættulegra efna, sbr. 19. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, að svo miklu leyti sem það fellur ekki undir Hollustuvernd ríkisins eða Vinnueftirlit ríkisins.

27. gr.

Lögreglustjórar gefa út eiturbeiðnir, sbr. 1. gr. laga nr. 96/1984 um breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Lögreglustjórar gefa út leyfisskírteini samkvæmt ákvæðum 7. og 10. gr. reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa, sbr. einnig ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (rauð, gul og blá skírteini), sbr. og ákvæði 19. og 20. gr.

28. gr.

Héraðslæknar og lögreglustjórar skjóta málinu til umsagnar eiturefnanefndar eða annarra, er annast eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum, ef tilefni er til.

F. Aðrir aðilar.

29. gr.

Ráðherra er heimilt að tilnefna aðra aðila en þá, er greinir að framan, til þess að annast eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 20. gr. laganna. Skal slíkt gert að höfðu samráði við samstarfsnefnd sbr. 30. gr. reglugerðarinnar.

G. Flutningur eiturefna og hættulegra efna.

Um flutning eiturefna og hættulegra efna sbr. 18. gr. laga nr. 85/1968 fer samkvæmt reglugerð, sem sett verður að höfðu samráði við hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld.

IV. KAFLI

Samstarfsnefnd.

30. gr.

Ráðherra skipar 5 manna samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forsvarsmenn Lyfjaeftirlits ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og eiturefnanefndar auk eins frá ráðuneytinu, sem jafnframt skal vera formaður. Hlutverk nefndarinnar er að samræma aðgerðir og annast verkaskiptingu í takmarkatilvikum. Nefndin fjallar þannig um ágreining um framkvæmd eftirlitsins og gerir tillögur til ráðherra um framkvæmdina. Nefndin fjallar um reglugerðir sem settar eru samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, og varða eftirlitsskyldu þeirra, sem sæti eiga í nefndinni, áður en þær eru staðfestar.

Ráðherra leitar ennfremur álits nefndarinnar um reglugerðir, sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum greinum laga um eiturefni og hættuleg efni eða annarra laga eftir því sem þörf gerist.

V. KAFLI
Lokaákvæði.

31. gr.

Um kostnað við eftirlit á vegum Vinnueftirlits ríkisins fer samkvæmt lögum nr. 46/1980, á vegum eiturefnanefndar samkvæmt lögum nr. 85/1968, á vegum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda samkv. lögum nr. 109/1984 og á vegum Lyfjaeftirlits ríkisins samkvæmt lögum nr. 108/1984.

Þar sem ekki gilda sérákvæði um eftirlitið greiðir ríkissjóður kostnað við eftirlitið sbr. 4. mgr. 20. gr. laga nr. 85/1968.

32. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 24. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti hvað snertir þá þætti, sem Vinnueftirlit ríkisins sér um framkvæmd á, öðlast gildi 1. júlí 1986.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 455/1975 með sama heiti með áorðnum breytingum.

Fylgiskjal:

Lög er varða framkvæmd reglugerðar þessarar:

Lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 með áorðnum breytingum, (nr. 27/1973, nr. 19/1981 og nr. 96/1984).

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1984. Lyfjalög nr. 108/1984.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 109/1984. Reglugerðir er varða framkvæmd reglugerðar þessarar, sbr. 1. gr.: Reglugerð um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar nr. 273/1969. Reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða og undirstofnana þeirra nr. 24/1983. Reglugerð um búnað og rekstur lyfjagerða og lyfjaheildsala og eftirlit með þeim nr. 289/1970, sbr. einnig reglugerð nr. 48/1971 og 281/1979.

Reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna nr. 129/1971, sbr. einnig reglugerð nr. 5/1973, nr. 624/1980, nr. 282/1981 og nr. 784/1983 og nr. 90/1986. Reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa nr. 39/1984. Reglugerð um eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 50/1984, sbr. einnig reglugerð nr. 213/1984. Heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

Reglugerð um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara nr. 250/1976, með breytingum nr. 101/1977, 162/1977, 446/1979, 504/1979, 283/1981, 63/1983 og 783/1983.

Reglugerð um gerð fláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna nr. 479/1977.

Reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna nr. 445/1978, sbr. einnig reglugerð nr. 270/1981 og nr. 357/1982.

Reglugerð um íblöndun nítítra og nítítra í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir nr. 243/1974.

Auglýsing um merkingu nauðsynjavara, sem innihalda eiturefni, hættuleg efni eða önnur skaðleg efni sem geta verið skaðleg heilbrigði manna nr. 147/1985.

Reglugerð um notkun nítríta og formalíns sem rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski nr. 54/1983.

Reglugerð um varnir gegn mengun matvæla of völdum blýs og kadmíums í matarílátum nr. 242/1974.

Erindisbréf heilsugæslulækna nr. 123/1980.

Reglugerð um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu eiturefna nr. 77/1983.

Reglugerð um bann við innflutningi og notkun asbests nr. 74/1983. Reglur um asbest nr. 77/1983.

Reglugerð um mörk lindans (hexicíð og ísómera þess) og tíabendazóls í tilteknum matjurtum, smjörfitu og smjörflíkisfitu nr. 349/1982.

Reglugerð nr. 283/1981 og nr. 63/1983 um breyting á reglugerð nr. 250/1976. Reglugerð um gerð umbúða og íláta undir lyf nr. 395/1977.

Reglur um garðauðun nr. 222/1984.

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem valdið getur mengun nr. 390/1985

Úr reglugerð

nr. 356/1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun.

2. gr.

Geislavarnir ríkisins annast:

1. Reglubundið eftirlit með öllum geislatækjum og geislavirkum efnum, sem leyfi þarf fyrir samkvæmt 10. gr. laga nr. 117, 31. desember 1985.
2. Leyfisveitingar samkvæmt 11. gr. laga nr. 117, 31. desember 1985. Leita skal staðfestingar heilbrigðismálaráðherra áður en leyfi er veitt fyrir nýrri tækni og nýrri notkun á geislavirkum efnum og geislatækjum.
3. Eftirlit með og rannsóknir á þeirri geislun, sem starfsfólk, sjúklingar og almenningur verður fyrir vegna notkunar jónandi geislunar.
4. Eftirlit með uppsetningu og breytingu röntgentækja og annarra geislatækja.
5. Eftirlit með innflutningi, umbúnaði, tollskoðun, fjarlægingu og förgun geislavirkra efna.
6. Hvers konar eftirlit og athuganir, sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum nr. 117, 31. desember 1985, reglugerð þessari eða reglum settum samkvæmt þeim.
7. Fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk, er vinnur við jónandi geisla svo og upplýsingar fyrir almenning og fjölmiðla.
8. Eftirlit með og rannsóknir á geislavirkni í umhverfi, matvælum o.fl.
9. Rannsóknir á sviði geislavarna.
10. Aðild að evrópsku viðvörunarkerfi, er starfar í neyðartilfellum og að annast viðvörun vegna geislahættu.
11. Eftirlit og umsjón með, að lögum nr. 117, 31. desember 1985, reglugerð þessari og reglum samkvæmt þeim, sé fylgt.
12. Þátttöku í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á sviði geislavarna.
13. Önnur verkefni á sviði geislavarna, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
14. Geislavarnir ríkisins skulu hafa samvinnu við aðrar opinberar stofnanir svo sem landlækni, Hollustuvernd ríkisins, Siglingamálastofnun, Ríkismat sjávarafurða, Vinnueftirlit

ríkisins og Náttúruverndarráð varðandi rannsóknir og eftirlit á geislavirkni eftir því sem við á hverju sinni.

II. KAFLI

Leyfi til innflutnings, framleiðslu, eignar, sölu og afhendingar.

4. gr.

Áður en leyfi samkvæmt 10. gr. sbr. 11. gr. laga nr. 117, 31. desember 1985, um geislavarnir, er veitt, skulu Geislavarnir ríkisins kanna, hvort öryggisbúnaður og fyrirhuguð notkun umræddra tækja og efna sé í samræmi við lögin, reglugerð þessa eða aðrar reglur sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Þeim, sem hefur fengið leyfi samkvæmt 10. gr. laga nr. 17, 31. desember 1985, um geislavarnir, er aðeins heimilt að selja, leigja, lána eða láta af hendi á annan hátt, umrædd tæki og efni til aðila, sem hefur leyfi Geislavarna ríkisins til þess að starfrækja þau. Framsal tækja og efna skal tafarlaust tilkynna Geislavörnum ríkisins.

V. KAFLI

Tollskoðunendur, samkvæmt reglum Alþjóða geislavarnaráðsins. Á umbúðirnar skal rita tegund og magn hins geislavirka efnis. Þá skal þess getið, hver sé sendandi og viðtakandi og heimilisföng beggja. Þess skal getið á flutnings skjölum öllum, að um geislavirk efni sé að ræða.

15. gr.

Geislavirk efni skulu ávallt geymd í öruggum og traustum geymslum. Geislavarnir ríkisins setja nánari reglur um gerð þeirra og frágang. Þeir staðir, þar sem geislavirk efni eða tæki, sem nýta jónandi geisla, eru geymd, skulu greinilega merktir aðvörunarmerkjum eftir fyrirmælum Geislavarna ríkisins.

16. gr.

Vegna fjarlægingar og förgunar geislavirkra efna, skal haft samráð við Geislavarnir ríkisins. Skal fylgt fyrirmælum, er stofnunin gefur, svo og reglum er hún setur um fjarlægingu og förgun geislavirkra efna.

Úr reglugerð

nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

11. gr.

- 11.1. Óheimilt er að flytja til landsins eða milli fiskeldisstöðva innanlands áhöld og tæki sem notuð hafa verið við fiskeldi, nema þau séu hreinsuð og sótthreinsuð. Sama gildir um tæki og búnað sem notuð eru til flutnings á lifandi fiski milli stöðva innanlands og/eða til útlanda.
- 11.2. Komi áhöld, tæki eða búnaður sem fellur undir 11.1. erlendis frá, skal framvísa vottorðum dýralæknisyfirvalda, viðurkenndum af yfirdýralækni, um að sótthreinsun hafi farið fram á viðhlítandi hátt.

20. gr.

- 20.1. Óheimilt er að bólusetja fisk til varnar tilteknum sjúkdómum nema til komi heimild fisksjúkdómanefndar. Skal hlíta fyrir mælum hennar um hvaða tegund bóluefnis skal nota og hvernig. Bólusetning skal fara fram undir eftirliti dýralæknis fisksjúkdóma í samvinnu við viðkomandi héraðsdýralækni.
- 20.2. Innflutningur bóluefnis til notkunar skv. 20.1. er háður reglum sem um það gilda hverju sinni.

22. gr.

- 22.1. Eftirlitsdýralæknar skulu láta fiskeldisstöðvum í té vottorð um eftirlit, athuganir og störf sín í stöðvunum ef forráðamenn stöðvanna óska þess. Afrit af slíkum vottorðum skulu send Rannsóknadeild fisksjúkdóma.
- 22.2. Óski kaupandi hrogn, seiða, eldisfisks eða afurða hans að heilbrigðisvottorð fylgi vörunni skal:
- a) eftirlitsdýralæknir láta í té vottorð um reglubundið eftirlit í viðkomandi stöð og annað sem honum er falið skv. þessari reglugerð eða fellur undir starfsskyldur hans skv. lögum.
 - b) Rannsóknadeild fisksjúkdóma, sem starfar skv. lögum nr. 50/1986, lætur í té vottorð um rannsóknir sínar á sýnum úr viðkomandi fiskeldisstöð eftir því sem við á.
- 22.3. Ef vottorð skv. þessum kafla eru vegna fyrirhugaðs útflutnings skal sá sem gefur út vottorðið ganga úr skugga um að eftirlit og rannsóknir sem eftirlitið byggir á séu í samræmi við reglur um þau atriði í viðkomandi landi.

Reglugerð

nr. 62/1989, um bann við áfengisauglýsingum, sbr. reglugerð nr. 317/1991 um breytingu á henni.

1. gr.

Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

2. gr.

Með auglýsingu er í reglugerð þessari átt við hvers konar tilkynningar til almennings þar sem sýndar eru í máli eða myndum, áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar á áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna o.þ.h.

[Ákvæðið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda, sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja enda skal tekið fram með áberandi hætti að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi áfengis-laga og ekki sé vísað til hinnar áfengu framleiðslu. Skal letur sem vísar til hins óáfenga drykkjar ekki vera minna áberandi en letur firmanafnsins og/eða firmamerkisins.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 317/1991.

3. gr.

Undanþegið banni við áfengisauklýsingum er:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum, sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað, þar sem áfengisveitingar eru heimilar.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsfni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

4. gr.

Með brot á ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála. Um refsingar fer skv. áfengislögum nr. [82/1969]¹⁾, með síðari breytingum.

1) Sjá nú lög nr. 75/1998, áfengislög.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 5. mgr. 16. gr. áfengislaga, nr. 82, 2. júlí 1969*, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 16. gr. reglugerðar um sölu og veitingar áfengis, nr. 335, 18. maí 1983.

* Sjá nú 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

Reglugerð

nr. 189/1990, um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum, sbr. reglugerðir nr. 123/1995, 91/1998 og 393/1999 um breytingu á henni.

I. KAFLI

TILGANGUR, ORÐASKÝRINGAR, EFTIRLIT.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur þessarar reglugerðar er að koma í veg fyrir að til landsins berist skaðvaldar sem valdið geti alvarlegu tjóni á plöntum og plöntuafurðum hér á landi og að hindra að skaðvaldar sem aðrar þjóðir vilja verjast berist til þeirra frá Íslandi.

2. gr.

Orðaskýringar.

Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

Planta: Lifandi jurtir og viðarplöntur svo og lifandi hlutar þeirra og vefur, einnig trjáviður sé við hann áfastur börkur. Með lifandi plöntuhlutum er m.a. átt við ávexti, grænmeti, rótar- og stöngulhnýði, lauka, jarðstöngla, afskorin blóm, felld tré með greinum, trjágreinar og plöntuvef í vefjaræktun. Þar með er einnig átt við jarðveg eða annað ræktunarefni er kann að loða við eða fylgja plöntunni sem og umbúðir og umbúðarefni er umlykja hana í flutningi. Reglugerð þessi tekur ekki til djúpfrystra plöntuhluta né heldur til fræs, sem ekki er ætlað til sáningar.

Ræktunarland: Land þar sem plantan var síðast í ræktun í minnst eitt vaxtarskeið, eða þar sem sáð var til hennar með fræi. Sé um græðlinga að ræða (með eða án rótar) er átt við það land þar sem móðurplantan var ræktuð síðasta vaxtarskeið fyrir töku græðlinga, eða þar sem rötun fór fram.

Ræktunarstaður: Sú rekstrareining í ræktunarlandinu, þar sem plönturnar eru ræktaðar; gróðrarstöð, garðyrkju- eða landbúnaðarbýli eða annað fyrirtæki.

Sending: Plöntur og plöntuafurðir sem tilgreindar eru á sama heilbrigðisvottorði.

Skaðvaldur: Lífverur og lífrænir þættir er meinum valda á plöntum; veirur (vira), berfrymingar (mycoplasma), bakteríur (bacteria), sveppir (fungi) og meindýr.

Trjáviður með berki: Trjáviður þar sem meira en 1% af yfirborði er þakið berki. Sé meira en 3% af þyngd trjákurls börkur telst kurlið unnið úr trjáviði með berki.

Útflutningsland: Land þaðan sem plöntur eru fluttar beint til Íslands án þess að skipt sé um flutningsfar á leiðinni.

Vaxtarstaður: Akur, gróðurhús eða annar hluti innan ræktunarstaðar, þar sem plönturnar eru ræktaðar.

3. gr.

Eftirlit.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins og tollyfirvöld sjá um að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

Sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í plöntusjúkdómum hafa heimild til skoðunar á plöntusendingum, hvort sem er í flutningstækjum, á geymslusvæði farmflytjanda eða hjá innflytjanda vörunnar. Er skylt að aðstoða þá við þá skoðun og skal þeim heimilt að taka sýni til nánari skoðunar án endurgjalds.

Komi í ljós við skoðun að sendingin uppfylli ekki ákvæði reglugerðar þessarar, skal innflytjanda og tollyfirvöldum tilkynnt þar um. Rannsóknastofnun landbúnaðarins ákveður hvort sendingin skuli endursend eða henni eytt hér á landi. Torveldi innflytjandi aðgang að plöntusendingu eða skoðun hennar eða framkvæmi hann ekki þau fyrirmæli er honum kunna að vera gefin í tengslum við innflutninginn, má hafna innflutningi jafnvel þótt sendingin uppfylli að öðru leyti sett skilyrði. Innflytjandi ber allan kostnað við endursendingu eða eyðingu.

Eigi vankantar sem finnast á sendingu einungis við um hluta hennar og sé það mat Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að ekki sé með því tekin óréttmæt áhætta, má í undantekningatilvikum leyfa að sendingu sé skipt upp og að sá hluti hennar sem í lagi telst sé fluttur inn. Sé eigi aðgreint fullnægjandi milli plöntusendinga í sama flutningsrými og finnist skaðvaldar, sbr. viðauka I, í einhverjum þeirra, má hafna öllum sendingum í því flutningsrými.

Þegar um er að ræða plöntur til áframhaldandi ræktunar skal sérfræðingum stofnunarinnar veittur aðgangur að plöntunum til skoðunar eftir að þær eru komnar í ræktun og í allt að tvö ár frá því innflutningur átti sér stað. Komi í ljós að plöntur hafi verið fluttar inn í trássi við reglugerð þessa, er heimilt að fyrirskipa eyðingu plantanna.

Þegar fluttar eru inn trjáplöntur af tegundum sem gegna þýðingarmiklu hlutverki í íslenskri skógrækt skal Rannsóknastofnun landbúnaðarins veita Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins upplýsingar um innflutning þeirra.

II. KAFLI

INNFLUTNINGUR PLANTNA OG PLÖNTUAFURÐA.

4. gr.

Innflutningsbann.

Óheimilt er að flytja til landsins:

- a) Skaðvalda sem upp eru taldir í viðauka I og plöntur sem þeir finnast í eða á.
- b) Plöntur sem ætlaðar eru til áframhaldandi ræktunar og bera skaðvalda er nefndir eru í viðauka II, séu þeir í sendingunni í meira en mjög óverulegum mæli.
- c) Plöntur sem upp eru taldar í viðauka III og frá þeim löndum sem nefnd eru.
- d) Plöntur sem taldar eru upp í viðauka IV uppfylli þær ekki þau skilyrði sem þar eru sett.
- e) Plöntusendingar sem vísað hefur verið frá við innflutning til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar vegna þess að skilyrði þeirra landa, með tilliti til plöntuheilbrigði, hafa ekki verið uppfyllt.
- f) [Jarðveg, safnhaugamold, óunninn eða kurlaðan trjábörk og húsdýraábúrd. Undanskilin er þó mold, sem að meginhluta samanstendur af mosa (Sphagnum), enda sé hún tekin frá óræktuðum svæðum og hafi aldrei verið notuð til ræktunar. Þá er undanskilin mold, sem fylgir rótum plantna eða rótarávöxtum, enda sé hún í óverulegum mæli. Frá löndum þar sem nýsjálenski flatormurinn (Artioposthia triangulata) er útbreiddur skulu plöntur og plöntuafurðir vera alveg lausar við mold nema sérstök yfirlýsing sé um það á heilbrigðisvottorði að plönturnar séu frá ræktunarstað þar sem flatormurinn finnst ekki.]¹⁾

Finnist í plöntusendingu skaðvaldur sem ekki er vitað til að fyrirfinnst hér á landi og ekki er nefndur í viðaukum I og II og sé það mat Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að hann geti engu síður valdið alvarlegu tjóni á plöntum hér á landi, getur stofnunin bannað innflutning sendingarinnar.

Sé grunur um að skaðvald, sem nefndur er í viðauka I, sé að finna í farmi sem samanstendur af öðru en plöntum, skal sérfræðingum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins veittur aðgangur til skoðunar og útrýmingaraðgerða og er skylt að veita þeim aðstoð við slíka aðgerð.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 393/1999.

5. gr.

Innflutningur.

Innflutningur á plöntum og öðrum vörum, sem falla undir eftirtalda flokka, er því aðeins heimill, að sendingunni fylgi heilbrigðisvottorð.

- a) Plöntur með rót eða plöntuhlutar s.s. græðlingar, laukar, stöngul- og rótarhnyði o. fl., sem ætlunin er að ræta og rækta áfram. Fræ eru þó undanskilin svo og vatnaplöntur ætlaðar í fiskabúr.
- b) Kartöflur (*Solanum tuberosum*).
- c) Afskorin blóm og greinar.
- d) Rótarlaus barrtré og barrtrjágreinir (Coniferae) frá Evrópu, önnur en þau, sem getið er um í viðauka III með reglugerð þessari.
- e) Trjáviður með berki.
- f) Mold.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar plöntur og plöntuhluta án þess að þeim fylgi heilbrigðisvottorð. Undanþága þessi nær ekki yfir villtar plöntur sem tíndar eru á víðavangi, trjáplöntur (með og án rótar), þ.m.t. dvergtré („bonsai“) og kartöflur:

1. Farþegum í millilandaferðum er heimilt að taka með sér eftirfarandi án heilbrigðisvottorðs og sama gildir einnig um póstsendingar milli landa:
 - a. Vönd með afskornum blómum og greinum (allt að 25 plöntum).
 - b. Blómlauka og rótar- og stöngulhnyði frá Evrópu í órofnunum verslunarumbúðum (allt að 2 kg).
 - c. Einstaka pottaplöntur (inniþlöntur) frá Evrópu (allt að 3 stk).

2. Við búferlaflutninga frá Evrópulandi er heimilt að taka með sér pottaplöntur (inniplöntur) sem tilheyra venjulegri búslóð (allt að 30 stk. 1-5 af hverri tegund).

6. gr.

Heilbrigðisvottorð .

Heilbrigðisvottorð skulu gefin út og undirrituð af þeim opinbera aðila í ræktunarlandinu, sem hefur eftirlit með plöntusjúkdómum. Vottorðið skal vera á því formi sem gefið er í hinum alþjóðlega sáttmála um plöntuvernd (IPPC/FAO) eða sambærilegu formi. Útgáfa vottorðs skal vera staðfesting þess, að sendingin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru hér á landi til plöntu-heilbrigðis.

Þegar plöntur eru ræktaðar í öðru landi en útflutningslandinu, skal fylgja sendingunni afrit af því heilbrigðisvottorði er fylgdi plöntunum inn í útflutningslandið ásamt sérstöku endur-útflutningsvottorði á því formi sem gefið er í hinum alþjóðlega sáttmála um plöntuvernd eða sambærilegu formi. Vottorðið skal gefið út og undirritað af þeim opinbera aðila í útflutningslandinu sem hefur eftirlit með plöntusjúkdómum. Sé afgerandi munur á innflutningsreglum þessum og reglum útflutningslandsins, skal það vera ljóst á því vottorði er fylgdi plöntunum frá þriðja landi inn í útflutningslandið eða staðfest á annan hátt, að plönturnar uppfylli þau skilyrði sem sett eru hér á landi.

Vottorð skulu rituð á íslensku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, frönsku eða þýsku. Þau skulu vera þannig að allur texti sé vel læsilegur, vélritaður eða ritaður með upphafstöfum. Hægt er að hafna vottorði sé texti ekki á einu ofangreindra tungumála eða sé hann ógreinilegur eða ólesanlegur. Breytingar eða viðbætur mega ekki koma fyrir á vottorði nema greinilegt sé að þær séu gerðar af þeim aðila sem gaf það út.

Vottorð má ekki vera eldra en 14 daga þegar sending fer frá útflutningslandinu.

Hafi plöntur sem ætlaðar eru til neyslu verið meðhöndlaðar með einhverjum efnum þegar upp var skorið eða eftir að uppskera átti sér stað, skal það tilgreint á heilbrigðisvottorði. Skal þá gefa upp nafn efnasambands, notað magn og hvenær meðhöndlun fór fram.

7. gr.

Innflutningsstaðir.

Plöntur og aðrar vörur sem falla undir staflíði a-e í 1. mgr. 5. gr., má einungis flytja inn í landið um eftirtaldir tollhafnir: Reykjavík, Hafnarfjörð, Keflavík, Keflavíkurflugvöll, Akureyri og Seyðisfjörð.

8. gr.

Tollafgreiðsla og afhending.

Við tollafgreiðslu á sendingum, sem falla undir staflíði a-e í 1. mgr. 5. gr., skal fylgja tollskjölum frumrit heilbrigðisvottorðs, áritað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Heimilt er einnig að tollafgreiða plöntusendingu sé afrit af frumriti áritað. Rannsóknastofnun landbúnaðarins getur ákveðið í vissum tilvikum að veita undanþágu frá kröfunni um heilbrigðisvottorð og skal það þá tilgreint á tollskýrslu eða vörureikning með áritun.

Tollyfirvöldum er óheimilt að leyfa afhendingu plöntusendinga, sem falla undir staflíði a-e í 1. mgr. 5. gr., gegn framvísun bráðabirgðaleyfis, nema fyrir liggi samþykki Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Slíkt samþykki er gefið með áritun á bráðabirgðaleyfi til tollafgreiðslu, áritun á heilbrigðisvottorð eða með skriflegri afhendingarheimild.

9. gr.

Undanþágur.

Landbúnaðarráðuneytið getur, að fenginni umsögn sérfræðings Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í plöntusjúkdómum, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar í vísinda- og fræðitilgangi eða af öðrum ástæðum. Umsóknir þar að lútandi skulu berast ráðuneytinu skriflega ásamt rökstuðningi fyrir nauðsyn innflutnings. Hægt er að binda undanþáguna skilyrðum sem umsækjandi skuldbindur sig til að hlíta, s.s. sóttthreinsun, ræktun í sóttkví og fleira.

III. KAFLI ÚTFLUTNINGUR.

10. gr.

Þegar plöntur eru fluttar frá Íslandi til annarra landa, skal fylgja þeim heilbrigðisvottorð í samræmi við kröfur innflutningslandsins. Séu plönturnar ræktaðar í öðru landi en Íslandi og fluttar um Ísland áfram til þriðja lands, skal fylgja þeim endurútflutningsvottorð ásamt afriti af því vottorði er fylgdi plöntunum til Íslands. Rannsóknastofnun landbúnaðarins gefur út slík heilbrigðisvottorð.

Forsenda þess að Rannsóknastofnun landbúnaðarins geti gefið út heilbrigðisvottorð, er að stofnuninni sé kunnugt um gildandi innflutningsreglur viðkomandi lands með tilliti til plöntuheilbrigði og að plönturnar uppfylli þau skilyrði sem innflutningslandið setur.

IV. KAFLI REFSIÁKVÆÐI OG GILDISTAKA.

11. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum nr. 51 29. maí 1981 og öðlast gildi 1. júní 1990. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 103 19. ágúst 1948 um eftirlit með innflutningi plantna o. fl. og reglugerðir nr. 46/1984 og 382 15. júlí 1988 um breytingu á þeirri reglugerð.

Viðauki I.^{a)}

a) Viðaukar I - IV ekki birtir hér.

Reglugerð

nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, sbr reglugerð nr. 179/1993 um breyting á henni.

I. KAFLI

Sala þjónustu til erlendra aðila.

1. gr.

Sala þjónustu sem um ræðir í 2. gr. til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi er undanþegin skattskyldri veltu samkvæmt lögum nr. 50/1988, enda sé a.m.k. öðru eftirtalinna skilyrða fullnægt:

a) Þjónustan er nýtt að öllu leyti erlendis.

- b) Kaupandi gæti - ef starfsemi hans væri skráningarskyld hér á landi samkvæmt lögum nr. 50/1988 - talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. nefndra laga.

Til sönnunar því að b-liður 1. mgr. eigi við um kaupanda skal seljandi krefja hann um vottorð frá bærum yfirvöldum í heimalandi hans þar sem fram komi hvers konar atvinnurekstur hann hefur með höndum. Vottorð þetta gildir í [tvö]¹⁾ ár frá útgáfudegi og skal seljandi varðveita það á sama hátt og önnur bókhaldsgögn. [Seljandi getur farið fram á framlengingu gildistíma vottorðsins um tvö ár í senn hjá Skattstjóranum í Reykjavík, þyki staðfest að forsendur séu óbreyttar frá því vottorðið var gefið út.]¹⁾

[Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna skal ætíð undanþegin skattskyldri veltu, enda þótt skilyrðum 1. mgr. sé ekki fullnægt.]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 346/1995. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 275/1996.

2. gr.

Eftirtalin þjónusta fellur undir ákvæði 1. gr.:

1. Framsal á höfundarétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og mynsturs, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda.
2. Auglýsingaþjónusta.
3. Ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta.
4. Tölvuþjónusta, önnur gagnavinnsla og upplýsingamiðlun.
5. Atvinnumiðlun.
6. Leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja.
7. Kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem um ræðir í þessari grein.
- [8. Ábyrgðarviðgerðir sem umboðsaðili annast fyrir reikning erlends ábyrgðaraðila.]^{1)*)}
- [9. Þjónusta sem veitt er vegna löndunar eða sölu á afla fiskiskipa hér á landi.]^{2)**)}
- [10. Vöruflutningar innanlands þegar flutt er beint til eða frá landinu.]^{3)***)}
11. Þjónusta milligöngumanna, sem koma fram í nafni annars og fyrir reikning annars, að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessari grein.^{****)}

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 151/1993. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 179/1993. 3) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 86/1994.

*) Töluliðurinn missti lagastoð með lögum nr. 55/1997 og hlaut hana ekki aftur með lögum nr. 115/1997. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 115/1997 er þetta skýrt svo: "Fellð er á brott undanþága á ábyrgðarviðgerðum þar sem yfirskattanefnd hefur úrskurðað á þann veg að greiðsla til innlends viðgerðaraðila sem ber ábyrgð á söluhlut teljist greiðsla skaðabóta en ekki sala á skattskyldri þjónustu." M.ö.o. er krafa íslensks umboðsaðila á erlendan ábyrgðaraðila vegna viðgerða sem umboðsaðilinn ber ábyrgð á gagnvart kaupanda skaðabótakrafa, en skaðabætur eru ekki virðisaukaskattsskyldar.

** Sjá nú 9. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, sbr. lög nr. 55/1997. ***) Töluliðurinn missti lagastoð með lögum nr. 115/1997 og er því fallinn úr gildi.

****) Þessi töluliður var upphaflega 8. tölul. en honum hefur ekki verið breytt efnislega.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. skal ætíð telja sölu eftirtalinnar þjónustu hér á landi til skattskyldrar veltu:

1. Þjónustu sem varðar fasteignir hér á landi, þ.m.t. hönnunarþjónusta og ráðgjafarþjónusta vegna byggingarframkvæmda, svo og þjónusta fasteignasala.
2. [Vöruflutninga, aðra en vöruflutninga innanlands þegar flutt er beint til eða frá landinu.]¹⁾
3. Skattskyldrar þjónustu sem varðar starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, svo sem menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi.
4. Vinnu við lausafjármuni.
5. Skattskyldra álits- og matsgerða sem varða lausafjármuni.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 86/1994.

II. KAFLI

Kaup þjónustu erlendis frá.

4. gr.

Hver sá sem kaupir þjónustu skv. 2. eða 3. gr. erlendis frá til nota að hluta eða öllu leyti hér á landi skal greiða virðisaukaskatt af andvirði hennar, sbr. þó 2. mgr. [Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörðun, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara með eins og í viðskiptum innan lands.]¹⁾

Aðili sem skráður er samkvæmt lögum nr. 50/1988 er undanþeginn skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af kaupum skv. 1. mgr. ef hann gæti að fullu talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um þjónustu skv. 7. gr.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 480/2002.

5. gr.

Kaupandi þjónustu skv. 2. eða 3. gr. skal færa upplýsingar um þau í bókhald sitt. Fram skal koma hvers eðlis þjónusta er, hvenær henni var veitt móttaka og hvernig greiðslu var hagað.

6. gr.

[Sá sem greiða skal virðisaukaskatt skv. 4. gr. skal ótilkvaddur gera [skattstjóra]²⁾ grein fyrir kaupum á þjónustu skv. 2. eða 3. gr. á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt greinargerð skv. 1. mgr. skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga.]¹⁾

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 275/1996. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 480/2002.

7. gr.

Nú er skattskyld þjónusta veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning vöru og skal innflytjandi þá greiða virðisaukaskatt í einu lagi af hinni skattskyldu vöru og þjónustu hjá tollstjóra þar sem vara er tollafgreidd.

Ríkistollstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa í aðflutningskýrslu og öðrum tollskýrslum sem greitt skal af í tolli. Um ákvörðun skattverðs innfluttrar þjónustu samkvæmt 1. mgr. gilda ákvæði III. kafla laga nr. 50/1988 og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Erlendur aðili sem selur hér á landi skattskylda þjónustu samkvæmt lögum nr. 50/1988 er skyldur til að tilkynna um starfsemi sína til skattstjóra, innheimta virðisaukaskatt af þessum viðskiptum og standa skil á honum í ríkissjóð samkvæmt almennum reglum laganna, enda eigi 3. tölul. 4. gr. þeirra ekki við um hann. Í þessum tilvikum kemur eigi til skattheimtu skv. II. kafla reglugerðar þessarar.

[Hafi erlendur aðili sem selur hér á landi skattskylda þjónustu ekki fasta starfsstöð hérlendis ber honum að fela umboðsmanni með heimilisfesti hér á landi að vera í fyrirsvári fyrir sig, þ.m.t. að tilkynna um starfsemina til skattstjóra, innheimta virðisaukaskatt af skattskyldri þjónustu og skila í ríkissjóð.

Hafi erlendur aðili skv. 2. mgr. ekki umboðsmann eða fyrirvarsmann hér á landi og vanrækir að tilkynna til skattstjóra um starfsemi sína ber kaupandi þjónustunnar ábyrgð á virðisaukaskattsskilum hins erlenda aðila vegna þeirrar þjónustu sem hann er kaupandi að. Um skattskil í slíkum tilvikum gilda ákvæði 4. og 6. gr.]¹⁾

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 275/1996.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988.

[Komi í ljós að aðili hafi vanrækt að greiða virðisaukaskatt skv. 4. eða 7. gr. eða ekki greitt skattinn á tilskildum tíma skv. 6. gr. skal hann auk hins vangreidda skatts sæta álagi skv. 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.]¹⁾

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 275/1996.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 12. gr. og 35. gr. laga nr. 50/1988 og öðlast þegar gildi. Ákvæði I. kafla taka þó til viðskipta frá og með 1. janúar 1990.

Reglugerð

nr. 318/1990, um bann við notkun azó-litarefna og alifatískra klórflúorkolefnissambanda (freon) og skyldra efna sem drifefna í lyf.

1. gr.

Notkun azó-litarefna í lyfjum er óheimil hér á landi. Azó-litarefni hafa CI-númer 11.000-39.999 (CI= Colour Index).

[2. gr.]¹⁾

1) 2. gr. felld úr gildi með 10. gr. reglugerðar nr. 268/1993.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lyfjalögum nr. 108/1984 með síðari breytingum og lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 622/1980 um notkun litarefna í lyfjum og 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 64/1989 um bann við innflutningi og sölu úðabrúsa, sem innihalda tiltekin drifefni (ósoneyðandi efni).

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu þó heimilt, að fenginni umsögn lyfjanefndar, að leyfa innflutning og sölu lyfja og dýralyfja, sem innihalda drifefni (ósoneyðandi efni) þau, sem tiltekin eru í reglugerð nr. 64/1989 um bann við innflutningi og sölu úðabrúsa, sem innihalda tiltekin drifefni (ósoneyðandi efni).

Reglugerð

nr. 71/1991, um innflutning og viðurkenningu á neyðarsendibaujum á 406 MHz.

1. gr.

Póst- og símamálastofnun skal heimila innflutning og annast viðurkenningu á neyðarsendibaujum á tíðninni 406,025 MHz til nota í skipum í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn og nota neyðarsendibaujur, sem hlotið hafa viðurkenningu hjá löggiltum viðurkenningarstofnunum í öðrum löndum Evrópu.

Með beiðni innflytjanda um innflutning skal fylgja viðurkenningarvottorð ásamt upplýsingum um á hvaða reglum erlend viðurkenning er byggð.

3. gr.

Áður en heimild er veitt samkvæmt 2. gr. skal umsækjandi afhenda handbók yfir neyðarsendibaujuna með nákvæmri tæknilegri lýsingu og notkunarreglum. Þar skal m.a. koma fram hver áætlaður endingartími baujunnar og rafhlaða hennar er og hversu lengi hún getur sent út á þeim rafhlöðum sem með henni fylgja.

4. gr.

Heimildir til innflutnings samkvæmt 2. gr. falla úr gildi 31. desember 1991 og taka þá gildi nýjar reglur um viðurkenningu neyðarsendibauja á tíðninni 406,025 MHz. Ekki verður skylt að skipta út baujum, sem settar verða í skip til og með 31. desember 1991 og ekki fá varanlega viðurkenningu fyrr en að 8 árum liðnum.

5. gr.

Áður en innflytjandi eða seljandi afhendir notanda neyðarsendibauju skal hann tryggja að radíóeftirliti Póst- og símamálastofnunar hafi verið send umsókn um starfræksluleyfi fyrir baujuna.

Radíóeftirlitið skal skrá upplýsingar um neyðarsendibaujuna í leyfisbréf skipa.

6. gr.

Stranglega er bannað að ræsa neyðarsendibaujur, nema skip sé í sjávarháska.

7. gr.

Í minniseiningu hvernar neyðarsendibauju skal stimpla upplýsingar um skip í samræmi við viðauka við þessar reglur. Í reit 27 til 36 skal stimpla töluna 251. Í reit 40 til 75 skal setja 6 stafi, sem mynda einkennisnúmer skipsins, sem neyðarsendibaujan verður sett í. Radíóeftirlitið úthlutar einkennisnúmerum í samræmi við alþjóðaradíóreglugerð. Seljandi neyðarsendibauju er ábyrgur fyrir því að framangreindar upplýsingar hafi verið stimplaðar í baujuna áður en hún er afhent notanda. Að öðru leyti skulu upplýsingar í minniseiningu baujunnar vera í samræmi við viðauka I. Í viðauka II er sýnd kóðunaraðferðin, sem nota skal í baujuna.

8. gr.

Óheimilt er að flytja neyðarsendibaujur milli skipa, nema að sótt hafi verið fyrirfram til radíóeftirlitsins um flutninginn og breytt hafi verið stimpluðu einkennisnúmeri í baujunni til samræmis við það skip, sem baujan er flutt í.

9. gr.

Að öðru leyti en kveðið er á um í 1.-8. gr. í reglugerð þessari skal rekstur neyðarsendibauja á tíðninni 406,025 MHz vera í samræmi við reglugerð nr. 493/1988 um rekstur radíóstöðva.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum um fjarskipti.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. [81/2003]¹⁾ staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðauki I²⁾

1) Nú lög nr. 143/1996. 2) Viðaukar I og II ekki birtir hér.

Reglugerð

nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, sbr. reglugerðir nr. 186/1993, 305/1996, 557/2002, 691/2008 og 998/2009 um breytingu á henni.

1. gr.

Við kaup á vörum eða þjónustu innanlands ber erlendum sendiráðum og sendierindrekum að greiða virðisaukaskatt og aðra óbeina skatta eftir þeim reglum sem almennt gilda á Íslandi um þau viðskipti.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) fá endurgreiddan virðisaukaskatt af vörum, þó ekki matvælum, enda sé því lýst yfir að viðkomandi vara sé eingöngu ætluð til notkunar fyrir erlent sendiráð eða til persónulegra nota sendierindreka og þeirra venslamanna hans er teljast til heimilisfólks.

[Endurgreiða skal virðisaukaskatt vegna vinnu manna sem unnin er á byggingarstað við nýbyggingu embættisbústaðar sendiherra eða skrifstofuhúsnaðis sendiráðs, þ.m.t. vinnu við framkvæmdir á lóð hússins, jarðvegslagnir umhverfis hús, girðingar, bílskúra og garðhús.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts tekur á sama hátt til allrar vinnu manna við endurbætur og viðhald framangreinds húsnæðis.]¹⁾

[Jafnframt skal endurgreiða virðisaukaskatt af leigugjaldi sem greitt er fyrir notkun á húsnæði sem er embættisbústaður sendiherra eða skrifstofuhúsnæði sendiráðs. Þó skal ekki endurgreiða virðisaukaskatt vegna þjónustu sem tengist rekstri húseignarinnar.]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 186/1993. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 305/1996.

2. gr.

[Utanríkisráðuneytið afgreiðir beiðni um endurgreiðslu og skal beiðni vera á því formi sem utanríkisráðuneytið ákveður. Ásamt beiðni skal senda utanríkisráðuneytinu frumrit reikninga sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Reikningar skulu vera í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Utan-ríkis-ráðu-neytið gengur úr skugga um að endurgreiðslubeiðni uppfylli skilyrði reglugerðar þessarar og sendir frumrit samþykkrar beiðni til Fjársýslu ríkisins sem annast endurgreiðslu. Afrit samþykkrar endurgreiðslubeiðni er send til umsækjanda ásamt frumriti reikninga.

Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð hvers einstaks reiknings nemi a.m.k. 7.000 kr. með virðisaukaskatti. Utanríkisráðuneytið skal heimila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heildar-fjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 7.000 kr. með virðisaukaskatti.

Utanríkisráðuneytið skal afgreiða beiðnir um endurgreiðslu 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert. Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef beiðni um endurgreiðslu berst utanríkisráðuneytinu eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

Reikningar þeir sem endurgreiðslubeiðni er byggð á skulu vera greiddir. Til staðfestingar á greiðslu skal greiðslukvittun fylgja greiddum reikningum.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts samkvæmt reglugerð þessari er háð því að heimaland viðkomandi sendiráðs, eða sendierindreka, veiti gagnkvæman endurgreiðslurétt til íslenskra sendiráða eða sendierindreka..]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 998/2009.

3. gr.

Um innflutning gilda ákvæði 3. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 47. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, til að öðlast gildi hinn 1. október 1991. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 532/1989, um sama efni.

Úr reglugerð

**nr. 70/1993, um útflutningsleyfi o.fl., sbr. reglugerð nr. 502/1996,
um breytingu á henni.**

1. gr.

Vöruútflutningur er frjálss nema annað sé ákveðið í lögum, sbr. fylgiskjal 1.

2. gr.

Útflutningur á vörum sem taldar eru upp í fylgiskjali 2 er háður leyfi utanríkisráðuneytisins.

Ekki þarf leyfi samkvæmt þessari grein til að flytja úr landi sýnishorn sem eru ætluð til kynningar á viðkomandi vöru. Sama gildir um gjafir og póstsendingar að sama verðmæti og gildir um tollfrjálsan innflutning ferðamanna.

3. gr.

Útflutningur sem telst mikilvægur til hernaðarþarfa eða við framleiðslu, þróun eða notkun á vörum til hernaðarþarfa er háður leyfi utanríkisráðuneytisins. Sama gildir um hernaðarlega mikilvægan hátæknibúnað og vörur til framleiðslu hans, svo og efna- og lífefnavopn og búnað sem unnt er að nota til framleiðslu þeirra. Útflutningur þessi er talinn upp í listum I-VI í fylgiskjali 3.

Ef til ágreinings kemur um það til hvaða vara þessi grein tekur sker utanríkisráðuneytið úr honum.

4. gr.

Ráðuneytið getur bundið útflutningsleyfi skilyrðum sem nauðsynleg þykja, þ.á.m. um sölukjör, lánskjör, meðferð skjala o.fl.

Ráðuneytið getur krafist þess að útflytjendur veiti upplýsingar um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda, svo sem um verð, umboðslaun o.s.frv. Ennfremur að lagðir séu fram endanlegir sölureikningar eða önnur gögn yfir vöru sem flutt var út í umboðssölu.

5. gr.

Starfsmönnum ráðuneytisins sem veita viðtöku upplýsingum frá útflytjendum skv. 4. gr. er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þar kemur fram og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi, sbr. 32. gr. laga nr. 38/19541).

1) Sjá nú 18. gr. laga nr. 70/1996.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. gr. laga nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o.fl. og öðlast gildi 1. mars 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 407/1992 um útflutningsleyfi o.fl.

Fylgiskjal 1.**Útflutningur sem er háður takmörkunum samkvæmt öðrum lögum.****A****Ávana- og fíkniefni**

1. Útflutningur ávana- og fíkniefna er bannaður skv. 2. og 3. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni.

Búfé

2. Óheimilt er að flytja úr landi tímgunarhæft búfé, sæði eða fósturvísa án leyfis landbúnaðarráðuneytis, sbr. 14. gr. laga nr. 84/1989^{a)} um búfjárrækt.

3. Útflutningur hrossa er háður leyfisveitingum frá landbúnaðarráðuneyti skv. lögum nr. 64/1958 um útflutning hrossa.^{b)}

Búvörur

4. Áður en ákvarðanir eru teknar um útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sbr. 41. gr. laga nr. 46/1985^{c)} um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Forngripir

5. Eigi má flytja úr landi neina muni eða gripi sem eru eldri en 100 ára nema þjóðminjaráð leyfi, sbr. 28. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Fuglar

6. Fugla, egg, eggskurn og hreiður er óheimilt að flytja úr landi nema með undanþágu frá umhverfissráðuneyti, sbr. nánar 32. gr. laga nr. 33/1966^{d)} um fluglaveiðar og flugafriðun. Bannið tekur hvorki til rjúpna né alifugla.

Laxa- og silungahrogn

7. Óheimilt er að flytja úr landi laxa- og silungahrogn nema með leyfi landbúnaðarráðherra skv. 22. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Náttúrugripir

8. Náttúrugripi má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni, sbr. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/1992^{e)} um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Neysluvörur skaðlegar heilbrigði

9. Óheimilt er að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi, hvort sem er innanlands eða til útflutnings úr landinu, matvæli eða aðrar neyslu- eða nauðsynjavörur, sem ætla má að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, sbr. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 24/1936^{f)} um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Plöntur

10. Þegar plöntur eru fluttar frá Íslandi til annarra landa, skal fylgja þeim heilbrigðisvottorð í samræmi við kröfur innflutningslandsins, sbr. nánar 10. gr. reglugerðar nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

Síld

11. Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld, sem íslensk skip veiða, eða verkuð er hér á landi eða lögð á land verkuð, nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1962^{g)} um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Skotvopn

12. Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1977^{h)} um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Verðbréf

- [13. Öðrum aðilum en viðskiptabönkum og sparisjóðum og þeim sem hafa heimild til verðbréfamíðlunar hér á landi er óheimilt að flytja innlend og erlend verðbréf til og frá landinu nema með heimild frá Seðlabankanum, sbr. 6. tölul. 15. gr. reglugerðar nr. 471/1992 um gjaldeyrismál.]¹⁾

B

Viðskiptabann

- [14. Óheimilt er að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera við gerð samningsins að endanlegur áfangastaður varanna er Suður-Afríka sbr. 1. gr. laga nr. 67/1988 um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku.]²⁾
15. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Írak vörur, eða selja eða útvega vörur í þágu fyrirtækis sem rekið er í Írak eða stjórnað er þaðan, sbr. 3. gr. auglýsingar nr. 160/1992³⁾ um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt.
16. Íslenskum ríkisborgurum hvarvetna og öðrum í íslenskri lögsögu er óheimilt að selja eða flytja flugvélar og flugvélahluta til Líbýu, sbr. auglýsing nr. 130/1992⁴⁾ um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 748 (1992) vegna stuðnings líbýskra stjórnvalda við hryðjuverkastarfsemi.
- [17. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) vörur í þágu fyrirtækis sem rekið er í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) eða stjórnað er þaðan, sbr. 3. tölul. 1. mgr. auglýsingar nr. 197/1992 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 757 (1992) um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi).]⁵⁾

C

18. Tilvísanir í lagaákvæði í fylgiskjali þessu skulu hvorki hafa áhrif á túlkun þeirra né annarra lagaákvæða um útflutningstakmarkanir sem þar er ekki getið og kunna að vera í gildi eða verða sett.
19. Þegar vísað er í lög í fylgiskjali þessu er átt við lög ein og þeim kann að hafa verið breytt, þótt breytingarlaganna sé ekki getið.

1) Úr gildi með rg. nr. 679/1994 (sjá 5. tl. 8. gr.). 2) Úr gildi með lögum nr. 33/1993. 3) Sjá nú auglýsingu nr. 579/2004. 4) Sjá ennfremur auglýsingu nr. 474/1993. 5) Féll úr gildi með auglýsingu nr. 478/2004.

a) Sbr. 14. gr. laga nr. 70/1998. b) Sbr. nú lög nr. 161/1994. c) Sbr. nú 53. gr. laga nr. 99/1993 og 19. gr. laga nr. 87/1995. d) Sbr. nú lög nr. 64/1994. e) Sbr. 6. gr. laga nr. 169/1998. f) Sjá nú lög nr. 134/1995. g) Úr gildi með lögum nr. 43/1998. h) Sjá nú 6. gr. laga nr. 16/1998.

Fylgiskjal 2.

[Útflutningur á fiski sem háður er leyfi utanríkisráðuneytisins.

Tollskrárnúmer
0301

Vörutegund
Lifandi fiskur

0302.2110-0302.2900*	Flatfiskur, þó ekki í flugi
0302.5001-0302.5009*	Þorskur, þó ekki í flugi
0302.6200	Ýsa, þó ekki í flugi
0302.6300	Ufsi, þó ekki í flugi
0302.6500	Háfur og aðrir háfiskar, þó ekki í flugi
0302.6911*	Loðna, þó ekki í flugi
0302.6912*	Langa, þó ekki í flugi
0302.6913*	Karfi, þó ekki í flugi
0302.6914*	Keila, þó ekki í flugi
0302.6915*	Steinbítur, þó ekki í flugi
0302.6916*	Skata, þó ekki í flugi
0302.6918*	Gulllax, þó ekki í flugi
0302.6919*	Barri, þó ekki í flugi
0302.6921*	Skötuselur, heill með haus, þó ekki í flugi
0302.6922*	Skötuselur, halar, þó ekki í flugi
0302.6923*	Skötuselur, annar, þó ekki í flugi
0302.6924*	Gulldepla (<i>Maurolicus mulleri</i>), þó ekki í flugi
0302.6990*	Annar fiskur, þó ekki í flugi
0305.2001	Grásleppuhrogn, söltuð ¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 502/1996. * Tollskránumer færð til samræmis við breytta tollskrá.

Fylgiskjal 3.¹⁾

1) Fylgiskjal 3 um útflutning til hernaðarþarfa sem er háður leyfi utanríkisráðuneytisins. Ekki birt hér.

Reglugerð

nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti, sbr. reglugerðir nr. 375/1993, 511/1993, 474/1997, 339/1998, 356/1999 og 682/2000 um breytingu á henni.

Almennt vörugjald af bensíni.

1. gr.

[Greiða skal 10,50 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 682/2000.

2. gr.

[Af vörugjaldi skv. 1. gr. skulu 36% greidd við tollafgreiðslu, 20% innan 60 daga og 44% innan 90 daga talið frá komudegi flutningsfars.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 375/1993.

Sérstakt vörugjald af bensíni.

3. gr.

Auk vörugjalds skv. 1. gr. skal greiða sérstakt vörugjald - bensíngjald - af bensíni. [Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 28,60 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 30,43 kr. af hverjum lítra.]¹⁾

Eigi skal greiða bensíngjald af flugvélabensíni, enda flokkist það í tollskrárnúmer [2710.1110]²⁾ og sönnur sé færðar á að það hafi verið notað eða verði notað á flugvélar.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 356/1999. Öðlast gildi 1. júní 1999.

2) Tollskárnúmer fært til samræmis við breytingar á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal heimilt að gera bensíngjald upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldsins til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að það sé greitt áður en einn mánuður er liðinn frá lokum sölumánaðar.

5. gr.

Að því leyti sem eigi er kveðið á um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, samræmingu gjalda, eftirlit, innheimtu, vörslusviptingu, veð, uppboð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjöld skv. reglugerð þessari skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, og laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., eftir því sem við getur átt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Gildistaka.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., gildir frá 1. janúar 1993 og tekur til innflutnings á bensíni sem tekið er til tollafgreiðslu frá og með þeim degi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. júlí 1993, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni fyrir 10. júlí 1993. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júlí 1993.

Reglugerð

nr. 267/1993, um notkun erlendra ökutækja, sbr. reglugerðir nr. 555/1993, 96/1996, 313/1999, 700/1999, 391/2003, 269/2005 og 488/2006 um breytingu á henni.

1. gr.

Samkvæmt reglum þessum er heimilt að nota hér á landi erlent ökutæki, þ.e. ökutæki í eigu aðila sem á heimili erlendis og ekki er skráð hér á landi, enda hafi tollyfirvald heimilað

innflutning þess samkvæmt reglum um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, sbr. nú reglugerð nr. 160 30. mars 1990.

2. gr.

Ökutækið skal vera skráð í heimalandi sínu, annað hvort til almennrar notkunar eða til tímabundinnar notkunar í erlendu ríki. Ökutækið skal bera skráningamerki og því skal fylgja gilt skráningarskríteini. [Ökutækið skal búið

- a. þjóðernismerki með þjóðernisbókstaf/stöfum að aftan í samræmi við ákvæði 20. gr. og viðauka 4 við Genfarsamninginn um umferð á vegum frá 19. september 1949 eða 37. gr. og viðauka 3 við Vínarsamninginn um umferð á vegum frá 8. nóvember 1968, og/eða
- b. sömu þjóðernisbókstöfum á ökutæki frá ríki Evrópusambandsins sem komið er fyrir á vinstri hlið skráningamerkisins í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2411/98.]¹⁾

[Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2411/98 um viðurkenningu á þjóðernismerki skráningarlands bifreiða og bifhjóla og eftirvagna þeirra í umferð innan bandalagsins skulu gilda hér á landi með þeirri aðlögun sem leiðir af XIII. viðauka við EES samninginn, bókun I við samninginn og samningnum að öðru leyti.]²⁾

Ökutæki sem er skráningarskytt samkvæmt umferðarlögum en er ekki skráningarskytt samkvæmt reglum heimalands má nota samkvæmt reglum þessum enda haldi tollyfirvald sérstaka skrá yfir slík ökutæki. Þetta gildir þó ekki um bifreiðir, bifhjól, önnur en létt bifhjól, eða eftirvagna bifreiða sem gerðir eru fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 700/1999. 2) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 700/1999.

3. gr.

Ökutæki skal uppfylla þau ákvæði um gerð og búnað og skoðun, sem gilda í því ríki sem það er skráð í, sem ekki skulu vera vægari en ákvæðið er í viðauka 6 við alþjóðasamning um umferð á vegum frá 19. september 1949, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1993. Ökutækið skal búið aðalljósum fyrir hægri umferð. Ástand ökutækis skal vera viðhlítandi.

Ef vafi leikur á því hvort ökutæki uppfylli skilyrði um búnað má krefjast þess að það verði fært til skoðunar.

Ákvæði reglna um stærð og þyngd ökutækja gilda einnig um erlend ökutæki.

4. gr.

[Ökutækið skal váttryggt ábyrgðartryggingu samkvæmt ákvæðum umferðarlaga.

Litið skal svo á að váttryggingarskyldu sé fullnægt að því er varðar ökutæki sem skráð eru í ríkjum sem talin eru upp í viðauka I. Þetta á þó ekki við um ökutæki, sem nefnd eru í viðauka II.

Vegna annarra ökutækja en nefnd eru í 1. málslíð 2. mgr. skal ökumaður (umráðamaður) hafa undir höndum alþjóðlegt váttryggingarkort fyrir ökutæki ("grænt kort") eða staðfestingu váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi. Skulu þessi gögn bera með sér, að lögboðin ábyrgðartrygging sé í gildi, og skal váttryggingin gilda í aðildarríkjum Evrópska efnahags-svæðisins (EES) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. ábyrgjast að ökutæki sem skráð er erlendis en hér er notað um stundarsakir sé váttryggt lögmaetri ábyrgðartryggingu ef önnur váttrygging er ekki fyrir hendi enda hafi ökumaður (umráðamaður) ökutækisins við innflutning þess lagt fram alþjóðlegt váttryggingarkort fyrir ökutæki ("grænt kort") sem út er gefið í samræmi við

reglur þær um alþjóðlegar bifreiðatryggingar sem undirnefnd um vegflutninga í innanlandsflutninganefnd efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu hefur mælt með.

Eftirlit með því að erlent ökutæki, sem ekið er hér á landi, uppfylli kröfur reglugerðar þessarar, þ.m.t. hvort í gildi sé ábyrgðartrygging vegna þess, skal fyrst og fremst byggjast á úrtakseftirliti. Skal slíkt eftirlit fara fram bæði við innflutning ökutækisins og eftir að notkun þess er hafin. Ökutæki, sem skráð eru í ríkjum er nefnd eru í viðauka I, eru þó við komu til landsins undanþegin eftirliti með váttryggingarskyldu.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 391/2003.

5. gr.

Notkun ökutækis er aðeins heimil þann tíma og með þeim skilyrðum sem tollyfirvald setur. Notkun ökutækisins er eigi heimil eftir að ökutækið hefur verið endanlega tollafgreitt og ekki lengur en í eitt ár frá því ökutækið kom til landsins.

6. gr.

[Reglugerð þessi er sett samkvæmt 66. gr. og 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af 8., 9. og 10. tölul. IX. viðauka við EES samninginn (tilskipun 72/166/EBE með breytingum samkvæmt tilskipunum 72/430/EBE, 84/5/EBE og 90/232/EBE og ákvörðunum 91/323/EBE, 93/43/EBE, 97/828/EB og 99/103/EB) og 24. b tölul. XIII. viðauka við samninginn (reglugerð 98/2411/EB).]¹⁾

1) Sbr. reglugerð nr. 700/1999.

[VIÐAUKI I

Ökutæki frá eftirtöldum ríkjum teljast hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu við komu til landsins, og þarf ekki að framvísa grænu korti því til staðfestingar, sbr. þó undantekningar í viðauka II:

Andorra	(AND)	Malta	(M)
Austurríki	(A)	Noregur	(N)
Belgía	(B)	Portúgal	(P)
Danmörk (ásamt Færeyjum)	(DK)	Pólland	(PL)
Eistland	(EST)	Slóvakía	(SK)
Finnland	(FIN)	Slóvenía	(SLO)
Frakkland (ásamt Mónakó)	(F)	Stóra-Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermarsundseyjum, Mön og Gíbraltar)	
Grikkland	(GR)		
Holland	(NL)	(GB)	
Írland	(IRL)	Sviss (ásamt Liechtenstein)	(CH)
Ítalía (ásamt San Marínó og Páfagarði)	(I)	Svíþjóð	(S)
Króaía	(HR)	Tékkland	(CZ)
Kýpur	(CY)	Slóvakía	(SK)
Lettland	(LV)	Ungverjaland	(H)
Litháen	(LT)	Þýskaland (D)	
Lúxemborg	(L)		

VIÐAUKI II

Eftirtalin ökutæki frá ríkjum sem tilgreind eru í viðauka I eru háð eftirliti með því hvort váttryggingarskyldu sé fullnægt, þó að önnur ökutæki frá þeim ríkjum séu undanþegin slíku eftirliti:

Andorra (AND)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur. 2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Danmörk (ásamt Færeyjum) (DK)

- Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.
- Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Eistland (EST)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Finnland (FIN)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Frakkland (ásamt Mónakó) (F)

Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Grikkland (GR)

- Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur. (Tekur gildi varðandi tjón sem verður 1. október 1993 eða síðar).
- Ökutæki sem tilheyra milliríkjastofnunum (græn skráningarmerki með bókstöfunum „CD“ og „D S“ og skráningarnúmeri á eftir).
- Ökutæki sem tilheyra heraflo NATO eða hermönnum og borgaralegu starfslíði NATO (gul skráningarmerki með bókstöfunum „X A“ og skráningarnúmeri á eftir).
- Ökutæki sem tilheyra gríska hernum (skráningarmerki með bókstöfunum „ES“).
- Ökutæki sem tilheyra „Sameinuðum heraflo“ í Grikklandi (skráningarmerki með bókstöfunum „AFG“).
- Ökutæki með reynslumerki (hvít skráningarmerki með bókstöfunum „DOK“ og skráningarnúmeri á eftir).

Holland (NL)

- Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur. (Gildir varðandi tjón sem verða 1. október 1993 eða síðar).
- Einkaökutæki hollenskra hermanna og fjölskyldna þeirra sem aðsetur hafa í Þýskalandi.
- Ökutæki sem tilheyra þýskum hermönnum sem aðsetur hafa í Hollandi.
- Ökutæki sem tilheyra einstaklingum sem tengjast aðalstöðvum „Sameinaðs heraflo í Mið-Evrópu“.

5. Þjónustuökutæki herafla NATO.

Írland (IRL)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Ítalía (ásamt San Marínó og Páfagarði) (I)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.
2. Ökutæki sem tilheyra herafla og öðru herliði og borgaralegu liði sem alþjóðasamningar gilda um (t.d. „AFI“ merki og alþjóðastofnanir eins og NATO).
3. Ökutæki sem ekki eru búin skráningarmerki (einkum reiðhjól með hjálparvél).
4. Landbúnaðarvélar (svo sem landbúnaðardráttarvélar, eftirvagnar þeirra og öll önnur ökutæki sem hönnuð eru sérstaklega til nota við landbúnaðarstörf).

Kýpur (CY)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.
2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Letland (LV)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.
2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Litháen (LT)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.
2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Lúxemborg (L)

Ökutæki með tímabundna skráningu, sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Malta (M)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.
2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Portúgal (P)

1. Landbúnaðarvélar og önnur vélknúin tæki sem samkvæmt portúgölskum lögum þurfa ekki að bera skráningarmerki.
2. Ökutæki sem tilheyra erlendum ríkjum og alþjóðasamtökum sem Portúgal á aðild að (hvít skráningarmerki með rauðum tölustöfum og bókstöfunum „CD“ eða „FM“ á undan).

- Ökutæki sem tilheyra portúgalska ríkinu (svört skráningarmerki með hvítum tölustöfum og bókstöfunum „AM“, „AP“, „EP“, „ME“, „MG“ eða „MX“ á undan, eftir því hvaða ríkisstofnun á í hlut).

Pólland (PL)

- Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.
- Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Slóvakía (SK)

Ökutæki með tímabundna skráningu, sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Slóvenía (SLO)

Ökutæki með tímabundna skráningu, sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Stóra-Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermarsundseyjunum, Gíbraltar og Mön) (GB)

Ökutæki NATO sem falla undir ákvæði Lundúnasamningsins frá 19. júní 1951 og Parísarbókunarinnar frá 28. ágúst 1952.

Sviss (ásamt Liechtenstein) (CH)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Svíþjóð (S)

Ökutæki með tímabundna skráningu, sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Tékkland (CZ)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Ungverjaland (H)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Þýskaland (D)

- Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.
- Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.]¹⁾

1) Sbr. reglugerð nr. [488/2006](#).

Reglugerð

nr. 269/1993 um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi.

1. gr.

Heimilt er að skrá samkvæmt reglum þessum bifreiðir sem inn eru fluttar án greiðslu aðflutningsgjalda/vörugjalds, enda hafi tolyfirvald heimilað þá skráningu, sbr. 7. gr.

Heimild þessi tekur aðeins til ónotaðra bifreiða sem keyptar eru hér á landi og hafa eigi verið skráðar áður hérlendis eða erlendis.

Reglur þessar ná eigi til bifreiða þeirra sem úrlendisréttar njóta.

2. gr.

Rétt til að fá bifreið skráða samkvæmt reglum þessum hefur sá maður sem staddur er hér á landi en hefur haft fasta búsetu erlendis a.m.k. næstliðið eitt ár og ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Skráning er háð því að eigandi bifreiðarinnar skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

- a. að hann aki bifreiðinni sjálfur, maki hans eða launaðir starfsmenn hans,
- b. að bifreiðin verði ekki lánuð, leigð eða notuð til flutninga gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi,
- c. að hann flytji bifreiðina til útlanda þegar hann fer af landi brott, og
- d. að hann hlíti þeim nánari reglum sem settar kunna að verða um bifreiðir þessar og eftirlit með þeim.

3. gr.

Skráningartími er einn mánuður. Heimilt er þó að ákveða lengri skráningartíma bifreiðar, eða framlengja hann um allt að þrjá mánuði í senn, þannig að skráningartíminn verði allt að tólf mánuðum alls, enda færi hinn skráði eigandi sönnur á að hann fullnægi eftirtöldum frekari skilyrðum:

- a. að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki,
- b. að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi, og
- c. að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Nú eru framangreind skilyrði ekki fyrir hendi og er þá í undantekningartilvikum heimilt að framlengja skráningartíma um þrjá mánuði í senn, þannig að skráningartíminn verði allt að tólf mánuðum alls.

4. gr.

Nú eru skilyrði fyrir skráningu bifreiðar samkvæmt 2. gr. eða framlengingu skráningar samkvæmt 3. gr. rofin eða forsendur skráningar niður fallnar og skal lögreglustjóri þegar í stað taka bifreiðina úr notkun.

5. gr.

Þegar gildistíma skráningar lýkur er notkun bifreiðar óheimil hér á landi, enda hafi venjuleg skráning ekki farið fram.

Nú hefur bifreið ekki verið flutt úr landi fyrir lok gildistíma skráningar og skal hún þá tekin úr notkun.

6. gr.

Nú er bifreið flutt úr landi og er þá heimilt að framlengja gildistíma skráningar, þannig að skráningartíminn verði allt að tólf mánuðum alls.

7. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. annast skráningu og framlengingu skráningartíma bifreiða samkvæmt reglum þessum og heldur skrá um þær. Áður en skráning eða framlenging skráningar fer fram skal liggja fyrir yfirlýsing tollyfirvalds um að skilyrði skráningar eða framlengingar, sbr. 2. og 3. gr., séu fyrir hendi.

8. gr.

Á bifreið sem skráð er samkvæmt reglum þessum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan, 400 x 120 mm að stærð. Skráningarmerkin skulu vera með fjórum hvítum tölustöfum (0001-9999), 90 mm á hæð, á svörtum grunni. Á hvorri hlið skráningarmerkis skal vera 45 mm lóðrétt rauð rönd. Vinstra megin skal skrá með hvítum tölustöfum röð þess mánaðar og hægra megin tvo síðustu tölustafi þess árs þegar gildistíma skráningar lýkur.

Þegar gildistíma skráningar lýkur skal afhenda Bifreiðaskoðun skráningarmerkin án endurgjalds.

Auk skráningarmerkis skal bifreið búin íslensku þjóðernismerki (ÍS).

9. gr.

Í skráningarskírteini skal tilgreina hvenær gildistíma skráningar lýkur.

10. gr.

Ákvæði reglna þessara gilda með sama hætti um bifhjól. Skráningarmerki skal vera að aftan. Það skal vera 240 x 130 mm að stærð, tölustafir í tveimur röðum og stafahæð 49 mm.

11. gr.

Um skráningu ökutækja samkvæmt reglum þessum gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, almenn ákvæði um skráningu ökutækja.

12. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglur um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi, nr. 246 5. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 453 31. desember 1976.

Reglugerð

nr. 336/1993 um innheimtu virðisaukaskatts af blöðum og tímaritum sem send eru í áskrift erlendis frá í pósti.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 50/1988, með síðari breytingum er skylt að innheimta virðisaukaskatt af sölu blaða og tímarita, þar með talið blaða og tímarita, sem send eru í áskrift í pósti erlendis frá til viðtakenda hér á landi.

Viðtakendum slíkra blaða og tímarita ber ótilkvöddum að greiða innheimtuaðila, pósthjórinni, 14% virðisaukaskatt í einu lagi af áskriftargjaldi fyrir áskriftartímabil sem greitt

hefur verið eða lofað að greiða fyrir. Virðisaukaskattur skal greiddur innan mánaðar frá því að áskriftargjald hefur verið greitt.

Viðtakanda er heimilt að greiða virðisaukaskatt samkvæmt reglugerð þessari, með innborgun á gíróreikning hjá Póstgíróstofunni með gíróseðli á pósthúsi, í banka, eða sparisjóði.

Auk upplýsinga um nafn, kennitölu og heimilisfang viðtakanda skal í gíróseðli veita upplýsingar og áskriftargjald, fjárhæð virðisaukaskatts, heiti viðkomandi blaðs eða tímarits og upphaf og lok áskriftartímabils auk annarra upplýsinga sem gíróseðillinn gefur til kynna.

Póststjórninni er heimilt að bera nefnd blöð og tímarit út til viðtakanda án þess að krefja þá áður um greiðslu virðisaukaskatts. Greiði viðtakandi ekki virðisaukaskatt af áskriftargjaldi ótilkvaddur skal póststjórnin synja um afhendingu nefndra tímarita og blaða þar til skil hafa verið gerð. Sama gildir sinni viðtakandi ekki tilmælum póststjórnarinnar um að framvísa greiðslukvittun eða öðrum staðfestingargögnum um fjárhæð greidds áskriftargjalds.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með vísan til 3. mgr. 34. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og 2. mgr. 14. gr. og 107. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi. Gjaldskyldum aðilum sem ekki hafa þegar greitt virðisaukaskatt vegna áskriftar fyrir tímabil eftir 1. júní 1993 er þó heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr., að fresta greiðslu virðisaukaskatts af áskriftargjaldi til 1. nóvember 1993. Hafi áskriftartímabil hafist fyrir 1. júlí 1993 skal virðisaukaskatturinn miðaður við þann hluta áskriftartímabilsins, sem er eftir 1. júlí 1993.

Reglugerð

nr. 516/1993 um innflutning á reykskynjurum er innihalda geislavirk efni.

1. gr.

Innflutningur á reykskynjurum er innihalda geislavirk efni er háður leyfi Geislavarna ríkisins, skv. nánari reglum er stofnunin setur, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari.

Innflytjendur skulu senda umsóknir til Geislavarna ríkisins á eyðublöðum, sem stofnunin lætur gera.

Geislavarnir ríkisins geta krafist frekari upplýsinga telji þær þörf á slíku.

2. gr.

Leyfi skulu gefin út fyrir hverja tegund reykskynjara að undangenginni skoðun Geislavarna ríkisins og er leyfisveiting háð því skilyrði að reglur stofnunarinnar séu uppfylltar. Gildir leyfi fyrir innflutning á ótilteknum fjölda tækja. Skila skal árlega skýrslum til Geislavarna ríkisins varðandi innflutninginn.

Skoðunargjald að upphæð kr. 10.000 skal fylgja hverri umsókn.

Geislavarnir ríkisins geta fellt niður leyfi eða endurskoðað standi leyfishafar ekki skil á innflutningsskýrslum eða sé skilyrðum fyrir leyfisveitingu ekki fylgt.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 9. gr. laga nr. 117/1985 um geislavarnir öðlast gildi 1. janúar 1994.

Fylgiskjal.

Reglur Geislavarna ríkisins um innflutning, geymslu og viðhald reykskynjara sem innihalda geislavirk efni.

Þessar reglur gildi um reykskynjara sem innihalda geislavirk efni og taka eingöngu til þeirra þátta sem snerta geislavirkni og geislavarnir. Um reykskynjara gildi einnig reglur sem Brunamálastofnun ríkisins hefur sett. Reykskynjurum er í þessum reglum skipt í neðangreinda tvo flokka:

A: Einfaldir reykskynjarar til heimilisnota

B: Reykskynjarar sem eru hluti brunaviðvörðunarkerfis

1 Almennt um leyfisveitingu samkvæmt þessum reglum

- 1.1 Sækja þarf um leyfi Geislavarna ríkisins til eftirfarandi starfsemi óháð því hvers konar reykskynjari á í hlut:
 - (1) Innflutnings og framleiðslu reykskynjara
 - (2) Geymslu reykskynjara ef samanlögð virkni í skynjurunum er meiri en 40 MBq (1,1 mCi) af ^{241}Am . Sé um aðra samsætu að ræða, þá setja Geislavarnir ríkisins hámarksgildi fyrir viðkomandi samsætu.
 - (3) Hreinsunar og þess viðhalds á reykskynjurum, sem kann að fela í sér beina snertingu við geislagjafa reykskynjarans.
- 1.2 Að auki eru eftirtaldar þættir leyfisskyldir ef um er að ræða reykskynjara í flokki B sem innihalda meira en 40 kBq (1,1 μCi) ^{241}Am hver.
 - (4) Geymslu reykskynjara óháð því hversu mikið magn er um að ræða.
 - (5) Endursölu til annarra.
- 1.3 Leyfi til innflutnings og viðhalds á reykskynjurum eru einungis gefin fyrir tegundir reykskynjara sem samþykktir hafa verið af Geislavörnum ríkisins.
- 1.4 Leyfi gildir til 5 ára í senn. Geislavarnir ríkisins geti felld það úr gildi telji stofnunin að skilyrðum fyrir leyfisveitingu hafi ekki verið fylgt, til dæmis ef merkingar og leiðbeiningar eru ekki fullnægjandi.
- 1.5 Umsókn um leyfi til innflutnings, framleiðslu eða viðhalds á reykskynjurum skal senda til Geislavarna ríkisins. Sá sem verða mun ábyrgur fyrir starfseminni skal undirrita umsóknina og í henni skal koma fram:
 - (1) Upplýsingar um ábyrgðarmann og stöðu hans.
 - (2) Upplýsingar um það hvers konar leyfi óskað er eftir. Tilgreina þarf um hvaða tegundir reykskynjara sé að ræða.
 - (3) Upplýsingar um aðstæður á vinnustað, þar á meðal lýsing á aðstæðum til geymslu og hreinsunar.
- 1.6 Notkun reykskynjara er ekki leyfisskyld, enda hafi reykskynjari hlotið viðurkenningu Geislavarna ríkisins og hann hafi verið fluttur inn af innflytjanda, sem hafi leyfi stofnunarinnar til slíks innflutnings.

2. Tegundarviðurkenning Geislavarna ríkisins á reykskynjurum

- 2.1 Senda þarf reykskynjara til Geislavarna ríkisins til tegundarprófunar áður en leyfi til innflutnings eða framleiðslu er veitt. Tegundarprófunin felur í sér könnun af hálfu

Geislavarna á uppbyggingu reykskynjarans og merkingum, ásamt þeim notkunarleiðbeiningum, á íslensku, sem honum eiga að fylgja.

- 2.2 Eftirfarandi þarf að fylgja með umsókn um tegundarviðurkenningu Geislavarna ríkisins á reykskynjara:
 - (1) Reykskynjari af viðkomandi tegund, einnig er æskilegt að teikningar fylgi.
 - (2) Upplýsingar um framleiðanda sjálfs geislagjafans og afrit af lýsingu framleiðanda á honum ("radioactive source certificate", "kildecertifikat").
 - (3) Upplýsingar um framleiðanda reykskynjarans og gögn um fyrri prófanir. (4) Tillaga um merkingu á reykskynjurum og/eða umbúðum þeirra.
 - (5) Tillaga um leiðbeiningar sem fylgja eiga hverjum reykskynjara við sölu.
- 2.3 Tegundarviðurkenning Geislavarna ríkisins hefur ákveðinn gildistíma, sem fram kemur í viðurkenningarskjali.
- 2.4 Verði breyting á uppbyggingu reykskynjara, þannig að forsendur viðurkenningarinnar standist ekki lengur, þá ber að sækja að nýju um tegundarviðurkenningu á reykskynjaranum.
- 2.5 Geislavarnir ríkisins geta afturkallað tegundarviðurkenningu ef sérstök þörf krefur að mati stofnunarinnar.

3 Kröfur varðandi gerð reykskynjara

3.1 Almennar kröfur um gerð reykskynjara

- 3.1.1 Þannig skal vera gengið frá geislagjafa í reykskynjara, að ekki sé hætt á að hann losni við venjulega notkun reykskynjarans eða bruna.
- 3.1.2 Geislagjafi skal vera lokaður og frágangur hans skal vera í samræmi við alþjóðastaðal ISO 1677 og uppfylla flokkunarskilyrði fyrir lokaða geislagjafa samkvæmt alþjóðastaðli ISO 2919.
- 3.1.3 Styrkur geislunar í 10 sm fjarlægð frá yfirborði reykskynjara skal ekki vera meiri en svarar til 1 $\mu\text{Sv/klst}$.
- 3.1.4 Leiðbeiningar, viðurkenndar af Geislavörnum ríkisins, skulu fylgja hverjum reykskynjara. Í þessum leiðbeiningum skulu meðal annars koma fram þær upplýsingar sem getið er í viðauka 1.
- 3.1.5 Merkingar á reykskynjara og/eða umbúðum sem fylgja honum til notanda:
 - (1) Á reykskynjarann skulu vera letraðar upplýsingar um hvaða samsætu sé að ræða og hver styrkur hennar sé. Styrkinn skal gefa í kBq, MBq eða μCi . Ef tákn jónandi geislunar er á skynjaranum, þá skal það vera í samræmi við alþjóðastaðal ISO 361 (sjá viðauka 2).
 - (2) Tegundarheiti og heiti framleiðanda skal vera letrað utan á reykskynjara.
 - (3) Heiti og heimilisfang innflytjanda skal vera letrað utan á reykskynjara eða umbúðir hans.
 - (4) Eftirfarandi texti skal vera ritaður utan á reykskynjarann eða umbúðir hans:
"Þessi reykskynjari inniheldur geislavirkt efni og er viðurkenndur af Geislavörnum ríkisins."
 Þau atriði sem hér hafa verið talin í liðum (1)-(4) skulu einnig koma fram í leiðbeiningum sem fylgja reykskynjaranum til notanda.
- 3.1.6 Auk þeirra ákvæða sem hér eru talin um merkingar, þá er það á ábyrgð innflytjanda að reykskynjarinn uppfylli einnig reglur Brunamálastofnunar ríkisins þar að lútandi.

3.2 Sérkröfur varðandi "einfalda reykskynjara til heimilisnota" (flokk A)

- 3.2.1 Styrkur geislagjafans má mest vera 40 kBq (1,1 μ Ci) ^{241}Am .
- 3.2.2 Geislagjafinn verður að vera í lokuðu hólfi, þannig að ekki sé mögulegt að komast að honum án þess að eyðileggja reykskynjarann.
- 3.2.3 Eftirfarandi texti má vera á reykskynjara eða í leiðbeiningum með honum:

"Notkun þessa reykskynjara fylgir hverfandi lítil áhætta að mati Geislavarna ríkisins, sé hann notaður eins og meðfylgjandi leiðbeiningar segja til um og sé kann ekki rif inn í sundur."

3.3 Sérkröfur til "reykskynjara sem eru hluti brunaviðvörðunarkerfis" (flokks B).

- 3.3.1 Eftirfarandi texti skal standa með greinilegum og varanlegum hætti á hverjum reykskynjara og/eða vera skráður í þjónustuhandbók hvers brunaviðvörðunarkerfis: "Óheimilt er að taka þennan reykskynjara í sundur og/eða hreinsa hann að innan, nema viðkomandi haf til þess sérstakt leyfi Geislavarna ríkisins."

4 Hreinsun reykskynjara

- 4.1 Hreinsa skal ytra byrði reykskynjara með þeim hætti sem notkunarleiðbeiningar þeirra segja til um.
- 4.2 Feli hreinsunin í sér hreinsun á geislagjafa reykskynjara eða einhverja snertingu efna eða áhalda við hann, þá skal vinna við hreinsunina fara fram á sérstöku afmörkuðu vinnusvæði. Frágang á slíku vinnusvæði skal bera undir Geislavarnir ríkisins og hljóta samþykki stofnunarinnar. Hreinsun skal ætíð fara fram samkvæmt skriflegum leiðbeiningum, sem samþykktar hafa verið af Geislavörnum ríkisins. Á vinnusvæðinu skal vera geislamælir, sem er nægilega næmur til að nema hugsanlega dreifingu geislavirks efnis frá geislagjöfunum.

5 Innflutningur reykskynjara

- 5.1 Einungis þeir mega flytji inn reykskynjara, sem hafa hlotið sérstakt leyfi Geislavarna ríkisins til þess. Leyfishafi skal í upphafi hvers árs senda Geislavörnum yfirlit yfir innflutning fyrri árs, þar sem fram kemur sundurliðað hversu margir reykskynjarar voru fluttir inn og seldir af hverri tegund.
- 5.2 Þegar um er að ræða brunaviðvörðunarkerfi með reykskynjurum (af flokki B), sem innihalda meira en 40 kBq (1,1 μ Ci) af ^{241}Am eða aðrar samsætur, þá skal að auki geti hvers kerfið var selt.

6 Geymsla reykskynjara

- 6.1 Eftirfarandi ákvæði gildi um geymslu reykskynjara ef einhverjir þeirra innihalda meira en 40 kBq (1,1 μ Ci) ^{241}Am eða ef heildarmagn geislavirks efnis í þeim öllum samtals er meira en 10 MBq (270 μ Ci) ^{241}Am (þetta svarar til 250 reykskynjara af flokki A, ef hámarks magn geislavirks efnis er í hverjum):

- (1) Reykskynjara sem innihalda geislavirk efni skal geyma á læstum stað, sem talinn er tryggur gagnvart bruna, þjófnaði og vatnsskaða.
- (2) Aðvörunarskilti, með tákni jónandi geislunar samkvæmt staðli ISO 361, skal vera á hurð skáps eða geymsluherbergis. Gerð aðvörunarskilta er lýst í viðauka 2.
- (3) Heildarstyrkur geislunar frá öllum reykskynjurum sem eru í geymslu samtímis skal ekki geti farið yfir 2,5 $\mu\text{Sv/klst}$ á vinnusvæðum utan geymslu (eða skáps).

7 Förgun reykskynjara

- 7.1 Seljandi skal taka við reykskynjara sem hinn hefur áður selt, óski kaupandi þess. Förgun innflytjanda á reykskynjurum skal aaíð vera í samráði við Geislavarnir ríkisins.
- 7.2 Eigandi notaðs reykskynjara í flokki A er heimilt að farga honum með almennu sorpi.
- 7.3 Í þjónustuhandbók brunaviðvörunarkerfis skal koma fram að reykskynjurum skuli skilað til seljanda eða þjónustuaðila.

8 Eftirlit

- 8.1 Geislavarnir ríkisins hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem er leyfissskyld samkvæmt þessum reglum. Leiði eftirlit Geislavarna eitthvað athugavert í ljós, að mati stofnunarinnar, þá skal gera þær úrbætur sem stofnunin krefst innan tilskilins tíma, ella kann leyfi til starfseminnar að vera fellt úr gildi. Sé um alvarlegt ástand að ræða að mati Geislavarna ríkisins, þá getur stofnunin krafist þess að starfsemin sé stöðvuð þegar í stað.

9 Skyldur ábyrgðarmanns vegna leyfissskyldrar starfsemi

- 9.1 Fyrirtæki með starfsemi, sem telst leyfissskyld samkvæmt þessum reglum, skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann. Hann skal hafa umsjón með að starfsemin sé ætíð í samræmi við það sem tiltekið er í þessum reglum.
- 9.2 Ábyrgðarmaður skal vera fastur starfsmaður fyrirtækisins og hafa nægilega þekkingu á grundvallaratriðum geislavarna. Hversu mikil þekking telst nægileg fer eftir starfseminni og umfangi hennar.
- 9.3 Láti ábyrgðarmaður af störfum skal leyfishafi tafarlaust tilnefna nýjan ábyrgðarmann og tilkynna það Geislavörnum ríkisins.
- 9.4 Ábyrgðarmaður skal sjá um að:
 - (1) Hver sá sem vinni við reykskynjara hafi nægilega þekkingu á geislavörnum og öryggisráðstöfunum vegna vinnunnar eins og starf hans heimtir.
 - (2) Allir reykskynjarar sem starfsemin snertir séu í samræmi við þá reykskynjara sem leyfið er bundið við og að viðurkenndar leiðbeiningar fylgi þeim reykskynjurum sem seldir eru.
 - (3) Yfirlit yfir innflutning reykskynjara sé sent árlega til Geislavarna ríkisins.
 - (4) Sé hreinsun reykskynjara hluti starfseminnar, þá skal útbúa skriflegar leiðbeiningar varðandi hreinsunina. Þessar leiðbeiningar skulu vera samþykktar af Geislavörnum ríkisins. Ennfremur skal ábyrgðarmaður hafa umsjón með að geislaælir vinni rétt og að hann sé notaður reglulega við eftirlit með vinnu við hreinsunina.

- (5) Ef óhapp, t.d. eldsvoði, hendir á leyfisskyldum stað og það gæti leitt til þess að reykskynjarar sködduðust og að geislavirk efni dreifðust frá þeim, þá sé það tilkynnt án tafar til Geislavarna ríkisins (eða einhvers starfsmanns stofnunarinnar).

10 Annað

10.1 Reglur þessar taka gildi 1. janúar 1994.

10.2 Aðilar sem eru leyfisskyldir við gildistöku reglnanna skulu senda Geislavörnum ríkisins umsókn um leyfi fyrir 1. mars 1994.

10.3 Reglur þessar eru settar með stoð í lögum nr. 117/1985 um geislavarnir og reglugerð um innflutning á reykskynjurum sem innihalda geislavirk efni nr. 516/1993.

Geislavarnir ríkisins.

Viðauki 1

Um notkunarleiðbeiningar.

Viðurkenning Geislavarna ríkisins á reykskynjurum er ekki einungis bundin við tæknilegar kröfur til viðkomandi reykskynjara, heldur eru einnig gerðar ákveðnar kröfur til merkinga og þeirra notkunarleiðbeininga sem eiga að fylgja hverjum skynjara eða brunaviðvörunkerfi.

Í notkunarleiðbeiningum með "einföldum reykskynjurum til heimilisnota" (flokki A) þurfa eftirtalin atriði að koma fram á íslensku:

- (1) Að reykskynjarinn sé viðurkenndur af Geislavörnum ríkisins.
- (2) Tegund og magn geislavirktrar samsætu. Taka má fram að "Notkun þessa reykskynjara fylgir hverfandi lítil áhætta að mati Geislavarna ríkisins, sé hann notaður eins og notkunarleiðbeiningar segja til um og sé hann ekki rifinn í sundur".
- (3) Upplýsingar um uppsetningu og viðhald reykskynjarans.
- (4) Upplýsingar um hvernig farga megi reykskynjaranum.

Í notkunarleiðbeiningum með "reykskynjurum, sem eru hluti brunaviðvörunkerfis" (flokki B) þurfa eftirtalin atriði að koma fram á íslensku:

- (1) Að reykskynjarinn sé viðurkenndur af Geislavörnum ríkisins.
- (2) Tegund og magn geislavirktrar samsætu. Taka má fram að "Notkun þessa reykskynjara fylgir hverfandi lítil áhætta að mati Geislavarna ríkisins, sé hann notaður eins og notkunarleiðbeiningar segja til um og sé kann ekki rifinn í sundur".
- (3) Upplýsingar um gildandi reglur um þessa reykskynjara, einkum er varðar endursölu, uppsetningu, viðhald og förgun.

Viðauki 2

Um aðvörunarmerkingar og aðvörunarskilti

Í litprentuðum aðvörunarmerkingum skal tákn jónandi geislunar vera svart á gulum grunni. Á aðvörunarskiltum skal guli grunnur táknsins mynda jafnhliða þríhyrning með odd upp og þríhyrningurinn skal vera afmarkaður af svartri rönd. Neðan þríhyrningsins skal rita aðvörunartexta með svörtu lettri á gulum grunni. Þegar tákn jónandi geislunar er notað með rituðu máli, þar sem litprentun er ekki beitt, þá er leyfilegt að hafa táknið svart á hvítum grunni. Þetta getur til dæmis átt við notkunarleiðbeiningar með reykskynjara og leiðbeiningar

sem lettaðar eru á hann. Nánari upplýsingar um gerð aðvörunarmerkinga og skipa má fá hjá Geislavörnum ríkisins.

Viðauki 3

Dæmi um merkingu á reykskynjara og/eða umbúðum hans

(Hér komi heiti og styrkur samsætu, dæmi: 35 kBq Am-241 og einnig getur komið hér tákn jónandi geislunar samkvæmt alþjóðastaðli ISO 361, sbr. viðauka 2).

Tegund: xxxxxxxx Innflytjandi: xxx(heiti)xxx xxx(heimilisfang)xxx

Þessi reykskynjari inniheldur geislavirkt efni og er viðurkenndur af Geislavörnum ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins, með viðurkenningarnúmer: xxx.x

Notkun þessa reykskynjara fylgir hverfandi lítil áhætta að mati Geislavarna ríkisins, sé hann notaður eins og meðfylgjandi leiðbeiningar segja til um og sé hinn ekki rifinn í sundur.

Framleiðsludagur xxx.xx

Reglugerð

nr. 351/1994, um undirbúning og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla, sbr. reglugerð nr. 714/2002 um breytingu á henni.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi kveður á um sérstakar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að erlendar vörur séu fluttar inn eða boðnar til sölu á undirboðskjörum eða með útflutningsverðlaunum, uppbótum, endurgreiðslum o.þ.h. erlendis, sem valdið hafa innlendum atvinnurekstri tjóni eða hættu á tjóni eða torvelað hann til muna. Reglugerð þessi gildir með sömu skilyrðum um þjónustuviðskipti.

Við framkvæmd reglugerðar þessarar skal gætt ákvæða fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að.

Samráðsnefnd.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar sjö sérfróða menn til fjögurra ára í senn í samráðsnefnd sem skal fjalla um kærur samkvæmt 23. gr. og vinna önnur störf sem nefndinni er falin með reglugerð þessari. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af viðskipta- og iðnaðarráðherra, annar af sjávarútvegsráðherra, þriðji af landbúnaðarráðherra, fjórði af utanríkisráðherra, fimmti af Samkeppnisstofnun, sjötti skal vera [tollstjórinn í Reykjavík]¹⁾ eða fulltrúi hans en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann samráðsnefndar úr hópi nefndarmanna. Samkeppnisstofnun og [embætti tollstjórans í Reykjavík]²⁾ aðstoða nefndina í störfum hennar eftir því sem þörf er á. Kostnaður af störfum samráðsnefndar greiðist úr ríkissjóði.

1) Sbr. 1. gr. a-lið reglugerðar nr. 714/2002 2) Sbr. 1. gr. b-lið reglugerðar nr. 714/2002.

Undirboð.

3. gr.

Með undirboði er átt við að útflutningsverð vöru, eins og það er skilgreint í 10. gr., sé lægra en eðlisverð sams konar vöru, eins og það er skilgreint í 5. til 9. gr.

Opinberir styrkir.

4. gr.

Með opinberum styrkjum er átt við hvers konar styrki sem veittir eru beint eða óbeint í uppruna- eða útflutningslandi við aðvinnslu, framleiðslu, útflutning eða flutning á vöru.

Undanþága frá aðflutningsgjöldum og óbeinum sköttum sem lagt er á sams konar vörur og efnivörur sem hafa verið notaðar í þær þegar þær eru ætlaðar til neyslu í uppruna- eða útflutningslandinu eða endurgreiðsla slíkra gjalda eða skatta, telst ekki styrkur í skilningi reglugerðar þessarar.

Eðlisverð.

5. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari er eðlisverð vöru:

1. Sambærilegt verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber við venjuleg viðskiptaskilyrði fyrir sams konar vöru sem ætluð er til neyslu í útflutnings- eða upprunalandi vörunnar. Tekið skal tillit til afsláttar eða endurgreiðslu sem beinlínis tengist þeirri vöru sem til athugunar er enda geri aðili sem hagsmuna hefur að gæta kröfu til þess og sanni á fullnægjandi hátt að slíkur afsláttur hafi verið veittur eða endurgreiðsla farið fram. Taka má tillit til afsláttar sem síðar er veittur ef sannað er að afsláttur hafi verið veittur í samræmi við fyrri viðskipti eða samkvæmt skuldbindingu um að fullnægja skilmálum til þess að öðlast rétt til afsláttar eftir á.
2. Ef sams konar vara er ekki seld við venjuleg viðskiptaskilyrði á heimamarkaði í útflutnings- eða upprunalandinu eða fullnægjandi samanburður getur ekki farið fram með tilliti til slíkrar sölu, skal eðlisverð vera annað hvort:
 - a. *Samanburðarhæft verð* sams konar vöru þegar slík vara er flutt til þriðja lands sem má vera hæsta útflutningsverð en er að jafnaði samsvarandi því sem almennt gerist í viðskiptum.
 - b. *Tilbúið verð*, reiknað á grundvelli framleiðslukostnaðar sams konar vöru að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða. Framleiðslukostnaður skal reiknaður á grundvelli allra kostnaðarliða miðað við venjuleg viðskiptaskilyrði í upprunalandinu, þ.m.t. bæði fastur kostnaður og breytilegur, efni og vinna, svo og sanngjarnt álag vegna sölukostnaðar, umsýslukostnaðar og annarra almennra útgjalda. Fjárhæð sölukostnaðar, umsýslukostnaðar, annarra almennra útgjalda og ágóða skal reiknuð á grundvelli þess kostnaðar sem stofnað hefur verið til og þess ágóða sem framleiðandi eða útflytjandi hefur af arðbærri sölu sams konar vöru á heimamarkaði. Ef slíkar upplýsingar eru ófánlegar, óáreiðanlegar eða ónothæfar, skulu þær reiknaðar á grundvelli þess kostnaðar sem stofnað hefur verið til og þess ágóða sem aðrir framleiðendur eða útflytjendur í útflutnings- eða upprunalandinu hafa af arðbærri sölu sams konar vöru. Sé hvoruga aðferðina hægt að nota skal kostnaður, sem stofnað hefur verið til, og ágóði reiknaður út frá sölu útflytjanda eða framleiðanda í sömu atvinnugrein í útflutnings- eða upprunalandi eða á annan sanngjarnan hátt.
3. Ef útflytjandi í upprunalandinu hvorki framleiðir né selur sams konar vöru í upprunalandinu skal eðlisverðið ákvarðað á grundvelli verðs eða kostnaðar annarra seljenda eða

framleiðenda í upprunalandinu á sama hátt og um ræðir a- og b-lið. Almennt skal verð eða kostnaður birgiss útflytjanda notað í þessum tilgangi.

6. gr.

Sé réttmæt ástæða til að ætla að það verð, sem vara er raunverulega seld á til neyslu í upprunalandi, sé lægra en framleiðslukostnaður eins og hann er skilgreindur í 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., verður talið að sala á slíku verði hafi ekki myndast við venjuleg viðskiptaskilyrði ef:

1. Um verulegt magn hefur verið að ræða á því tímabili sem rannsókn tekur til, sbr. 4. mgr. 25. gr.
2. Á verði sem gerir ókleift að endurheimta, við venjuleg viðskiptaskilyrði og innan þess tíma sem vísað er til í a-lið, allan kostnað sem réttmætt er að reikna með.

Ef vara er ekki seld við venjuleg viðskiptaskilyrði samkvæmt 1. mgr. má ákveða eðlisverð vöru á grundvelli sölu á öðru tímabili en rannsókn tekur til, enda sé það verð ekki lægra en framleiðslukostnaður. Ef slík sala hefur ekki farið fram má ákveða eðlisverð á grundvelli 2. tölul. 5. gr.

Ef ekki er mögulegt að ákveða eðlisverð vöru á grundvelli 2. mgr. má ákveða eðlisverð vöru með því að leiðrétta verð hennar þannig að tapi sé eytt og myndaður sanngjarn ágóði.

7. gr.

Þegar um innflutning er að ræða frá ríkjum sem búa ekki við markaðshagkerfi, skal ákveða eðlisverð á viðeigandi og sanngjarnan hátt samkvæmt einni af eftirfarandi aðferðum:

1. Miðað við verð fyrir sams konar vöru í öðru landi sem býr við markaðshagkerfi og raunverulega er seld til neyslu á heimamarkaði í því landi, eða til annarra landa.
2. Miðað við tilbúið verð fyrir sams konar vöru í öðru landi sem býr við markaðshagkerfi.
3. Ef hvorki verð né tilbúið verð, fundið samkvæmt 1. og 2. tölul., telst fullnægjandi skal miða við verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber hér á landi fyrir sams konar vöru, að teknu tilliti til sanngjarns ágóða.

8. gr.

Sé vara ekki flutt inn beint frá upprunalandinu, skal eðlisverð vera sambærilegt verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir sams konar vöru á heimamarkaði útflutningslandsins. Ef vara er aðeins í flutningi um útflutningslandið, ekki framleidd þar og ekkert sambærilegt verð er til í útflutningslandinu, skal miða við verð í upprunalandinu.

9. gr.

Við ákvörðun eðlisverðs samkvæmt reglugerð þessari verða viðskipti milli aðila, sem eru háðir hvor öðrum í skilningi 8. gr. tollalaga eða hafa sín á milli fyrirkomulag um jöfnun kostnaðar, ekki talin eiga sér stað við venjuleg viðskiptaskilyrði nema samráðsnefnd, skv. 2. gr., telji að verð og kostnaður sem er innifalinn sé sambærilegur við það sem innifalið er í viðskiptum milli aðila sem hafa engin slík tengsl.

Útflutningsverð.

10. gr.

Útflutningsverð skal vera það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöru við innflutning að frádregnum sköttum, afslætti og endurgreiðslum sem raunverulega eiga sér stað og tengjast beint þeirri sölu sem til athugunar er. Einnig skal tekið tillit til afsláttar sem frestað hefur verið, hafi hann raunverulega verið veittur og tengist beint þeirri sölu sem til athugunar er.

Liggi ekkert útflutningsverð fyrir eða ætla má að tengsl eða fyrirkomulag um kostnaðarskiptingu sé milli útflytjanda og innflytjanda eða þriðja aðila eða að það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöru við innflutning sé af öðrum ástæðum óáreiðanlegt, má ákvarða útflutningsverðið á grundvelli fyrsta endursöluverðs vörunnar til óháðs aðila. Sé varan ekki endurseld til óháðs aðila eða ekki endurseld í því ástandi sem hún var flutt til landsins má ákvarða verðið á annan sanngjarnan hátt. Í nefndum tilvikum skal tekið tillit til hvers konar kostnaðar sem stofnað hefur verið til eftir innflutning til endursölu og sanngjarns ágóðahluta. Til slíks kostnaðar skal m.a. telja:

1. Venjulegan kostnað vegna flutnings, trygginga og útskipunar og annan slíkan kostnað.
2. Tolla, undirboðstolla og aðra skatta sem greiða ber hér á landi vegna innflutnings eða sölu vörunnar.
3. Eðlileg útgjöld vegna fastakostnaðar og ágóða og/eða umboðslauna sem almennt eru greidd eða samið um.

Samanburður.

11. gr.

Við samanburð á eðlisverði og útflutningsverði samkvæmt reglugerð þessari, skal miða við verð á sem næst sama tíma. Til að tryggja sanngjarnan samanburð skal taka tillit til atriða sem hafa áhrif á samanburðinn, m.a. mismunandi:

1. Hlutlægra eiginleika; eðlisverð, eins og það er ákveðið samkvæmt 5. til 9. gr., skal leiðrétt með fjárhæð sem svari til sanngjarns mats á verði hinna mismunandi eiginleika viðkomandi vara.
2. Aðflutningsgjalda og óbeinna skatta; eðlisverð skal lækkað um upphæð sem svari til hvers konar aðflutningsgjalda og óbeinna skatta, skilgreint í samræmi við athugasemdir við viðauka við þessa reglugerð, sem lagt er á sams konar vörur og efnivörur sem hafa verið notaðar í þær þegar þær eru ætlaðar til neyslu í uppruna- eða útflutningslandinu og ekki innheimt eða endurgreitt vegna vara sem fluttar hafa verið til landsins.
3. Sölu- og kostnaðar vegna sölu á mismunandi viðskiptastigi, mismunandi magni eða við mismunandi aðstæður og söluskilmála. Til sölu- og kostnaðar telst m.a.:
 - a. *Kostnaður vegna flutnings*, trygginga og útskipunar svo og annar slíkur kostnaður: Lækka skal eðlisverð um kostnað sem stofnað hefur verið til vegna flutnings viðkomandi vöru frá athafnasvæði útflytjanda til fyrsta óháða kaupanda. Útflutningsverð skal lækka um kostnað sem stofnað hefur verið til af útflytjanda vegna flutnings viðkomandi vöru frá honum í útflutningslandinu til ákvörðunar hér á landi.
 - b. *Umbúðakostnaður*: Lækka skal eðlisverðið um umbúðakostnað viðkomandi vöru.
 - c. *Lántökukostnaður*: Lækka skal eðlisverðið um hvers konar kostnað vegna lána sem veitt eru vegna sölu þeirrar vöru sem til athugunar er. Fjárhæð lántökukostnaðar sem til lækkunar kemur skal reiknuð út miðað við almenn kjör í viðskiptum sem í gildi eru í uppruna- eða útflutningslandinu.
 - d. *Ábyrgðir, tryggingar, tæknileg aðstoð og önnur þjónusta sem veitt er þegar sala hefur farið fram*: Lækka skal eðlisverðið um upphæð sem svari til beins kostnaðar fyrir að útvega ábyrgðir, tryggingar, tæknilega aðstoð og aðra þjónustu.
 - e. *Annar sölu- og kostnaður*: Lækka skal eðlisverðið um upphæð sem svari til umboðslauna sem greidd hafa verið vegna þeirrar sölu sem til athugunar er. Laun greidd sölu- mönnum, þ.e. starfsmönnum sem eingöngu fást við beina sölustarfsemi, skulu einnig dregin frá.

Fjárhæð leiðréttingar skal reiknuð út á grundvelli upplýsinga sem miðast við rannsóknar- tímabilið eða upplýsingar frá næst liðnu fjárhagsári. Krafa um leiðréttingu sem er óveruleg

með tilliti til verðs eða áætlaðs verðs í þeim viðskiptum sem eiga í hlut skal ekki taka til greina. Almennt skal einstök leiðrétting, skv. 1. til 3. tölul. 1. mgr., sem hefur innan við 0,5% áhrif á verð vöru, talin óveruleg.

Sams konar vara.

12. gr.

Í reglugerð þessari er með sams konar vöru átt við vöru sem er eins að öllu leyti og varan sem til athugunar er eða, þegar slík vara er ekki til, aðra vöru sem hefur eiginleika sem verulega líkjast eiginleikum þeirrar vöru sem til athugunar er.

13. gr.

Með innlendum atvinnurekstri er átt við alla framleiðendur hér á landi sem framleiða sams konar vörur og boðnar eru fram á undirboðskjörum eða með ríkisstyrkjum eða þá framleiðendur sem samanlagt framleiða meirihluta allrar innlendar framleiðslu þeirra vara, þó ekki framleiðendur sem eru háðir útflytjendum eða innflytjendum í skilningi 8. gr. tollalaga eða eru sjálfir innflytjendur þeirra vara sem taldar eru fluttar inn á undirboðskjörum eða styrkjum.

Undirboðsfrávik.

14. gr.

Með undirboðsfrávikum er átt við mismun á eðlisverði og útflutningsverði, þegar eðlisverð er hærra en útflutningsverð. Séu undirboðsfrávik breytileg, má reikna út vegið meðaltal þeirra.

15. gr.

Ef mismunurinn milli eðlisverðs og útflutningsverðs er 5% eða minni, skulu aðgerðir samkvæmt reglugerð þessari látnar niður falla.

Skipting kostnaðar.

16. gr.

Almennt skal allur kostnaðarútreikningur gerður á grundvelli tiltækra bókhaldsgagna og skipt í hlutfalli við veltu sérhverrar vöru og markað sem til athugunar er.

Meðaltal og úrtak.

17. gr.

Sé vöruverð breytilegt:

1. Skal eðlisverð almennt reiknað út miðað við vegið meðaltal.
2. Skal útflutningsverð almennt borið saman við eðlisverð miðað við hver viðskipti fyrir sig ef vegið meðaltal hefði ekki efnislega áhrif á niðurstöðu rannsóknarinnar.
3. Má, þegar um veruleg viðskipti er að ræða, beita úrtaksaðferð, þ.e. nota það verð sem oftast gildir til þess að finna eðlisverð eða útflutningsverð.

Útreikningur styrkja.

18. gr.

Fjárhæð styrks skal reiknuð út miðað við hverja einingu sem styrkt hefur verið og flutt til landsins.

Við útreikning styrks skal draga eftirfarandi þætti frá heildarstyrknum, enda geri aðili sem hagsmuna hefur að gæta, kröfu um frádrátt og sýni fram á að krafan sé réttmæt.

1. Umsóknargjald eða annan sambærilegan kostnað.

2. Útflutningsgjöld tolla eða önnur gjöld sem lögð eru á vöru við innflutning til landsins og sérstaklega er ætlað að bæta upp styrki.

Sé styrkur veittur án tillits til magns, skal upphæðin ákveðin með því að deila verðmæti styrksins, eftir því sem við á, á framleiðslu eða útflutning viðkomandi vara yfir hæfilegt framleiðslutímabil. Almennt skal tímabil þetta miðast við framtalsár styrkþega.

Sé styrkur veittur til að afla fastafjármuna, skal styrkurinn reiknaður á þann hátt að dreifa honum yfir tímabil sem endurspegli eðlilegar afskriftir slíkra eigna í viðkomandi atvinnugrein. Verði eign ekki afskrifuð, skal styrkurinn metinn sem vaxtalaust lán.

Þegar um er að ræða innflutning frá ríki sem býr ekki við markaðshagkerfi, má ákveða upphæð styrks á viðeigandi og sanngjarnan hátt með samanburði á útflutningsverði og eðlisverði. Ákvæði 11. gr. skulu gilda um slíkan samanburð.

Sé upphæð styrks breytileg má reikna út vegið meðaltal.

Tjón.

19. gr.

Undirboðs- eða jöfnunartollar verða því aðeins lagðir á samkvæmt reglugerð þessari, hafi innflutningur á undirboðskjörum eða með ríkisstyrkjum valdið tjóni eða hættu á tjóni fyrir innlendan atvinnurekstur eða torvelað hann til muna. Verði innlendir atvinnurekstur fyrir tjóni eða skapist hætta á tjóni af öðrum orsökum eða atvinnurekstur er torvelaður til muna, svo sem vegna innflutnings í miklu magni eða á lágu verði sem ekki verður rakið til undirboðskjara eða styrkja, verður því ekki mætt með undirboðs- eða jöfnunartollum.

20. gr.

Við mat á tjóni skal m.a. taka til eftirtalinna þátta:

1. Magns innfluttra vara á undirboðskjörum eða styrkjum, einkum hvort veruleg aukning hafi orðið annað hvort að öllu leyti eða í samanburði við framleiðslu eða neyslu hér á landi.
2. Verðs á innfluttum vörum á undirboðskjörum eða styrkjum, einkum hvort veruleg verðundirboð hafi átt sér stað samanborið við verð á sams konar framleiðslu hér á landi.
3. Áhrifa, sem af þessu leiðir á viðkomandi atvinnustarfsemi, sem marka má af raunverulegri eða mögulegri þróun þátta eins og framleiðslu, nýtingu, framleiðslugetu, birgðum, sölu, markaðshlutdeild, verði, m.a. lækkun verðs eða hindrun verðhækkana sem annars hefðu orðið, arði af fjárfestingu, greiðsluflæðis og fjölda starfsmanna.

21. gr.

Um hættu á tjóni getur einungis verið að ræða þegar sérstakar aðstæður eru líklegar til þess að þróast með þeim hætti að um raunverulegt tjón verði að ræða. Í þessu sambandi má taka tillit til þátta eins og:

1. Hlutfallslegrar aukningar útflutnings til landsins á undirboðskjörum eða styrkjum.
2. Útflutningsgetu í uppruna- eða útflutningslandinu sem þegar er fyrir hendi eða verður til staðar í náninni framtíð og líkum á innflutningi til landsins.
3. Eðli hvers konar styrkja og viðskiptaáhrif sem líklegt er að af þeim muni leiða.

22. gr.

Áhrif innflutnings á undirboðskjörum eða með styrkjum skulu metin með tilliti til innlendar framleiðslu á sams konar vöru ef hægt er að aðgreina þær frá öðrum vörum á grundvelli tiltækra upplýsinga. Sé ekki unnt að aðgreina sams konar innlenda framleiðslu skulu

áhrif innflutnings á undirboðskjörum eða styrkjum metin með tilliti til þrengsta vöruhóps eða vörusviðs sem í eru sams konar vörur.

II. KAFLI Málsmeðferð.

Kæra.

23. gr.

Aðilar sem telja að vara sé flutt inn eða boðin til sölu á undirboðskjörum eða með styrkjum, geta kært slíkt skriflega til fjármálaráðuneytisins. Með kæru skal sýnt fram á, með fullnægjandi hætti, að um undirboð eða styrki sé að ræða sem hafa valdið tjóni á innlendum atvinnurekstri eða skapað hættu á tjóni eða torveldað hann að mun.

Kæra skal þegar send til samráðsnefndar, skv. 2. gr., sem annast frumathugun málsins. Formaður nefndarinnar skal boða til fundar innan fimm virkra daga frá því að mál hefur verið kært til fjármálaráðuneytisins.

Sé kæra dregin til baka, skal málsmeðferð hætt nema slíkt verði ekki talið til hagsbóta fyrir innlenda atvinnustarfssemi.

Frumathugun.

24. gr.

Við frumathugun skal einkum kanna:

1. Hvort um undirboð eða styrki sé að ræða í tengslum við þá vöru sem kært er út af og leita leiða til að staðreyna undirboðsfrávik eða upphæð styrks.
2. Hvort um tjón eða hættu á tjóni sé að ræða.
3. Hvort orsakasamband sé milli undirboðs eða styrks vegna innflutnings og tjóns eða meints tjóns.
4. Til hvaða aðgerða sé rétt að grípa miðað við aðstæður til að hindra tjón eða bæta úr því tjóni sem undirboð eða styrkir valda og hvaða úrræði séu fyrir hendi til að hringa slíkum aðgerðum í framkvæmd.

Komi í ljós eftir frumathugun að kæra sé ekki studd nægilegum gögnum eða sönnunargögn séu ófullnægjandi til að réttmætt sé að hefja rannsókn í máli, skal samráðsnefndin tilkynna fjármálaráðuneytinu það sem tilkynnir kæranda skriflega um niðurstöðuna.

Rannsókn.

25. gr.

Telji samráðsnefndin að frumathugun lokinni, skv. 24. gr., að nægar sannanir séu fyrir- liggjandi til að taka kæru til efnislegrar úrlausnar, skal þegar hefja rannsókn máls.

Birta skal tilkynningu um upphaf rannsóknar í Lögbirtingarblaðinu. Þar skal tilgreina þá vöru sem rannsókn beinist að og viðkomandi útflutnings- eða upprunalandi. Jafnframt skal gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem borist hafa og tilgreint innan hvaða frests aðilar sem hagsmuna hafa að gæta geti komið að upplýsingum og skriflegum sjónarmiðum.

Nefndin skal tilkynna kæranda og öðrum aðilum sem kunnugt er um að hafi hagsmuna að gæta, svo sem útflytjendum, innflytjendum og stjórnvöldum útflutningslandsins um upphaf rannsóknar.

Rannsókn skal eftir atvikum ná til undirboðs og/eða styrkja og tjóns sem af því leiðir. Almennt skal rannsókn ekki taka til styttra tímabils en síðustu sex mánaða fyrir útgáfudag tilkynningar um upphaf rannsóknar.

26. gr.

Við rannsókn máls skal samráðsnefndin leita þeirra upplýsinga sem hún telur þörf á og láta rannsaka bókhald innflytjenda, útflytjenda, viðskiptaaðila, umboðsaðila, framleiðenda og féлага og samtaka sem tengjast málinu.

Samráðsnefndin getur óskað eftir að stjórnvöld hér á landi veiti aðstoð við upplýsingaöflun og framkvæmi nauðsynlega athugun og eftirlit, einkum vegna innflytjenda, viðskiptaaðila og framleiðenda hér á landi.

Sé það talið nauðsynlegt, getur samráðsnefndin látið fara fram rannsókn erlendis að því marki sem slíkt er unnt. Samráðsnefndin skal aðstoða embættismenn viðkomandi ríkja við rannsókn málsins sé þess óskað.

27. gr.

Samráðsnefndin getur ákveðið að gefa aðilum kost á að flytja mál sitt munnlega ef líkur eru á að niðurstaða máls geti haft áhrif á hagsmuni þeirra og rök séu til þess að mál sé munnlega flutt.

Nefndin getur ennfremur gefið aðilum, sem beinna hagsmuna hafa að gæta, tækifæri á að koma saman fyrir nefndina þannig að andstæð sjónarmið verði kynnt og frávísunarrökum komið að. Aðilum er ekki skylt að sækja slíka fundi og þótt fundur sé ekki sóttur skal það ekki skaða málstað viðkomandi aðila.

28. gr.

Neiti hagsmunaaðilar, skv. 2. mgr. 25. gr., að veita nauðsynlegar upplýsingar innan hæfilegs frests, hindri aðgang að upplýsingum eða tefji verulega rannsókn máls, má taka endanlega afstöðu til kæru eða taka ákvörðun um aðgerðir til bráðabirgða á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Verði nefndin þess áskynja að hagsmunaaðilar hafi lagt fyrir hana rangar eða villandi upplýsingar getur hún virt síkar upplýsingar að vettugi og hafnað öllum kröfum sem á þeim eru byggðar.

29. gr.

Rannsókn vegna undirboða eða styrkja skal ekki vera því til fyrirstöðu að heimiluð sé tollafgreiðsla á viðkomandi vöru.

Rannsókn skal lokið annað hvort með frávísun eða endanlegri ákvörðun. Rannsókn skal almennt lokið innan árs frá því hún hófst.

III. KAFLI

Ákvarðanir um afgreiðslu máls.

Frávísun máls.

30. gr.

Telji samráðsnefndin, að lokinni rannsókn máls, engra aðgerða þörf, skal hún þegar senda fjármálaráðherra greinargerð um niðurstöður sínar ásamt tillögu um frávísun máls.

Fallist fjármálaráðherra á tillögur samráðsnefndarinnar um frávísun skal samráðsnefndin kynna fulltrúum uppruna- eða útflutningslands og aðilum sem vitað er að hagsmuna hafa að gæta um ákvörðun ráðherra og jafnframt tilkynna í Lögbirtingarblaði þá ákvörðun þar sem fram komi meginniðurstöður og lagarök.

Loforð um úrbætur.

31. gr.

Komi fram loforð um úrbætur meðan á rannsókn máls stendur sem samráðsnefndin telur fullnægjandi, getur hún hætt rannsókn máls.

Um úrbætur er að ræða þegar:

1. Styrkir eru felldir niður eða takmarkaðir, eða aðrar fullnægjandi ráðstafanir gerðar af stjórnvöldum uppruna- eða útflutningslands.
2. Verði er breytt eða dregið er úr útflutningi að því marki sem samráðsnefndin telur fullnægjandi þannig að skaðleg áhrif undirboðsfrávika eða styrkja falli brott. Þegar aðili afsalar sér styrk eða nýtir hann ekki skal fylgja staðfesting yfirvalda uppruna- eða útflutningslands þar að lútandi.

Samráðsnefndin getur að eigin frumkvæði gert tillögur um úrbætur.

Niðurfelling rannsóknar samkvæmt þessari grein útilokar ekki endanlega innheimtu tryggingarfjár sem lagt hefur verið fram vegna álagningar jöfnunar- eða undirboðstolla samkvæmt ákvæðum 34. gr.

32. gr.

Þótt samráðsnefndin hafi tekið til greina loforð um úrbætur, getur hún engu að síður ákveðið að ljúka rannsókn máls.

Komist samráðsnefndin að þeirri niðurstöðu að engin hættu sé á tjóni, fellur skuldbinding um úrbætur niður. Þó getur samráðsnefndin ákveðið að staðið skuli við slíka skuldbindingu þegar staðfest þykir að hættu á tjóni sé fyrir hendi ef úrbótanna nyti ekki við.

33. gr.

Samráðsnefndin getur krafist þess af hverjum þeim sem gefið hefur loforð um úrbætur, að hann veiti reglulega upplýsingar um að staðið hafi verið við slíkar skuldbindingar og leyfi sannpröfun viðkomandi upplýsinga. Sé ekki orðið við slíkum kröfum skal litið svo á að um vanefnd sé að ræða.

Telji samráðsnefndin að um vanefndir sé að ræða og hagsmunir innlends atvinnurekstrar kalli á aðgerðir, getur fjármálaráðherra, að fengnum tillögum nefndarinnar og eftir að útflytjanda hefur verið veitt tækifæri til að tjá sig, lagt á undirboðs- eða jöfnunartolla til bráðabirgða með hliðsjón af þeim upplýsingum sem aflað hafði verið áður en loforð um úrbætur var tekið til greina.

Aðgerðir til bráðabirgða.

34. gr.

Hafi frumathugun leitt í ljós að verulegar líkur séu á að um ólögmæt undirboð eða styrki samkvæmt 1. kafla sé að ræða og tjón af þeirra völdum þykir nægilega sannað og hagsmunir innlends atvinnurekstrar kalli á aðgerðir til að hindra tjón meðan á meðferð máls stendur, getur samráðsnefndin lagt til við fjármálaráðherra að undirboðs- eða jöfnunartollur verði lagður á til bráðabirgða.

Í því tilviki skal tollafgreiðsla vöru heimiluð, gegn því að trygging í formi peningagreiðslu er svari til bráðabirgðatolls sé lögð fram, en endanlegt uppgjör tollsins skal fara fram þegar ákvörðun fjármálaráðherra samkvæmt 35. gr. liggur fyrir.

Aðgerðir til bráðabirgða skulu ekki gilda lengur en í 12 mánuði.

Endanleg afgreiðsla.

35. gr.

Komist samráðsnefndin að þeirri niðurstöðu að um undirboð eða styrki hafi verið að ræða á því tímabili sem til rannsóknar er sem valdið hafa innlendum atvinnurekstri tjóni eða skapað hættu á tjóni eða torvelað hann að mun skal nefndin gera tillögu til fjármálaráðherra um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla.

Ef endanleg fjárhæð undirboðs- eða jöfnunartolls er lægri en sá tollur sem lagður var á til bráðabirgða, skal endurgreiða mismuninn.

IV. KAFLI

Álagning og innheimta.

Almenn ákvæði um tolla.

36. gr.

Ákvörðun um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla skal birta í Stjórnartíðindum. Í henni skal tilgreina fjárhæð og tegund tolls sem lagður er á, til hvaða vara hann taki, uppruna- eða útflutningsland og nafn birgja, ef ástæða þykir til. Ennfremur skal senda tilkynningu um ákvörðunina til aðila málsins, ásamt rökstuðningi.

Undirboðs- og jöfnunartollar mega ekki vera hærri en sem nemur undirboðsfráviki eða upphæð þeirra styrkja sem eru grundvöllur tollsins. Hafi tollur verið lagður á til bráðabirgða getur endanlegur tollur ekki verið hærri en sem nemur bráðabirgðatollinum fyrir það tímabil sem liðið er. Akveða skal lægri fjárhæð, verði það talið fullnægjandi til að bæta tjón.

37. gr.

Undirboðs- eða jöfnunartolla skal ekki leggja á með afturvirkum hætti nema:

1. Þegar vara hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og boðin fram á undirboðskjörum sem valdið hafa tjóni innanlands. Í slíkum tilvikum má leggja undirboðstolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir að innflutningur á undirboðskjörum endurtaki sig.
2. Þegar vara sem notið hefur útflutningsstyrkja, sem brjóta í bága við hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT, hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og valdið tjóni sem erfitt er að bæta. Í slíkum tilvikum má leggja á jöfnunartolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á vörum sem njóta styrkja með þessum hætti.
3. Þegar um er að ræða vöru á undirboðskjörum eða styrkjum og loforð um úrbætur hefur verið vanefnt.

Undirboðs- eða jöfnunartollar sem lagðir eru á með afturvirkum hætti geta náð til innflutnings sem fluttur er inn allt að 90 dögum áður en kæra skv. 23. gr. er lögð fram.

38. gr.

Þegar um er að ræða innflutning til landsins frá fleiri en einu landi skal leggja viðeigandi toll á allan innflutning slíkra vara sem taldar eru vera á undirboðskjörum eða styrkjum og valda tjóni, þó ekki í þeim tilvikum þar sem loforð um úrbætur hefur verið tekið til greina.

Undirboðs- eða jöfnunartollar skulu lagðir á óháð öðrum tollum, sköttum og gjöldum sem almennt eru innheimtir við tollafgreiðslu á vörum.

Ekki skal leggja bæði á undirboðs- og jöfnunartolla á vöru til þess að leysa úr einu og sama máli sem upp hefur komið vegna undirboðs eða styrkja.

39. gr.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á vörur sem settar eru á markað hér á landi eftir að hafa verið settar saman eða framleiddar hér á landi að því tilskildu:

1. Að samsetningin eða framleiðslan sé á vegum aðila sem er tengdur eða háður framleiðanda sams konar útflutningsvara sem á verða lagðir undirboðs- eða jöfnunartollar.
2. Að samsetningin eða framleiðslan hafi farið af stað eða verið verulega aukin eftir að rannsókn á undirboði hófst.

3. Að verðmæti hluta eða efnivara, sem notað er við samsetninguna eða framleiðsluna og upprunnin er í útflutningslandi vöru sem er andlag undirboðs- eða jöfnunartolls, sé 50% eða meira en verðmæti allra annarra hluta og efnivara sem notað er.

Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt skal fullt tillit tekið til breytilegs kostnaðar sem stofnað er til við samsetningu eða framleiðslu svo og rannsóknar- og þróunarkostnaðar og tækni sem notuð er.

Áður en vörur, sem settar eru saman eða framleiddar hér á landi, eru settar á markað skal tolfyrirvöldum afhent skýrsla um þær. Við álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla skal slík skýrsla hafa sama gildi og aðflutningsskýrsla samkvæmt tollalögum.

Fjárhæð undirboðs- eða jöfnunartolls skal vera sú sama og gildir gagnvart framleiðendum í upprunalöndum vara, sem leggja má á undirboðstoll og innlendir framleiðandi er tengdur eða háður. Fjárhæðin skal vera í réttu hlutfalli við þann undirboðs- eða jöfnunartoll sem gildir gagnvart framleiðanda hinnar fullbúnu vöru miðað við cif- verð hluta og efnivara sem flutt hafa verið inn.

40. gr.

Leggi aðili, sem beinlínis hefur hagsmuna að gæta, fram fullnægjandi sönnur fyrir því að undirboðs- eða jöfnunartollur hafi beint eða óbeint verið greiddur af útflytjanda, þ.e. að endursöluverð til fyrsta kaupanda vöru sem háð er undirboðstolli er ekki hækkað um fjárhæð sem svari til undirboðstollsins, skal samráðsnefndin rannsaka málið og gefa útflytjendum og innflytjendum kost á því að tjá sig um málið.

Komist samráðsnefndin að þeirri niðurstöðu að undirboðs- eða jöfnunartollur hafi verið greiddur að hluta eða öllu leyti af útflytjanda og hagsmunir innlends atvinnurekstrar krefjast þess að gripið sé til ráðstafana, skal leggja á viðbótartoll í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Viðbótartoll má leggja á með afturvirkum hætti í samræmi við ákvæði 37. gr.

Ef rannsókn leiðir í ljós að verð hækkar ekki um fjárhæð sem nemur undirboðstolli og skýringar sé ekki að leita í lækkun kostnaðar eða hagnaðar hjá viðkomandi innflytjanda, skal það talin vísbending um að útflytjandi hafi borið undirboðstollinn.

Endurupptaka máls.

41. gr.

Ákvörðun um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla og ákvörðun um að taka til greina loforð um úrbætur má taka til endurskoðunar, að hluta eða öllu leyti, þar sem það þykir réttmætt.

Endurupptaka getur farið fram að frumkvæði samráðsnefndarinnar. Ennfremur skal endurupptaka fara fram komi fram beiðni um það frá aðila sem hagsmuna hefur að gæta, enda sýni hann fram á að aðstæður hafi breyst á þann hátt að réttlæti endurupptöku máls. Beiðni um endurupptöku skal þó ekki tekin til greina nema minnst 6 mánuðir séu liðnir frá því að rannsókn lauk. Beiðni skal beint til fjármálaráðuneytisins.

Þyki ljóst eftir frumathugun að endurupptaka sé réttmæt skal rannsókn hafin að nýju í samræmi við 25. til 27. gr. sé slíkt nauðsynlegt. Upptaka máls skal ekki út af fyrir sig hafa áhrif á þær ráðstafanir sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um.

Komi í ljós að forsendur fyrir álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla hafi breyst skal taka tillit til þeirra breytinga.

42. gr.

Undirboðs- eða jöfnunartollar skulu falla niður eigi síðar en 5 árum eftir að ákvörðun um álagningu þeirra hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Sýni hagsmunaaðili samráðsnefndinni fram á að brottfall undirboðs- eða jöfnunartolla muni leiða á ný til tjóns skal hún birta tilkynningu í Lögbirtingarblaði um endurskoðun gildandi ráðstafana sem leitt gætu til ákvörðunar um áframhaldandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Endurgreiðsla.

43. gr.

Geti innflytjandi sýnt fram á að innheimta undirboðs- eða jöfnunartolls hafi farið fram úr raunverulegu undirboðsfráviki eða upphæð styrks skal oftekinn tollur þegar endurgreiddur. Endurgreiðslufjárhæð skal ákveðin með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á undirboðsfráviki eða upphæð frá því að upphafleg rannsókn fór fram.

Innflytjandi skal senda skriflega umsókn til fjármálaráðuneytisins um endurgreiðslu samkvæmt 1. mgr. Sé umsókn um endurgreiðslu á rökum reist, skal samráðsnefndin reikna út endurgreiðslufjárhæðina og senda niðurstöðuna fjármálaráðherra til ákvörðunar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Þagnarskylda.

44. gr.

Með upplýsingar, sem fengnar hafa verið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið sem trúnaðarmál sé þess óskað.

Hvorki samráðsnefndarmenn né aðrir mega birta upplýsingar sem láttnar hafa verið í té sem trúnaðarmál, nema sá sem gaf þær veiti skriflegt leyfi til þess.

Sé óskað eftir því að farið sé með upplýsingar sem trúnaðarmál skal tilgreina hvers vegna og skal fylgja útdráttur úr efni þeirra sem trúnaðarskylda taki ekki til eða yfirlýsing um hvers vegna útdráttur verði ekki gerður úr slíkum upplýsingum.

Upplýsingar skulu almennt taldar trúnaðarmál ef birting þeirra gæti haft verulega neikvæð áhrif fyrir heimildarmann eða þann sem veitti þær.

Komi í ljós að ósk um trúnað sé ekki réttmæt og heimildarmaður er ófáanlegur til að birta upplýsingar eða að leyfa birtingu þeirra með almennu orðalagi eða útdrætti, má virða þær að vettugi. Upplýsingar má einnig virða að vettugi sé ósk í þá veru réttmæt og heimildarmaður ófáanlegur til að leggja fram útdrátt úr efni þeirra.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir að yfirvöld birti almennar upplýsingar, einkum ef slíkt er nauðsynlegt til að upplýsa á hvaða málsástæðum ákvörðun samkvæmt reglugerð þessari er byggð. Við slíka birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna viðkomandi aðila af því að viðskiptaleyndarmálum sé ekki ljóstrað upp.

Lögvernd o.fl.

45. gr.

Um innheimtu og lögvernd undirboðs- og jöfnunartolla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Gildistaka.

46. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 118. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Úr reglugerð

nr. 408/1994, um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, sbr. reglugerð nr. 293/1993.

III. KAFLI

Öryggi leikfanga og eftirlíkinga.

8. gr.

Óheimilt er að flytja inn, framleiða eða markaðssetja vörur hér á landi sem hætta er á að sé ruglað saman við matvæli vegna þess að þær virðast aðrar en þær eru og geta þannig reynst hættulegar öryggi og heilsu neytenda því að þótt þær séu ekki matvæli hafa þær þannig lögun, lykt, lit, útlit, umbúðir, merkingar, rúmmál eða stærð að hætta er á að neytendur, einkum börn, rugli þeim saman við matvæli og stingi þeim upp í sig, sjúgi þær eða gleypi, sem gæti reynst hættulegt og til dæmis valdið köfnun, eitrun eða stungið gat á eða lokað meltingarvegi. Aðilum með staðfestu hér á landi er sömuleiðis óheimilt að setja slíka vöru á markað í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Úr reglugerð

nr. 521/1994, um þvotta- og hreingerningaefni.

Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til lífrænnar niðurbrotshæfni yfirborðsvirkra efna í þvotta- og hreingerningaefnum.

2. gr.

Þvotta- og hreingerningaefni eru efnablöndur sem sérstaklega eru framleiddar og notaðar vegna hreinsandi eiginleika þeirra. Þau eru samsett úr yfirborðsvirkum efnum og öðrum efnum, til dæmis hjálparefnum, magnandi efnum og fylliefnum.

Takmarkanir á framleiðslu og innflutningi

3. gr.

Þvotta- og hreingerningaefni má aðeins framleiða eða flytja inn ef lífrænt niðurbrot yfirborðsvirkra efna þeirra er að meðaltali meira en 90%, sjá þó 10. gr. Þessi krafa gildir um sérhvern eftirtalinna flokka yfirborðsvirkra efna: anjónísk, katjónísk ójónísk og amfóterísk efni.

4. gr.

Yfirborðsvirk efni sem uppfylla ákvæði 3. gr. mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðleg heilsu manna og dýra.

...

Eftirlit og rannsóknir

8. gr.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

...

10. gr.

Ef í ljós kemur, við mælingu með einni af greiningaraðferðunum í I. og II. reglugerðar þessarar, að lífrænt niðurbrot yfirborðsvirks efnis er minna en 80%, skal Hollustuvernd ríkisins banna framleiðslu, innflutning og sölu þvotta- og hreingerningaefna sem innihalda viðkomandi efni.

I. Viðauki og II. Viðauki eru birtir, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, í sértriti; EES-gerðir, S 18. II. viðauki: Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun, XV. Hættuleg efni.

Viðaukarnir verða gefnir út í sérstakri handbók, sem hægt verður að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

Úr reglugerð

nr. 679/1994, um gjaldeyrismál.

II. KAFLI

Meginreglur um gjaldeyrisviðskipti.

2. gr.

Óheft gjaldeyrisviðskipti.

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

Í reglugerð þessari er nánar kveðið á um skilyrði þau sem gilda um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar og réttindi og skyldur þeirra er þau stunda.

...

III. KAFLI

Öryggisákvæði.

8. gr.

Tímabundin stöðvun tiltekinnna fjármagnsflutninga.

Seðlabankanum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið að takmarka eða stöðva í allt að sex mánuði einhverja eða alla eftirtalda flokka fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að hans mati óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti með skammtímaverðbréf.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
3. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
4. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
5. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
6. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.- 5. tl.

Úr reglugerð

nr. **301/1995**, um eftirlit með sáðvöru, sbr. reglugerð nr. 202/2002 (1. br.), 783/2001 (2. br.), 352/2002 (3. br.), 678/2002 (4. br.), 784/2003 (5. br.), 300/2004 (6. br.), 386/2004 (7. br.), 514/2005 (8. br.), 659/2006 (9. br.), 895/2006 (10. br.), 919/2006 (11. br.), 422/2007 (12. br.), **991/2007** (br.), **1328/2007** (14. br.), **399/2008** (15. br.), **818/2008** (16. br.), **366/2009** (17. br.), **416/2009** (br. 18), **1013/2009** (19. br.) og **840/2010** (20. br.) um breytingu á henni.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um skilyrði fyrir framleiðslu, innflutningi og sölu sáðvöru af þeim tegundum sem eru taldar upp í 1. viðauka með reglugerð þessari og notuð eru sem sáðvara.

4. gr.

Sáðvöruverslanir.

Einungis sáðvöruverslunum sem aðfangaeftirlitið viðurkennir skv. 7. viðauka er heimilt að flytja inn, flytja út, kaupa, hreinsa, blanda, pakka og selja sáðvöru. Ákvæði þetta gildir þó ekki um verslanir (smásöluverslanir) sem einvörðungu kaupa og selja áfram sáðvöru sem er í tilbúnum pakkningum frá viðurkenndri sáðvöruverslun.

...

V. KAFLI

Innflutningsákvæði.

22. gr.

Innflutningur á sáðvöru.

Heimilt er að flytja inn sáðvöru ef:

- um er að ræða stofn sem er tilgreindur á sáðvörulista eða í sameiginlegri EB-skrá yfir stofna, enda fái kaupandi upplýsingar um að vetrarþol viðkomandi sáðvöru sé óþekkt hér á landi;
- framleiðslueiningin er flokkuð sem grundvallarfræ, stofnfræ eða vottuð sáðvara af yfirvaldi í landi á EES-svæðinu, eða í þriðja landi þar sem tekin hefur verið ákvörðun um að nota flokkun sambærilega þeirri íslensku og þar sem skilyrði fyrir slíkri flokkun eru uppfyllt. Poa annua má flytja inn sem sölufræ, sbr. 5. gr.;
- framleiðslueiningin uppfyllir kröfur 20. gr.;
- framleiðslueiningar með sáðkorni, fódurmergkáli, næpum, rófum, repju, hreðku, fódurfaxi, hávingli, tágavingli og rýgresi innihalda ekki flughafra (sbr. 6. gr. og 2. viðauka);
- Í sáðkorni skal liggja fyrir opinber yfirlýsing frá útflutningslandinu til staðfestingar á að framleiðslueiningin hafi verið ræktuð á rekstrareiningu þar sem flughafrar hafa ekki fundist á ræktunarárinu eða á næstliðnum árum og að tekið hafi verið sýni úr framleiðslueiningunni, 1 kg á hver 10 tonn, sem inniheldur ekki flughafra.

Innflutningur á sáðvöru í framleiðslueiningum, að sérpakkningum meðtöldum, skal skráður fyrirfram samkvæmt ákveðnu kerfi hjá aðfangaeftirlitinu.

Aðfangaeftirlitið getur heimilað innflutning á framleiðslueiningu með sáðvöru sem uppfyllir ekki kröfurnar í a- til c-lið, að því tilskildu að:

- a. framleiðslueiningin sé flutt inn með fjölgun í huga og uppskeran ætluð til útflutnings; eða
- b. framleiðslueiningin sé flutt inn með hreinsun og lokameðhöndlun fyrir útflutning í huga; eða
- c. framleiðslueiningin sé ræktuð sem kynbótaefni á ábyrgð og undir eftirliti stofneigandans og flutt inn með frekari fjölgun í huga á ábyrgð íslensks umboðsmanns stofneigandans; eða
- d. nota eigi framleiðslueininguna í vísindalegum tilgangi eða til kynbóta.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Eftirlit.

Aðfangaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt. Aðfangaeftirlitinu er heimilt að taka sýnishorn af allri sáðvöru sem reglugerðin gildir um.

26. gr.

Póknun

[Til að standa straum af kostnaði við rekstur aðfangaeftirlitsins skv. reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 2,5% af innflutningsverði (c.i.f.) vöru sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 2,5% af söluverði innlendra vöru (án vsk) sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins. Gjald dagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember árið á undan og 1. september fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní viðkomandi ár, ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati aðfangaeftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaeftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan tuttugu daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að aðfangaeftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrá eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaeftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu aðfangaeftirlitsins til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan þriggja mánaða frá móttöku bréfs aðfangaeftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu aðfangaeftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

Landbúnaðarráðherra gefur út gjaldskrá fyrir aðfangaeftirlitið þar sem m.a. er kveðið á um gjöld vegna sértæks eftirlits.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 783/2001.

Úr reglugerð

nr. 398/1995, um áburð og jarðvegsbætandi efni, sbr. reglugerð nr. 785/2001 um breytingu á henni.

II. KAFLI

Vörugæði og markaðssetning.

4. gr.

Almennt um vörugæði.

Óheimilt er að flytja inn eða versla með vörur sem ekki uppfylla gæðakröfur sem þessi reglugerð kveður á um, einnig ef notkun þeirra getur reynst hættuleg mönnum, dýrum eða plöntum.

Landbúnaðarráðuneytið getur að fengnum tillögum aðfangaeftirlits ákveðið að innihald tiltekinna grunnefna eða efnasambanda megi ekki fara yfir ákveðin mörk og mælt fyrir um að innihald slíkra efna skuli tilgreint við skilgreiningu á viðkomandi vöru.

Landbúnaðarráðuneytið getur einnig bannað sölu tiltekinna efna sem áburðar, jarðvegsbætandi efna eða jarðvegslíkis og notkun slíkra efna sem kunna að verða notuð til fram-leiðslu þeirra vara sem reglugerðin tekur til. Vörur sem innihalda seyru, búfjáráburð, lífrænan úrgang og skyld efni ber að meðhöndla þannig að ekki valdi smithættu fyrir menn, dýr eða plöntur.

Landbúnaðarráðuneytið getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið ákveðið gæðamörk fyrir vörur sem reglugerð þessi tekur til og unnar eru úr úrgangsefnum.

Ef nota á seyru að hluta til eða öllu leyti í vörur sem reglugerð þessi tekur til skal seyran fyrst hafa hlotið viðurkenningu til slíkra nota af viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum.

Vörur sem reglugerð þessi tekur til verða að hafa sýnileg og skráningarhæf áhrif.

Komi ekki sérstaklega fram með vörumerkingu, skal vatnsinnihald og aðrir eiginleikar sem máli skipta við not vörunnar ekki víkja til muna frá því sem telja má eðlilegt um viðkomandi vöru.

III. KAFLI

Skráning vöruvottun og tilkynningar.

6. gr.

Skráning.

Öllum þeim sem flytja inn eða framleiða vörur sem reglugerð þessi tekur til eða hyggjast hefja slíka starfsemi ber að tilkynna það til aðfangaeftirlitsins.

Allar vörur sem reglugerð þessi tekur til skulu skráðar hjá aðfangaeftirliti áður en kynning, dreifing og sala hefst. Við skráningu skal eftirfarandi upplýst:

- a. Vöruflokkur og vörutegund (áburður, jarðvegsbætandi efni o.s.frv.) ásamt vörulýsingu. Ef selja á vöruna undir sérstöku verslunarheiti skal það einnig gefið upp.
- b. Nánari upplýsingar um innihald vörunnar af virkum efnum, efnasamböndum og annað það sem þýðingu hefur fyrir mat á eiginleikum vörunnar.
- c. Fyrir vörur sem innihalda seyru, húsdýraáburð, lífrænan úrgang eða sambærileg efni, sbr. 3. mgr. 4. gr., þarf að lýsa þeirri sóttþreinsun sem varan hefur hlotið.
- d. Upplýsingar um merkingu á umbúðum, miðum eða fylgiseðlum.

Aðfangaeftirlitið getur gert kröfur um vottun á virkni vörunnar og aðrar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar um vöruna, sbr. a-d lið 2. mgr.

Allar breytingar á áður gefnum upplýsingum skal tilkynna aðfangaeftirlitinu eins fljótt og unnt er og eigi síðar en þremur vikum áður en sala hinnar breyttu vöru hefst.

7. gr.

Vöruvottun.

Krafa um vottun skv. þessari grein gildir ekki um ESB-áburð nema með tilliti til korna- stærðar og kadmíuminnihalds, enda sé sá sem hyggst bjóða áburðinn heimilisfastur á hinu evrópska efnahagssvæði (EES).

Vörur þær sem reglugerð þessi tekur til skulu að öðru leyti vera viðurkenndar af aðfanga- eftirlitinu til dreifingar og sölu á Íslandi.

Heimilt er að veita tímabundna viðurkenningu allt að einu ári ef sérstaklega stendur á að mati yfirvalda. Einnig má takmarka slíka heimild til þriggja ára ef nauðsynlegt telst og æski- legt að þróa viðkomandi vöru betur með tilraunum.

8. gr.

Tilkynningarskylda.

Öllum þeim sem flytja inn eða framleiða vörur sem falla undir þessa reglugerð skulu fyrir 31. janúar ár hvert gefa eftirfarandi upplýsingar til aðfangaeftirlitsins fyrir hverja vöru:

- a. Sala frá innflytjanda eða framleiðanda undangengið almanaksár.
- b. Kadmíuminnflutning undangengins árs í kílóum í hverri þeirri vörutegund sem flutt var inn eða framleidd. Aðfangaeftirlitið útbýr eyðublöð vegna þessara tilkynninga.

10. gr.

Undanþága frá kröfu um skráningu, vottun og tilkynningar.

Landbúnaðarráðuneytið getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið veitt tímabundna undanþágu fyrir vörur sem reglugerð þessi tekur til, enda sé varan á þróunarstigi og staðfest að varan spilli ekki heilsu manna og dýra.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

27. gr.

Eftirlit.

Aðfangaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt. Að- fangaftirlitinu er heimilt að taka sýnishorn af öllum vörum sem reglugerðin gildir um.

28. gr.

Undanþágur.

Landbúnaðarráðherra getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar ef sérstakar ástæður mæla með því.

30. gr.

Þóknun.

[Til að standa straum af kostnaði við rekstur aðfangaeftirlitsins skv. reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,2% af innflutningsverði (c.i.f.) vöru sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,2% af söluverði inn- lendrar vöru (án vsk) sem reglugerðin gildir um. Gjaldið skal innheimt tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins. Gjald dagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember árið á undan og 1. september fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní viðkomandi ár, ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá

gjaldþaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati aðfangaeftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaeftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan tuttugu daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að aðfangaeftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaeftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu aðfangaeftirlitsins til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan þriggja mánaða frá móttöku bréfs aðfangaeftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu aðfangaeftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

Landbúnaðarráðherra gefur út gjaldskrá fyrir aðfangaeftirlitið þar sem m.a. er kveðið á um gjöld vegna sértæks eftirlits.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerð nr. 785/2001

Reglugerð

nr. 237/1996, um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. reglugerð nr. 449/1999 um breytingu á henni.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1994 frá 21. mars 1994 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af viðauka II við EES-samninginn (tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), bókun 1 (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 339/93 frá 8. febrúar 1993 um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá þriðja landi (Stjtið. EB nr. L 40, 17.2.1993, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin sem fela í sér að framangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 339/93 er felld inn sem liður 3b í kafla XIX, í viðauka II EES-samningsins, er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB og er endurbirt sem fylgiskjal nr. 1 þessarar reglugerðar.

Í fylgiskjali nr. 2 við þessa reglugerð er að finna skýringar á ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 339/93 í samræmi við bókun 1 (um altæka aðlögun), EES-samningsins.

3. gr.

Tollyfirvöld framfylgja eftirliti með framleiðsluvöru í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnar (EBE) nr. 339/93. Ennfremur skulu tollyfirvöld við eftirlit samkvæmt þessari reglugerð hafa hliðsjón af innanlandsreglum sem gilda um öryggi framleiðsluvöru og vísað er til í ákvörðun framkvæmdastjórnar (EBE) nr. 93/583/EBE frá 28. júlí 1993 og birt er í fylgiskjali nr. 3 við þessa reglugerð.

[...]¹)

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 449/1999.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 27. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal 1

Reglugerð (EBE) nr. 339/93 frá 8. febrúar 1993 um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá þriðja landi.

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR, [ª)]
með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahags-
bandalags Evrópu, einkum í 113. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmda-
stjórnarinnar,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ekki má setja framleiðsluvörur á markað í bandalaginu nema þær séu í samræmi við þær reglur sem um þær gilda. Aðildarríkin bera ábyrgð á að framkvæma eftirlit með samræmi þeirra.

Að teknu tilliti til þeirra heimilda og aðferða sem viðkomandi stjórnvöld í aðildarríkjunum hafa yfir að ráða skulu tollyfirvöld, þegar um er að ræða framleiðsluvörur frá þriðju löndum, taka virkan þátt í starfi við markaðseftirlit og upplýsingakerfi sem kveðið er á um í reglum bandalagsins og aðildarríkjanna.

Ef tollyfirvöld komast að því, við eftirlit sem þau framkvæma í tengslum við það þegar framleiðsluvörur eru settar í frjálsa dreifingu, að vörur hafa tiltekna eiginleika sem vekja grun um að öryggi og heilsa geti verið í alvarlegri og bráðri hættu af völdum þeirra, skulu þessi yfirvöld hafa vald til að fresta markaðs-

setningu þessara vara og tilkynna þeim yfirvöldum innanlands sem sjá um eftirlit með markaðinum svo að þau yfirvöld geti gert viðeigandi ráðstafanir.

Sama ætti að gilda við sömu kringumstæður þegar tollyfirvöld komast að því að skjal sem ætti að fylgja framleiðsluvörunum vantar og/eða ef framleiðsluvörur eru ekki merktar eins og tilgreint er í reglum bandalagsins eða aðildarríkjanna um öryggi framleiðsluvara sem eru í gildi í aðildarríkinu þegar leitað er eftir leyfi til að setja vörur í frjálsa dreifingu.

Í hagkvæmnis- og samræmingarskyni skulu aðildarríkin tilnefna yfirvald eða yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á eftirliti með markaðinum og skulu tollyfirvöld tilkynna um það í áður nefndum tilvikum.

Þegar slík tilkynning hefur borist skal ábyrgt yfirvald frá tækifæri til að staðfesta að viðkomandi framleiðsluvörur uppfylli reglur bandalagsins eða innlendar reglur um öryggi framleiðsluvara.

Slík yfirvöld skulu þó gera ráðstafanir innan frests sem er hæfilega stuttur í ljósi þeirra alvarlegu grunsemda sem greint er frá hér að framan og alþjóðlegra skuldbindinga sem bandalagið hefur

tekið á sig, einkum varðandi eftirlit með því hvort farið sé að tæknistöðlum.

Ef markaðsyfirvöld innanlands gera ekki ráðstafanir innan slíks frests, þar með taldar fyrirbyggjandi ráðstafanir, skal heimila að setja viðkomandi framleiðsluvörur í frjálsa dreifingu að því tilskildu að gengið hafi verið frá öllum öðrum formsatriðum um innflutning.

Til að samræmis við aðrar reglur sé gætt ætti þessi reglugerð þó aðeins að gilda ef ekki er að finna í reglum bandalagsins um heilbrigði og öryggi sérákvæði um fyrirkomulag landamæraeftirlits með tilteknum framleiðsluvörum.

Við slíkt eftirlit ætti að hlíta hlutfallsreglunni annars vegar þannig að eftirspurn ráði eingöngu, og hins vegar ætti að hlíta skuldbindingum Alþjóðasáttmálans um samræmingu landamæraeftirlits með vörum sem samþykktur var af hálfu bandalagsins í krafti reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1262/84 [^b].

Til að tryggja að fyllsta öryggis sé gætt við innflutning ætti bandalagið og hvert og eitt aðildarríki að reyna að tryggja gagnsæi þeirra ráðstafana sem gerðar eru til framkvæmdar þessari reglugerð auk þess sem öll aðildarríkin ættu að veita hvert öðru þá aðstoð sem nauðsynleg er.

Tollyfirvöld skulu einkum hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum til að framkvæma skyldustörf sín, sem aflað er annars vegar í krafti fenginnar þekkingar á framleiðsluvörunum eða framleiðsluvöruflokkum sem eru sérstaklega til umfjöllunar og hins vegar merkinga framleiðsluvaranna og fylgiskjala þeirra.

Eftirlit skal haft með framkvæmd þessarar reglugerðar til þess að hægt sé að gera nauðsynlegar breytingar til aðlögunar til að tryggja skilvirkni hennar.

Þessi reglugerð er óaðskiljanlegur hluti sameiginlegrar viðskiptastefnu. Hún takmarkast við það sem er nauðsynlegt til að samræma framkvæmd eftirlits með framleiðsluvörum sem fluttar eru inn frá þriðja landi til að tryggja að þær séu í sam-

ræmi við gildandi reglur um öryggi framleiðsluvara á markaðinum í bandalaginu.

Framkvæmd slíks eftirlits ætti að vera í samræmi við þær skuldbindingar sem hvíla á bandalaginu samkvæmt hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT) um að stunda verslun án mismununar og samkvæmt GATT-reglunum um tæknilegar viðskiptahindranir en ekki skal beita stöðlum þeirra í því skyni að koma á hömlum á sviði alþjóðaviðskipta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„*yfirvald innanlands sem ber ábyrgð á eftirliti með markaðinum*“ er yfirvald eða yfirvöld innanlands sem aðildarríkin [^c] tilnefna og eiga að hafa eftirlit með því hvort framleiðsluvörur sem settar eru á markað í bandalaginu eða á innanlandsmarkað séu í samræmi við löggjöf í bandalaginu eða innanlands sem gildir um þær.

„*fylgiskjal*“ er skjal sem á að fylgja með framleiðsluvöru þegar hún er sett á markað í samræmi við gildandi löggjöf í bandalaginu eða innanlands.

„*merking*“ er merking sem framleiðsluvara skal hafa í samræmi við gildandi löggjöf í bandalaginu eða innanlands þar sem vottað er að framleiðsluvaran sé í samræmi við þá löggjöf.

„*tollyfirvöld*“ eru yfirvöld sem bera meðal annars ábyrgð á beitingu tollalöggjafar.

2. gr.

Ef tollyfirvöld komast að því, við eftirlit sem þau framkvæma á vörum sem settar eru í frjálsa dreifingu, að:

framleiðsluvara eða framleiðsluvörulota sýni tiltekin einkenni sem vekja grun um að öryggi og heilsa geti verið í alvarlegri og bráðri hættu af völdum þeirra þegar framleiðsluvaran er notuð við venjulegar og fyrirsjáanlegar aðstæður, og/eða

framleiðsluvöru eða framleiðsluvörulotu fylgir ekki skjal eða varan er ekki merkt í samræmi við þær reglur bandalagsins eða innanlandsreglur um öryggi framleiðsluvara sem gilda í aðildarríkjunum þar sem leitað er eftir leyfi til að setja vörur í frjálsa dreifingu,

skulu þau fresta því að viðkomandi framleiðsluvara eða framleiðsluvörulota sé sett á frjálsan markað og tilkynna það þegar því yfirvaldi innanlands sem ber ábyrgð á markaðseftirliti.

3. gr.

Hvert aðildarríkjanna skal gefa framkvæmdastjórninni [^d] upplýsingar og hún gefur hinum aðildarríkjunum upplýsingar um það hvaða yfirvald eða yfirvöld innanlands, sem bera ábyrgð á markaðseftirliti, þau hafa tilnefnt til að fá upplýsingar þegar 2. gr. er beitt.

4. gr.

1. Yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti skulu geta gripið til ráðstafana varðandi allar framleiðsluvörur sem tollyfirvöld hafa frestað að setja á frjálsan markað samkvæmt 2. gr. Ef tollyfirvöld grípa ekki inn í skal önnur málsgrein 5. gr. gilda.

2. Ef um er að ræða vörur sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum skulu yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti og tollyfirvöld leitast við eftir megni að tryggja að skilyrði sem þau kunna að setja um geymslu vara eða staðsetningu ökutækja sem notuð eru til flutninga séu ekki ósamrýmanleg varðveislu þessara vara.

5. gr.

Ef yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti telja, eftir að hafa gripið inn í samkvæmt 4. gr., að viðkomandi framleiðsluvörur stofni ekki öryggi og heilsu í alvarlega og bráða hættu og/eða geti ekki talist brot á lögum bandalagsins eða innlendum lögum um öryggi

framleiðsluvara, skal viðkomandi framleiðsluvara fara í frjálsa dreifingu að því tilskildu að allar aðrar kröfur um slíka dreifingu hafi verið uppfylltar og gengið hafi verið frá öllum formsatriðum.

Þetta gildir einnig ef tollyfirvöld sem hafa beitt 2. gr. hafa ekki fengið tilkynningu, innan þriggja virkra daga frá þeim tíma sem frestað var að setja vöru í dreifingu og hefur ekki borist tilkynning um aðgerðir, þar með taldar forvarnarráðstafanir, sem yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti grípa til.

6. gr.

1. Ef yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti komast að því að viðkomandi framleiðsluvara hefur í för með sér alvarlega og bráða hættu skulu þau, í samræmi við gildandi reglur bandalagsins eða innlendar reglur, gera ráðstafanir til að banna að framleiðsluvaran sé sett á markað og fara fram á við tollyfirvöld að þau tilgreini eina af eftirtöldum merkingum á vörureikninginn sem fylgir framleiðsluvörinni og á öll önnur fylgiskjöl sem máli skipta.

„Producto peligroso — no se autoriza su despacho a libre práctica — Reglamento (CEE) no 339/93”,

„Farligt produkt — overgang til fri omsætning ikke tilladt — forordning (EØF) nr. 339/93”,

„Gefährliches Erzeugnis — Überführung in den zollrechtlich freien Verkehr nicht gestattet — Verordnung (EWG) Nr

. 339/93”,

„Dangerous product — release for free circulation not authorized — Regulation (EEC) no 339/93”,

„Produit dangereux — mise en libre pratique non autorisée — règlement (CEE) no 339/93”,

„Prodotto pericoloso — immissione in libera pratica non autorizzata — regolamento (CEE) n. 339/93”,

„Gevaarlijk produkt — het in het vrije verkeer brengen ervan niet toegestaan — Verordening (EEG) nr. 339/93",

„Produto perigoso — colocação em livre prática não permitida — Regulamento (CEE) no. 339/93".

2. Ef yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti komast að því að viðkomandi framleiðsluvara er ekki í samræmi við gildandi reglur bandalagsins eða innlendar reglur um öryggi framleiðsluvara skulu þau gera viðeigandi ráðstafanir, sem geta ef nauðsyn krefur falið í sér bann við því að framleiðsluvara verði sett á markað í samræmi við þessar reglur. Í þeim tilvikum sem markaðssetning er bönnuð skulu þau fara fram á við töllyfirvöld að þau setji eina af eftirtöldum merkingum á vörureikninginn sem fylgir framleiðsluvörinni og á öll önnur fylgiskjöl sem máli skipta.

„Producto no conforme — no se autoriza su despacho a libre práctica — Reglamento (CEE) no. 339/93",

„Ikke overenstemmende produkt — overgang til fri omsætning ikke tilladt — forordning (EØF) nr. 339/93",

„Nichtkonformes Erzeugnis — Überführung in den zollrechtlich freien Verkehr nicht gestattet — Verordnung (EWG) Nr. 339/93",

„Product not in conformity — Release for free circulation not authorized — Regulation (EEC) no 339/93",

„Produit non conforme — mise en libre pratique non autorisée — règlement (CEE) no. 339/93",

„Prodotto non conforme — immissione in libera pratica non autorizzata — regolamento (CEE) n. 339/93",

„Niet conform produkt — het in het vrije verkeer brengen ervan niet toegestaan — Verordening (EEG) nr. 339/93",

„Produto não conforme — colocação em livre prática não permitida — Regulamento (CEE) n. 339/93".

3. Við beitingu þessarar reglugerðar skulu ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1468/81 frá 19. maí 1981 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda aðildarríkjanna og samstarf aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að tryggja að lögum um tolla- eða landbúnaðarmál sé beitt á réttan hátt gilda ¹ [°] að breyttu breytanda.

4. Ef seinna er lýst yfir að viðkomandi framleiðsluvara eigi að fá aðra tollmeðferð en viðhöfð er fyrir frjálsa dreifingu og að því tilskildu að yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti séu því ekki mótfallin skal einnig tilgreina merkingarnar sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. með sömu skilyrðum, á skjölin sem notuð eru í tengslum við þá meðferð.

7. gr.

Þessi reglugerð gildir aðeins ef ekki er að finna í reglum bandalagsins [¹] sérákvæði um fyrirkomulag landamæraeftirlits með tilteknum framleiðsluvörum.

Þessi reglugerð gildir ekki undir neinum kringumstæðum um tilvik sem kveðið er á um í reglum bandalagsins um heilbrigði plantna, eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt og um dýravernd.

8. gr.

Innan þriggja mánaða frá því að þessi reglugerð öðlast gildi og vegna framkvæmdar hennar skal semja skrá samkvæmt málsmeðferðinni sem tilgreind er í

9. gr. yfir þær framleiðsluvörur eða framleiðsluvöruflokka sem, með hliðsjón af reglum bandalagsins, er nánar kveðið á um í öðrum undirlið 2. gr. Skráin skal samin með hliðsjón af reynslu og/eða af reglum um öryggi framleiðsluvara. Í samræmi við sömu málsmeðferð skal endurskoða skrána þegar nauðsyn krefur til að aðlaga hana að nýjum aðstæðum sem skapast við reynslu og þróun reglna um öryggi framleiðsluvara.

9. [g¹] gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal þar sem samin er skrá — eða henni breytt — yfir þær framleiðsluvörur eða framleiðsluvöruflokka sem nánar er kveðið á um í 2. gr. Nefndin skal skila álitinu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað.

b) Séu ráðstafanir þessar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber framkvæmdastjórninni að senda þær tafarlaust til ráðsins. Í því tilviki: er framkvæmdastjórninni heimilt að fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda, í þrjá mánuði hið mesta frá því að þær voru sendar til ráðsins, ráðinu er heimilt að taka aðra

ákvörðun með auknum meirihluta innan tímamarkanna sem um getur í fyrsta undirlið.

10. gr.

Hvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um merkingar og fylgiskjöl sem um getur í 1. gr. og krafist er samkvæmt reglum bandalagsins eða samkvæmt eigin reglum ásamt þeim rökum sem fyrirmæli til tollyfirvalda byggjast á með það í huga að beita öðrum undirlið 2. gr. Framkvæmdastjórnin skal þegar senda upplýsingarnar sem hún fær áfram til annarra aðildarríkjanna. Upplýsingar um slík einkenni skulu fyrst send innan tveggja mánaða frá því að þessi reglugerð gengur í gildi.

11. gr.

1. Ef aðildarríki ákveður við beitingu þessarar reglugerðar að nauðsynlegt sé að tilnefna sérstaka tollafgreiðslustaði til að hafa eftirlit með tilteknum vörum skal það tillkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um það. Framkvæmdastjórnin skal gefa út og endurskoða reglulega skrá yfir sérstaka tollafgreiðslustaði.

2. Þær hömlur sem hljóttast af skuldbindingum 1. mgr. um að skylt sé að fara um sérstakan tollafgreiðslustað mega ekki vera óeðlilega strangar gagnvart atvinnurekendum með tilliti til þeirra markmiða sem um er að ræða, að teknu tilliti til raunverulegra aðstæðna sem kunna að réttlæta slíka skuldbindingu.

12. gr.

Hvert aðildarríki skal innan tveggja mánaða frá því að þessi reglugerð öðlast gildi tilkynna framkvæmdastjórninni um þau ákvæði sem það hefur samþykkt með tilliti til framkvæmdar hennar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um þessi ákvæði.

13. gr.

Innan tveggja ára frá því að þessi reglugerð öðlast gildi skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu hennar og leggja til að gerðar verði breytingar sem hún telur nauðsynlegar. Til nota við skýrslugerðina skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem máli skipta og tengjast því hvernig reglugerðinni er beitt, einkum að því er varðar tölur í tengslum við beitingu 6. gr.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalagsins*. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 8. febrúar 1993.

Fyrir hönd ráðsins,
J. TRØJBORG
forseti

Fylgiskjal 2

Skýringar við reglugerð (EBE) nr. 339/93 frá 8. febrúar 1993 um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá þriðja landi í samræmi við bókun 1 (um altæka aðlögun) EES-samningsins.

[a]): Textinn í inngangsorðum að þeim lagabindandi reglum sem EES-samningurinn fjallar um hefur ekki verið aðlagður sérstaklega að EES, sbr. bókun 1 við EES-samninginn, en þar er kveðið svo á að inngangurinn hafi eingöngu þýðingu við túlkun allra bindandi lagafyrirmæla er gilda innan EES-samningsins.

[b]): Reglugerðin er ekki hluti af EES-samningnum en reglugerðin veitir heimild til þess að fullgilda fyrir EBE sáttmálann um samræmt landamæraeftirlit með vörum sem hér er vísað til.

[c]): Í samræmi við bókun 1 við EES-samninginn þá ber að líta svo á að hugtakið „aðildarríki“ taki einnig til EFTA-ríkjanna og ber því að lesa sem „EES-ríki“. Þegar vísað er til svæðis „bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“ þá er átt við svæði aðildarríkja að EES-samningnum.

[e]): Reglugerðin er ekki hluti af EES-samningnum en hún kveður á um gagnkvæma aðstoð tolyfirvalda en sambærileg ákvæði er að finna í bókun 11 við EES-samninginn.

[f]): Vísað er til skýringar í [c)] hér að framan.

[g]): 9. grein reglugerðarinnar skv. orðanna hljóðan á við um nefndaskipan ESB. Samkvæmt bókun 1, lið 2, í EES-samningnum um fastanefnd EFTA, sbr. 5. gr. 1. málsgr., þá er fastanefnd EFTA heimilt að skipa undirnefndir sér til aðstoðar.

Fylgiskjal 3

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júlí 1993 um að semja skrá yfir framleiðsluvörur sem kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 339/93 (93/583/EBE).

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPU-BANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 339/93 frá 8. febrúar um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá þriðja landi, einkum 8. gr. ¹,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð (EBE) nr. 339/93 er mælt fyrir um að framkvæmdastjórnin semji skrá yfir framleiðsluvörur sem nánar er fjallað um í öðrum undirlið 2. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 9. gr.

Skráin skal samin og uppfærð á grundvelli reynslu og eða reglna um öryggi framleiðsluvara og innan gildissviðs bandalagsreglna.

Komið hefur í ljós í kjölfar undirbúningsvinnu sem tengist þeirri reglugerð og í kjölfar vinnu vegna afnáms eftirlits við innri landamæri að aðildarríkin leggja ríka áherslu á að farið sé eftir reglum um öryggi framleiðsluvara að því er varðar leikföng, lyf og matvæli.

Leikföng og framleiðsluvörur sem beinast að tiltölulega berskjölduðum hópi neytenda sem viðhafa ekki, miðað við vanalega hegðun barna, þá „almennu gætni“ sem fullorðnir neytendur sýna.

Lyf og matvæli eru framleiðsluvörur sem hafa beinust áhrif á heilsu notenda þeirra við neyslu.

Því er nauðsynlegt að tilgreina leikföng, lyf og matvæli í skrá yfir framleiðsluvörur sem nánar er kveðið á um í öðrum undirlið 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 339/93.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 9. gr. áður nefndrar reglugerðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í skránni yfir framleiðsluvörur sem nánar er kveðið á um í öðrum undirlið 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 339/93 skulu koma fram eftirfarandi flokkar framleiðsluvara:

- leikföng,
- lyf sem eru ætluð mönnum,
- dýralyf,
- matvæli,

sem kveðið er á um í reglum bandalagsins þar sem vísað er til helstu ákvæða þeirra í

upplýsingaskyni í viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði sem þau samþykkja til framkvæmdar ákvörðun þessari innan eins mánaðar frá birtingu hennar.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um þessi ákvæði.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 28. júlí 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Raniero VANNI D'ARCHIRAFI
framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

BANDALAGSREGLUR SEM VÍSAÐ ER TIL Í 1. GR.

Leikföng: Tilskipun ráðsins 88/378/EBE¹.

Meginatriði:

Leikföngin sem þessi ákvörðun tekur til eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar 88/378/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi leikfanga: Í I. viðauka við þá tilskipun er skrá yfir þær framleiðsluvörur sem teljast ekki vera leikföng í merkingu tilskipunarinnar.

Samkvæmt bandalagsreglum var þess krafist að leikföng væru merkt með „EB-merkinu“ í samræmi við 11. grein tilskipunar 88/378/EBE.

Þar sem tilskpunin gildir um leikföng sem á að markaðssetja sem slík skal aðeins skylt að merkja með EB-merkinu: fullunnar framleiðsluvörur sem eru,

kynntar með þeim hætti (umbúðir, merki, merkingar) að fram komi að þær skuli markaðssettar án frekari vinnslu.

Lyf: Tilskipanir ráðsins 75/319/EBE² og 81/851/EBE³

Meginatriði:

Að því er varðar lyf sem eru ætluð mönnum kveður 16. gr. breyttrar tilskipunar 75/319/EBE á um að „Aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að framleiðsla sérlyfja sé eingöngu í höndum leyfishafa (...)“ og síðan er bætt við að „skylt sé að hafa framleiðsluleyfi fyrir sérlyf sem flutt eru til aðildarríkis frá löndum utan bandalagsins.“

Í 24. gr. breyttrar tilskipunar 81/851/EBE eru svipuð ákvæði um dýralyf.

Útgáfa framleiðsluleyfisins er háð því skilyrði að framleiðandi og/eða innflytjandi framkvæmi ýmsar greiningar til að tryggja að innfluttar framleiðsluvörur séu í samræmi við reglur um markaðssetningu.

Vegna þess að í reglum um leyfisveitingu er þess krafist að greina skuli öll innflutt lyf geta tollyfirvöld almennt takmarkað eftirlit sitt með slíkum framleiðsluvörum við að athuga hvort þetta leyfi sé fyrir hendi (samkvæmt tilskipunum 75/319/EBE og 81/815/EBE).

Matvæli: Tilskipun ráðsins 79/112/EBE⁴

Meginatriði:

Í 11. gr. breyttrar tilskipunar 79/112/EBE um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda er einkum kveðið á um að á ytri umbúðum forpakkaðra matvæla sem eru markaðssett fyrir sölu til neytenda eða eru ætluð mat-sölustöðum, sjúkrahúsum og öðrum stóreldhúsum skuli að minnsta kosti koma fram þær upplýsingar sem kveðið er á um í

1., 4. og 6. undirgrein 1. mgr. 3. gr. og ef við á í 9. gr. a. Skylduupplýsingarnar eru þessar: Söluheiti framleiðsluvörunnar, dagsetning fyrir geymsluþol eða, ef um er að ræða matvæli viðkvæm fyrir skemmdum, komi á undan dagsetningunni orðin „best fyrir“ ásamt lýsingu á geymsluskilyrðum, nafni, fyrirtækjaheiti og heimilisfangi framleiðanda eða pökkunaraðila eða seljanda með staðfestu í bandalaginu.

Aðrar upplýsingar sem koma eiga fram á umbúðum og kveðið er á um í 79/112/EBE má einungis gefa upp í viðkomandi viðskiptaskjölum sem annað hvort fylgja matvælunum eða eru send fyrirfram eða um leið og þau eru afhent.

Mikilvægt er að lágmarkskröfur um nafn, dagsetningu og nafn eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang framleiðanda, pökkunaraðila eða seljanda með staðfestu í bandalaginu séu uppfylltar til að tryggja að framleiðsluvaran sem boðin er neytanda sé merkt samkvæmt tilskipun 79/112/EBE sem ætlað er að vernda og upplýsa neytendur.

Hér fer á eftir stutt samantekt á því sem felst í athugunum tollyfirvalda á því hvort slíkar skylduupplýsingar séu veittar: þeim ber að taka tillit til ákvæða tilskipunar 79/112/EBE, einkum þeirra sem tengjast vöruheiti, dagsetningu og nafni þess einstaklings sem ber ábyrgð á að markaðssetja framleiðsluvöruna, svo og undantekninganna sem þar er kveðið á um (t.d. 6. mgr. 9. gr. að því er varðar niðurfellingu krafna um dagsetningu); einungis ætti að gera athuganir á pökkuðum framleiðsluvörum sem ætlaðar eru neytanda (ekki er nauðsynlegt að upplýsingarnar sem kveðið er á um í 79/112/EBE komi fram á forpökkuðum matvælum samkvæmt skilgreiningunni í b-lið 3. mgr. 1. gr. ef framangreind lágmarksskilyrði koma fram á ytri umbúðum).

Reglugerð

nr. 431/1996 um greiðslur úr fódursjóði, sbr. reglugerð nr. 508/2006, 381/2008, 1120/2008, 1043/2009 og 5/2011 um breyting á henni.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra greiðir innflytjendum fódurs og hráefnis í fódur, sem fellur undir tollkafla 10, 11, 12, 17 og 23, fé úr fódursjóði sem starfar skv. lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

2. gr.

Greiðslan skal vera mishá eftir því hvort um er að ræða hráefni til fódurgerðar eða fódurblöndur. Greiðsla úr fódursjóði skal vera eftirfarandi:

1. Fyrir hráefni eða fullunnið fódur til loðdýraræktar eða fiskeldis, skal greiða að fullu andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning.
2. Fyrir hráefni til fódurgerðar, annarrar en fiskeldis- og loðdýraræktarfóðurs, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning [...] ¹⁾.
3. Fyrir fódurblöndur til annars en loðdýraræktar og fiskeldis, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning að frádregnum kr. 7,80 á kg innfluttrar vöru. [Fyrir fódurblöndur sem upprunnar eru frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, skal greiða að fullu andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning.] ⁴⁾ [Fyrir fódurblöndur sem upprunnar eru frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, skal greiða að fullu andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning.] ²⁾ [Fyrir fódurblöndur sem upprunnar eru frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, skal greiða að fullu andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning.] ³⁾

¹⁾Sbr. reglugerð nr. 508/2006, 1. gr. ²⁾Sbr. reglugerð nr. 1220/2008, 1. gr. Ákvæðið gildir til og með 31. desember 2009. ³⁾Sbr. reglugerð nr. 1043/2009, 1. gr. Ákvæðið gildir frá og með 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2010. ⁴⁾ Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 5/2011. Ákvæðið gildir frá og með 1. janúar 2011 til og með 28. febrúar 2011.

3. gr.

Umsókn um greiðslur úr fódursjóði vegna tiltekings innflutnings fódurs og fódurefnis skal hafa að geyma upplýsingar um álagða tolla, magn og hversu hárrar greiðslu er óskað. Umsóknin skal studd eftirfarandi gögnum:

1. Staðfestu ljósriti af aðflutningsskýrslu.
2. Staðfestingu aðfangaeftirlits um að varan sé ætluð til loðdýraræktar eða fiskeldis sé um fódur til þeirra nota að ræða.
3. Yfirlýsingu umsækjanda eða notanda um að varan hafi farið til loðdýraræktar eða fiskeldis sé um fódur til þeirra nota að ræða.

4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið/ríkisféhirðir annast greiðslur úr fódursjóði til innflytjenda. Umsóknir skulu sendar landbúnaðarráðuneytinu sem metur þær og afgreiðir fullgildar umsóknir til greiðslu.

Hafi innflytjanda verið veitt heimild til útgáfu á skuldaviðurkenningu til tryggingar greiðslu fóðurtolls, gegn tryggingum sem landbúnaðarráðuneytið metur gildar, verði skuldajafnað með greiðslu úr fóðursjóði til lúkningar greiðslu skv. skuldaviðurkenningu áður en útborgun til hans á sér stað.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. ágúst 1996. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 559/1995 um greiðslur úr fóðursjóði til loðdýraræktar og fiskeldis.

Úr reglugerð

nr. 699/1996 um innflutning og heilðsöludreifingu lyfja og reglugerð nr. 484/2001 og 846/2002 um breytingu á henni.

1. Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um innflutning, heilðsöludreifingu og útflutning á lyfjum sem ætluð eru mönnum eða dýrum.

Með lyfi er átt við lyf sem hafa markaðsleyfi á Íslandi, lyf sem leyfilegt er að nota samkvæmt sérstakri heimild sem Lyfjanefnd ríkisins veitir, lyf til klínískra prófana og forskriftarlyf. Hér með teljast sérlyf, náttúruylf, lyfjagas, geislavirk lyf, forblöndur fyrir lyfjablandað fóður, hómópatalyf og virk efni til lyfjagerðar og hver sú vara sem fellur undir skilgreiningu 5. gr. lyfjalaga og ákvæði tilskipunar Evrópubandalagsins nr. 65/65/EBE með breytingum.

2. Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerðinni er merking neðantalinnna hugtaka þessi:

- 1) Framleiðandi: Handhafi framleiðsluleyfis, sem fjallað er um í 16. gr. tilskipunar nr. 75/319/EBE og 24. gr. tilskipunar nr. 81/851/EBE.
- 2) Innflytjandi: Sá sem er ábyrgur fyrir innflutningi á lyfjum. Innflutningur á lyfjum getur verið hluti af starfsemi lyfjaheildsala eða verið í höndum innflytjanda sem hefur heimild til að stunda slíka starfsemi.
- 3) Heildsala: Sérhver starfsemi sem felst í innkaupum, vörslu, afhendingu, sölu eða útflutningi á lyfjum, að undanskilinni afgreiðslu lyfja til neytenda.
- 4) Fyrirtæki: Framleiðandi, innflytjandi eða heildsala.
- 5) Innflutningur: Flutningur lyfja til landsins og í húsæði heilðsölu.
- 6) Ábyrgðarhafi (Qualified Person): Ábyrgðarhafinn er ábyrgur fyrir lokasamþykkt hverrar framleiðslulotu lyfs sem fer í dreifingu. Hann skal uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru um vísindalega og tæknilega þekkingu, eins og þær eru settar fram í 23. gr. tilskipunar nr. 75/319/EBE og 31. gr. tilskipunar nr. 81/851/EBE.
- 7) Gæðatrygging: Allar aðgerðir sem ætlað er að tryggja tilskilin gæði lyfs.
- 8) Gæðavottorð (Control Report): Skjal undirritað af ábyrgðarhafa hjá framleiðanda, verktaka eða innflytjanda, sem vottar að lyfið sé framleitt í samræmi við kröfur um góða

framleiðsluhætti í lyfjagerð og að gæði þess séu í samræmi við skilyrði sem liggja til grundvallar markaðsleyfinu.

3. Almenn ákvæði um innflutning og heilðsöludreifingu lyfja.

Skilyrði sem innflytjandi/heilðsala verður að uppfylla.

3. gr.

Í fyrirtæki sem flytur inn og/eða dreifir lyfjum í heilðsölu skal starfa faglegur forstöðumaður, sem er lyfjafræðingur. Hann má ekki vera handhafi lyfsöluleyfis.

Hjá fyrirtæki verður að starfa ábyrgðarhafi og má hann vera faglegur forstöðumaður þess.

Starfsemi þeirra sem flytja inn og dreifa lyfjum skal uppfylla kröfur um góða starfshætti í lyfjadreifingu, sbr. tilskipun 92/25/EBE, og skal fylgja EBE leiðbeiningum 94/C 63/03 um góða starfshætti í lyfjadreifingu.

Leyfisveitingar.

4. gr.

Hér á landi mega aðeins þeir, sem hafa til þess heimild heilbrigðismálaráðherra, stunda innflutning og/eða heilðsöludreifingu á lyfjum. Slík heimild er veitt fyrir sérhvern stað þar sem fyrirhugað er að starfsemin verði stunduð. Til grundvallar slíkri heimild liggur að starfsemin uppfylli kröfur sem gerðar eru í þessari reglugerð og öðrum fyrirmælum.

Sækja skal um leyfi til að stunda innflutning og heilðsölu lyfja til heilbrigðismálaráðherra, sem leitar umsagnar Lyfjaeftirlits ríkisins, sbr. þó 9. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Með umsókn um heimild til að stunda innflutning og/eða heilðsölu lyfja skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

- 1) nafn, heimilisfang, kennitölu og símanúmer fyrirtækis,
- 2) nafn, heimilisfang, kennitölu og símanúmer þess sem sækir um fyrir hönd fyrirtækis,
- 3) almenn lýsing á starfsemi sem fyrirhugað er að stunda,
- 4) teikningar af húsnæði,
- 5) yfirlit um helsta búnað,
- 6) yfirlit um hvers konar lyf og lyfjaform fyrirhugað er að flytja inn og/eða dreifa,
- 7) yfirlit um helstu þætti gæðatryggingarkerfis fyrir starfsemina,
- 8) nafn faglegs forstöðumanns ásamt yfirliti um menntun og fyrri störf,
- 9) nafn (nöfn) ábyrgðarhafa ásamt yfirliti um menntun og fyrri störf, sé ekki um að ræða faglegan forstöðumann.

...

7. gr.

Binda má heimild til innflutnings og/eða heilðsölu lyfja ákveðnum skilyrðum og hana má veita til tilgreinds tíma.

...

9. gr.

Handhafi framleiðsluleyfis á Íslandi hefur leyfi til að dreifa í heilðsölu þeim lyfjum sem framleiðsluheimild hans nær til og veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir.

Sá sem hyggst stunda slíka starfsemi skal tilkynna það Lyfjaeftirliti ríkisins. Áður en hún hefst skal liggja fyrir staðfesting Lyfjaeftirlits ríkisins í formi starfsleyfis, þar sem fram komi að framleiðandinn uppfylli þau skilyrði sem sett eru samkvæmt þessari reglugerð.

...

4. Innflutningur.

Innflutningur - almenn ákvæði.

11. gr.

Hjá fyrirtæki skal vera til skrá yfir öll aðkeypt lyf. Í henni skal að minnsta kosti koma fram eftirfarandi: dagsetning móttöku, heiti lyfs, lyfjaform, styrkur, pakkningarstærð, fjöldi pakkninga, lotunúmer, fyrning, heiti og heimilisfang seljanda.

Við móttöku lyfs skal framkvæmt eftirlit með því, að merkingar (merkimiðar o.fl.) séu í samræmi við gildandi reglur.

12. gr.

Við innflutning á lyfjum skal innflytjandinn ganga úr skugga um og geta sýnt fram á að lyf sé framleitt af viðurkenndum framleiðanda og í samræmi við kröfur um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð, sem eru að minnsta kosti jafngildar kröfum sem bandalagið gerir til framleiðslu á lyfjum.

Innflutningur á lyfjum frá ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

13. gr.

Sá sem flytur inn lyf, sem hefur markaðsleyfi hér á landi, frá öðrum ríkjum EES skal hafa í þjónustu sinni ábyrgðarhafa.

Ábyrgðarhafinn skal ganga úr skugga um, að sérhver lota lyfs, sé framleidd í samræmi við góða framleiðsluhætti í lyfjagerð og að gæði þess séu í samræmi við skilyrði, sem liggja til grundvallar veitingu markaðsleyfisins.

Ábyrgðarhafinn skal samþykkja hverja lotu skriflega og votta með því að gæði lyfs séu í samræmi við skilyrði 2. málsgreinar.

Haldin skal skrá yfir samþykkt einstakra framleiðslulota.

...

Innflutningur á lyfjum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES).

16. gr.

Sá sem flytur inn lyf, sem hefur markaðsleyfi hér á landi, frá ríkjum utan EES skal hafa ábyrgðarhafa í þjónustu sinni.

Ábyrgðarhafinn skal ganga úr skugga um, að sérhver lota lyfsins sem flutt er inn frá ríki utan EES, sé framleidd af viðurkenndum framleiðanda í viðkomandi landi og að það sé framleitt í samræmi við reglur um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð sem svari að minnsta kosti til þess sem gerð er krafa um innan EES. Enn fremur skal hann ganga úr skugga um að gæði lyfsins séu í samræmi við skilyrði, sem liggja til grundvallar veitingu markaðsleyfisins.

Slík athugun skal fara fram á Íslandi og skal enn fremur felast í efnagreiningu á lyfinu með tilliti til magns og gæða að minnsta kosti allra virkra innihaldsefna auk annarra rannsóknna sem nauðsynlegar eru til að staðfesta að lyfið sé af tilskildum gæðum.

Ábyrgðarhafinn skal samþykkja hverja lotu skriflega og votta með því að uppfyllt séu skilyrði 2. og 3. málsgreinar.

Haldin skal skrá yfir samþykkt einstakra framleiðslulota.

...

5. Almennar kröfur sem gerðar eru til innflytjenda og heildsala.

20. gr.

Innflytjandi getur einnig haft heimild til sölu og dreifingar lyfja í heildsölu og skal hann uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar starfsemi.

Heimild til innflutnings og heilidsöludreifingar á lyfjum felur ekki í sér framleiðsluleyfi, t.d. leyfi til að rjúfa pakkningar, bæta við áletrunum eða endurmerkja pakkningar.

Flutningur lyfja.

24. gr.

Fyrirtæki ber að sjá til þess að flutningur lyfja til landsins og lyfjasendingar innanlands fari fram með þeim hætti að lyfin skemmist ekki eða eyðileggist, týnist eða valdi skaða.

Skrár.

25. gr.

Fyrirtæki skal halda innkaupa- og fyrningaskrár fyrir allar lyfjasendingar sem það fær og skrárnar skulu að minnsta kosti hafa að geyma upplýsingarnar sem gerð er krafa um samkvæmt 1. málsg. 11. gr.

28. gr.

Nú hættir fyrirtæki starfsemi eða starfsemi flyst til annars aðila og skal þá Lyfjaeftirliti ríkisins tilkynnt um hvar varðveitt eru gögn sem fyrirtækinu var skylt að halda til haga. Gögnin skulu aðgengileg Lyfjaeftirliti ríkisins í tilskilinn tíma.

6. Ýmis ákvæði.

31. gr.

Lyf sem uppfylla ekki gildandi kröfur vegna fyrninga, afskráninga eða af öðrum orsökum skal endursenda til framleiðanda eða innflytjanda eða þeim eytt með tryggilegum hætti.

32. gr.

Óheimilt er að rjúfa pakkningar eða breyta áletrun á ytri eða innri umbúðum lyfs nema fyrirtækið hafi framleiðsluleyfi. Framleiðsluleyfi þarf svo framkvæma megi t.d. einhverja eftirtalinna aðgerða:

- umpakka lyfi,
- rjúfa lyfjapakkingu, t.d. til að setja í hana fylgiseðil,
- líma nýja áletrun á umbúðir,
- breyta einhverju í áletrun á umbúðum með yfirlímingum eða á annan sambærilegan hátt.

Í reglugerð um framleiðslu lyfja er nánar fjallað um ákvæði sem uppfylla þarf til að öðlast framleiðsluleyfi.

33. gr.

Fyrirtæki mega aðeins dreifa lyfjum frá framleiðendum sem eru handhafar framleiðsluleyfis, öðrum viðurkenndum heilidsölum eða viðurkenndum innflytjendum.

34. gr.

Fyrirtæki sem annast innflutning og heilidsöludreifingu lyfja mega selja eftirtöldum lyf:

- 1) þeim sem hafa heimild ráðherra til að selja lyf í smásölu og hafa starfsleyfi Lyfjaeftirlits ríkisins,
- 2) stofnunum sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum og staðfest er að hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni,

- 3) tilraunastofum sem vinna að rannsóknum á lyfjum, þó aðeins lyf sem þar eru til rannsókna,
 - 4) öðrum viðurkenndum lyfjaheildsölum,
 - 5) læknum og tannlæknum - lyf til notkunar á stofu eða í sjúkravitjunum, samkvæmt nánari reglum,
 - 6) dýralæknum - lyf til að nota á stofu eða í sjúkravitjunum og þeim dýralæknum sem leyfi hafa til sölu lyfja frá starfsstofum sínum.
- [7) fyrirtæki, sem hafa leyfi til vélskömmtnar lyfja.]³⁾
 [Takmarkanir á sölu lyfja skv. ákvæðum 1)-6) tl. þessarar greinar eiga ekki við um náttúruulyf og hómopatalyf (smáskammtalyf), nema Lyfjastofnun ákveði annað.]²⁾
 [Lyfjastofun]¹⁾ gefur út lista yfir þá sem um ræðir samkvæmt 1. og 2. tölulið þessarar greinar.

1) Sbr. 1. gr. reglugerð nr. 484/2001. 2) Sbr. 2. gr. reglugerð nr. 484/2001. 3) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 846/2001.

35. gr.

Viðurkenndir innflytjendur og heildsölur skulu ársfjórðungslega veita heilbrigðismálaráðuneytinu upplýsingar um sölu allra lyfja.

Upplýsingarnar skulu vera á tölvutæku formi sem heilbrigðismálaráðuneytið samþykkir. Veita skal meðal annars upplýsingar um fjölda seldra lyfjapakninga af hverri stærð á tímabilinu og söluverðmæti hvernar pakningarstærðar.

36. gr.

Viðurkenndur lyfjaframleiðandi getur flutt inn hráefni sem eru nauðsynleg fyrir framleiðslu sem framleiðsluleyfi hans nær til og til þróunarvinnu.

7. Eftirlit og viðurlög.

37. gr.

[Lyfjastofun]¹⁾ hefur eftirlit með að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

[Lyfjastofun]¹⁾ hefur eftirlit með viðurkenndum innflytjendum og viðurkenndum lyfjaheildsölum. Þeim er skylt að láta Lyfjaeftirliti ríkisins í té gögn og upplýsingar sem það telur nauðsynleg til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Þeim er enn fremur skylt að veita eftirlitsmönnum aðgang að húsnæði og búnaði sem varðar starfsemina á hvaða tíma sem er.

Telji [Lyfjastofun] einhverjum atriðum í rekstri fyrirtækis ábótavant, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal stofnunin gefa fyrirmæli um úrbætur og skal fyrirtæki verða við þeim innan þess frests sem [Lyfjastofun]¹⁾ ákveður.

1) Sbr. 1. gr. reglugerð nr. 484/2001.

9. Bráðabirgðaákvæði.

41. gr.

Lyfjainnflytjendur og/eða lyfjaheildsalar sem hafa starfsleyfi samkvæmt eldri lögum skulu sækja um starfsleyfi samkvæmt þessari reglugerð fyrir 1. maí 1997. Ákvæði 6. gr. um afgreiðslutíma umsókna gildir ekki um meðferð þeirra. Afgreiðslu umsókna skal vera lokið eigi síðar en 1. nóvember 1997. Frá þeim tíma falla úr gildi eldri leyfi til að annast innflutning og dreifingu lyfja.

VIÐAUKI I

Yfirlit yfir tilskipanir Evrópubandalagsins sem koma til framkvæmda að hluta eða öllu leyti með reglugerðinni.

75/319/EBE: Önnur tilskipun ráðsins frá 20. maí 1975 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum um sérlyf.*)

81/851/EBE: Tilskipun ráðsins frá 28. september 1981 um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf.*)

89/342/EBE: Tilskipun ráðsins frá 3. maí 1989 þar sem gildissvið tilskipana 65/65/EBE og 75/319/EBE er fært út og bætt við ákvæðum um ónæmislyf sem eru bóluefni, eitur eða sermi og efni sem valda ofnæmi.*)

89/343/EBE: Tilskipun ráðsins frá 3. maí 1989 þar sem gildissvið tilskipana 65/65/EBE og 75/319/EBE er fært út og bætt við ákvæðum um geislavirk lyf.*)

89/381/EBE: Tilskipun ráðsins frá 14. júní 1989 þar sem gildissvið tilskipana 65/65/EBE og 75/319/EBE um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum um sérlyf er fært út og settar sérstakar reglur um lyf úr mannsblóði eða blóðvökva.*)

90/676/EBE: Tilskipun ráðsins frá 13. desember 1990 um breytingu á tilskipun 81/851/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf.*)

90/677/EBE: Tilskipun ráðsins frá 13. desember 1990 þar sem gildissvið tilskipunar 81/851/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf er fært út og bætt við ákvæðum um ónæmislyf fyrir dýr.*)

92/25/EBE: Tilskipun ráðsins frá 31. mars 1992 um heildsöludreifingu lyfja sem ætluð eru mönnum.**)

Úr reglugerð**nr. 168/1997 um um skemmtibáta, sbr. reglugerð nr. 708/2000 og 1045/2005 um breytingu á henni.**

[1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglugerð þessi gildir um:

- a. með tilliti til hönnunar og smíði:
 - i. skemmtibáta og hálfsmíðaða báta,
 - ii. einmenningsför á sjó,
 - iii. íhluta, sem um getur í II. viðauka, þegar þeir eru settir sér á markað á Evrópska efnahagssvæðinu og þegar þeir eru ætlaðir til uppsetningar,
- b. með tilliti til losunar með útblæstri:
 - i. aflvélar sem eru settar í eða ætlaðar sérstaklega til uppsetningar á eða í skemmtibáta og einmenningsför á sjó,
 - ii. aflvélar sem eru settar á eða í þessa báta eftir „umtalsverða breytingu á vél“,
- c. með tilliti til hávaðamengunar:
 - i. skemmtibáta sem eru með skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis eða með innanborðsaflvél,
 - ii. skemmtibáta sem eru með skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis eða með innanborðsaflvél og sem umtalsverð breyting er gerð á og eru síðan settir á

markað á Evrópska efnahagssvæðinu innan fimm ára frá því að breytingin átti sér stað,

- iii. einmenningsför á sjó,
 - iv. innanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi, ætlaðar til uppsetningar í skemmtibátum,
 - d. ákvæði þessarar reglugerðar gilda einungis um framleiðsluvörurnar, sem falla undir ii-lið a-liðar og b- og c-lið, frá því að þær eru fyrst settar á markað og/eða teknar í notkun í fyrsta sinn eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.
- Eftirfarandi er undanskilið gildissviði þessarar reglugerðar:
- a. með tilliti til a-liðar 1. mgr.:
 - i. bátar sem eru eingöngu ætlaðir til keppni, þ.m.t. kappróðrabátar og árabátar til þjálfunar sem eru merktir sem slíkir af framleiðendum,
 - ii. kanóar og kajakar, gondólar og hjólabátar,
 - iii. seglbretti,
 - iv. brimbretti, þ.m.t. vélknúin brimbretti,
 - v. upprunaleg, söguleg för og einstakar eftirlíkingar þeirra sem eru smíðuð fyrir 1950 og sem eru alfarið smíðuð úr upprunalegum efnivið og merkt sem slík af framleiðendum,
 - vi. tilraunaför, að því tilskildu að þau verði ekki síðar meir sett á markað á Evrópska efnahagssvæðinu,
 - vii. för smíðuð til eigin nota, að því tilskildu að þau verði ekki sett á markað á Evrópska efnahagssvæðinu um fimm ára skeið,
 - viii. för sem sérstaklega er gert ráð fyrir að hafi áhöfn og flytji farþega í ábataskyni, með fyrirvara um a-lið 2. mgr. 1. gr., einkum þeir sem eru skilgreindir í tilskipun 82/714/EBE frá 4. október 1982 um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum, óháð farþegafjölda,
 - ix. sökkvanleg för,
 - x. svífnökkvar,
 - xi. spaðabátar,
 - xii. gufuknúinir bátar með ytri brennslu og brenna kolum, koxi, viði, olú eða gasi,
 - b. með tilliti til b-liðar 1. mgr.:
 - i. aflvélar sem eru settar í eða sérstaklega ætlaðar til uppsetningar í eftirfarandi:
 - för sem eru eingöngu ætluð til keppni og merkt sem slík af framleiðendum,
 - tilraunaför, að því tilskildu að þau verði ekki síðar sett á markað á Evrópska efnahagssvæðinu,
 - för sem sérstaklega er gert ráð fyrir að hafi áhöfn og flytji farþega í ábataskyni, með fyrirvara um a-lið 2. mgr. 1. gr., einkum þau sem eru skilgreind í tilskipun 82/714/EBE, óháð farþegafjölda,
 - sökkvanleg för,
 - svífnökkva,
 - spaðabáta,
 - ii. upprunalegar og einstakar sögulegar eftirlíkingar aflvéla, byggðar á smíði frá því fyrir 1950, ekki sem raðframleiðsla en settar í báta, sem um getur v- og vii-lið a-liðar 2. gr.,
 - iii. aflvélar smíðaðar til eigin nota, að því tilskildu að þær verði ekki settar á markað á Evrópska efnahagssvæðinu um fimm ára skeið,
 - c. með tilliti til c-liðar 1. mgr.:
 - öll för, sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar,

- för smíðuð til eigin nota, að því tilskildu að þau verði ekki sett á markað á Evrópska efnahagssvæðinu um fimm ára skeið.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. „skemmtibátur“: allar tegundir fara, ætluð til íþróttta og tómtunda, óháð knúningsmáta, sem eru með bollengd frá 2,5 m til 24 m, mælt í samræmi við samhæfða staðla. Sú staðreynd að hægt er að nota sama bátinn til leiguflutninga og til þjálfunar í skemmtisiglingum kemur ekki í veg fyrir að hann falli undir gildissvið þessarar reglugerðar þegar hann er settur á markað í tómtundaskyni,
- b. „einmenningsfar á sjó“: bátur, undir 4 m að lengd, búinn brunahreyfli með vatnsgeisladælu sem helsta knúningsafl og sem reiknað er með að einn eða fleiri einstaklingar stýri, sitjandi, standandi eða krjúpandi, úti frekar en inni í stýrishúsi,
- c. „aflvél“: allir brunahreyflar með neista- eða þjöppukveikju sem eru notaðir sem knúningsafl, þ.m.t. innanborðstvígengis- og -fjörgengisvélar, skutdrif með eða án sambyggðs útblásturskerfis og utanborðsvélar,
- d. „umtalsverð breyting á vél“: breyting á vél sem:
 - kann að valda því að vélin fari yfir viðmiðunarmarkið fyrir losun, sem er sett fram í B-hluta I. viðauka, að undanskilinni kerfisbundinni endurnýjun á íhlutum sem breytir ekki eiginleikum losunar, eða
 - eykur nafnafl vélarinnar um meira en 15%,
- e. „umtalsverð breyting á fari“: breyting á fari sem:
 - hefur í för með sér breytingu á aðferð við að knýja farið áfram,
 - felur í sér umtalsverða breytingu á vél,
 - felur í sér það mikla breytingu á farinu að það telst vera nýtt far,
- f. „knúningsaðferð“: vélræn aðferð sem er notuð til að knýja farið áfram, t.d. með skrífu eða vatnsgeisladælu,
- g. „hópur véla“: flokkun framleiðenda véla sem, með tilliti til hönnunar þeirra, má gera ráð fyrir að hafi svipuð einkenni hvað varðar losun með útblæstri og sem eru í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar varðandi losun með útblæstri,
- h. „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hannar og framleiðir vöru sem fellur undir þessa reglugerð eða lætur hana og/eða framleiða slíka framleiðsluvöru í því skyni að setja hana sjálfur á markað,
- i. „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hefur skriflegt umboð frá framleiðanda til að koma fram fyrir hans hönd með tilliti til skuldbindinga þess síðarnefnda samkvæmt þessari reglugerð.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 1045/2005.

2. gr.

Markaðssetning, markaðseftirlit og heimild til notkunar.

Siglingastofnun hefur markaðseftirlit með skemmtibátum, búnaði og innflutningi þeirra. Siglingastofnun skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðeins sé unnt að markaðssetja og taka í notkun skemmtibáta og búnað þeirra í samræmi við fyrirhugaða notkun þeirra, en þó aðeins að notkun þeirra hafi ekki í för með sér hættu fyrir öryggi og heilsu manna, eignir eða umhverfið þegar þeir eru smíðaðir og viðhaldið á réttan hátt.

3. gr.

Grunnkröfur.

Skemmtibátar skv. þessari reglugerð skulu uppfylla kröfur um öryggi, heilsu, umhverfisvernd og neytendavernd sem kveðið er á um í I. viðauka.

[4. gr.

Frjálsir flutningar framleiðsluvara sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða koma í veg fyrir að settar verði á markað og/eða teknar í notkun á Íslandi framleiðsluvörur, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og eru merktar CE-merkinu, sem um getur í IV. viðauka, sem gefur til kynna samræmi þeirra við öll ákvæði þessarar reglugerðar, þar á meðal samræmisreglurnar í II. kafla.

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða koma í veg fyrir að settir verði á markað hálfsmíðaþír bátar ef bátasmiðurinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða einstaklingur sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu lýsir því yfir, í samræmi við a-lið í III. viðauka, að þeir verði fullgerðir af öðrum.

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða hindra að íhlutar, sem um getur í II. viðauka og eru merktir CE-merkinu, sem um getur í IV. viðauka, sem gefur til kynna samræmi þeirra við viðeigandi grunnkröfur, verði settir á markað og/eða teknir í notkun, ef þessum íhlutum fylgir skrifleg samræmisýfirlýsing, eins og kveðið er á um í XV. viðauka, og ætlunin er að setja þessa íhluti í skemmtibáta, í samræmi við yfirlýsingu, sem um getur í b-lið III. viðauka, frá framleiðandanum, viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða, í tilviki innflutnings frá þriðja landi, frá einstaklingi sem setur þessa íhluta á markað á EES svæðinu.

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða koma í veg fyrir að settar verði á markað og/eða teknar í notkun:-

- innanborðsvélar og skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis,
- vélar sem eru með gerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipun 97/68/EB og eru í samræmi við II. þrep, sem kveðið er á um í lið 4.2.3 í I. viðauka við þá tilskipun og,
- vélar sem eru með gerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipun 88/77/EBE,

ef framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu lýsir því yfir í samræmi við 3. lið XV. viðauka að vélin, þegar hún er sett í skemmtibát eða einmenningsfar á sjó í samræmi við notkunarleiðbeiningar framleiðanda, sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar varðandi losun með útblæstri.

Siglingastofnun skal ekki hindra að framleiðsluvörur, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og eru ekki í samræmi við þessa reglugerð, séu til sýnis á kaupstefnum, sýningum, kynningum o.s.frv., að því tilskildu að vel sýnilegt merki gefi greinilega til kynna að slíkar framleiðsluvörur megi ekki setja á markað eða taka í notkun fyrr en þær hafa verið færðar til samræmis við tilskildar kröfur.

Ef framleiðsluvörurnar, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., falla undir ákvæði annarra reglugerða, sem taka til annarra þátta og kveða á um áfestingu CE-merkis, skal merkið gefa til kynna að slíkar framleiðsluvörur uppfylli einnig ákvæði þeirra reglugerða. CE-merkið skal gefa til kynna samræmi við ákvæði þeirra reglugerða sem beitt er eða viðkomandi hluta þeirra. Í þessu tilviki skulu tilvísanir til áður nefndra reglugerða, sem framleiðandi beitir, eins og þær eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda, koma fram í þeim skjólum, samræmisýfirlýsingum eða notkunarleiðbeiningum sem krafist er í reglugerðum og fylgja slíkum framleiðsluvörum.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 1045/2005.

5. gr.

Íslenskir staðlar.

Siglingastofnun skal ganga út frá því að skemmtibátar og/eða búnaður þeirra sem eru í samræmi við viðeigandi innlenda staðla sem samþykktir eru samkvæmt samhæfðum stöðlum, uppfylli grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. ef tilvísanir í þá hafa verið birtar í Stjórnartíðindum ESB.

Siglingastofnun skal birta tilvísanir í slíka íslenska staðla eða aðra sambærilega staðla frá öðru landi á EES-svæðinu.

[6. gr.]

Öryggisákvæði.

Öryggisákvæði. Ef Siglingastofnun Íslands kemst að raun um að framleiðsluvörur, sem falla undir gildissvið 1. gr. og bera CE-merkið sem um getur í IV. viðauka, kunna að stofna öryggi og heilbrigði einstaklinga, eignum og umhverfi í hættu, þó að þær séu rétt hannaðar, smíðaðar, settar upp eftir því sem við á, rétt haldið við og þær notaðar eins og til er ætlast, skal það gera viðeigandi, tímabundnar ráðstafanir til þess að taka þær af markaði eða banna eða koma í veg fyrir að þær verði settar á markað og/eða teknar í notkun.]¹⁾

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1045/2005.

[7. gr.]

Samræmismat.

Áður en markaðssetning og/eða notkun hefst á þeim framleiðsluvörum sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins fara eftir þeim reglum sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Ef hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins axlar ábyrgðina á því að framleiðsluvara sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, að því er varðar mat sem fer fram að lokinni smíði skemmtibáts, getur hvaða einstaklingur eða hvaða lögaðili með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er, sem setur framleiðsluvöruna á markað og/eða tekur hana í notkun á eigin ábyrgð, tekið á sig ábyrgðina. Í slíku tilviki verður einstaklingurinn, sem setur framleiðsluvöruna á markað eða tekur hana í notkun, að leggja fyrir tilkynntan aðila umsókn um skýrslu að lokinni smíði. Einstaklingurinn, sem setur framleiðsluvöruna á markað og/eða tekur hana í notkun, verður að láta tilkynnta aðilanum í té öll tiltæk skjöl og öll tiltæk tækniskjöl sem varða fyrstu markaðssetningu framleiðsluvörunnar í upprunalandinu. Tilkynnti aðilinn skal skoða hverja einstaka framleiðsluvöru og vinna útreikninga og annað mat til að tryggja samræmi hennar við viðkomandi kröfur þessarar tilskipunar. Á auðkennisplötu framleiðanda, sem lýst er í lið 2.2 í I. viðauka, skal m.a. standa („vottorð að lokinni smíði“). Tilkynnti aðilinn skal semja samræmisskýrslu út frá matinu, sem unnið var, og upplýsa einstaklinginn, sem setur framleiðsluvöruna á markað og/eða tekur hana í notkun, um skuldbindingar hans. Sá einstaklingur skal semja samræmisýfirlýsingu (sjá XV. viðauka) og setja eða láta setja CE-merkið á framleiðsluvöruna ásamt auðkennisnúmeri hlutaðeigandi tilkynnts aðila.

Við A- og B-hönnun og smíði framleiðsluvara, sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr., skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins fara að eftirfarandi reglum um bátahönnunarflokka A, B, C og D, eins og um getur í 1. lið A-hluta I. viðauka:

a. flokkar A og B

i. fyrir báta með bollengd frá 2,5 m til 12 m: innri framleiðslustýring og prófanir (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða EB-gerðarprófun

- (aðferðareining B), eins og lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
- ii. fyrir báta með bollengd frá 12 m til 24 m: EB-gerðarprófun (aðferðareining B), sem um getur í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
- b. flokkur C:
- i. fyrir báta með bollengd frá 2,5 m til 12 m:
- þar sem samhæfðir staðlar varðandi liði 3.2 og 3.3 í A-hluta I. viðauka eru uppfylltir: innri framleiðslustýring (aðferðareining A), sem um getur í V. viðauka, eða innri framleiðslustýring ásamt prófunum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða EB-gerðarprófun (aðferðareining B), eins og lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
 - þar sem samhæfðir staðlar varðandi liði 3.2 og 3.3 í A-hluta I. viðauka eru ekki uppfylltir: innri framleiðslustýring og prófanir (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða EB-gerðarprófun (aðferðareining B), eins og lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
- ii. fyrir báta með bollengd frá 12 m til 24 m: EB-gerðarprófun (aðferðareining B), sem um getur í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
- c. flokkur D:
- fyrir báta með bollengd frá 2,5 m til 24 m: innri framleiðslustýring (aðferðareining A), sem um getur í V. viðauka, eða innri framleiðslustýring ásamt prófunum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða EB-gerðarprófun (aðferðareining B), eins og lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
- d. einmenningsfar á sjó: innri framleiðslustýring (aðferðareining A), sem um getur í V. viðauka, eða innri framleiðslustýring ásamt prófunum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða EB-gerðarprófun (aðferðareining B), eins og lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D eða B+E eða B+F eða G eða H,
- e. íhlutar sem um getur í II. viðauka: einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B+C eða B+D eða B+F eða G eða H.

Með tilliti til losunar með útblæstri:

að því er varðar framleiðsluvörur sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr. skal framleiðandi vélarinnar eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahags-svæðisins nota EB-gerðarprófun (aðferðareining B), sem lýst er í VII. viðauka, ásamt gerðarsamræmi (aðferðareining C), sem um getur í VIII. viðauka, eða einhverja af eftirfarandi aðferðareiningum: B+D, eða B+E, eða B+F, eða G eða H.

Með tilliti til hávaðamengunar:

- a. að því er varðar framleiðsluvörur, sem um getur í i- og ii-lið c-liðar 1. mgr. 1. gr., skal bátasmiðurinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins nota:
- i. ef notaður er samhæfður staðall fyrir hávaðamælingu við prófanirnar: annaðhvort innri framleiðslustýringu ásamt prófunum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða einingarsannprófun (aðferðareining G), sem um getur í XI. viðauka, eða fulla gæðatryggingu (aðferðareining H), sem um getur í XII. viðauka,
 - ii. ef Froude-talan og aðferðin við að mæla hlutfall milli vélarafis og slagrymis er notuð við matið: annaðhvort innri framleiðslustýringu (aðferðareining A), sem um getur í V. viðauka, eða innri framleiðslustýringu ásamt prófunum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða einingarsannprófun (aðferðareining G), sem um getur í XI. viðauka, eða fulla gæðatryggingu (aðferðareining H), sem um getur í XII. viðauka,
 - iii. ef gögn um staðfestan viðmiðunarbát, sem tekin eru upp í samræmi við i-lið, eru notuð við matið: annaðhvort innri framleiðslustýringu (aðferðareining A), sem um getur í V. viðauka, eða innri framleiðslustýringu ásamt viðbótarkröfum (aðferðareining Aa), sem um getur í VI. viðauka, eða einingarsannprófun (aðferðareining G), sem um getur í XI. viðauka, eða fulla gæðatryggingu (aðferðareining H), sem um getur í XII. viðauka,
- b. að því er varðar framleiðsluvörur, sem um getur í iii- og iv-lið c-liðar 1. mgr. 1. gr., skal framleiðandi einmenningsfars á sjó eða vélar eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins nota: innri framleiðslustýringu ásamt viðbótarkröfum, sem um getur í VI. viðauka (aðferðareining Aa), eða aðferðareiningu G eða H.]

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1045/2005.

8. gr.

Tilkynntir aðilar.

[Samgönguráðuneytið tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis um þá aðila sem þau hafa tilnefnt til að inna verkefni af hendi sem lúta að reglum um samræmismatið sem um getur í 7. gr., ásamt sérverkefnum sem þessar aðilar hafa verið tilnefndir til að inna af hendi og kenninúmerin sem framkvæmdastjórn ESB hefur úthlutað þeim fyrirfram.]¹⁾

Samgönguráðuneytið notar viðmiðanir þær sem mælt er fyrir um í XIV. viðauka til að meta hvaða aðila eigi að tilnefna. Litið skal svo á að aðilar sem uppfylla matsviðmiðanirnar sem ákveðnar eru með samhæfðum stöðlum uppfylli þessar viðmiðanir.

Samgönguráðuneytið dregur tilnefninguna til baka ef tilkynnti aðilinn telst ekki lengur uppfylla viðmiðanirnar sem um getur í XIV. viðauka.

1) Sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1045/2005.

9. gr.

CE-merki.

[Þegar eftirtaldar framleiðsluvörur eru settar á markað skulu þær bera CE-samræmismerkið:

- a. skemmtibátar, einmenningsför á sjó og íhlutar, sem um getur í II. viðauka, og sem álitid er að samræmist grunnkröfunum sem settar eru fram í I. viðauka,

- b. utanborðsvélar sem álitíð er að samræmist grunnkröfunum sem settar eru fram í B- og C-hluta I. viðauka,
- c. skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi sem álitíð er að samræmist grunnkröfunum sem settar eru fram í B- og C-hluta I. viðauka.

CE-samræmismerkið, eins og það er sýnt í IV. viðauka, skal fest á skemmtibáta og einmenningsför á sjó, eins og tilgreint er í lið 2.2 í A-hluta I. viðauka, á íhluta þeirra, eins og tilgreint er í II. viðauka, og/eða á umbúðir þeirra og á utanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi, eins og tilgreint er í lið 1.1 í B-hluta I. viðauka, á greinilegan, læsilegan og óafmáanlegan hátt. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer Siglingastofnunar Íslands.

CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnts aðila sem er ábyrgur fyrir því að reglum í IX., X., XI., XII. og XVI. viðauka sé komið í framkvæmd.

Bannað er að festa á skemmtibáta merki eða áletranir sem geta valdið því að þriðju aðilar fái villandi upplýsingar um þýðingu og útfærslu CE-merkisins. Heimilt er að festa öll önnur merki á framleiðsluvörur, sem falla undir þessa tilskipun, og/eða á umbúðir þeirra, að því tilskildu að það geri CE-merkið ekki ógreinilegra eða ólæsilegra.]¹⁾

Ef Siglingastofnun Íslands telur að CE-merki hafi verið fest á rangan hátt, er framleiðandinn eða fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skyldugur að ráða bót á merkingunni.

Ef ekki er farið eftir ábendingum um ranga merkingu, skal Siglingastofnun Íslands gera viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu vörunnar sem í hlut á eða til að tryggja að hún verði afturkölluð af markaðinum, í samræmi við 6. gr.

1) Sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 1045/2005.

10. gr.

Rökstuðningur ákvarðana.

Allar ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli reglugerðar þessarar og hafa í för með sér takmarkanir á markaðssetningu eða heimild til að nota skemmtibáta og/eða búnað þeirra skulu rökstuddar. Hlutaðeigandi aðila skal tilkynnt án tafar um slíka ákvörðun og honum um leið kynn timer lagaúrræði sem hann getur nýtt sér og um þann frest sem hann hefur til þess.

[11. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 29. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum.]²⁾¹⁾

1) Sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 708/2000.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 ásamt síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

[Bráðabirgðaákvæði.

Svo fremi sem framleiðsluvörur séu í samræmi við gildandi reglur þegar þessi reglugerð er sett, má setja þær á markað og/eða taka þær í notkun, sem hér segir:

- a. til og með 31. desember 2005 ef framleiðsluvörurnar falla undir a-lið 1. mgr. 1. gr.,
- b. til og með 31. desember 2005 ef um er að ræða þjöppukveikju og fjörgengisvélar með neistakveikju og
- c. til og með 31. desember 2006 ef um er að ræða tvígengisvél með neistakveikju.]¹⁾

1) Sbr.8. gr. reglugerðar nr. 1047/2005.

Viðaukar I (sbr. 9. gr. rgr. nr. [1045/2005](#)) til XV eru ekki birtir hér.

[Reglugerð

nr. 294/1997, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til aðila búsettra erlendis]¹⁾, sbr. reglugerðir nr.689/1997, 248/1999, 375/2000, 560/2000, 423/2002, 559/2002, 85/2007 og 1115/2007 um breyting á henni.

1) Sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 689/1997.

1. gr.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt til [aðila búsettra erlendis]¹⁾ af varningi sem þeir hafa fest kaup á hér á landi að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar. Endurgreiða skal að lágmarki þá fjárhæð sem tilgreind er á töflu sem er að finna á fylgiskjali við reglugerð þessa.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 689/1997.

2. gr.

[Skilyrði endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari er að kaupandi vörunnar sé með lögheimili utan Íslands samkvæmt skráningu í Þjóðskrá.]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [1115/2007](#).

3. gr.

Það er skilyrði endurgreiðslu að kaupandi vörunnar hafi hana með sér af landi brott innan [þriggja mánaða.]¹⁾ frá því að kaup gerðust og framvísi henni ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum, sbr. 4. gr., við endurgreiðslufyrirtæki eða eftir atvikum tollyfirvöld við brottför.

Til þess að endurgreiðsla fáið verður að uppfylla öll eftirtalinna skilyrða:

- a. Kaupandi hafi vöruna á brott með sér úr landi innan [þriggja mánaða]¹⁾ frá því að kaupin voru gerð.
- b. Kaupverð vörunnar nemi minnst 4.000 kr.
- c. Vörunni sé framvísað ásamt tilskildum gögnum við brottför, sbr. 4. og 6. gr.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt af vörum á einum og sama vöruerikningi sé kaupverð þeirra samtals 4.000 kr. eða meira ásamt virðisaukaskatti, þó einn eða fleiri munir nái ekki tilskilinni lágmarksfjárhæð.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 248/1999.

4. gr.

Við sölu skal fylla út endurgreiðsluávísun þar sem fram komi eftirtaldir upplýsingar:

- a. Nafn og heimilisfang seljanda.
- b. Dagsetning er kaup gerast.
- c. Vörutegund og magn.
- d. Verð vörunnar með virðisaukaskatti.
- e. Fjárhæð sem óskast endurgreidd.
- f. [Nafn og heimilisfang kaupanda. Ef kaupandi er búsettur utan Norðurlandanna skal einnig tilgreina vegabréfsnúmer.]¹⁾

Seljandi skal fylla út liði a-e en kaupandi lið f. Frumrit ávísunarinnar þannig útfylltrar skal afhenda kaupanda.[Seljandi skal festa greiðslukvittun sjóðsvélar við frumrit ávísunarinnar.]¹⁾

Endurgreiðsluávísanir vegna sölu á vörum sem bera [7%]²⁾ virðisaukaskatt skulu aðkenndar með áberandi hætti.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 689/1997. 2) sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 85/2007.

5. gr.

Aðilar sem til þess hafa hlotið leyfi fjármálaráðuneytisins, annast endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

Við brottför úr landi um alþjóðaflugvöllinn á Keflavíkurflugvelli skal kaupandi framvísa varningi [...] ¹⁾ ásamt endurgreiðsluávísun til endurgreiðsluaðila, er leysir hana til sín, enda séu skilyrði reglugerðar þessarar að öðru leyti uppfyllt. [Endurgreiðsluaðila er óheimilt að leysa ávísun til sín nema kaupandi sanni með fullnægjandi hætti að hann hafi fasta búsetu erlendis, sbr. 2. gr.]²⁾ Ef fjárhæð endurgreiðslu nemur hærri fjárhæð en 5.000 kr. skulu tollyfirvöld hafa staðfest útflutning vöru með áritun á ávísunina. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu jafnframt gilda við brottför ferðamanna frá öðrum stöðum, ef aðili sem hlotið hefur heimild skv. 1. mgr. annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti við brottför.

Við brottför annars staðar frá landinu skal varningi [...] ¹⁾ framvísað við tollgæsluna sem ganga skal úr skugga um að skilyrði fyrir endurgreiðslu séu fyrir hendi. Séu öll skilyrði uppfyllt skal tollgæslan staðfesta það með áritun sinni á ávísunina. Kaupandi skal innan þriggja mánaða frá staðfestingu tollyfirvalda afhenda eða senda ávísunina til endurgreiðsluaðila, sem leysir hana til sín.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 423/2002. 2) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 689/1997.

6. gr.

[Endurgreiðsluaðili skal fyrir 20. hvers mánaðar skila skattstjóranum í því umdæmi er endurgreiðsluaðili hefur lögheimili uppgjörsskýrslu á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, vegna endurgreiðslna á tímabilinu frá 1. til 15. þess mánaðar. Jafnframt skal hann fyrir 5. dag næsta mánaðar senda skattstjóranum uppgjörsskýrslu vegna endurgreiðslna á tímabilinu frá 16. til loka mánaðar. Fallist skattstjóri á uppgjörsskýrslu skal endurgreiðsluaðili fá endurgreidda heildarfjárhæð þess virðisaukaskatts sem aðilar búsettir erlendis hafa greitt af keyptri vöru samkvæmt uppgjörsskýrslu.]¹⁾

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal innheimtumaður annast greiðsluna innan tíu daga frá lokum skilafrests skv. 1. mgr. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan tíu daga frá því að skattstjóri samþykkti greiðslu. Geti skattstjóri, af ástæðum

er varða endurgreiðsluaðila, ekki gert nauðsynlegar athuganir á uppgjörsskýrslu eða gögnum sem skýrslugjöf byggist á, framlengist greiðslufrestur ríkissjóðs þar til úr þeim annmörkum hefur verið bætt.

[Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi skattstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 560/2000. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 559/2002.

7. gr.

Komi í ljós að greiðsla til endurgreiðsluáðila hafi verið of há skal skattstjóri þegar tilkynna viðkomandi innheimtumanni og endurgreiðsluáðila þar um. Endurgreiðsluáðila ber að endurgreiða innheimtumanni það sem ofgreitt er eigi síðar en sjö dögum eftir dagsetningu tilkynningar skattstjóra. Um dráttarvexti vegna of hárrar greiðslu fer eftir vaxtalögum nr. 25/1987.

8. gr.

Endurgreiðsluáðila ber að varðveita endurgreiðsluávisanir, uppgjör og önnur gögn er varða endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt reglugerð þessari í sjö ár frá lokum viðkomandi árs.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 500/1989, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, með síðari breytingum.

Fylgiskjal:

A. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum sem bera 24,5% virðisaukaskatt.

Sölufjárhæð	Endurgreiðsla	Endurgreiðsla	Sölufjárhæð
4.001-4.500	550	13.001-13.500	1.900
4.501-5.000	650	13.501-14.000	1.950
5.001-5.500	750	14.001-14.500	2.000
5.501-6.000	800	14.501-15.000	2.100
6.001-6.500	900	15.001-15.500	2.200
6.501-7.000	950	15.501-16.000	2.250
7.001-7.500	1.000	16.001-16.500	2.300
7.501-8.000	1.050	16.501-17.000	2.400
8.001-8.500	1.100	17.001-17.500	2.450
8.501-9.000	1.200	17.501-18.000	2.500
9.001-9.500	1.300	18.001-18.500	2.550
9.501-10.000	1.400	18.501-19.000	2.600
10.001-10.500	1.500	19.001-19.500	2.700
10.501-11.000	1.550	19.501-20.000	2.800
11.001-11.500	1.600	20.001-20.500	2.900
11.501-12.000	1.650	20.501-21.000	3.000
12.001-12.500	1.750	21.001-21.500	3.050
12.501-13.000	1.850	21.501-22.000	3.100

22.001-22.500	3.150	31.001-31.500	4.500
22.501-23.000	3.200	31.501-32.000	4.600
23.001-23.500	3.250	32.001-32.500	4.700
23.501-24.000	3.300	32.501-33.000	4.750
24.001-24.500	3.350	33.001-33.500	4.800
24.501-25.000	3.400	33.501-34.000	4.850
25.001-25.500	3.450	34.001-34.500	4.900
25.501-26.000	3.500	34.501-35.000	5.000
26.001-26.500	3.550	35.001-35.500	5.100
26.501-27.000	3.600	35.501-36.000	5.200
27.001-27.500	3.700	36.001-36.500	5.300
27.501-28.000	3.800	36.501-37.000	5.400
28.001-28.500	3.900	37.001-37.500	5.500
28.501-29.000	4.000	37.501-38.000	5.600
29.001-29.500	4.100	38.001-38.500	5.700
29.501-30.000	4.200	38.501-39.000	5.800
30.001-30.500	4.300	39.001-39.500	5.900
30.501-31.000	4.400	39.501-40.000	6.000

Ef sölufjárhæð fer yfir 40.000 kr. skal endurgreiða 15% af sölufjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í hundruðum króna.

[B. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum sem bera 7% virðisaukaskatt.

Sölufjárhæð, kr.	Endurgreiðsla kr.	Sölufjárhæð, kr.	Endurgreiðsla kr.
4.000-6.000	200	22.001-24.000	950
6.001-8.000	300	24.001-26.000	1.000
8.001-10.000	350	26.001-28.000	1.100
10.001-12.000	450	28.001-30.000	1.200
12.001-14.000	500	30.001-32.000	1.250
14.001-16.000	600	32.001-34.000	1.350
16.001-18.000	700	34.001-36.000	1.400
18.001-20.000	750	36.001-38.000	1.500
20.001-22.000	850	38.001-40.000	1.600

Ef sölufjárhæð fer yfir 40.000 kr. skal endurgreiða 4% af sölufjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í hundruðum króna.]¹⁾

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 85/2007.

[C. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti, í þeim tilvikum er keyptar eru vörur í báðum þrepum virðisaukaskatts í sömu verslun. Endurgreiða skal samkvæmt töflunni ef heildarsölufjárhæð vara er a.m.k. 4.000 kr. en sölufjárhæð vara í öðru hvoru þrepi virðisaukaskatts er lægri en 4.000 kr. Skal þá endurgreiða virðisaukaskatt samkvæmt töflunni vegna sölu í því skattþrepi þar sem sölufjárhæð nær ekki 4.000 kr.]¹⁾

[Sölufjárhæðir í viðkomandi þrepi, kr.	Endurgreiðsla á 7% virðisaukaskatti, kr.	Endurgreiðsla á 24,5% virðisaukaskatti, kr.
--	--	---

1.001-2.000	75	250
2.001-3.000	100	350
3.001-3.999	125	450] ²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 375/2000. 2) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 85/2007.

Reglugerð

nr. 724/1997, um bráðabirgðatollafgreiðslur.

I. KAFLI

Bráðabirgðatollafgreiðsla tollstjóra.

1. gr.

Geti innflytjandi eða útflytjandi vöru eigi lagt fram gögn þau sem áskilin eru í 18.-20. gr., sbr. 121. gr., tollalaga nr. 55/1987, eða gögnum er svo áfátt að fullnaðartollafgreiðsla getur eigi þegar farið fram, er tollstjóra heimilt að taka við greiðslu til bráðabirgða að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

1. Upplýsingar séu veittar um sendingarnúmer eða þann hluta sendingarnúmers sem kunnur er. Sé um vörusendingu í flugi að ræða skal jafnframt veita upplýsingar um númer flugfarmbréfs.
2. Verðmæti sé tilgreint á sölureikningi, en annars í símskeyti, fjarriti (telex), myndriti (telefax) eða það upplýst á annan fullnægjandi hátt.
3. Vörutegund og vörumagn sé tilgreint.
4. Fyrir liggja heimildir þeirra stjórnvalda sem samþykkja þurfa inn- eða útflutning tiltekinna vörutegunda (t.d. lifandi dýra, lyfja o.fl.).

2. gr.

Greiðsla samkvæmt 1. gr. skal vera útreiknuð aðflutnings- eða útflutningsgjöld af viðkomandi vörusendingu að viðbættum 25%, þó aldrei lægri fjárhæð en 7.500 kr.

Tollstjóri ákveður frest til að ljúka fullnaðartollafgreiðslu og skal hann að jafnaði eigi vera lengri en 20 dagar frá komu- eða brottfarardegi flutningsfars til eða frá landinu. Heimilt er að framlengja frestinn eftir beiðni inn- eða útflytjanda ef sérstaklega stendur á. Að fresti liðnum er tollstjóra rétt að taka fjártrygginguna til lúkningar á gjöldum og er það fullnaðartollafgreiðsla.

II. KAFLI

Afhending farmflytjanda í neyðartilvikum.

3. gr.

Nú verður afgreiðslu samkvæmt I. kafla ekki við komið og er farmflytjanda þá heimilt að afhenda eða flytja úr landi vöru þegar brýnir hagsmunir eru í húfi og afhending hennar til nota innanlands eða til flutnings úr landi þolir ekki bið vegna ástands eða eðlis vörunnar, enda liggja fyrir upplýsingar og, eftir atvikum, leyfi sem áskilið er í 1. gr. Heimild þessi getur m.a. tekið til lyfja og lækningatækja vegna ákveðinna tilgreindra nota, lifandi blóma og dýra, fersks fisks og grænmetis, hráefnis til iðnaðarframleiðslu, vélavarahluta í atvinnutæki svo og hliðstæðra sendinga en hins vegar ekki til almennrar verslunarvöru.

4. gr.

Ríkistollstjóri ákveður gerð eyðublaðs fyrir beiðni um afhendingu neyðarsendinga. Skulu ákvæði tollalaga um aðflutnings- eða útflutningsskýrslu gilda um eyðublað þetta eftir því sem við getur átt.

Á eyðublaðinu skulu tilgreindar helstu upplýsingar um vöru þá sem óskað er afhendingar á, skuldbindingar inn- og útflytjanda og farmflytjanda um greiðslu gjalda af vörunni svo og samþykki tollstarfsmanns fyrir neyðarafgreiðslu samkvæmt reglum þessum.

5. gr.

Við afhendingu vöru skal farmflytjandi taka fjártryggingu að eigin mati til tryggingar greiðslu hins erlenda kaupverðs, ríkissjóðsgjalda og kostnaðar. Er hann ábyrgur gagnvart hinum erlenda eiganda og ríkissjóði, standi innflytjandi eða útflytjandi ekki sjálfur í skilum, sbr. 6. gr.

6. gr.

Fullnaðartollafgreiðsla vöru skal fara fram innan 20 daga frá afhendingu eða útflutnings hennar. Að þeim tíma loknum falla ríkissjóðsgjöld í eindaga og skal reikna dráttarvexti af þeim fram að greiðsludegi. Hafi skil eigi verið gerð innan 30 daga frá afhendingu vöru er tollstjóra heimilt að krefja farmflytjanda um öll áfallin gjöld, auk dráttarvaxta. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Við tollafgreiðslu vöru skal innflytjandi eða útflytjandi leggja fram eintak af eyðublaði samkvæmt 4. gr. og fá áritun tollstjóra á það um að fullnaðartollafgreiðsla hafi farið fram.

7. gr.

Tollstarfsmaður skal ekki samþykkja neyðarafgreiðslu samkvæmt reglum þessum, sbr. 2. mgr. 4. gr., nema hann telji að skilyrði reglnanna séu fyrir hendi.

III.KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna bráðabirgðatollafgreiðslu svo og vegna vinnu tollstarfsmanna við nauðsynlegt tolleftirlit og tollskoðun vegna tollmeðferðar vöru fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 107/1997, um greiðslu kostnaðar vegna tollafgreiðslu utan almenns afgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna og vegna sérstakrar tollmeðferðar vöru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 21. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1998. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 64/1991, um bráðabirgðatollafgreiðslur.

Reglugerð

nr. 212/1998, um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota, sbr. reglugerð nr. 230/2001 um breytingu á henni.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Einstaklingum er heimilt að flytja inn til landsins lyf til eigin nota með þeim takmörkunum sem reglugerð þessi kveður á um.

2. gr.

Einstaklingar geta flutt inn lyf til eigin nota, að því tilskyldu að um sé að ræða lyf sem aflað hefur verið með lögmætum hætti til notkunar fyrir menn.

Einstaklingur skal geta framvísað vottorði læknis, lyfseðli eða annarri skriflegri yfirlýsingu ásamt fyrirmælum um notkun, er færi fullnægjandi sönnur á að lyfjanna hafi verið aflað með lögmætum hætti og að lyfin séu honum nauðsynleg í því magni sem tilgreint er.

Innflutningur lyfja frá ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. gr.

Einstaklingur má hafa með sér til landsins eða flytja með pósti, frá ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, lyf til eigin nota í magni sem svarar til mest 100 daga notkunar.

Innflutningur lyfja frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

4. gr.

Einstaklingur má hafa með sér til landsins, frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, lyf til eigin nota í magni sem svarar til mest 100 daga notkunar.

Óheimilt er að flytja inn lyf með pósti frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Takmarkanir.

5. gr.

[Þegar um er að ræða lyf, sem falla undir ákvæði laga og reglugerða um ávana- og fíkniefni og talin eru á listum N-I, N-II, N-III og N-IV í alþjóðasamningi um ávana- og fíknilyf (Convention on Narcotic Drugs 1961) og á listum P-I, P-II og P-III í alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni (Convention on Psychotropic Substances 1971), sem Ísland er aðili að, gildir eftirfarandi um innflutning þeirra.

Einstaklingum, með búsetu í landi sem er aðili að Schengen-samningnum, er heimilt að flytja með sér lyf, sbr. 1. mgr., til eigin nota og ávísað hefur verið á lögmætan hátt til allt að 30 daga notkunar, skv. ákvæði 75. gr. Schengen-samningsins, sbr. einnig ákvæði gildandi reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.

Sama gildir um einstaklinga með búsetu utan Schengen, nema þeim er einungis heimilt að flytja með sér lyf til 14 daga notkunar.

Óheimilt er að flytja inn með pósti lyf samkvæmt þessum ákvæðum.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [230/2001](#).

6. gr.

Óheimilt er að flytja inn í eigin farangri eða á annan hátt lyf af flokki vefaukandi stera (anabolica) og hliðstæðra efna samkvæmt c.-lið í skrá Alþjóðaólympíunefndarinnar, eða hormón heiladinguls og undirstúku (pituitary og hypothalamic), þ.e. vaxtarhormón og hliðstæð efni samkvæmt f.-lið í skrá Alþjóðaólympíunefndarinnar yfir lyf sem bönnuð eru í íþróttum, umfram það magn sem einstaklingur þarf til mest 30 daga notkunar.

Tollayfirvöld geta krafist þess að einstaklingur sem hefur í fórum sínum lyf samkvæmt 1. mgr. færi fullnægjandi sönnur á, að lyfin séu honum nauðsynleg í því magni sem tilgreint er t.d. með vottorði læknis.

Refsiákvæði.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995, enda sé ekki kveðið á um þyngrri refsingu í öðrum lögum.

Lagagrundvöllur og gildistaka

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði reglugerðarinnar byggja á tilskipun Evrópubandalagsins nr. 92/26/EEC, þar sem einstaklingum er veittur réttur til að taka með sér eða fá sent hæfilegt magn lyfja er aflað hefur verið á löglegan hátt til eigin nota frá öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Reglugerð

**nr. 230/1998, um tiltekin efni sem stuðla að auknum
gróðurhúsaáhrifum, sbr. reglugerð nr. 888/2002 um breytingu á
henni..**

1. gr.

Markmið

Markmið reglugerðarinnar er að takmarka notkun tiltekinna efna sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum.

2. gr.

Gildissvið og skilgreiningar

Reglugerðin gildir um eftirtalin efni, hrein eða í blöndu með öðrum efnum, enda sé þyngdarhlutfall þeirra í blöndunni hærra en 1%:

1. Vetnisflúorkolefni (HFC), kolefnissambönd sem innihalda flúor og vetni.
2. Flúorkolefni (FC), kolefnissambönd sem innihalda einungis flúor og kolefni.
3. Hexaflúorbrennisteinn SF₆.

Sjá nánar um líftíma og upphitunarstuðla fyrir SF₆, nokkurra HFC og FC í viðauka 1.

3. gr.

Framleiðsla, innflutningur og sala

Óheimilt er að framleiða, flytja inn og selja efni sem talin er upp í 2. gr. svo og vörur sem innihalda slík efni, sjá þó 4. og 9. gr.

4. gr.

Undantekningar

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er innflutningur og sala á efnum tilgreindum í 2. gr og vörum sem innihalda sömu efni heimil til neðangreindrar notkunar:

1. Vetnisflúorkolefni (HFC)
 - a) Til notkunar í kæli- og varmadælukerfi.
 - b) Í lyfjum sem drifefni.
 - [c) sem drifefni í vörum sem falla undir reglugerð um takmörkun á markaðssetningu lampaolíu, skrautmuna, leikfanga og spaug- eða gabbvarnings með tilteknum efnum.]¹⁾
2. SF₆ í rofum og rafbúnaði þar sem aðrar lofttegundir eru ónothæfar.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 888/2002.

5. gr.

Skráning á innflutningi og sölu - Innra eftirlit

Innflytjendur og söluaðilar HFC og SF₆ bera ábyrgð á því að ákvæði reglugerðarinnar séu uppfyllt. Þeir skulu halda skrá yfir allan innflutning og sölu HFC og SF₆, svo og á vörum sem innihalda þessi efni, sbr. 4. gr. Innflytjendur og söluaðilar skulu senda upplýsingar um innflutning og sölu til Hollustuverndar ríkisins fyrir 1. mars ár hvert.

Hið sama gildir um innflutning og sölu efna eða vara sem veitt hefur verið undanþága fyrir samkvæmt 9. gr.

6. gr.

Losun

Óheimilt er að losa efni sem tilgreind eru í 2. gr. út í umhverfið. Hver sá sem hefur með höndum ofangreind efni eða búnað sem inniheldur slík efni, skal viðhafa allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir losun þeirra út í umhverfið.

7. gr.

Endurvinnsla og förgun

Efni tilgreind í 2. gr. skal endurnýta eða endurvinna ef kostur er. Við förgun skal meðhöndla þau sem spilliefni, sbr. ákvæði gildandi mengunarvarnareglugerðar.

8. gr.

Eftirlit

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

9. gr.

Undanþágur

Ef sérstakar aðstæður mæla með getur umhverfisráðherra veitt tímabundnar undanþágur frá ákvæði 3. gr. þessarar reglugerðar að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins.

Í umsókn um undanþágur fyrir innflutningi og sölu, á efnnum sem tilgreind eru í 2. gr og vörum sem innihalda þau, skal gerð grein fyrir notkun efnisins eða vörunnar og hvers vegna ekki sé hægt að nota önnur efni minna skaðleg umhverfinu.

10. gr.

Viðurlög

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eitur-efni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerð þessi hefur verið tilkynnt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 534/1995, um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um tilhögun upplýsingaskipta vegna setningar tæknilegra staðla og reglugerða, sbr. 1. tölul. XIX. kafla II viðauka EES-samningsins, sbr. tilskipun ráðsins frá 28. mars 1983 nr. 83/189/EEB, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar við birtingu.

Viðauki 1

Upphitunarstuðlar hexaflúorbrennisteins auk nokkurra vetnisflúorkolefna (HFC) og flúorkolefna (FC), með hliðsjón af upphitunarstuðli fyrir koldíoxíð (CO₂).^{a)}

		Efni	Líftími Ár	Upphitunarstuðull		
				20 ára	100 ára	500 ára
H	CHF ₃	HFC-23	264	9100	11700	9800
F						
C						
	CH ₂ F ₂	HFC-32	5.6	2100	650	200
	CH ₃ F	HFC-41	3.7	490	150	45
	C ₄ H ₂ F ₁₀	HFC-43-10- mee	17.1	3000	1300	400
	C ₂ HF ₅	HFC-125	32.6	4600	2800	920
	CHF ₂ CHF ₂	HFC-134	10.6	2900	1000	310
	CH ₂ FCF ₃	HFC-134a	14.6	3400	1300	420
	C ₂ H ₄ F ₂	HFC-152a	1.5	460	140	42
	CHF ₂ CH ₂ F	HFC-143	3.8	1000	300	94
	CF ₃ CH ₃	HFC-143a	48.3	5000	3800	1400
	C ₃ HF ₇	HFC-227ea	36.5	4300	2900	950
	C ₃ H ₂ F ₆	HFC-236fa	209	5100	6300	4700
	C ₃ H ₃ F ₅	HFC-245ca	6.6	1800	560	170
F	CF ₄	CF-14	50000	4400	6500	10000
C						
	C ₂ F ₆	CF-116	10000	6200	9200	14000
	C ₃ F ₈		2600	4800	7000	10100
	C ₄ F ₁₀		2600	4800	7000	10100
	c-C ₄ F ₈		3200	6000	8700	12700
	C ₅ F ₁₂		4100	5100	7500	11000
	C ₆ F ₁₄		3200	4500	6800	9900
SF			3200	16300	23900	34900

a) Stuðst er við upphitunarstuðla úr skýrslunni Climate Change 1995 - The Science of Climate Change, Technical Summary of the Working Group I Report.

Reglugerð

nr. 359/1998, um bifreiðagjald, sbr. reglugerð nr. 811/1998 um breytingu á henni.

1. gr.

Greiða skal til ríkissjóðs bifreiðagjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi eins og nánar er kveðið á í reglugerð þessari.

Með gjaldskyldri bifreið er átt við vélknúíð ökutæki sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- Vélknúíð ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.

- b. Vélknúíð ökutæki sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund.
- c. Vélknúíð ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflytninga eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg. að eigin þyngd eða meira.
- d. Fjór hjól er fellur í vörulið 8703 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Bifreiðagjald skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga. Hafi orðið eigendaskipti að bifreið án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

3. gr.

[Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,00 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 8,10 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.000 kr. og ekki hærra en 36.200 kr. á hverju gjaldtímabili.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 811/1998.

4. gr.

Gjalddagar bifreiðagjalds eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember. Eindagar bifreiðagjalds eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.

Sé bifreiðagjald ekki greitt í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga.

Gjald vegna nýskráðra bifreiða skal greiðast í hlutfalli við skráningartíma þeirra á gjaldtímabilinu og telst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis. Gjaldið reiknast fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt. Bifreiðagjald skal þó aldrei vera lægra en 523 kr. Gjald vegna nýskráðra bifreiða fellur í eindaga við skráningu.

Ef bifreiðir sem hafa verið undanþegnar bifreiðagjaldi samkvæmt d-lið 5. gr. eru settar á skráningarmerki að nýju, skal greiða bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu þegar skráningarmerki eru sett á bifreiðina og telst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis. Gjaldið reiknast fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt. Bifreiðagjald skal þó aldrei vera lægra en 1.141 kr. Gjald vegna skráðra bifreiða sem sett eru á skráningarmerki að nýju fellur í eindaga við afhendingu skráningarmerkis.

Við afskráningu bifreiða skal endurgreiða eða fella niður bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af því gjaldtímabili sem er að líða þegar afskráning fer fram.

Endurgreiðslu bifreiðagjalds vegna afskráningar eða innlagnar skráningarmerkja annast innheimtumaður ríkissjóðs í viðkomandi umdæmi, í Reykjavík tollstjóri.

Eigi skal endurgreiða gjald af bifreið sem greitt hefur verið af þótt eigendaskipti verði.

5. gr.

Eftirtaldar bifreiðir skulu undanþegnar bifreiðagjaldi:

- a. Bifreiðir í eigu þeirra sem njóta örorkustyrks, örorkubóta, bensínstyrks eða umönnunarbóta og -greiðslna vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt eiga þeir öryrkjar sem notið hafa niðurfellingar skv. 1. málsl. rétt á niðurfellingu ef þeir hafa öðlast rétt til ellilífeyrisgreiðslna eða dveljast á stofnun, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds vegna þeirra sem njóta örorkustyrks, örorkubóta eða bensínstyrks er bundinn því skilyrði að bóta- eða styrkhafi sé annað hvort skráður eigandi í ökutækjaskrá eða skráður umráðamaður í ökutækjaskrá samkvæmt eignarleigusamningi. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds af bifreiðum í eigu þeirra sem fá greiddar umönnunarbætur eða -greiðslur vegna örorku barna nær til einnar bifreiðar og er bundinn því skilyrði að skráður eigandi bifreiðar samkvæmt ökutækjaskrá fari með forsjá barnsins. Óheimilt er að fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem eru yfir 3.500 kg að eigin þyngd og nýttar eru í atvinnurekstri. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngst.
- b. Bifreiðir í eigu björgunarsveita.
- c. Bifreiðir sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs talið frá og með árgerðarári þeirra.
- d. [Bifreiðar þegar skráningarmerki hafa verið afhent skráningaraðila til varðveislu í minnst 15 daga samfelld. Undanþága þessi miðast við dagsetningu innlagnar skráningarmerkja. Jafnframt er innheimtumönnum ríkissjóðs heimilt að fella niður bifreiðagjald af ónýtum bifreiðum sem sannanlega hafa ekki verið í notkun á gjaldtímabilinu.]¹⁾

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 811/1998.

6. gr.

Við árlega aðalskoðun bifreiðar skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið bifreiðagjald. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni. Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið bifreiðagjald fyrr en eftir eindaga.

Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.

Óheimilt er að afhenda skráningarmerki sem afhent hafa verið til skráningaraðila til varðveislu nema greitt hafi verið bifreiðagjald fyrir þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu.

Ef bifreiðagjald er ekki greitt fyrir eindaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu innheimtumanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki og afhenda skráningaraðila til geymslu.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að bifreið nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt.

7. gr.

Innheimtumaður ríkissjóðs annast álagningu, niðurfellingu, innheimtu og aðra framkvæmd bifreiðagjalds samkvæmt reglugerð þessari. Heimilt er að fela skoðunarstöðvum innheimtu bifreiðagjalds.

Ákvörðun innheimtumanns ríkissjóðs um bifreiðagjald er kæránleg til fjármálaráðuneytisins í samræmi við stjórnsýslulög nr. 37/1993.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald með síðari breytingum, og öðlast gildi þann 1. júlí 1998. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 381/1994, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Reglugerð

nr. 436/1998, um vörugjald, sbr. reglugerðir nr. 52/2000 og 84/2007 um breyting á henni.

I. KAFLI

Gjaldskyldar vörur og undanþágur

1. gr.

Gjaldskyldar vörur

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað innanlands.

Gjaldskyldan nær til vara, nýrra sem notaðra, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Við flokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987.

Skattstjórar og innlendir framleiðendur vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkun framleiðsluvöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. Skattstjóri og framleiðandi geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollfyrirvalda um tollflokkun er bindandi fyrir framleiðanda og skattyfirvöld.

2. gr.

Undanþágur

Vörur sem seldar eru úr landi eru ekki gjaldskyldar. Sala á gjaldskyldum vörum til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, og sala í tollfrjálsum verslunum, sbr. VIII. kafla tollalaga, telst sala úr landi í skilningi reglugerðar þessarar. Sala til einstakra varnarliðsmanna er hins vegar gjaldskyld samkvæmt almennum reglum.

Sala á hráefni eða efnivöru til handhafa vörugjaldsskírteina er undanþegin vörugjaldi samkvæmt ákvæðum V. kafla. Jafnframt vörusala til sérstaklega skráðra heildsala, sbr. 3. mgr. 9. gr.

Vörur sem um ræðir í 5. gr. tollalaga, eru ekki gjaldskyldar við tollafgreiðslu, enda sé gætt þeirra skilyrða sem að öðru leyti gilda um tollfrelsi þessara vara. Þeir sem um ræðir í 3. gr. tollalaga eru og undanþegnir gjaldskyldu við innflutning, enda fullnægi þeir settum skilyrðum um tollfrjálsan innflutning. Um innflutning sérstaklega skráðra heildsala fer eftir 3. mgr. 9. gr.

II. KAFLI

Gjaldflokkar og gjaldstofn

3. gr.

Gjaldflokkar og gjaldstofn magngjalds

Af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer í A lið viðauka I við lög um vörugjald skal greiða vörugjald fyrir hvert kílógramm vörunnar án umbúða, eftir því sem tilgreint er í viðaukanum. [...]¹)

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 84/2007.

4. gr.

Gjaldflokkar verðgjalds

Af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer í C lið viðauka I við lög um vörugjald skal greiða 15% vörugjald. Af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer í D lið viðaukans skal greiða 20% vörugjald. Af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer í E lið viðaukans skal greiða 25% vörugjald.

5. gr.

Gjaldstofn verðgjalds við innflutning

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C-E liðum í viðauka I við lög um vörugjald er tollverð þeirra eins og það er ákveðið í 8.-10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.

6. gr.

Gjaldstofn verðgjalds af innlendri framleiðsluvöru

Gjaldstofn vörugjalds af vörum sem framleiddar eru, unnið er að eða er pakkað innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C-E liðum í viðauka I við lög um vörugjald er verksmiðjuverð þeirra.

Verksmiðjuverð er söluverð vöru frá framleiðanda án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds.

Samsvari verksmiðjuverð ekki heildarandvirði vöru, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað verðmæti sem vörugjald hefur ekki þegar verið greitt af, skal heildarandvirði vörunnar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Ef framleiðandi er jafnframt heildsali eða smásali vöru eða ef verksmiðjuverð vöru liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum skal gjaldstofn vera almennt gangverð á sömu eða sams konar vöru við sölu frá framleiðendum. Ef slíkt almennt gangverð liggur ekki fyrir skal gjaldstofn vera verksmiðjuverð framleiðanda á sömu eða sams konar vöru í sambærilegum viðskiptum við óháða aðila.

Ef framleiðandi og kaupandi eru háðir hvor öðrum í skilningi 2. mgr. 8. gr. tollalaga er skattyfirvöldum heimilt að ákvarða gjaldstofn vörugjalds samkvæmt ákvæðum 4. mgr.

III. KAFLI

Gjaldskyldir aðilar og skráning

7. gr.

Gjaldskyldir aðilar

Skylða til að standa skil á vörugjaldi hvílir á þessum aðilum:

Innflytjendum, þ.e. öllum þeim sem flytja til landsins vörugjaldsskyldar vörur hvort sem er til eigin nota, framleiðslu eða endursölu.

Gjaldskyldum framleiðendum, þ.e. öllum þeim sem framleiða, vinna að eða pakka vörugjaldsskyldum vörum innanlands.

Sérstaklega skráðum heildsölum, þ.e. þeim sem flytja inn eða kaupa innanlands vörugjaldskyldar vörur til heildsölu og fengið hafa sérstaka skráningu hjá skattstjóra, sbr. 9. gr.

8. gr.

Tilkynningarskylda og skráning

Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 7. gr., að undanskildum þeim sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst, tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóranum í Reykjavík sem annast skráningu sjaldskyldra aðila.

Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað.

9. gr.

Sérstök skráning heildsala

Aðilar, sem flytja inn eða kaupa innanlands gjaldskyldar vörur til heildsölu, geta sótt um sérstaka skráningu til skattstjórans í Reykjavík. Slík skráning veitir aðilum heimild til að gera upp vörugjald miðað við breytingu á birgðastöðu á uppgjörstímabili.

Skilyrði skráningar skv. 1. mgr. eru:

1. Að aðili hafi heildsöluleyfi.
2. Að aðili haldi sérstakt birgðabókhalð yfir vörur, sem vegna skráningarinnar lúta sérreglum um uppgjör vörugjalds, í samræmi við reglur sem ríkisskattstjóri setur.

Sérstaklega skráðum heildsölum er heimilt að flytja gjaldskyldar vörur til landsins eða kaupa gjaldskyldar vörur innanlands af gjaldskyldum aðilum samkvæmt 2. og 3. tölul. 7. gr. án þess að með því stofnist skylda til greiðslu vörugjalds á þeim tímapunkti, enda framvísi þeir skírteini því til staðfestingar.

IV. KAFLI

Uppgjörstímabil , gjalddagar, álagning, álag o.fl.

10. gr.

Uppgjörstímabil og gjalddagar

Hvert uppgjörstímabil skráðra aðila, sbr. III. kafla, er tveir mánuðir; janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember.

Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

11. gr.

Álagning vörugjalds við innflutning

Tollstjóri skal annast álagningu vörugjalds við tollafgreiðslu á innfluttum vörum.

12. gr.

Álagning vörugjalds innanlands

Vörugjald innanlands, sbr. 2. og 3. tölul. 7. gr., reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Gjaldskyldir aðilar skv. 2. og 3. tölul. 7. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila vörugjaldsskýrslu vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Þeir sem selja gjaldskyldar vörur án vörugjalds skv. 1. og 2. mgr. 2. gr. skulu gera grein fyrir þeirri sölu á vörugjaldsskýrslu. Að öðru leyti skal vörugjaldsskýrsla vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Ríkisskattstjóri getur ákveðið að mismunandi vörugjaldsskýrslur verði fyrir gjaldskylda framleiðendur og sérstaklega skráða heildsala.

Skattstjóri ákvarðar vörugjald aðila samkvæmt þessari grein. Skattstjóri áttar vörugjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki vörugjaldsskýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri tilkynnir innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

13. gr.

Innheimta vörugjalds

Tollstjóri innheimtir vörugjald af innflutningi aðila sem flytja inn vörur til eigin nota við tollafgreiðslu.

Skráðir innflytjendur skv. 1. mgr. 8. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á tímabilinu í samræmi við álagningu samkvæmt 11. gr.

Gjaldskyldir framleiðendur skv. 2. tölul. 7. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu.

Sérstaklega skráðir heildsalar skv. 3. tölul. 7. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem þeir hafa keypt eða fengið tollafgreiddar á tímabilinu eða voru til staðar í birgðum í upphafi tímabilsins en eru ekki til staðar í birgðum við lok þess samkvæmt birgðabókhalda.

14. gr.

Álag og dráttarvextir

Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunarinnar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Vörugjald telst greitt á tilskildum tíma hafi greiðsla sannanlega verið pósthögð á gjalddaga.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er.

V. KAFLI

Vörugjaldsskírteini og endurgreiðslur

15. gr.

Skírteini framleiðenda sem nota vörugjaldsskilyt hráefni eða efnivöru

Framleiðendur vöru, sem nota í framleiðslu sína hráefni eða efnivöru sem ber vörugjald, geta fengið heimild hjá skattstjóranum í Reykjavík til að kaupa slíkt hráefni eða efnivöru án vörugjalds, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 2. gr.

Framleiðandi sem óskar eftir heimild skv. 1. mgr. skal sækja um hana til skattstjórans í Reykjavík í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Í umsókn skal m.a. tilgreina heiti og tollflokkun hráefnis eða efnivöru sem nýtt er til framleiðslunnar.

Telji skattstjórinn í Reykjavík að fullnægjandi upplýsingar séu fram komnar gefur hann út sérstakt skírteini til framleiðanda. Skírteinið heimilar viðkomandi framleiðanda að kaupa innanlands án vörugjalds hráefni eða efnivöru til nota í eigin framleiðslu. Skírteinið veitir framleiðanda jafnframt rétt til niðurfellingar eða endurgreiðslu vörugjalds af innflutningi á hráefni eða efnivöru til nota í eigin framleiðslu. Tilgreina skal í skírteinið til hvaða vöruhegunda það tekur.

Heimild til undanþágu og réttur til endurgreiðslu samkvæmt þessari grein nær einungis til hráefnis eða efnivöru sem verður hluti af hinni endanlegu framleiðsluvöru. Heimildin nær hins vegar hvorki til kaupa eða innflutnings á efnivörum til byggingar eða viðhalds á fasteignum né til nýsmíði eða viðgerðar á ökutækjum.

16. gr.

Niðurfelling eða endurgreiðsla vörugjalds af innfluttu hráefni eða efnivöru

Innflytjandi getur á gjalddaga hvers uppgjörstímabils fengið fellt niður eða endurgreitt vörugjald af vöru sem hann hefur flutt til landsins og vörugjald reiknaðist af við innflutning, hafi hann á uppgjörstímabilinu selt vöruna sem hráefni eða efnivöru til handhafa vörugjaldsskírteinis skv. 15. gr. Sama gildir um innflutning handhafa vörugjaldsskírteinis skv. 15. gr. á hráefni eða efnivöru til nota í eigin framleiðslu.

Skilyrði niðurfellingar eða endurgreiðslu samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. er að kaupandi framvísi vörugjaldsskírteini skv. 15. gr. við kaupin og innflytjandi skrái númer þess og gildistíma á sölureikninginn.

Sækja skal um niðurfellingu eða endurgreiðslu skv. 1. mgr. í sérstakri skýrslu til skattstjórans í Reykjavík, sem vera skal í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Í endurgreiðsluskýrslu skulu m.a. koma fram upplýsingar um sölu eða nýtingu þess hráefnis eða efnivöru sem endurgreiðslubeiðnin snertir, þar með talið heiti kaupenda, heiti vöru, heildarmagn hennar og fjárhæð vörugjalds sem óskað er endurgreiðslu á. Innflytjanda er heimilt að láta skattstjóra í té yfirlit yfir þá viðskiptavini sem kaupa af honum hráefni eða efnivöru án vörugjalds á grundvelli vörugjaldsskírteinis skv. 15. gr. og þarf hann þá ekki að tilgreina nöfn kaupenda á skýrslu hverju sinni. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga uppgjörstímabils.

Fallist skattstjórinn í Reykjavík á skýrsluna án frekari skýringa skal niðurfelling eða endurgreiðsla fara fram á gjalddaga. Sé endurgreiðsluskýrslu ekki skilað fyrr en að loknum tilgreindum tímafresti skal endurgreiðsla fara fram að að liðnum 15 dögum frá skilum hennar.

Flytji handhafi vörugjaldsskírteinis skv. 15. gr. inn hráefni eða efnivörur eingöngu til nota í eigin framleiðslu getur hann fengið sjálfkrafa niðurfellingu samkvæmt þessari grein, þ.e. án umsóknar skv. 3. mgr., enda óski hann þess við skattstjóran í Reykjavík.

Niðurfelling eða endurgreiðsla vörugjalds samkvæmt þessari grein er kæránleg skv. 23. gr. Kæru skal þó beint til skattstjórans í Reykjavík.

17. gr.

Skírteini heildsala

Fái heildsali sérstaka skráningu skv. 9. gr. gefur skattstjóri út viðeigandi skírteini honum til handa, sbr. 3. mgr. 9. gr.

18. gr.

Gildistími vörugjaldsskírteina o.fl.

Gildistími skírteina skv. 15. og 17. gr. skal [vera að hámarki 24 mánuðir í senn]¹⁾.

Noti skírteinishafi skv. 15. gr. vöru, sem hann hefur keypt gegn framvísun skírteinis, á annan hátt en til framleiðslu skal hann innheimta og standa skil á vörugjaldi af heildarandvirði vörunnar við afhendingu hennar til annars aðila eða við úttekt til eigin nota. Jafnframt getur skattstjóri þá afturkallað samþykki til sjálfkrafa endurgreiðslu skv. 5. mgr. 16. gr.

Brjótí sérstaklega skráður heildsali gegn reglum, sem ríkisskattstjóri setur, getur skattstjóri afturkallað skírteini skv. 17. gr. og eftir atvikum endurákvæðað vörugjald frá og með þeim tíma sem aðili telst hafa brotið gegn reglum.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 52/2000.

VI. KAFLI

Bókhald o.fl.

19. gr.

Vörugjald sem stofn til virðisaukaskatts

Vörugjald myndar stofn til virðisaukaskatts hvort sem vara er flutt inn eða keypt innanlands.

20. gr.

Bókhald

Gjaldskyldir aðilar, sbr. 7. gr., aðrir en þeir sem flytja inn gjaldskyldar vörur til eigin nota, skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um vörugjald.

Sala og önnur afhending gjaldskyldra aðila skv. 2. og 3. tölul. 7. gr. á gjaldskyldum vörum er gjaldskyld að því marki sem þeir geta ekki sýnt fram á með bókhaldi og gögnum þess að hún sé undanþegin. Vanræki aðili að leggja vörugjald á gjaldskylda vöru ber honum eigi að síður að standa skil á gjaldinu.

Í bókhaldi gjaldskyldra aðila skv. 2. og 3. tölul. 7. gr. skal færa sérstaka reikninga fyrir innkaup og sölu gjaldskyldrar vöru. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé á grundvelli þeirra hægt að reikna með beinum hætti fjárhæðir vörugjalds. Þeir sem selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda sölu gjaldskyldra vara greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu. Jafnframt skal aðgreina gjaldskylda sölu frá undanþeginni samkvæmt 1. og 2. mgr. 2. gr. Loks skal aðgreina sölu og innkaup gjaldsskyldrar starfsemi eftir gjaldtegund og gjaldflokkum, sbr. 3. og 4. gr. Auk framangreinds ber sérstaklega skráðum heildsölum að haga bókhaldi sínu eftir reglum, sem ríkisskattstjóri setur.

Ríkisskattstjóri getur sett nánari reglur um færslur bókhalds samkvæmt þessari grein.

21. gr.

Útgáfa sölureikninga

Gjaldskyldur aðili skv. 2. og 3. tölul. 7. gr. skal færa sölu og aðra afhendingu á sölureikning þannig að magn, tegund og heildarverð vöru ásamt fjárhæð vörugjalds komi fram.

Sé fallið frá innheimtu vörugjalds vegna undanþágu skv. 2. mgr. 2. gr., sbr. 15. eða 17. gr., skal tilgreina á sölureikningi númer og gildistíma vörugjaldsskráteinis sem kaupandi framvísar.

Til sönnunar á undanþágu vegna sölu úr landi skal seljandi varðveita útflutningsskýrslur eða sambærileg útflutningsgögn með viðkomandi sölureikningi. Til sönnunar á undanþágu vegna sölu til varnarliðsins skal varðveita pöntunarseðla eða önnur sambærileg gögn frá varnarliðinu með viðkomandi sölureikningi.

Þegar heildsali sem fengið hefur sérstaka skráningu skv. 9. gr. kaupir gjaldskyldar vörur án vörugjalds skal tilgreina á sölureikningi það magn eða það verð sem myndar gjaldstofn vörugjalds.

Seljendum vöru, sem ekki er vörugjaldsskyld, er óheimilt að tilgreina vörugjald á sölu-reikning. Geri þeir það, skulu þeir skila gjaldinu í ríkissjóð, nema leiðréttingu verði komið við gagnvart kaupanda vörunnar. Sama gildir um gjaldskylda aðila, sbr. 7. gr., sem tilgreina á reikningum sínum of hátt vörugjald eða vörugjald af viðskiptum sem ekki eru gjaldskyld. Til sönnunar á leiðréttingu skal gefa út kreditreikning til kaupanda.

VII. KAFLI

Kærum, málsmeðferð o.fl.

22. gr.

Kærum

Heimilt er að kæra ákvörðun vörugjalds innan 30 daga frá því gjaldið var ákveðið. Kæru-frestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um gjaldákvörðun. Við ákvörðun vörugjalds án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kæru-frestur þó frá gjalddaga uppgjörstímabilsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist ákvörðun gjaldsins. Varði kæra eingöngu skráningu aðila skv. 8. eða 9. gr. skal kæru þó beint til skattstjórans í Reykjavík. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi vörugjaldsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 3. mgr. 12. gr. Tollstjóri eða skattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kæru-frests.

Gjaldskyldur aðili og ríkistollstjóri geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirkattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

23. gr.

Gildissvið gagnvart tollalögum og lögum um virðisaukaskatt

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, viðurlög, málsmeðferð, kærum, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu eða atvinnu-rekstrar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga um vörugjald við innflutning, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim, og laga um virðisaukaskatt um vörugjald innanlands, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

24. gr.

Gildistökuákvæði

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 13. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 356/1996, um vörugjald, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða

I

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til innfluttra vara sem tollafgreiddar eru frá og með 1. júlí 1998. Jafnframt til allra innlendra framleiðsluvara sem seldar eða afhentar eru frá og með uppgjörstímabilinu júlí og ágúst 1998.

II

Vörugjaldsskírteini gjaldskyldra framleiðenda, er fengið hafa vörugjaldsskírteini á grundvelli 21. gr. reglugerðar nr. 356/1996, sem í gildi eru við gildistöku reglugerðar þessarar, halda gildi sínu, þó ekki varðandi innflutning, til og með 31. janúar 1999.

III

Víkja má frá reglunni í 2. mgr. 16. gr. ef kaupandi hefur ekki fengið vörugjaldsskírteini útgefið hjá skattstjóra, enda staðfesti skattstjóri þá skriflega gagnvart seljanda að viðkomandi hafi sótt um vörugjaldsskírteini skv. 15. gr. vegna kaupa á nánar tilteknu hráefni og efnivöru. Staðfestingin er þá fylgiskjal með reikningsafriti seljanda. Ákvæðið gildir til 31. ágúst 1998.

Reglugerð

nr. 505/1998, um áfengisgjald, sbr. reglugerð nr. 527/2000 og 437/2005 um breytingu á henni.

I. KAFLI

Gjaldskylda, gjaldskyldir aðilar, gjaldflokkar.*Gjaldskylda.*

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald, áfengisgjald, af áfengi samkvæmt reglugerð þessari.

Áfengi telst vera hver sá vökví sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli. Áfengismagn og áfengisinnihald skal ákveða við 20 °C.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu vörur sem innihalda meira en 2,25% af vínanda, en eru óhæfar til neyslu og ekki er hægt að gera neyslufæfar, undanþegnar áfengisgjaldi.

Gjaldskyldir aðilar og skráning.

2. gr.

Gjaldskyldir eru allir þeir sem flytja inn áfengi eða framleiða áfengi hér á landi, til sölu eða vinnslu.

Enn fremur skulu þeir greiða áfengisgjald sem flytja áfengi með sér til landsins eða fá það sent erlendis frá, til eigin nota.

Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila skv. 1. mgr. Eigi skal færa aðila á skrá nema hann hafi tilskilið leyfi ríkislögreglustjóra skv. 6., 8. og 9. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

Gjaldflokkar.

3. gr.

Áfengisgjald skal vera sem hér segir á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra hins áfenga drykkjar samkvæmt flokkun hans í tollskrá:

1. 58,70 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra af öli sem flokkast í vörulið 2203, svo og af vörum sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206.
2. 52,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra af eftirtöldum vörum, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast hefur við gerjun, án hvers kyns eimingar:
 - a. víni sem flokkast í vöruliði 2204 og 2205.
 - b. gerjuðum drykkjarvörum sem flokkast í vörulið 2206, annað hvort óblönduðum eða þynntum með sams konar óáfengri drykkjarvöru og er að finna í hinna íblönduðu drykkjarvöru (t.d. cider).
3. [70,80 kr.]¹⁾ á hvern sentilítra af öðru áfengi.

Gjald skv. 1. mgr. skal reiknast hlutfallslega á brot af sentilítra af vínanda, reiknað með tveimur aukastöfum, og brot af lítra hins áfenga drykkjar.

Ef umbúðir vöru greina ekki magn eða styrkleika áfengis sem aðilar sem tilgreindir eru í 2. mgr. 2. gr. flytja til landsins eða fá sent erlendis frá er tollyfirvöldum heimilt að meta magn eða styrkleika áfengis og ákvarða gjald samkvæmt því.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005.

II. KAFLI

Álagning, uppgjörstímabil, gjalddagi o.fl.

Álagning.

4. gr.

Áfengisgjald af innfluttu áfengi skal innheimt ásamt aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu nema annað leiði af reglugerð þessari.

Af áfengi, sem framleitt er innanlands til sölu þar, reiknast gjald við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda til kaupanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla fer fram.

Verði rýrnun á vörulager án þess að sala eða afhending komi fram í birgðabókhaldber gjaldskyldum framleiðanda ótilkvöddum að greiða áfengisgjald vegna vörurýrnunar á því uppgjörstímabili þegar rýrnunar verður vart.

Greiðslufrestur við innflutning.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. er tollstjórum heimilt að veita skráðum innflytjendum greiðslufrest á áfengisgjaldi vegna tollafgreiðslu á innfluttu áfengi.

[Hvert uppgjörstímabil vegna greiðslufrests á áfengisgjaldi við innflutning er frá 1.–15. hvers mánaðar og frá 16. til loka hvers mánaðar. Gjaldalagi er annar virkur dagur eftir lok hvers uppgjörstímabils. Innflytjandi skal eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddur greiða tollstjóra áfengisgjald vegna tollafgreiðslna á því tímabili. Um greiðslufrest á áfengisgjaldi gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.]^{1) 2)}

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 527/2000. 2) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005.

Gjalddagi og uppgjörstímabil framleiðenda innanlands.

6. gr.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendar framleiðslu er frá 1. til 15. hvers mánaðar og frá 16. til loka hvers mánaðar.

Framleiðandi skal eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddur greiða innheimtumanni ríkissjóðs, í umdæmi því þar sem hann er heimilisfastur, áfengisgjald sem honum ber að standa skil á.

Áfengisgjaldi af innlendra framleiðslu, ásamt áfengisgjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjaldalagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

[Vangreitt áfengisgjald.

7. gr.

Sé áfengisgjald ekki greitt á gjalddaga, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr., skal aðili sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef framleiðandi hefur ekki skilað áfengisgjaldsskýrslu eða henni verið ábótavant og áfengisgjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé áfengisgjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknaðir frá og með gjalddaga.

Verði vanskil á greiðslu áfengisgjalds skal tollstjóri synja innflytjanda eða framleiðanda um frekari greiðslufrest meðan vanskil vara.

Ef um er að ræða ítrekuð eða stórfelld vanskil á greiðslu áfengisgjalds, álags skv. 2. mgr. eða dráttarvaxta skv. 3. mgr. getur tollstjóri án fyrirvara stöðvað tollafgreiðslu á öðrum vörum til skuldara eða látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skuldarans m.a. með því að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð, enda telji tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs ekki verða tryggð með öðrum hætti.]¹⁾

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005.

III. KAFLI

Eftirgjöf áfengisgjalds.

Undanþágur frá áfengisgjaldi.

[8 gr.]¹⁾

Eftirfarandi er undanþegið áfengisgjaldi:

1. Salaáfengis úr landi.
2. Innflutningur og sala áfengis til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951.
- [3. Innflutningur og sala áfengis í tollfrjálsar verslanir og tollfrjálsar forðageymslur.]¹⁾
4. Innflutningur og sala til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Við sölu til þessara aðila er skilyrði að seljandi hafi í bókhaldi sínu áritaða heimild frá utanríkisráðuneytinu.
- [5. Innflutningur ferðamanna og farmanna á áfengi við komu frá útlöndum, í samræmi við ákvæði reglugerðar um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins.]²⁾
6. Innflutningur og sala til lækna og lyfsala sem heimild hafa til að selja áfengi sem talið er upp í lyfjaskrá og selt sem lyf.
7. Innflutningur og sala til framleiðenda sem hafa leyfi til framleiðslu áfengis samkvæmt 6. gr. áfengislaga, í samræmi við ákvæði [12. gr.]⁴⁾ reglugerðar þessarar.
8. Innflutningur og sala á neysluhæfum vínanda til framleiðslu á óneysluhæfum vínanda til iðnþarfa, efnarannsóknna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota, í samræmi við ákvæði [12. gr.]⁴⁾

1) Sbr. 1. lið. 3. gr. reglugerðar nr. 527/2000. 3) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005. 4) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005.

[Niðurfelling eða endurgreiðsla áfengisgjalds af innfluttu áfengi vegna síðari sölu eða förgunar.

[9. gr.]²⁾

Tollstjóri skal fella niður eða endurgreiða áfengisgjald sem hefur þegar verið reiknað eða greitt af innfluttu áfengi sem síðar er afhent eða selt úr landi, til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, í tollfrjálsar verslanir, í tollfrjálsar forðageymslur, í almennar tollvöruheymslur, á frísvæði eða til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Umsókn skulu fylgja afrit sölureikninga og önnur þau gögn sem tollstjóri telur nauðsynleg. Að öðru leyti skal fara um endurgreiðsluna eftir ákvæðum reglugerðar nr. 545/1990, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda, vöntunar eða endursölu til útlanda o.fl., með síðari breytingum.

Tollstjóri skal fella niður eða endurgreiða áfengisgjald sem hefur þegar verið reiknað eða greitt af innfluttu áfengi sem síðar er fargað undir eftirliti tollyfirvalda.]¹⁾

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 527/2000. 2) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005.

[Frádráttur áfengisgjalds af áfengi framleiddu hér á landi vegna síðari skila til framleiðanda til endursölu eða förgunar.

[10. gr.]²⁾

Við uppgjör innlendra framleiðenda skal þeim heimilt að draga frá þegar greitt áfengisgjald frá fyrri uppgjörstímabilum af áfengi sem framleiðandi hefur móttengið að nýju frá kaupanda til endursölu eða förgunar undir eftirliti ríkisskattstjóra.]^{1) 2)}

1) Sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 527/2000. 2) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005.

Áfengisgjaldsskírteini.

[11. gr.]

Framleiðendur áfengis geta fengið heimild hjá ríkisskattstjóra til niðurfellingar á áfengisgjaldi við eigin innflutning eða kaup á áfengi eða vínanda í framleiðslu sína. Sömu leiðis geta framleiðendur á óneysluhæfum vínanda til iðnþarfa, efnarannsóknna og annarra verklegra nota fengið heimild hjá ríkisskattstjóra til niðurfellingar á áfengisgjaldi við eigin innflutning eða kaup á vínanda í framleiðslu sína.

Aðilar sem verða sannanlega að nýta neysluhæfan vínanda til iðnþarfa, efnarannsóknna eða annarra verklegra nota geta fengið heimild hjá ríkisskattstjóra til kaupa á vínanda án áfengisgjalds.

Aðilar sem óska eftir heimild til niðurfellingar gjalds við innflutning eða kaup á áfengi eða vínanda samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. skulu sækja um heimild til ríkisskattstjóra. Umsókn skal vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Telji ríkisskattstjóri að fullnægjandi upplýsingar séu komnar fram gefur hann út sérstakt skírteini til viðkomandi. Í skírteininu skulu tilgreindar heimildir til niðurfellingar gjalds vegna innflutnings eða kaupa á áfengi eða vínanda, eftir því sem við á hverju sinni. Ríkisskattstjóri getur takmarkað magn áfengis eða vínanda sem heimilt sé að fá gjald fellt niður af á grundvelli skírteinis.

Niðurfelling og endurgreiðsla gjalds vegna innflutnings eða kaupa skírteinishafa.

[12. gr.]¹⁾

Handhafar áfengisgjaldsskírteinis skv. 1. mgr. [11 gr.]¹⁾, sbr. 4. mgr. sömu greinar, skulu fá fellt niður gjald við innflutning á áfengi eða vínanda til framleiðslu sinnar.

Innflytjandi getur á gjalddaga hvers uppgjörstímabils fengið endurgreitt gjald af áfengi eða vínanda sem hann hefur flutt til landsins og gjald reiknaðist af við innflutninginn, hafi hann selt vöruna án áfengisgjalds til handhafa áfengisgjaldsskírteinis. Skilyrði endurgreiðslu er að kaupandi framvísi skírteini við kaupin og innflytjandi skrái númer þess og gildistíma á sölureikninginn.

Sækja skal til ríkisskattstjóra um endurgreiðslu skv. 2. mgr. á sérstakri skýrslu sem vera skal á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Á skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um sölu þess áfengis eða vínanda sem endurgreiðslubeiðnin snertir, m.a. heiti kaupenda, heildarsölu magn og fjárhæð gjalds sem óskað er endurgreiðslu á. Innflytjanda er heimilt að láta ríkisskattstjóra í té yfirlit yfir þá viðskiptavini sem kaupa af honum vínanda eða áfengi án áfengisgjalds á grundvelli skírteinis og þarf hann þá ekki að tilgreina nöfn kaupenda á skýrslu hverju sinni. Skýrslu skal skilað eigi síðar en tveimur dögum fyrir gjalddaga uppgjörstímabils.

Fallist ríkisskattstjóri á skýrsluna án frekari skýringa skal endurgreiðsla fara fram á næsta gjalddaga þar á eftir.

1) Sbr. 3. og 5. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005.

IV KAFLI

Bókhald og eftirlit.

Bókhald og skráning viðskipta.

[13. gr.]¹⁾

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu haga bókhaldi sínu og uppgjöri á áfengisgjaldi þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti skila þeirra á gjaldinu.

Innflytjendum og heildsölum er skylt að halda birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðendum er skylt að halda framleiðsluskýrslur og birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðsluskýrslur skal halda með þeim hætti að hægt sé með auðveldum og öruggum hætti að rekja hverja átöppun á áfengi til einstakra áfengistegunda og umbúða. Birgðabókhald skal haldið með þeim hætti að hægt sé að rekja sérhverja átöppun eða innkaup frá innflutningsgögnum og innkaupareikningum til færslu í birgðabókhaldi og hvenær sem er bera saman vörubirgðir og niðurstöðu birgðabókhalds. Í birgðabókhaldi þarf að koma fram á aðgengilegan hátt ráðstöfun birgða vegna sölu innanlands, útflutnings, rannsókna, rýrnunar og skýringa á henni eða annarra atriða.

Gjaldskyldur aðili skal skrá sérhverja sölu áfengis á sölureikninga til samræmis við ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

Gjaldskyldur aðili skal veita ríkisskattstjóra upplýsingar um heildarsölu sína skipt niður á viðskiptamenn og tímabil telji hann slíkt nauðsynlegt vegna eftirlits. Kaupendur áfengis sem um getur í 6., 8. og 9. gr. áfengislaga skulu halda sérstaka innkaupareikninga í bókhaldi sínu og veita ríkisskattstjóra sams konar upplýsingar um innkaup sín sé þess óskað.

Um bókhald fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 145/1994, um bókhald, með áorðnum breytingum.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005.

Eftirlit.

[14. gr.]¹⁾

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með starfsemi framleiðenda innanlands samkvæmt reglugerð þessari.

Framleiðanda ber að veita eftirlitsmönnum aðgang að öllum húsakynnum, sem nýtt eru til áfengisframleiðslu og birgðahalds svo og bókhaldsgögnum er sýna hráefnisnotkun og birgðir vöru. Hann skal láta eftirlitsmönnum í té fullnægjandi aðstöðu að mati ríkisskattstjóra þegar þeir sinna eftirlitsstörfum í atvinnuhúsnæði hans.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið að átöppun áfengis skuli fara fram undir eftirliti og skal því aðeins taka tillit til rýrnunar að förgun úrgangsefna og skemmdir eða gallaðrar framleiðslu fari fram undir eftirliti. Hann getur einnig ákveðið að innsigla skuli framleiðslutæki og –búnað svo og geyma og kúta sem notaðir eru undir áfengi sem selt er í miklu magni m.a. til veitingahúsa. Ríkisskattstjóri ákveður gerð og notkun innsigla. Hann getur sett reglur um afskriftir og töku rannsóknarsýna við framleiðslu áfengis.

Um eftirlit ríkisskattstjóra og tollstjóra að öðru leyti fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og ákvæðum tollalaga.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.
Stofn til virðisaukaskatts.
 [15. gr.]¹⁾

Áfengisgjald myndar stofn til virðisaukaskatts hvort sem vara er flutt inn eða keypt innanlands til eigin nota, framleiðslu eða endursölu.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005.

Gildissvið gagnvart tollalögum og lögum um virðisaukaskatt.
 [16. gr.]¹⁾

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, upplýsingaskyldu, eftirlit, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi áfengisgjald af innfluttu gjaldskyldu áfengi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í reglugerð þessari um álagningu, kærur og úrskurði um ákvörðun á áfengisgjaldi, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, upplýsingaskyldu, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi áfengisgjald af innlendra framleiðsluvöru skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga um virðisaukaskatt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 437/2005 sem var birt og öðlaðist gildi 10. maí 2005.

Gildistaka.
 [17. gr.]¹⁾

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 477/1995, um áfengisgjald, með síðari breytingum.

Reglugerð

nr. 524/1998, um útflutning á kindakjöti, sbr. reglugerð nr. 615/2001, 777/2001 og 792/2008 um breytingu á henni.

1. gr.

Eigendum sláturfjár, hvort sem þeir eru beingreiðsluhafar eða ekki, er skylt að taka þátt í útflutningi og sæta útflutningsuppgjöri fyrir framleiðslu sína í því hlutfalli sem landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september ár hvert. Heimilt er að ákveða mismunandi hlutfall útflutnings fyrir dillkakjöt og fyrir kjöt af fullorðnu fé. Útflutningshlutfall skal reikna af allri framleiðslu viðkomandi aðila eftir gæðaflokkum, með þeim undantekningum sem reglugerð þessi kveður á um.

2. gr.

Sláturleyfishafi, sem tekur á móti sauðfé til slátrunar, er ábyrgur fyrir því að útflutningsskil eigenda þess sláturfjár er hann tekur við fari fram eftir ákvörðun ráðherra um útflutningshlutfall. Þó skal eiganda sláturfjár heimilt að gera samning við einn sláturleyfishafa um að annast allan útflutning fyrir sig þótt hann slátri einnig hjá öðrum sláturleyfishöfum. Slíkir samningar skulu miðast við að slátrað sé hjá þeim sláturleyfirhafa, sem samið er um útflutning við, fyllilega sem svarar útflutningsskyldu viðkomandi framleiðanda. Afrit af þeim samningi skal framleiðandi afhenda þeim sláturleyfishöfum sem hann óskar eftir að vera undanþeginn útflutningsskyldu hjá, eigi þeim að vera heimilt að taka við framleiðslu hans án útflutningsskyldu. Afrit skal einnig sent til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Sé innlegg eiganda sláturfjár, sem samið hefur við einn sláturleyfishafa um fullnustu útflutningsskyldu, minna hjá þessum sláturleyfishafa en nemur reiknaðri útflutningsskyldu, sbr. 4. gr., bera aðrir sláturleyfishafar, sem viðkomandi sláturfjáreigandi skiptir við, ábyrgð á útflutningsskilum á því magni sem eftir stendur í réttu hlutfalli við slátrun sláturfjáreigandans hjá þeim.

Annist sláturleyfishafi slátrun án þess að sjá um sölu afurðanna, skal hann krefja eiganda sláturfjár um tryggingu fyrir útflutningsgjaldi sem eigandanum ber að greiða samkvæmt 5. gr., ella skal hann afhenda sláturleyfishafa það magn kjöts sem nemur útflutningsskyldu hans. Sláturleyfishafa er skylt að tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins um slátrun hvers mánaðar eigi síðar en 10. næsta mánaðar. Í tilkynningunni skal koma fram hver sé eigandi sláturfjár, fjöldi þess, magn í kg og skipting í gæðaflokka ásamt upplýsingum um hvort sláturleyfishafi annist sölu afurða eða ekki, samkvæmt nánari reglum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins setur.

3. gr.

Undanþeginn útflutningsskyldu og/eða útflutningsgjaldi er:

- a. Framleiðsla til heimanota allt að 240 kg á viðkomandi lögbýli, með skráð sauðfé á forðagæsluskýrslu haustið áður og 180 kg á skráðan sauðfjáreiganda í þéttbýli.
- b. [...]²)
- c. [...]¹)

Fjöldi vetrarfóðraðra kinda á hvert ærgildi greiðslumarks skv. b-lið 1. mgr. skal taka breytingum ár hvert í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts á innlendum markaði reiknað frá 7000 tonna árlegri sölu. Hlutfall þetta skal landbúnaðarráðherra auglýsa eigi síðar en 1. nóvember ár hvert fyrir næstkomandi almanaksár og skal hlutfallið miðað við sölu á kindakjöti á síðastliðnu almanaksári áður en auglýsing er birt.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 615/2001. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 777/2001. 3) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 792/2008.

4. gr.

Útreikningur á skiptingu magns hvers eiganda sláturfjár til sölu innanlands, til heimanota eða til útflutnings skal fara fram í lok slátrufjár, þó eigi síðar en 1. desember. Sláturleyfishöfum er skylt að flytja út kindakjöt að jafnvirði þess kjöts sem þeir hafa tekið til útflutnings af eigendum sláturfjár, metið eftir verði til framleiðenda, sbr. þó ákvæði 3. gr. Skal það annarsvegar reiknað fyrir dillkakjöt og hinsvegar fyrir kjöt af fullorðnu. Við kjötskipti skal útflutningsskyldan reiknuð á sama hátt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út og skráir útflutningskyldu eða greiðsluskyldu af-urðastöðva og eigenda sláturfjár og annast uppgjör við þá og hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd útflutningsins.

5. gr.

[...]¹)

Framleiðsluráð landbúnaðarins ráðstafar þeim fjármunum sem innheimtir eru skv. þessari gr. til kaupa á kindakjöti til útflutnings²).

Sláturleyfishafar sem ekki hafa lokið útflutningi eða greitt útflutningsgjald fyrir 1. nóvember að loknu framleiðsluári, skulu greiða útflutningsgjald af því magni sem ekki hafa verið gerð full skil á.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 792/2008. 2) Sbr. auglýsingu nr. 832/2008 um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2008-2009.

6. gr.

Þegar ákvörðun landbúnaðarráðherra um útflutningsskyldu liggur fyrir skal Framleiðsluráð landbúnaðarins birta sláturleyfishöfum áætlun um útflutningsþörf kindakjöts hjá hverjum þeirra, eigi síðar en 14 dögum eftir að ákvörðun ráðherra liggur fyrir.

7. gr.

Sláturleyfishafar skulu innan 14 daga frá því að þeim berst tilkynning samkvæmt 6. gr. gera Framleiðsluráði landbúnaðarins grein fyrir því hvernig þeir ætla að afsetja það kjöt sem er skylt að flytja út. Þær tilkynningar skulu bera með sér hvort:

- a. að sláturleyfishafi ætli að útflutningsverka það magn sem honum ber að flytja út og annast útflutning þess. Gera skal grein fyrir þeim mörkuðum sem ætlað er að flytja á; á hvaða markaði, í hvaða formi og á hvaða verðum
- b. að sláturleyfishafi hafi samið við annan sláturleyfishafa um að hann uppfylli útflutningskyldu skv. a-lið að meira eða minna leyti. Koma skulu fram sömu atriði og undir a-lið.
- c. að sláturleyfishafinn eigi þess ekki kost að verka kjöt til útflutnings eða semja við annan sláturleyfishafa um að uppfylla útflutningsskyldu sína og óski eftir því að greiða gjald vegna útflutningskvaðar skv. 5. gr. að hluta eða öllu leyti.

Framleiðsluráð landbúnaðarins fer yfir tilkynningar sláturleyfishafa og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um útflutning. Telji Framleiðsluráð nauðsynlegt að skipta útflutningi milli sláturleyfishafa eftir mörkuðum skal það tilkynna landbúnaðarráðherra um þá skiptingu og gera tillögu um leyfisveitingar. Óheimilt er að flytja til þeirra markaða, sem um ræðir, nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Útflutningur sláturleyfishafa á markaði sem ákveðið hefur verið að skipta, umfram það sem viðkomandi hefur fengið leyfi til, telst ekki fullnægja útflutningsskyldu, samkvæmt 1. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Úr reglugerð

nr. 787/1998, um skotvopn, skotfæri o.fl., sbr. reglugerðir nr. 688/2003, 162/2007, 433/2007, 846/2007, 964/2008 og 258/2010 um breyting á henni.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér greinir:

1. "Sjálfvirkt" er það skotvopn sem skjóta má úr röð skota með því að taka aðeins einu sinni í gikkinn.
2. "Hálfsjálfvirkt" er það skotvopn sem skjóta má úr einu skoti á eftir öðru þar til skotgeymir er tæmdur, með því að taka aðeins í gikkinn í hvert skipti sem skoti er hleypt af.
3. "Handhlaðin fjölskota haglabýssa eða riffill" er skotvopn þar sem skothylki er fært handvirkt úr skotgeymi í hlaup.
4. "Skammbýssa" er stutt skotvopn með hlauplengd allt að 30 cm og ekki meira en 60 cm að heildarlengd.
- [5. „Skotfæri“ eru hvers konar skot eða skeyti sem gerð eru til að skjóta úr skotvopnum.
Þeir hlutir sem getið er um í viðauka II teljast vera skoteldar eða skotfæri. Leiki vafi á undir hvorn flokkinn hlutir falla þá sker ríkislögreglustjóri úr, að fenginni umsögn Vinnueftirlitsins.]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 162/2007.

...

[28. gr. b

Réttaráhrif evrópsks skotvopnaleyfis.

Handhafi evrópsks skotvopnaleyfis, sem gefið er út á Íslandi, getur, án sérstaks leyfis lögreglustjóra skv. 48. gr., flutt út og síðar inn til landsins aftur þau vopn er tilgreind eru í leyfinu ef dvölin er ekki lengri en þrjú mánuðir.

Útlendur handhafi evrópsks skotvopnaleyfis, sem hyggst stunda veiði eða iðka íþróttá-skotfimi hér á landi getur án sérstaks leyfis lögreglustjóra skv. 46. gr., flutt með sér til landsins þau skotvopn sem leyfið tilgreinir, enda séu þau leyfð hér á landi á grundvelli 3. gr. reglugerðarinnar, handhafi framvísi staðfestingu á tilgangi fararinnar, og dvölinni sé ekki ætlað að vara lengur en þrjú mánuðir.

Handhafi evrópsks skotvopnaleyfis getur flutt inn og út með sér skotfæri í hæfilegu magni með þeim skotvopnum sem hann flytur með sér skv. 2. og 3. gr.

Útlendur handhafi evrópsks skotvopnaleyfis skal ávallt bera það á sér við notkun þar tilgreindra skotvopna. Jafnframt skal hann framvísa vopnum og skotvopnaleyfinu hvenær sem þess er krafist af lögreglu, tollayfirvöldum eða öðrum þeim sem hafa eftirlit með skotvopnum eða veiði, s.s. veiðistjóra. Þá er viðkomandi jafnframt skylt að framvísa samtímis öðrum viðurkenndum persónuskilríkjum, s.s. vegabréfi.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 540/2008.

...

IX. KAFLI

Inn- og útflutningur skotvopna og skotfæra.

43. gr.

Innflutningsleyfi.

Enginn má flytja til landsins skotvopn eða skotfæri nema með leyfi [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾. Hið sama gildir um einstaka hluta skotvopna og skotfæra.

Sé umsækjandi einstaklingur, sem hyggst flytja inn skotvopn til eigin nota, skal hann sækja um innflutningsleyfi á eyðublaði fyrir skotvopnaleyfi til lögreglustjóra. Skal umsækjandi vera handhafi skotvopnaleyfis. Heimilt er að veita sama einstaklingi slíkt leyfi fyrir mest tveimur vopnum á ári. Að öðru leyti gilda um innflutninginn ákvæði reglugerðarinnar um leyfi fyrir viðkomandi skotvopni, þ.m.t. um skráningu skotvopns og útgáfu skotvopnaleyfis. [...] ¹⁾

Ríkislögreglustjóra er heimilt að ákveða hámarks magn skotfæra sem einstaklingi er heimilt að flytja til landsins.

Sé umsækjandi handhafi leyfis til innflutnings eða verslunar með skotvopn og skotfæri skal leyfi bundið við tiltekið magn og gerðir skotvopna og skotfæra. Í umsókn til [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ skal greina:

1. Nafn, kennitölu og heimili umsækjanda.
 2. Gerð, tegund og stærð þess sem fyrirhugað er að flytja inn.
 3. Magn þess sem fyrirhugað er að flytja inn.
 4. Nafn og heimili seljanda.
 5. Áætlun um fyrirhugaðan flutning (flutningsleið, brottfarar- og komudag).
- Leyfi til innflutnings á skotvopnum og skotfærum gildir í sex mánuði. [...] ¹⁾

1) Sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 846/2007.

44. gr.

Tollafgreiðsla.

Óheimilt er að tollafgreiða eftirtaldar vörur nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu innflutningsleyfi [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu]²⁾ vörureikning, sem [lögreglustjórinn]²⁾ hefur samþykkt til innflutnings og eftir atvikum tilflutningsleyfi skv. 10. gr. tilskipunar ráðsins nr. 93/15/EBE frá 15. apríl 1993 um samþæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota:

1. Skotvopn og hluta þeirra, sbr. 93. kafla tollskrár.

2. Skotfæri og hluta til þeirra eða efni til skotfæragerðar, sbr. tollskrárnúmer 3601.0000 (púður til skotfæragerðar) og 93. kafla tollskrár (tóm skothylki).
3. Vopn er falla undir tollskrárnúmer 9307.0000.
4. Örvarboga og örvar, sbr. tollskrárnúmer [9506.9900]¹⁾.

Innflytjandi skal sækja um áritun vörureiknings til [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu]²⁾. [...] Skall í umsókninni tilgreina tegund, hlaupvídd, verksmiðjuheiti, módelheiti, eintaksnúmer, lásgerð, hlauplengd, heildarlengd, skotgeymi og skotafjölda þeirra skotvopna sem fyrirhugað er að tollafgreiða. [lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ skal á grundvelli þess frumskrá skotvopnin í skotvopnaskrá sem eign innflytjanda.

¹⁾ Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 285/1998. Tollskrárnúmer færð til samræmis við breytingar á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum. ²⁾ Sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 846/2007.

45. gr.

Innflutningur á skammbyssum.

Innflutningur skammbyssa er óheimill án leyfis ríkislögreglustjóra.

Hyggist einstaklingur eða lögaðili flytja inn skammbyssur skal sótt um leyfi ríkislögreglustjóra áður en pöntun er gerð og skal í umsókn tilgreina nákvæmlega um hvers konar skammbyssur er að ræða og í hvaða skyni fyrirhugað er að flytja þær inn.

Óheimilt að leyfa innflutning á öðrum skammbyssum en þeim er nota má í viðurkenndum flokki skotíþróttar eða til atvinnu samkvæmt 14. gr. vopnalaga.

46. gr.

Skammtímadvöl.

Heimilt er að veita einstaklingum búsettum erlendis, sem dveljast hér á landi í allt að þremur mánuðum leyfi til að flytja til landsins skotvopn til eigin nota með eftirgreindum skilyrðum:

1. Að viðkomandi fullnægi skilyrðum íslenskra laga til að mega eiga skotvopn.
2. Að hann hafi skotvopnaleyfi útgefið í heimalandi sínu.
3. Að hann leggi fram meðmæli tveggja manna búsettra hér á landi.
4. Að einvörðungu verði um að ræða skotvopn sem heimilt er að flytja inn skv. íslenskum lögum.

Í umsókn skal umsækjandi tilgreina eftirfarandi:

1. Fullt nafn, fæðingardag, fæðingarár, ríkisfang og heimilisfang í heimalandi og hérlendis meðan á dvöl stendur.
2. Hvar og í hvaða skyni hann hyggst nota skotvopnið.
3. Tegund, hlaupvídd, verksmiðjuheiti, modelheiti, eintaksnúmer, lásgerð, hlauplengd, heildarlengd, skotgeymi og skotafjölda þeirra skotvopna er hann hyggst flytja með sér til landsins.
4. Tegund og magn skotfæra ef við á.
5. Áætlaðan komudag og brottfarardag.

Með umsókn skal umsækjandi senda staðfest endurrit eða ljósrit af skotvopnaleyfi sínu. Sé um að ræða skotvopn til nota í skotkeppni skal umsækjandi framvísa keppnisboði viðurkennds íslensks skotfélags.

Ríkislögreglustjóri gefur út leyfi samkvæmt þessari grein. Leyfin skulu vera skrifleg og tilgreina þær upplýsingar er fram koma í 2. mgr. Ríkislögreglustjóri tilkynnir tollayfirvöldum um útgáfu leyfa.

Leyfishafa er skylt að framvísa vopnum þessum til skráningar hjá tollayfirvöldum við komu til landsins og við brottför frá landinu. Tollayfirvöld skulu tilkynna ríkislögreglustjóranum um skráninguna hverju sinni

47. gr.

Útflutningur skotvopna og skotfæra.

Enginn má flytja úr landi skotvopn eða skotfæri nema með leyfi ríkislögreglustjóra.

Í umsókn um leyfi til útflutnings skal greina:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda,
2. nafn og heimili kaupanda eða viðtakanda, (ákvörðunarstaður sendingar)
3. gerð, tegund og stærð þess sem fyrirhugað er að flytja út,
4. magn þess sem fyrirhugað er að flytja út,
5. flutningsmáta og
6. brottfarardag og áætlaðan komudag.

Í leyfi til útflutnings skal greina sömu upplýsingar og greinir í 2. mgr. Útflutningsleyfi skal sent tollayfirvöldum.

Sé um að ræða útflutning í atvinnuskyni til vopnasala/vopnaframleiðanda á Evrópska efnahagssvæðinu er heimilt að gefa leyfið út til þriggja ára og gildir það sem leyfi skv. 10. gr. tilskipunar ráðsins nr. 93/15/EBE frá 15. apríl 1993 um samþæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota. Áður en útflutningur á sér stað hverju sinni skal leyfishafi gefa ríkislögreglustjóra upplýsingar um þau atriði er greinir í 2. mgr.

48. gr.

Skammtímadvöl erlendis.

Einstaklingur sem hyggst dveljast erlendis í skemmri tíma en þrjá mánuði getur með leyfi ríkislögreglustjóra flutt með sér skráð skotvopn til persónulegra nota við veiðar eða skotkeppni ásamt hæfilegu magni skotfæra.

Í leyfi skv. 1. mgr. skal greina:

1. nafn, heimili og kennitölu viðkomandi auk fyrirhugaðs dvalarstaðar og brottfarardag og áætlaðan komudag aftur til landsins,
2. tegund, hlaupvídd, verksmiðjuheiti, modelheiti, eintaksnúmer, lásgerð, hlauplengd, heildarlengd, skotgeymi og skotafjölda skotvopna,
3. magn skotvopna og skotfæra.

Með sama hætti er heimilt að veita forsvarsmönnum viðurkennds skotfélags heimild til útflutnings á skotvopnum til keppni.

Útgefið leyfi skal sent tollayfirvöldum sem skulu tilkynna ríkislögreglustjóranum um að útflutningur hafi farið fram og eins þegar vopnið kemur aftur til landsins.

49. gr.

Skyldur inn- og útflytjanda.

Leyfishafi skal halda skrá samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra yfir vörur sínar og ráðstöfun þeirra.

Leyfishafi skal geyma vörur sínar við fullnægjandi aðstæður að mati lögreglustjóra að því er varðar öryggi s.s. gegn þjófnaði, innbrotum, eldsvoða o.s.frv. Skal húsnæði leyfishafa m.a. vera tengt eftirlitsmiðstöð eftir því sem unnt er.

...

XI. KAFLI

Skráning upplýsinga.

54. gr.

Landskrá skotvopna .

Haldin skal skotvopnaskrá er nær til landsins alls.

Í skotvopnaskrá skulu skráðar upplýsingar um:

1. kotvopnaleyfishafa þar sem fram komi nafn, kennitala og heimilisfang,
2. skotvopn hvers leyfishafa tilgreind með tegund, hlaupvídd, verksmiðjuheiti, módelheiti, eintaksnúmer, lásgerð, hlauplengd, heildarlengd, skotgeymi, skotafjöldi o.fl.,
3. útgáfudag hvers skotvopnaleyfis og dagsetningu endurútgáfu,
4. afturköllun skotvopnaleyfis,
5. leyfðar breytingar á skotvopni,
6. skotvopn sem flutt eru inn og út frá Íslandi skv. IX. kafla og
 7. leyfi til hleðslu skotfæra.

55. gr.

Skrá yfir inn-, útflytjendur og framleiðendur.

Ríkislögreglustjóri skal halda skrá um inn-, útflytjendur og framleiðendur skotvopna og skotfæra.

Ríkislögreglustjóri skal halda skrá yfir útgefin leyfi til skammtíma inn- og útflutnings skotvopna og skotfæra samkvæmt reglugerð þessari.

...

60. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í Vopnalögum nr. 16 25. mars 1998 og með hliðsjón af XXIX. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 93/15/EBE) öðlast gildi 1. janúar 1999.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð um skotvopn og skotfæri nr. 265 16. apríl 1997 með síðari breytingum.

EB gerðin sem vísað er til er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 3, bls. 663-679.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir 2. tölul. viðauka reglugerðarinnar er heimilt að keppa í þeim greinum skotfimi er þar greinir fyrir skammbyssur allt að cal. 45, enda sé um að ræða skráð skotvopn sem flutt hafa verið til landsins fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

[VIÐAUKI I]¹⁾**Viðurkenndar keppnisgreinar í skotfimi.**

Í viðauka þessum greinir þær skotíþróttagreinar sem viðurkenndar eru á Íslandi og þau skotvopn sem notuð eru í hverri grein.

1. Skotgreinar Alþjóða skotsambandsins.

Skotgrein	Tegund skotvopns	Hlaupvídd	Fjöldi skota
300 m: þríþraut	riffill	allt að 8 mm	1
300 m: liggjandi	riffill	allt að 8 mm	1
300 m, staðlaður:þríþraut	riffill	allt að 8 mm	1
50 m: þríþraut	riffill	cal. 22	1
50 m: liggjandi	riffill	cal. 22	1
50 m running target	riffill	cal. 22	1
10 m: loftrifill	loftrifill	4.5 mm	1
10 m running target	loftrifill	4.5 mm	1
50 m frjáls	skammbysa	cal. 22	5
25 m rapid fire	skammbysa	cal. 22	5
25 m gróf	skammbysa	7.62 mm-9.65 mm	5
25 m stöðluð	skammbysa	cal. 22	5
25 m sport	skammbysa	cal. 22	5
10 m loftskotvopn	skammbysa	4.5 mm	1
Gildra (trap)	haglabysa	nr. 12	2
Sjálfvirk gildra (trap)	haglabysa	nr. 12	2
Tvöföld gildra (trap)	haglabysa	nr. 12	2
Skeet	haglabysa	nr. 12	2

[2.]²⁾ Aðrar viðurkenndar keppnisgreinar.

Silhouette	riffill	allt að cal. 30	5
Silhouette	skammbysa	allt að cal. 22	5
Bench rest	riffill	allt að cal. 30	

1) Sbr. a-lið 2. gr. reglugerðar nr. 162/2007. 2) Sbr. b-lið 2. gr. reglugerðar nr. 162/2007.

[VIÐAUKI II

Hlutir sem taldir eru vera flugeldavörur eða skotfæri í viðeigandi tilmælum Sameinuðu þjóðanna (SP).

SP nr.	Heiti og lýsing	Flokkur /deild	Orðalisti (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
G-flokkur			
0009	Íkveikjuskotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu	1.2 G	Skotfæri Almennt heiti sem tengist aðallega hlutum sem notaðir eru í hernaði og samanstanda af hvers konar sprengjum, handsprengjum, eldflaugum, jarðsprengjum, skeytum og öðrum áþekktum búnaði

SP nr.	Heiti og lýsing	Flokkur /deild	Orðalisti (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
			Íkveikjuskotfæri Skotfæri sem innihalda íkveikju efni. Nema þegar samsetningin er í sjálfu sér sprengiefni, innihalda skotfærin einnig eitt eða fleira af eftirfarandi: drifhleðslu með hvellhettu og kveikihleðslu, kveikibúnað með sundrara eða kasthleðslu
0010	Íkveikjuskotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0009
0015	Reykskotfæri með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu	1.2 G	Reykskotfæri Skotfæri sem innihalda reykmyndandi efni. Nema þegar efnið er í sjálfu sér sprengiefni, innihalda skotfærin einnig eitt eða fleira af eftirfarandi: drifhleðslu með hvellhettu og kveikihleðslu, kveikibúnað með sundrara eða kasthleðslu
0016	Reykskotfæri með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0015
0018	Táraframkallandi skotfæri með sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu	1.2 G	Táraframkallandi skotfæri með sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu. Skotfæri sem innihalda táraframkallandi efni. Þau innihalda einnig eitt eða fleira eftirfarandi: skoteldaeefni, drifhleðslu með hvellhettu og kveikihleðslu, kveikibúnað með sundrara eða kasthleðslu
0019	Táraframkallandi skotfæri með sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0018
0039	Myndatökublossasprengjur	1.2 G	Sprengjur Sprengifimur hlutir sem varpað er úr flugvél. Þeir geta innihaldið eldfiman vökva með sundrunarhleðslu, samsetningu fyrir myndatökublossa eða sundrunarhleðslu. Hugtakið tekur til: myndatökublossasprengna
0049	Blossaskothylki	1.1 G	Blossaskothylki Hlutir sem samanstanda af hylki, hvellhettu og blossapúðri, samsettir í eitt stykki sem reiðubúið er til skots
0050	Blossaskothylki	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0049
0054	Merkjaskothylki	1.3 G	Merkjaskothylki Hlutir hannaðir til að skjóta litblysum eða öðrum merkjum úr merkjablyssum, o.s.frv.
0066	Kveikiþráður	1.4 G	Kveikiþráður Hlutur sem samanstendur af taupræði sem hefur verið húðaður með svörtu púðri, eða öðru slíku skoteldaeefni sem brennur hratt, og sveigjanlegri hlífðarkápu, eða hlutur sem samanstendur af kjarna úr svörtu púðri sem er umlukinn sveigjanlegu ofnu efni. Þráðurinn brennur með framrás eftir lengd sinni með utanálaga og er notaður til að senda kveikingu frá búnaði yfir í hleðslu
0092	Yfirborðsblys	1.3 G	Blys

SP nr.	Heiti og lýsing	Flokkur /deild	Orðalisti (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
			Hlutir sem innihalda skoteldaefni og eru hannaðir til að lýsa, auðkenna, gefa merki eða vara við
0093	Lofiblys	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0092
0101	Kveikipráður, ekki sprengifimur	1.3 G	Kveikipráður/kveikibúnaður (enska: Fuse/Fuze) Þó að orðin séu skyld (franska: fusée, fusil) og séu stundum talin vera mismunandi stafsetning á sama orði er gagnlegt að viðhalda þeirri venju að kveikipráður (fuse) vísi til kveikibúnaðar (fuze) sem svípar til práðar af einhverju tagi en kveikibúnaður til búnaðar í skotfærum sem getur verið ýmist vélbúnaður, rafbúnaður, efnasamband eða vökvabúnaður og kemur af stað tundurslóð með sprengibruna eða sprengingu Kveikipráður, tafarlaust, ekki sprengifimur Hlutur sem samanstendur af bómullarþræði sem hefur verið mettaður með fínu svörtu púðri (quick-match). Brennur með utanáloga og er notaður í kveikislóðum fyrir flugelda o.s.frv.
0103	Kveikirör, málmklætt	1.4 G	Kveikirör, málmklætt Hlutur sem samanstendur af málmröri og kjarna fylltum sprengibrunaefni.
0171	Lýsandi skotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu	1.2 G	Lýsandi skotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu. Skotfæri sem hönnuð eru til að gefa frá sér sterkt, stakt ljós til að lýsa upp svæði. Hugtakið tekur til lýsandi skothylkja, handsprenna og skeyta auk lýsandi sprengna og sprengna til að auðkenna skotmörk
0191	Handmerkjablys	1.4 G	Hlutir hannaðir til að gefa merki
0192	Hvellmerki fyrir járnbrautir	1.1 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0191
0194	Neyðarmerki, fyrir skip	1.1 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0191
0195	Neyðarmerki, fyrir skip	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0191
0196	Reykmerki	1.1 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0191
0197	Reykmerki	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0191
0212	Ljósspor fyrir skotfæri	1.3 G	Ljósspor fyrir skotfæri Innsiglaðir hlutir sem innihalda skoteldaefni, hannaðir til að sýna feril skeytis
0254	Lýsandi skotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0171
0297	Lýsandi skotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0254
0299	Myndatökublossasprenjur	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0039
0300	Íkveikjuskotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0009
0301	Táraframkallandi skotfæri, með sundrara, kasthleðslu	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0018
0303	Reykskotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0015
0306	Ljósspor fyrir skotfæri	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0212

SP nr.	Heiti og lýsing	Flokkur /deild	Orðalisti (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
0312	Merkjaskothylki	1.4 G	Merkjaskothylki Hlutir hannaðir til að skjóta litblysum eða öðrum merkjum úr merkjabyssum
0313	Reykmerki	1.2 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0195
0318	Hand- eða riffil-æfingasprengjur	1.3 G	Hand- eða riffilæfingasprengjur Hlutir sem eru hannaðir til þess að vera kastað með handafli eða varpað með riffli. Hugtakið felur í sér: Hand- eða riffilæfingasprengjur
0319	Rörhvellhetta	1.3 G	Rörhvellhetta Hlutir sem samanstanda af hvellhettu til kveikingar og viðbótarhleðslu af sprengibrúnaefni eins og svörtu píðri til að kveikja í drifhleðslu í skothylki t.d. fyrir fallbyssu
0320	Rörhvellhetta	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0319
0333	Skoteldar	1.1 G	Skoteldar Flugeldavörur hannaðar til að skemmta
0334	Skoteldar	1.2 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0333
0335	Skoteldar	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0333
0336	Skoteldar	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0333
0362	Æfingaskotfæri	1.4 G	Æfingaskotfæri Skotfæri án aðalsundrunarhleðslu, sem innihalda sundrara eða kasthleðslu. Yfirleitt innihalda þau einnig kveikibúnað og drifhleðslu
0363	Prófunarskotfæri	1.4 G	Prófunarskotfæri Skotfæri sem innihalda skoteldaefni, notuð til að prófa nothæfi eða styrk nýrra skotfæra, vopna hluta eða -samsetninga.
0372	Hand- eða riffil-æfingasprengjur	1.2 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0318
0373	Handmerkjagjafi	1.4 S	Sjá færslu fyrir SP nr. 0191
0403	Loftblys	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0092
0418	Yfirborðsblys	1.2 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0092
0419	Yfirborðsblys	1.1 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0092
0420	Loftblys	1.1 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0092
0421	Loftblys	1.2 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0092
0424	Treg skeyti, með ljósspori	1.3 G	Skeyti Hlutir s.s. sprengikúlur eða byssukúlur sem skotið er úr fallbyssu eða annars konar stórskotaliðsbyssu, riffli eða öðru smærra vopni. Þeir geta verið tregir, með eða án ljósspors, eða geta innihaldið sundrara eða kasthleðslu, eða sundrunarhleðslu. Hugtakið felur í sér: Treg skeyti, með ljósspori, skeyti með sundrara eða kasthleðslu, skeyti með sundrunarhleðslu
0425	Treg skeyti, með ljósspori	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0424
0428	Flugeldavörur til tækninota	1.1 G	Flugeldavörur til tækninota Hlutir sem innihalda skoteldaefni til tækninota s.s. varmaframleiðslu, gasframleiðslu, fyrir sjónspil, o.s.frv. Hugtakið tekur ekki til eftirfarandi hluta sem eru skráðir sérstaklega: allra skotfæra, merkjaskot-hylkja, sprengihöggvara fyrir strengi/kaðla, flugelda,

SP nr.	Heiti og lýsing	Flokkur /deild	Orðalisti (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
			loftblysa, yfirborðsblysa, sleppibúnaðar með sprengiefni, sprengihnoða, handmerkjagjafa, neyðarmerkja, hvellmerkja fyrir járnbrautir, reykmerkja
0429	Flugeldavörur til tækninota	1.2 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0428
0430	Flugeldavörur til tækninota	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0428
0431	Flugeldavörur til tækninota	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0428
0434	Skeyti með sundrara eða kasthleðslu	1.2 G	Skeyti Hlutir s.s. sprengikúlur eða byssukúlur sem skotið er úr fallbyssu eða annars konar stórskotaliðsbyssu, riffli eða öðru smærra vopni. Þeir geta verið tregir, með eða án ljósspors, eða geta innihaldið sundrara eða kasthleðslu eða sundrunarhleðslu. Hugtakið felur í sér: Treg skeyti, með ljósspori, skeyti með sundrara eða kasthleðslu, skeyti með sundrunarhleðslu
0435	Skeyti með sundrara eða kasthleðslu	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0434
0452	Hand- eða riffil-æfingasprengjur	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0372
0487	Reykmerki	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0194
0488	Æfingaskotfæri	1.3 G	Æfingaskotfæri Skotfæri án aðalsundrara, sem innihalda sundrara eða kasthleðslu. Yfirleitt innihalda þau einnig kveiki-búnað og drifhleðslu. Hugtakið felur ekki í sér eftirfarandi vörur sem eru skráðar sérstaklega: Æfingahandsprengjur
0492	Hvellmerki fyrir járnbrautir	1.3 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0194
0493	Hvellmerki fyrir járnbrautir	1.4 G	Sjá færslu fyrir SP nr. 0194
0503	Öryggispúðauppblásarar eða öryggispúðaeiningar eða sætisbeltastrekkjarar	1.4 G	
S-flokkur			
0110	Hand- eða riffil-æfingasprengjur	1.4 S	Sjá færslu fyrir SP nr. 0318
0193	Hvellmerki fyrir járnbrautir	1.4 S	Sjá færslu fyrir SP nr. 0194
0337	Flugeldar	1.4 S	Sjá færslu fyrir SP nr. 0334
0345	Treg skeyti, með ljósspori	1.4 S	Skeyti Hlutir s.s. sprengikúlur eða byssukúlur sem skotið er úr fallbyssu eða annars konar stórskotaliðsbyssu, riffli eða öðru smærra vopni. Þeir geta verið tregir, með eða án ljósspors eða geta innihaldið sundrara eða kasthleðslu, eða sundrunarhleðslu
0376	Rörhvellhetta	1.4 S	Sjá færslu fyrir SP nr. 0319
0404	Loftblys	1.4 S	Sjá færslu fyrir SP nr. 0092
0405	Merkjaskothylki	1.4 S	Merkjaskothylki Hlutir hannaðir til að skjóta litblysum eða öðrum merkjum úr merkjablyssum, o.s.frv.
0432	Flugeldavörur til tækninota	1.4 S	

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 162/2007.

Reglugerð

nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa, sbr. reglugerð nr. 15/2001 um breyting á henni.

I. KAFLI

Bókun rafrænna viðskipta.

Skilgreiningar.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Rafræn viðskipti: Viðskipti þar sem pöntun, reikningsútgáfa eða greiðslur fara fram með rafrænum hætti.

Rafrænt bókhald: Bókhald, eða sá hluti bókhalds, sem byggist á gögnum og færslum sem eiga uppruna sinn í gagnavinnslukerfum og send eru á milli þeirra með skeytum.

Skeyti: Safn samstæðra gagna sem raðað er samkvæmt ákveðnum stöðlum til gagnaflutnings og mynda fylgiskjöl í rafrænu bókhaldi [sem skrást í gagnadagbók]¹⁾.

Gagnaflutningur: Sending skeyta með rafeindaboðum milli gagnavinnslukerfa þar sem skeytið er þannig forsníðið að unnt sé að lesa það í slíku kerfi og vinna sjálfvirk á rafrænan og ótvíræðan hátt.

Gagnavinnslukerfi: Ein eða fleiri tölvur, fylgitæki og hugbúnaður sem notuð eru til skipulagðra aðgerða á bókhaldsfærslum.

Gagnamiðill: Seguldiskar, segulbönd, geisladiskar og annar sambærilegur búnaður sem á eru settar upplýsingar eða geymir upplýsingar sem vinna má sjálfvirk í gagnavinnslukerfi.

Gagnadagbók: Skrá á rafrænu formi sem tekur við og geymir bæði send og móttækin skeyti í tímaröð.

1) Sjá 1. gr. reglugerðar nr. 15/2001.

Skilyrði.

2. gr.

Þegar fært er rafrænt bókhald skulu auk skriflegra lýsinga á skipulagi bókhaldsins og uppbyggingu í samræmi við 7. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, liggja fyrir skriflegar lýsingar vegna gagnaflutninganna sjálfra og þeirra viðskiptafærslna sem rekja má til þeirra. Lýsingar þessar skulu gefa skýra mynd af öryggi og rekjanleika færslna, hvort sem þær eru í bókhaldskerfinu sjálfu eða sérstöku gagnavinnslukerfi vegna gagnaflutninganna.

Þegar færslur í bókhaldinu eiga rætur að rekja til gagnaflutninga skulu liggja fyrir upplýsingar um það með hvaða hætti þeir aðilar sem stunda slík rafræn viðskipti haga samskiptum sínum, m.a. skráningu í gagnadagbók. Ef aðilar hafa gert samskiptasamninga við gagnaðila sinn vegna gagnaflutninga skulu þeir og liggja fyrir.

Áreiðanleiki skeyta.

3. gr.

Sérhver færsla í rafrænu bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi skeytum sem rekja má til viðskiptanna hvort sem uppruni þeirra er utan fyrirtækisins eða innan. Með fullnægjandi skeyti er átt við annars vegar ytri frumgögn sem verða til við móttöku skeytis frá viðskiptaaðila, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 145/1994, og hins vegar er átt við innri frumgögn sem eru skeyti sem verða til innan fyrirtækisins, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 145/1994. Skeyti sem liggja til grundvallar viðskiptum þegar svo háttar til um að bókhaldsskyldan hvílir eingöngu á seljanda vöru og þjónustu teljast vera innri frumgögn í þessu sambandi.

Skeytin skulu bera sömu upplýsingar og fram eiga að koma á hefðbundnum fylgiskjölum.

Gagnadagbók.

4. gr.

Öll skeyti sem rekja má til viðskipta milli aðila skal skrá í sérstaka dagbók, sem nefnist gagnadagbók.

Gagnadagbók skal vera tvískipt. Annars vegar skal vera gagnadagbók sem tekur við öllum innsendum skeytum til fyrirtækisins og hins vegar gagnadagbók sem tekur við öllum skeytum sem uppruna sinn eiga í fyrirtækinu. Heimilt er að skipta hvorri gagnadagbók upp eftir tegund skeyta sem móttakin eru eða send eða eftir tilteknum tímabilum. Skeytin skulu geymd í tímaröð og fá númer í samfelldri röð.

Innihaldi gagnadagbókar má ekki vera unnt að breyta eða eyða.

Skráning sendra og móttækinnna skeyta.

5. gr.

Skeyti sem fela í sér upplýsingar um viðskipti sem ber að skrá í bókhald sendanda sem og móttakanda, skulu mynda fylgiskjöl bókhaldsins og falla inn í viðkomandi fylgiskjalaröð. Á auðveldan hátt skal vera unnt að tengja skeyti í gagnadagbókinni við fylgiskjal bókhaldsins. Á læsilegan hátt skal vera unnt að birta á skjá bæði skeytin og færslurnar og prenta þær eftir þörfum.

Rafrænn sölureikningur skal auk númers í gagnadagbók og sem fylgiskjal í bókhaldi fá númer í samfelldri númeraröð. Þetta númer skal ávallt koma fram í gagnadagbók og á rafrænu fylgiskjali bókhalds, bæði hjá sendanda og móttakanda svo og á prentuðu eintaki hans.

Hvenær skeyti telst skráð.

6. gr.

Skeyti, sbr. 5. gr., telst vera skráð í bókhald viðkomandi aðila þegar færsla þess hefur áhrif á niðurstöðu reikninga í bókhaldinu.

Leiðréttingar.

7. gr.

Eftir að færsla í bókhald skv. 6. gr. hefur átt sér stað er óheimilt að breyta eða eyða færslunni. Þurfi að gera breytingu eða leiðréttingu á færslu skal það gert með annarri færslu með vísan til sérstaks fylgiskjals.

Aðgangur að gögnum.

8. gr.

Allir þeir sem hafa aðgang að rafrænu bókhaldi og hafa heimild til að senda eða taka á móti skeytum sem verða fylgiskjöl í bókhaldinu eða skrá í bókhaldið þær færslur sem verða til vegna viðskipta sem rekja má til skeyta, sbr. 5. gr., skulu hafa sérstakt auðkenni þannig að rekja megi hverja færslu til upprunans, þ.e. hvar og hvenær færsla er gerð og á hvers ábyrgð.

Starfsmönnum, þ.m.t. kerfisstjóra, sem vinna við kerfisþróun, forritun og uppsetningu rafræns bókhaldskerfis þ. á m. kerfis vegna gagnasendinga, er óheimilt að annast hvers konar verkefni sem snerta færslu gagna inn í kerfið, þ. á m. gagna vegna gagnasendinganna. Verði þessu ekki komið við vegna smæðar fyrirtækisins skal það liggja fyrir skriflega í gögnum þess.

II. KAFLI

Um geymslu rafrænna fylgiskjala og bókhalds.

Geymslutími rafrænna gagna.

9. gr.

Rafrænt bókhald og rafræn fylgiskjöl þess skulu geymd í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Sömu ákvæði gilda um varðveislu gagnadagbóka.

Varðveisla gagnamiðla.

10. gr.

Gagnamiðil skal geyma með tryggilegum hætti, þannig að læsileiki hans sé tryggður til loka geymslutímans og með einföldum hætti sé fljótlegt að finna færslur á honum þegar á þarf að halda.

III. KAFLI

Lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

Kröfur til hugbúnaðar og seljanda hans.

11. gr.

Hver sá sem selur bókhaldskerfi til færslu rafræns bókhalds, þ.á m. hugbúnað vegna gagnaflyttings þ.e. vegna móttöku og sendingar skeyta á milli gagnavinnslukerfa og skráningar í gagnadagbók, skal láta fylgja sölunni ítarlegar upplýsingar um hugbúnaðinn, hvernig hann vinnur og um þá eftirlitsþætti sem hann hefur upp á að bjóða til að stemma af, sannprófa, stýra vinnslu gagna og endurskoðun þeirra.

Hugbúnaðurinn skal uppfylla þau skilyrði sem fram koma í reglugerð þessari til að bókhaldið sé fært í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju [og skal yfirlýsing seljanda eða hönnuðar hugbúnaðarins þess efnis liggja fyrir í bókhaldsgögnum notanda]¹⁾.

Tryggja skal að unnt sé að rekja feril gagna gegnum bókhaldskerfið og hvorki sé hægt að breyta eða eyða færslum né skeytum.

Í rafrænu bókhaldskerfunum skal m.a. vera unnt að sjá í einstökum færslum auðkenni þess sem skráði færslu, auðkenni þeirrar útstöðvar sem færsla var skráð á, dagsetningu og tíma skráningar og fylgiskjalanúmer færslu. Einnig þarf að vera hægt að sjá forsendur kerfisins, m.a. vegna ýmissa sjálfvirkra vinnslna, t.d. vegna einstakra tegunda bókhaldsreikninga sem kalla á sjálfvirkan útreikning fjárhæða og skiptingu þeirra á milli reikninga, auk þess sem unnt skal að sjá hvenær forsendum hefur verið breytt. Skrár skal vera hægt að prenta á einstökum vinnslustigum til að staðfesta innihald þeirra.

1) Sjá 1. gr. reglugerðar nr. 15/2001.

Tengsl rafrænna bókhaldskerfa.

12. gr.

Þar sem hugbúnaður bókhaldskerfis byggist á sjálfvirku gagnaflæði milli fjárhagsbókhalds og undirbókhaldskerfa skal undirbókhaldið tengjast fjárhagsbókhaldinu með reglubundnum hætti um tiltekna bókhaldsreikninga sem ekki eru nýttir í öðrum tilgangi, hvort sem reikningarnir varða tekjur eða gjöld, eignir eða skuldir.

Þar sem gagnavinnslukerfi byggjast á sjálfvirku gagnaflæði yfir í bókhaldskerfi skal tryggja rekjanleika á milli gagnavinnslukerfa á einfaldan hátt.

Öryggisafrit.

13. gr.

Öryggisafrit skal taka af rafrænt færðu bókhaldi og öllum rafrænt færðum fylgiskjöllum þess svo og gagnadagbók reglulega samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum og í samræmi við umfang viðskiptanna. Verklagsreglur þessar skulu liggja fyrir í gögnum bókhaldsins. Skal öryggisafritið varðveitt á tryggan og öruggan hátt aðskilið frá frumgögnum bókhaldsins. Það skal staðfest að hægt sé að endurbyggja gögnin með öryggisafritunum. Að loknu reikningsári skal taka a.m.k. eitt heildarafrit af öllum gagnaskrár er snerta bókhaldið og það skal geymt á öruggum stað aðskilið frá bókhaldinu og bókhaldsgögnum.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Eftirlit.

14. gr.

Eftirlitsaðilar bókhalds og aðrir þeir sem eiga rétt á upplýsingum úr bókhaldi, skulu hafa hindrunarlausan og ókeypis aðgang að nauðsynlegum hjálpartækjum til afnota hjá hinum bókhaldsskylda aðila til að finna og lesa færslur og gögn úr rafrænum bókhaldskerfum.

Öryggisafrit, sbr. 13. gr., skulu vera aðgengileg eftirlitsaðilum á hverjum tíma.

Viðurlög.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. IV. kafla laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 42. gr. laga um bókhald, öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 600/1999, um færslu og geymslu lausblaðabókhalds.

Geymslubindi.

1. gr.

Þegar bókhaldsbækur eru færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu bóka-, korta-, eða lausblaðakerfi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, skal gögnum og prentuðum listum bókhaldsins, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna, raðað í skipulagða röð og þau innbundin, heft eða á annan hátt lögð í geymslubindi.

Þá er þeim heimilt sem færa bókhald í samræmi við 1. mgr. að gera reikningsyfirlit eða jöfnuð í lok hvers bókhaldstímabils, sbr. 18. gr. laga nr. 145/1994, á laus yfirlitsblöð í stað færslu í innbundna og tölusetta aðalbók. Reikningsyfirlitið skal a.m.k. bera með sér það tímabil, sem það tekur til, og númer og jöfnuð hvers bókhaldsreiknings. Reikningsyfirlitum skal raðað jafnóðum í skipulega röð og þau innbundin, heft eða á annan hátt fest í geymslubindi.

Um fylgiskjöl.

2. gr.

Útgáfa fylgiskjala, þ.m.t. útgáfa tekjuskráningargagna, bókhaldsskyldra aðila sem ekki eru með virðisaukaskattskylda starfsemi skal hagað samkvæmt ákvæðum reglugerðar um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila sem gefin er út skv. lögum nr. 50/1988, eftir því sem við á.

Um geymslu gagna.

3. gr.

Þegar bókhaldsskyldur aðili flytur bókhald og/eða fylgiskjöl bókhaldsins á örfilmur, skannar bókhald og/eða fylgiskjöl þess á geisladisk eða á annan sambærilegan búnað, sem ekki er unnt að vinna með í gagnavinnskerafi skal samanlagður geymslutími frumgagna og hins nýja geymslumiðils eigi vera skemmri en 7 ár frá lokum þess reikningsárs er gögnin tilheyra. Eigi má farga frumgögnum sem flutt hafa verið á geymslumiðil fyrir en einu ári eftir lok viðkomandi reikningsárs, enda liggja þá fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

Tryggt skal að allar upplýsingar sem fram koma í gögnum þeim sem flutt eru á geymslumiðilinn komi þar fram og upplýsingarnar séu óumbreytanlegar. Strax skal kannað hvort geymslumiðillinn sé læsilegur, réttur og ógallaður. Ef sú er ekki raunin, skulu frumgögn geymd á venjulegan hátt Þar til fullnægjandi geymslukröfum er náð.

Aðferðir við flutning gagna og geymslu miðilsins skulu fyrirfram skipulagðar og fyrir skal liggja skrifleg lýsing á þeim. Skulu koma fram upplýsingar um hvar og hvenær flutningur gagna hefur farið fram, á hvaða geymslumiðli gögnin er að finna og skal það staðfest eða vottað af þeim sem ábyrgð bera á flutningnum.

Öryggisafrit.

4. gr.

Taka skal öryggisafrit af geymslumiðlum, sbr. 3. gr. samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum. Verklagsreglur þessar skulu liggja fyrir í gögnum bókhaldsins. Skal öryggisafritið varðveitt á tryggan og öruggan hátt aðskilið frá öðrum gögnum bókhaldsins.

Eftirlit.

5. gr.

Eftirlitsaðilar bókhalds og aðrir þeir sem eiga rétt á upplýsingum úr bókhaldi, skulu hafa hindrunarlausan og ókeypis aðgang að nauðsynlegum hjálpartækjum til afnota hjá hinum bókhaldsskylda aðila til að finna og lesa færslur og gögn sem flutt hafa verið á geymslumiðil, sbr. 3. gr.

Öryggisafrit, sbr. 4. gr., skulu vera aðgengileg eftirlitsaðilum á hverjum tíma.

Viðurlög.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingum skv. IV. kafla laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Gildistaka.

7. gr.

Reglugerð Þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 42. gr. laga um bókhald, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 417/1982, um bókhald.

Reglugerð

nr. 684/1999, um sprengiefni, sbr. reglugerð nr. 161/2007, 847/2007 og 1000/2009 um breytingu á henni.

I. KAFLI

Skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Skilgreiningar.

Sprengiefni: Fast eða fljótandi efni eða efnablanda, sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni, svo sem hvellhettur og kveikiþræðir.

Markaðssetning: Fyrsta afhending sprengiefnis gegn greiðslu eða án endurgjalds, í því skyni að dreifa því og/eða nota það hér á landi eða í öðru ríki sem aðild á að Evrópska efnahagssvæðinu.

Rekstaraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem hefur leyfi eða heimild til að framleiða, geyma, nota eða færa til sprengiefni eða stunda viðskipti með sprengiefni.

Tilflutningur: Öll tilfærsla á sprengiefni innan yfirráðasvæðis þeirra ríkja sem aðild eiga að Evrópska efnahagssvæðinu, að undanskildum tilflutningi innan sömu lóðar.

Sprengiefnageymsla: Lokað rými til geymslu á sprengiefni.

Sprengistjóri: Sá er fengið hefur réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu.

Tilskipun 93/15/EBE: Tilskipun ráðsins nr. 93/15/EBE frá 5. apríl 1993 um samþæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota.

[Þær vörur sem getið er um í viðauka VII við reglugerðina teljast annaðhvort vera skoteldar eða sprengiefni. Leiki vafi á undir hvorm flokkinn vörur falla þá sker ríkislögreglustjóri úr, að fenginni umsögn Vinnueftirlitsins.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 161/2007.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um framleiðslu, geymslu og flutning sprengiefnis, þ.á m. lestun og losun, svo og um kaup, notkun, förgun, verslun og inn- og útflutning sprengiefnis. Reglugerðin gildir einnig um tæki og efni sem notuð eru við hverskyns meðferð sprengiefnis.

Undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar eru:

- a. sprengiefni í eigu landhelgisgæslu og lögreglu,
- b. [framleiðsla og geymsla flugelda og]¹⁾
- c. flutningur sprengiefnis í skipum og flugvélum.

Geymsla og notkun sprengiefnis um borð í skipum fellur undir ákvæði reglugerðarinnar, svo og notkun sprengiefnis við köfun frá skipum og landi.

Ríkislögreglustjórinn úrskurðar ef vafi leikur á hvort sprengiefni eða tæki og búnaður falli undir gildissvið reglugerðarinnar.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 1000/2009.

II. KAFLI

Markaðssetning.

3. gr.

Gerðarviðurkenning.

Óheimilt er að markaðssetja eða hafa undir höndum sprengiefni sem ekki hafa hlotið gerðarviðurkenningu og bera CE-samræmismerki samkvæmt 4. gr. Viðurkennd sprengiefni skulu standast grunnkröfur þær sem tilgreindar eru í viðauka I.

Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir sprengiefni hér á landi. Umsókn um viðurkenningu skulu fylgja nauðsynleg gögn frá framleiðanda og viðurkenndum prófunarstofnunum um eiginleika efnanna. Við viðurkenningu skal farið eftir þeirri aðferð sem tilgreind er í viðauka II við tilskipun ráðsins nr. 93/15/EBE.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má viðurkenna sprengiefni til tiltekinna takmarkaðra nota hér á landi samkvæmt ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins.

Sprengiefni sem hlotið hafa viðurkenningu í öðru ríki til notkunar á Evrópska efnahags-svæðinu eru sjálfkrafa viðurkennd til notkunar hér á landi. Sprengiefni sem framleidd eru eftir samræmdum evrópskum staðli skulu enn fremur hljóta viðurkenningu, enda teljist slíkir staðlar standast grunnkröfur viðauka I.

Hráefni, sem ekki eru ein sér flokkuð sem sprengiefni, en ætluð eru til framleiðslu sprengiefnis á vegum þeirra sem annast sprengingar, eru viðurkenningarskyld á sama hátt og sprengiefni, t.d. ammóníumnítrat.

4. gr.

CE-samræmismerkið og hættuflokkun.

Viðurkennd sprengiefni skulu bera CE-samræmismerkið, sbr. viðauka II. CE-merkingin skal, á sýnilegan, auðlæsilegan og óafmáanlegan hátt, fest á sprengiefnin sjálf eða, verði ekki hjá því komist, á merkiplötu sem fest er við þau. Verði merkingin ekki fest með framangreindum hætti er heimilt að festa hana á umbúðirnar. Merkiplatan skal vera þannig gerð að hún verði ekki notuð á ný.

Sprengiefni skal flokkað í hættuflokka og aðskilnaðarflokka í samræmi við leiðbeiningar sérfræðinganeftdar Sameinuðu þjóðanna um flutning hættulegra efna.

5. gr.

Afturköllun gerðarviðurkenningar.

Vinnueftirlit ríkisins getur afturkallað viðurkenningu sprengiefnis ef í ljós kemur að upplýsingar sem lagðar voru til grundvallar viðurkenningunni hafa ekki verið fullnægjandi eða meiri hætta fylgir notkun efnisins en fyrirsjáanlegt var.

III. KAFLI

Umbúðir og merking.

6. gr.

Umbúðir.

Umbúðir um sprengiefni skulu hafa nægan styrk til að þola hnjask sem varan kann að verða fyrir við eðlilega meðferð, flutning og geymslu.

Umbúðir skulu þannig gerðar og vera úr þannig efnum að ekki sé hætta á að snerting innihaldsins við yfirborð umbúðanna að innanverðu leiði til hættu á sprengingu eða bruna. Umbúðir skulu enn fremur þannig gerðar að ekki sé hætta á að innihaldið hreyfist við flutning og meðferð svo að hætta stafi af.

7. gr.

Merking umbúða.

Varnaðarmerki og varnaðarorð á íslensku skulu vera hlið við hlið á ystu umbúðum, greinilega aðskilin frá annarri merkingu.

Ystu umbúðir skulu greinilega merktar með tækniheiti efnisins, eða vöruheiti ef um þekkt vörumerki er að ræða. Enn fremur skal varan merkt með skráningarnúmeri (SP-númeri) því sem sérfræðinefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um flutning á hættulegum efnum, hefur ákveðið.

Á ystu umbúðum skal vera ferhyrnt varúðarmerki a.m.k. 10 sm á hverja hlið, rauðgult að lit með svörtu lettri, sbr. viðauka III. Á varúðarmerki skal tiltaka hættuflokk og aðskilnaðarflokk efnisins auk upplýsinga um flutningstakmarkanir ef við á.

Á ystu umbúðum skal tilgreind eigin þyngd vörunnar, heildarþyngd að umbúðum meðtöldum og framleiðsludagur.

Merkingar, sem fjallað er um í 1.-4. mgr., skulu einnig vera á innri umbúðum ef slíkt er nauðsynlegt til að tryggja örugga meðferð efnisins.

8. gr.

Öryggisleiðbeiningar.

Þegar sprengiefni er afhent skulu fylgja því öryggisleiðbeiningar á íslensku í samræmi við ákvæði reglna um öryggisleiðbeiningar við afhendingu hættulegra efna.

IV. KAFLI

Framleiðsla, innflutningur og verslun.

9. gr.

Framleiðsla.

Með framleiðslu er átt við hverskyns aðgerðir sem leiða til myndunar sprengiefnis, svo og pökkun efnisins og annan frágang. Blöndun ammóníumnítrats og olíu telst framleiðsla sprengiefnis.

Framleiðsla sprengiefnis er óheimil nema með leyfi [lögreglustjóra]¹⁾, sbr. þó 3. mgr. Framleiðslustaður skal auk þess háður samþykki Brunamálastofnunar ríkisins og búnaður og framleiðsluaðferðir skulu háðar samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt einstaklingum, sem öðlast hafa leyfi til að fara með sprengiefni, heimild til að framleiða sprengifima blöndu ammóníumnítrats og olíu á sprengistað, enda geri þeir nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Óheimilt er að flytja slíkt sprengiefni til annarra staða nema með sérstöku leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

Blöndun ammóníumnítrats skal fara fram í a.m.k. 60 m fjarlægð frá sprengiefnageymslu. Vinnueftirlit ríkisins getur þó heimilað minni fjarlægð í einstökum tilvikum ef aðstæður krefjast þess.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [847/2007](#).

10. gr.

Innflutningur, sala og heildsala.

Innflutningur, sala og heildsala sprengiefnis er óheimill nema með leyfi [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾. Slíkt leyfi má aðeins veita þeim sem fullnægir ákvæðum a. og b. liða 30. gr. um kunnáttu í meðferð sprengiefna og hefur yfir að ráða fullnægjandi geymslu fyrir sprengiefni samkvæmt VI. kafla, enda uppfylli hann ákvæði annarra laga og reglna sem varða reksturinn. Leyfin skulu gilda til allt að 5 ára í senn.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. skal jafnframt gilda sem tilflutningsleyfi samkvæmt 9. gr. tilskipunar 93/15/EBE. Skal leyfið þá staðfest á þar til gerðum eyðublöðum sem innflytjandi skal senda lögbærum yfirvöldum í þeim löndum Evrópska efnahagssvæðisins sem efnið fer um.

Þeir sem hyggjast flytja til Íslands sprengiefni til eigin nota og hafa ekki leyfi samkvæmt 1. mgr. skulu afla til þess sérstaks tilflutningsleyfis, enda uppfylli þeir ákvæði a-, b- og c-liða 30. gr. Vinnueftirlit ríkisins gefur út tilflutningsleyfi og tilkynnir lögreglustjórum þeirra umdæma sem efnið fer um. Þeir sem hyggjast flytja sprengiefni frá Íslandi til áfangastaðar í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu á sama hátt afla sér tilflutningsleyfis hjá þarlandu lögbæru yfirvaldi.

Heildsalar skulu ársfjórðungslega senda Vinnueftirlitinu upplýsingar um tegund og magn selds sprengiefnis, hvellhettna og kveikjuþráðar.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. [847/2007](#).

11. gr.

Sala til notenda.

Sprengiefni má aðeins selja þeim, sem fengið hefur leyfi lögreglustjóra til að kaupa það og hafa í sinni vörslu. Óheimilt er að afhenda sprengiefni nema gegn framvísun leyfisins.

Ef kaupandi er lögaðili skal hann tilnefna einn starfsmann sinn sem sérstakan ábyrgðarmann til að hafa umsjón með vörslu efnisins og skal ábyrgðarmaður fullnægja skilyrðum a- liðar 30. gr.

Umsókn um leyfi til kaupa á sprengiefni skal fylgja yfirlýsing viðkomandi einstaklings um að hann taki að sér hlutverk ábyrgðarmanns ásamt staðfestingu forráðamanns fyrirtækisins.

Láti ábyrgðarmaður af störfum eða geti hann ekki sinnt starfi sínu lengur, skal þegar í stað tilnefna annan ábyrgðarmann. Að öðrum kosti telst leyfi skv. 1. mgr. fallið úr gildi.

Ábyrgðarmaður skal tryggja að flutningur og geymsla sprengiefnis, sem og birgðaskráning í fyrirtæki hans, sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Sá sem hefur leyfi til kaupa á sprengiefni skal hafa yfir að ráða fullnægjandi geymslu samkvæmt ákvæðum VI. kafla.

Sá sem hefur leyfi til kaupa á sprengiefni öðlast jafnframt rétt til tilflutnings sprengiefnis í samræmi við 9. gr. tilskipunar 93/15/EBE, enda sé magn efnis í hverjum flutningi ekki yfir 50 kg og leyfishafi annist hann sjálfur.

V. KAFLI

Búnaður við framleiðslu, geymslu, sölu eða notkun sprengiefnis.

12. gr.

Búnaður.

Við framleiðslu og notkun sprengiefnis er einungis heimilt að nota vélar, áhöld og annan búnað sem viðurkenndur er af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt nánari reglum er það setur.

Búnaður sem hlotið hefur viðurkenningu til notkunar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins telst viðurkenndur á Íslandi.

VI. KAFLI

Geymsla sprengiefnis.

13. gr.

Flokkun, samþykki og tilkynningarskylda.

Sprengiefnageymslur skiptast í þrjá flokka:

1. flokkur: Færanlegar sprengiefnakistur fyrir minni forða, allt að 50 kg sprengiefnis, 100 hvellhettur og 100 m af sprengiþræði.
2. flokkur: Færanlegar sprengiefnageymslur, t.d. gámar.
3. flokkur: Staðbundnar sprengiefnageymslur, t.d. geymslur heildsala, skipafélaga, hafna eða bæjarfélaga.

Geymslur í 1. og 2. flokki skulu viðurkenndar af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt nánari reglum sem stofnunin setur.

Óheimilt er að koma fyrir færanlegri sprengiefnageymslu án leyfis lögreglustjóra í umdæminu, sem tilkynnir það hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra og Vinnueftirliti ríkisins. Í umsókn skal tilgreina áætlað magn sem fyrirhugað er að geyma.

Hönnun og staðsetning geymslna í 3. flokki skal samþykkt af Brunamálastofnun ríkisins.

14. gr.

Almenn ákvæði.

Sprengiefnageymsla skal þannig gerð, innréttuð og staðsett, að ekki skapist sérstök hættu á bruna eða sprengingu og að tryggt sé að sprengiefni komist ekki í hendur óviðkomandi.

Sprengiefni skal ávallt geymt í viðurkenndri sprengiefnageymslu. Laust sprengiefni skal tafarlaust flutt í viðurkennda geymslu, t.d. ef hlé verður á framkvæmdum á vinnusvæði. Sprengi-

efnakistur skal geyma í sprengiefnageymslu eða innanhúss í rammlega læstu rými sem óviðkomandi hafa ekki aðgang að.

Sprengiefnageymslur skulu ávallt rammlega læstar þegar ekki er verið að ganga um þær.

15. gr.

Um gengnisreglur í og við sprengiefnageymslur.

Reykingar, meðferð opins elds og radíósenda í sprengiefnageymslum og í grennd við þær er bönnuð.

Við geymslu eða aðra meðhöndlun skal sprengiefni vera í upprunalegum umbúðum frá framleiðanda eða búið um það á annan jafntryggan hátt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Önnur vinna en sú sem varðar meðhöndlun og umbúnað sprengiefnis má ekki fara fram í sprengiefnageymslu. Óheimilt er að geyma þar önnur tæki og búnað sem tilheyra sprengivinnunni, t.d. mælitæki, hnalla og þess háttar.

16. gr.

Merkingar geymslna og aðskilnaður sprengiefna.

Sprengiefnageymslur í flokki 3 skulu rammlega girtar af. Hlið með traustri læsingu skal vera á girðingu. Sama gildir um sprengiefnageymslur í flokki 2 sem settar eru niður á sama stað í 12 mánuði eða lengur, t.d. í tengslum við verklegar framkvæmdir.

Á girðingum og geymslum skulu vera greinilegar merkingar og viðvaranir um hættu af völdum sprengiefna.

Við geymslu sprengiefna skal gæta þess að reglum um aðskilnað sprengiefna sé framfylgt. Einungis má geyma þau efni saman sem eru í sama aðskilnaðarflokki, sbr. 2. mgr. 4. gr.

17. gr.

Öryggisfjarlægðir.

Sprengiefni skal geyma í öruggri fjarlægð frá híbýlum manna og frá stöðum þar sem gera má ráð fyrir að fólk dveljist eða komi saman og frá mannvirkjum, umferðargötum og þjóðvegum. Til viðmiðunar eru þær fjarlægðir sem settar eru fram í viðauka IV.

Um öryggisfjarlægðir milli sprengistaðar og háspennulína og radíósendibúnaðar gilda ákvæði viðauka IV.

Lögreglustjóri getur í samráði við slökkviliðsstjóra heimilað frávik frá þessum viðmiðunum þegar sérstaklega stendur á.

18. gr.

Birgðabókhald.

Sá sem hefur með höndum sprengiefni skal, í þar til gerðri rekstrardagbók, halda nákvæmt birgðabókhald, þar sem fram kemur magn móttekens sprengiefnis, tilflutningur efnis milli geymslna, notað efni og magn sem tiltækt er í hverri sprengiefnageymslu.

Ábyrgðarmaður samkvæmt 2. mgr. 11. gr. skal tryggja að farið sé að ákvæðum 1. mgr.

Rekstrardagbók skal sýnd lögreglu eða Vinnueftirliti ríkisins þegar þess er óskað.

VII. KAFLI

Flutningur á landi.

19. gr.

Tilhögun flutnings.

Auk ákvæða reglugerðarinnar gildir um flutning sprengiefnis á landi reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

Um vörslu sprengiefnis á flutningsmiðstöðvum gilda ákvæði VI. kafla.

Hvellhettur skulu ávallt fluttar í traustum umbúðum til að koma í veg fyrir ótímabæra sprengingu.

Ekki er heimilt að flytja sprengiefni með öðrum hættulegum efnum í sama ökutæki eða með annarri vöru ef slíkt eykur hættu á bruna eða sprengingu.

Einungis er heimilt að flytja í sama ökutæki sprengiefni sem fullnægja skilyrðum um aðskilnaðarflokkun samkvæmt viðauka V.

Þá skulu leyfi sem nauðsynleg eru, sbr. 2. og 3. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 21. gr., vera fyrir hendi, auk fyrirmæla lögreglustjóra ef við á, sbr. 23. gr.

20. gr.

Ökutæki.

Ökutæki sem notað er til flutnings á sprengiefnum skal vera í góðu ástandi og fullnægja öllum ákvæðum umferðarlaga og reglna um gerð og búnað ökutækja. Ef flutt er meira en 50 kg af sprengiefni, að umbúðum undanskildum, skal ökutæki vera viðurkennt fyrir slíkan flutning í samræmi við reglugerð um flutning á hættulegum farmi. Eigandi, notandi og ökumaður ökutækis sem flytur sprengiefni eru, hver um sig, ábyrgir fyrir því að ökutækið standist þær kröfur sem gerðar eru.

21. gr.

Flutningsleyfi, takmarkanir o.fl.

Óheimilt er að flytja milli staða innanlands meira en 50 kg sprengiefnis með sama ökutæki nema til komi leyfi lögreglustjóra á áfangastað. Þegar um er að ræða flutning á landi skal lögreglustjóri tilkynna um flutninginn og hafa samráð við lögreglustjóra þeirra umdæma sem flutningurinn fer um, varðandi kröfur eða fyrirmæli sem flutningsaðila eru settar, sbr. 23. gr. Skal slíks getið í leyfisbréfi.

Heimilt er að flytja með ökutæki allt að 50 kg af sprengiefni með Sameinuðu þjóða númer 0081, 0082, 0084, 0241, 0331, 0332 og 0482 samkvæmt flokkun Sameinuðu þjóðanna án þess að uppfylla öll skilyrði reglugerðar um flutning á hættulegum farmi. Við slíkan flutning skal fylgja farmbréf, vottorð sendanda og a. m. k. eitt 2 kg slökkvitæki. Umbúðir skulu vera viðurkenndar og merktar og fara skal eftir samlestunarákvæðum í viðauka V.

Innan athafnasvæðis þar sem önnur umferð fer ekki fram er heimilt að flytja samtímis í ökutæki milli sprengiefnageymslu og sprengistaðar 500 kg af sprengiefni með efnisnúmer 4 og allt að 1000 hvellhettur með efnisnúmer 1. Sprengiefni og hvellhettum skal haldið aðskildu með öryggiskistu eða lokuðu rými þannig að tryggt sé að fjarlægðin á milli þeirra verði aldrei minni en 1 m.

Óheimilt er að flytja sprengiefni með hópþreifriðum og öðrum samgöngutækjum sem samtímis eru notuð til fólksflutninga á landi.

22. gr.

Merking ökutækis.

Ökutæki sem flytur meira en 50 kg af sprengiefni skal merkt að framan og aftan með appelsínugulu hættuskilti 300 x 400 mm að stærð. Á skiltinu skal vera 15 mm breið svört rönd á jaðri. Þar að auki skal merkja ökutæki á báðum hliðum og að aftan með varúðarmerki samkvæmt gildandi reglum um flutning hættulegs farms á vegum.

23. gr.

Flutningsleiðir.

Til að draga úr hættu á óhöppum við flutning sprengiefnis geta lögreglustjórar gefið fyrir-mæli um flutningsleiðir, flutningstíma, hámarks magn sprengiefnis, lögreglufylgd og önnur þau atriði sem þeir telja nauðsynleg til að tryggja nægjanlegt öryggi við flutninginn.

Sá sem annast flutning sprengiefnis skal gera lögreglustjóra viðvart með hæfilegum fyrirvara ef fyrirhugað er að flytja óvenjumikið magn sprengiefnis eða sprengiefni sem sjaldan er flutt með ökutækjum og sérstök hætta fylgir.

24. gr.

Stjórnandi ökutækis.

Stjórnandi ökutækis sem flytur sprengiefni skal hafa næga þekkingu á eiginleikum efnisins, meðhöndlun þess og þeim ráðstöfunum sem gera skal ef óhapp verður eða eldur kemur upp. Ef flutt er meira en 50 kg af sprengiefni skal ökumaður hafa gilt vottorð um starfsþjálfun samkvæmt reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja hættulegan farm.

25. gr.

Lestun og losun.

Við lestun og losun sprengiefnis skal gætt ýtrustu varúðar. Tæki og áhöld sem notuð eru skulu vera þannig gerð að umbúðir vörunnar skemmist ekki og að ekki sé hætta á að varan falli af eða úr tækjunum.

Óheimilt er að taka við sprengiefni til flutnings nema það sé í umbúðum sem þola eðlilegt álag. Hafi umbúðir vörunnar skemmst þannig að hætta sé á að þær þola ekki flutninginn skal vörunni komið fyrir á öruggum stað og sendanda eða móttakanda gert viðvart.

Skorða skal sprengiefni sem flutt er með ökutæki þannig að það hreyfist ekki við flutning. Sprengiefni skal varið fyrir höggum og núningi og skal því þannig fyrir komið að ekki sé hætta á að umbúðir láti undan.

26. gr.

Flutningur í gámum.

Um flutning sprengiefnis í gámum fer samkvæmt reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

27. gr.

Flutningur í ökutæki.

Ökutæki sem flytur sprengiefni skal vera undir stöðugu eftirliti meðan á flutningi stendur. Meðferð opins elds og reykingar eru óheimilar í eða nærri ökutæki sem flytur sprengiefni.

28. gr.

Viðbrögð við óhöppum.

Verði óhapp við flutning sprengiefnis þannig að stöðva verði flutninginn skal óhappið þegar í stað tilkynnt næstu lögreglu- og slökkvistöð. Stafi umferð hætta af óhappinu skal hún stöðvuð.

Nú er ekki unnt að halda flutningi áfram með sama ökutæki og skal þá sprengiefnið fjarlægð af staðnum með ýrtruðu varúð og því komið fyrir með öruggum hætti.

VIII. KAFLI

Notkun sprengiefnis.

29. gr.

Réttindi til að annast sprengivinnu - sprengistjóri.

Enginn má fara með sprengiefni og annast sprengivinnu nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra samkvæmt 1. mgr. 27. gr. vopnalaga.

Lögreglustjóri veitir réttindi skv. 1. mgr. og gefur út skírteini til handa leyfishafa því til staðfestingar til 5 ára í senn. Þeim einum má veita slík réttindi sem framvísar vottorði Vinnueftirlits ríkisins um að hann hafi lokið tilskildu námi og staðist próf samkvæmt 30. gr.

Réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu eru tvenns konar:

A-réttindi: Gildir fyrir alla sprengivinnu.

B-réttindi: Gildir fyrir þá sérhæfðu og takmörkuðu notkun sprengiefnis sem tiltekin er í leyfinu, svo sem sprengingar í málmbraðsluofnum, sprengingar í rannsóknaskyni (jarðskorpu-mælingar) o.fl.

Lögreglustjóri tilkynnir Vinnueftirliti ríkisins um útgefin sprengiefnaréttindi.

Við endurnýjun réttinda skal umsækjandi leggja fram vottorð Vinnueftirlits ríkisins um hæfi umsækjanda og staðfestingu þess að hann hafi stundað sprengivinnu á síðastliðnum fimm árum. Fullnægi umsækjandi því ekki skal hann gangast undir próf samkvæmt b- og c- liðum 30. gr.

Sprengistjóri skal ávallt bera á sér skírteini við sprengivinnu og skal hann framvísa því þegar lögregla eða starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins óska þess.

30. gr.

Námskeið og próf.

Til að fá vottorð Vinnueftirlits ríkisins um næga kunnáttu til að annast sprengivinnu þarf að fullnægja þessum skilyrðum:

- a. vera orðinn 20 ára að aldri,
- b. hafa sótt námskeið sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir og staðist bóklegt próf,
- c. hafa staðist verklegt próf, sem prófdómari á vegum Vinnueftirlits ríkisins hefur lagt fyrir.

31. gr.

Skyldur og ábyrgð sprengistjóra.

Sprengivinna skal ávallt vera undir stjórn og á ábyrgð sprengistjóra.

Sprengistjóri ber ábyrgð á að sprengivinna sé framkvæmd á öruggan hátt. Hann ber einnig ábyrgð á að meðferð og notkun sprengiefnis og búnaðar, sem notaður er við sprengingar, sé í samræmi við gildandi reglur, svo og að farið sé eftir leiðbeiningum framleiðanda og fyrirmælum eftirlitsmanns.

Sprengistjóra er heimilt að fela manni, sem ekki hefur réttindi til að fara með sprengiefni, einstök verkefni við undirbúning sprengingar, enda hafi hann hlotið nauðsynlega tilsögn. Eftir að

hleðsla hefst og þar til skot hefur riðið af og gengið hefur verið úr skugga um að allar hleðslur hafi sprungið, skal sprengistjóri ávallt vera á sprengistað og tryggja að fyllsta öryggis sé gætt.

32. gr.

Meðferð sprengiefnis á sprengistað.

Sprengiefni og hvellhettur sem teknar hafa verið úr geymslu til notkunar skulu ávallt vera undir eftirliti og þannig fyrir komið að óviðkomandi hafi ekki aðgang að.

Sprengiefni og hvellhettur má ekki taka með sér inn í íbúðarhúsnæði, starfsmannarými eða vinnustað sem óviðkomandi er sprengivinnunni.

33. gr.

Rafkveikibúnaður og straumleiðslur.

Einungis skal nota viðurkenndan kveiki- og mælibúnað, sbr. 1. mgr. 3. gr. Við notkun skal þess gætt að allur búnaður henti þeirri gerð og þeim fjölda hvellhettna sem notaðar eru.

Í hverri hleðslu skulu allar hvellhettur vera af sömu gerð (frá sama framleiðanda) og í sama flokki.

Koma skal í veg fyrir að leiðslur verði fyrir togkrafti svo að hætta sé á að þær dragist út úr hvellhettum.

Þegar ætla má að hætta geti verið á ótímabærri sprengingu vegna straummyndunar í leiðslum skulu notaðar hvellhettur sem þurfa aukinn straumstyrk eða kveikibúnaður sem er ekki háður rafstraumi.

Til að koma í veg fyrir ótímabæra sprengingu þegar sprengt er nálægt háspennulínunum skal fylgja fjarlægðartakmörkunum í viðauka IV eða nota öryggishvellhettur sem tryggja að ekki verði ótímabær sprenging. Þess skal vandlega gætt að leiðslur og tengingar myndi hvergi samband við jörð og skulu tengingar og vírendar vandlega einangraðir í þessu skyni.

Við sprengivinnu og meðferð sprengiefnis og kveikibúnaðar skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu af völdum radiósenda. Minnsta fjarlægð milli sprengistaðar og sendibúnaðar skal vera samkvæmt viðauka IV, en auk þess skulu gerðar eftirfarandi varúðarráðstafanir:

- a. Þess skal vandlega gætt að leiðslur og tengingar myndi hvergi leiðandi samband við jörð og skulu tengingar og leiðsluendar vandlega einangraðir í þessu skyni.
- b. Leiðslunetið skal leggja sem næst lárétt, þ.e. í jafnri hæð, á jörðu eða yfir, og eins nálægt jörðu og kostur er.
- c. Einungis má nota hvellhettur með upphaflegri og óskertri leiðslulengd. Þó er heimilt að lengja leiðslur ef nauðsyn krefur. Séu leiðslur of langar skal brjóta þær varlega saman og stinga laust niður í borholu.
- d. Við sprengivinnu nær þjóðvegi eða umferðargötu en 10 m skal ávallt nota tregar hvellhettur í 2. eða 3. flokki.

Skot- og millileiðslur má ekki leggja á veggj sem í eru rafleiðslur. Fjarlægð frá vatnsrörum, þrýstiloftsleiðslum og þvúmlíku skal vera minnst 1 m. Endar skotleiðslu skulu einangraðir þar til þeir eru tengdir hleðslutæki.

Við sprengivinnu nærri háspennulínunum skal festa skot- og millileiðslur við jörð, svo að ekki sé hættu á að þær kastist yfir háspennulínuna við sprengingu.

Áður en skotleiðsla er tengd hleðslutæki skal mæla viðnám í leiðslunetinu með viðurkenndum viðnámsmæli. Við sprengivinnu þar sem vatn er í borholum eða berggrunnur leiðandi skal einnig mælt hvort leiðslunetið leiði í jörð áður en sprengt er.

Við alla tengivinnu skal þess sérstaklega gætt að óeinangraðir leiðsluendar komist ekki í snertingu við óviðkomandi hluti.

Óheimilt er að hlaða borholur og tengja hleðslur í þrumuveðri eða þegar slíku veðri er spáð.

34. gr.

Kveikibúnaður sem ekki flytur rafstraum.

Við notkun púðurkveikiþráða, sundrunarþráða eða annarra kveikiþráða sem ræsa hvellhettur og ekki eru rafknúnir, skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

35. gr.

Borun.

Borun má einungis framkvæma af sprengistjóra eða aðstoðarmanni undir eftirliti hans. Ef borun og hleðsla fer fram samtímis skal þess gætt að hafa örugga fjarlægð á milli borunar og hleðslu og aldrei minna en 5 metra. Aldrei má bora nær hlaðinni holu en 2 metra.

Áður en sprengivinna hefst skal sprengistjóri gera áætlun um það hvernig staðið skuli að borun og hleðslu. Eftirfarandi upplýsingar skulu að jafnaði koma fram í áætluninni:

- a. Þvermál hola.
- b. Bormynstur, forsetning og holubil.
- c. Dýpt borholu og undirborun miðað við jarðvegshæð eftir sprengingu.
- d. Halli og stefna borhola.
- e. Tegund og númer hvellhettna og fjöldi í hverri holu.
- f. Tilhögun tengingar.
- g. Gerð sprengiefnis og stærð túpa.
- h. Efni í forhlaði og lengd þess.
- i. Sprengiefnanotkun á rúmmetra bergs.
- j. Byrging.
- k. Grenndarkynning.
- l. Hættumat, sbr. 37. og 38. gr.
- m. Mælingar á bylgjuhraða ef við á, sbr. 3. mgr. 37. gr.
- n. Öryggisgæsla og viðvörðunarmerki.

Sprengistjóri skal ávallt hafa sprengiáætlun tiltæka á sprengistað og sýna hana eftirlitsmanni Vinnueftirlits ríkisins eða lögreglu þegar eftir því er leitað.

Sprengistjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. við námavinnslu, enda sé tryggt að hætta geti ekki stafað af sprengivinnunni.

36. gr.

Byrging.

Sprengistjóri skal sjá til þess að skotsvæði sé byrgt með sprengimottum eða öðru efni á fullnægjandi hátt, þannig að grjótt kastist ekki frá sprengistað.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sprengt er á víðavangi og fullvíst er, að mati sprengistjóra, að grjótflog geti ekki valdið tjóni.

37. gr.

Umhverfi, tjónvarnir og tjónaefirlit.

Áður en sprengivinna hefst skal gerð úttekt á því svæði þar sem ætla má að tjón geti orðið vegna framkvæmdanna. Skoða skal byggingar og mannvirki í samráði við eigendur þeirra þannig að hægt verði að fá úr því skorið hvort tjón hafi orðið vegna sprengiframkvæmdanna eða ekki.

Þegar sprengt er nærri mannvirkjum skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir skemmdir, t.d. nota hvellhettur með tímaseinkun. Við það skal miðað að bylguhraði fari ekki yfir þau mörk sem tilgreind eru í viðauka VI.

Ef hætta er talin á að mannvirki geti orðið fyrir skemmdum skal sá er ábyrgð ber á sprengivinnu setja upp titringsmæla af viðurkenndri gerð í eða við þau mannvirki sem í hættu kunna að vera, í samráði við eigendur þeirra.

38. gr.

Öryggisgæsla, viðvaranir og grenndarkynning.

Sprengistjóri skal fyrir skot gera ráðstafanir sem tryggja að enginn dveljist á eða ferðist um það svæði umhverfis sprengistað, þar sem ætla má að hætta skapist. Setja skal upp merkingar sem vara við hættu sé slíkt nauðsynlegt til að koma boðum til óviðkomandi. Skömmu fyrir skot skal gefið hljóðmerki til merkis um að skot sé yfirvofandi.

Þegar ætla má að sprengivinna geti valdið íbúum í nálægri byggð ónæði skal þeim gert viðvart.

39. gr.

Skot.

Skot skal framkvæma strax að lokinni hleðslu, þegar nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar. Aftengja skal skothleðslu frá skothnalli strax að skoti loknu. Sprengistjóri skal ganga úr skugga um að skot hafi tekist vel og að öruggt sé að hefja vinnu á sprengistað að nýju.

Ef ætla má að hluti hleðslna hafi ekki sprungið við skot skal sprengistjóri sjá til þess að allir séu varaðir við, sem í hættu kunna að vera. Ef rafkveikjur eða nonelkveikjur springa ekki skal bíða í 10 mínútur áður en athugun á sprengisvæðinu fer fram. Hafi púðurþráður verið notaður skal biðtími vera 30 mínútur. Vakta skal sprengisvæðið þar til ósprungnum hleðslum hefur verið eytt.

40. gr.

Óvenjuleg sprengivinna.

Ef um er að ræða óvenjulega sprengivinnu, svo sem sprengingar neðansjávar, sprengiformun málma, sprengingar í málmbraðsluofnum, sprengingar vegna vísindarannsókna, snjóflóðavarna, ísstíflulosunar o.s.frv., skal unnið eftir skriflegri verklýsingu þar sem meðal annars komi fram nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna og annarra.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

41. gr.

Refsingar.

Brot á reglum þessum varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum nema þyngri refsing liggji við lögum samkvæmt.

42. gr.

Eignaupptaka.

Gera má upptækt til ríkissjóðs sprengiefni sem flutt hefur verið til landsins eða framleitt hefur verið hér á landi án heimildar. Með sama hætti er heimilt að gera upptækt sprengiefni sem finnst vörslulaust eða í vörslu manns án heimildar samkvæmt lögum eða reglugerð þessari.

Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

43. gr.

Afturköllun leyfa.

Leyfi samkvæmt reglugerð þessari getur leyfisveitandi afturkallað ef eigi teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, ef leyfishafi hefur eigi farið eftir settum fyrirætlum eða ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni eða tæki sem leyfið tekur til.

Þegar um er að ræða leyfi til notkunar og meðferðar á sprengiefni skal lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfishafi á lögheimili taka ákvörðun um leyfissviptingu, án tillits til þess hvar leyfið var upphaflega gefið út.

Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla leyfi til bráðabirgða án þess að með mál sé farið samkvæmt reglum stjórnsslulaga enda sé hætta á tjóni fyrir menn eða muni. Eftir að afturköllun til bráðabirgða hefur farið fram skal leyfisveitandi við endanlega ákvörðun fara eftir reglum stjórnsslulaga.

44. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998, svo og með hliðsjón af XXIX. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 93/15/EBE), öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sprengiefni, nr. 497 12. ágúst 1996.

Þau ákvæði reglugerðarinnar er varða öryggi starfsmanna á vinnustöðum eru ennfremur sett í samræmi við samþykkt stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 38. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980.

EB gerðin sem vísað er til er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 3, bls. 663-679.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem hafa gild réttindi, sem aflað hefur verið í samræmi við ákvæði 25. og 26. gr. laga um skotvopn, skotelda og sprengiefni nr. 46 13. maí 1977, skulu við endurnjun réttinda sinna fá útgefin skírteini samkvæmt 29. gr., enda fullnægi þeir skilyrðum greinarinnar.

Að öðru leyti gildir reglugerðin um störf þeirra.

Reglugerð

**nr. 849/1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, sbr. reglugerð
nr. 203/2000, 771/2000, 42/2001, 391/2002, 235/2005, 1000/2003,
150/2006, 344/2006, 1072/2009, 383/2010 (10. br.) og 477/2010 (11. br.)
um breytingu á henni.**

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

[Reglugerðin gildir um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 391/2002.

2. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari telst:

Sjávarafli: Öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdyr, liðdýr og lindýr.

Fiskafurðir: Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafli.

Sjávarafurðir Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.

Vörur: Sjávarafurðir sem ætlaðar eru til innflutnings.

Vörusending: Magn afurða af sömu tegund, sem eru á sama heilbrigðisvottorði eða öðrum skjölum, sem fluttar eru með sama flutningstækinu og koma frá einu og sama ríki eða hluta þess.

[*Viðskipti:* Viðskipti milli aðildarríkja með vörur í skilningi EES-samningsins.]¹⁾

Landamærastöð: Eftirlitsstöð á landamærum Evrópska efnahagssvæðisins, tilnefnd og samþykkt til að þar megi fara fram eftirlit með vörum frá þriðja ríki.

Innflytjandi: Einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir komu sendingar til landsins.

Innflutningur: [Koma vörusendingar til landsins hvort heldur ætlunin er að koma vörunum í frjálst flæði á Evrópska efnahagssvæðinu eða flytja þær áfram til þriðja ríkis.]²⁾

Innflutningsskilyrði: Heilbrigðiskröfur samkvæmt gildandi lögum og reglum sem vörur verða að uppfylla til að þær megi flytja inn á Evrópska efnahagssvæðið.

[*Innflutningseftirlit:* Eftirlit með ástandi og/eða formsatriðum á sviði stjórnsýslu sem tekur til afurðanna sem um getur í reglugerð þessari og er ætlað að vernda, beint eða óbeint heilbrigði manna eða dýra.]³⁾

Eftirlitsaðili: [Matvælastofnun]⁴⁾ eða annar eftirlitsaðili sem á vegum hennar er falið eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

Eftirlitsmaður: Opinber eftirlitsmaður sem á vegum [Matvælastofnunar]⁴⁾ eftirlit á landamærastöð og er ábyrgur fyrir því eftirliti sem þar fer fram.

Vinnsluskip: Skip þar sem sjávarafli er unninn um borð, honum pakkað og hann hefur verið flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður, frystur eða verkaður á annan hátt. Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski, heilfrysting rækju eða suða á rækju og skelfiski teljast ekki vinnsluskip.

Vinnsluleyfifishafi: Aðili sem fengið hefur tölusett leyfi frá lögbæru yfirvaldi til vinnslu, meðferðar, pökkunar eða geymslu sjávarafurða til staðfestingar því að settum skilyrðum laga og reglugerða sé fullnægt.

Þriðja ríki: Ríki sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Viðauka-B-skjal: Vottorð til staðfestingar heilbrigðiseftirliti með vörum sem fluttar eru inn á Evrópska efnahagssvæðið frá þriðja ríki, sbr. viðauki B með reglugerð þessari.

Animo netkerfið: Samræmt tölvukerfi til notkunar á Evrópska efnahagssvæðinu.

1) Sbr. a-lið, 1. gr. reglugerðar nr. 2) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 391/2002. 3) Sbr. b-lið 1. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 4) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010.

3. gr.

[Matvælastofnun]¹⁾ eða annar eftirlitsaðili sem á vegum hennar er falið eftirlit annast eftirlit samkvæmt reglugerð þessari.

Eftirlitsmaður á hverri landamærastöð er ábyrgur fyrir því eftirliti sem þar fer fram.

¹⁾ Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010.

II. KAFLI

Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

4. gr.

[Það er meginregla að heilbrigðiseftirlit vegna innflutnings sjávarafurða frá EES-ríkjum fer ekki fram á landamærastöð heldur er því framfylgt í samræmi við þessa reglugerð.]¹⁾

Innflytjandi skal tilkynna [Matvælastofnun]²⁾ um komu sendingar með 24 klst. fyrirvara.

Tilkynningin skal vera skrifleg og í henni skal koma fram áætlaður komutími, innflutningsstaður, magn, tegund, lýsing á vöru og ákvörðunarstaður, nafn flutningatækis, og eftir því sem við á, skipaskrárnúmer eða flugnúmer.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 344/2006. ²⁾ Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010.

5. gr.

Vinnsluleyfishafi eða annar viðtakandi sendingar frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal halda dagbók yfir móttæknar vörur og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala áður en þær fara til vinnslu eða dreifingar. Komi fram misræmi skal tilkynna það [Matvælastofnun]¹⁾.

Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010.

6. gr.

Eftirlitsaðila er heimil [á ákvörðunarstað]¹⁾, án mismununar, skyndiskoðun og sýnataka til rannsókna úr vörum, sem fluttar eru inn frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. [Matvælastofnun]³⁾ skal gera áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra og senda til Eftirlitsstofnunar EFTA.

[Jafnframt getur [Matvælastofnun]³⁾, hafi hún grun um brot, einnig látið fara fram eftirlit við flutning varanna innanlands, þar með talið varðandi flutningatæki.

Þegar afurðir sem falla undir þessa reglugerð og eru upprunnar í öðru EES-ríki eru ætlaðar:

a) Starfsstöð sem lögbært yfirvald ber ábyrgð á verður það að tryggja að þeirri starfsstöð berist einungis afurðir sem fullnægja kröfum þessarar reglugerðar að því er varðar merkingu og fylgiskjöl.

b) Viðurkenndum millilið sem skiptir upp vörusendingunum eða verslunarfyrirtæki með mörgum útibúum, verða viðkomandi fyrirtæki að kanna áður en vörusendingunni er skipt upp eða hún markaðssett, hvort þau merki, vottorð eða skjöl sem krafist er séu til staðar og tilkynna [Matvælastofnun]³⁾ um sérhverja vanrækslu eða frávik.

c) Öðrum móttakendum, einkum þegar vörusendingin er afhent í hlutum meðan á flutningi stendur, verður vörusendingunni að fylgja frumrit af viðeigandi skjölum.

Ábyrgðirnar sem ofangreindir móttakendur verða að gefa skulu tilgreindar í samningi við [Matvælastofnun]³⁾ og undirritaðar þegar fyrirframskráning fer fram. [Matvælastofnun]³⁾ skal gera slembiathuganir til að ganga úr skugga um að ábyrgðirnar haldi.]²⁾

[Matvælastofnun]³⁾ skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni úr henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni.

1) Sbr. a-lið 3. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 2) Sbr. b-lið 3. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 3) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

7. gr.

Komist eftirlitsaðili að því að um sé að ræða fisksjúkdóm, eða að fyrir hendi sé eitthvert það ástand sem stofnað geti dýrum eða mönnum í [verulega]¹⁾ hættu eða að vörur komi frá svæði sem smitað sé af fisksjúkdómi skal [Matvælastofnun]²⁾ þegar í stað óska þess að fisksjúkdómanefnd ákveði viðeigandi ráðstafanir.

[Matvælastofnun]²⁾ skal þegar í stað tilkynna skriflega lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja og Eftirlitsstofnun EFTA með viðeigandi hætti um þær upplýsingar sem fyrir liggja, ákvarðanir sem teknar hafa verið og rökstuðning fyrir þeim.

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

8. gr.

Komist eftirlitsaðili að því að vörusending fullnægi ekki skilyrðum sem sett eru í lögum [um sjávarafurðir]⁴⁾ eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, getur [Matvælastofnun]²³⁾ leyft sendanda eða fulltrúa hans að velja á milli þess að eyða vörum eða nota þær í öðrum tilgangi, þar með talið að endursenda þær með leyfi lögbærs yfirvalds framleiðslulands.

Reynist vottorð eða skýrslur ekki vera í samræmi við settar reglur skal veita sendanda hæfilegan frest til að koma skjölum í lag áður en gripið er til framangreindra úrræða.

[Matvælastofnun]³⁾ skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum þess ríkis sem sending kemur frá tilkynningu um ákvarðanir skv. 1. mgr., rökstuðning fyrir þeim og um ráðstafanir sem

gerðar hafa verið. [Telji íslensk stjórnvöld að ráðstafanir sem gripið hefur verið til séu ófullnægjandi skal leita leiða með sendingarríkinu til að bæta stöðuna. Slíkt getur falið í sér skoðun á staðnum.]¹⁾

[Komi ítrekað í ljós að vörur frá sama aðila fullnægi ekki skilyrðum skv. 1. mgr. skal [Matvælastofnun]³⁾ tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi yfirvöldum annarra EES-ríkja. Þar til Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir [Matvælastofnun]³⁾ um ráðstafanir skal sendingarríkið, að beiðni íslenskra stjórnvalda, tryggja að eftirlit með afurðum verði tíðara og fella viðurkenningar niður ef til þess liggja alvarlegar ástæður er varða heilbrigði dýra eða manna. [Matvælastofnun]³⁾ er heimilt að auka tíðni skoðana á vörum frá viðkomandi starfstöð.]²⁾

1) Sbr. a-lið 5. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 2) Sbr. b-lið 5. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 3) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010. 4) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 477/2010.

9. gr.

[Matvælastofnun]¹⁾ skal tilkynna sendanda eða fulltrúa hans skriflega um ákvarðanir sem teknar eru skv. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. og rökstuðning fyrir þeim.

[Matvælastofnun]¹⁾ skal að ósk sendanda eða fulltrúa hans veita honum nákvæmar upplýsingar um réttarúrræði sem hann hefur samkvæmt íslenskum lögum, um málsmeðferðarreglur og tímafresti.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010.

III. KAFLI

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

10. gr.

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með vörum uppfylli kröfur sem gilda á því svæði. [Skilyrði 1. mgr. skulu eiga við um fiskiskip þar sem fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski, heilfrysting rækju eða suða á rækju og skelfiski.]²⁾

[[Matvælastofnun]⁴⁾ heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu sbr. 1. mgr.

Um innflutning á sjávarafurðum frá Liechtenstein fer eins og um flutning slíkra afurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.]¹⁾

[[Matvælastofnun]⁴⁾ er heimilt að skoða farmskrár skipa og flugvéla og ganga úr skugga um að þær samsvari innflutningsskjölum.]³⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 203/2000. 2) sbr. reglugerð nr. 15/2006 sem gefin var út og tók gildi 21. febrúar 2006 3) Sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 4) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010.

11. gr.

Skylt er að tilkynna [Matvælastofnun]²⁾ [og viðkomandi landamærastöð, sbr. 13. gr.]¹⁾ með 24 klst. fyrirvara um komu sendingar til landsins. Tilkynningin skal send á formi sem fram kemur í viðauka B. Skjalið skal vera í fjórum eintökum, eitt frumrit og þrjú afrit, og skal innflytjandi eða fulltrúi hans fylla út 1. lið á öllum fjórum eintökunum. Hann skal senda eitt eintak til viðkomandi tollyfirvalda, og senda frumritið og hin afritin tvö til [Matvælastofnunar]²⁾.

Í stað tilkynningar á því formi sem kemur fram í 1. mgr. er heimilt að senda tilkynningu skriflega eða á tölvutæku formi með upplýsingum í samræmi við það sem skal koma fram á viðauka-B-skjali.

Eigi að afferma vörur á einhvern hátt skal það tilkynnt [Matvælastofnun]²⁾.

Öllum sendingum skal fylgja frumrit heilbrigðisvottorðs og annarra skjala sem krafist er.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 203/2000. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

12. gr.

Innflutningur skal fara um landamærastöðvar, sbr. 1. mgr. 13. gr.

Heimilt er að landa ferskum afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

13. gr.

[Landamærastöðvar skulu staðsettar á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Eskifirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Njarðvík, Reykjavík og Þorlákshöfn. Fiskmjöl má aðeins fara um landamærastöðvar á Akureyri, í Hafnarfirði, Njarðvík og Reykjavík. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærastöð á Keflavíkurflugvelli.]¹⁾

Landamærastöðvar skulu uppfylla þau skilyrði er fram koma í viðauka E við reglugerð þessa.

Heimilt er að setja upp útibú frá landamærastöðvum, þ.e. skoðunarstöðvar, er heyri undir tiltekna landamærastöð, sbr. 2. tl. 2. mgr. viðauka E og skulu þær uppfylla þau skilyrði er þar koma fram.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [1000/2003](#).

14. gr.

Eftirlit á landamærastöðvum er þrjúþætt og skal fara fram þegar við komu sendingar til landsins:

1. *Eftirlit með skjölum.* Með því er átt við eftirlit með heilbrigðisvottorðum, vinnsluleyfisnúmerum og öðrum skjölum sem fylgja sendingu.
2. *Eftirlit með auðkenningu.* Með því er átt við að fram fari samanburður á skjölum og sendingu og sannreynt sé að samræmi sé þar á milli.
3. *Eftirlit með heilnæmi.* Skoðun á vörunni sjálfri sem getur m.a. falist í athugun á umbúðum og hitastigi, ásamt sýnatöku og rannsóknastofufunum. Frekari reglur um eftirlit samkvæmt 1., 2., og 3. lið eru í viðauka A, C, og D við reglugerð þessa.

15. gr.

Eftirlit skal fara fram samkvæmt 1., 2. og 3. lið 14. gr.:

1. þegar flytja á vörur inn til landsins.

2. þegar geyma á vörur í vörugæmslu farmflytjanda, almennri tollvörugæmslu, á frísvæði eða í tollfrjálsri forðageymslu.
3. þegar vörur eiga að fara til ríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda eða innflutningur hefur verið leyfður í sérstökum tilgangi og þær á að flytja inn á Evrópska efnahagssvæðið. [Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði ef vara er flutt innan tollsvæðis viðkomandi landamærastöðvar og hún stoppar ekki lengur en 12 klst. ef um landamærastöð Keflavíkurflugvallar er að ræða en 7 sólarhringa ef um aðra landamærastöð er að ræða.]¹⁾

Eftirlit skal fara fram samkvæmt 1. og 2. lið 14. gr.:

1. þegar um tímabundna affermingu vara er að ræða og þær á að flytja til þriðja ríkis. [Ábyrgðarmaður sendingar skal tilkynna [Matvælastofnun]³⁾ sé sendingu umskipað úr einu loftfari í annað eða úr einu skipi í annað á tollsvæði sömu hafnar eða flughafnar.]²⁾
2. þegar vörur koma inn til landsins á grundvelli 26. gr. reglugerðar þessarar.
3. þegar vörur eru fluttar milli flutningstækja og þær á að flytja áfram til þriðja ríkis. Þó er heimilt að víkja frá þessu ef vara er flutt innan tollsvæðis.

Eftirlit skal fara fram samkvæmt 1. lið 14. gr. þegar vörur eru fluttar milli flutningstækja eða um tímabundna affermingu er að ræða og þær á að flytja inn á Evrópska efnahagssvæðið. [Fari flutningur fram innan tollsvæðis viðkomandi landamærastöðvar og vara stoppar ekki lengur en 12 klst. á landamærastöð Keflavíkurflugvallar eða 7 daga ef um aðra landamærastöð er að ræða er slíkt eftirlit þó ekki skylt nema ef grunur leikur á að heilbrigði manna eða dýra sé stofnað í hættu. Stoppi vara lengur en 48 klst. á landamærastöð Keflavíkurflugvallar eða 20 daga ef um aðra landamærastöð er að ræða skal fara fram eftirlit skv. 1., 2. og 3. lið 14. gr.]¹⁾

Vakni grunur um að heilbrigði manna eða dýra sé stofnað í hættu eða að um sé að ræða brot á lögum eða reglum skal framkvæma ríkara eftirlit, þ. á m. heilnæmisskoðun. [Þegar vara er flutt milli flutningstækja skal hún geymd undir eftirlit [Matvælastofnunar]³⁾ innan tollsvæðis viðkomandi tollstöðvar.]¹⁾

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 203/2000. 2) Sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 344/2006.

16. gr.

Leiði eftirlit í ljós að vörusending sé líkleg til að stofna heilbrigði manna eða dýra í hættu skal eftirlitsaðili sjá til þess að vörunum verði eytt eins fljótt og kostur er. [Matvælastofnun]¹⁾ skal upplýsa aðrar landamærastöðvar og Eftirlitsstofnun EFTA um fundinn og uppruna varanna í gegnum viðeigandi tölvukerfi samkvæmt kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

17. gr.

Að loknu eftirliti skal eftirlitsmaður gefa út viðauka-B-skjal og staðfesta það með undirritun sinni. Frumritið skal síðan afhent viðkomandi tollyfirvöldum áður en tollafgreiðsla fer fram. Frumrit skjalsins skal fylgja vörunum á meðan þær eru undir tolleftirliti eða þar til þær komast til ákvörðunarstaðar. Innflytjanda skal afhent afrit af skjalinu og skal annað afrit varðveitt á landamærastöð í þrjú ár hið minnsta.

Innflutningur skal aðeins leyfður að fram komi á viðauka-B-skjali að vörunar hafi staðist eftirlit og aðeins í samræmi við þær kröfur sem koma fram á viðauka-B-skjali.

Eftirlitsmaður skal afhenda innflytjanda afrit af heilbrigðisvottorði og öðrum skjölum er vörunni fylgja. Skulu frumritin varðveitt á landamærastöð í þrjú ár hið minnsta.

18. gr.

[[Matvælastofnun]² skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrir hvert tonn af fyrstu 100 tonnum af innfluttum sjávarafurðum úr sömu vörusendingu skal greiða 426 kr. Fyrir hvert tonn þar umfram skal lækka gjaldið í 213 kr. Þó skal gjald af heilfrystum fiski sem aðeins hefur verið slægður lækka í 127 kr. fyrir hvert tonn. Fyrir hverja sendingu skal þó aldrei greiða minna en 2.556 kr. Fyrir heilan farm af sömu vöru, í sama flutningsfari og á vegum sama innflytjanda skal gjaldið aldrei nema hærri upphæð en 150.000 kr. enda þótt farmurinn samanstandi af mörgum vörusendingum. Þessar fjárhæðir miðast við gengi evru í maí 2002, eða 85,2 kr.

Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða í landamærastöð. [Matvælastofnun]² er heimilt að fela innheimtu gjaldsins tolfyrirvöldum þar sem eftirlitið fer fram. Gjaldið skal ávallt innt af hendi áður en tollafgreiðsla fer fram nema ef gild bankatrygging fyrir greiðslu þess hefur verið lögð fram áður.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvöruheymislu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvöruheymislu.

Ef við á ber innflytjanda að leggja fram bankatryggingu fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.]¹⁾

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 391/2002. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

19. gr.

Við flutning vara til og frá vöruheymislu farmflytjanda, almennri tollvöruheymislu, frísvæði eða tollfrjálsri forðageymislu og við flutning milli geymslna skulu vörur vera undir tolleftirliti og skulu flutningstæki vera innsiglið.

Vörunum skal fylgja viðauka-B-skjal ásamt afriti af upprunalegu heilbrigðisvottorði eða öðrum skjölum sem vörunni fylgja. Ef um er að ræða flutning frá einni geymslu til annarrar skal gefið út viðauka-B-skjal á grundvelli þeirra skjala sem fylgdu vörusendingunni og þess eftirlits sem fram hefur farið meðan á geymslunni stóð.

20. gr.

Sé sendingu skipt í fleiri en einn hluta skal gefa út nýtt viðauka-B-skjal fyrir hvern hluta fyrir sig. Skjalið skal fylgja viðkomandi hluta meðan hann er undir tolleftirliti eða þar til hann kemst til ákvörðunarstaðar.

21. gr.

Komi sending frá þriðja ríki og áfangastaður hennar er annað þriðja ríki, skal eftirlitsaðili heimila slíkan flutning að því tilskildu að vörunar komi ekki frá þriðja ríki sem innflutningur hefur verið bannaður frá.

Víkja má frá skilyrði 1. mgr. ef um er að ræða flutning úr einu flutningstæki í annað í þeim tilgangi að senda þær áfram án frekari viðkomu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Flutningur skv. 1. mgr. þarf að hafa verið heimilaður af yfirvöldum þess ríkis sem vörurnar komu fyrst inn á á Evrópska efnahagssvæðinu. Innflytjandi skal skuldbinda sig til þess að taka vörurnar aftur ef þeim er hafnað og skal láta farga þeim í samræmi við 30. gr.

[Eftirlitsmaður sem heimilar slíkan flutning skal senda tilkynningu um flutninginn í gegnum Animo netkerfið til landamærastöðvar sem útflutningur fer um. Eftirlitsmaður á landamærastöð á brottflutningsstað skal staðfesta á vottorðinu sem um getur í viðauka B að viðkomandi sendingar hafi verið fluttar frá EES-svæðinu. Ábyrgðarmaður sendingar skal tilkynna [Matvælastofnun]³ sé sendingu umskipað úr einu loftfari í annað eða úr einu skipi í annað á tollsvæði sömu hafnar eða flughafnarsvæðinu og senda afrit af skjalinu til landamærastöðvar á komustað með símbrefi eða öðrum aðferðum. Ábyrgðarmaður sendingar skal tilkynna [Matvælastofnun]³ sé sendingu umskipað úr einu loftfari í annað eða úr einu skipi í annað á tollsvæði sömu hafnar eða flughafnar.]¹⁾

[[Matvælastofnun]³ má því aðeins heimila viðtöku sendinga frá þriðja landi sem eiga að fara á tollfrjálst svæði, í tollfrjálst vöruhús eða tollvöruheymislu að einstaklingurinn sem er ábyrgur fyrir farminum hafi áður gefið yfirlýsingu um að hve miklu leyti viðkomandi afurðir eru ætlaðar til frjálsrar dreifingar á EES-svæðinu eða um notkun þeirra annarsstaðar, nánar tilgreint síðar, og hvort afurðirnar uppfylla innflutningsskilyrði eða ekki.

Liggi ekki ljóst fyrir til hvers eigi að nota afurðirnar ber að líta svo á að þær séu ætlaðar til frjálsrar dreifingar á EES-svæðinu.

Hafi eftirlitsmanni á landamærastöð á komustaðnum ekki verið tilkynnt um brottflutning afurðanna af EES-svæðinu innan 30 daga skal hann vísa málinu til tolyfirvalda, sem leita nauðsynlegra upplýsinga til að ganga úr skugga um raunverulegan viðtökustað afurðanna.]²⁾

1) Sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 344/2006 2) Sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 3) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

22. gr.

[Leiði eftirlit skv. 14. og 15. gr. í ljós að vörur frá þriðju ríkjum uppfylla ekki innflutningsskilyrði, má aðeins flytja þær til vöruheymislu farmflytjanda, almennrar tollvöruheymislu eða frísvæðis að uppfylltum skilyrðum 2.-10. mgr. þessarar greinar.

Innflutningur má ekki hafa verið bannaður frá viðkomandi þriðja ríki.

Eftirlitsmaður skal gefa út viðauka F skjal þegar vörusending eða hluti sendingar, sem ekki uppfyllir innflutningsskilyrði, er flutt til vöruheymislu farmflytjanda beint frá landamærastöð eða með viðkomu í viðurkenndri forðageymislu farmflytjanda. Þá skal frumrit viðauka F skjals auk afrit viðauka B skjals fylgja vörusendingunni.

Eftirlitsmaður á landamærastöð skal ganga úr skugga um að flytja eigi vörusendingu skv. 1. mgr. í viðurkennda vöruheymislu skv. ákvæði 9. mgr. Jafnframt skal hann tilkynna eftirlitsaðila um komu vörusendingar í gegnum Animo netkerfið.

Eftirlitsmaður skal taka afrit af upphaflegu heilbrigðisvottorði meðfylgjandi vörusendingunni og varðveita á landamærastöð, en frumrit skal fylgja vörusendingunni.

Flutningur vörusendinga skal fara fram í samræmi við 19. gr. Flutningstæki sem notuð eru skal þrifa og sótthreinsa að lokinni notkun.

Eftirlitsmaður sem ábyrgð ber á viðurkenndri vörugæmslu skal framkvæma skoðun skv. 1. tl. 14. gr. við komu vörusendingar og 2. tl. 14. gr. og 3. tl. 14. gr. ef við á, meðan á geymslu stendur. Þá skal eftirlitsmaður staðreyna uppruna og ákvörðunarstað vörusendingar, áður en hann heimilar flutning úr geymslunni. Merkja skal sérstaklega hverja pakkningu í vörusendingu skv. 1. mgr. með tilvísunarnúmeri sem vísar til vottorðs viðauka B skjals. Óheimilt er að rjúfa umbúðir afurða í vörusendingu, sé sendingunni skipt í fleiri en einn hluta.

Leiði eftirlit í ljós að innflytjandi hafi gefið rangar upplýsingar um vöru eða ákvörðunarstað hennar skal honum gert að farga vörunum í samræmi við 30. gr.

Vörugæmsla skal vera viðurkennd af eftirlitsaðila og búin öllum nauðsynlegum búnaði þ.m.t. faxtæki og síma til notkunar fyrir eftirlitsaðila. Geymslan skal vera aflokuð og inn- og útkeyrslur undir stöðugu eftirliti. Geymslan skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til slíks húsnæðis.

Halda skal skrá um daglega komu og brottför vörusendinga til og frá geymslunni. Þar skal koma fram vörutegund, magn, nafn og heimilisfang móttakanda. Að auki skulu koma fram aðrar þær upplýsingar sem tilgreina ber í viðauka F skjali. Skrárnar skal varðveita í a.m.k. 3 ár.

Vörur sem ekki uppfylla innflutningsskilyrði má aðeins flytja frá geymslu ef þær á að flytja til þriðja ríkis og skal þá flutningur fara fram í samræmi við 21. gr., til tollfrjálsrar forðageymslu sbr. 23. gr. eða þær á að flytja til förgunar og skulu þær þá áður gerðar óhæfar til neyslu.

Komi vörusending ekki fram á móttökustað innan 30 daga skal tilkynna það tollayfirvöldum og fara fram á rannsókn á ástæðum þess.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 42/2001.

23. gr.

Birgðahaldarar sem geyma vörur, sem vísað er til í 1. mgr. 22. gr., í tollfrjálsum forðageymslum og ætlaðar eru til neyslu fyrir áhöfn og farþega um borð í farartækjum í millilandaflutningum skulu hafa fengið sérstakt leyfi [Matvælastofnunar]¹⁾.

Slíkar vörur má ekki vinna nema þær séu í samræmi við heilbrigðiskröfur er gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Vörurnar mega ekki koma frá ríkjum sem innflutningur hefur verið bannaður frá. Birgðahaldari er ábyrgur fyrir því að vörurnar fari ekki til neyslu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þar til vörurnar eru fluttar um borð í viðkomandi farartæki skulu þær geymdar í lokuðum forðageymslum sem uppfylla kröfur til slíks húsnæðis og vera undir stöðugu eftirliti. Vörur sem ekki uppfylla heilbrigðiskröfur skal vera hægt að geyma aðskildar frá öðrum vörum. [Matvælastofnun]¹⁾ skal þegar í stað tilkynnt um komu sendingar til birgðageymslu. Birgðahaldari skal halda skrá yfir komu og brottför vörusendinga í a.m.k. 3 ár þannig að hægt sé að fylgjast með þeim vörum sem eru í forðageymslu hverju sinni.

[Matvælastofnun]¹⁾ skal tilkynnt fyrirfram um flutning vöru úr forðageymslu ásamt upplýsingum um endanlegan ákvörðunarstað. Vörurnar skulu fluttar beint frá landamærastöð um borð í viðkomandi farartæki eða í sérstaklega samþykta forðageymslu á hafnar- eða flugvallarsvæði. Tryggt skal að vörurnar geti ekki farið af svæðinu á annan áfangastað en þeim er ætlaður. Birgðahaldari skal færa fram sönnur á að vörurnar hafi náð endanlegum ákvörðunarstað.

[Matvælastofnun]¹⁾ skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis, sem varan á að fara um, um flutninginn og ákvörðunarstað vörurnar í gegnum Animo netkerfið.

Brjótí birgðahaldari gegn ákvæði þessu skal [Matvælastofnun]¹⁾ fella leyfi hans úr gildi og tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahags-svæðinu.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010.

24. gr.

Heimilt er að banna flutning vara til vörugeymslu farmflytjanda, almennrar tollvörugeymslu, frísvæðis eða tollfrjálsrar forðageymslu ef eftirlitsmaður telur heilbrigðiskröfum ekki fullnægt.

25. gr.

Ef vörur eiga að fara til ríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda, sýni hafa verið tekin en niðurstöður liggja ekki fyrir þegar vara fer frá viðkomandi landamærastöð eða innflutningur er leyfður í sérstökum tilgangi, skal eftirlitsaðili senda upplýsingar um það til viðkomandi landamærastöðvar í móttökuríki í gegnum Animo netkerfið.

Þegar um er að ræða vörur sem eiga að fara til ríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda eða innflutningur hefur verið leyfður í sérstökum tilgangi skal gengið úr skugga um hvort vörurnar uppfylli þær sérstöku kröfur sem gilda í því ríki eða svæði sem vörurnar eiga að fara til. Eftirlitsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vörurnar komist á áfangastað.

26. gr.

Vörur sem upprunnar eru í einhverju af aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hafnað er af þriðja ríki skal vera heimilt að flytja inn til landsins að því tilskildu að þeim fylgi upprunalegt heilbrigðisvottorð eða afrit [út af lögbæra yfirvaldinu sem gaf út vottorðið með afurðunum]¹⁾. Þar skal koma fram ástæða höfnunarinnar og að ábyrgst sé að skilyrði við geymslu og flutning hafi verið fullnægjandi og að vörurnar hafi ekki verið meðhöndlaðar. Ef um innsiglaða gáma er að ræða þarf að fylgja vottorð flutningsaðila um að innihaldið hafi ekki verið affermt eða meðhöndlað á nokkurn hátt.

[Matvælastofnun]⁴⁾ getur ekki hafnað innflutningi í slíkum tilvikum ef lögbært yfirvald í upprunaríki hefur samþykkt að taka vörurnar til baka og að uppfylltum skilyrðum 1. mgr.

[...]²⁾

[Matvælastofnun]⁴⁾ skal gera lögbæru yfirvaldi þess ríkis sem vörurnar eiga að fara til viðvart í gegnum Animo netkerfið.

[Afurðir sem skulu vera undir eftirliti frá landamærastöð til viðtökustaðar skulu sendar áfram með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Sendingarnar skal flytja undir eftirliti lögbærs yfirvalds frá viðkomandi landamærastöð til viðtökustaðar í innsigliðum og auðkenndum flutningstækjum.
- b) Eftirlitsmaður [Matvælastofnunar]⁴⁾ á viðkomandi landamærastöð skal tilkynna þeim aðila sem hefur með höndum eftirlit með vinnslustöðinni sem tekur við vörunni á viðtökustað sendingar um uppruna- og viðtökustað afurðanna.
- c) Á starfsstöð á viðtökustað skal meðhöndla afurðirnar í samræmi við ákvæði laga nr. 55/1998, [um sjávarafurðir]⁵⁾ með síðari breytingum og þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra.
- d) Forráðamaður starfsstöðvar á viðtökustað skal tilkynna viðkomandi eftirlitsaðila

[Matvælastofnunar]⁴⁾ á staðnum um komu vörunnar og skal hann innan 15 daga senda tilkynningu þar að lútandi til landamærostöðvarinnar sem tilkynnti honum um sendinguna. [Matvælastofnun]⁴⁾ skal annast reglubundið eftirlit til að fullvissa sig um að afurðirnar séu komnar í viðkomandi starfsstöð á viðtökustað, einkum með því að athuga innflutningsskýrslur.]³⁾

1) Sbr. 1-lið 10. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 2) Sbr. b-lið 10. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 3) Sbr. c-lið 10. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 4) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#). 5) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [477/2010](#).

27. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um vörur:

1. Sem eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra, að því tilskildu að magnið sé innan leyfilegra marka og að vörunar komi frá þriðja ríki eða svæði sem er að finna á skrá sjávarútvegsráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 10. gr., og að innflutningur sé ekki bannaður frá viðkomandi ríki eða svæði.
2. Sem eru sendar til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessara vara sé ekki viðskiptalegs eðlis, að magnið sé innan leyfilegra marka, að vörunar komi frá þriðja ríki eða svæði sem er að finna á skrá sjávarútvegsráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 10. gr. og að innflutningur frá viðkomandi ríki eða svæði sé ekki bannaður.
3. Sem eru ætlaðar áhöfn og farþegum til neyslu um borð í flutningatækjum í millilandaflutningum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Slíkum vörum eða matarúrgangi skal fargað þar sem afferming fer fram. Ekki er þó nauðsynlegt að farga vörum ef þær eru fluttar beint og undir tolleftrilíti úr einu flutningstæki í annað innan tollsvæðis.
4. Sem hafa fengið hitameðhöndlun í loftþéttum ílátum með Fo-gildi 3,00 eða meira, ef magnið er innan leyfilegra marka og eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra eða eru sendar í litlum pakkningum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessara vara sé ekki viðskiptalegs eðlis.
5. Sem eru sendar sem sýnishorn vöru eða eru ætlaðar til sýningar, að því tilskildu að þær séu ekki ætlaðar til markaðssetningar og innflutningur hafi verið leyfður í þessum tilgangi af eftirlitsaðila.
6. Sem ætlaðar eru til ákveðinna rannsókna eða efnagreininga.

Undantekningar þær sem kveðið er á um í 5. og 6. tölul. eiga við að því leyti sem mögulegt er að ákvarða út frá eftirliti að slíkar vörur séu ekki ætlaðar til manneldis.

Í þeim tilvikum sem um ræðir í 5. og 6. tölul. þessarar greinar skal tryggt að þær vörur sem um ræðir geti ekki verið notaðar í öðrum tilgangi en innflutningur þeirra er leyfður fyrir. Að lokinni notkun skal þessum vörum eytt eða þær endursendar með þeim skilyrðum er eftirlitsaðili setur.

28. gr.

Komi vörur til landsins án þess að hafa fyrst sætt eftirliti á landamærostöð skal eftirlitsaðili ákvarða hvort þær skuli endursendar í samræmi við 2. mgr. eða þeim fargað í samræmi við 3. mgr.

Leiði eftirlit skv. 14. og 15 gr. þessarar reglugerðar í ljós að vörur uppfylla ekki kröfur sem settar eru í lögum eða reglum eða að slíkt eftirlit kemur upp um ólögmaett atferli skal eftirlitsaðili, í samráði við innflytjanda, fyrirskipa endursendingu vörunnar til ákvörðunarstaðar utan Evrópska efnahagssvæðisins sem samþykktur er af innflytjanda, með sama flutningsmáta, innan 60 daga, komi niðurstöður úr eftirliti eða heilbrigðiskröfur ekki í veg fyrir slíkt. Eftirlitsmaður skal gera heilbrigðisvottorðið er fylgdi vörunum ógilt með viðeigandi hætti svo ekki sé mögulegt að flytja sömu vörur inn í gegnum aðra landamærastöð.

Sé endursending óframkvæmanleg, 60 daga tímamarkið liðið eða innflytjandi samþykkir að slíkt sé framkvæmt þegar í stað, skal farga vörunni í samræmi við 30. gr.

Eftirlitsmaður skal koma upplýsingum um framangreindar aðgerðir áfram um viðeigandi tölvukerfi samkvæmt kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þar til endursending fer fram eða staðfesting fæst á ástæðum höfnunar skulu viðkomandi vörur geymdar undir eftirliti [Matvælastofnunar]¹⁾ á kostnað innflytjanda

Unnt er að veita undanþágu frá ákvæðum 2. og 3. mgr., meðal annars til þess að heimila að vörur séu notaðar í öðrum tilgangi en til manneldis.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

29. gr.

Leiki grunur á að ekki hafi verið farið eftir heilbrigðislöggjöf eða vafi leikur á um auðkenningu vöru, endanlegan ákvörðunarstað hennar, hvort varan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hennar í lögum og reglum, eða að hún sé í samræmi við þær heilbrigðiskröfur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu skal [Matvælastofnun]¹⁾ eða eftirlitsmaður framkvæma það eftirlit sem talið er nauðsynlegt til að staðfesta eða afsanna slíkan grun. Vörunar skulu vera undir eftirliti [Matvælastofnunar]¹⁾ þar til niðurstöður eftirlits liggja fyrir. Reynist slíkur grunur á rökum reistur skal fara fram aukið eftirlit á vörum af sama uppruna.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

30. gr.

Ef ákveðið er að farga vörum skal eftirlitsaðili gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vörunar og förgun á þeim sé undir stöðugu opinberu eftirliti. Förgun skal fara fram á landamærastöð eða á viðeigandi stað eins nálægt viðkomandi landamærastöð og kostur er.

Heimili [Matvælastofnun]¹⁾ að vörur séu notaðar í öðrum tilgangi en til manneldis, sbr. 5. mgr. 28. gr., skal eftirlitsaðili fylgjast með meðhöndlun og flutningi þeirra, sem fram skal fara í samræmi við kröfur reglugerðar um framleiðslu á fiskmjöli og lýsi.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

31. gr.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir öllum kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

32. gr.

Ef [Matvælastofnun]¹⁾ telur, á grundvelli eftirlits á vörum sem markaðssettar skulu hér á landi, að brotið sé í bága við ákvæði þessarar reglugerðar [á landamærastöð, í tollvöruskemmu, á tollfrjálsu svæði eða í tollfrjálsri vörugæmslu]¹⁾, í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins skal [Matvælastofnun]¹⁾ þegar í stað gera lögbærum yfirvöldum þess ríkis viðvart. Ef [Matvælastofnun]¹⁾ telur skýringar eða ráðstafanir ófullnægjandi skal hún ásamt lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi ríkis leita leiða til að bæta ástandið.

[Ef eftirlit samkvæmt þessari reglugerð gefur ástæðu til að ætla að brotið eigi sér stað með alvarlegum eða endurteknum hætti skal lögbært yfirvald gera eftirfarandi ráðstafanir að því er varðar afurðir er tengjast slíkri notkun eða að því er varðar uppruna slíkra afurða:

- a) Tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um eiginleika afurðanna sem eru notaðar og um viðkomandi sendingu. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað láta allar landamærastöðvar vita.
- b) Herða skal eftirlit með öllum sendingum afurða af sama uppruna. Einkum er áriðandi að stöðva tíu næstu sendingar af sama uppruna gegn tryggingu fyrir skoðunarkostnaði á viðkomandi landamærastöð, vegna eftirlits með ástandi, að meðtalinni sýnatöku og prófunum á rannsóknarstofu sem kveðið er á um í viðauka c. Staðfesti slíkt viðbótareftirlit að um brot sé að ræða ber að farga sendingunni eða hluta hennar í samræmi við 28. gr.
- c) Eftirlitsstofnun EFTA skal tilynnt um niðurstöður herta eftirlitsins og á grundvelli þeirra upplýsinga skal hún láta fara fram alla nauðsynlega eftirgrennslan til að leita orsaka og uppruna þess brots sem í ljós kom.]²⁾

[Ef ofangreint eftirlit leiðir í ljós ítrekuð brot skulu íslensk stjórnvöld tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja.]³⁾

- 1) Sbr. a-lið 11. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 2) Sbr. b-lið 11. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 3) Sbr. c-lið 11. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 4) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010.

33. gr.

[Matvælastofnun]¹⁾ skal tilkynna hlutaðeigandi aðilum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar reglugerðar og um rökstuðning fyrir þeim.

Óski viðkomandi aðili þess, skulu upplýsingar skv. 1. mgr. afhentar honum skriflega, ásamt upplýsingum um þau réttarráæði sem hann hefur samkvæmt íslenskum lögum, málsmeðferðar-reglur og tímafresti.

- 1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010.

[Ákvæði um varnir gegn innflutningi á ólögmatum sjávarafurðum.

33. gr. a)

Innflytjandi skal tryggja að öllum sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands og aflu allra erlendra skipa sem landað er á Íslandi fylgi veiðivottorð fánaríkis, í samræmi við kröfur Evrópusambandsins, ef fyrirhugað er að flytja aflann áfram inn á markað þess. Í veiðivottorði, sem staðfest er af lögbærum yfirvöldum fánaríkis veiðiskips, skal koma fram að afli skipsins hafi verið veiddur í samræmi við lög og reglur viðkomandi ríkis og í samræmi við alþjóðasamninga.

Innfluttum afurðum og afla skal ávallt haldið aðskildum frá afurðum og afla íslenskra skipa hvort sem er við flutning, geymslu, vinnslu eða útflutning.

33. gr. b)

Þegar innfluttar sjávarafurðir eru unnar á Íslandi skal útflytjandi við endurútflutning þeirra inn á markað Evrópusambandsins gæta þess að þeim fylgi veiðivottorð staðfest af fánaríki sbr. 33. gr. a), eða afrit þess ef einungis er um að ræða hluta aflans sem getið er á veiðivottorðinu. Þá skal vinnsluleyfishafi gefa út yfirlýsingu, sbr. viðauka G við reglugerð þessa, þar sem fram kemur lýsing á vörunni, og staðfesting þess að viðkomandi afurð sé unnin úr afla samkvæmt meðfylgjandi veiðivottorði.

Fiskistofa staðfestir yfirlýsingu vinnsluleyfishafa, að höfðu samráði við Matvælastofnun. Til þess að staðreyna að upplýsingar í vottorði skv. viðauka G séu réttar skal Matvæla-stofnun hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum hjá vinnsluleyfishafa.

33. gr. c)

Ef innfluttar sjávarafurðir eru ekki unnar á Íslandi, heldur einungis geymdar í tollvörugeymslu, er nægjanlegt við endurútflutning þeirra inn á markað Evrópu-sambandsins að þeim fylgi veiðivottorð staðfest af fánaríki, sbr. 33. gr. a) auk skjal-festrar staðfestingar á því að afurðin hafi ekki hlotið neina meðferð á Íslandi aðra en löndun, umskipun eða hverja þá meðferð sem nauðsynleg má teljast til að varðveita vöruna.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [1072/2009](#).

IV. KAFLI

Öryggisákvæði.

34. gr.

Í þeim tilfellum sem sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði manna og dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna eða dýra réttlætir slíkt getur sjávarútvegsráðuneytið, án fyrirvara, stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga lög [um sjávarafurðir]¹⁾ [og laga um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.]¹⁾

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [477/2010](#).

36. gr.

[Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/1998 [um sjávarafurðir]²⁾, með síðari breytingum, 19. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum

og 9. gr. laga nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.]¹⁾

Við gerð þessarar reglugerðar var höfð hliðsjón af tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 89/662, með síðari breytingum, tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 90/425, með síðari breytingum, tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 97/78, ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 92/525, ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 93/13, með síðari breytingum, ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 93/14, ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 93/352, og ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 94/360 með síðari breytingum

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. [1072/2009](#). 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [477/2010](#).

37. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 784 frá 22. desember 1998 ásamt síðari breytingum.

VIÐAUKI A

Reglur um sannprófun skjala og auðkenna vara frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Skjalaskoðun.

Skoða skal hvert heilbrigðisvottorð og önnur skjöl, sem fylgja vörusendingu frá þriðja ríki, til þess að ganga úr skugga um eftirfarandi:

1. Að það sé frumrit vottorðs eða skjals.
2. Að það eigi við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða svæði slíks ríkis sem hefur heimild fyrir útflutningi til Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Að framsetning og efni sé í samræmi við fyrirmynd vottorðs sem samþykkt hefur verið fyrir viðkomandi vörur og hlutaðeigandi ríki.
4. Að það sé ein pappírsörk.
5. Að það sé fullfrágengið.
6. Að útgáfudagur vottorðs sé sá hinn sami og þegar vörur voru fermdar til flutnings til Evrópska efnahagssvæðisins.
7. Að þar komi fram hvar tollafgreiðsla vörunnar skuli fara fram og hver sé endanlegur móttakandi hennar.
8. Að það varði starfstöð sem hefur heimild til útflutnings til Evrópska efnahagssvæðisins.
9. Að það sé á íslensku eða ensku.
10. Að það sé undirritað af opinberum eftirlitsmanni (lögberu yfirvaldi) og að nafn hans og staða sé skráð með læsilegum hástöfum og enn fremur að opinber heilbrigðisstimpill viðkomandi ríkis sé í öðrum lit en annar texti vottorðsins.
11. Að upplýsingarnar á vottorðinu séu í samræmi við upplýsingarnar á viðauka-B-skjali.

Auðkennaskoðun.

Auðkennaefirlit með vörum, öðrum en vörum í lausri vigt, skal m.a. fela í sér eftirfarandi:

1. Sannprófun á innsigli flutningstækis í þeim tilvikum sem krafa er gerð um slíkt;
2. Að því er allar tegundir varðar; athugun á því hvort opinber stimpill eða heilbrigðismerkingar sem gefa upprunalandið og upprunastarfstöðina til kynna séu til staðar og séu í samræmi við vottorðið eða skjalið;
3. Enn fremur, að því er varðar vörur í umbúðum; skoðun á merkingum sem krafist er í lögum og reglum.

[VIÐAUKI B
Almennt innflutningsskjal (CVED)]¹⁾

1) Sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 344/2006.

VIÐAUKI C¹⁾
**Reglur um eftirlit með heilnæmi vara sem koma frá ríkjum
 utan Evrópska efnahagssvæðisins.**

Tilgangur eftirlits með heilnæmi er að tryggja að varan sé hæf til þeirra nota sem fram kemur á heilbrigðisvottorði. Í þessum tilgangi skal fara fram annars vegar skynmat, með athugun á lykt, lit, þéttleika og bragði, eftir atvikum að undangengnum skurði, þíðingu og suðu og hins vegar, handahófskennt eða að gefnu tilefni, rannsóknastofupróf til að kanna hvort í vörunni finnist aðskotaefni, sýklar, mengunarvaldandi efni, eða skemmdareinkenni.

Skoða skal 20% sendinga með ferskum og frystum fiski og þurrkuðum og/eða söltuðum fiskafurðum og afurðum í loftþéttum lokuðum flátum. Sendingar með öðrum afurðum svo sem samlokum skal skoða í 50% tilvika. [Þrátt fyrir framangreint skal skoða allar sendingar sem koma frá ríkjum sem sérstök ákvörðun hefur ekki verið tekin um að fullnægi kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. skrá [Matvælastofnun]³⁾ þar um]²⁾

Heilnæmisskoðun skal m.a. fela í sér eftirfarandi:

1. Athugun á því hvort flutningsskilyrði og flutningstæki séu þannig að vörurnar haldist í tilskildu ástandi.
2. Sannprófun á því að þyngd vörusendingarinnar sé í samræmi við það sem fram kemur á heilbrigðisvottorði eða öðrum skjölum. Ef nauðsynlegt þykir skal sending í heild sinni vigtuð.
3. Sannprófun á því að ytri og innri umbúðir standist kröfur um efni, ástand og merkingar.
4. Athugun á því hvort hitaskilyrði séu í samræmi við kröfur vegna viðkomandi vara sem mælt er fyrir um í reglum þar um, m.a. til að ganga úr skugga um að engin frávik hafi átt sér stað meðan á flutningi stóð.
5. Hver samstæða af pökkum, eða sýnishornum ef um vörur í lausavigt er að ræða, skal skoðuð áður en hún gengst undir skoðun með skynmati eða rannsóknastofupróf. Prófunin skal gerð á heilli röð sýnishorna sem tekin eru úr allri vörusendingunni, sem heimilt er að afferma að hluta ef slíkt er nauðsynlegt til að tryggja að sýnin komi úr allri sendingunni.
6. Heilnæmisskoðun skal að meginreglu gerð á 1% stykkja eða pakka úr vörusendingu, minnst tveimur og mest tíu stykkjum eða pökkum. Skoðun á vörum í lausri vigt skal framkvæmd á fimm sýnum hið minnsta og skulu þau tekin úr sendingunni á mismunandi stöðum. Auk

- þessa er eftirlitsmanni heimilt að fara fram á frekari skoðun og rannsókn telji hann þörf á slíku með tilliti til þeirrar vöru sem um ræðir og kringumstæðna að öðru leyti.
7. Þegar um er að ræða handahófskenndar rannsóknastofufrófanir, sem niðurstöður fást ekki úr um leið og ekki er um að ræða ógnun við heilbrigði dýra og manna, er heimilt að afhenda vörusendingu.
 8. Sé hins vegar um það að ræða að rannsóknastofufróf hafi verið framkvæmt vegna gruns um að lög og reglur hafi verið brotnar eða að fyrri próf hafi leitt til jákvæðrar niðurstöðu skal ekki afhenda sendingu fyrr en prófanir sýna neikvæða niðurstöðu.
 9. Flutningstæki þarf einungis að afferma að fullu þegar ekki er hægt að komast öðruvísi að allri sendingunni, þegar prófanir leiða í ljós að lög og reglur hafi verið brotnar, eða grunur leikur á um slíkt, eða fyrri sendingar hafa leitt í ljós brot á lögum og reglum.
 10. Að lokinni heilnæmisskoðun skal eftirlitsmaður gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að staðfesta að opinber athugun á heilnæmi vörusendingar hafi farið fram, einkum með því að innsigla að nýju alla gáma sem hafa verið opnaðir og tilgreina innsiglisnúmerið á viðauka-B-skjali og á vottorðum og skjölum er fylgja vörusendingunni.

1) Fyrirmynd af eftirlitslista með Viðauka-C er ekki birt hér. 2) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 203/2000. 3) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

VIÐAUKI D Rannsóknastofufrófanir.

[Matvælastofnun]¹⁾ skal útbúa eftirlitsáætlun vegna prófana á viðurkenndri rannsóknastofu til að sannprófa að farið sé að heilbrigðisreglum. Í áætluninni skal koma fram hvernig staðið skuli að sýnatöku, meðferð og geymslu sýna og tilkynningum til annarra eftirlitsaðila og Eftirlitsstofnunar EFTA. Tillit skal tekið til þess hvers eðlis afurðirnar eru og þeirrar hættu er kann að stafa af þeim.

Opinber eftirlitsmaður á þeirri landamærastöð, þar sem prófanir eru gerðar samkvæmt eftirlitsáætlun [Matvælastofnunar]¹⁾, skal senda upplýsingar til lögbærs yfirvalds á viðtökustað í gegnum viðeigandi tölvukerfi samkvæmt kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og tilgreina prófin í viðauka-B-skjali sem gefið er út til staðfestingar á því eftirliti sem farið hefur fram. Varði prófin efni eða smitvalda sem dýrum eða mönnum getur stafað hættu af getur opinberi eftirlitsmaðurinn á þeirri landamærastöð sem prófin gerði frestað afhendingu sendingar þar til niðurstöður úr rannsóknastofufrófi liggja fyrir.

Ákveði [Matvælastofnun]¹⁾ einkum að lokinni rannsókn á vörusendingu eða á grundvelli upplýsinga frá öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Eftirlitsstofnun EFTA, eða á grundvelli óhagstæðra niðurstaðna úr rannsókn á fyrri vörusendingu, að láta fara fram rannsóknastofufróf er einungis heimilt að senda vöruna á viðtökustað með því skilyrði að niðurstöður úr rannsóknarprófinu séu fullnægjandi. Fram að þeim tíma er vörusendingin undir eftirliti opinbers eftirlitsmanns á viðkomandi landamærastöð þar sem eftirlit fór fram.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

VIÐAUKI E

Landamærastöðvar skulu starfræktar undir stjórn [Matvælastofnunar]²⁾ Skal eftirlit á landamærastöðvum fara fram á vegum eftirlitsmanns sem tilnefndur er af [Matvælastofnunar]²⁾ og er hann ábyrgur fyrir framkvæmd eftirlitsins.

Landamærastöðvar skulu:

1. Hafa á að skipa nauðsynlegum fjölda hæfra starfsmanna til að annast eftirlit skv. 14. gr. þessarar reglugerðar.
2. Hafa til umráða nægilega rúmgott húsnæði fyrir starfsfólk til að annast eftirlit.
3. Hafa til umráða nægilega hreinlata aðstöðu til sýnatöku og úrvinnslu sýna.
4. Hafa til umráða frysti- og/eða kæligeymslu, þar sem unnt er að geyma hluta sendinga sem eru teknar til prófunar og vörur sem eftirlitsmaður hefur ekki gefið leyfi til að settar verði í frjálssa dreifingu.
5. Hafa viðeigandi tölvukerfi samkvæmt kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu til þess að skiptast á upplýsingum við aðrar landamærastöðvar.
- [6. Hafa aðgang að þjónustu aðila sem getur framkvæmt þá meðhöndlun sem kveðið er á um í reglugerð nr. 77/2001 um framleiðslu á fiskmjöli og lýsi.]¹⁾

1) Sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 344/2006. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383/2010.

Þá skulu landamærastöðvar vera útbúnar og starfræktar í samræmi við eftirfarandi kröfur:

1. Fullnægjandi varúðarráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir víxlmengun milli vara. Á hverri stöð skal vera búnaður til að þrifa og sótthreinsa vinnusvæði.
2. Á þeim stöðum þar sem magn og fjölbreytileiki sendinga er lítil skal [Matvælastofnun]¹⁾ heimilt að skipta landamærastöð upp í skoðunarstöðvar er hver um sig hafi á að skipa þeim fjölda starfsmanna, búnaði og skoðunar- og geymsluhúsnæði sem hentar fyrir það magn og þær tegundir sem þar eru skoðaðar. Skoðunarstöðvar skulu uppfylla þau skilyrði er fram koma í 1. tölul. Eftirlitsmaður á hverri landamærastöð er ábyrgur fyrir þeim skoðunarstöðvum er henni tilheyra.
3. Við sannprófun auðkenna, eftirlit með heilnæmi og sýnatöku skal forðast að vörur verði fyrir mengun og, ef þurfa þykir, taka tillit til stýrðra hitaskilyrða við flutning varanna. Allt eftirlit með vörum til manndis sem eru án umbúða skal fara fram í skjóli frá veðri og gera skal ráðstafanir um hreinlæti við meðhöndlun og vernd slíkra afurða við affermingu og fermingu. Þrátt fyrir framangreint skal löndun afla fara fram í samræmi við kröfur sem settar eru í reglugerð um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.
4. Hreinlæti starfsfólks, húsnæði og búnaður skal vera þannig að það geti ekki haft áhrif á niðurstöður eftirlits.
5. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að sérhæfðri rannsóknastofu þar sem unnt er að gera sérstök próf á þeim sýnum sem tekin eru.
6. Þar til samræmt tölvukerfi hefur verið tekið í notkun á Evrópska efnahagssvæðinu skal eftirlitsmaður að minnsta kosti hafa aðgang að:
 - a) Uppfærðri skrá yfir þriðju ríki eða svæði sem hafa heimild til að senda vörur til Evrópska efnahagssvæðisins eða, ef við á, til tiltekinna ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.
 - b) Afriti af þeim ákvörðunum sem banna eða takmarka innflutning vara til Evrópska efnahagssvæðisins.

- c) Afriti af ýmsum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar eða aðildarríkjanna um fyrirmynd að heilbrigðissvottorði eða öðru skjali sem á að fylgja með afurðum frá þriðju ríkjum sem eru sendar til Evrópska efnahagssvæðisins eða, ef við á, til tiltekinna ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.
 - d) Uppfærðri skrá yfir landamærastöðvar fyrir innflutning afurða frá þriðju ríkjum, með upplýsingum um stöðvarnar, einkum samskiptabúnað þeirra.
 - e) Uppfærðri skrá yfir starfsstöðvar í þriðju ríkjum sem hafa heimild til að senda afurðir til bandalagsins, ef slík skrá er til að því er varðar tilteknar vörur.
 - f) Uppfærðum upplýsingum um vörusendingar sem bannað hefur verið að koma með eða flytja inn á Evrópska efnahagssvæðið og hafa verið endursendar. [Matvælastofnun]¹⁾ skal senda lögbærum yfirvöldum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og Eftirlitsstofnun EFTA allar upplýsingar um endursendar vörur.
 - g) Yfirliti yfir það eftirlit sem fram hefur farið á Evrópska efnahagssvæðinu með vörum frá einstökum þriðju ríkjum og hefur leitt til þess að þær hafa verið endursendar.
 - h) Uppfærðri skrá yfir vörusendingar sem hafa verið endursendar, eyðilagðar eða heimilaðar til annarra nota en manneldis.
 - i) Skrá yfir öll sýni sem eru tekin á stöðinni og sett í rannsóknastofupróf, ásamt niðurstöðum úr slíkum prófum.
 - j) Skrá yfir niðurstöður úr eftirliti á vörum sem eru ætlaðar áhöfn og farþegum til neyslu um borð í flutningatekjum í millilandaflutningum, og úrgangi slíkra afurða.
 - k) Nægilegu skjalageymslurými fyrir varðveislu upplýsinga í tengslum við skoðun vara frá þriðju ríkjum.
7. [Matvælastofnun]¹⁾ skal hafa í sinni vörslu a.m.k þær upplýsingar sem um getur í a.-, b.-, c.-, e.-, og f.-liðum 6. tölul. hér að framan.
8. [Matvælastofnun]¹⁾ skal tryggja hámarkssamræmingu á starfsemi þeirra aðila sem eiga þátt í eftirliti með afurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. [Matvælastofnun]¹⁾ skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins um allar breytingar á skipulagi og starfsemi landamærastöðva sem að einhverju leyti varða viðurkenningu þeirra.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [383/2010](#).

[VIÐAUKI F

HEILBRIGÐISVOTTORÐ (VETERINARY CERTIFICATE)

Tilvísunarnúmer:
(Reference number)

Heilbrigðisvottorð meðfylgjandi vörusendingu sem flutt er frá viðurkenndri vörugeymslu, tollvörugeymslu eða frísvæði eða birgðahaldara beint um borð í skip eða með viðkomu í viðurkenndri forðageymslu farmflytjanda.

Veterinary Certificate to accompany consignments of products from a warehouse approved under Article 12(4)(b) or an operator authorised under Article 13(1) of Directive 97/78/EC directly to a vessel or via a specially approved warehouse (referred to in Article 13(2) (a) of Directive 97/78/EC) for provisioning in accordance with Commission Decision 2000/571/EC.

1. Uppruni (Vörugæymsla eða landamærastöð sem varan er send frá).

Origin (warehouse or border inspection post dispatching products).

Heimilisfang og leyfisnúmer á upprunalegri geymslu í EES/nafn og heimildarnúmer á viðurkenndri forðageymslu farmflytjanda (ef við á):

Address and approval number of warehouse of origin in the EC/name of border inspection post of dispatch/identity and authorised number of Article 13 warehouse (as applicable):

2. Ákvörðunarstaður vöru

Destination of the products.

Nafn skips:

(Vessel name)

Heimahöfn skips:

(Port where vessel berthed)

Höfn, og leyfisnúmer á viðurkenndri forðageymslu farmflytjanda (ef við á):

Port, and approval number of specially approved storage premises (if to be used):

3. Upplýsingar um vörusendingu

Details of the consignment dispatched

Dags. vörusendingar:

(Date of dispatch of products):

4. Staðfesting

Attestation

Undirritaður staðfestir að flytja megi ofangreindar vörur til ofangreinds skips eða birgðageymslu farmflytjanda, skv. 22. gr. reglugerðar nr. 849/1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

I certify that the products described above, are authorised to be dispatched to the vessel or warehouse specified above in accordance with Article 13 (2) (a) of Directive 97/78/EC.

Gert
(Done at) (Staður)

Þann
(On) (dags.)

(Place)
Stimpill
(Stamp)

(Date)
.....
(Undirritun eftirlitsmanns)
(Signature of official veterinarian)
.....
(Nafn með hástöfum, starfsheiti)
(Name in capital letters, qualification and title)

5. Staðfesting á komu vörusendingar

Confirmation of arrival of consignment

Undirritaður staðfestir afhendingu vörusendingar sbr. tölulið 3, með skipi sbr. tölulið 2.
(I confirm delivery of the consignment specified in section 3, as stored on board the vessel specified in section 2).

Gert
(Done at) (Staður)
(Place)
Stimpill
(Stamp)

Þann
(On) (dags.)
(Date)
.....
(Undirritun eftirlitsmanns)
(Signature of official veterinarian)
.....
(Nafn með hástöfum, starfsheiti)
(Name in capital letters, qualification and title)]¹⁾

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 42/2001

[VIÐAUKI G
[Sjá pdf-fylgiskjal](#)]¹⁾

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 1072/2009.

Reglugerð

nr. 946/1999 um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun rafhlaðna og rafgeyma sem í eru tiltekin hættuleg efni sem talin eru upp í 3. gr. og að stuðla að endurvinnslu eða skipulegri förgun þeirra.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Rafhlaða eða rafgeymir: Uppspretta raforku sem myndast við beina umbreytingu efnaorku. Rafhlöður og rafgeymar eru samsett úr einni eða fleiri frumrafhlöðum, sem ekki er hægt að endurhlaða, eða endurhlaðanlegum rafhlöðum.

Notuð rafhlaða eða rafgeymir: Rafhlaða eða rafgeymir sem ekki er hægt að nota aftur og á að endurvinna eða farga.

Söfnunarstaður: Staður þar sem almenningur getur skilað notuðum rafhlöðum og/eða rafgeymum, t.d. bensínafgreiðslur, ýmsar verslanir og gámastöðvar.

Gildissvið.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til rafhlaðna og rafgeyma sem í er,

- a) meira en 0,0005% kvikasilfurs (Hg) miðað við þyngd,
- b) meira en 0,025% kadmíums (Cd) miðað við þyngd,
- c) meira en 0,4% blýs (Pb) miðað við þyngd.

Takmarkanir.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota rafhlöður eða rafgeyma sem í eru meira en 0,0005% af kvikasilfri (Hg). Ákvæði þetta tekur einnig til rafhlaðna og rafgeyma sem eru hluti af vörum og tækjabúnaði.

Undanþegnar þessu banni eru hnapparafhlöður og rafhlöður sem samsettar eru úr hnapparafhlöðum sem í er minna en 2% kvikasilfurs miðað við þyngd.

Merkingar og meðferð.

5. gr.

Rafhlöður og rafgeyma, svo og tæki og vörur sem þau eru hluti af, skal merkja á viðeigandi hátt eftir því sem við verður komið. Merkingin skal vera greinileg, auðlæsileg og óafmáanleg.

Merkingin skal upplýsa um eftirtalin atriði:

- a) sérstaka söfnun úrgangsefna; spilliefni,
- b) tegund þungmálma.

Í I. viðauka við reglugerð þessa er að finna nánari skýringar á þessu ákvæði um merkingar.

6. gr.

Rafhlöðum og rafgeymum skal þannig fyrirkomið í tækjum og vörum að notendur eigi auðvelt með að fjarlægja þau. Þó skal tryggja að börn geti ekki náð til rafhlaðna í tækjum eða vörum ef rafhlöðurnar falla undir þessa reglugerð.

Tækjum þar sem ekki er augljóst hvernig skipta skuli um rafhlöður og rafgeyma skulu fylgja leiðbeiningar sem veita notanda upplýsingar um innihald rafhlaðnanna og rafgeymanna, ef þau eru hættuleg umhverfinu, og sýna hvernig fjarlægja megi þau á öruggan hátt.

Undanskilin þessu ákvæði eru þau tæki og notkunarsvið rafhlaðna og rafgeyma sem upp eru talin í II. viðauka við reglugerð þessa.

Förgun.

7. gr.

Notaðar rafhlöður og rafgeymar, sem þessi reglugerð tekur til, flokkast sem spilliefni og fer um þau í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Notuðum rafhlöðum og rafgeymum skal komið til söfnunarstaðar. Sveitarfélög bera ábyrgð á söfnun og förgun notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

Eftirlit.

8. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Viðurlög.

9. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

...

I. VIÐAUKI

Nánari skýringar á merkingarákvæðum 5. gr.

1. Merkingar sem gefa til kynna að safna eigi rafhlöðum og rafgeymum sérstaklega, og aðgreina þannig frá öðrum úrgangi, skulu samanstanda af merki með mynd af íláti á hjólum sem krossað er yfir, sbr. myndir hér að neðan:

(Mynd ekki birt hér)

Merkið skal þekja þrjá hundruðustu hluta stærstu hliðar rafhlöðunnar eða rafgeymisins en ekki vera stærra en 5x5 cm. Ef um er að ræða sívalninga skal merkið þekja þrjá hundruðustu af hálfu yfirborðssvæði rafhlöðunnar eða rafgeymisins en ekki vera stærra en 5x5 cm. Ef smæð rafhlöðunnar er slík að merkið yrði minna en 0,5x0,5 cm er ekki þörf á að merkja rafhlöðuna eða rafgeyminn en prenta skal merkið í stærðinni 1x1 cm á umbúðirnar.

2. Merkingar sem upplýsa um tegund þungmálma sem rafhlöður og rafgeymar innihalda skulu sýna efnafræðitákn viðkomandi málm, Hg (kvikasilfur), Cd (kadmíum) eða Pb (blý). Efnafræðitáknið skal prentað fyrir neðan merkið um sérstaka söfnun. Táknid skal þekja svæði sem er hið minnsta einn fjórði af stærð merkisins um sérstaka söfnun.

II. VIÐAUKI

Flokkar tækja og notkunarvið rafhlaðna og rafgeyma sem undanþegin eru ákvæðum 6. gr.

1. Tæki þar sem rafhlöður eru lóðaðar, soðnar eða á annan hátt festar við tengil til að tryggja órofið afl í iðnaði, ef þess er krafist, og tæki til að geyma minni og gögn í ákveðnum gerðum upplýsinga- og skrifstofutækniþúnaðar. Þetta á einungis við ef rafhlöður og rafgeymar sem þessi reglugerð tekur til eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum.

2. Viðmiðunarraflöður í tækjum sem notuð eru í vísinda- og atvinnuskyni, rafhlöður og rafgeymar í lækningatækjum sem eiga að halda lífsnauðsynlegri starfsemi í gangi og rafhlöður og rafgeymar í gangráðum þar sem stöðug starfsemi er lífsnauðsynleg. Hér er um að ræða rafhlöður og rafgeyma sem aðeins sérmenntað starfsfólk getur fjarlægt.
3. Færanlegt tæki þegar það getur stofnað notanda í hættu eða haft áhrif á starfsemi tækisins ef aðrir en menntað og hæft starfsfólk fjarlægja rafhlöðurnar og atvinnutæki sem nota á í mjög varasömu umhverfi, svo sem í námunda við rokgjörn efni.

Reglugerð

nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, sbr. reglugerðir nr. 792/2000, 555/2001, 160/2002, 805/2002, 922/2002, 334/2004, 176/2005, 416/2007, 193/2008, 416/2008 og 446/2009 um breytingu á henni.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Greidda skal í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum, sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, ökutækjahlutum og öðrum vörum, eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari, sbr. 87. kafla viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Gjaldskylda skv. 1. gr. nær til allra vara, sbr. II. kafla, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins, framleiddar eru eða unnið er að hér á landi. Vörur sem seldar eru úr landi eru þó ekki gjaldskyldar.

Gjaldskylda vegna aðvinnslu að ökutækjum, sem leiðir til hækkunar á gjaldflokki, sbr. 3. og 4. gr., varir í fimm ár frá nýskráningardegi.

Við flokkun vara til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga. Ákvæði laganna gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

II. KAFLI.

Gjaldskyld ökutæki og aðrar vörur, gjaldflokkar.

3. gr.

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentimetrum:

Gjaldflokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0-2.000	30
II	Yfir 2.000	45

4. gr.

Vörugjald af eftirtöldum ökutækjum og öðrum gjaldskyldum vörum skal vera sem hér segir:

1. Undanþegin vörugjaldi:
 - a. Hópfærðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem eru aðallega ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni.
 - b. Dráttarabifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
 - c. Snjóplógar.
 - d. Ökutæki sem eingöngu eru knúin rafmagni eða vetni.
 - e. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.
 - f. Beltabifreiðar (snjóbílar), yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætlaðar til aksturs í snjó.
 - g. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.
 - h. Eftirtalin ökutæki, enda séu þau yfir 5 tonn að heildarþyngd:
 - i) Dráttarabifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki.
 - ii) Ökutæki sem eru aðallega ætluð til vöruflutninga.
 - iii) Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga.
 - iv) Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar, kranabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein.
2. 10% vörugjald: Dráttarvélar.
- [3. 13% vörugjald:
 - a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 toll eða minna að leyfðri heildarþyngd.
 - b. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
 - c. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
 - d. Tengivagnar og festivagnar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
 - e. Dráttarabifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
 - f. Ökutæki, sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
 - g. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
 - h. Fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.
- 4.]¹⁾ 30% vörugjald:
 - a. Hópfærðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni.
 - b. Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél.
 - c. Beltabifhjól (vélsleðar).
 - d. Fjór hjól.
 - e. Önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.

1) Sbr. reglugerð nr. 658/2004, 1. gr.

III. KAFLI Vörugjald af innflutningi.

Gjaldskyldir aðilar.

5. gr.

Skylda til að greiða vörugjald af innfluttum ökutækjum og öðrum gjaldskyldum vörum hvílir á innflytjanda.

Gjaldstofn.

6. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum ökutækjum og öðrum gjaldskyldum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. 8.-12. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.

Álagning og greiðslufrestur. .

7. gr.

Vörugjald af innfluttum ökutækjum og öðrum gjaldskyldum vörum skal lagt á og innheimt við tollafgreiðslu. Að ósk innflytjanda skal fresta innheimtu vörugjalds af skráningarskyldum ökutækjum þar til þau eru skráð samkvæmt umferðarlögum, þó ekki lengur en í tólf mánuði frá tollafgreiðsludegi.

[Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal fresta innheimtu vörugjalds af skráningarskyldri bifreið þess sem flytur hingað til lands til varanlegrar búsetu, í allt að einn mánuð frá komudegi flutningsfars til landsins. Það er skilyrði að innflytjandi flytji bifreiðina til landsins eigi síðar en einum mánuði frá komu hans sjálfs til landsins.]¹⁾

Ef innflytjandi stundar innflutning á ökutækjum í atvinnuskyni og er jafnframt leyfishafi skv. reglugerð nr. 722/1997, um SMT-tollafgreiðslu, skal hann, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., gera upp vörugjald miðað við eins mánaðar uppgjörstímabil. Gjaldddagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

1) sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 416/2007.

IV. KAFLI.

Vörugjald af innlendri framleiðslu og aðvinnslu.*Gjaldskyldir aðilar.*

8. gr.

Gjaldskyldir vegna innlendrar framleiðslu og aðvinnslu eru:

1. Aðilar sem í atvinnuskyni vinna að eða framleiða hér á landi gjaldskyldar vörur. Aðvinnsla eða framleiðsla vegna eigin nota þessara aðila er einnig gjaldskyld.
2. Aðrir aðilar sem vinna að eða framleiða hér á landi gjaldskyldar vörur til eigin nota.
3. Eigendur ökutækja ef ökutæki þeirra hækka um gjaldflokk við aðvinnslu fyrir nýskráningu eða við breytingu innan fimm ára frá nýskráningardegi.

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna, í því formi sem ríkistollstjóri ákveður, um starfsemi til tollstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Tilkynna skal um breytingu á starfsemi innan 15 daga frá því að hún á sér stað.

Gjaldstofn vegna framleiðslu eða aðvinnslu innanlands.

9. gr.

Gjaldstofn aðvinnsluvörugjalds vegna ökutækja sem framleidd eru eða sett saman hér á landi áður en þau eru nýskráð er verksmiðjuverð þeirra, þ.e. söluverð frá framleiðanda án vörugjalds til óháðs aðila, sbr. 8. gr. tollalaga.

Gjaldstofn aðvinnsluvörugjalds vegna ökutækja eða ökutækjahluta sem hljóta aðvinnslu hér á landi er allur aðvinnslukostnaður, svo sem kostnaður vegna efnivöru, launakostnaður og annar kostnaður sem fellur til við aðvinnslu að meðtalinni álagningu aðvinnsluaðila.

10. gr.

Gjaldstofn viðbótarvörugjalds ökutækja sem vegna aðvinnslu fyrir nýskráningu flokkast í annan gjaldflokk en við tollafgreiðslu er upphaflegt tollverð.

Gjaldstofn viðbótarvörugjalds ökutækja sem vegna aðvinnslu eftir nýskráningu og innan fimm ára frá nýskráningardegi flokkast í hærri gjaldflokk er tollverð þegar það hefur verið framreiknað og afskrifað, að viðbætti þeirri verðmætæaukningu sem veldur gjaldflokksþækkun. Tollverð skv. 1. málsl. skal taka breytingum samkvæmt gildandi lánsklaravísitölu við nýskráningu annars vegar og hins vegar að lokinni þeirri breytingu sem leiðir til breytingar á gjaldflokki ökutækis. Um afskrift tollverðs gilda ákvæði 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun.

Upplýsingaskylda, skýrsluskil, bókhald og reikningsútgáfa.

11. gr.

Aðilar sem framleiða eða vinna að gjaldskyldum vörum skulu ótilkvaddir skila upplýsingum til tollstjóra í því formi sem ríkistollstjóri ákveður.

Aðilar sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga skila vörugjaldsskýrslu fyrir hvert uppgjörstímabil. Þeir skulu að auki skila upplýsingum um hvernig gjaldstofn og gjald sundurliðast eftir ökutækjum.

Skila skal til tollstjóra sérstakri skýrslu um hvert ökutæki sem framleitt er eða hlýtur gjaldskylda aðvinnslu hér á landi innan viku frá sölu eða afhendingu þess og eigi síðar en fimm dögum fyrir nýskráningu, sé um óskráð ökutæki að ræða. Skýrslan skal undirrituð af aðvinnslu- eða framleiðsluaðila og eiganda ökutækis. Skýrsluskil aðila sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. eru lokaskil hans til tollstjóra sem leggur skýrsluna til grundvallar álagningu.

Álagning og greiðslufrestur vegna framleiðslu og aðvinnslu innanlands.

12. gr.

Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum eða vörum sem hlotið hafa aðvinnslu hér á landi, aðvinnsluvörugjald, reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru og þjónustu frá aðvinnsluaðila eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Viðbótarvörugjald vegna hækkunar á gjaldflokki ökutækja við aðvinnslu, innan fimm ára frá nýskráningardegi, er reiknað og lagt á af tollstjóra samkvæmt sérstakri skýrslu, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Gjaldanda er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu skv. 1. og 2. mgr. það vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu eða aðvinnslu á viðkomandi uppgjörstímabili.

Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar innlendrar framleiðslu og aðvinnslu er tveir mánuðir: janúar og febrúar o.s.frv. Gjaldþagi er fimmtándi dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Vörugjaldi skal skila eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast hann á næsta virkan dag á eftir.

13. gr.

Gjaldskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu þannig að tollyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um vörugjald.

Þeir sem vilja njóta frádráttar skv. 3. mgr. 12. gr. skulu færa það vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum og efnivöru í sérstakan reikning í bókhaldi. Niðurstaða reiknings fyrir hvert uppgjörstímabil færast til frádráttar á vörugjaldsskýrslu við skil til ríkissjóðs.

Framleiðendur og aðvinnsluaðilar sem selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstaka sölureikninga þar sem tilgreina skal gjaldstofn, gjaldflokk og fjárhæð vörugjalds.

V. KAFLI.

Lækkun eða niðurfelling vörugjalds.

Bílaleigubifreiðar .

14. gr.

Vörugjald af fólksbifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum, sbr. 3. gr., skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en í 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

Lækkun vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu [15]³⁾ mánuði eftir nýskráningu bifreiðar verði nýtingu bifreiðar og starfsemi bílaleigu hagað sem hér segir:

1. Bifreið skal skráð á bílaleigu sem hefur leyfi samgönguráðuneytisins til reksturs bílaleigu eða á eignarleigu vegna eignarleigusamnings við bílaleigu sem hefur slíkt leyfi. Bílaleiga skal haga starfsemi sinni að öllu leyti í samræmi við ákvæði laga um bílaleigur.
2. Bifreið skal skráð sem bílaleigubifreið og tryggð sem slík.
3. [Bifreið skal að jafnaði leigð út til þriggja vikna eða skemur vegna tímabundinna þarfa leigutaka, svo sem vegna ferðalaga eða tímabundins afnotamissis eigin bifreiðar. Bílaleigu er óheimilt að gera leigusamning við sama leigutaka, einstakling eða lögaðila, eða aðila tengdan honum, lengur en 45 daga af sérhverju 100 daga tímabili, hvort heldur sem um sömu bifreið er að ræða eða aðra bifreið, nema í eftirtöldum tilvikum:
 - a) þegar leigutaki er váttryggingafélag, sem hefur starfsleyfi hér á landi og bifreið er tekin á leigu vegna tímabundins afnotamissis váttryggingataka af eigin bifreið.
 - b) þegar leigutaki er lögaðili og bifreið er tekin á leigu vegna ferðalaga starfsmanna hans.

Í þeim tilvikum sem um getur í a- og b-lið hér að framan skal tekið fram í leigusamningi að hann sé gerður í þágu tiltekins váttryggingartaka vegna tímabundins afnotamissis eigin bifreiðar eða tiltekins starfsmanns lögaðila vegna ferðalaga hans. Notkun hvers ökumanns skal háð skilyrðum 2. málsl. þessa töluliðs.]¹⁾

4. Bifreið skal eingöngu nýtt til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu. Við mat á því skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða með öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi.

5. Bílaleiga skal haga bókhaldi sínu með þeim hætti að hún geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri bifreiðar. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds, lögveð og beitingu álags. Um framkvæmd lækkunar, þ.m.t. yfirlýsingu bílaleigu vegna uppgjörðs vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

[Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að flytja bílaleigubifreið, sem uppfyllir skilyrði fyrir lækkun vörugjalds skv. 1. mgr., varanlega úr landi innan 6 mánaða frá nýskráningu bifreiðar, án greiðslu eftirgefins vörugjalds. Sé bifreið flutt aftur til landsins skal greiða af henni vörugjald að nýju.]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 992/2002. 2) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 992/2002. 3) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 334/2004.

Leigubifreiðar.

15. gr.

Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en í 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

Lækkun vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu [tvö]²⁾ ár eftir nýskráningu bifreiðar verði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Réttthafi skal hafa atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs, samkvæmt lögum um leigubifreiðar. Skal hann leggja fram vottorð því til staðfestingar í tengslum við umsókn um lækkun vörugjalds.
2. Réttthafi má ekki njóta eftirgjafar vegna annarrar leigubifreiðar á sama tíma.
3. [Réttthafi skal hafa í tekjur að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu eins og það er ákvarðað af ráðherra árlega, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, næsta almanaksár eftir að eftirgjöf var veitt. Að loknum tveimur árum frá eftirgjöf ber réttthafa að senda viðkomandi tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslu næsta heila almanaksárs eftir að eftirgjöf var veitt, til sönnunar á tekjum réttthafa. Berist tollstjóra ekki framangreint skattframtal skal hann innheimta eftirgefið vörugjald að fullu.]¹⁾ [Tollstjóra er þó heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur fjármála-ráðherra kveða á um enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur réttthafa sem réttlætt getur slíka ákvörðun, t.d. vegna alvarlegra veikinda eða ef bifreið ónýtist.]²⁾
4. Að bifreið verði skráð sem leigubifreið í ökutækjaskrá og nýtt sem slík.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd lækkunar, þ.m.t. yfirlýsingu réttthafa vegna uppgjörðs vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 416/2007. 2) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 446/2009.

[Bifreiðar til ökukennslu.]

15. gr. a.

Vörugjald af bifreiðum til ökukennsku skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en í 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

Lækkun vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu [tvö]¹⁾ ár eftir nýskráningu bifreiðar verði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Réttthafi skal hafa hlotið löggildingu sem ökukennari, samkvæmt reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla. Skal hann leggja fram vottorð því til staðfestingar í tengslum við umsókn um lækkun vörugjalds.
2. Réttthafi má ekki njóta eftirgjafar vegna annarrar bifreiðar til ökukennslu á sama tíma.
3. [Réttthafi skal hafa í tekjur að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu eins og það er ákvarðað af ráðherra árlega, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, næsta almanaksár eftir að eftirgjöf var veitt. Að loknum tveimur árum frá eftirgjöf ber réttthafa að senda viðkomandi tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslu næsta heila almanaksárs eftir að eftirgjöf var veitt, til sönnunar á tekjum réttthafa. Berist tollstjóra ekki framangreint skattframtal skal hann innheimta eftirgefið vörugjald að fullu.]¹⁾ [Tollstjóra er þó heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur fjármála-ráðherra kveða á um enda liggja fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur réttthafa sem réttlætt getur slíka ákvörðun, t.d. vegna alvarlegra veikinda eða ef bifreið ónýttist.]²⁾
4. Að bifreið verði skráð sem bifreið til ökukennslu í ökutækjaskrá og nýtt sem slík.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd lækkunar, þ.m.t. yfirlýsingu réttthafa vegna uppgjör vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

1. Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [416/2008](#). 2) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. [446/2009](#).

15. gr. b.

Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu í eigu ökuskóla skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en í 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

Lækkun vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu [tvö]¹⁾ ár eftir nýskráningu bifreiðar verði nýting bifreiðar og starfsemi ökuskóla hagað sem hér segir:

1. Bifreið skal skráð á ökuskóla sem hefur starfsleyfi frá umferðarráði. Ökuskólar skulu haga starfsemi sinni að öllu leyti í samræmi við reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla.
2. Bifreið skal skráð sem bifreið til ökukennslu og tryggt sem slík.
3. Bifreiðin skal eingöngu nýtt til ökukennslu hjá viðkomandi skóla. Við mat á því skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 80% af akstri hennar með framlagningu akstursdagbókar eða með öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi.
4. Ökuskóli skal haga bókhaldi sínu með þeim hætti að hann geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri bifreiðar. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds, lögveð og beitingu álags. Um framkvæmd lækkunar, þ.m.t. yfirlýsingu ökuskóla

vegna uppgjörs vörugjalds gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. [416/2008](#).

Bifreiðar til ökukennslu og leigubifreiðaaaksturs.

15. gr. c.

Vörugjald af bifreiðum sem notaðar eru til ökukennslu og leigubifreiðaaaksturs skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en í 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

Lækkun vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu [tvö]²⁾ eftir nýskráningu bifreiðar verði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Réttihafi skal hafa hlotið löggildingu sem ökukennari, samkvæmt reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla. Réttihafi skal jafnframt hafa atvinnuleyfi til leigubifreiðaaaksturs samkvæmt lögum um leigubifreiðar. Skal hann leggja fram vottorð þessu til staðfestingar í tengslum við umsókn um lækkun vörugjalds.
2. Réttihafi má ekki njóta eftirgjafar vegna annarrar bifreiðar hvort sem er til ökukennslu eða vegna annarrar leigubifreiðar á sama tíma.
3. [Réttihafi skal hafa í tekjur að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu eins og það er ákvarðað af ráðherra árlega, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, næsta almanaksár eftir að eftirgjöf var veitt. Að loknum tveimur árum frá eftirgjöf ber réttihafa að senda viðkomandi tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslu næsta heila almanaksárs eftir að eftirgjöf var veitt, til sönnunar á tekjum réttihafa. Berist tollstjóra ekki framangreint skattframtal skal hann innheimta eftirgefið vörugjald að fullu.]²⁾ [Tollstjóra er þó heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur fjármálaráðherra kveða á um enda liggja fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur réttihafa sem réttlætt getur slíka ákvörðun, t.d. vegna alvarlegra veikinda eða ef bifreið ónýttist.]³⁾
4. Að bifreið verði skráð sem bifreið til ökukennslu og leigubifreið í ökutækjaskrá og nýtt sem slík.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd lækkunar, þ.m.t. yfirlýsingu réttihafa vegna uppgjörs vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.]¹⁾

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. [555/2001](#). 1. Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. [416/2008](#).

3) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. [446/2009](#).

Sérsmíðaðar bifreiðar til akstursíþróttar.

16. gr.

Vörugjald skal falla niður af sérsmíðuðum bifreiðum til keppni í rallakstri, sem skráðar eru sem slíkar, ökutækjum sem ekki eru skráningarskyld og sérsmíðuð eru til nota í kvartmílukeppni og torfærugrindum til nota í torfærukeppni [og kappakstursbifreiðum til nota á lokuðum brautum til akstursíþróttar]¹⁾.

Niðurfelling vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu sjö ár eftir nýskráningu bifreiðar verði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Ökutæki skal ætlað til og einungis notað í aksturskeppnum sem haldnar eru í samræmi við reglur um akstursíþróttir og aksturskeppni og haldnar eru á ábyrgð og samkvæmt reglum samtaka um akstursíþróttir, þ.e. skipulagsbundinna samtaka sem hafa akstursíþróttir á verkefnaskrá sinni og hlotið hafa til þess viðurkenningu [samgönguráðuneytisins]¹⁾.
2. Við umsókn um niðurfellingu vörugjalds skal lagt fram vottorð frá framleiðanda bifreiðar ásamt rökstuddri yfirlýsingu samtaka um akstursíþróttir um að um sé að ræða sérsníðaða keppnisbifreið til aksturskeppni í viðkomandi keppnisgrein. Ef ökutæki er ekki skráningarskytt skal leggja fram vottorð um það frá skráningarstofu ökutækja. Við mat á því hvort ökutæki sé sérsníðað ökutæki til keppni í viðkomandi keppnisgrein skal m.a. litið til þess hvort ökutækið uppfylli þær kröfur sem samtök um akstursíþróttir gera til keppnisbifreiða. Varðandi sérsníðaðar bifreiðar til keppni í rallakstri skal jafnframt litið til þess hvort bifreiðin uppfylli kröfur sem gerðar eru varðandi skráningu samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja.
3. Ef um sérsníðaða bifreið til rallaksturs er að ræða skal hún skráð sem slík í ökutækjaskrá, samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja. Skráningarnúmer skulu vera í samræmi við ákvæði sömu reglugerðar.
4. Ökutækjum sem njóta niðurfellingar samkvæmt þessari grein er óheimilt að aka á vegum. Þó er heimilt að aka sérsníðuðum rallbifreiðum á vegum vegna þátttöku í rallaksturskeppnum samkvæmt reglum um akstursíþróttir og aksturskeppni og til æfingaaksturs samkvæmt sömu reglum.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd niðurfellingar, þ.m.t. yfirlýsingu réttthafa vegna uppgjors vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á niðurfelldu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [193/2008](#).

Ökutæki sem flutt eru inn vegna starfsemi björgunarsveita .
17. gr.

[Vörugjald skal falla niður af ökutækjum sem flutt eru inn til starfsemi björgunarsveita, að því tilskildu að fyrir liggja staðfesting samstarfsnefndar um endurgreiðslu aðflutningsgjalda á að hún hafi yfirfarið og fallist á beiðni um niðurfellingu aðflutningsgjalda. Niðurfellingin nær einnig til vörugjalds sem stofnast vegna aðvinnslu ökutækis hér á landi.]¹⁾

Skilyrði fyrir niðurfellingu skv. 1. mgr. er að ökutæki verði skráð eign björgunarsveitar, í fimm ár frá nýskráningu ef um bifreið er að ræða en í þrjú ár ef um annað ökutæki er að ræða. Á þeim tíma er óheimilt að nýta ökutæki til annars en fyrir venjulega starfsemi björgunarsveitar.

Ef brotið er gegn skilyrðum 2. mgr. gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd niðurfellingar, þ.m.t. yfirlýsingu réttthafa vegna uppgjors vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á niðurfelldu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [792/2000](#).

Ökutæki sem eru að verulegu leyti knúin metangasi eða rafmagni.

18. gr.

Vörugjald af bifreiðum sem flokkast undir 3. gr. og búnar eru vélum sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu skal vera 120.000 kr. lægra en ella væri samkvæmt greininni. Umsókn um lækkun vörugjalds skulu fylgja upplýsingar sem tollstjóri metur fullnægjandi til staðfestingar því að vél ökutækis sé að verulegu leyti knúin metangasi eða rafmagni. Lækkun vörugjalds samkvæmt þessari grein gildir til 31. desember 2003.

Önnur lækkun eða niðurfelling.

19. gr.

Vörugjald skal lækka eða falla niður af eftirtöldum ökutækjum, sem hér segir:

1. Vörugjald skal falla niður af ökutækjum sem flutt eru til landsins til eignar eða afnota fyrir erlend sendiráð, sendiráðisskrifstofur og sendiráðismenn hér á landi. Jafnframt af ökutækjum sem undanþegin skulu vörugjaldi samkvæmt ákvæðum milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. [Niðurfelling samkvæmt þessum tölulið nær einnig til ökutækja sem skráð eru á eignarleigu vegna eignarleigusamnings við aðila sem ákvæðið nær til.]¹⁾
2. [Vörugjald skal falla niður af bifreiðum, sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að bifreiðin verði skráð eign ríkis, sveitarfélaga eða stofnana þeirra eða hins fatlaða sjálfs. Þó er heimilt ef hinn fatlaði er barn að skrá bifreiðina á forráðamann barnsins.]²⁾
3. Vörugjald skal falla niður af dráttarvélum, að því tilskildu að dráttarvél verði nýtt á lögbylí.
4. Vörugjald skal falla niður af slökkvibifreiðum í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
5. Vörugjald skal falla niður af sjúkrabifreiðum í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
6. Vörugjald skal lækka í 5% af hópferðabifreiðum sem eru skráðar fyrir 10-17 manns að meðtöldum ökumanni og eru í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða í eignarleigu vegna eignarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa.
7. [Vörugjald af bifreiðum sem eru sérstaklega útbúnar og notaðar til líkflutninga skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II. Skilyrði [3. másl. 1. tölul. og]⁴⁾ 2. tölul. 1. mgr. um eiganda og nýtingu bifreiðar skulu vera til fjögurra ára en skilyrði 3.- 7. tölul. 1. mgr. skulu vera til fimm ára.]¹⁾
Ef brotið er gegn skilyrðum [3. másl. 1. tölul. eða]³⁾ 2.-7. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd lækkunar eða niðurfellingar, þ.m.t. yfirlýsingu réttthafa vegna uppgjör vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu eða niðurfelldu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

1) Sbr. 1. tölulið 2. gr. reglugerðar nr. 792/2000. 3) Sbr. 3. tölulið 2.gr. reglugerðar nr. 792/2000.

2) Sbr. 2. tölulið 2. gr. reglugerðar nr. 792/2000. 4) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 658/2004. 5) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 176/2005.

Brot gegn skilyrðum fyrir lækkun eða niðurfellingu vörugjalds.

20. gr.

Brjótí aðili, sem nýtur lækkunar eða niðurfellingar vörugjalds skv. 14.-17. gr. [3. másl. 1. tölulíð]¹⁾ eða 2.-7. tölul. 1. mgr. 19. gr., gegn skilyrðum sem sett eru í fyrrgreindum ákvæðum um nýtingu ökutækis o.fl. skal hann greiða ógreitt vörugjald, þ.e. mismun á fjárhæð vörugjalds sem greitt var og þeirri fjárhæð sem borið hefði að greiða ef ekki hefði komið til lækkunar eða niðurfellingar. Lögveð er í viðkomandi ökutæki fyrir ógreiddu vörugjaldi skv. 3. mgr. 111. gr. tollalaga, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

[Ef um er að ræða lækkun til bílaleigu, sbr. 14. gr., skal tollstjóri, hafi réttthafi brotið gegn skilyrðum 3. tölul. 14. gr., innheimta ógreitt vörugjald ásamt 50% álagi. Hafi réttthafi brotið gróflega eða ítrekað gegn skilyrðum 14. gr. fyrir lækkun skal innheimta ógreitt vörugjald ásamt 50% álagi og jafnframt svipta hina brotlegu bílaleigu rétti til lækkunar vörugjalds skv. 14. gr. í þrjú ár. Lögveð tekur ekki til álags samkvæmt þessari málsgrein.]²⁾

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 792/2000. 2) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 805/2002.

Framkvæmd lækkunar eða niðurfellingar.

21. gr.

[Umsókn um lækkun eða niðurfellingu vörugjalds samkvæmt þessum kafla skal beint til tollstjórans í Reykjavík og annast hann jafnframt framkvæmd lækkunar eða niðurfellingar, þ.m.t. tilkynningar til skráningaraðila, sbr. 4. mgr.

Aðili sem nýtur lækkunar eða niðurfellingar vörugjalds skv. 14.-17. gr. eða 2.-7. tölul. 1. mgr. 19. gr. skal undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur að hann skuldbindi sig til að hlíta þeim skilyrðum sem sett eru í fyrrgreindum ákvæðum um nýtingu ökutækis o.fl. Skulu skilyrði þessi tilgreind í yfirlýsingunni. Jafnframt skal tilgreint um skyldu til greiðslu ógreidds vörugjalds verði brotið gegn fyrrgreindum skilyrðum og um að lögveð sé í viðkomandi ökutæki fyrir ógreiddu vörugjaldi. Sé skráður eigandi ökutækis eignarleiga skal hún jafnframt staðfesta vitneskju um fyrrgreind skilyrði og lögveð vegna vangoldins vörugjalds ef skilyrði eru ekki uppfyllt.

Eignarleigufyrirtæki sem hyggst nýta rétt til niðurfellingar vörugjalds skv. 3. másl. 1. tölul. 1. mgr. 19. gr. skal afhenda tollstjóra undirritaða yfirlýsingu um að fyrirtækinu sé kunnugt um skilyrði þessarar reglugerðar um nýtingu ökutækis, sbr. 2. mgr. 19. gr., svo og skyldu fyrirtækisins til greiðslu á hluta eftirgefins vörugjalds verði ökutækið tekið til annarra nota, sbr. 22. gr.

Tilgreina skal í ökutækjaskrá ef vörugjald hefur verið lækkað eða fellt niður í samræmi við ákvæði 14.-17. gr., 3. másl. 1. tölul. eða 2.-7. tölul. 1. mgr. 19. gr. Óheimilt er að umskrá ökutæki sem tilgreint hefur verið með slíkum hætti fyrr en að fenginni heimild tollstjóra.

Ekki skal lækka eða fella niður vörugjald samkvæmt þessum kafla nema sótt sé um eftirgjöf fyrir nýskráningu eða í beinum tengslum við hana.]¹⁾

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 792/2000.

Greiðsla eftirgefins vörugjalds.

22. gr.

Þeim sem notið hefur lækkunar eða niðurfellingar skv. 14.-17. gr. [, 3. másl. 1. tölul.]¹⁾ eða 2.-7. tölul. 1. mgr. 19. gr. skal heimilt að selja ökutæki eða taka það til annarrar notkunar en lá til grundvallar lækkun eða niðurfellingu, innan tilgreindra tímamarka, enda greiði hann hluta eftirgefins vörugjalds, í réttu hlutfalli við þann tíma sem eftir er miðað við heildartíma kvaðar.

Greiðsla eftirgefins vörugjalds skv. 1. mgr. skal ákvarðast sem svarar til fjölda mánaða sem eftir eru miðað við heildartíma kvaðar [sbr. þó 3. mgr. 14. gr.]²⁾

Greiðsla skal miðast við heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

1) Sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 792/2000. 2) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. [922/2002](#).

VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

23. gr.

Þeir aðilar sem skrá eða skoða ökutæki skulu ganga úr skugga um það við skráningu eða skoðun að álagt vörugjald hafi verið greitt eða skuldfært. Hafi gjald hvorki verið greitt né skuldfært skal synjað um skráningu eða skoðun ökutækis og viðkomandi tollstjóra þegar tilkynnt um það.

Við forskráningu og eftir skoðun ökutækja skal skrá í ökutækjaskrá þau atriði er varðað gætu gjaldskyldar breytingar ökutækja.

24. gr.

Tollstjórar annast álagningu vörugjalds. Úrskurði tollstjóra verður skotið til ríkistollanefndar samkvæmt ákvæðum tollalaga og er úrskurður nefndarinnar fullnaðarúrskurður á stjórnýslustigi.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um álagningu, kærumeðferð, innheimtu, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði tollalaga og laga nr. 97/1987 um vörugjald, með síðari breytingum.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast gildi þegar í stað, að undanskilinni 17. gr. sem öðlast gildi 1. júlí 2000. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Tollstjórinn í Reykjavík skal að undangenginni umsókn endurgreiða sem svarar til mismunar á greiddu vörugjaldi og lækkuðu vörugjaldi skv. 1. mgr. 14. gr., vegna bifreiða er tollafgreiddar voru á tímabilinu frá 6. apríl 2000 til 1. júlí 2000 og eru í eigu aðila sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 14. gr. og undirritað hafa yfirlýsingu í samræmi við 2. mgr. 21. gr.

II.

Heimilt er að aflétta kvöðum af vélsleðum sem nýttir eru til ferðaþjónustu og nutu lækkunar vörugjalds úr 70% í 30% á grundvelli eldri reglugerðar um vörugjald af ökutækjum, nr. 254/1993.

Eigendum slíkra vélsleða er heimilt að selja þá án hlutfallslegrar endurgreiðslu eftirgefins vörugjalds, þrátt fyrir að skilyrði um tímalengd eignarhalds sé ekki uppfyllt.]¹⁾

1) Sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 792/2000.

Reglugerð

nr. 368/2000 um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, sbr. reglugerð nr. 448/2002, 437/2003, 49/2006, 908/2008 og 824/2010 um breytingu á henni.

1. gr.

Skilagjald.

[Leggja skal skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota flöskum og dósnum úr stáli, áli, gleri og plastefni sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. [Skilagjald skal nema 13,08 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu.]⁴⁾

[Vörur í öðrum umbúðum, sem flokkast undir tollskránumer sem upp eru talin í 3. gr. reglugerðar þessarar og bera ekki skilagjald skal um tollafgreiðslu fara skv. 4. gr. reglugerðarinnar.]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 448/2002. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 49/2006 sem tók gildi 31. janúar 2006. 3) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 908/2008. 4) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 824/2010.

2. gr.

Umsýsluþóknun.

[Umsýsluþóknun skal leggja til viðbótar skilagjaldi á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 4,63 kr. á umbúðir úr stáli, 3,40 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 2,44 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 2,09 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 0,86 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 824/2010.

3. gr.

Gjaldskylda.

[Gjaldskylda samkvæmt 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota flöskum og dósnum úr stáli, áli, gleri og plastefnum sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hérlendis og eru til sölu hér á landi og flokkast undir vöruliði 2009, 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 eða 2208 í tollskrá, sem er viðauki I við tollalög nr. 88/2005.]¹⁾

Skilagjald leggst ekki á drykkjavörur í einnota umbúðum, sem seldar eru úr landi. Við flokkun til gjaldskyldu skv. reglugerð þessari skal fylgja flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Ákvæði tollalaga gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun drykkjarvara.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 49/2006 sem tók gildi 31. janúar 2006.

4. gr.

Álagning skilagjalds

Öllum þeim, sem flytja inn til landsins skilagjaldsskyldar vörur skv. 1. gr., hvort sem er til eigin nota eða endursölu, ber skylda til við tollafgreiðslu að greiða skilagjald og umsýsluþóknun af hinum innfluttu vörum.

[Við tollafgreiðslu á vörum sem bera ekki skilagjald, en flokkast undir tollskrárnumur sem upp eru talin í 3. gr. reglugerðarinnar, skal tilgreina í reit 14 í aðflutningsskýrslu (E-1) undanþágutilvísun fyrir þessar vörur sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.]¹⁾

Skilagjald og umsýsluþóknun mynda ekki gjaldstofn við útreikning annarra aðflutningsgjalda en virðisaukaskatts.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 49/2006 sem tók gildi 31. janúar 2006.

5. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Þeim, sem framleiða eða tappa á skilagjaldsskyldar vörur innanlands, ber skylda til að greiða skilagjald og umsýsluþóknun af framleiðslu sinni og standa skil á því í ríkissjóð. Skilagjald og umsýsluþóknun mynda ekki gjaldstofn við álagningu vörugjalds eða annarra sambærilegra framleiðslugjalda. Gjöldin mynda hins vegar stofn til virðisaukaskatts.

6. gr.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl.

Skilagjald og umsýsluþóknun af innlendum drykkjarvörum reiknast við sölu eða afhendingu þeirra frá framleiðanda, og skiptir þá ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram. [...] ¹⁾

Hvert uppgjörstímabil vegna skilagjaldsskyldrar innlendar framleiðslu eða átöppunar eru tveir mánuðir: janúar og febrúar; mars og apríl; maí og júní; júlí og ágúst; september og október; nóvember og desember.

Skilagjaldi og umsýsluþóknun af innlendra framleiðslu, ásamt framtalsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga, og skulu framleiðendur senda Endurvinnslunni hf. afrit af innlagðri framtalsskýrslu. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag, færast gjalddagi á næsta virkan dag þar á eftir.

1) Sbr. reglugerð nr. 437/2003.

7. gr.

Viðurlög.

Ef skilagjald eða skilagjald og umsýsluþóknun er ekki greitt á tilskildum tíma, skal aðili sæta álagi til viðbótar þeim gjöldum sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu skv. 6. gr.

hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og gjöld því áætluð, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð, er til áætlunarinnar svarar, eða gefið fullnægjandi skýringu á vafaatriðum fyrir lok kærufrests.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10 %.

Sé skilagjald eða skilagjald og umsýsluþóknun ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

8. gr.

Innheimta og endurgreiðsla.

Skilagjald og umsýsluþóknun skal greiða í ríkissjóð, er síðan ráðstafar umsýsluþóknuninni, skilagjaldinu og virðisaukaskatti af því jafnskjótt og við verður komið til Endurvinnslunnar hf. Endurvinnslan hf. skal sjá um að skilagjaldið verði endurgreitt neytendum ásamt virðisaukaskatti af því við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Skal endurgreiðslan þannig nema samtals [7,23]¹⁾ kr. án virðisaukaskatt á hverja umbúðaeiningu. Þó skulu líða 60 dagar frá hækkun álagðs skilagjalds úr [6,43]²⁾ kr. án virðis-aukaskatts í [7,23]³⁾ kr. án virðisaukaskatts þar til Endurvinnslan hf. hækkar endurgreiðslu til neytenda fyrir hverja umbúð, sem skilað verður, úr [8,00]⁴⁾ krónum í [9,00]⁵⁾ kr. með virðisaukaskatti. Á sama hátt skal greiða samsvarandi gjald til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka, sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

- 1) Sbr. a. lið 2. gr. reglugerðar nr. 448/2002. 4) Sbr. d. lið 2. gr. reglugerðar nr. 448/2002. 2) Sbr. b. lið 2. gr. reglugerðar nr. 448/2002. 5) Sbr. e. lið 2. gr. reglugerðar nr. 448/2002.
- 3) Sbr. c. lið 2. gr. reglugerðar nr. 448/2002.

9. gr.

Endurvinnslan hf.

Endurvinnslan hf. skal sjá um að koma upp og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

Endurvinnslan hf. skal gefa umhverfisráðuneytinu reglulega skýrslu um starfrækslu skilakerfisins, þ.m.t. fjölda skilaðra umbúða eftir tegundum.

10. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 52/ 1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, og öðlast gildi 1. júní 2000. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 282/1994, 148/1995, 214/1995 og 446/1996.

Reglugerð

nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, sbr. reglugerð nr. 651/2010 um breytingu á henni.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

Markmið þessarar reglugerðar er að koma í veg fyrir að útlendar plöntutegundir valdi óæskilegum breytingum á líffræðilegri fjölbreytni í íslenskum vistkerfum.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerðin gildir um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda hér á landi. Reglugerðin gildir ekki um ræktun útlendra plöntutegunda í ylraekt.

Skilgreiningar.

3. gr.

Innlend tegund: Allar tölusettar tegundir í Flóru Íslands, 3. útgáfu frá 1948, og plöntur á lista yfir íslenskar plöntutegundir, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Útlend tegund: Allar aðrar plöntutegundir en innlendar tegundir.

Ylraekt: Ræktun í lokuðu rými þar sem hiti er vel yfir meðalhita viðkomandi svæðis á hverjum tíma með aðstoð orkugjafa.

Sérfræðinganefnd um innflutning og ræktun útlendra plöntutegunda.

4. gr.

Sérfræðinganefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, sbr. 41. gr. laga um náttúruvernd. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um hvaða útlendar plöntur skuli óheimilt að flytja til landsins, sbr. 5. gr., og hvaða útlendar plöntur heimilað verður að rækta hér á landi, sbr. 7. gr., og semja leiðbeinandi reglur um notkun einstakra plöntutegunda.

Í starfi sínu skal nefndin hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

Samninginn um líffræðilega fjölbreytni, samninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, samninginn um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

Að leyfa ræktun útlendrar tegundar ef hún hefur fyrirsjáanlega kosti fyrir afkomu mannsins eða náttúruleg samfélög og ógnar ekki líffræðilegri fjölbreytni, náttúrulegum vistkerfum og samfélögum.

II. KAFLI

Innflutningur og skráning.

Innflutningur.

5. gr.

Umhverfisráðherra gefur út lista A yfir útlendar plöntutegundir sem óheimilt er að flytja til landsins að fengnum tillögum sérfræðinganeftdarinnar. Birta skal listann í B-deild Stjórnartíðinda.

Skráning.

6. gr.

Öllum, sem flytja inn útlendar plöntutegundir, ber að tilkynna það til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Stofnunin ber ábyrgð á að allar útlendar plöntutegundir, sem fluttar eru inn til landsins, séu skrásettar.

Í tilkynningunni skal greina frá latnesku tegundarheiti, landfræðilegum uppruna, erlendum afgreiðsluáðila og tilgangi innflutnings.

III. KAFLI

Ræktun útlendra plöntutegunda.

Plöntulistar.

7. gr.

Umhverfisráðherra gefur út lista B yfir útlendar tegundir sem heimilt er að rækta hér á landi að fenginni umsögn sérfræðinganeftdarinnar og Náttúruverndar ríkisins. Í listanum skulu vera leiðbeinandi reglur um ræktun og dreifingu hvernar tegundar og upplýsingar um þau skilyrði sem ræktuninni eru sett. Birta skal listann í B-deild Stjórnartíðinda.

Heimilt er að nota útlendar plöntutegundir sem skráðar eru á B-lista til ræktunar hér á landi með þeim skilyrðum og í samræmi við leiðbeinandi reglur um ræktun og dreifingu þeirra, nema á þeim svæðum sem getið er um í 10. gr.

Þegar tekin hefur verið ný útlend plöntutegund á B-lista skal gefa út leiðbeinandi reglur um ræktun hennar og upplýsingar um þau skilyrði sem ræktuninni eru sett.

Óheimilt er að nota tegundir á A-lista til ræktunar hér á landi.

Ræktun annarra plantna.

8. gr.

Heimilt er að taka tegund af B-lista ef í ljós kemur að tegundin gerist of ágeng í íslenskri náttúru að mati sérfræðinganeftdarinnar.

Sé ætlunin að taka aðrar tegundir til ræktunar en þær sem eru á B-lista ber að senda sérfræðinganeftnd beiðni um að tegundin verði tekin inn á B-lista.

Með beiðni samkvæmt 2. mgr. skulu fylgja upplýsingar um:

1. Nafn og heimilisfang umsækjanda.
2. Latneskt tegundarheiti.
3. Afgreiðsluáðila.
4. Mat á ávinningi og áhættu af ræktun tegundarinnar.

Mat á ávinningi og áhættu.

9. gr.

Umsækjandi skal leggja fram mat á ávinningi og áhættu vegna fyrirhugaðrar ræktunar. Veita skal upplýsingar um eftirfarandi atriði: uppruna, náttúrulega útbreiðslu, almenna líffræði

tegundarinnar, þ.m.t. dreifingarmáta, náttúrulega óvini, stöðu tegundarinnar í upprunalegum vistkerfum, reynslu af ræktun tegundarinnar erlendis.

Við mat á ávinningi skal taka mið af því hver sé vistfræðilegur og efnahagslegur ávinningur af notkun tegundarinnar.

Í áhættumati skulu eftirfarandi þættir tilgreindir: líklegar afleiðingar af fyrirhugaðri ræktun tegundarinnar, í hverju áhætta af ræktun er fólgin, leiðir til að draga úr áhættu. Í þessu felst skilgreining á þeim búsvæðum þar sem ætlunin er að rækta tegundina, mat á áhrifum hennar ef hún kemst í önnur búsvæði og tillögur um hvernig draga megi úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum af ræktun. Sérstaka áherslu skal leggja á dreifingarmáta tegundarinnar, hvort hún geti víxlást við innlendar tegundir og hvort hún geti valdið tjóni á lífríki, uppskeru, húsdýrum mannsins eða á manningum sjálfum. Loks skal meta hversu mikið tegundin muni breyta gróðri og dýralífi viðkomandi svæðis.

Ræktunarsvæði.

10. gr.

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan [400]¹⁾ metra hæðar yfir sjó. Náttúruvernd ríkisins getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sérfræðinganeftundarinnar.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [651/2010](#).

Ræktun í tilraunaskyni.

11. gr.

Sérfræðinganeftundinni er heimilt að leyfa skipulegar rannsóknir með ræktun útlendra tegunda sem ekki eru á B-lista, enda ábyrgist rannsóknaraðili að tegundirnar dreifist ekki frá rannsóknarsvæðinu. Rannsóknaraðila ber að gera nefndinni grein fyrir staðsetningu, umfangi og tímasetningu allra rannsókna með slíkar tegundir. Rannsóknirnar eru á ábyrgð rannsóknaraðila.

Rannsóknaraðila ber að tryggja að tegundir séu ræktaðar á vel afmörkuðum svæðum sem eiga að vera sérstaklega merkt sem tilraunarsvæði. Þegar tilraunum er lokið skal rannsóknaraðili sjá til þess að tegundum sem fara á A-lista sé eytt.

Rannsóknaraðila er óheimilt að afhenda einstaklingum eða ræktendum tilraunaefnivið til eigin ræktunar.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Eftirlit.

12. gr.

Náttúruvernd ríkisins hefur eftirlit með því að ákvæði þessarar reglugerðar séu virt.

Refsiábyrgð.

13. gr.

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum þessarar reglugerðar skal sæta sektum. Með mál samkvæmt grein þessari skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Gildistaka.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 41. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sérfræðinganefndin skal gera tillögu um hvaða tegundir skuli skilgreina í reglugerð þessari sem innlendar tegundir til viðbótar tölusetnum tegundum í Flóru Íslands, 3. útgáfu frá 1948, og hvaða útlendar tegundir, sem nú eru ræktaðar í landinu, séu teknar inn á A- eða B-lista. Hún skal auk þess gera tillögu að skilyrðum fyrir ræktun tegunda á B-lista og vinna leiðbeinandi reglur um notkun þeirra. Umhverfisráðherra birtir listann í B-deild Stjórnartíðinda.

Reglugerð**nr. 766/2000 um starfsemi, skyldur og eftirlit með Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli.**

1. gr.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. fer með starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli á grundvelli laga nr. 76/2000 um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, reglugerðar þessarar og rekstrarleyfis sem utanríkisráðherra veitir.

2. gr.

Rekstrarleyfishafa er skylt að fara að fyrirmælum stjórnvalda í starfsemi og rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli í málum er varða stjórn flugmála, umferð og öryggi í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Rekstrarleyfishafa er skylt í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist og þau síðar kunna að undirgangast og varða flugstöðina og starfsemi þá sem rekstrarleyfishafi fer með og yfirtekur. Til þeirra skuldbindinga teljast m.a.:

- a) stofnsamningur Alþjóða flugmálastofnunarinnar (ICAO) ásamt viðaukum við hann,
- b) samþykktir Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC),
- c) tilskipun ráðs Evrópusambandsins nr. 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðnum á flugvöllum bandalagsins, sbr. viðeigandi viðauka eða bókun við EESsamninginn og eftir atvikum ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar,
- d) skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist vegna Schengen-samstarfsins,
- e) aðrar skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist eða kunna að undirgangast á sviði flugafgreiðslu, flugmála, flug- og farþegaöryggis, tollafgreiðslu og landamæraeftirlits, og kunna að varða starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli,
- f) varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, svo og aðrir samningar sem gerðir hafa verið milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda og varða Keflavíkurflugvöll og flugstöðina, og

- g) samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna um samvinnu við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar frá 26. ágúst 1983, að því er varðar aðgang og afnot Bandaríkjanna af Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli á ófriðartímum og í neyðartilvikum.

3. gr.

Í rekstrarleyfi skal nánar kveðið á um starfsemi flugstöðvarinnar, aðgang að henni og aðstöðu fyrir þjónustuaðila þar, skyldur leyfishafa, eftirlit og skilyrði fyrir veitingu leyfisins. Í rekstrarleyfinu skal m.a. fjallað um samskipti rekstrarleyfishafa við stjórnvöld og þjónustuaðila og skilyrði og kröfur sem miða að því að rekstrarleyfishafi veiti ætíð góða þjónustu og stuðli að því að afgangur loftfara og flutningur farþega, farangurs og annars varnings um flugstöðina verði örugg og hnökralaus og án óþarfa tafa.

4. gr.

Utanríkisráðherra hefur eftirlit með starfsemi rekstrarleyfishafa. Flugvallarstjórnin á Keflavíkurflugvelli í umboði utanríkisráðherra og í samráði við Flugmálastjórn Íslands hefur eftirlit með starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli varðandi flugöryggi og farþegavernd. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli hefur umsjón og eftirlit með að tolla- og öryggisreglur séu virtar. Rekstrarleyfishafa er skylt að fara að fyrirætlum eftirlitsaðila.

5. gr.

Utanríkisráðherra veitir rekstrarleyfishafa tímabundið rekstrarleyfi til starfsemi og reksturs Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Rekstrarleyfi má veita til allt að 12 ára í senn.

6. gr.

Brjótí rekstrarleyfishafi gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, rekstrarleyfis sem gefið er út á grundvelli hennar eða gegn ákvæðum laga nr. 76/2000 um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, skal utanríkisráðherra veita rekstrarleyfishafa skriflega aðvörðun og stuttan frest til úrbóta. Utanríkisráðherra er heimilt að grípa til tafarlausra úrbóta á kostnað rekstrarleyfishafa ef um er að ræða tilvik sem ekki þola bið og raskað geta öryggi loftfara, flugfarþega eða farangurs. Aðgerðarleysi rekstrarleyfishafa, ásetningur, stórkostlegt gáleysi, gjaldþrot og árangurslaust fjárnám varðar afturköllun rekstrarleyfis.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 76/2000 um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, og öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 967/2000 um innflutning, sölu og dreifingu smáskammtalyfja og merkingar þeirra.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um innflutning, sölu og dreifingu smáskammtalyfja (hómopatalyfja), sem ætluð eru mönnum og dýrum og uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Eru ætluð til inntöku um munn eða til útvortis notkunar á húð.
- b) Engar lækni- og fræðilegar ábendingar eru á merkimiða eða í upplýsingum um smáskammtalyfið.
- c) Smáskammtalyf er nægilega þynnt til að það sé örugglega skaðlaust; einkum má lyfið ekki innihalda meira en 1/10.000 af stofntinktúru og ekki meira en 1/100 af minnsta skammti sem er notaður í hefðbundnum lækningum, ef um er að ræða virk efni eða viðtekin, sem lyf eru lyfseðilsskyld þegar þau innihalda þessi virku efni.
- d) Smáskammtalyf henti til notkunar án þess að því sé ávísað af lækni og er því selt í lausasölu.
- e) Að það sé ætlað gæludýrum eða framandi (exotic) dýrum og kjöt þeirra eða aðrar afurðir eru ekki ætlaðar til manneldis.

Ákvæði reglugerðarinnar eiga einnig við um andrópósófísk lyf sem lýst er í opinberum lyfjaskrá, sbr. 2. gr., og búin eru til samkvæmt hómopátískri aðferð.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir hugtakið smáskammtalyf öll þau lyf sem unnin eru úr efna-afurðum, efnunum eða blöndum, sem kölluð eru hómopatahræfni, í samræmi við hómopátíska framleiðsluáferð sem lýst er í Evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia, (Ph.Eur.)) eða öðrum sambærilegum lyfjaskrá sem viðurkenndar hafa verið á Evrópska efnahagssvæðinu. Smáskammtalyf geta innihaldið mörg efni.

3. gr.

Reglugerðin gildir ekki um:

- a) Smáskammtalyf sem teljast vera stöðluð forskriftarlyf eða forskriftarlyf lækna, skv. 4.-5. tl., 1. mgr. 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. einnig skilgreiningu í 4. og 5. tl. 1. gr. tilskipunar 65/65/EBE.
- b) Smáskammtalyf, sem veitt hefur verið sérstök heimild til að nota fyrir tiltekinn sjúkling/dýr og á ábyrgð lækni/dýralækni, skv. 2. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. einnig 4. tl. 2. gr. tilskipunar 65/65/EBE.
- c) Smáskammtalyf, sem eru ónæmisefni fyrir dýr, sbr. reglugerð um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla nr. 462/2000.
- d) Blómadropar, enda fari innflutningur, kynning og sala ekki í bága við ákvæði læknalaga nr. 53/1988, lyfjalaga nr. 93/1994 og reglugerðar nr. 328/1995 um lyfjaauglýsingar.

4. gr.

Um markaðsleyfi og merkingar annarra smáskammtalyfja en þeirra sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 462/2000 um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla.

II. KAFLI

Leyfi til innflutnings og sölu.

5. gr.

Lyfjastofnun getur heimilað innflutning, sölu og dreifingu þeirra smáskammtalyfja, sem hafa gilt markaðsleyfi í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar, sbr. 3. gr. reglugerðar um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla nr. 462/2000.

Sækja skal um heimild til innflutnings, sölu og dreifingar smáskammtalyfja til Lyfjastofnunar á eyðublöðum sem þar fást.

Greitt skal umsóknargjald fyrir hverja umsókn. Gjaldið er óendurkræft þótt umsókn sé synjað.

6. gr.

Eftirfarandi gögn um lyfjafræðileg gæði smáskammtalyfja og einsleitni í framleiðslulotum þeirra skulu fylgja með umsókn:

- a) Efnahæiti eða annað heiti smáskammtahráefnisins eða -hráefnanna í lyfjaskrá ásamt upplýsingum um mismunandi aðferðir við lyfjagjöf, lyfjaform og þynningarstig.
- b) Skjal, þar sem lýst er framleiðslu og eftirliti með smáskammtahráefninu eða –hráefnunum og smáskammtaeðli þeirra rökstutt á grundvelli fullnægjandi heimildaskrár.
- c) Framleiðslu- og eftirlitsskrá fyrir hvert lyfjaform og lýsing á aðferð við þynningu og virknisaukningu.
- d) Framleiðsluleyfi fyrir viðkomandi smáskammtalyf.
- e) Afrit af skráningum eða leyfum fyrir sama smáskammtalyf í öðrum aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- f) Eitt eða fleiri sýnishorn eða eftirlíkingar af sölukynningu á smáskammtalyfinu sem á að skrá.
- g) Gögn um geymsluþol smáskammtalyfsins.

Lyfjastofnun getur veitt undanþágu frá kröfu um að framangreind gögn fylgi umsókn enda liggja fyrir að sama smáskammtalyf sé skráð og með gilt markaðsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

7. gr.

Lyfjastofnun skal færa nákvæm rök fyrir ákvörðun um synjun, frestun eða afturköllun leyfis sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð og skal við slíkar ákvarðanir gætt ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, meðal annars um rökstuðning og andmælarétt.

8. gr.

Um auglýsingar smáskammtalyfja gildir reglugerð nr. 328/1995, um lyfjaauglýsingar, en þó má í auglýsingu smáskammtalyfja aðeins nota þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í 9. gr. þessarar reglugerðar.

III. KAFLI

Merkingar.

9. gr.

Á merkimiða smáskammtalyfja, sem ætluð eru mönnum, skal orðið „smáskammtalyf“ áletrað, skýrt og auðlæsilega, svo notanda þess megi vera ljóst að um slíkt lyf sé að ræða.

Á merkimiða smáskammtalyfja, sem ætluð eru dýrum skulu orðin „smáskammtalyf fyrir dýr“ áletrað, skýrt og auðlæsilega.

Að auki skulu á merkimiða og eftir því sem við á, eingöngu koma fram á fylgiseðli með smáskammtalyfjum eftirfarandi upplýsingar:

1. Vísindaheiti hráefnisblöndu eða hráefnisblandna ásamt þýnningarstigi og skal nota tákn í Evrópsku lyfjaskránni (Ph.Eur.), sem notuð eru, í samræmi við 2. gr. þessarar reglugerðar.
2. Nafn og heimilisfang þess, sem ber ábyrgð á markaðssetningu smáskammtalyfsins og eftir því sem við á, framleiðanda.
3. Notkunarmáti og ef þarf, á hvern hátt smáskammtalyfið skal gefið.
4. Fyrningardagsetning, nákvæmlega tilgreind (mánuður, ár).
5. Lyfjaform.
6. Innihald neytendaumbúða.
7. Sérstök geymsluskilyrði, ef einhver eru.
8. Dýrategund, ef um smáskammtalyf fyrir dýr er að ræða.
9. Sérstök varnaðarorð, ef þörf er á þeim fyrir viðkomandi smáskammtalyf.
10. Númer framleiðslulotu.
11. Skráningarnúmer.
12. Textinn „Smáskammtalyf án viðurkenndra læknisfræðilegra ábendinga“.
13. Aðvörun til notanda um að leita læknis, ef sjúkdómseinkenni hverfa ekki við notkun smáskammtalyfsins.

IV. KAFLI

Framleiðsla, innflutningur, dreifing, eftirlit og skoðun.

10. gr.

Reglugerð nr. 700/1996, um framleiðslu lyfja gildir um framleiðslu smáskammtalyfja.

Um innflutning og heilðsöludreifingu smáskammtalyfja gilda ákvæði reglugerðar nr. 699/1996 um innflutning og heilðsöludreifingu lyfja.

V. KAFLI

Eftirlit og skoðun.

11. gr.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með framleiðslu, innflutningi, og hvers kyns dreifingu, sölu og markaðssetningu smáskammtalyfja sem leyfi hefur verið veitt fyrir.

Lyfjastofnun skal hafa aðgang að þeim húsakynnum er það telur þörf á vegna eftirlits síns og er heimilt eftirlit með vörum, sem ekki hafa verið tollafgreiddar.

Lyfjastofnun skal hafa eftirlit með því að ekki séu á markaði hér á landi smáskammtalyf, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt reglugerð þessari.

Nú er á markaði smáskammtalyf, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir og getur Lyfjastofnun þá krafist, að sala þess sé stöðvuð og það innkallað.

VI. KAFLI

Lokaákvæði

Viðurlög og refsingar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 43. gr. lyfjalaga. Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, fer að hætti opinberra mála.

13. gr.

Gildistaka.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka mið af:

- tilskipunum ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 65/65/EBE og 75/319/EBE um lyf ætluð mönnum með síðari breytingum,
- tilskipun ráðsins nr. 92/73/EBE um að færa út gildissvið tilskipana nr. 65/65/EBE og 75/319/EBE um lyf ætluð mönnum, en þar er bætt við ákvæðum um hómópatalyf,
- tilskipun ráðsins nr. 81/851/EBE um lyf ætluð dýrum með síðari breytingum,
- tilskipun ráðsins nr. 92/74/EBE um að færa út gildissvið tilskipunar nr. 81/851/EBE um lyf ætluð dýrum, en þar er bætt við ákvæðum um hómópatadýralyf.

Reglugerði þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 125/2001 um innheimtu höfundaréttargjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga, sbr. reglugerð nr. 186/2001 og 227/2001 um breytingu á henni.

1. gr.

Við innflutning eða framleiðslu á böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum, hvort sem er til hliðrænnar eða stafrænnar upptöku, skal greiða höfundaréttargjöld sem hér segir:

A. Hlutir til upptöku á hljóði eingöngu.

- 1) Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tollnúmer (tnr.) 8523.1191, 8523.1291 og 8523.1391 skal greiða 35 kr. á hvert eintak.
- 2) Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tnr. 8523.1192, 8523.1292 og 8523.1392 skal greiða 70 kr. á hvert eintak.
- 3) Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tnr. 8523.1193, 8523.1293 og 8523.1393 skal greiða 105 kr. á hvert eintak.
- 4) Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tnr. 8523.1194, 8523.1294 og 8523.1394 skal greiða 140 kr. á hvert eintak.
- 5) Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tnr. 8523.1199, 8523.1299 og 8523.1399 skal greiða 175 kr. á hvert eintak.

B. Hlutir til upptöku á myndum ásamt hljóði.

- 1) Af óáteknum myndböndum sem flokkast í tollnúmer (tnr.) 8523.1121, 8523.1221 og 8523.1321 skal greiða 100 kr. á hvert eintak.
- 2) Af óáteknum myndböndum sem flokkast í tnr. 8523.1122, 8523.1222 og 8523.1322 skal greiða 200 kr. á hvert eintak.

- 3) Af óáteknum myndböndum sem flokkast í tnr. 8523.1123, 8523.1223 og 8523.1323 skal greiða 300 kr. á hvert eintak.
- 4) Af óáteknum myndböndum sem flokkast í tnr. 8523.1124, 8523.1224 og 8523.1324 skal greiða 400 kr. á hvert eintak.
- 5) Af óáteknum myndböndum sem flokkast í tnr. 8523.1129, 8523.1229 og 8523.1329 skal greiða 500 kr. á hvert eintak.
- 6) [Af geisladiskum með allt að 2 Gb minnisrýmum sem flokkast í tnr. 8523.9001 skal greiða 17 kr. á hvert eintak.]¹⁾
- 7) [Af geisladiskum með meira en 2 Gb minnisrýmum sem flokkast í tnr. 8523.9002 skal greiða 50 kr. á hvert eintak.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [186/2001](#).

2. gr.

Við innflutning eða framleiðslu eftirtalinnar tækja, hvort sem er til hliðrænnar eða stafrænnar upptöku, skal greiða höfundaréttargjöld sem hér segir:

- [1) Af segulbandstækjum sem flokkast í tnr. 8520.3200, 8520.3300 og 8520.3900 skal greiða 4% af verði hvers tækis.
- 2) Af tækjum til upptöku, þ. á m. á geisladiska, smádiska (minidiscs), þ.e. geisladiskabrennurum/geisladiskaskrifurum sem flokkast í tnr. 8520.9002 skal greiða 4% af verði hvers tækis.
- 3) Af tækjum til upptöku á minnisflögur, þ. á m. í MP-3 spilara, sem flokkast í tnr. 8520.9003 skal greiða 4% af verði hvers tækis.
- 4) Af myndupptökutækjum sem flokkast í tnr. 8521.1029 og 8521.9029 skal greiða 4% af verði hvers tækis.
- 5) Af útvarpstækjum með sambyggðu segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.1201, 8527.1301, 8527.2101 og 8527.3101 skal greiða 2% af verði hvers tækis.
- 6) Af útvarpstækjum með plötu- og/eða geislaspilara og segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.1302, 8527.2102 og 8527.3102 skal greiða 1% af verði hvers tækis.]¹⁾

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. [186/2001](#).

3. gr.

[Við innflutning skal höfundaréttargjald skv. 2. gr. lagt á tollverð vöru, eftir því sem nánar er ákveðið í tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum og gilda ákvæði þeirra laga enn fremur um innheimtu á gjaldinu, eftir því sem við á, enda hafi samtök höfundaréttarfélaga falið töllyfirlögdum innheimtu þess á grundvelli 6. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Við framleiðslu skal höfundaréttargjald skv. 2. gr. lagt á framleiðsluverð vöru, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. [186/2001](#).

4. gr.

[Reglugerð þessi er sett með heimild í 5. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 2. gr. laga nr. 60/2000 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 177/1989, með síðari breytingum.]¹⁾.

1) Sbr. reglugerð nr. [227/2001](#).

Reglugerð

nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, sbr. reglugerðir nr. 490/2001 (1. br.), 248/2002 (2. br.), 848/2002 (3. br.), 480/2005 (4. br.), 516/2006 (5. br.) g 789/2010 (6. br.) um breyting á henni.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ávana- og fíkniefni.

Með ávana- og fíkniefnum og öðrum eftirlitsskyldum efnum er átt við:

1. Efni, sem skráð eru á listum I - IV í alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1961 með síðari breytingum, (Single Convention on Narcotic Drugs 1961), merkt N I – N IV í fylgiskjali I með þessari reglugerð.
2. Efni, sem skráð eru á listum I - IV í alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1971 ásamt viðaukum, (Convention on Psychotropic Substances 1971), merkt P I – P IV í fylgiskjali I með þessari reglugerð.
3. Efni, sem nota má við ólöglega ræktun, framleiðslu eða tilbúning ávana- og fíkniefna og annarra eftirlitsskyldra efna og skráð eru í listum I - II í alþjóðasamningi gegn ólöglegri verslun með ávana- og fíkniefni 1988, (United Nations Convention against Illicit Traffic in Narcotic Drugs and Psychotropic Substances 1988), merkt D I – D II í fylgiskjali II með þessari reglugerð.

Ennfremur sölt, esta, amíð, peptíð og hvers konar afleiður (afbrigði) efnanna sem tilgreind eru í fylgiskjölum I og II, þar með taldar afleiður, sem eru frábrugðnar upprunalega efninu (viðmiðunarefninu) að því er varðar staðsetningu efnahóps eða efnahópa á kolefni, köfnunarefni, súrefni og/eða brennisteini.

Einnig er átt við lyfjaform áðurgreindra efnasambanda (t.d. töflur, hylki, stungulyf) svo og önnur lyf og efni sem misnota má á svipaðan hátt og hafa skaðleg áhrif á heilsu manna.

Hugtakið ávana- og fíkniefni tekur einnig til ávana- og fíknilyfja.

Ávana- og fíknilyf eru þau lyf, sem ætla má að geti haft skaðleg áhrif vegna fíkni- eða ávanahættu, enda geti þau vegna eiginleika sinna valdið því að notandi þeirra verði háður þeim vegna vanabindingar eða líkamlegrar fíknar.

2. gr.

Innflutningur útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla ávana- og fíkniefna, sem merkt eru með „x“ í dálki B í fylgiskjali I með reglugerð þessari er óheimil á íslensku forráðasvæði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur veitt undanþágu frá þessu banni vegna vísindalegra rannsókna eða af öðrum sérstökum ástæðum. Nú er reglum eða skilyrðum, sem ráðherra setur um slíkar undanþágur ekki fullnægt og er ráðherra þá heimilt að nema þegar í stað úr gildi eða takmarka slíkar undanþágur.

II. KAFLI

Eftirritunarskylda og förgun.

3. gr.

Eftirritunarskylda.

Ávana- og fíknilyf eru eftirritunarskyld, ef þau vegna eiginleika sinna geta haft í för með sér sérstaka hættu á misnotkun.

Lyf, sem innihalda efni sem merkt eru N I - N IV og P I - P III í fylgiskjali I eru eftirritunarskyld.

Lyfjastofnun er heimilt að höfðu samráði við landlækni, að bæta við eða undanskilja eftirritunarskyldu ákveðin lyf, lyfjaform eða styrkleika. Um eftirritunarskyld lyf gilda sérstakar reglur um ávísun þeirra, afgreiðslu, móttöku og skráningu upplýsinga, sbr. reglugerð um ávísun lyfja og gerð lyfseðla og reglugerð um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja.

4. gr.

Við veitingu markaðsleyfis vegna lyfs, sem fellur undir ákvæði 3. gr., skal Lyfjastofnun kveða á um eftirritunarskyldu. Þegar um er að ræða lyf í ATC-flokkum N 05 B A og N 05 C skal takmarka það magn, sem ávísa má hverju sinni og miða við ákvæði 10. gr. þessarar reglugerðar.

Lyfjastofnun skal á aðgengilegan hátt birta upplýsingar um eftirritunarskyldu lyfs við veitingu markaðsleyfis.

5. gr.

Förgun eftirritunarskyldra lyfja og efna.

Fyrnd eða ónýtt eftirritunarskyld lyf úr birgðum lyfjabúða skulu send Lyfjastofnun til förgunar með ábyrgðarpósti eða afhent starfsmanni stofnunarinnar. Í fylgibréfi skal tilgreina hvaða lyf er um að ræða og í hvað magni, auk þess sem fram skal koma dagsetning og hver sendandinn er. Lyfjastofnun skal staðfesta skriflega móttöku eftirritunarskyldra lyfja til förgunar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að skila fyrndum eftirritunarskyldum lyfjum til lyfjaheildsölu, ef unnt er að fá þau endurgreidd að hluta eða fullu. Staðfestingu lyfjaheildsölu á móttöku lyfjanna skal varðveita í lyfjabúð í að minnsta kosti 2 ár.

Lyfjastofnun getur heimilað, að eftirritunarskyldum lyfjum sé fargað á vegum lyfjabúðar. Slík heimild skal vera skrifleg og setja má skilyrði um framkvæmd og annað er stofnunin telur nauðsynlegt. Eftirritunarskyld lyf, sem skilað er til lyfjabúðar, skal senda með tryggilegum hætti til förgunar með öðrum lyfjum.

Óheimilt er að farga ávana- og fíkniefnum nema í samráði við Lyfjastofnun og að viðstöddum starfsmanni stofnunarinnar.

Aðilar, sem annast vörslu og meðferð efna skv. reglugerð þessari skulu gera ársskýrslur varðandi umrædd efni á sérstöku eyðublaði, sem látið er í té af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ennfremur skulu þeir gefa á hverjum tíma þær skýrslur og upplýsingar, sem ráðuneytið telur nauðsynlegar til eftirlits.

III. KAFLI

Inn- og útflutningur.

6. gr.

Inn- og útflutningur ávana- og fíkniefna.

Efni, sem merkt eru N I - N IV, P I - P IV og D I í fylgiskjölum með reglugerð þessari er aðeins heimilt að flytja inn eða út, framleiða og selja í heilidsölu að fengnu leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Þeir sem hyggjast flytja inn efni samkvæmt 1. mgr., hvort sem er í formi hráefnis eða lyfjaforma, skulu sækja um innflutningsleyfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í hvert sinn, áður en pöntun er gerð. Í umsókn skal greina:

1. Nafn og heimilisfang umsækjanda.
2. Nafn og heimilisfang seljanda/kaupanda.
3. Heiti og magn efnis, sem um er að ræða (INN nafn).
4. Til hvers á að nota efnið.

7. gr.

Inn- og útflutningur efna, sem nota má við ólöglega ræktun, framleiðslu eða tilbúning ávana- og fíkniefna og annarra eftirlitsskyldra efna.

Efni, sem merkt eru D II í fylgiskjali II er aðeins heimilt að flytja inn eða út, framleiða og selja í heilidsölu að fengnu leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal leyfið bundið hverju einstöku efni. Aðilar, sem annast vörslu og meðferð þessara efna skulu fylgja ákvæðum um skráningu á afhendingu eftirlitsskyldra efna skv. nánari leiðbeiningum þar að lútandi. Innflytjandi skal hafa leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til innflutnings og framvísa tollyfirvöldum sé þess krafist.

Þeir sem hyggjast flytja inn efni samkvæmt 1. mgr., hvort sem er í formi hráefnis eða lyfjaforma, skulu sækja um innflutningsleyfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í hvert sinn, áður en pöntun er gerð, þegar um er að ræða efni, sem merkt eru D I og efni, sem merkt eru D II, ef magn er meira en það hámark, sem tilgreint er í fylgiskjali II. Í umsókn skal greina sömu atriði og kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr.

Leyfishöfum er einum heimilt að afhenda umrædd efni öðrum aðila, sem hefur leyfi ráðherra til vörslu, meðferðar eða sölu þeirra. Þetta ákvæði nær ekki til afhendingar lyfjabúða og annarra, er leyfi hafa til lyfjasölu.

8. gr.

Það er skilyrði fyrir tollafgreiðslu efna, sem 7. gr. tekur til, að í bókhaldi viðkomandi inn- eða útflytjanda liggja fyrir leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Í sendingum skulu koma fram upplýsingar um heiti efna sem skulu vera í samræmi við inn- eða útflutningsleyfi hverju sinni, en slík áritun skal ekki vera á ytri umbúðum sendinga. Jafnskjótt og innflytjandi hefur veitt

efninu viðtöku, skal hann rita dagsetningu, heiti og magn efnisins sem hann veitti viðtöku á afrit sitt af innflutningsleyfinu og senda afritið til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

9. gr.

Innflutningsleyfið gildir að jafnaði í fjóra mánuði nema heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimili annað. Sé útgefið leyfi ekki notað skal tilkynna það ráðuneytinu skriflega í síðasta lagi þann dag, er leyfið rennur út. Ef um óunnið eða hálfunnið hráefni er að ræða, skal flytja inn heimilað magn í einu lagi.

Sömu ákvæði og að framan greinir um innflutning gilda einnig, ef um útflutning er að ræða.

Ákvæði þessi um innflutning og útflutning eiga ekki við um þau ávana- og fíknilyf, sem samkv. gildandi reglum skulu vera í lyfjakistum skipa eða loftfara og ekki heldur um þau lyf, sem einstaklingar með búsetu í landi, sem á aðild að Schengen-samningnum, flytja með sér til eigin nota og ávísað hefur verið á lögmatan hátt til allt að 30 daga notkunar, ef fyrirmælum læknis er hlítt, sbr. ákvæði 75. gr. Schengen-samningsins og reglugerð um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota. Á sama hátt er einstaklingum með búsetu utan Schengen heimilt að flytja með sér lyf til eigin nota og ávísað hefur verið á lögmatan hátt til allt að 14 daga notkunar, ef fyrirmælum læknis er hlítt, sbr. ákvæði reglugerðar um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota.

IV. KAFLI

Lyf, sem ávísa má í takmörkuðu magni.

10. gr.

Lyfjum í ATC-flokkum N 05 B A og N 05 C, sem eru merkt P IV í fylgiskjali I má einungis ávísa í magni, sem svarar til 30 daga notkunar og skal að öllu jöfnu miðað við skilgreindan dagskammt (Defined Daily Dose (DDD)).

Við veitingu markaðsleyfis ofangreindra lyfja skal Lyfjastofnun ákveða það magn, sem leyfilegt er að ávísa hverju sinni og taka tillit til þeirra pakkninga, sem veitt er markaðsleyfi fyrir. Að jafnaði skal miðað við, að fremur sé heimilað minna magn en meira.

Lyfjastofnun getur í samráði við landlækni, heimilað að ákveðin lyf, lyfjaform eða styrkleika sé ávísað í meira magni, en svarar til 30 daga notkunar.

Upplýsingar um það magn, sem leyfilegt er að ávísa skulu birtar í sérlyfjaskrá, en Lyfjastofnun skal á aðgengilegan hátt birta upplýsingar um leyfilegt hámarks magn á lyfseðli við veitingu markaðsleyfis.

[Víkja má frá ákvæðum 1. og 2. mgr., ef læknir óskar eftir því á lyfseðli að þessi lyf verði skömmtuð í sérstakar skammtaöskjur, ásamt öðrum lyfseðilsskyldum lyfjum, sbr. ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og ávísun lyfja nr. 111/2001.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [848/2002](#).

11. gr.

Hafi skilgreindur dagskammtur lyfs, sem fellur undir 10. gr., ekki verið ákveðinn, skal Lyfjastofnun við veitingu markaðsleyfis ákveða leyfilegt magn, sem heimilað er að ávísa hverju sinni.

Telji Lyfjastofnun að lyf, sem ekki fellur undir 10. gr. geti haft ávana- eða fíknihættu í för með sér, skal stofnunin ákveða það magn, sem leyfilegt er að ávísa hverju sinni og taka mið af almennum ákvæðum í 10. gr.

12. gr.

Þegar Lyfjastofnun veitir heimild til notkunar lyfs er ekki hefur markaðsleyfi hér á landi, skal stofnunin ákvarða eftirritunarskyldu og takmörkun á ávísuðu magni í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

V. KAFLI

Eftirlit, viðurlög og gildistaka

13. gr.

Sérstakt eftirlit er haft með ávísunum á eftirritunarskyld ávana- og fíknilyf, sbr. 3. gr. Lyfjastofnun tilkynnir landlækni leiki grunur á óeðlilegum lyfjaávísunum lækna eða tannlækna á ávana- og fíknilyf, en yfirdýralækni leiki grunur á óeðlilegum lyfjaávísunum dýralækna á ávana- og fíknilyf.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar. Skylt er að láta Lyfjastofnun í té þau gögn eða upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynleg vegna eftirlitsins, sbr. 42. gr. lyfjalaga með síðari breytingum.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að 6 árum, nema þyngri refsing liggja við skv. lögum. Tilraun og hlutdeild í brotum gegn reglugerð þessari eru refsiverð samkvæmt III. kafla almennra hegningarlaga.

Ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitskyld efni, sem aflað hefur verið á ólögsmætan hátt eða eru á annan hátt í ólögsmætri vörslu, skal gera upptæk til ríkissjóðs. Þá skal og heimilt að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögsmætrar sölu ávana- og fíkniefna svo og hvers konar muni og áhöld, sem notuð hafa verið eða ætluð eru til ólögsmætrar meðferðar efnanna.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum og 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 frá 21. maí 1974 með síðari breytingum öðlast gildi 1. apríl 2001. Jafnframt falla þá úr gildi 15. – 21. gr. og 43. gr. reglugerðar nr. 421/1988 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu. Einnig er úr gildi felld reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986 með síðari breytingum svo og auglýsing nr. 84/1986 um takmarkanir á ávísun lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf.

[Fylgiskjal I.

[Skýringar:

B Efni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði, sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 með síðari breytingum og 2. gr. þessarar reglugerðar.

NI – IV Efni listuð á fylgiskjölum I-IV með alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1961 með síðari breytingum (Single Convention on Narcotic Drugs of 1961, and the Protocol of 25 March 1972

amending the Single Convention on Narcotic Drugs of 1961).

P I – IV

Efni listuð á fylgiskjöllum I-IV með alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1971 með síðari breytingum (Convention on Psychotropic Substances 1971).

Óflokkuð efni

Efni sem ýmist eru þekktar afleiður af efnum á listum INCB eða efni, sem valda fíkn eða eru ávanabindandi.

Efni	Annað nafn	Alþjóða-samningar	Bannað	Undanþágur og athugasemdir
(1-phenyl-1-piperidyl-(2)-methyl)acetat			x	
1,4-butandiol			x	
2C-B	4-bromo-2,5-dimethoxyphenethylamine	P II	x	
2C-E	4-ethyl-2,5-dimethoxyphenethylamine		x	
2C-I	4-jodo-2,5-dimethoxyphenethylamine		x	
2C-P	2,5-dimethoxy-4-propylphenethylamine		x	
2C-T-2	2,5-dimethoxy-4-ethylthiophenethylamine		x	
2C-T-7	2,5-dimethoxy-4-(n)-propylthiophenethylamine		x	
3-methylfentanyl		N I+IV		
3-methylthiofentanyl		N I+IV		
4-fluoroamphetamine			x	
4-methylaminorex		P I	x	
4-MTA	α -methyl-4-methylthiophenethylamine	P I	x	
5-(1,1-dimethylhexyl)-2-((1R,3S)-3-hydroxycyclohexyl)-phenol	CP47, 497-C6		x	
5-(1,1-dimethylheptyl)-2-((1R,3S)-3-hydroxycyclohexyl)-phenol	CP47, 497-C7		x	
5-(1,1-dimethyloctyl)-2-((1R,3S)-3-hydroxycyclohexyl)-phenol	CP47, 497-C8		x	
5-(1,1-dimethylnonyl)-2-((1R,3S)-3-hydroxycyclohexyl)-phenol	CP47, 497-C9		x	
Acetorphine		N I+IV	x	
Acetyl- α -methylfentanyl		N I+IV		
Acetyldihydrocodeine		N II+III		1)
Acetylmethadol		N I		

Alfentanil		N I	
Allobarbital		P IV	x
Allylprodine		N I	
Alphacetylmethadol		N I	
Alphameprodine		N I	
Alphamethadol		N I	
<i>alpha</i> -metylfentanyl		N I+IV	
<i>alpha</i> -metylthiofentanyl		N I+IV	
Alphaprodine		N I	
Alprazolam		P IV	
Amfepramone	diethylpropion	P IV	
Amfetamine	amphetamine	P II	x 4)
Amineptine		P II	
Aminorex		P IV	
Amobarbital		P III	
Anileridine		N I	
Aprobarbital			
Barbital		P IV	
Benzazepam			
Benzethidine		N I	
Benzfetamine	benzphetamine	P IV	
Benzylmorphine		N I	
Betacetylmethadol		N I	
<i>beta</i> -hydroxy-3-methylfentanyl		N I+IV	
<i>beta</i> -hydroxyfentanyl		N I+IV	
Betameprodine		N I	
Betamethadol		N I	
Betaprodine		N I	
Bezitramide		N I	
Brallobarbital			
Brolamfetamine	DOB	P I	x
Brom-STP	2-amino-1-(4-bromo-2,5-dimethoxyphenyl)propane		x
Bromazepam		P IV	
Bromo-Dragonfly	brombenzo-difuranyl-isopropylamine		x

Brotizolam		P IV	x
Bufoteninum	5-hydroxy-dimethyltryptamine		
Buprenorphine		P III	
Butalbital		P III	
Butobarbital		P IV	x
Butylone	1-(1,3-benzodioxol-5-yl)-2-(methylamino)butan-1-one		
BZP	1-benzylpiperazine		x
Camazepam		P IV	
Cannabis	Kannabis, Hass, Marihuana	N I+IV	x
Cannabis-harpix	Kannabis harpix	N I+IV	x
Carfentanyl			
Carisoprodolum			
Catha edulis	Kaht		x
Cathine	(+)-norpseudoephedrine	P III	x
Cathinone		P I	x
Chloralhydrate			x
Chloralodol			x
Chlordiazepoxide		P IV	
Chlorphenterminum	1-(4-chlorophenyl)-2-methylpropan-2-amine		
Clobazam		P IV	
Clobenzorexum			
Clomethiazole			4)
Clonazepam		P IV	
Clonitazene		N I	
Clorazepate		P IV	
Clotiazepam		P IV	
Cloxazolam		P IV	
Coca blöð	Folium coca	N I	
Cocaine		N I+III	x
Codeine		N II+III	1)
Codoxime		N I	
Cyclobarbital		P III	

Dibenzylpiperazine	1,4-dibenzylpiperazine, DBZP		
Delorazepam		P IV	
Desomorphine		N I+IV	x
DET	3-[2-(diethylamino)ethyl]indole	P I	x
Dexamfetamine	dexamphetamine	P II	x
Dextromoramide		N I	
Dextropropoxyphene		N II+III	3)
Diampromide		N I	
Diazepam		P IV	
Diethylthiambutene		N I	
Difenoxin		N I+III	
Dihydrocodeine		N II+III	1)
Dihydroetorphine		N I	x
Dihydromorphine		N I	
Dimenoxadol		N I	
Dimepheptanol		N I	
Dimethylthiambutene		N I	
Dioxaphetyl butyrate		N I	
Diphenoxylate		N I+III	2)
Dipipanone		N I	
DMA	(+)-2,5-dimethoxy- α -methylphenethylamine	P I	x
DMHP	3-(1,2-dimethylheptyl)-7,8,9,10-tetrahydro-6,6,9-trimethyl-6 <i>H</i> -dibenzo[<i>b,d</i>]pyran-1-ol	P I	x
DMT	3-[2-(dimethylamino)ethyl]indole	P I	x
DOC	4-chloro-2,5-dimethoxyamphetamine		x
DOET	(+)-4-ethyl-2,5-dimethoxy- α -methylphenethylamine	P I	x
DOI	4-iodo-2,5-dimethoxyamphetamine		x
Dronabinol	δ -9-tetrahydrocannabinol og stereoafleiður	P II	x
Drotebanol		N I	

Ecgonine	ásamt estum og afbrigðum þeirra sem hægt er að breyta í ecgonin eða kókaín	N I		
Estazolam		P IV		
Ethchlorvynol		P IV		
Ethinamate		P IV		
Ethylloflazepate		P IV		
Ethylmethylthiambutene		N I		
Ethylmorphine		N II+III		1)
Eticyclidine	PCE	P I	x	
Etilamfetamine	<i>N</i> -ethylamphetamine	P IV	x	
Etonitazene		N I		
Etorphine		N I+IV	x	
Etoxadine		N I		
Etryptamine		P I	x	
Fenazepam				
Fencamfamin		P IV		
Fenetylline		P II	x	
Fenfluramine	3-trifluoromethyl- <i>N</i> -ethylamphetamine		x	
Fenproporex		P IV		
Fentanyl		N I		
Fludiazepam		P IV		
Flunitrazepam		P III		
Flurazepam		P IV		
Furethidine		N I		
<i>gamma</i> -hydroxybutyric acid	GHB	P IV	x	4)
<i>gamma</i> -hydroxybutyrate	GBH		x	
Glutethimide		P III		
Halazepam		P IV		
Haloxazolam		P IV		
Heptabarbitalum				
Heroin	diacetylmorphine	N I+IV	x	
Hexapropymat				
Hexobarbitalum				
Hydrocodone		N I		

Hydromorphenol		N I		
Hydromorphone		N I		
Hydroxypethidine		N I		
Ibogaine	(-)-12-Methoxyibogamine		x	
Isomethadone		N I		
Ketamine				
Ketazolam		P IV		
Ketobemidone		N I+IV	x	4)
Lefetamine	SPA	P IV	x	
Levamphetamine	levamphetamine	P II	x	
Levomethamphetamine		P II	x	
Levomethorphan		N I		
Levomoramide		N I		
Levonantradol			x	
Levophenacymorphan		N I		
Levorphanol		N I		
Loprazolam		P IV		
Lorazepam		P IV		
Lormetazepam		P IV		
Lysergide	LSD, LSD-25	P I	x	
Mazindol		P IV	x	
MBDB	N-methyl-1-(3,4-methylenedioxyphenyl)-2-butanamine		x	
mCPP	1-(3-chlorophenyl)-piperazine		x	
MDE (<i>N</i> -ethyl-MDA)	(+)- <i>N</i> -ethyl- α -methyl-3,4-(methylenedioxy)phenethylamine	P I	x	
MDMA	(+)- <i>N</i> , α -dimethyl-3,4-(methylenedioxy)phenethylamine	P I	x	
MDPV	1-(1,3-benzodioxol-5-yl)-2-pyrrolidin-1-yl-pentan-1-one		x	
Mecloqualone		P II	x	
Medazepam		P IV		
Mefedrone	4-methylmethcathinone		x	

Mefenorex		P IV	
Meprobamate		P IV	
Mescaline		P I	x
Mesocarb		P IV	
Metazocine		N I	
Metharbitalum			
Methadone		N I	
Methadone-intermediate	4-cyano-2-dimethylamino-4,4-diphenylbutane	N I	
Methamphetamine	methamphetamine	P II	x
Methamphetamine racemate	methamphetamine racemate	P II	x
Methaqualone		P II	x
Methedrone	1-(4-methoxyphenyl)-2-(methylamino)propan-1-one		x
Methcathinone		P I	x
Methohexitalum			
Methyldesorphine		N I	
Methyldihydromorphine		N I	
Methylphenidate		P II	x 4)
Methylphenobarbital		P IV	
Methylpentynol			
Methyprylon		P IV	
Metopon		N I	
Midazolam		P IV	
MMDA	5-methoxy- α -methyl-3,4-(methylenedioxy)phenethylamine	P I	x
Modafinil			
Moramide-intermediate	2-methyl-3-morpholino-1,1-diphenylpropane carboxylic acid	N I	
Morpheridine		N I	
Morphine		N I	
Morphine methobromide	og önnur morfínúrefni með 5-gildu köfnunaefni	N I	
Morphine-N-oxide		N I	
MPPP	1-methyl-4-phenyl-4-piperidinol	N I+IV	

		propionate (ester)		
Myrophine			N I	
<i>N</i> -ethyl-MDA (MDE)	(+)- <i>N</i> -ethyl- α -methyl-3,4-(methylenedioxy)phenethylamine		P I	x
<i>N</i> -hydroxyamphetamine				x
<i>N</i> -hydroxy-MDA	(+)- <i>N</i> [α -methyl-3,4-(methylenedioxy)phenethyl]hydroxylamine		P I	x
Nabilone				
Napthalene-1-yl-(1-pentylindol-3-yl)methanone	JWH-018, JWH-073			x
Nicocodine			N II+III	1)
Nicodicodine			N II+III	1)
Nicomorphine			N I	
Nimetazepam			P IV	
Nitrazepam			P IV	
Noracymethadol			N I	
Norcodeine			N II+III	1)
Nordazepam			P IV	
Norlevorphanol			N I	
Normethadone			N I	
Normorphine			N I	
Norpipanone			N I	
Opium			N I+III	
Oripavine			N I	
Oxazepam			P IV	
Oxazolam			P IV	
Oxycodone			N I	
Oxymorphone			N I	
Panaeolus cyanescens				x
<i>para</i> -fluorofentanyl			N I+IV	
Parahexyl			P I	x
PBA	1-phenyl-2-butylamine			x
Pemoline			P IV	x 4)
Pentazocine			P III	

Pentobarbital		P III	
PEPAP	1-phenethyl-4-phenyl-4-piperidinol acetate	N I+IV	
Pethidine		N I	
Pethidine intermediate, A	4-cyano-1-methyl-4-phenylpiperidine	N I	
Pethidine intermediate, B	4-phenylpiperidine-4-carboxylic acid ethyl ester	N I	
Pethidine intermediate, C	1-methyl-4-phenylpiperidine-4-carboxylic acid	N I	
Phenadoxone		N I	
Phenampromide		N I	
Phenazocine		N I	
Phencyclidine	PCP	P II	x
Phendimetrazine		P IV	x
Phenmetrazine		P II	x
Phenobarbital		P IV	
Phenomorphin		N I	
Phenoperidine		N I	
Phentermine		P IV	
Pholcodine		N II+III	1)
Piminodine		N I	
Pinazepam		P IV	
Pipradrol		P IV	
Piritramide		N I	
PMA	<i>p</i> -methoxy- α -methylphenethylamine	P I	x
PMMA, 4-MMA	4-methoxy-N-methylamphetamine		x
Poppy straw (valmúastrá)	ásamt þykkni unnu úr valmúastrái	N I	
Prazepam		P IV	
Proheptazine		N I	
Properidine		N I	
Propiram		N II+III	
Propylhexedrine			
Psilocine (Psilotsin)		P I	x
Psilocybine		P I	x

Pyritydion	3,3-diethyl-2,4-dioxotetrahydropyridin		
Pyrovalerone		P IV	
Racemethorphan		N I	
Racemoramide		N I	
Racemorphan		N I	
Remifentanil		N I	
Rolicyclidine	PHP, PCPY	P I	x
Secbutabarbital		P IV	
Secobarbital		P II	x
STP (DOM)	2,5-dimethoxy- α -4-dimethylphenethylamine	P I	x
Sufentanil		N I	
Tapentadol			
Temazepam		P IV	
Tenamfetamine	MDA	P I	x
Tenocyclidine	TCP	P I	x
Tetrahydrocannabinol	og öll isomer þess og afleiður	P I	x
Tetrazepam		P IV	
Thebacon		N I	
Thebaine		N I	
Thiofentanyl		N I+IV	
Tilidine		N I	
TMA	(+)-3,4,5-trimethoxy- α -methylphenethylamine	P I	x
TMA-2	2,4,5-trimethoxy- α -methylphenethylamine		x
TMA-6	2,4,6-trimethoxyamphetamine		x
Tramadol			
Trifluoromethylphenylpiperazine	1-(3-(trifluoromethyl)phenyl)piperazine, TFMPP		
Triazolam		P IV	
Trimeperidine		N I	
Tybamate			
Vinbarbital			
Vinylbital		P IV	x

Zipeprol	P II	x
Zopiclone		
Zolpidem	P IV	

Undanþágur og athugasemdir

1. Innflutnings-/útflutningsleyfi þarf ekki fyrir lyf sem innihalda minna en 100 mg í hverjum afmældum skammti eða minna en 2,5% efnisins.
2. Ekki þarf innflutnings-/útflutningsleyfi vegna taflna, sem innihalda allt að 2,5 mg dífenoxýlats, ef þær innihalda einnig minnst 25 mcg af atrópínsúlfati í hverri töflu.
3. Ekki þarf innflutnings-/útflutningsleyfi sérstaklega vegna lyfja, sem innihalda minna en 135 mg dextróprópoxyfen í hverri afmældri einingu eða 2,5% efnisins í óskömmtuðu lyfjaformi. Lyfið má hins vegar ekki innihalda nein önnur ávana- og fíkniefni merkt P I – P IV í fylgiskjali I.
4. Undanþegin eru: Efni sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 3. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum, lyf sem hafa markaðsleyfi Lyfjastofnunar skv. 1. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, lyf sem heimiluð hafa verið skv. 7. mgr. 7. gr. sömu laga, og efni sem veitt hefur verið leyfi til að flytja inn eða út, framleiða og selja í heildsölu skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [789/2010](#).

Fylgiskjal II

Skýringar:

D I - II Efni listuð á fylgiskjöllum I - II með Alþjóðasamningi gegn ólöglegri verslun með ávana- og fíkniefni 1988 (Convention against Illicit Traffic in Narcotic Drugs and Psychotropic Substances 1988).

Efni	Annað nafn	D I - II	Hámark án innflutningsleyfis
1-phenyl-2-propanone	Fenýlaseton, benzýlmetýlketón	D I	
3,4-methylenedioxyphenyl-2-propanone		D I	
Acetic anhydride	Ediksýruanhýdríð	D I	[100 l] ¹⁾
Acetone	Asetón	D II	
Anthranilic acid	Antranílsýra	D II	1 kg
Ephedrine	Efedrín	D I	
Ergometrine	Ergometrín, Ergónóvín	D I	
Ergotamine	Ergotamín	D I	
Ethyl ether	Etýleter, eter, díetýleter	D II	
Hydrochloric acid	Saltsýra, múríatínsýra	D II	
Isosafrole	Ísósafról	D I	

Lysergic acid	Lýsergsýra	D I	
Methyl ethyl ketone	2-bútanón, MEK	D II	
N-acetylanthranilic acid	N-asetylantranílsýra	D I	
Norephedrine		D I	
Phenylacetic acid	Fenýledíksýra	D II	1 kg
Piperidine	Piperidín, hexahydropyridín	D II	0,5 kg
Piperonal	Piperonal, heliótrópín	D I	
Potassium permanganate	Kalíumpermanganat	D I	[100 kg] ¹⁾
Pseudoephedrine	Pseudófedrín	D I	
Safrole	Safról	D I	
Sulphuric acid	Brennisteinssýra, vítríólólía	D II	
Toluene	Tólúen, metýlbensen	D II	

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [480/2005](#).

Úr reglugerð

nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, sbr. reglugerð nr. 926/2004, 362/2008 og 1137/2008 um breyting á henni.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um rafræna vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Reglugerðin gildir eingöngu um vinnslu persónuupplýsinga í þágu lögreglustarfa skv. 1. gr. lögregluglaga.

...

6. gr.

Miðlun persónuupplýsinga.

Persónuupplýsingum skal miðlað innan lögreglu að því marki sem nauðsynlegt er vegna lögreglustarfa. Einnig skal ákærvaldið og Fangelsismálastofnun ríkisins hafa aðgang að persónuupplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna lögboðnum verkefnum.

Persónuupplýsingum verður aðeins miðlað til annarra stjórnvalda en getur í 1. mgr. eða til einkaaðila í eftirfarandi tilvikum:

1. [vegna umsókna um störf á sviði löggæslu, tollgæslu eða landhelgisgæslu, enda sé viðkomandi starf þess eðlis að það varði þjóðaröryggi eða landvarnir, auk þess sem hinn skráði hafi veitt upplýst samþykki sitt og fengið í hendur afrit af hinum miðluðu upplýsingum eða]¹⁾
2. samkvæmt lagaheimild eða
3. samkvæmt heimild Persónuverndar eða
4. ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi

hættu [eða]¹⁾

[5. ef viðkomandi er tryggingafélag sem hefur með höndum uppgjör vegna tjóns og upplýsingarnar eru málefnalegar og nauðsynlegar til að ljúka uppgjörinu.]¹⁾

[6. Ríkislögreglustjóra er heimilt að miðla upplýsingum til tryggingafélags um punktastöðu váttryggingataka úr ökuferilsskrá, enda liggi fyrir upplýst samþykki váttryggingataka.]²⁾

Persónuupplýsingum verður aðeins miðlað til erlendra lögregluvalda í eftirfarandi

tilvikum:

1. samkvæmt lagaheimild eða
2. samkvæmt þjóðréttarlegri skuldbindingu eða
3. ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu eða sporna við alvarlegum afbrotum, enda veiti það ríki sem upplýsingar eru sendar til fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Eftir því sem unnt er skal sannreyna áreiðanleika persónuupplýsinga áður en þeim er miðlað. Ef upplýsingar eru ónákvæmar eða úreltar skal þeim ekki miðlað. Nú hefur slíkum upplýsingum verið miðlað og skal lögregla þá eftir því sem frekast er unnt hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

1) Rgr. nr. [362/2008](#), 1. gr.. 2) Rgr. nr. [1137/2008](#), 1. gr.

7. gr.

Notkun persónuupplýsinga sem hefur verið miðlað.

Persónuupplýsingar sem lögregla hefur miðlað má ekki nýta í öðrum tilgangi en þeim sem lýst var í beiðni um upplýsingar. Notkun upplýsinga í öðru skyni er háð samþykki viðkomandi lögregluvalds.

8. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá lögreglu vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann.

Lögregla skal veita vitneskju skriflega ef þess er óskað. Afgreiða skal erindi skv. 1. mgr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

...

14. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 3. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, i-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 15 14. apríl 2000, og 3. mgr. 45. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77 23. maí 2000, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, nr. 794 25. október 2000.

Reglugerð

nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri, sbr. reglugerð nr. 381/2001 (1. br.), 497/2001, (br. 2), 755/2001 (3. br.), 871/2001 (4. br.), 281/2002 (5. br.), 594/2002 (6. br.), 202/2003 (7. br.), 264/2003 (8. br.), 647/2003 (9. br.), 735/2003 (10. br.), 740/2003 (11. br.), 888/2003 (12. br.), 302/2004 (13. br.), 387/2004 (14. br.), 887/2004 (15. br.), 501/2005 (16. br.), 502/2005 (17. br.), 979/2005 (18. br.), 657/2006 (19. br.), 729/2006 (20. br.), 800/2006 (21. br.), 801/2006 (22. br.), 1018/2006 (23. br.), 1068/2006 (24. br.), 41/2007 (25. br.), 365/2007 (26. br.), 951/2007 (br. 27) 122/2008 (28. br.), 123/2008 (br. 29), 195/2008 (br. 30), 354/2008 (31. br.), 444/2008, (br. 32), 699/2008 (br. 33), 700/2008 (br. 34), 823/2008 (br. 35), 952/2008 (br. 36), 1128/2008 (br. 37), 40/2009 (br. 38), 44/2009 (br. 39), 259/2009 (br. 40), 265/2009 (br. 41), 493/2009 (42. br.), 575/2009 (br. 43), 576/2009 (br. 44), 673/2009 (br. 45), 895/2009 (br. 46), 1020/2009 (47. br.), 179/2010 (49. br.), 241/2010 (50. br.), 279/2010 (51. br.), 312/2010 (52. br.), 344/2010 (53. br.), 628/2010 (br. 54.), 719/2010 (55. br.) og 804/2010 (56. br.) um breytingu á henni.

A. Gildissvið

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI.

Almennt

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um [...] ¹⁾ framleiðslu, geymslu og sölu á dýrafóðri.

¹⁾ Sbr. reglugerð nr. 179/2010, 1. gr.

Markmið

2. gr.

Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja að fóðurvörur séu ekki skaðlegar dýrum, mönnum eða umhverfi, auk þess að tryggja að fóðurvörur séu af háum gæðaflokki og séu rétt meðhöndlaðar.

Gildissvið

3. gr.

[Reglugerð þessi gildir um gæludýrafóður og fóðurlöndur, hrein fóðurefni, aukefni í fóðri og óæskileg efni í fóðri.

Um eftirlit fer skv. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga.

Viðauki nr. 7 gildir aðeins um gæludýrafóður.]¹⁾

¹⁾ Sbr. reglugerð nr. 179/2010, 2. gr.

[...]¹⁾

¹⁾ Sbr. reglugerð nr. 179/2010, 7. gr.

B. Orðskýringar

5. gr.

Aukefni: Efni eða efnablöndur sem eru notaðar í dýrafóður í því skyni að:

- bæta eiginleika dýrafóðurs, fóðurblandna eða dýraafurða; eða
- bæta frumefnum í fóðrið og stuðla að því að ná tilteknum næringarmarkmiðum eða að mæta sérstakri tilfallandi næringarþörf dýra; eða
- fullnægja næringarþörf dýra eða bæta búfjárframleiðslu, einkum með því að hafa áhrif á örveruflóru meltingarvegarins eða niðurbrotshæfni fóðurs; eða

koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum húsdýraáburðar eða að bæta umhverfi dýra.

Búfé: Hross, nautgripir, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja.

Dagskammtur: Heildarfóðurskammtur, miðað við 12% vatnsinnihald, sem að meðaltali er nauðsynlegur fyrir dýr af tiltekinni tegund, úr tilteknum aldurshópi og sem gefur tiltekinn afrakstur, til að fullnægja daglegum næringarþörfum þess.

Forblöndur: Blöndur aukefna eða blöndur sem samanstanda af einu eða fleiri aukefnum ásamt hráefnum sem burðarefni, ætlaðar til framleiðslu á fóðurblöndum.

Fóður: Afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða rotvarðar, svo og afurðir þeirra úr iðnaðarvinnslu og lífræn eða ólífræn efni, notuð ein sér eða í blöndum, með eða án aukefna, gefin dýrum.

Fóðurblöndur: Blöndur fóðurefna, með eða án aukefna, ætluð til að fódra dýr sem heilfóður eða fódurbætir.

Fóðurbætir: Fóðurblöndur ríkar af vissum efnum sem vegna samsetningar sinnar og mikils innihalds einstakra efna teljast því aðeins nægja sem dagskammtur að þær séu gefnar með öðru fóðri.

Fóðurvörur: Öll efni sem notuð eru í fóður fyrir dýr.

Framleiðandi: Fyrirtæki sem framleiðir eða vinnur vöru eða hefur hana undir höndum á millistigi framleiðslu áður en hún fer á markað eða sem markaðssetur vöruna.

Framleiðsla: Vinnsla (t.d. undirbúningur, ræktun, kynbætur, mölun, blöndun o.s.frv.) fóðurvara, einna sér eða í blöndu, þar með talin pökkun og merking.

Gervimjólk: Fóðurblöndur sem gefnar eru ungum dýrum í þurru formi eða eftir þynningu í ákveðnu magni af vökva sem viðbót við eða í staðinn fyrir móðurmjólk eftir brodd.

Gæludýr: Öll dýr sem haldin eru eða fóðruð í náttúrunni til afþreyingar og ánægju.

*Heilfóður*¹⁾: Fóðurblöndur sem eru þannig samsettar að þær teljast nægja sem dagskammtur.

Hrein fóðurefni (Hráefni): Fóðurvörur, óunnar, ætlaðar til dýraeldis.²⁾

[*Markaðssetning*: að geyma fóðurblöndur með tilliti til sölu, einnig að bjóða til sölu, eða afhendingar með einhverjum hætti til þriðja aðila, gegn greiðslu eða ekki, einnig sjálf salan og afhending sem fer fram með einhverjum hætti.]³⁾

Melassafóðurblöndur: Fóðurbætir sem búinn er til úr melassa og inniheldur samanlagt að minnsta kosti 14% sykurl, mælt sem súkrósi.

Sérfóður: Fóðurblanda sem vegna efnis- eða edlisgerðar er frábrugðin bæði venjulegu fóðri og lyfjum og markmið með notkun er að fullnægja sérstökum næringarþörfum.

Steinefnaþóður: Fóðurbætir sem er aðallega steinefni og inniheldur að minnsta kosti 40% ösku.

Viðskipti: Framboð, kaup, sala, skipti eða önnur tegund viðskipta.

Til viðbótar framangreindum orðskýringum eru orðskýringar í 2. viðauka þessarar reglugerðar og í 11. viðauka eru orðskýringar sem varða sýnatöku úr fóðurvörum vegna eftirlits.

1) Litið er á fóðurblöndur fyrir jörturdýr sem heilfóður. 2) Vörur sem selja má sem hrein fóðurefni og/eða nota við framleiðslu fóðurblandna eða sem burðarefni í fóðurblöndur geta einnig kallast hráefni. 3) Sbr. 1.gr. reglugerðar nr. 755/2001.

C. Almennar takmarkanir

6. gr.

Einungis er heimilt að framleiða fóðurvörur sem ætlaðar eru til markaðssetningar, innflutnings og/eða viðskipta, sem eru hreinar, ferskar, ósviknar og fullnægja kröfum um heilbrigði og gæði og geta hvorki skaðað dýr, menn né umhverfi.

Óheimilt er að framleiða og/eða stunda viðskipti með fóðurvörur sem innihalda meira magn af óæskilegum efnum en mælt er fyrir um í B- og C-hluta 1. viðauka. Selja má hráefni sem inniheldur meira magn en það sem tilgreint er í 3. dálki B-hluta 1. viðauka og uppfyllir kröfur sem settar eru fram í C-hluta 1. viðauka til fyrirtækja sem eru viðurkennd skv. 8. gr.

Við sölu þessara fóðurvara skal taka fram:

1. að einungis megi selja þær til viðurkenndra fóðurblöndunarstöðva,
2. að fóðurvaran skuli ekki notuð sem fóður í óbreyttu formi,
3. hversu mikið magn fóðurvaran inniheldur af óæskilegum efnum.

Ekki má blanda hráefni sem tilgreint er í 2. dálki C-hluta 1. viðauka og inniheldur meira magn af óæskilegum efnum en mælt er fyrir um í 3. dálki við annað hráefni sömu eða annarrar tegundar. Fyrirtæki eða einstaklingar sem í tengslum við atvinnustarfsemi sína hafa eða hafa haft undir höndum hráefni sem annaðhvort uppfyllir ekki kröfurnar í 1. viðauka eða geta á annan hátt haft í för með sér hættu fyrir heilsu manna og/eða dýra skulu tafarlaust tilkynna það [Matvælastofnun]¹⁾. Tilkynningarskyldan gildir jafnvel þótt varan hafi verið eyðilögð. [Matvælastofnun]¹⁾ skal sjá til þess að hráefnið verði eyðilagt eða notað á þann hátt að það skaði ekki menn, dýr eða umhverfi.

Óheimilt er að selja og nota hráefni sem tilgreind eru í 4. lið í A-hluta 2. viðauka.

¹⁾ Sbr. reglugerð nr. 179/2010, 3. gr.

[...]¹⁾

¹⁾ Sbr. reglugerð nr. [179/2010](#), 7. gr.

E. Hrein fóðurefni (gildir um fóðurvörur sem seldar eru búfjár- og gæludýraeigendum)

10. gr.

Einungis má selja fóðurefnin sem tilgreind eru í B-hluta 2. viðauka sem hrein fóðurefni ef þau eru í samræmi við lýsinguna í 3. dálki.

Selja má önnur hráefni þegar þeim hefur verið gefið nafn sem kemur í veg fyrir að þeim verði ruglað saman við fóðurefni sem eru tilgreind í B-hluta 2. viðauka.

Ef nauðsynlegt reynist, með tilliti til geymslu, vinnslu eða flutnings má bæta bindiefnum í fóðurefnin sem tilgreind eru í B-hluta 2. viðauka, án þess að litið sé á fóðurvöruna sem fóðurlöndu. Íblandað magn af bindiefninu má ekki fara yfir 3% af heildarþyngdinni.

F. Fóðurlöndur

11. gr.

Við framleiðslu á fóðurlöndum má einungis nota:

fóðurefni sem tilgreint er í B-hluta 2. viðauka og

önnur fóðurefni sem fella undir reglugerð þessa, að því tilskildu að þau séu ósvikin, fersk og fullnægjandi að gæðum, holl dýrum og óskaðleg mönnum og umhverfi.

Krafist er að fóðurlöndu sé einsleit og uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. viðauka.

G. Gerjunarafurðir, amínósýrur, einföld N-sambönd (NPN) o.fl. vörur

12. gr.

Einungis má selja vöru sem tilheyrir vöruflokki sem tilgreindur er í 1. dálki A-hluta 4. viðauka og framleidd er til að bæta beint eða óbeint próteini eða köfnunarefni í fóðurvörur og fóðurvörur sem innihalda þessa vöru, að því tilskildu að:

varan sé tilgreind í 2. dálki A-hluta 4. viðauka, enda hafi henni verið lýst í samræmi við ákvæði sem í gildi eru á EES-svæðinu.

varan uppfylli kröfurnar í 3. – 5. dálki A-hluta 4. viðauka.

varan sé einungis notuð fyrir dýrategundir og samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í 6. – 7. dálki A-hluta 4. viðauka.

H. Aukefni

Almennt

13. gr.²⁾

[Einungis er heimilt að nota sem aukefni í fóðurvörur efni og blöndur sem hafa fengið til þess samþykki á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) í samræmi við gildandi lagaákvæði á EES og fram koma í skrá Evrópusambandsins um heimiluð aukefni í fóðri samkvæmt [reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1831/2003](#), um aukefni í fóðri.

Um meðferð, markaðsetningu og aðra notkun fer eftir ákvæðum [reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1831/2003](#), um aukefni í fóðri og 3. viðauka þessarar reglugerðar.

Einungis má selja aukefni sem fjallað er um í 1.-3. lið 8. gr. þeim sem [uppfylla skilyrði 4. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.]³⁾

Einungis má selja forblöndur sem fjallað er um í 4. lið 8. gr. þeim sem [uppfylla skilyrði 4. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru]³⁾.]¹⁾

¹⁾ Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1018/2006. ²⁾ Sbr. 2. gr. reglugerða nr. 951/2007, 122/2008, 123/2008 og 195/2008, ³⁾ Sbr. reglugerð nr. 179/2010, 4. gr.

Lyf o.fl.

14. gr.

[Matvælastofnun getur heimilað sem lið í lækningu að setja megi ákveðið magn af lyfi í einstaka fódurvöru fyrir nánar tilgreinda dýrategund. Slík fódrun er á ábyrgð dýra-læknis, sbr. m.a. VIII. kafla reglugerðar nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðis-efirlit með fiskeldisstöðvum.]¹⁾

³⁾ Sbr. reglugerð nr. 179/2010, 5. gr.

I. Pökkun og merking fódurvara

Almennt

15. gr.

Vörulýsingar skulu skv. ákvæðum í 7., 8., 9. og 10. viðauka koma fram á umbúðunum, áfestum merkimiða, fylgiseðli, fylgiskjali eða á auglýsingaspjaldi. Upplýsingar skulu vera á íslensku og vera auðsýnilegar, læsilegar og óafmáanlegar. [Matvælastofnun]¹⁾ getur veitt undanþágu til að upplýsingar sem eru á gæludýrafóðri séu á ensku, dönsku, norsku eða sænsku, enda sé kaupanda tryggð skrifleg íslensk þýðing við kaup vörunnar óski hann þess. Allar fódurvörur sem framleiddar eru til útflutnings skulu merktar á einu opinberu tungumáli kaupanda.

¹⁾ Sbr. reglugerð nr. 179/2010, 3. gr.

Pökkun og merking fódurvara – að undanskildum aukefnum

16. gr.

Þegar fódurvörur (að undanskildum aukefnum) eru seldar skulu þær vera pakkaðar í samræmi við ákvæði í A-hluta 6. viðauka og merktar í samræmi við ákvæðin í 2., 7., 8. og 9. viðauka. Meðferð fódurs og umbúða skal vera í samræmi við ákvæði C-hluta 6. viðauka.

Ekki er skylt að gefa vörulýsingu á fódurefnum sem fyrirtæki selja sín á milli til fódurblöndugerðar.

17. gr.

Lýsingar á efnasamsetningu í samræmi við lið 2.0 í D-hluta 9. viðauka og á vörum sem fjallað er um í 12. gr. skulu samsvara því innihaldi sem hægt er að sýna fram á við eftirlit með viðurkenndum efnagreiningaraðferðum, sbr. ákvæði í 12. viðauka.

Pökkun og merking aukefna og forblandna þeirra

18. gr.

Við sölu á aukefnum (óblönduðum) og forblöndum þeirra skulu þau vera pökkuð í samræmi við ákvæði í B-hluta 6. viðauka og meðferð þeirra í samræmi við ákvæði C-hluta í 6. viðauka og merkt í samræmi við ákvæðin í 10. viðauka. Ef gefnar eru upplýsingar til viðbótar við ákvæðin í 10. viðauka skulu þær vera aðskildar frá þeim upplýsingum sem krafist er. Ákvæði þetta gildir ekki um vörur sem afhentar eru framleiðendum fódurblandna eða birgjum þeirra.

Merking fódurvara sem innihalda aukefni

19. gr.

Til viðbótar því sem krafist er samkvæmt 16. gr. skal merking fódurvara sem innihalda aukefni vera í samræmi við ákvæðin í B-hluta í 10. viðauka. Ákvæði þetta gildir ekki um vörur sem afhentar eru framleiðendum fódurblandna eða birgjum þeirra.

[...]¹)

¹) Sbr. reglugerð nr. [179/2010](#), 7. gr.

Umflutningur

24. gr.

[Um gæludýrafóður gildir eftir-farandi:]²) Ef vara sem flutt er inn frá ríki utan EES-svæðisins er flutt út til annars aðildarríkis EES-samningsins skal Aðfangaeftirlitið afhenda hlutaðeigandi lögaðila (útflytjanda) skjal sem samþykkt hefur verið á EES-svæðinu þar sem fram kemur hvers konar eftirlit var viðhaft og hverjar niðurstöður þess eru. Í viðskiptaskjölunum skal vera tilvísun í þetta skjal. Sé viðkomandi vöru skipt upp í hluta skal ofangreint skjal fylgja sérhverjum hluta. Þetta ákvæði hefur þó ekki áhrif á rétt þess aðildarríkis EES-samningsins til að láta fara fram úrtakseftirlit.

¹) Sbr. reglugerð nr. [179/2010](#), 3. gr., ¹) Sbr. reglugerð nr. [179/2010](#), 6. gr.

[...]¹)

¹) Sbr. reglugerð nr. [179/2010](#), 7. gr.

N. Viðurlög

28. gr.

Brot á þessari reglugerð varða refsingu samkvæmt 9. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

[...]¹)

¹) Sbr. reglugerð nr. [179/2010](#), 7. gr.

P. Gildistaka

30. gr.

[Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og með hliðsjón af, eftirtöldum tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar: 71/250/EBE, 71/393/EBE, 72/199/EBE, 73/46/EBE, 73/47/EBE, 76/371/EBE, 76/372/EBE, 78/633/EBE, 80/509/EBE, 80/511/EBE, 80/695/EBE, 81/680/EBE, 81/715/EBE, 82/475/EBE, 82/957/EBE, 84/4/EBE, 85/509/EBE, 86/174/EBE, 86/530/EBE, 87/235/EBE, 88/485/EBE, 89/520/EBE, 90/439/EBE, 91/248/EBE, 91/334/EBE, 91/336/EBE, 91/357/EBE, 91/508/EBE, 91/620/EBE, 92/64/EBE, 92/89/EBE, 92/95/EBE, 92/99/EBE, 92/113/EBE, 93/26/EBE, 93/27/EBE, 93/28/EBE, 93/55/EBE, 93/56/EBE, 93/107/EBE, 93/117/EB, 94/14/EB, 94/17/EB, 94/39/EB, 94/40/EB, 94/41/EB, 94/50/EB, 94/77/EB, 95/9/EB, 95/10/EB, 95/11/EB, 95/33/EB, 95/37/EB, 95/55/EB, 96/7/EB, 96/66/EB, 97/6/EB, 97/47/EB, 97/72/EB, 98/51/EB, 98/54/EB, 98/64/EB, 98/67/EB, 98/68/EB, 98/87/EB, 98/88/EB, 99/27/EB, 99/29/EB, 99/61/EB, 99/76/EB, 99/79/EB, tilskipunum ráðsins: 70/373/EBE, 70/524/EBE, 72/275/EBE, 79/373/EBE, 82/471/EBE, 83/228/EBE, 84/587/EBE, 86/354/EBE, 87/153/EBE, 90/44/EBE, 91/681/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB, 93/114/EB, 95/53/EB, 95/69/EB, 96/24/EB, 96/25/EB, 96/51/EB, 97/40/EB, 99/20/EB, reglugerða framkvæmdastjórnarinnar nr. 1436/98, 2316/98, 2374/98, 2785/98, 2786/98, 2788/98, 45/1999, 639/1999, 866/1999, 1245/1999, 1411/1999, 1594/1999, 1636/1999, reglugerð ráðsins nr. 2821/98, ákvörðuna framkvæmdastjórnarinnar 85/382/EBE, 91/516/EBE, 92/508/EBE, 95/274/EB, 97/582/EB, 99/420/EB, 2001/9/EB og ákvörðuna ráðsins 98/728/EB og 2000/766/EB. Reglugerðin tekur gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 650/1994 um eftirlit með fódri og breytingar á henni nr. 718/1995, 510/1996, 553/1998, 263/1999 og 76/2001.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 381/2001.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 27. gr. skal gjaldið sem þar er ákveðið 0,9% vera 0,5% til og með 30. júní 2001.

3. viðauki¹⁾

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði
3	Saccharomyces cerevisiae NCYC Sc 47	Efnablanda <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: 5×10^9 CFU/g aukefnis	Mjólkurkúr	—	4×10^8	2×10^9	Í notkunar-eiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dag-

5	Saccharomyces cerevisiae CBS 493.94	Efnablanda <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: 1×10^8 CFU/g aukefnis	Mjólkurkúr	—	5×10^7	$3,5 \times 10^8$	skammti skal ekki fara yfir $5,6 \times 10^9$ CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar. $8,75 \times 10^9$ CFU er bætt við á hver umfram 100 kg líkamsþyngdar Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammti skal ekki fara yfir $1,2 \times 10^9$ CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar. $1,7 \times 10^8$ CFU er bætt við á hver umfram 100 kg líkamsþyngdar
19	Streptococcus infantarius CNCM I-841 Lactobacillus plantarum CNCM I-840	Blanda: Streptococcus infantarius og Lactobacillus plantarum sem inniheldur að lágmarki: Streptococcus infantarius $0,5 \times 10^9$ CFU/g og: Lactobacillus plantarum 2×10^9 CFU/g	Kálfar	6 mánuðir	Streptococcus infantarius : 1×10^9 Lactobacillus plantarum: $0,5 \times 10^9$	Streptococcus infantarius : 1×10^9 Lactobacillus plantarum : $0,5 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun
20	Bacillus licheniformis DSM 5749	Blanda: Bacillus licheniformis og Bacillus subtilis sem	Gyltur	15 daga fyrir got og á mjólkurskeiði	$0,96 \times 10^9$	$1,92 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina

Bacillus subtilis DSM 5750	inniheldur að lágmarki: $3,2 \times 10^9$ CFU/g				geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun
(Í hlutfalli nu 1/1)	aukefnis ($1,6 \times 10^9$ CFU/g af hvorri bakteríu)				
Eldissvín	—	$0,48 \times 10^9$	$1,28 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun	
Eldiskjúklingar	—	$3,2 \times 10^9$	$3,2 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun Má nota í fóðurlöndur sem innihalda hin leyfðu hníslalyf: amprólíum /etópabat, díklasúríl, halófúgínón, metíklórpi ndól/metýl-bensókat,	

Eldiskal kúnar	—	$1,28 \times 10^9$	$3,2 \times 10^9$	<p>natríummó nensín, níkarbasín, róbenidín og natríumsalínómýsín</p> <p>Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggjun</p> <p>Má nota í fóðurlöndur sem innihalda hin leyfðu hníslalyf: amprólfum/etópabat, díklasúrfl, halófúgínón, metíklórpi ndól/metýl-bensókat, natríummó nensín, nífúrsól og róbenidín</p> <p>Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita,</p>
Kálfar	6 mánuðir	$1,28 \times 10^9$	$1,6 \times 10^9$	<p>Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita,</p>

21	Enterococcus faecium DSM 3530	Efnablanda Enterococcus faecium sem inniheldur að lágmarki: $2,5 \times 10^9$ CFU/g	Kálfar	6 mánuðir	geymsluþó l og þól við köggulun 1×10^9	1×10^9	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþól og þól við köggulun
----	-------------------------------	---	--------	-----------	---	-----------------	--

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 501/2005 sem var birt og tók gildi 21. maí 2005. Viðaukar ekki birtir hér. 2) Sbr. 3. gr. reglugerð nr. [195/2008](#).

Úr reglugerð

nr. **341/2001** um geislun matvæla með jónandi geislun, Sbr. reglugerðir nr. **1013/2001** og **163/2003**, um breytingu á henni.

I. KAFLI.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessir gildir um framleiðslu, innflutning og markaðssetningu matvæla sem geisluð eru með jónandi geislun.

Reglugerðin gildir ekki um:

- Matvæli sem verða fyrir jónandi geislun frá mæli- og eftirlitstækjum með hámarksorkuna 10 MeV ef um röntgentæki er að ræða, 14 MeV ef um nifteindir er að ræða og 5 MeV ef um aðra geislagjafa er að ræða ef upptekinn geislaskammtur frá nifteindageislun er lægri en 0,01 Gy og lægri en 0,5 Gy frá annars konar geislun,
- Geislun matvæla fyrir sjúklinga sem fá dauðhreinsaðan mat undir eftirliti lækna eða annars heilbrigðisstarfsfólks.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

Geislun matvæla er meðhöndlun matvæla með jónandi geislun.

Geislaskammtur er heildarorkuaukning í sýninu deilt með massa þess í kílóum.

Gy (Gray) er mælieining fyrir geislaskammt og samsvarar 1 J/kg

Jónandi geislun er orkumikil geislun sem getur jónað sameindir. Gammageislun og röntgengeislun er jónandi geislun. Rafeindir eru líka jónandi geislun.

Matvæli eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn. Í reglugerð þessari teljast innihaldsefni einnig til matvæla.

5. gr.

[Geislunarstöðvar.

Á Íslandi skal geislun framkvæmd á viðurkenndum geislunarstöðvum sem fengið hafa leyfi Geislavarna ríkisins til að reka geislatæki. Í aðildarríkjum Evrópusambandsins viðurkenna þar til bær stjórnvöld geislunarstöðvar sem reka geislatæki. Geislunarstöðvar sem geisla matvæli skulu auk þess uppfylla ákvæði alþjóðlegra viðmiðunarreglna Landbúnaðar- og matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og Codex Alimentarius (CAC) (FAO/WHO/CAC, vol. XV, 1. útgáfa) um rekstur geislunarstöðva til geislunar matvæla.]¹⁾

Viðurkenndar geislunarstöðvar skulu tilnefna ábyrgðaraðila sem sér til þess að öllum reglum og skilyrðum sé fullnægt.

Viðurkenndar geislunarstöðvar skulu halda skrár yfir öll geislatæki og geislalindir sem notaðar eru til geislunar matvæla og skrá sérhverja lotu matvæla sem geisluð er. Geyma skal skrárnar í fimm ár. Skrárnar skulu sýna:

- a) Tegund og magn þeirra matvæla sem geisluð eru;
- b) lotunúmer;
- c) nafn þess sem bað um að matvælin væru geisluð;
- d) nafn þess sem veitti geisluðum matvælum viðtöku;
- e) dagsetningu geislunar;
- f) tegund umbúða;
- g) gögn um hvernig skammtastærð var metin og niðurstöður matsins, einkum neðri og efri mörk geislaskammta og tegund geislunar;
- h) gögn yfir geislunarferlið í samræmi við viðauka 1;
- i) tilvísun í upphaflega áætlun um skammtastærð.

[Óheimilt er að flytja inn matvæli sem geisluð eru í geislunarstöðvum utan Evrópusambandsins nema að uppfylltum ofangreindum skilyrðum að því tilskyldu að þær séu á skrá Evrópusambandsins yfir viðurkenndar geislunarstöðvar sem mega reka geislatæki. Birtur er listi yfir þær geislunarstöðvar sem viðurkenndar eru í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 163/2003. 2) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 163/2003.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

9. gr.

Innflutningur á geisluðum matvælum frá ríkjum utan EES-svæðisins.

Óheimilt er að flytja inn geisluð matvæli frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) Að matvælin uppfylli öll skilyrði sem sett eru í reglugerð þessari;

- b) að fylgiskjöl með nafni og heimilisfangi viðurkenndrar geislunarstöðvar, þar sem geislun var framkvæmd, fylgi vörunni og að í þeim komi fram þær upplýsingar sem farið er fram á í 5. gr.;
- c) að geislunarstöðin þar sem geislunin var framkvæmd sé viðurkennd á Evrópska efnahagssvæðinu.

10. gr.

Nýjar upplýsingar.

Komi fram nýjar upplýsingar eða nýtt mat á fyrirliggjandi upplýsingum sem sýna með óbyggjandi hætti að geislun á ákveðnum matvælum leiði til hættu á heilsutjóni getur Hollustuvernd ríkisins sett tímabundið bann við sölu og dreifingu viðkomandi matvæla þrátt fyrir að geislunin uppfylli skilyrði reglugerðar þessarar.

11. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

Innlendur framleiðandi og innflytjandi eða umboðsaðili, ef um innflutta vöru er að ræða, er ábyrgur fyrir því að geisluð matvæli sem hér eru á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Leiði athuganir í ljós að geisluð matvæli uppfylli ekki ákvæði þessarar reglugerðar skal viðkomandi heilbrigðisnefnd, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, krefjast þess að sá er sekur gerist um brot greiði allan kostnað sem leitt hefur af útvegum sýna og rannsóknum á þeim.

12. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. sbr. VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af XII. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipanir 2/1999 og 3/1999).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Reglugerð

**nr. 541/2001 um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu
hópfæðabifreiða úr landi, sbr. reglugerð nr. 556/2002 og 1070/2009
um breytingu á henni.**

Gildissvið.

1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar skal endurgreiða rekstraraðilum hópferðabifreiða, sem leyfi hafa samkvæmt lögum nr. 13/1999 um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, [20,32%]¹⁾ af söluverði hópferðabifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi, sbr. þó 2. mgr.

Endurgreiða skal rekstraraðilum hópferðabifreiða, sem nýskráðar eru á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003 og notið hafa endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. lögum nr. 57/2001, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, 6,56% af söluverði hópferðabifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi.

¹⁾Rgr. 1070/2009, 1. gr.

Endurgreiðslubeiðni.

2. gr.

Sækja skal um endurgreiðslu á sérstöku eyðublaði í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

[Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst tollstjóranum í Reykjavík eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 556/2002.

Afgreiðsla á umsóknum og skilyrði endurgreiðslu.

3. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari og annast endurgreiðslu.

Skilyrði endurgreiðslu er að í beiðni um endurgreiðslu sé sýnt fram á með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að hópferðabifreiðin hafi verið seld úr landi.

Tollstjórinn í Reykjavík skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur hann í því sambandi krafist umsækjanda nánari skýringa á viðskiptunum. Með beiðni um endurgreiðslu skal fylgja frumrit sölureiknings eða greiðsluskjal frá tollyfirvöldum þar sem fram kemur söluverð hópferðabifreiðar með áritaðri staðfestingu tollgæslunnar á því að hópferðabifreið samkvæmt reikningnum hafi verið seld úr landi.

4. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 6. gr. laga nr. 105/2000, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 74/2002 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar, sbr. reglugerð nr. 571/2005 (2. br.),¹⁾ 980/2005 (3. br.), 732/2006 (4. br.), 38/2008 (5. br.), 125/2008 (6. br.), 824/2008 (7. br.), 951/2008 (8. br.), og 9/2009 (9. br.) og 161/2009 (10. br.) um breytingu á henni.

1) Í 1. gr. reglugerðarinnar, sem gefin var út og tók gildi 20. júní 2005 segir: Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2003, sem birt var í EES-viðbæti 12. febrúar 2004, skal reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003, öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð Evrópusambandsins er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

Gildissvið.

1. gr.

1. Reglugerðin gildir um eftirtaldar afurðir, séu slíkar afurðir með eða ef til stendur að merkja þær með ábendingu um lífræna framleiðsluáferð:
 - a) Óunnar landbúnaðarafurðir úr jurtaríkinu; einnig búfé og óunnar búfjárafurðir, að svo miklu leyti sem reglur um framleiðslu þeirra og eftirlit með þeim eru tilgreindar í I. og III. viðauka.
 - b) Unnar landbúnaðarafurðir úr jurtaríkinu og búfjárafurðir ætlaðar til manndis sem eru aðallega úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurta- og/eða dýraríkinu.
 - c) Fóður, fóðurblandur og fóðurefni, sem eru ekki tilgreind í a-lið.
2. Þar eð ekki er kveðið á um neinar nákvæmar reglur í I. viðauka um framleiðslu að því er varðar tiltekna tegundir dýra skulu, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., þær reglur í 5. gr., sem kveða á um merkingu, og reglur í 8. og 9. gr. um eftirlit gilda um þessar tegundir og afurðir úr þeim.

2. gr.

Í reglugerðinni er afurð talin hafa merkingu með ábendingum um lífræna framleiðsluáferð sé slíkri afurð eða innihaldsefnum hennar eða fóðurefnum lýst á umbúðum, í auglýsingum eða viðskiptaskjöllum með þeim merkingum sem notaðar eru í hverju aðildarríki EES-svæðisins og gefa kaupanda til kynna að afurðin, innihaldsefni hennar eða fóðurefni hafi verið framleidd í samræmi við framleiðslureglur, sem mælt er fyrir um í 6. gr., og sérstaklega með eftirfarandi orðum eða afleiddum myndum þeirra eða með styttingu þeirra, einum sér eða samsettum, nema slík orð eigi ekki við um landbúnaðarafurðir í matvælum eða fóðurefnum eða séu bersýnilega ekki í neinum tengslum við framleiðsluáferðina:

- á spænsku: ecológico,
- á dönsku: økologisk,
- á grísku: βιολογικό,

- á ensku: organic,
- á frönsku: biologique,
- á ítölsku: biologico,
- á hollensku: biologisch,
- á portúgölsku: biológico,
- á finnsku: luonnonmukainen,
- [á íslensku: lífrænt,
- á norsku: økologisk.]¹⁾
- á sænsku: ekologisk,
- í Þýskalandi: ökologisch,
- í Austurríki: biologisch;

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 980/2005 sem gefin var út og tók gildi 21. nóvember 2005.

3. gr.

Reglugerðin gildir með fyrirvara um önnur ákvæði EES-samningsins eða innlend ákvæði sem samrýmast honum, um þær afurðir sem eru tilgreindar í 1. gr., svo sem ákvæði um framleiðslu, tilreiðslu, markaðssetningu, merkingu og eftirlit, þar á meðal löggjöf um matvæli og fóður.

Skilgreiningar.

4. gr.

Í reglugerðinni er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Merking“: Orð, upplýsingar, vörumerki, sérheiti, myndefni eða tákn sem sett eru á allar umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kraga sem fylgja eða vísa til afurðar sem tilgreind er í 1. gr.; 22. 7. 91 Stjórnartíðindi EB nr. L 198/3.
2. „Framleiðsla“: Starfsemi á bújörð sem felst í framleiðslu, pökkun og frummerkingu vara sem eru lífrænt ræktaðar landbúnaðarafurðir, framleiddar á viðkomandi bújörð.
3. „Tilreiðsla“: Varðveisla og/eða vinnsla landbúnaðarafurða (þar á meðal slátrun og skurður búfjárafurða) og einnig pökkun og/eða breytingar gerðar á merkingum sem gefa til kynna að um sé að ræða lífræna framleiðslu á ferskum afurðum, rotvörðum afurðum og/eða unnum afurðum.
4. „Markaðssetning“: Geymsla eða ústilling með tilliti til sölu, boð um sölu, sala, afhending eða annar sölumáti.
5. „Atvinnurekandi“: Einstaklingur eða lögpersóna sem framleiðir, tilreiðir eða flytur inn frá þriðja landi afurðir sem um getur í 1. gr. með markaðssetningu í huga eða sem markaðssetur slíkar afurðir.
6. „Innihaldsefni“: Efni, þar með talin aukefni, notuð við tilreiðslu afurðanna sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr. 1. gr., eins og þau eru skilgreind í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE1) um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda.
7. „Plöntuvarnarefni“: Efni samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 79/117/EBE2) frá 21. desember 1978 um bann við sölu og notkun plöntuvarnarefna sem

innihalda tiltekin virk efni, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 89/365/EBE3).

8. „Þvottaefni“: Efni og efnablöndur í skilningi tilskipunar ráðsins 73/404/EBE4) frá 22. nóvember 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þvottaefni, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 86/94/EBE5), sem ætluð eru til að hreinsa tilteknar afurðir sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr.
9. „Matvæli í neytendaumbúðum“: Vörueining skilgreind í b-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE.1)
10. „Innihaldslýsing“: Innihaldslýsingin sem um getur í 6. gr. tilskipunar ráðsins 79/ 112/EBE.1)
11. „Búfjárframleiðsla“: Framleiðsla húsdýra eða alinna, villtra landdýra (þar á meðal skordýra) og lagartegunda sem eru aldar í fersku, söltu eða ísöltu vatni. Afurðir úr veiddum, villtum land- og lagardýrum teljast ekki lífræn framleiðsla.
12. „Erfðabreytt lífvera“: Sérhver lífvera sem fellur undir skilgreiningu 2. gr. í tilskipun ráðsins 90/220/EBE6) frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið.

1) Stjtið. EB nr. L 33, 8.2.1979, bls. 1. 2) Stjtið. EB nr. L 33, 8.2.1979, bls. 36. 3) Stjtið. EB nr. L 159, 10.6.1989, bls. 58. 4) Stjtið. EB nr. L 347, 12.12.1973, bls. 51. 5) Stjtið. EB nr. L 80, 25.3.1986, bls. 51. 6) Stjtið. EB nr. L 117, 8.5.1990, bls. 15.

13. „Efni leitt af erfðabreyttum lífverum“: Sérhvert efni sem er annaðhvort framleitt úr eða framleitt af erfðabreyttum lífverum, en inniheldur þær ekki.
14. „Notkun erfðabreyttra lífvera og efna sem eru leidd af erfðabreyttum lífverum“: Notkun þeirra sem matvæli, innihaldsefni matvæla (þar á meðal sem aukefni og bragðefni), tæknileg hjálparefni við vinnslu (þar á meðal leysiefni við útdrátt), fóður, fóðurblöndur og fóðurefni, aukefni í fóðri, tæknileg hjálparefni fyrir fóður, tilteknar afurðir notaðar í fóður (í samræmi við tilskipun ráðsins 82/471/EBE1), plöntuvarnarefni, dýralyf, áburður, jarðvegsnæring, fræ, plöntufjölgunarefni og búfé.
15. „Dýralyf“: Efni eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 65/65/EBE2) frá 26. janúar 1965 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnslufyrirmælum um lyf.
16. „Smáskammtadýralyf“: Efni eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/74/EBE3) frá 22. september 1992 um að færa út gildissvið tilskipunar 81/851/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf og að bæta við ákvæðum um hómópatadýralyf.
17. „Fóður“: Afurðir eins og þær eru skilgreindar í a-lið 2. gr. í tilskipun ráðsins 79/373/EBE4) frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fódurs.
18. „Fóðurefni“: Afurðir eins og þær eru skilgreindar í a-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 96/25/EB5) frá 29. apríl 1996 um dreifingu fódurefnis, breytingu á tilskipunum ráðsins nr. 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og niðurfellingu á tilskipun 77/101/EBE.
19. „Fóðurblöndur“: Afurðir eins og þær eru skilgreindar í b-lið 2. gr. tilskipunar 79/373/EBE.
20. „Aukefni í fóðri“: Efni eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. gr. í tilskipun ráðsins 70/524/EBE6) frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri.
21. „Tilteknar afurðir notaðar í fóður“: Fóðurafurðir innan gildissviðs tilskipunar ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir til fóðrunar dýra.

22. „Eining/bújörð/bú þar sem lífræn framleiðsla er stunduð“: Eining, bújörð eða bú sem samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar.
23. „Lífrænt framleitt fóður/fóðurefni“: Fóður/fóðurefni sem er framleitt í samræmi við þær reglur um framleiðslu sem mælt er fyrir um í 6. gr.
24. „Aðlögunarfóður“: Fóður/fóðurefni sem framleitt er á landi í lífrænni aðlögun og samræmist þeim reglum um framleiðslu sem mælt er fyrir um í 6. gr., nema hvað varðar aðlögunartímabil þar sem þær reglur gilda í að minnsta kosti eitt ár áður en til uppskeru kemur.
25. „Hefðbundið fóður/fóðurefni“: Fóður/fóðurefni sem heyrir ekki undir þá flokka sem tilgreindir eru í 23. og 24. mgr.

1) Stjtið. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8. 2) Stjtið. EB 22, 9.2.1965, bls. 369. 3) Stjtið. EB L 297, 13.10.1992, bls. 12. 4) Stjtið. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30. 5) Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35. 6) Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

Merking.

5. gr.¹⁾

1. Einungis er heimilt að vísa til lífrænna framleiðsluaðferða í merkingu og auglýsingu afurðar sem tilgreind er í a-lið 1. mgr. 1. gr., ef:
 - a) slíkar merkingar bera greinilega með sér að þær vísa til aðferðar í landbúnaðarframleiðslu;
 - b) afurðin er framleidd í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innflutt frá þriðja landi samkvæmt þeirri tilhögun sem mælt er fyrir um í 11. gr.;
 - c) afurðin er framleidd eða innflutt af atvinnurekanda sem þær eftirlitsaðgerðir sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr. gilda um;
 - d) nafn og kenninúmer vottunarstofu, sem annast eftirlit hjá viðkomandi atvinnurekanda, og kennimerki vottunarstofu og/eða ESB, koma fram í merkingunni.
2. - - -
3. Einungis er heimilt í vörulýsingu afurðar að vísa til lífrænna framleiðsluaðferða í merkingu og auglýsingu afurðar, sem er tilgreind í b-lið 1. mgr. 1. gr., ef:
 - a) að minnsta kosti 95% af innihaldsefnum afurðarinnar eru afurðir úr landbúnaði, eða fengin úr afurðum, sem eru framleiddar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innfluttar frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr.;
 - b) öll önnur innihaldsefni afurðarinnar úr landbúnaði eru skráð í C-hluta VI. viðauka eða landbúnaðarráðuneytið hefur heimilað notkun þeirra til bráðabirgða í samræmi við framkvæmdaráðstafanir sem kunna að hafa verið samþykktar á grundvelli 7. mgr.;
 - c) afurðin inniheldur einungis efni, sem eru talin upp í A-hluta VI. viðauka, sem innihaldsefni af öðrum toga en úr landbúnaði;
 - d) afurðin eða innihaldsefni hennar úr landbúnaði, sem um getur í a-lið, hafa ekki verið meðhöndluð með öðrum efnum en talin eru upp í B-hluta VI. viðauka;
 - e) afurðin eða innihaldsefni hennar hafa ekki hlotið meðferð sem felur í sér jónandi geislun;
 - f) afurðin er tilreidd eða innflutt af atvinnurekanda sem lýtur eftirliti sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr.;

- g) nafn og kenninúmer vottunarstofu, sem annast eftirlit hjá þeim atvinnurekanda sem hefur annast síðasta áfanga í framleiðslu- eða tilreiðsluferlinu, og kennimerki vottunarstofu og/eða ESB, koma fram í merkingunni.
 - i) ábendingum þar sem vísað er til lífrænna framleiðsluaðferða skal koma skýrt fram að um sé að ræða aðferð í landbúnaðarframleiðslu og þeim skal fylgja vísun til viðkomandi innihaldsefna úr landbúnaði, nema slík tilvísun komi greinilega fram í innihaldslýsingunni;
 - h) afurðin var framleidd án þess að notaðar væru erfðabreyttar lífverur eða afurðir úr slíkum lífverum.
- 3 a. Þrátt fyrir 1.- 3. mgr. er heimilt að nota vörumerki, með ábendingu sem um getur í 2. gr., fram til 1. júlí 2006, í merkingu og auglýsingu afurða sem samræmast ekki ákvæðum þessarar reglugerðar, svo fremi að:
- umsókn um skráningu vörumerkisins hafi verið lögð fram fyrir 22. júlí 1991 fyrir 1. janúar 1995 í Finnlandi, Austurríki og Svíþjóð og það samræmist ákvæðum í fyrstu tilskipun ráðsins 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörumerki,
 - og á vörumerkinu komi alltaf fram skýr, áberandi og auðlæsileg ábending þess efnis að afurðirnar hafi ekki verið framleiddar í samræmi við lífrænu framleiðsluaðferðina sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
4. Einungis er heimilt að bæta innihaldsefnum úr landbúnaði í C-hluta VI. viðauka hafi verið sýnt fram á að þau séu úr landbúnaði og ekki framleidd í nægilegu magni á EESsvæðinu í samræmi við reglurnar í 6. gr. eða ekki sé unnt að flytja þau inn frá þriðju löndum í samræmi við reglurnar í 11. gr.
5. Heimilt er að á plöntuafurðum, sem eru merktar eða auglýstar í samræmi við 1. eða 3. mgr., séu merkingar með ábendingum um aðlögun að lífrænum aðferðum, að því tilskildu að:
- a) kröfurnar, sem um getur í 1. eða 3. mgr., séu í einu og öllu uppfylltar, að þeirri undanskilinni sem tekur til lengdar aðlögunartíma sem um getur í 1. mgr. I. viðauka;
 - b) krafan um að minnsta kosti 12 mánaða aðlögunartíma hafi verið virt fyrir uppskeru;
 - c) viðkomandi merkingar villi ekki um fyrir kaupanda afurðarinnar að því er lýtur að mismun milli hennar og afurða sem uppfylla allar kröfur 1. eða 3. mgr. Merkingarnar skulu vera með orðalaginu „framleitt í lífrænni aðlögun“ og birtar í lit og leturstærð og -gerð sem eru ekki meira áberandi en vörulýsing afurðarinnar. Óheimilt er að orðið „lífrænni“ sé meira áberandi en orðin „framleitt í ... aðlögun“;
 - d) í afurðinni sé aðeins eitt innihaldsefni úr ræktaðri plöntuafurð;
 - e) nafn og kenninúmer vottunarstofu, sem annast eftirlit hjá þeim atvinnurekanda sem hefur annast síðasta áfanga í framleiðslu- eða tilreiðsluferlinu, komi fram í merkingunni;
 - f) afurðin hafi verið framleidd án þess að notaðar væru erfðabreyttar lífverur eða afurðir úr slíkum lífverum.
- 5 a. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. er einungis heimilt að vísa til lífrænna framleiðsluaðferða í merkingu og auglýsingu afurðar, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr., ef:
- a) að minnsta kosti 70% af innihaldsefnum afurðarinnar eru afurðir úr landbúnaði, eða fengin úr afurðum, sem eru framleiddar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innfluttar frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr.;

- b) öll önnur innihaldsefni afurðarinnar úr landbúnaði eru skráð í C-hluta VI. viðauka eða aðildarríki hefur heimilað notkun þeirra til bráðabirgða í samræmi við framkvæmdarráðstafanir sem kunna að hafa verið samþykktar á grundvelli 7. mgr.;
 - c) ábendingar, þar sem vísað er til lífrænna framleiðsluaðferða, koma fram í innihaldslýsingunni og ljóst er að þær eiga einungis við um þau innihaldsefni sem fengin eru í samræmi við reglurnar í 6. gr. eða innflutt frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr.; þær eru í sama lit og leturstærð og -gerð er hin sama og í öðrum merkingum með ábendingum í innihaldslýsingunni. Einnig ber að birta þessar ábendingar í sérstakri yfirlýsingu sem skal sjást í sama sjónsviði og vörulýsingin og hafa að geyma upplýsingar um hve hátt hundradshlutfall innihaldsefnanna, sem eru úr landbúnaði eða eiga rætur að rekja til landbúnaðar, hefur verið framleitt í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innflutt frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr. Óheimilt er að birta yfirlýsinguna í lit og leturstærð og -gerð sem eru meira áberandi en vörulýsing afurðarinnar. Yfirlýsingin skal vera svohljóðandi: „X% af innihaldsefnum úr landbúnaði voru framleidd í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu“;
 - d) afurðin inniheldur einungis efni, sem eru talin upp í A-hluta VI. viðauka, sem innihaldsefni af öðrum toga en úr landbúnaði;
 - e) afurðin eða innihaldsefni hennar úr landbúnaði, sem um getur í a-lið, hafa ekki verið meðhöndluð með öðrum efnum en talin eru upp í B-hluta VI. viðauka;
 - f) afurðin eða innihaldsefni hennar hafa ekki hlotið meðferð sem felur í sér jónandi geislun;
 - g) afurðin er tilreidd eða innflutt af atvinnurekanda sem lýtur eftirliti sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr.;
 - h) nafn og kenninúmer vottunarstofu, sem annast eftirlit hjá þeim atvinnurekanda sem hefur séð um síðasta áfanga í framleiðslu- eða tilreiðsluferlinu, kemur fram í merkingunni; 16. janúar 2002 125 Nr. 74 Nr. 74 16. janúar 2002
 - i) afurðin var framleidd án þess að notaðar væru erfðabreyttar lífverur eða afurðir úr slíkum lífverum.
6. ---
- 7. Landbúnaðarráðuneytið setur, ef þörf krefur, nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessarar greinar og í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr.
- 7 a. Landbúnaðarráðuneytið getur heimilað notkun efna sem ekki eru skráð í C-hluta IV. viðauka, til bráðabirgða, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr. og b-lið 5a. mgr. 5. gr., að uppfylltum skilyrðum sem lýst er í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 207/93/EBE1) með síðari breytingum. Þegar slík heimild hefur verið veitt skal hún tilkynnt öðrum EES-ríkjum og framkvæmdastjórn ESB í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 207/93/EBE2) með síðari breytingum. Heimild þessa má veita allt að þrívægis, sjö mánuði í hvert skipti. Endurnýjun heimildarinnar og gildistími hennar eru þó háð ákvæðum 3.-6. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 207/93/EBE3) með síðari breytingum.
- 8. Í A-, B- og C-hlutum VI. viðauka skal setja ákvæði um takmarkandi skrár yfir efni og afurðir, sem um getur í b-, c- og d-lið 3. mgr. og b-, d- og e-lið 5a. mgr., í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr. Heimilt er að tilgreina skilyrði fyrir notkun og kröfur um samsetningu þessara innihaldsefna og efna.

Telji landbúnaðarráðuneytið að bæta beri afurð í fyrrnefndar skrár eða að þeim skuli breytt skal það tryggja að málsskjöl þar sem fram koma ástæður fyrir viðbótinni eða breytingunum séu send hinum aðildarríkjum EES opinberlega og einnig framkvæmdastjórn ESB sem leggur þau fyrir nefndina er um getur í 14. gr.

9. Beita ber reglum, sem kveðið er á um í 6. og 7. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/ EBE4), við útreikninga á hundraðstölunum sem um getur í 3. og 6. mgr.
10. Í afurð, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 1. gr., má ekki vera hvort tveggja í senn innihaldsefni framleitt samkvæmt reglum í 6. gr. og sama innihaldsefni sem ekki er framleitt samkvæmt þeim reglum.

1) Í 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr.571/2005, sem gefin var út og tók gildi 20. júní 2005 segir: Ákvæði 5. gr. um merkingar taka nú, eftir því sem reglugerð (EB) nr. 223/2003 segir nánar fyrir um, til fódurs, fódurblöndu og fódurefna, sbr. og 4. lið B-hluta I. viðauka.

Framleiðslureglur.

6. gr.

1. Lífræn framleiðsluaðferð felur í sér að við framleiðslu afurða samkvæmt a-lið 1. mgr. 1. gr., annarra en fræja og plöntufjölgunarefna:
 - a) skuli að minnsta kosti uppfylla kröfur I. viðauka og ef við á, nákvæmar reglur þar að lútandi;
 - b) sé eingöngu heimilt að nota afurðir úr efnum, sem eru tilgreind í I. viðauka eða talin upp í II. viðauka, sem plöntuvarnarefni, áburð, jarðvegsnæringu, fódur, fódurefni, fódurblöndur, aukefni í fódri, efni notuð í fódur samkvæmt tilskipun ráðsins 82/471/EBE5), hreinsi- og sótthreinsiefni til nota við hreinsun bygginga og tilheyrandi búnaðar fyrir búfé, vörur til nota gegn plágum og sjúkdómum í byggingum og tilheyrandi búnaði fyrir búfé eða í annars konar tilgangi, enda sé tilgangurinn tilgreindur í II. viðauka að því er varðar tilteknar afurðir. Einvörðungu er heimilt að nota afurðirnar samkvæmt sérstökum skilyrðum, sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka, og, að því tilskildu að tilsvareandi notkun sé leyfð í almennum landbúnaði, í samræmi við viðeigandi ákvæði EES-samningsins eða innlend ákvæði sem eru í samræmi við hann;

1) Stjtið. EB nr. L 25, 2.2.1993, bls. 5. 2) Stjtið. EB nr. L 25, 2.2.1993, bls. 5. 3) Stjtið. EB nr. L 25, 2.2.1993, bls. 5. 4) Stjtið. EB nr. L 33, 8.2.1979, bls. 1. 5) Stjtið. EB nr. L 213, 21.7.1982, bls. 8.

 - c) sé einungis notað fræ eða plöntufjölgunarefni sem er framleitt samkvæmt lífrænu aðferðinni sem um getur í 2. mgr.;
 - d) sé óheimilt að nota erfðabreyttar lífverur eða nokkrar afurðir úr slíkum lífverum, nema um lyf til dýralækninga sé að ræða.
2. Lífræn framleiðsluaðferð felur í sér að við framleiðslu fræja og plöntufjölgunarefna hafi stofnplantan, að því er varðar fræ, og stofnplantan eða stofnplönturnar, að því er varðar plöntufjölgunarefni, verið framleiddar:
 - a) án þess að notaðar séu erfðabreyttar lífverur eða nokkrar afurðir úr slíkum lífverum og

- b) í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. í að minnsta kosti eina kynslóð eða, ef um fjölærar plöntur er að ræða, tvö vaxtartímabil.
3. a) Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. er heimilt að nota fræ og plöntufjölgunarefni, sem eru ekki framleidd samkvæmt lífrænu aðferðinni, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2003 og með samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að því tilskildu að notendur slíks plöntufjölgunarefnis geti sýnt viðkomandi vottunarstofu fram á með fullnægjandi hætti að þeim hafi verið ókleift að afla plöntufjölgunarefnis af réttu afbrigði viðkomandi tegundar, sem fullnægir skilyrðum 2. mgr., á markaði á EESsvæðinu. Í því tilviki skal nota plöntufjölgunarefni, sem hefur ekki verið meðhöndlað með öðrum efnum en talin eru upp í B-hluta II. viðauka, sé það fáanlegt á markaði á EES-svæðinu. Landbúnaðarráðuneytið skal tilkynna hinum aðildarríkjum EES-svæðisins og framkvæmdastjórn ESB um leyfi sem eru veitt samkvæmt þessari málsgrein.
- b) Landbúnaðarráðuneytið kann að ákveða eftirfarandi samkvæmt málsmeðferðinni í 14. gr.:
- að setja, fyrir 31. desember 2003, takmarkanir að því er varðar aðlögunarráðstafanirnar sem um getur í a-lið með tilliti til tiltekinna tegunda og/eða gerða plöntufjölgunarefnis og/eða þess að ekki er um kemíska meðhöndlun að ræða,
 - að viðhalda, eftir 31. desember 2003, undanþágunni sem kveðið er á um í alið með tilliti til tiltekinna tegunda og/eða gerða plöntufjölgunarefna,
 - að setja starfsreglur og viðmiðanir að því er varðar undanþáguna sem um getur í a-lið og miðlun upplýsinga þar að lútandi til viðkomandi fagfélaga.
4. Landbúnaðarráðuneytið endurskoðar ákvæði þessarar greinar í kjölfar endurskoðunar framkvæmdastjórnar ESB.

6a. gr.

1. Í þessari grein merkir „ungplanta“ heilar unglöntur sem eru ætlaðar til plöntunar með plöntuframleiðslu í huga.
2. Í lífrænu framleiðsluaðferðinni felst að noti framleiðendur unglöntur verða þær að hafa verið framleiddar í samræmi við 6. gr.

7. gr.

1. Landbúnaðarráðuneytið getur ákveðið að fella inn í II. viðauka afurðir sem ekki eru leyfðar við samþykkt þessarar reglugerðar, í tilgangi sem fram kemur í b-lið 1. mgr. 6. gr. og að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) Ef afurðirnar eru notaðar til að halda niðri plöntuskaðvöldum eða -sjúkdómum eða til að hreinsa eða sóthreinsa byggingar og tilheyrandi búnað fyrir búfé:
 - séu þær nauðsynlegar til að halda niðri skaðlegum lífverum eða tilteknum sjúkdómi þegar aðrir líffræðilegir kostir eða kostir, sem lúta að ræktun, eðlisfræðilegri meðhöndlun eða fjölgun, standa ekki til boða, 16. janúar 2002 127 Nr. 74 Nr. 74 16. janúar 2002
 - útiloki notkunarskilyrði þeirra hvers kyns beina snertingu við fræ, plöntur, plöntuafurðir eða búfé og búfjárafurðir. Sé hins vegar um fjölærar ræktunarplöntur að ræða er bein snerting heimilud, en einungis utan vaxtartíma ætra hluta (ávaxta), að því

- tilskildu að slík notkun hafi ekki óbeint í för með sér að leifar afurðarinnar finnist í ætilegum hlutum, og
- hafi notkun þeirra ekki í för með sér óæskileg áhrif eða stuðli að slíkum áhrifum á umhverfið eða mengi það;
- b) Ef afurðirnar eru notaðar sem áburður eða jarðvegsnæring:
- séu þær nauðsynlegar vegna sérstakra næringarþarfa plantna eða jarðvegs, sem ekki er unnt að uppfylla með þeim ráðum sem getið er um í I. viðauka, og
 - hafi notkun þeirra ekki í för með sér óæskileg áhrif á umhverfið eða mengi það.
- 1 a. Skilyrðin sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu ekki gilda um afurðir sem voru í almennri notkun fyrir samþykkt þessarar reglugerðar í samræmi við reglur um góðar starfsvenjur lífrænum búskap sem er fylgt á EES-svæðinu.
- 1 b. Að því er varðar steinefni og snefilefni, sem eru notuð í fóður, er heimilt að bæta við í II. viðauka hráefnum annarra afurða til viðbótar, að því tilskildu að þau séu af náttúrulegum uppruna eða, ef ekki er um slíkt að ræða, þau séu framleidd í sömu mynd og náttúrulegar afurðir.
2. Ef nauðsyn ber til er heimilt að tilgreina eftirfarandi fyrir allar afurðir sem taldar eru upp í II. viðauka:
- Nákvæma lýsingu afurðarinnar.
 - Notkunaraskilyrði hennar og kröfur um samsetningu og/eða leysni, einkum með tilliti til þeirrar nauðsynjar að tryggja lágmarksmagn leifa þessara afurða í neysluhæfum hlutum plantna og neysluhæfum plöntuafurðum og að þær hafi sem minnst áhrif á umhverfið.
 - Sérkröfur um merkingu afurða sem um getur í 1. gr., séu slíkar afurðir framleiddar með hjálp tiltekinna afurða sem um getur í II. viðauka.
3. Landbúnaðarráðuneytið skal ákveða breytingar við II. viðauka, annaðhvort vegna viðbótar eða útstrikunar afurða sem um getur í 1. mgr. eða viðbótar eða breytinga á forskriftum sem um getur í 2. mgr., í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr.
4. Telji landbúnaðarráðuneytið að bæta beri afurð við II. viðauka eða að honum skuli breytt skal það tryggja að málskjöl þar sem fram koma ástæður fyrir viðbótinni eða breytingunum séu opinberlega send hinum aðildarríkjum EES-svæðisins og einnig framkvæmdastjórn ESB, sem leggur þau fyrir nefndina sem um getur í 14. gr.

Eftirlitskerfi.

8. gr.

1. Atvinnurekandi sem framleiðir, tilreiðir eða flytur inn frá þriðja ríki afurðir, sem tilgreindar eru í 1. gr., í þeim tilgangi að markaðssetja þær skal:
 - a) tilkynna um þessa starfsemi til faggiltrar vottunarstofu fyrir lífræna framleiðslu; tilkynningin skal innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru í IV. viðauka;
 - b) sjá til þess að eftirlitskerfið sem um getur í 9. gr. sé virkt í fyrirtæki hans.
2. Atvinnurekendur skulu miðla þeim viðbótarupplýsingum sem vottunarstofa telur nauðsynlegar til að halda uppi virku eftirliti með starfsemi þeirra.
3. Vottunarstofa skal tryggja að endurnýjuð skrá með nöfnum og heimilisföngum atvinnurekenda sem eftirlitskerfið gildir um sé aðgengileg fyrir þá sem hagsmuna eiga aðgæta.

9. gr.

1. Faggilt vottunarstofa fyrir lífræna framleiðslu annast eftirlit með þeim atvinnurekendum sem framleiða, tilreiða eða flytja inn frá þriðju löndum afurðir sem um getur í 1. gr.
2. Hver sá atvinnurekandi sem fer að ákvæðum þessarar reglugerðar og greiðir framlag sitt vegna eftirlitskostnaðar vottunarstofu skal hafa aðgang að eftirlitskerfi hennar.
3. Eftirlitskerfið skal að minnsta kosti felast í því að þeim varúðar- og eftirlitsráðstöfunum sé beitt sem tilgreindar eru í III. viðauka.
4. Löggildingarstofa faggildir vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu og annast eftirlit með þeim, sbr. a-lið 11. mgr.
5. Taka skal mið af eftirfarandi þegar vottunarstofa fyrir lífræna framleiðslu er faggilt:
 - a) Viðurkenndri aðferð sem fylgja á við eftirlitið ásamt nákvæmri lýsingu á eftirlitsog varúðarráðstöfunum sem vottunarstofa tekur að sér að skylda atvinnurekendur til að virða undir eftirliti hennar.
 - b) Þeim viðurlögum sem vottunarstofa hyggst beita þegar reglur eru ekki virtar og/eða upp kemst um brot.
 - c) Viðeigandi aðstöðu sem fyrir hendi er, til að mynda hæfu starfslíði, stjórnunar- og tækniástöðu, reynslu af eftirliti og áreiðanleika.
 - d) Hlutlægni vottunarstofu gagnvart þeim atvinnurekendum sem eru undir eftirliti hennar.
6. Eftir að vottunarstofa hefur verið faggilt skal Löggildingarstofa:
 - a) tryggja að eftirlit vottunarstofunnar sé hlutlægt;
 - b) sannreyna gildi eftirlits hennar;
 - c) kynna sér brögð á reglum og/eða þau brot sem framin eru og viðurlög sem beitt er;
 - d) fturkalla faggildingu vottunarstofu uppfylli hún ekki kröfurnar í a- og b-lið eða uppfylli hún ekki lengur þau viðmið sem tilgreind eru í 5. mgr. eða kröfurnar sem mælt er fyrir um í 7., 8., 9. og 11. mgr.
- 6a. Landbúnaðarráðuneytið úthlutar kenninúmeri til vottunarstofu fyrir lífræna framleiðslu, þegar hún hefur öðlast faggildingu, og tilkynnir það öðrum EES-ríkjum, svo og framkvæmdastjórn ESB.
7. Vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu skulu:
 - a) Tryggja að eftirlits- og varúðarráðstafanir sem tilgreindar eru í III. viðauka séu að minnsta kosti viðhafðar í þeim fyrirtækjum sem eftirlit þeirra nær til.
 - b) Ekki láta öðrum í té upplýsingar og gögn sem þær afla við framkvæmd eftirlitsins, en þeim sem bera ábyrgð á viðkomandi fyrirtækjum og lögbærum opinberum yfirvöldum.
8. Vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu skulu:
 - a) Heimila Löggildingarstofu aðgang að skrifstofum sínum og aðstöðu vegna eftirlits og að upplýsingum auk þess að veita þá aðstoð sem Löggildingarstofa telur nauðsynlega til þess að hún geti rækt skyldur sínar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.
 - b) Eigi síðar en 31. janúar ár hvert senda Löggildingarstofu og landbúnaðarráðuneytinu skrá yfir atvinnurekendur sem eftirlit þeirra nær til 31. desember árið áður og stutta ársskýrslu um starfsemi sína.
9. Vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu sem um getur í 1. mgr. skulu:
 - a) Tryggja, þar sem reglur eru ekki virtar þegar beita á ákvæðum 5. og 6. gr. eða þeim ráðstöfunum sem um getur í III. viðauka, að þær merkingar sem kveðið er á um í 2. gr.

- um lífræna framleiðsluaðferð séu fjarlægðar af allri framleiðslueiningunni eða framleiðslulotunni sem brotið nær til.
- b) Banna viðkomandi atvinnurekanda, sem uppvís verður að augljósu broti eða broti sem hefur langvarandi afleiðingar, að markaðssetja afurðir með merkingum með ábendingum um lífræna framleiðsluaðferð um tiltekinn tíma sem er ákvarðaður í samráði við landbúnaðarráðuneytið.
10. Heimilt er að samþykkja eftirfarandi í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr.:
- a) Nákvæmar reglur um kröfurnar í 5. mgr. og þær ráðstafanir sem taldar eru upp í 6. mgr.
- b) Reglur um beitingu ákvæða 9. mgr.
11. Vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu skulu, með fyrirvara um ákvæði 5. og 6. mgr.:
- a) faggiltar samkvæmt staðlinum EN 45011;
- b) frá 1. janúar 2005 faggiltar samkvæmt kröfum Faggildingarstofnunar IFOAM (IOAS). Vottunarstofa skal í ársskýrslu sinni, sbr. b-lið 8. mgr., gera grein fyrir framkvæmd þessa ákvæðis og skal ákvæðið endurskoðað eigi síðar en 1. janúar 2004.
12. a) Vottunarstofa fyrir lífræna framleiðslu skal tryggja, með fyrirvara um ákvæði III. viðauka, að eftirlit með kjötframleiðslu nái til allra þátta framleiðslunnar, slátrunar, skurðar og allrar annarrar tilreiðslu þar til kemur að sölu til neytenda til að tryggja, að svo miklu leyti sem það er tæknilega mögulegt, að rekja megi feril dýraafurðanna á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og tilreiðslu frá einingunni, þar sem framleiðsla búfjárins fer fram, og að einingunni þar sem endanleg pökkun og/eða merking fer fram. Vottunarstofa skal í ársskýrslu sinni, sbr. b-lið 8. mgr., gera grein fyrir framkvæmd þessa ákvæðis. Landbúnaðarráðuneytið skal upplýsa framkvæmdastjórn ESB um þessar ráðstafanir í árlegri eftirlitsskýrslu sinni sem um getur í 15. gr.
- b) Að því er varðar búfjárafurðir aðrar en kjöt, eru í III. viðauka sett frekari ákvæði til að tryggja, að svo miklu leyti sem það er tæknilega mögulegt, að unnt sé að rekja feril afurðanna.
- c) Þær ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt 9. gr., skulu undir öllum kringumstæðum tryggja að neytendur geti gengið að því vísu að afurðirnar hafi verið framleiddar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Merking með ábendingu um að afurðir séu í samræmi við eftirlitskerfið.

10. gr.

1. Einungis er heimilt að ábendingin og/eða kennimerkið, sem fjallað er um í V. viðauka, þess efnis að afurðir falli undir hið sérstaka eftirlitskerfi, sé á merkingu afurðanna, eins og um getur í 1. gr., ef afurðirnar:
- a) eru í samræmi við kröfurnar í 1. eða 3. mgr. 5. gr.;
- b) hafa heyrt undir það eftirlitskerfi sem um getur í 9. gr. á öllum stigum framleiðslu og tilreiðslu;
- c) eru seldar beint af framleiðanda eða þeim sem tilreiðir þær til neytenda í lokuðum pakkningum eða markaðssettar sem matvæli í neytendaumbúðum. Ef um er að ræða beina sölu til neytenda af hálfu framleiðanda eða þess sem tilreiðir þær er lokaðra umbúða ekki krafist þegar í merkingum kemur skýrt og afdráttarlaust fram um hvaða afurð er að ræða;

- d) eru merktar á merkimiðum með nafni og/eða fyrirtækjaheiti framleiðanda, þess sem tilreiðir þær eða seljanda og einnig nafni og kenninúmeri vottunarstofu sem annast eftirlit með framleiðslunni og á merkimiðum eru þær ábendingar sem er krafist samkvæmt ákvæðum reglugerða um merkingu matvæla í samræmi við íslenskarreglur þar að lútandi og samninginn um EES.
2. Óheimilt er að setja fullyrðingu á merkingu eða í auglýsingu sem gefur kaupendum í skyn að í merkingunni, sem lýst er í V. viðauka, felist trygging fyrir meiri bragðgæðum, næringu eða hollustu.
3. Vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu skulu:
- tryggja, þar sem fram kemur að reglur eru ekki virtar samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr. eða þeim ráðstöfunum sem um getur í III. viðauka, að merkingin sem lýst er í V. viðauka sé fjarlægð af allri framleiðslueiningunni eða framleiðslulotunni sem brotið nær til;
 - afturkalla heimild til handa viðkomandi atvinnurekanda, sem uppvís verður að augljósu broti eða broti sem hefur langvarandi afleiðingar, að nota merkinguna sem lýst er í V. viðauka um tiltekinn tíma sem er ákvarðaður í samráði við landbúnaðarráðuneytið.
4. Heimilt er að samþykkja reglur um afturköllun merkingarinnar sem lýst er í V. viðauka, ef upp kemst um tiltekin brot á 5., 6. og 7. gr. eða kröfum og ráðstöfunum í III. viðauka er ekki sinnt.

Almennar ráðstafanir.

10a. gr.

1. Verði þess vart að reglur séu ekki virtar eða að brotið sé gegn framkvæmdarákvæðum þessarar reglugerðar hvað afurð frá öðru aðildarríki EES-svæðisins varðar, sem er með ábendingar eins og um getur í 2. gr. og/eða V. viðauka, skal það tilkynnt aðildarríkinu, sem tilnefndi eftirlitsyfirvöldin eða viðurkenndi eftirlitsaðilann, og framkvæmdastjórn ESB þar um.

Innflutningur frá þriðju ríkjum.

11. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði 5. gr. er einungis heimilt að markaðssetja afurðir sem tilgreindar eru í 1. gr. og fluttar inn frá þriðja landi, ef:
- þær eru upprunnar í þriðja landi sem er tilgreint í skrá í X. viðauka;
 - lögbært yfirvald eða aðili í því þriðja landi sem um ræðir hefur gefið út eftirlitsvottorð þar sem fram kemur að vörusendingin sem tilgreind er í vottorðinu:
 - sé framleidd í framleiðsluferfi sem sambærilegar reglur gilda um og mælt er fyrir um í 6. og 7. gr., og
 - hafi heyrt undir eftirlitskerfi sem staðfest hefur verið að sé sambærilegt við eftirlitskerfi það sem lýst er í 8. og 9. gr. samkvæmt athugun í samræmi við 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 94/92/EB1).
2. Breyting á skrá þeirri sem um getur í a-lið 1. mgr. er háð ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 94/92/EB1).
3. Vottorðið sem um getur í b-lið 1. mgr. skal:
- fylgja vörunum í frumriti til fyrirtækis fyrsta viðtakanda; eftir það skal innflytjandi varðveita vottorðið í að minnsta kosti tvö ár og skal vottunarstofa hafa aðgang að því;

- b) vera í samræmi við reglur og samkvæmt fyrirmynd sem lýst er XI. viðauka.
- 4. Landbúnaðarráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.
- 5. Beiðni frá þriðja landi um að komast á skrána sem um getur í a-lið 1. mgr. skal vísað til framkvæmdastjórnar ESB, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 94/92.

1) Stjtið. EB nr. L 11, 17.1.1992, bls. 14.

- 6. a) Með því að víkja frá ákvæðum 1. mgr. skal vottunarstofa, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins, heimila innflytjanda eða innflytjendum að markaðssetja, til [31. desember 2006], innfluttar afurðir frá þriðja landi sem ekki er í skránni sem um getur í a-lið 1. mgr., að því tilskildu að innflytjandinn eða innflytjendurnir sýni vottunarstofu fram á með óyggjandi hætti að innfluttu afurðirnar séu framleiddar í samræmi við framleiðslureglur sem eru sambærilegar við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. og heyri undir eftirlitsráðstafanir sambærilegar við þær sem um getur í 8. og 9. gr. og að slíkum eftirlitsráðstöfunum verði stöðugt beitt og á árangursríkan hátt.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 38/2008.

- b) Heimildin fellur úr gildi um leið og ákvörðun er tekin um að bæta þriðja landi í skrána sem um getur í a-lið 1. mgr., nema hún taki til afurðar sem kemur frá landsvæði, sem ekki er nánar tilgreint í ákvörðuninni sem um getur í a-lið 1. mgr., og var ekki skoðuð í tengslum við beiðnina sem hlutaðeigandi þriðja land sendi. Þriðja landið skal vera því samþykkt að það fyrirkomulag leyfisveitinga, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, gildi áfram.
- c) Hafi vottunarstofa fengið óyggjandi sannanir frá innflytjanda skal vottunarstofa kynna landbúnaðarráðuneytinu málsgögn sem staðfestir heimild til innflutnings. Ráðuneytið skal tilkynna framkvæmdastjórn ESB og hinum EES-ríkjunum þegar í stað um viðkomandi þriðja land sem afurðir eru fluttar inn frá og leggja fram nákvæmar upplýsingar um framleiðslu og eftirlitsfyrirkomulag ásamt tryggingum fyrir því að því verði stöðugt beitt og á árangursríkan hátt.
- d) Málið skal sent nefndinni sem um getur í 14. gr. til rannsóknar.
- e) Ekki er krafist tilkynningarinnar sem um getur í b-lið fjalli hún um framleiðslu og eftirlitsfyrirkomulag sem annað aðildarríki EES hefur þegar tilkynnt um, samkvæmt ákvæðum b-liðar, nema mikilvægar nýjar sannanir komi fram sem réttlæta að rannsóknin og ákvörðunin sem um getur í c-lið verði endurskoðaðar.
- 7. Landbúnaðarráðuneytið getur farið fram á að framkvæmdastjórn ESB viðurkenni eftirlitsaðila þriðja ríkis og bæti honum á skrána sem um getur í a-lið 1. mgr.

Frjálsir flutningar innan EES-svæðisins.

12. gr.

Óheimilt er að banna eða takmarka markaðssetningu afurða sem tilgreindar eru í 1. gr. og uppfylla kröfur þessarar reglugerðar af ástæðum sem varða framleiðsluaðferð, merkingu eða kynningu framleiðsluaðferðarinnar.

Um viðskipti með lífrænar landbúnaðarafurðir við önnur ríki EES-svæðisins gilda að öðru leyti þær gerðir sem vísað er til í I. viðauka EES-samningsins að eigi við um Ísland.

Stjórnvaldsákvæði og framkvæmd.

13. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur nánari reglur, ef þörf krefur, um afmarkaða þætti í framkvæmd þessarar reglugerðar.

14. gr.

Fyrirhugaðar ráðstafanir vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar sem háðar eru samþykki EES-ríkjanna og/eða ESB skal bera undir sameiginlegu EES-nefndina og framkvæmdastjórn ESB sem leggur málið fyrir nefnd þá, sem framkvæmdastjórn ESB skipar sér til aðstoðar við framkvæmd þessara mála og Ísland og Noregur eiga áheyrnarfulltrúa í.

15. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal, fyrir 1. júlí ár hvert, tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni og framkvæmdastjórn ESB um ráðstafanir sem gerðar hafa verið árið á undan til að hrinda ákvæðum þessarar reglugerðar í framkvæmd, og einkum senda:

- skrá yfir atvinnurekendur sem 31. desember árið á undan höfðu sent tilkynningu samkvæmt a-lið 1. mgr. 8. gr. og heyra undir eftirlitskerfið sem um getur í 9. gr.,
- skýrslu um eftirlit sem fer fram samkvæmt 6. mgr. 9. gr.

Að auki skal landbúnaðarráðuneytið, fyrir 31. mars ár hvert, tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni og framkvæmdastjórn ESB um skrá yfir vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu sem viðurkenndar voru 31. desember árið á undan, réttarstöðu þeirra og rekstrarskipulag, viðurkennda aðferð þeirra við eftirlitið, viðurlög og merki þeirra, ef við á.

15a. gr.

Að því er varðar þær ráðstafanir, sem fram koma í reglugerð þessari, einkum þær sem landbúnaðarráðuneytið skal beita sér fyrir með það í huga að ná þeim markmiðum sem mælt er fyrir um í 9. og 11. gr. og í tæknilegu viðaukunum, skal það beita sér fyrir við gerð fjárlaga að til þeirra sé árlega veitt nauðsynlegum fjármunum. Önnur ákvæði.

16. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum nema þyngri refsing liggi við skv.öðrum lögum.

Með mál skal fara að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu, ásamt síðari breytingum og með hliðsjón af grunnreglum Alþjóðasambands lífræna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) og með hliðsjón af eftirtöldum reglugerðum ráðsins: 2092/91/EBE, 2083/92/EBE, 1468/94/EB, 1935/95/EB, 1804/1999/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar: 94/92/EBE, 1535/92/EBE, 3457/92/EBE, 3713/92/EBE, 207/93/EBE, 1593/93/EBE, 2608/93/EBE, 468/94/EB, 688/94/EB, 2381/94/EB, 2580/94/EB, 529/95/EB,

1201/95/EB, 1202/95/EB, 418/96/EB, 522/96/EB, 314/97/EB, 345/97/EB, 1488/ 97/EB, 1367/98/EB, 1900/98/EB, 330/99/EB, 331/2000/EB, 548/2000/EB, 1073/2000/EB, 1437/2000/EB, 1566/2000/EB, 1616/2000/EB, 2020/2000/EB, 2426/2000/EB, 349/2001/EB, 436/2001/EB, 1788/2001/EB og 2589/2001.

Reglugerðin tekur þegar gildi¹⁾ Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 219/1995 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og breytingar á henni nr. 90/1998, 395/1999 og 946/2000 þó halda ákvæði reglugerðarinnar og breytinga sem gerðar hafa verið á henni um fiskeldi og villtar lagarjurtir og nýtingu þeirra gildi sínu.

1) Reglugerðin var gefin út og tók gildi 7. júní 2002.

**Viðauka hér að neðan má skoða með því að smella hér
(pdf-snið 1, ptf-snið 2, ptf-snið 3)**

I. VIÐAUKI¹⁾²⁾

Meginreglur um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

1) Í 2. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar, sem gefin var út og tók gildi 20. júní 2005 segir: Nýr málsliður bætist við lið 4.4 í B-hluta I. viðauka varðandi mælieiningu fóðurhlutfalla. 2) Sjá 6. gr. reglugerðar nr. [38/2008](#).

II. VIÐAUKI

Áburðarefni og jarðvegsnæring o.fl.¹⁾

1) Sjá 4. og 5. gr. reglugerðar nr. [38/2008](#) og 4. gr. reglugerðar nr. [125/2008](#).

III. VIÐAUKI¹⁾

Lágmarkskröfur um eftirlit og varúðarráðstafanir samkvæmt eftirlitskerfinu sem um getur í 8. og 9. gr.

1) Sjá breytingar skv. 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 571/2005 og 3. gr. reglugerðar nr. [125/2008](#).

IV. VIÐAUKI

Upplýsingar sem koma skulu fram í tilkynningunni sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 8. gr.

V. VIÐAUKI

Ábending og kennimerki til notkunar við merkingu lífrænna landbúnaðarafurða, sbr. 10. gr.

VI. VIÐAUKI

Leyfileg innihaldsefni og hjálparefni.

VII. VIÐAUKI

Fjöldi búfjár á beitolandi.

VIII. VIÐAUKI
Rými búfjár.

IX. VIÐAUKI
- - -

X. VIÐAUKI
Skilgreining á þriðju löndum sem vísað er til í 11. grein.

XI. VIÐAUKI
Eftirlitsvottorð fyrir innflutning frá þriðju löndum.
Sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 1788/2001/EB.

Reglugerð

nr. 119/2002 um tollfríðindi við innflutning vara sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims.

Tollfríðindi fyrir fátækustu ríki heims.

1. gr.

Tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims (GSP-ríkjum) skulu falla niður til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tollfríðindanna njóta þau ríki sem talin eru upp í viðauka nr. V við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum. Þau ríki eru: Afganistan, Angóla, Bangladess, Benín, Burma, Búrkina Fasó, Búrúndí, Bútan, Djíbútí, Erítrea, Eþíópía, Gambía, Gínea, Gínea-Bissá, Grænhöfðaeypjar, Haítí, Jemen, Kambódía, Kíríbatí, Kongó, Kómoreypjar, Laos, Lesótó, Líbería, Madagaskar, Malaví, Maldíveypjar, Malí, Míritanía, Mið-Afríkulýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Mósambík, Nepal, Níger, Rúanda, Salómonseypjar, Sambía, Samóa, Saó Tóme og Prinsípe, Síerra Leóne, Sómalía, Súdan, Tansanía, Tógó, Tsjad, Túvalú, Úganda og Vanúatú.

Vörusvið.

2. gr.

Tollfríðindi samkvæmt reglugerð þessari taka til eftirtalinna vara í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög, nr. 55/1987¹⁾, með síðari breytingum, að uppfylltum öðrum skilyrðum reglugerðarinnar:

1. Vörur sem falla undir tollskránnúmer í köflum 25 til og með 97 í tollskrá að frátöldum vörum sem taldar eru upp í viðauka 1 við reglugerð þessa.
2. Vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefni, enda falli þær undir tollskránnúmer sem talin eru upp í viðauka 2 við reglugerð þessa.
3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir, enda falli þær undir tollskránnúmer sem talin eru upp í viðauka 3 við reglugerð þessa.

1) Tollskárnúmer ber að skoða í ljósi breytinga á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

Upprunareglur.

3. gr.

Tollfríðindi samkvæmt reglugerð þessari eru bundin því skilyrði að vörurnar séu upprunnar í GSP-ríki í skilningi upprunareglna í viðauka 4 við reglugerð þessa. Öðrum skilyrðum upprunareglanna um flutning vöru, sönnun uppruna og fleira þarf einnig að vera fullnægt eigi vara, sem upprunninn er í GSP-ríki, að njóta tollfríðinda við innflutning hennar til Íslands.

Gildistaka o.fl.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 6. gr. sbr. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

VIÐAUKI 1

Iðnaðarvörur.

Eftirtaldar vörur, í köflum 25 til og með 97 í tollskrá heyra ekki undir gildissvið reglugerðarinnar samkvæmt 1. tölul. 2. gr. hennar:

ST-númer	Vörulýsing
3502	Albúmín, albúmínöt og aðrar albúmínafleiður: - Eggjaalbúmín:
úr 11	-- Þurrkuð, þó ekki þau sem eru óhæf eða verða gerð óhæf til manneldis
úr 19	-- Önnur eggjaalbúmín, þó ekki þau sem eru óhæf eða verða gerð óhæf til manneldis
úr 20	- Mjólkuralbúmín, þar með talið kirni tveggja eða fleiri mysupróteina, þó ekki þau sem eru óhæf eða verða gerð óhæf til manneldis
3823	Einbasískar karboxyfitusýrur frá iðnaði; sýruolía frá hreinsun; feitalkóhól frá iðnaði: - Einbasískar karboxyfitusýrur frá iðnaði; sýruolía frá hreinsun:
úr 11	-- Sterínsýra til fódurs
úr 12	-- Olíusýra til fódurs
úr 13	-- Fitusýrur tallolíu til fódurs
19	-- Aðrar:
úr 19	-- - Eimaðar fitusýrur til fódurs; eimaður vökvi fitusýra til fódurs
úr 70	- Feitalkóhól frá iðnaði til fódurs

VIÐAUKI 2

Landbúnaðarvörur.

Vörur unnar úr landbúnaðarhráefni sem flokkast í tollskrárnúmer sem talin eru upp í töflu 1 eiga undir gildissvið reglugerðarinnar samkvæmt 2. tölul. 2. gr. hennar.

Engir tollar eru á áður nefndum vörum nema annað sé tekið fram í viðauka við töflu 1.

TAFLA 1

ST-númer	Vörulýsing
0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:
10	- Jógúrt:
úr 10	- -Bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói
90	- Önnur:
úr 90	- -Bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói
0501	Mannshár, óunnið, einnig þvegið eða hreinsað, úrgangur úr mannshári
0502	Burstir eða hár af grísum, alisvínum eða villisvínum; greifingjahár og annað hár til burstagerðar; úrgangur af slíkum burstum eða hári
0503	Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag með eða án stoðefnis
0505	Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir og hlutar af fjöðrum (einnig með jöfnuðum jöðrum) og dúnn, ekki frekar unnið en hreinsað, sóthhreinsað eða varið skemmdum; duft og úrgangur af fjöðrum eða fjaðrahlutum
0507	Fílabein, skjaldböskulkeljar, hvalskíði og skíðishár, horn, hreindýrahorn, hófar og klaufir, neglur, klær og nef, óunnið eða lauslega forunnið en ekki tilskorið; duft og úrgangur úr þessum vörum
0508	Kórallar og áþekk efni, óunnið eða lauslega forunnið en ekki frekar unnið; skeljar lindýra, krabbadýra eða skrápdyra og kolkrabbabein, óunnið eða lauslega forunnið en ekki tilskorið, duft og úrgangur úr þessum vörum
0509	Náttúrlegir svampar úr dýraríkinu
0510	Ambra, bifurbelgur, desmerkattardeig og moskus; spanskflugur; gall, einnig þurrkað; kirtlar og aðrar vörur úr dýraríkinu sem notaðar eru við framleiðslu á vörum til lækninga, nýjar, kældar, frýstar eða á annan hátt varðar til bráðabirgða gegn skemmdum
0710	Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frýstar:
40	- Sykurmaís (<i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i>)
0711	Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíldisgasi, saltlegi, brennisteinssýrtingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:
90	- Aðrar matjurtir; matjurtablöndur:
úr 90	- - Sykurmaís (<i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i>)
1302	Jurtasafar og jurtakjarnar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu:
	- Jurtasafar og jurtakjarnar:
14	- - Úr prestafflum eða rötum plantna sem innihalda röténón
19	- - Aðrir:
úr 19	- - - Innbyrðis blöndur jurtakjarna, til framleiðslu á drykkjarvörum eða til matvælaframleiðslu
úr 19	- - - Annað til lyfja en innbyrðis blöndur jurtakjarna til framleiðslu á drykkjarvörum, matvælum eða vanilluoleóresíni
20	- Pektínefni, pektínöt og pektöt:
úr 20	- - Sem innihalda 5% eða meira miðað við þyngd af viðbættum sykri
1401	Jurtaefni notað aðallega til fléttunar (t.d. bambus, spanskreyrspálmi, reyr, sef, körfuviður, raffítutrefjar, hreinsuð, bleikt eða lituð kornstrá, og linditrefjar)

ST-númer	Vörulýsing
1402	Jurtaefni notað aðallega sem tróð eða til bólstrunar (t.d. glansull (kapok), viðarhár og marhálmur), einnig í lögum með eða án stoðefnis
1403	Jurtaefni notað aðallega í sópa eða bursta (t.d. sópdúrur, píassava, húsapuntur og agavetrefjar), einnig í búntum eða hönkum
1404	Vörur úr jurtaríkinu, ót.a.:
10	- Óunnið jurtaefni notað aðallega til litunar eða sýtunar
90	- Aðrar
1517	Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olífum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516:
10	- Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:
úr 10	- - Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd
90	- Annað:
úr 90	- - Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd
úr 90	- - Neysluhæfar blöndur eða efnablöndur, lagaðar sem smurefni í mót
1520	Glýseról (glýserín), hrátt; glýserólvatn og glýserollútur :
úr 00	- Til fóðurs ¹
1522	Degras; leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi:
úr 00	- Degras til fóðurs ¹
1702	Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrulegu hunangi; karamel:
50	- Kemískt hreinn frúktósi
90	- Annað, þar með taldar einsykrur (invertsugar):
úr 90	- - Kemískt hreinn maltsykur (maltósi)
1704	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds
1806	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó
1901	Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.
1902	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghetí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:
	- Ósoðin pasta, ekki fyllt eða unnin á annan hátt:
11	- - Með eggjainnihaldi
19	- - Annað
20	- Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
úr 20	- - Þó ekki vörur sem innihalda meira en 20% miðað við þyngd af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því
30	- Önnur pasta
40	- Couscous
1903	Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd
1904	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn (annað en maís), sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fín- eða grófmalað), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót.a.
1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglnaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur

ST-númer	Vörulýsing
2001	Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutur til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru:
90	- Annað:
úr 90	- - Sykurmaís (<i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i>); pálmakjarni; kírnverskar kartöflur, sætar kartöflur og aðrir svipaðir ætir plöntuhlutur sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd
2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frýstar, þó ekki vörur í nr. 2006:
10	- Kartöflur:
úr 10	- - Fín- eða grófmalaðar eða flögur
90	- Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:
úr 90	- - Sykurmaís (<i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i>)
2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrýstar, þó ekki vörur í nr. 2006:
20	- Kartöflur:
úr 20	- - Fín- eða grófmalaðar eða flögur
80	- Sykurmaís (<i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i>)
2006	Matjurtir, ávextir, hnetur, ávaxtahýði og aðrir plöntuhlutur, varið skemmdum með sykri (gegndreypt, gljásykrað eða kristallað):
úr 2006	- Sykurmaís (<i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i>)
2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutur, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, ót.a.:
	- Hnetur, jarðhnetur og önnur fræ, einnig blandað saman:
11	- - Jarðhnetur:
úr 11	- - - Hnetusmjör
úr 11	- - - Jarðhnetur, ristaðar
	- Annað, þar með talið blöndur, aðrar en í nr. 2008 19:
úr 91	- - Pálmakjarni til fódurs ¹
99	- - Annars:
úr 99	- - - Maís (korn), annað en sykurmaís (<i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i>)
2101	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté; brenndar síkórúrætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur og seyði úr þeim:
	- Kjarni, kraftur, seyði úr kaffi, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr kaffi:
12	- - Framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr kaffi:
úr 12	- - - Með 1,5% eða meira af mjólkurfitu, 2,5% eða meira af mjólkurpróteini, 5% eða meira af sykri eða 5% af sterkju miðað við þyngd
20	- Kjarni, kraftur og seyði úr tei eða maté, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr tei eða maté:
úr 20	- - Með 1,5%, eða meira af mjólkurfitu, 2,5% eða meira af mjólkurpróteini, 5% eða meira af sykri eða 5% af sterkju miðað við þyngd
30	- Brenndar síkórúrætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur eða seyði úr þeim:
úr 30	- - Annað brennt kaffilíki en brenndar síkórúrætur, kjarni, kraftur og seyði úr öðru brenndu kaffilíki, en brenndum síkórúrótum
2102	Ger (lifandi eða dautt); aðrar einfruma örverur, dauðar (þó ekki bóluefni í nr. 3002); unnið þökunarduft

ST-númer	Vörulýsing
2103	Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbættiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:
20	- Tómatósúr
30	- Mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður (sinneþ):
úr 30	- - Unninn mustarður (sinneþ) sem inniheldur meira en 5% af viðbættum sykri miðað við þyngd
90	- Annað:
úr 90	- - Þó ekki mangómauk (Mango Chutney), fljótandi
2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli
2106	Matvæli ót.a. ³ :
úr 2106	- Þó ekki bragðbætt eða litað sykursíróp né framleiðsla að meginstofni til úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfitu miðað við þyngd
2202	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009
2203	Öl gert úr malti
2205	Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum
2207	Ömengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál; etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur:
20	- Etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er
2208	Ömengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur:
40	- Romm og tafía:
50	- Gin og genever
60	- Vodka
70	- Líkjörar og áfengisblöndur (cordials):
úr 70	- - Líkjörar sem innihalda meira en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga
90	- Annað
úr 90	- - Ákavíti
2209	Edik og edikslíki fengið úr ediksýru
2402	Vindlar, einnig endaskornir, smávindlar og vindlingar, úr tóbaki eða tóbakslíki
2403	Önnur framleiðsla úr tóbaki og framleitt tóbakslíki; jafnblandað eða endurunnið tóbak; tóbakskjarnar og tóbaksseyði
2905	Raðtengd alkóhól ásamt halógen-, sulfó-, nítró- eða nítrósóafleiðum þeirra:
43	- Önnur pólyhydrísk alkóhól:
44	- - Mannítól
	- - D-glúkítól (sorbitól)
3302	Blöndur af ilmandi efnum og blöndum (þar með taldar alkóhólupplausnir) að meginstofni úr einu eða fleiri þessara efna, til nota sem hráefni til iðnaðar; önnur framleiðsla að stofni til úr ilmandi efnum, til nota við framleiðslu á drykkjarvörum:
10	- Til nota í matvæla- eða drykkjarvöruiðnaði
3501	Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður; kaseínlím
3505	Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatíneruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju
3809	Áferðar- og íburðarefni (finishing agents), litberar til að hraða litun eða festingu litunarefna og aðrar vörur og blöndur (t.d. fyllir og litfestir) sem notað er í spuna, pappírs-, leður- eða skyldum iðnaði, ót.a.:
10	- Að stofni til úr sterkjukenndum efnum

ST-númer	Vörulýsing
3824	Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísku eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), ót.a.; úrgangsefni kemísku eða skylds iðnaðar, ót.a.:
60	- Sorbitól, annað en í nr. 2905 44

VIÐAUKI VIÐ TÖFLU 1

Engir tollar eru á vörum unnum úr landbúnaðarhræfni, sem eru tilgreindar í töflu 1, nema á eftirtöldum framleiðsluvörum og eru þeir tollar (ISK/kg) eins og hér er tilgreint:

Tollnúmer á Íslandi	Vörulýsing	Tollur (ISK/kg)
0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:	
0403.1011	- Jógúrt með kakaói	53
0403.1012	- Jógúrt með ávöxtum eða hnetum	53
0403.1013	- Jógúrt, bragðbætt, ót.a.	53
0403.1021	- Drykkjarjógúrt, kakaóblönduð	51
0403.1022	- Drykkjarjógúrt blönduð með ávöxtum eða hnetum	51
úr 0403.1029	- Drykkjarjógúrt, bragðbætt, ót.a.	51
0403.9011	- Annað kakaóblandað	45
0403.9012	- Annað blandað með ávöxtum eða hnetum	45
0403.9013	- Annað, bragðbætt, ót.a.	45
0403.9021	- Önnur drykkjarvara kakaóblönduð	45
0403.9022	- Önnur drykkjarvara blönduð með ávöxtum eða hnetum	45
úr 0403.9029	- Önnur drykkjarvara, bragðbætt, ót.a.	45
1517	Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til mannelis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til mannelis eða þættir þeirra í nr. 1516:	
1517.1001	- Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki, sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd	88
1517.9002	- Annað en smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki, sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd	88
1806	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó:	
	- Önnur framleiðsla í blokkum, plötum eða stöngum sem vega meira en 2 kg, eða er lögur, deig, duft, korn eða önnur heild í umbúðum, sem innihalda meira en 2 kg:	
1806.2003	- - Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur 30% eða meira miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennufti, með eða án viðbættis sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	109
1806.2004	- - Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur minna en 30% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennufti, með eða án viðbættis sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	39
1806.2005	- - Önnur framleiðsla, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur 30% eða meira miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennufti	109
1806.2006	- - Önnur framleiðsla, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur minna en 30% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennufti	39
	- Annað í blokkum, plötum eða stöngum:	

Tollnúmer á Íslandi	Vörulýsing	Tollur (ISK/kg)
1806.3101	-- Fyllt súkkulaði í plötum eða stöngum	51
1806.3109	-- Annað fyllt í blokkum, plötum eða stöngum	51
1806.3202	-- Ófyllt súkkulaði sem í er kakaódeig, sykur, kakaósmjör og mjólkurþurrefni, í plötum eða stöngum	47
1806.3203	-- Ófyllt súkkulaðilíki í plötum eða stöngum	39
1806.3209	-- Annað ófyllt í blokkum, plötum eða stöngum - Annað: -- Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:	21
1806.9011	--- Tilreidd drykkjarvöruefni að uppistöðu úr vörum í nr. 0401 til nr. 0404, sem inniheldur 5% eða meira af kakaódufti, miðað við þyngd reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a., sykur eða annað sætiefni, auk annarra minniháttar efnisþátta og bragðefna -- Annað en efni til framleiðslu á drykkjarvörum:	22
1806.9022	--- Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka	18
1806.9023	--- Páskaegg	48
1806.9024	--- Íssósor og ídýfur	39
1806.9025	--- Húðað eða hjúpað svo sem rúsínur, hnetur, belgt korn, lakkrís, karamellur og hlaup	53
1806.9026	--- Konfekt	48
1806.9028	--- Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur 30% eða meira miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennufti, með eða án viðbættis sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	118
1806.9029	--- Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur minna en 30% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennufti, með eða án viðbættis sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	43
1806.9039	--- Annars	47
1901	Malkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða malkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.: - Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, sem innihalda samanlagt 3% eða meira af nýmjólkurdufti, undanrennufti, eggjum, mjólkurfitu (s.s. smjör), osti eða kjöti:	
1901.2012	-- Til framleiðslu á hunangskökum og þess háttar í nr. 1905.2000	25
1901.2013	-- Til framleiðslu á sætakexi í nr. 1905.3011 og 1905.3029, þ.m.t. smákökur	17
1901.2014	-- Til framleiðslu á piparkökum í nr. 1905.3021	29
1901.2015	-- Til framleiðslu á vöflum og keþþynnum í nr. 1905.3030	10
1901.2016	-- Til framleiðslu á tvíbököm, ristuðu brauði og áþekktum ristuðum vörum í nr. 1905.4000	15
1901.2017	-- Til framleiðslu á brauði í nr. 1905.9011, með fyllingu sem að meginhluta er39 úr smjöri eða öðrum mjólkurafurðum	
1901.2018	-- Til framleiðslu á brauði í nr. 1905.9019	5
1901.2019	-- Til framleiðslu á ósætu kexi í nr. 1905.9020	5
1901.2022	-- Til framleiðslu á kökum og konditorstykki í nr. 1905.9040	33
1901.2023	-- Blöndur og deig, með kjötinnihaldi til framleiðslu á bököm, þ.m.t. pítsur (pizza) í nr. 1905.9051	97
1901.2024	-- Blöndur og deig, með öðru innihaldi en kjöti, til framleiðslu á bököm, þ.m.t. pítsur (pizza) í nr. 1905.9059	53

Tollnúmer á Íslandi	Vörulýsing	Tollur (ISK/kg)
1901.2029	-- Til framleiðslu á vörum í nr. 1905.9090	43
1902	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghetí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, raviólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:	
1902.1100	- Ósoðin pasta, ekki fyllt eða unnin á annan hátt	8
	- Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:	
1902.2022	-- Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því sem inniheldur 3%, til og með 20%, miðað við þyngd af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því	41
1902.2031	-- Fyllt með osti sem inniheldur meira en 3% af osti	35
1902.2041	-- Fyllt með kjöti og osti sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd af kjöti og osti	142
1902.2042	-- Fyllt með kjöti og osti sem inniheldur samanlagt 3%, til og með 20%, af kjöti og osti	41
	- Önnur pasta:	
1902.3021	-- Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því, sem að magni til er 3%, til og með 20% miðað við þyngd	41
1902.3031	-- Með osti sem að magni til er meira en 3%, miðað við þyngd	35
1902.3041	-- Með kjöti og osti, sem að magni til er samanlagt 3%, til og með 20% miðað við þyngd	41
1902.4021	- Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því, sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	41
1903	Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd:	
1903.0001	- Í smásöluumbúðum 5 kg eða minni	Tollfrjálst
1903.0009	- Annað en í smásöluumbúðum 5 kg eða minni	Tollfrjálst
1904	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn (annað en maís), sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fín- eða grófmalað), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót.a.:	
	- Annars:	
1904.9001	-- Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	42
1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsigliunaroblátur, ríspynnur og áþekkar vörur:	
1905.2000	- Hunangskökur (engiferkökur) og þess háttar	83
	- Sætakex; vöflur og kexþynnur, húðað eða hjúpað með súkkulaði eða með kremi sem inniheldur kakaó:	
1905.3011	-- Sætakex (þ.m.t. smákökur)	17
1905.3019	-- Annað en sætakex	16
	- Sætakex; vöflur og kexþynnur, ekki húðað eða hjúpað með súkkulaði eða með kremi sem inniheldur kakaó:	
	-- Sætakex (þ.m.t. smákökur):	
1905.3021	--- Piparkökur	31
1905.3022	--- Sætakex og smákökur, sem innihalda minna en 20% af sykri	23
1905.3029	--- Annað en sætakex og smákökur	19
1905.3030	-- Annað	11
1905.4000	- Tvíþökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur	16
	- Annað:	
	-- Brauð:	

Tollnúmer á Íslandi	Vörulýsing	Tollur (ISK/kg)
1905.9011	--- Með fyllingu sem er að meginhluta úr smjöri eða öðrum mjólkurafurðum (t.d. hvítlaukssmjör)	39
1905.9019	--- Annað	5
1905.9020	-- Ósætt kex	5
1905.9040	-- Kökur og konditorstykki	35
	-- Bökur, þ.m.t. pítsur (pizza):	
1905.9051	--- Sem innihalda kjöt	97
1905.9059	--- Aðrar	53
1905.9090	-- Annars	45
2103	Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbættiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður: - Annað en sojasósa, tómatsósusur og sósusur úr mustarðsmjöli, fín- eða grófmöluðu, og unnum mustarði (sinneþ):	
2103.9020	-- Majones	19
2103.9030	-- Olíusósusur, ót.a. (t.d. remulaðisósusur)	19
2103.9051	-- Með kjötinnihaldi sem er að magni til meira en 20% miðað við þyngd	97
2103.9052	-- Með kjötinnihaldi sem er að magni til 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	52
2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli: - Súpur og seyði og framleiðsla í það:	
2104.1001	-- Tilreiddar matjurtasúpur að meginstofni úr mjöli, sterkju eða malkjarna	3
2104.1002	-- Annað súpuðuft í 5 kg umbúðum eða stærri	31
2104.1003	-- Niðursoðnar fiskisúpur	27
	-- Aðrar súpur:	
2104.1011	--- Með kjötinnihaldi sem að magni til er meira en 20%, miðað við þyngd	78
2104.1012	--- Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	44
2104.1019	--- Annars	21
	-- Annað:	
2104.1021	--- Með kjötinnihaldi sem að magni til er meira en 20%, miðað við þyngd	78
2104.1022	--- Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	44
2104.1029	--- Annars	21
	- Jafnblönduð samsett matvæli:	
2104.2001	-- Með kjötinnihaldi sem að magni til er meira en 20%, miðað við þyngd	97
2104.2002	-- Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	51
2104.2003	-- Sem innihalda fisk, krabbadýr, skeldýr eða aðra sjávar- eða aðra vatnahryggleysingja	24
2104.2009	-- Önnur	24
2106	Matvæli ót.a.:	
	- Önnur	
	-- Búðingsduft:	
2106.9041	--- Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna sem inniheldur mjólkurduft, eggjahvítu eða eggjarauðu	67
2106.9048	--- Annað, sem inniheldur mjólkurduft, eggjahvítu eða eggjarauðu	80
2106.9049	--- Annað, sem inniheldur hvorki mjólkurduft né eggjahvítu eða eggjarauðu	67
2106.9064	-- Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	41

Tollnúmer á Íslandi	Vörulýsing	Tollur (ISK/kg)
2202	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009: - Annað: - - Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða:	
2202.9011	- - - Í pappambúðum	41
2202.9012	- - - Í einnota stálumbúðum	41
2202.9013	- - - Í einnota álumbúðum	41
2202.9014	- - - Í einnota glerflátum sem eru stærri en 500 ml	41
2202.9015	- - - Í einnota glerflátum sem eru ekki stærri en 500 ml	41
2202.9016	- - - Í einnota plastumbúðum, lituðum	41
2202.9017	- - - Í einnota plastumbúðum, ólituðum	41
2202.9019	- - - Annars	41

Tollskrárnúmer sem eru tilgreind í þessum viðauka, eru í gildi á Íslandi 1. janúar 2002. Breytingar sem kunna að verða gerðar á tollskrá hafa engin áhrif á skilmála viðaukans.

VIÐAUKI 3 Sjávarafurðir.

Vörur sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer í tollskrá eiga undir gildissvið reglugerðarinnar samkvæmt 3. tölul. 2. gr. hennar og skulu vera tollfrjálsar:

ST-númer	Vörulýsing
0208	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst: -Annað: úr 40 3. kafli 1504
1516	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:
úr 10 1603	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlestað, endurestað eða elafínerað, einnig hreinsað en ekki frekar unnið: - Dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra: - - Fengið eingöngu úr fiski eða sjávarspendýrum
úr 00 1604 1605 2301	Kjarnar og safar úr hvalkjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum: - Kjarnar og safar úr hvalkjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum Fiskur unninn eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra: Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, unnið eða varið skemmdum: Mjöl, fín malað eða grófmalað, og kögglar, úr kjöti, hlutum úr dýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óháft til manneldis; hamsar: - Mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar, úr kjöti eða hlutum úr dýrum; hamsar:
úr 10 úr 20	- - Hvalmjöl - Mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar, úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum:

ST-númer	Vörulýsing
2309	Framleiðsla til dýraeldis:
	- Önnur
úr 90	- - Fiskmelta

VIÐAUKI 4 Upprunareglur.

I. KAFLI Almenn ákvæði.

Skilgreiningar.

1. gr.

Að því er viðauka þennan varðar merkir:

1. *Framleiðsla*: Hvers konar aðvinnsla, þar með er talin samsetning eða sérvinnsla.
2. *Efni*: Hvers konar efnisþáttur, hráefni, íhluta eða hluta o. s. frv. sem notað er við framleiðslu vöru.
3. *Framleiðsluvara*: Vara sem er framleidd, jafnvel þótt fyrirhugað sé að nota hana við annars konar framleiðslu síðar.
4. *Vara*: Bæði efni og framleiðsluvörur.
5. *Tollverð*: Verð sem ákveðið er í samræmi við samning um framkvæmd VII. gr. hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti frá 1994 (samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tollverð).
6. *Verksmiðjuverð*: Verð sem framleiðanda í GSP-ríki er greitt fyrir framleiðsluvöruna frá verksmiðju hafi lokaadvinnsla vörunnar farið fram í fyrirtæki hans, að því tilskildu að í verðinu sé innifalið verðmæti alls efnis sem notað er, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má þegar varan sem er fengin er flutt út.
7. *Verðmæti efnis*: Tollverð við innflutning á efni sem notað hefur verið og er ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnið í GSP-ríki.
8. *Verðmæti upprunaefna*: Verðmæti slíkra efna eins og skilgreint er í 7. tölul. að breyttu breytanda.
9. *Kaflar og vöruliðir*: Kaflar og vöruliðir (fjögurra tölustafa tákn) í nafnaskránni sem myndar samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána; og í viðauka þessum er vísað til sem „samræmdu tollskrárinnar“ eða ST.
10. *Flokkun*: Flokkun framleiðsluvara eða efna undir tilteknum vörulið.
11. *Vörusending*: Framleiðsluvörur sem eru annaðhvort sendar samtímis frá einum útflytjanda til eins viðtakanda, eða vörur sem hafðar eru á sama flutningsskjali vegna flutnings frá útflytjanda til viðtakanda eða á sama vörureikningi ef flutningsskjal er ekki fyrir hendi.
12. *GSP-ríki*: Þróunarríki sem á rétt á fríðindameðferð samkvæmt reglugerð þessari.
13. *Upprunaskírteini*: Upprunasönnun í formi upprunaskírteinis, að uppsetningu og innihaldi eins og skilgreint er á hverjum tíma.
14. *Yfirlýsing á vörureikningi*: Upprunasönnun í formi yfirlýsingar á vörureikningi, að innihaldi eins og skilgreint er á hverjum tíma.

15. *Yfirráðasvæði*: Yfirráðasvæði GSP-ríkis ásamt landhelgi þess.

II. KAFLI

Skilgreining hugtaksins „upprunavörur“.

Upprunaviðmiðanir.

2. gr.

Vara telst upprunnin í GSP-ríki í skilningi reglugerðar þessarar ef hún uppfyllir annað af neðangreindum skilyrðum:

1. Varan er að öllu leyti fengin í GSP-ríki samkvæmt 3. gr.
2. Varan hefur hlotið nægilega aðvinnslu í GSP-ríki samkvæmt 4. gr.

Framleiðsluvara fengin að öllu leyti.

3. gr.

Eftirtaldar vörur teljast að öllu leyti fengnar í GSP-ríki í skilningi 1. tölul. 2. gr.:

1. Jarðefni unnin úr jörðu þess eða úr hafsbotni þess.
2. Vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar.
3. Lifandi dýr sem þar eru borin og alin.
4. Afurðir lifandi dýra sem þar eru alin.
5. veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er með veiðum þar.
6. Sjávarafurðir og aðrar afurðir teknar úr sjó utan landhelgi viðkomandi lands af skipum þess.
7. Vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þess, eingöngu úr afurðum sem getið er í 6. tölul.
8. Notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr.
9. Úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar.
10. Vörur unnar úr yfirborðslögum hafsbotnsins utan landhelgi viðkomandi ríkis, að því tilskildu að það hafi einkarétt á að vinna úr þessum lögum.
11. Vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í 1.-10. tölul.

Orðin *skip* og *verksmiðjuskip* í 6. og 7. tölul. 1. mgr. gilda aðeins um skip og verksmiðjuskip sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Eru skráð eða skrásett í viðkomandi ríki.
2. Sigla undir fána viðkomandi ríkis.
3. Eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eign ríkisborgara viðkomandi ríkis eða í eign fyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í ríkinu enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess, stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar landsins; auk þess sem að minnsta kosti helmingur höfuðstóls sé í eigu þessa ríkis eða opinberra stofnana eða ríkisborgara þess ef um er að ræða sameignarfélög eða hlutafélög.
4. Skipstjóri og yfirmenn séu ríkisborgarar viðkomandi ríkis.
5. Að minnsta kosti 75 af hundraði áhafnarinnar séu ríkisborgarar viðkomandi ríkis.

Skip þ.m.t. verksmiðjuskip sem vinna afla um borð úti á hafi, teljast hluti af yfirráðasvæði viðkomandi GSP-ríkis, enda séu skilyrði 2. mgr. uppfyllt.

Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu.

4. gr.

Að því er varðar 2. gr. skulu framleiðsluvörur sem ekki eru fengnar að öllu leyti í GSP-ríki teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu hafi skilyrðum samkvæmt aðvinnslureglum í II. viðbæti við bókun 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið verið fullnægt. Aðvinnslureglur þessar kveða á um aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð við framleiðslu þeirra vara sem reglugerð þessi tekur til og gilda þær einungis um slík efni. Af þeim sökum þarf framleiðsluvara sem telst upprunavara vegna þess að skilyrðum sem sett eru í lista um hana er fullnægt, og er notuð við framleiðslu annarrar vöru, ekki að fullnægja skilyrðum sem gilda um vöruna sem hún er sett saman við, og skal ekki taka tillit til þess að efnin sem notuð eru við framleiðslu hennar eru ekki upprunaefni.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., skal efni sem ekki telst upprunaefni ekki notað við framleiðslu þessarar vöru, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í lista um hana, nema því aðeins að:

1. Heildarverðmæti þeirra sé ekki meira en 10 af hundraði af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.
2. Ekki sé farið fram úr einni eða fleiri hundraðshlutatölum af því hámarksverðmæti sem gefið er upp fyrir efni sem ekki teljast upprunaefni og fram koma í listanum, vegna beitingar þessarar málsgreinar.

Ákvæði 3. mgr. gildir ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50.– 63. kafla í samræmdu tollskránni.

Ákvæði þessarar greinar gilda nema að því leyti sem kveðið er á um í 5. gr.

Ófullnægjandi aðvinnsla.

5. gr.

Eftirfarandi aðgerðir teljast ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 4. gr. hefur verið fullnægt:

1. Aðgerð til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, þækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og sambærilegar aðgerðir).
2. Einfaldar aðgerðir til að rykhreinsa, sigta eða sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa hluti í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur.
3. Skipti á umbúðum, svo og uppskipting og sameining, einföld setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o.s.frv. og allar aðrar einfaldar þökkunaraðgerðir.
4. Festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra.
5. Einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki, þar sem einn eða fleiri íhlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna sem sett eru í viðauka þessum.
6. Einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara.
7. Sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í 1.-6. tölul.
8. Slátrun dýra.

Skilgreiningareining.

6. gr.

Skilgreiningareining vegna beitingar ákvæða þessa viðauka er sú framleiðsluvara sem telst grunneining við flokkun samkvæmt nafnaskrá samræmdu tollskrárinnar.

Af þessu leiðir eftirfarandi:

1. Þegar framleiðsluvara sem er sett saman úr mörgum hlutum og flokkuð í samræmdu tollskránni í einn og sama vörulið, telst heildin vera ein skilgreiningareining;
2. Þegar í vörusendingu eru margar framleiðsluvörur af sama tagi sem flokkaðar eru í sama vörulið í samræmdu tollskránni, skal hver einstök framleiðsluvara tekin fyrir þegar ákvæðum þessa viðauka er beitt.

Þegar umbúðir eru samkvæmt 5. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar taldar hluti framleiðsluvöru við flokkun skal telja þær með við ákvörðun uppruna.

Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri.

7. gr.

Fylgihluti, varahluti og verkfæri, sem send eru með búnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður og eru innifalin í verðinu eða eru ekki á sérstökum vörureikningi, skal skoða sem hluta af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

Samstæður.

8. gr.

Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar, skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir vörufhlutar eru upprunavörur. Þó skal samstæða, sem er samsett bæði af upprunavörum og vörum sem eru ekki upprunavörur, teljast í heild upprunavara, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara sem eru ekki upprunavörur, sé ekki meira en 15 af hundraði af verksmiðjuverði samstæðunnar.

Atriði sem hafa ekki áhrif.

9. gr.

Þegar ákvarða skal uppruna framleiðsluvöru er ekki nauðsynlegt að ákvarða uppruna eftirfarandi, þótt notað hafi verið við framleiðslu vörunnar:

1. Orka og eldsneyti.
2. Verksmiðja og búnaður.
3. Vélar og verkfæri.
4. Vörur sem ekki mynda og ekki var ætlað að mynda efnisþátt í framleiðsluvörunni fullgerðri.

III. KAFLI

Skilyrði varðandi yfiráðasvæði.

Meginregla um yfiráðasvæði.

10. gr.

Fullnægja verður skilyrðum í 2. gr. um öflun upprunaréttinda óslitið í GSP-ríki. Leiði ekki annað af ákvæði 11. gr., telst öflun upprunaréttinda ekki óslitin ef vörur sem hlotið hafa aðvinnslu í GSP-ríki, hafa verið fluttar af yfiráðasvæði viðkomandi ríkis.

Endurinnflutningur vara.

11. gr.

Upprunavörur, sem fluttar eru út frá GSP-ríki og síðar fluttar inn á ný, teljast hafa glatað rétti til að teljast upprunavörur. Þetta á þó ekki við ef sýnt er fram á með fullnægjandi hætti að mati íslenskra tollýfirvalda eða þar til bærra yfirvalda í viðkomandi GSP-ríki að endurinnfluttar vörur séu hinar sömu og fluttar voru úr landi.

Beinn flutningur.

12. gr.

Það er skilyrði fríðindameðferðar samkvæmt reglugerð þessari að vörur, sem teljast upprunnar í GSP-ríki skv. 1. tölul. 2. gr., hafi verið fluttar beint frá viðkomandi GSP-ríki til Íslands.

Eftirtalið telst beinn flutningur í skilningi 1. mgr.:

1. Flutningur vöru án þess að hún fari um yfirráðasvæði annars ríkis.
2. Flutningur vörusendingar um yfirráðasvæði annars ríkis, eftir atvikum með umhleðslu eða tímabundinni geymslu á slíku yfirráðasvæði, að því tilskildu að vörusending hafi verið undir eftirliti tollýfirvalda í viðkomandi umflutnings- eða geymslulandi og að ekki hafi farið fram aðrar aðgerðir þar en hleðsla, afhleðsla eða aðrar aðgerðir sem eingöngu er ætlað að varðveita ástand vörusendingar.

Sannanir um að skilyrðunum sem um getur í 2. tölul. 2. mgr. hafi verið fullnægt skulu lagðar fram fyrir tollýfirvöld innflutningslandsins með einni af eftirtöldum sönnunum:

1. Einföldu flutningsskjali fyrir flutning frá viðkomandi GSP-ríki um umflutningslandið.
2. Skírteini, sem tollýfirvöld umflutningslandsins gefa út, þar sem fram kemur:
 - a. Nákvæm lýsing á framleiðsluvörinni.
 - b. Dagsetningar affermingar og endurfermingar og þar sem við á, heiti hlutaðeigandi skipa eða annars flutningsmáta.
 - c. Við hvaða aðstæður framleiðsluvaran var geymd í umflutningslandinu; eða
3. Að öðrum kosti hvers konar skjöl sem færa sönnur á þetta.

Sýningar.

13. gr.

Framleiðsluvörur sem sendar eru frá GSP-ríki á vörusýningu í þriðja landi og fluttar eru til Íslands eftir sýninguna, skulu við innflutninginn teljast upprunnar í viðkomandi GSP-ríki, að því tilskildu að sýnt sé fram á eftirfarandi atriði með fullnægjandi hætti að mati tollýfirvalda:

1. Að útflytjandi hafi sent þessar framleiðsluvörur beint frá viðkomandi GSP-ríki til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar.
2. Að sá útflytjandi hafi selt framleiðsluvörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti til viðtakanda á Íslandi.
3. Að framleiðsluvörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar til sýningar.
4. Að framleiðsluvörurnar hafi ekki frá því að þær voru sendar til sýningar verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á sýningunni.

Sönnun á uppruna skal leggja fram hjá íslenskum tollýfirvöldum með venjulegum hætti. Þar skal tilgreint nafn sýningarinnar og sýningarstaður. Ef nauðsyn ber til má krefjast sérstakra skjalfestra viðbótarsönnunargagna um eðli framleiðsluvaranna og aðstæður við sýningu þeirra.

Ákvæði þessarar greinar skulu taka til allra vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýninga, kaupstefna eða áþekkra opinberra sýninga sem eru ekki skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í sölubúðum eða verslunarhúsnæði með það fyrir augum að selja erlendar vörur, enda séu framleiðsluvörunnar undir tolleftirliti meðan á sýningu stendur.

IV. KAFLI Sönnun á uppruna.

Almennar kröfur.

14. gr.

Staðfesta skal að framleiðsluvara sé upprunnin í GSP-ríki við innflutning til Íslands með framlagningu:

1. Upprunaskírteinis, samkvæmt ákvæðum þessa kafla og samkvæmt fyrirmynd í VI. kafla, útgafu af útflytjanda í GSP-ríki.
2. Yfirlýsingu útflytjanda í GSP-ríki á vörureikningi, í samræmi við ákvæði þessa kafla og samkvæmt fyrirmynd í VII. kafla, að því tilskildu að verðmæti upprunavöru í sendingu sé ekki meira en 250.000 kr.

Útgáfa upprunaskírteinis.

15. gr.

Upprunaskírteini, á ensku eða frönsku, skal gefið út af þar til bærur yfirvöldum í GSP-ríki að undangenginni umsókn útflytjanda.

Útflytjandi sem sækir um útgáfu upprunaskírteinis skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni þar til bærra yfirvalda í viðkomandi GSP-ríki, öll tilheyrandi skjöl sem votta að viðkomandi framleiðsluvara sé upprunavara og að öllum öðrum kröfum sem settar eru fram í viðauka þessum sé fullnægt.

Umsókn um útgáfu upprunaskírteinis skal fylla út á ensku eða frönsku. Ef hún er handskrifuð skal hún útfyllt með bleki og með prentstöfum. Gefa verður vörulýsinguna í reitnum sem er ætlaður til þess án þess að skilja eftir auðar línur. Ef reitur er ekki notaður að fullu skal draga lárétta línu neðan við lýsinguna og strika yfir ónýtta svæðið.

Yfirvöld sem gefa út upprunaskírteini skulu grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að staðfesta að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunavörur og að öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt. Þau hafa í þessu tilliti rétt til að krefjast hvers konar sannana og athuga bókhalð útflytjandans eða viðhafa annars konar eftirlit sem þau álíta nauðsynlegt.

Útgáfudagur upprunaskírteinis skal koma fram á skírteininu.

Upprunaskírteini gefið út eftir á.

16. gr.

Þar til bærur yfirvöldum í viðkomandi GSP-ríki er í undantekningartilvikum heimilt að gefa upprunaskírteini út eftir að útflutningur framleiðsluvörunnar hefur átt sér stað. Skilyrði slíkrar útgáfu eru eftirfarandi:

1. Að skírteinið hafi ekki verið gefið út þegar útflutningurinn átti sér stað vegna mistaka eða yfirsjóna eða sérstakra kringumstæðna; eða

2. Að sýnt sé fram á það á fullnægjandi hátt að mati yfirvalda að upprunaskírteinið hafi verið gefið út en ekki viðurkennt við innflutning af tæknilegum ástæðum.

Við framkvæmd 1. mgr. verður útflytjandinn að taka fram í umsókninni hvar og hvenær útflutningur framleiðsluvöru, sem upprunaskírteinið á við um, á sér stað og taka fram ástæður fyrir beiðninni.

Yfirvöldum er einungis heimilt að gefa upprunaskírteinið út eftir á þegar gengið hefur verið úr skugga um að upplýsingarnar sem fram koma í umsókn útflytjandans séu samhljóða þeim sem viðkomandi gögn hafa að geyma.

Upprunaskírteini sem eru gefin út eftir á verða að vera árituð með annarri af eftirfarandi setningum: „ISSUED RETROSPECTIVELY“ (ensk útgáfa) eða „DELIVRÉ À POSTERIORI“ (frönsk útgáfa) í athugasemdareit upprunaskírteinisins.

Útgáfa á eftirriti af upprunaskírteininu.

17. gr.

Hafi upprunaskírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandinn sótt um til þeirra tollyfirvalda sem gáfu það út, að fá eftirrit gert á grundvelli útflutningsskjala sem eru í þeirra vörslu.

Eftirrit sem er gefið út á þennan hátt verður að vera áritað með annaðhvort „DUPLICATE“ (ensk útgáfa) eða „DUPLICATA“ (frönsk útgáfa). Áritunin skal færð í athugasemdareit eftirrits upprunaskírteinisins.

Eftirritið skal vera með sömu útgáfudagsetningu og upphaflega upprunaskírteinið og gilda frá og með þeim degi.

Yfirlýsing á vörureikningi.

18. gr.

Útflytjanda vöru sem upprunnin er í GSP-ríki er heimilt, að uppfylltum skilyrðum þessarar greinar, að staðfesta uppruna vörunnar án upprunaskírteinis með því að lýsa því yfir á vörureikningi að varan sé upprunnin í viðkomandi ríki. Yfirlýsing á vörureikningi skal vera á ensku eða frönsku.

Skilyrði staðfestingar á uppruna með yfirlýsingu á vörureikningi, sbr. 1. mgr. er að verksmiðjuverð vörunnar sé ekki meira en 250.000 kr.

Sé þess farið á leit er útflytjanda sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skylt að láta íslenskum tollyfirvöldum eða þar til bærum yfirvöldum í útflutningslandinu í té öll gögn sem staðfesta uppruna vöru.

Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni íslenskra tollyfirvalda eða þar til bærra yfirvalda í útflutningslandinu, öll tilheyrandi skjöl sem sanna upprunaréttindi viðkomandi vara og að öðrum kröfum sem gerðar eru í viðauka þessum hafi verið fullnægt.

Yfirlýsing á vörureikningi skal gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í VII. kafla. Yfirlýsinguna má einnig handskrifa og þá skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Yfirlýsing á vörureikningi skal vera með upprunalegri eiginhandarundirskrift útflytjandans.

Ákvæði reglugerðar þessarar varðandi útgáfu, notkun og sannprófun á uppruna-skírteinum skulu gilda með samsvarandi hætti um yfirlýsingar sem gefnar eru á vörureikningi.

Gildistími sönnunar á uppruna.

19. gr.

Sönnun á uppruna skal gilda í tíu mánuði frá útgáfudegi í viðkomandi GSP-ríki og verður að leggja sönnunina fram innan þess tíma hjá íslenskum tollyfirvöldum.

Tollyfirvöldum er heimilt að taka gilda sönnun á uppruna sem lögð er fram eftir að frestur sem tilgreindur er í 1. mgr. er útrunninn og á grundvelli þeirrar sönnunar heimila fríðindameðferð samkvæmt reglugerð þessari, ef ekki hefur verið mögulegt að leggja fram umrædd skjöl fyrir lok frestsins vegna sérstakra aðstæðna. Sama gildir ef framleiðsluvörur hefur verið framvísað hjá íslenskum tollyfirvöldum fyrir lok frestsins en skjöl til sönnunar á uppruna eru lögð fram eftir lok frestsins.

Sönnun á uppruna lögð fram.

20. gr.

Við innflutning til Íslands skal leggja fram upprunaskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi hjá tollyfirvöldum. Tollyfirvöld geta krafist þýðingar á sönnun á uppruna og einnig þess að aðflutningsskýrslunni fylgi greinargerð frá innflytjanda þess efnis að framleiðsluvörurnar fullnægi þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar.

Innflutningur í áföngum.

21. gr.

Þegar sundurtekna eða ósamsettar framleiðsluvörur, í skilningi a-liðar 2. mgr. í hinum almennu reglum samræmdu tollskrárinnar, sem heyra undir XVI. og XVII. flokk eða vöruliði 7308 og 9406 í samræmdu tollskránni, eru að beiðni innflytjanda og með þeim skilyrðum sem sett eru af tollyfirvöldum, fluttar inn í áföngum skal leggja fram eina sönnun á uppruna fyrir þær vörur hjá tollyfirvöldum þegar fyrsti hlutinn er fluttur inn.

Undanþágur frá formlegum sönnunum á uppruna.

22. gr.

Framleiðsluvörur sem eru sendar sem smábögglar frá einstaklingi til einstaklings, eða eru í einkafarangri ferðamanna, skulu taldar upprunavörur án þess að framvísa þurfi sönnun á uppruna, að því tilskildu að vörurnar hafi ekki verið fluttar inn á viðskiptagrundvelli og að lýst hafi verið yfir að þær uppfylli kröfur þessa viðauka og enginn vafi leiki á um sannleiksgildi slíkrar yfirlýsingar. Heildarverðmæti slíkra framleiðsluvara má þó ekki vera meira en 20.000 kr. ef um litla pakka er að ræða og 50.000 kr. ef um er að ræða framleiðsluvörur í einkafarangri ferðamanna.

Ósamræmi og villur í framsetningu.

23. gr.

Uppgötvist lítils háttar ósamræmi milli staðhæfinga um sönnun á uppruna og þeirra sem fram koma á skjölum sem afhent voru tollyfirvöldum vegna formsatriða, sem fullnægja þurfti fyrir innflutning á framleiðsluvörum, skal það ekki verða sjálfkrafa til þess að sönnun á uppruna teljist

ógild ef fram koma óyggjandi sannanir fyrir því að þetta skjal svari til þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.

Augljósar villur í framsetningu eins og vélritunaryllur á skjali til sönnunar á uppruna skulu ekki leiða til þess að skjalinu sé hafnað ef villurnar eru þess eðlis að enginn vafi leikur á að staðhæfingar í skjalinu séu réttar.

V. KAFLI Samvinna yfirvalda.

Tilkynning um þar til bær yfirvöld.

24. gr.

GSP-ríki, sem hyggst notfæra sér rétt sinn til tollfríðinda samkvæmt reglugerð þessari, skal tryggja eftir því sem unnt er að ákvæðum þessa viðauka verði fylgt, m.a. að því er varðar reglur um uppruna vöru, útgáfu upprunaskírteinis og útgáfu yfirlýsinga á vörureikningi.

GSP-ríki skal tilkynna íslenskum tollyfirvöldum um heiti og heimilisfang þeirra yfirvalda sem eru bær til að gefa út upprunaskírteini og sem bera ábyrgð á sannprófunum á upprunaskírteinum og yfirlýsingum á vörureikningi. Jafnframt skal það senda íslenskum tollyfirvöldum sýnishorn stimpla sem notaðir eru við útgáfu upprunaskírteina.

Sannprófun á uppruna.

25. gr.

GSP-ríki skal aðstoða íslensk tollyfirvöld við að sannreyna áreiðanleika upprunaskírteina og yfirlýsinga á vörureikningi og þeirra upplýsinga sem fram koma í þeim skjölum.

Eftir á sannprófun á uppruna skal framkvæmd með slembiathugun eða hvenær sem íslensk tollyfirvöld hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika slíkra skjala, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara eða að öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt.

Íslensk tollyfirvöld skulu, telji þau ástæðu til, senda upprunaskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi, eða afrit af þessum skjölum, til þar til bærra yfirvalda í viðkomandi GSP-ríki með beiðni um sannprófun á uppruna. Tilgreina skal, þar sem það á við, efnislegar eða formlegar ástæður fyrir því að fyrirspurnin er gerð. Til stuðnings beiðni um sannprófun eftir á skulu tollyfirvöld senda hvers konar skjöl og upplýsingar sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar til sönnunar á uppruna séu rangar.

Sannprófunin skal framkvæmd af þar til bærum yfirvöldum í útflutningslandinu. Þau mega vegna hennar biðja um hvers konar sannanir og framkvæma hverja þá skoðun á bókhaldi útflytjanda eða viðhafa annað eftirlit sem þau telja nauðsynlegt.

Tilkynna skal íslenskum tollyfirvöldum sem fara fram á sannprófunina um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er.

VI. KAFLI Upprunaskírteini, form A og umsókn um upprunaskírteini, form A.

Fyrirmæli um prentun.

26. gr.

Hvert eyðublað skal vera með sama sniði og sýnishorn af eyðublaði sem sýnt er í viðauka þessum. Hvert eyðublað skal vera 210 x 297 mm að stærð; leyfileg frávik eru frá mínus 5 mm og

upp í plús 8 mm. Pappír sá sem notaður er skal vera hvítur skrifpappír, límvatnsborinn, sem inniheldur ekki vélunninn trémassa og vegur minnst 25 g miðað við fermetra. Hann skal búinn grænu prentuðu bakgrunnsmyndum sem gerir allar falsanir með vélrænum eða kemískum hætti augljósar.

Opinber yfirvöld í GSP-ríki geta áskilið sér að annast prentun skírteinanna eða falið hana prentsmiðjum sem viðurkenndar eru af þeim. Í því tilviki skal vísað til viðurkenningarinnar á hverju skírteini. Á hvert skírteini skal vera skráð nafn og heimilisfang prentsmiðjunnar eða tákni sem gefur til kynna hver hún er. Skírteinið skal ennfremur bera raðnúmer, prentað eða ritað á annan hátt, sem auðkenni það.

1. Goods consigned from (exporter's business name, address, country)		Reference No.			
2. Goods consigned to (consignee's name, address, country)		GENERALIZED SYSTEM OF PREFERENCES CERTIFICATE OF ORIGIN (Combined declaration and certificate) FORM A			
3. Means of transport and route (as far as known)		Issued in _____ (month) _____ (day) _____ (year)			
4. For official use					
5. Item number	6. Marks and numbers of packages	7. Number and kind of packages; description of goods	8. Origin criterion (see notes overleaf)	9. Gross weight or other quantity	10. Number and date of invoice
11. Certification It is hereby certified, on the basis of control carried out, that the declaration by the exporter is correct.		12. Declaration by the exporter The undersigned hereby declares that the above details and statements are correct; that all the goods were produced in _____ (country) _____ and that they comply with the origin requirements specified for these goods in the generalized system of preferences for goods exported to _____ (importing country) _____			
Place and date, signature and stamp of certifying authority		Place and date, signature of authorized signatory			

FORM 971 (2-19-89)

Notes (1998)

I. Countries which accept Form A for the purposes of generalised system of preferences (GSP):

Australia*	Republic of Belarus	European Union:		
Canada	Republic of Bulgaria	Austria	Germany	Netherlands
Iceland**	Czech Republic	Belgium	Greece	Portugal
Japan	Republic of Hungary	Denmark	Ireland	Spain
New Zealand**	Republic of Poland	Finland	Italy	Sweden
Norway	Russian Federation	France	Luxembourg	United Kingdom
Switzerland	Slovakia			
United States of America**				

Full details of the conditions covering admission to the GSP in these countries are obtainable from the designated authorities in the exporting preference-receiving countries or from the customs authorities of the preference-giving countries listed above. An information note is also obtainable from the UNCTAD secretariat.

II. General conditions:

To qualify for preference, products must:

- (a) fall within a description of products eligible for preference in the country of destination. The description entered on the form must be sufficiently detailed to enable the products to be identified by the customs officer examining them;
- (b) comply with the rules of origin of the country of destination. Each article in a consignment must qualify separately in its own right; and,
- (c) comply with the consignment conditions specified by the country of destination. In general, products must be consigned directly from the country of exportation to the country of destination, but most preference-giving countries accept passage through intermediate countries subject to certain conditions. (For Australia, direct consignment is not necessary).

III. Entries to be made in Box 6:

Preference products must either be wholly obtained in accordance with the rules of the country of destination or sufficiently worked or processed to fulfil the requirements of that country's origin rules.

- (a) Products wholly obtained: for export to all countries listed in Section I, enter the letter "P" in Box 6 (for Australia and New Zealand Box 6 may be left blank).
- (b) Products sufficiently worked or processed: for export to the countries specified below, the entry in Box 6 should be as follows:
 - (1) United States of America: for single country shipments, enter the letter "Y" in Box 6, for shipments from recognized associations of countries, enter the letter "Z", followed by the sum of the cost or value of the domestic materials and the direct cost of processing, expressed as a percentage of the ex-factory price of the exported products (example "Y" 36% or "Z" 36%).
 - (2) Canada: for products which meet origin criteria from working or processing in more than one eligible least developed country, enter letter "Q" in Box 6; otherwise "P".
 - (3) Iceland, Japan, Norway, Switzerland and the European Union: enter the letter "W" in Box 6 followed by the Harmonized Commodity Description and Coding System (Harmonized System) heading at the 4-digit level of the exported product (example "W" 88.14).
 - (4) Bulgaria, Czech Republic, Hungary, Poland, the Russian Federation and Slovakia: for products which include value added in the exporting preference-receiving country, enter the letter "V" in Box 6 followed by the value of imported materials and components expressed as a percentage of the sale price of the exported products (example "V" 45%); for products obtained in a preference-receiving country and worked or processed in one or more other such countries, enter "P".
 - (5) Australia and New Zealand: completion of Box 6 is not required. It is sufficient that a declaration be properly made in Box 12.

* For Australia, the main requirement is the exporter's declaration on the normal commercial invoice. Form A, accompanied by the normal commercial invoice, is an acceptable alternative, but official certification is not required.

** Official certification is not required.

*** The United States does not require GSP Form A. A declaration setting forth all pertinent detailed information concerning the production or manufacture of the merchandise is considered sufficient only if requested by the district collector of Customs.

1. Goods consigned from (exporter's business name, address, country)		Reference No. <p style="text-align: center;">GENERALIZED SYSTEM OF PREFERENCES CERTIFICATE OF ORIGIN (Simplified declaration and certificate) FORM A</p> Issued in _____ <div style="text-align: right;">(country) See Note 10 and 11</div>			
2. Goods assigned to (consignee's name, address, country)		4. For official use			
3. Means of transport and route (as far as known)		(blank space)			
6. Item number	6. Mark and numbers of packages	7. Number and kind of packages; description of goods	8. Origin criteria (see notes 6 and 7)	9. Gross weight or other quantity	10. Number and date of invoice
11. Certification It is hereby certified, on the basis of control carried out, that the declaration by the exporter is correct.		12. Declaration by the exporter The undersigned hereby declares that the above details and statements are correct; that all the goods were produced in _____ <div style="text-align: right;">(country)</div> and that they comply with the origin requirements specified for those goods in the generalized system of preferences for goods exported to _____ <div style="text-align: right;">(importing country)</div>			
Place and date, signature and stamp of certifying authority		Place and date, signature of authorized signatory			

FORM A (Simplified)

APPLICATION FOR CERTIFICATE OF ORIGIN**Form A**

The undersigned, being the exporter of the goods described overleaf, **DECLARES** that these goods were produced in _____ (country)

SPECIFIES as follows the grounds on which the goods are claimed to comply with GSP origin requirements¹⁾

SUBMITS the following supporting documents²⁾

UNDERTAKES to submit, at the request of the appropriate authorities of the exporting country, any additional supporting evidence which these authorities may require for the purpose of issuing a certificate of origin, and undertakes, if required, to agree to any inspection of his accounts and any check on the processes of manufacture of the above goods, carried out by the said authorities.

REQUESTS the issue of a certificate of origin for these goods.

Place and date _____

(signature of authorized signatory)

¹⁾ To be completed if materials or components originating in another country have been used in the manufacture of the goods in question. Indicate the materials or components used, their Harmonized System Nomenclature tariff heading, their country of origin and, where appropriate, the manufacturing processes qualifying the goods as originating in the country of manufacture (application of special conditions laid down in list rules), the goods produced and their Harmonized System Nomenclature tariff heading.

Where the origin criteria involve a percentage value, give information enabling this percentage to be verified – for example the value of imported materials and components and those of undetermined origin and the ex-factory price of the exported goods, where applicable.

²⁾ For example, import documents, invoices, etc., relating to the materials or components used.

NOTES

A. Procedure for claiming preference. A declaration on the certificate of origin form must be prepared by the exporter of the goods and submitted in duplicate, together with a GSP application form, to the certifying authority of the country of exportation which will, if satisfied, certify the top copy of the certificate of origin and return it to the exporter for transmission to the importer in the country of destination. The certifying authority will at the same time return to the exporter for his retention the duplicate copy of the certificate of origin, but will itself retain the GSP application form duly completed and signed by the exporter.

B. Sanctions. Persons who furnish, or cause to be furnished, information which relates to origin or consignment, and which is untrue in a material particular are liable to legal penalties and to the suspension of facilities for their goods to obtain preference.

VII. KAFLI
Yfirlýsing á vörureikningi.

Enskur og franskur texti.
27. gr.

Yfirlýsing á vörureikningi, sbr. 18. gr. viðauka þessa, skal gerð í samræmi við textann hér að neðan.

Enskur texti:

The exporter of the products covered by this document declares that, except where otherwise clearly indicated, these products are of preferential origin according to the rules of origin of the Icelandic Generalized System of Preferences.

(1)

Staður og dagsetning

Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum

Franskur texti:

L'exportateur des produits couverts par le présent document déclare que, sauf indication claire du contraire, ces produits ont l'origine préférentielle au sens des règles d'origine du Système des préférences tarifaires généralisées d'Islande.

(1)

Staður og dagsetning

Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum.

(1) Ekki er þörf á að taka þetta sérstaklega fram ef upplýsingarnar koma fram á skjalinu sjálfu.

VIII. KAFLI

Skrá yfir tilskilda aðvinnslu efna sem ekki teljast upprunaefni til að framleiðsluvara öðlist upprunaréttindi.

Aðvinnsla efna og aðvinnsluskrá.

28. gr.

Um tilskilda aðvinnslu efna, sem ekki teljast upprunaefni, gildir aðvinnsluskráin í viðbæti II við viðauka 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, ásamt skýringum í viðbæti I við sama viðauka, að teknu tilliti til breytinga sem leiddu af breytingu samræmdu tollskrárinnar þann 1. janúar 2002, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda, nr. 126/2001.

Reglugerð

nr. 293/2002 um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum.

I. KAFLI

Skilgreiningar og almenn ákvæði.

1. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

- a. *Varnarsamningurinn*: Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og viðbætur við hann um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí 1951 sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951.
- b. *Varnarsvæði*: Landsvæði það sem íslensk stjórnvöld hafa lagt til varna landsins og lýst hefur verið samningsvæði samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins og utanríkisráðherra fer með yfirstjórn á, sbr. ákvæði laga nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. og ákvæði 10. tölul. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969.
- c. *Varnarstöð*: Varnarstöð Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurlugvelli, þ.e. svæði Flotastöðvar Bandaríkjanna innan öryggisgirðingar Atlantshafsbandalagsins auk þess hluta flugstöðvar sem er utan girðingar, samanber fylgiskjal með reglugerð þessari.
- d. *Varnarliðið*: Liðsmenn í varnarstöð Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurlugvelli úr herliði Bandaríkjanna og starfslíð sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, heldur dveljist þar vegna framkvæmdar varnarsamningsins, og skyldulið þeirra. Til varnarliðsins teljast einnig liðsmenn herafra annarra aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins sem uppfylla sömu skilyrði.

- e. *Leyfishafar*: Íslenskir ríkisborgarar og aðrir þeir, sem ekki eru á ábyrgð varnarliðsins, sem hafa fengið útgefna aðgangsheimild að varnarstöðinni af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.

Afmörkun gildissviðs.

Reglugerð þessi gildir einvörðungu um íslenska borgara og aðra þá sem ekki eru á ábyrgð varnarliðsins. Ekkert ákvæði reglugerðar þessarar skal túlka þannig að það haggi við skuldbindingum íslenska ríkisins eða takmarki heimildir varnarliðsins til aðgangs, umferðar og löggæslu á varnarsvæðunum samkvæmt varnarsamningnum, einkum 10. tölul. 2. gr. viðbættis við hann og afleiddum samningum, einkum samningi um löggæslu á varnarsvæðunum frá 25. febrúar 1988.

Ekkert ákvæði reglugerðar þessarar skal túlka á þann veg að það torveldi að varnarsvæðin séu nýtt til varna landsins og Norður-Atlantshafssvæðisins í samræmi við ákvæði varnarsamningsins og Norður-Atlantshafssamningsins.

Ekkert ákvæði reglugerðar þessarar skal túlka á þann veg að það takmarki heimildir sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli til að grípa til nauðsynlegra aðgerða, þegar aðrir en varnarliðsmenn og þeir sem varnarliðið ber ábyrgð á eiga í hlut, til að takmarka aðgang að varnarsvæðunum eða umferð um þau vegna hlutverks varnarsvæðanna, öryggissjónarmiða eða ef allsherjarregla krefst þess.

3. gr.

Almenn ákvæði um aðgang og dval á varnarsvæðum.

Íslenskum starfsmönnum og öðrum, sem eru ekki á ábyrgð varnarliðsins, er því aðeins heimilt að ferðast um og dvelja á varnarsvæðunum að þeir eigi þangað lögmæt erindi. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli úrskurðar um hvort aðgangur skuli heimilaður.

Ákvæðum reglugerðar þessarar um aðgangsheimildir verður ekki beitt gagnvart flugliðum og flugfarþegum á eðlilegri leið þeirra til og frá loftfari á Keflavíkurflugvelli, enda beri þeir á sér gildar ferðaheimildir sem umráðamaður loftfars eða umboðsmaður hans gefur út.

Skylt er að hlíta boðum og bönnum íslenskra yfirvalda og varnarliðsins innan varnarsvæðanna, eftir því sem við á, sbr. 10. tölul. 2. gr. viðbættis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra og ákvæði samnings um löggæslu á varnarsvæðunum frá 25. febrúar 1988.

Skylt er, að því er varðar umferð og umgengni um varnarsvæðin, að virða sérstöðu svæðanna sem varnarsvæða og hlíta fyrir mælum sem lúta að öryggismálum.

Óheimilt er að valda ónæði eða háreysti á varnarsvæðunum, sem raskar næturró manna, eða hafa í frammi ósæmilega háttsemi. Þá er óheimilt að áreita aðra á almannafæri eða láta falla niðrandi orð um þjóðerni, kynþátt, trúarbrögð, hörundslit eða kynferði.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri á varnarsvæðunum og mönnum er óheimilt að þyrpast þar saman eða viðhafa háttsemi sem truflar umferð eða veldur öðrum óþægindum.

II. KAFLI

Aðgangsheimildir að varnarstöðinni.

4. gr.

Aðgangstakmarkanir og flokkun aðgangsheimilda.

Íslenskum starfsmönnum og öðrum sem eru ekki á ábyrgð varnarliðsins er því aðeins heimilt að ferðast um eða dvelja á svæði varnarstöðvarinnar að þeir eigi þangað lögmæt erindi og hafi gilda aðgangsheimild sem sýslumaðurinn á Keflavíkurlflugvelli gefur út.

Aðgangsheimildir greinast í almenn leyfi og skammtímaleyfi. Almenn leyfi eru veitt mönnum sem eiga reglubundin erindi á svæði varnarstöðvarinnar um lengri tíma. Skammtímaleyfi eru veitt einstaklingum og hópum sem eiga afmörkuð erindi inn á svæðið.

5. gr.

Útgáfa, takmörkun og afturköllun leyfa og skyldur leyfishafa.

Almenn leyfi skal gefa út til tiltekins tíma. Takmarka má leyfi við tiltekna vikudaga og tilgreindan hluta sólarhringsins. Almennt leyfi skal bundið ákveðnu starfi eða starfsemi og er leyfishafa einungis heimilt að nýta leyfið í þeim tilgangi. Láti leyfishafi af því starfi eða leggi niður þá starfsemi fellur leyfið úr gildi.

Leyfishafar skulu kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar áður en aðgangsheimild er útgefin, undirrita yfirlýsingu þar að lútandi og skuldbinda sig til að hlíta ákvæðum reglugerðarinnar.

Heimilt er að afturkalla leyfi tímabundið eða að fullu og öllu fyrirvaralaust ef brýna nauðsyn ber til að vernda öryggishagsmuni ríkisins, grundvallaröryggi í starfsemi varnarliðsins eða liðsmanna þess, almannahagsmuni eða allsherjarreglu á svæði varnarstöðvarinnar með þeim hætti, svo og ef grunur leikur á um að leyfishafi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi.

III. KAFLI

Flokkun, útgáfa og notkun aðgangsskírteina að varnarstöðinni.

6. gr.

Afmörkun varnarstöðvarinnar.

Aðgangsheimildir að varnarstöðinni flokkast eftir svæðum sem hér segir, samanber fylgiskjal með reglugerð þessari:

Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1):

- 1a Áningarsvæði, landgangshús og landgangur í flugstöð.
- 1b Farangursskáli og flughlöð.
- 1c Önnur athafna- og þjónustusvæði innan öryggis- og tollsvæðis með aðkomuleið um öryggishlið á þjónustusvæði.
- 1d Flugbrautir og flugvélaakbrautir samkvæmt nánari ákvörðun flugvallarstjóra.

Flotastöð varnarliðsins (svæði 2):

Athafnasvæði varnarliðsins, verktaka þess og annarra stofnana með starfsemi þar og íbúðasvæði varnarliðsins.

Bannsvæði (svæði 3):

- 3a Bannsvæði af öryggisástæðum.
- 3b Bannsvæði af öryggisástæðum sem varnarliðið skilgreinir sérstaklega.

7. gr.

Útgáfa aðgangsskírteina.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli gefur út skírteini því til sönnunar að aðgangsheimild hafi verið veitt að svæði varnarstöðvarinnar fyrir íslenska ríkisborgara og aðra þá sem ekki eru á ábyrgð varnarliðsins.

8. gr.

Útgáfa skammtímaskírteina.

Sýslumaður gefur út skammtímaskírteini, sem veita aðgang að svæði 1a, svæði 2 og svæði 3a, fyrir einstaka menn eða hópa sem eiga afmörkuð erindi inn á viðkomandi svæði. Flugvallarstjóri gefur úr skammtímaskírteini sem veita aðgang að svæði 1b, 1c og 1d. Sýslumanni er einnig heimilt að gefa út skammtímaskírteini fyrir starfsmenn í vinnuflokkum sem er ætlað að vinna í skamman tíma innan varnarstöðvarinnar. Flokkstjóri slíks vinnuflokks skal þó jafnan vera með almennt aðgangsskírteini og bera ábyrgð á starfsmönnum sínum.

9. gr.

Útgáfa almennra skírteina.

Sýslumaður gefur út skírteini, sem veita aðgang að svæðum 1, 2 eða 3a, til lengri tíma fyrir þá menn sem fá almenn aðgangsleyfi. Um er að ræða íslenska starfsmenn varnarliðsins, starfsmenn fyrirtækja, sem hafa með höndum starfsemi innan varnarstöðvarinnar, og aðra þá sem eiga reglubundin erindi inn á svæði varnarstöðvarinnar. Gildistími slíkra skírteina fyrir fastráðna starfsmenn skal vera þrjú ár. Skírteini fyrir aðra starfsmenn skulu gilda út ráðningartíma viðkomandi starfsmanns, en í öllu falli ekki lengur en eitt ár.

10. gr.

Gerð almennra skírteina fyrir svæði 1.

Í skírteinum sem veita aðgang að svæði 1, samkvæmt reglum þessum, skulu vera nafn leyfishafa, ljósmynd af honum, kennitala hans, nafn vinnuveitanda, gildistími og stimpill og undirritun sýslumanns og áletrunin "Keflavíkurflugvöllur".

Gildissvæði skírteinanna eru auðkennd með mismunandi grunnlitum og litatáknum sem hér segir:

Grunnlitir:

- a) Hvítur. Fyrir starfsmenn sem starfa í og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
- b) Grænn. Fyrir þá erlenda stjórnarereindreka og þá starfsmenn skrifstofu forseta Íslands, forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins, sem þurfa starfs síns vegna að hafa aðgang að áningarsvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, og fyrir framkvæmdastjóra Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Gestir geta verið í fylgd handhafa þessara skírteina án sérstakrar aðgangsheimildar, að fengnu leyfi vakthafandi löggæslufulltrúa, en skulu bera sérstök bráðabirgðaáðgangsskírteini sé þess óskað. Leyfishafi er ávallt ábyrgur fyrir fylgdarmönnum sínum.
- c) Dökkblár. Fyrir þá starfsmenn utanríkisráðuneytisins, sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli og flugvallarstjóra sem stjórna öryggismálum á varnarsvæðunum. Aðgangur handhafa þeirra er ótakmarkaður og er þeim heimilt að hafa með sér gesti án sérstakrar aðgangsheimildar.

Litatókn:

Á skírteininu skal vera ferningur sem greinist í fernt með línunum sem dregnar eru horna á milli. Hver þríhyrndur flötur innan ferningsins tákna tiltekin svæði í eða við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sbr. 6. gr. hér að framan. a) Gulur: Svæði 1a.

- b) Rauður: Svæði 1b.
- c) Grænn: Svæði 1c.
- d) Brúnn: Svæði 1d.

11. gr.

Gerð almennra skírteina fyrir svæði 2 og svæði 3a.

Skírteini, sem veita aðgang að svæði 2 og svæði 3a, skulu auðkennd með orðunum "Keflavíkurflugvöllur – varnarstöð". Á skírteinunum skal vera merki varnarstöðvarinnar á framhlið, nafn og kennitala leyfishafa, nafn vinnuveitanda hans og gildistími skírteinisins. Á bakhlið skal vera stimpill og undirritun sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli.

Varnarliðið gefur út sams konar skírteini fyrir liðsmenn varnarliðsins og þá, sem eru á ábyrgð þess, sbr. ákvæði 4. gr., þar sem stimpill og undirritun yfirmanns varnarstöðvarinnar eru á bakhlið skírteinisins.

Í samræmi við samninga milli Íslands og Bandaríkjanna getur sýslumaður ákveðið, án fyrirvara, að skírteini, sem veita aðgang að svæðum 2 og 3a, veiti einnig aðgang að svæði 1.

12. gr.

Umsókn um skírteini.

Umsókn um skírteini skal vera á þar til gerðu eyðublaði sem skal liggja frammi á skrifstofum sýslumannsembættisins og flugvallarstjóra. Vinnuveitendur skulu sækja um skírteini fyrir starfsmenn sína.

Til að fá útgefin hvít skírteini fyrir svæði 1 skal afla samþykkis flugvallarstjóra. Leita skal ális flugvallarstjóra vegna útgáfu grænna skírteina fyrir svæði 1.

13. gr.

Gjaldtaka fyrir útgáfu skírteina.

Umsækjandi um skírteini skal greiða gjald til sýslumanns til að standa straum af kostnaði við útgáfu skírteinisins og umsýslu tengdri skírteinaútgáfu. Ákvæði um flokkun og fjárhæð gjaldtöku skulu sett í sérstakri gjaldskrá.

14. gr.

Skil skírteina.

Skírteini er eign sýslumannsembættisins og skal því skilað þegar gildistími þess er útrunninn, það hefur verið afturkallað eða leyfishafi er hættur þeim störfum eða hefur lagt niður þá starfsemi sem var ástæða útgáfu skírteinisins. Notkun útrunninna skírteina er bönnuð.

Glatist skírteini skal það þegar tilkynnt sýslumanni og umsókn fyllt út að nýju, ef gefa þarf út nýtt skírteini.

15. gr.

Notkun skírteina.

Leyfishafa ber ávallt að bera á sér skírteini um aðgangsheimild innan varnarstöðvarinnar og framvísa því sé þess krafist af lögbærum fulltrúum yfirvalda eða varnarliðsins svo og af eftirlitsmönnum mannvirkja. Sýslumaður getur ákveðið að tilteknum hópum leyfishafa eða þeim öllum sé, á tilteknum svæðum eða tilteknum tímum, skylt að bera skírteini á sér þannig að þau séu sýnileg. Ákvörðun um slíkt skal kynna með greinilegum hætti. Notkun skírteina í blóra við ákvæði reglugerðarinnar skal sæta viðurlögum.

IV. KAFLI

Viðurlög.

16. gr.

Viðurlög.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 82/2000 um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, 141. gr. loftferðalaga nr. 60/1998 og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir skal brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum og allt að þrefaldri sektarupphæð við ítrekað brot. Samhliða er sýslumanni heimilt að ákveða að svipta leyfishafa aðgangsheimild að varnarstöð tímabundið, eða að fullu og öllu við ítrekað brot. Sýslumanni er heimilt að skilorðsbinda sviptingu á þann veg að framkvæmd hennar frestast haldi leyfishafi skilorð í tvö ár og falli niður að þeim tíma liðnum. Sérlega alvarleg brot sæta frekari sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Séu skilyrði fyrir veitingu aðgangsheimildar ekki lengur fyrir hendi eða ef leyfishafi hefur brotið gegn ákvæðum reglugerðar þessarar getur sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli svipt leyfishafa aðgangsheimild tímabundið, eða að fullu og öllu við ítrekað brot. Ákvörðun um sviptingu skal rökstödd og leyfishafa skal gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin. Sýslumaður getur, ef þörf er á eðli máls samkvæmt, afturkallað tímabundið aðgangsheimild leyfishafa að svæði varnarstöðvarinnar meðan á meðferð máls stendur.

Kæra má ákvörðun um sviptingu leyfis til utanríkisráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun er tekin.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Gildistaka og brottfall.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 82/2000 um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, 1. mgr. 70. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, sbr. reglugerð fyrir Keflavíkurflugvöll nr. 254/1973 um umferð, öryggi o.fl. og lögum nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, sbr. einnig lög nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, lög nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. og ákvæði 10. tölul. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 81/1990 um takmörkun umferðar og dvalar á svæði Keflavíkurflugvallar og reglur frá 27. febrúar 1990 settar á grundvelli hennar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðgangsskírteini, sem eru gefin út með heimild í reglugerð nr. 81/1990 og veita aðgang að svæðum 2 og 3a, skulu halda gildi sínu til 1. ágúst 2002. Önnur aðgangsskírteini, sem gefin hafa verið út með heimild í eldri reglugerð, skulu gilda til 1. desember 2002.

Reglugerð

nr. 449/2002 um útflutning hrossa, sbr. reglugerð nr. 677/2002 um breytingu á henni.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Reglugerðin gildir um útflutning hrossa. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að skoðun fari fram á útflutningshrossum, hestavegabréf fylgi þeim og að aðbúnaður útflutningshrossa sé fullnægjandi.

2. gr.

Í þessari reglugerð hafa eftirtalin orð eftirfarandi merkingu:

Embættisdýralæknir: Yfirdýralæknir, héraðsdýralæknir eða eftirlitsdýralæknir.

Útflutningshöfn: Höfn, flugvallarsvæði eða annað það svæði þar sem útflutningsskoðun fer fram.

II. KAFLI

Um flutning útflutningshrossa.

3. gr.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa. Útflutningshross skulu vera á aldrinum fjögurra mánaða til fimmtán vetra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis með flugvélum. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssursem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur. Áður en folöld eru flutt úr landi ber að hafa þau á gjöf í að minnsta kosti í 10 daga. Folöld má ekki flytja í stíum með fullorðnum hrossum nema þegar folald er flutt sér í stíu með móður sinni.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra getur krafist þess, að fengnum tillögum yfirdýralæknis að dýralæknir sé um borð í flutningsfari og hafi yfirumsjón með gæslu hrossa í flutningi.

Flutningsför sem notuð eru til útflutnings hrossa skulu fullnægja þeim fyrirmælum um aðbúnað hrossa sem sett eru í þessari reglugerð, kröfum innflutningslands og stöðlum IATA (International Air Transport Association).

Óheimilt er að flytja hross frá Íslandi með sama farartæki og samtímis flytur dýr frá öðrum löndum. Ef um er að ræða farartæki sem áður hafa verið notuð til flutnings á erlendum dýrum skal stjórnandi farartækisins skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra eða tollstjóra frá því og skal farartækið þá sótthreinsað á kostnað eiganda þess samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis og skal það gert áður en farartækið kemur í íslenska höfn.

Áður en hross eru flutt um borð í flutningsfar skal viðkomandi embættisdýralæknir fullvissa sig um að allur útbúnaður og sóttþreinsun flutningatækis sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Óheimilt er að nota erlent hey eða hálm í farartækjum sem flytja hross frá Íslandi.

III. KAFLI

Um kynbótamat, stofnverndarsjóð o.fl.

5. gr.

Fagráð í hrossarækt, sem starfar skv. 4. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, skal árlega ákveða mörk kynbótamats sem hross þarf að hafa til að teljast úrvalkynbótagriður. Sé áformað að selja úr landi hross sem hefur kynbótamat yfir þeim mörkum skal það tilkynnt Bændasamtökum Íslands án tafar. Bændasamtök Íslands skulu halda sérstaka skrá yfir úrvalkynbótagripi sem fluttir eru úr landi.

6. gr.

Af hverju útfluttu hrossi skal greiða 500 kr. gjald í stofnverndarsjóð sbr. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast innheimtu gjaldsins og skal það greitt samhliða gjaldi vegna útgáfu hestavegabréfs ¹⁾.

1) Sjá gjaldskrá nr. 128/2005 um útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutningshross.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd um málefni er snerta útflutning hrossa og skal hún jafnframt vera samráðsvettvangur stjórnvalda og þeirra sem að þeim málum vinna. Bændasamtök Íslands, félag hrossabænda, yfirdýralæknir og félag hrossaútflytjenda tilnefna menn í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

IV. KAFLI

Skoðun og merking útflutningshrossa.

8. gr.

Óheimilt er að flytja hross úr landi nema embættisdýralæknir á útflutningshöfn hafi skoðað það og metið hæft til útflutnings með tilliti til dýraverndar og smitsjúkdóma og staðfest að það sé rétt merkt og uppfylli kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi.

Óheimilt er að flytja úr landi hross sem eru mögur og illa útlítandi, illa hirt, meidd, sýnilega hölt, eða með öðrum sýnilegum lýtum eða göllum. Frekari skoðun útflutningshrossa en að framan greinir er á ábyrgð kaupanda og seljanda.

Eigi að flytja fylsugur úr landi án folalds skal venja undan þeim að minnsta kosti tveimur vikum áður en útflutningur á sér stað.

Öll útflutningshross skulu örmerkt eða frostmerkt.

9. gr.

Útflytjandi skal tilkynna embættisdýralækni á útflutningshöfn um útflutning með þriggja daga fyrirvara. Skyld er útflytjanda eða fulltrúa hans að veita embættisdýralækni aðstoð við skoðun hrossa á útflutningsstað svo að starfið geti gengið sem greiðast. Útflytjendur hrossa greiða

kostnað við skoðun útflutningshrossa í útflutningshöfn samkvæmt gjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Þurfi að gera sérstök próf á hrossunum, að kröfu yfirvalda í innflutningslandi, getur embættisdýralæknir krafist þess að hrossin komi til skoðunar eigi síðar en þremur sólarhringum áður en útskipun fer fram. Kostnað vegna slíkrar skoðunar greiðir útflytjandi.

10. gr.

[Hrossum sem flutt eru úr landi skal fylgja vottorð, hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni og hver sé eigandi hrossins við útflutning.

Bændasamtök Íslands skrá í hestavegabréfið örmerki/frostmerki hrossins, upplýsingar um kyn, lit, uppruna og ætterni og hver sé eigandi þess, auk annars er við á. Útflytjandi skal sjá um, að dýralæknir, annar en embættisdýralæknir í viðkomandi útflutningshöfn eða dýralæknar á hans vegum, færi í vegabréfið útlitsteikningu/auðkennateikningu, af hrossinu sem dýralæknir síðan staðfestir. Útflytjandi eða eigandi ber sjálfur þann kostnað sem hlýst af störfum dýralæknis við gerð útlitsteikningar/auðkennateikningar. Ef dýralæknir er útflytjandi eða eigandi hross er honum óheimilt að gera eða staðfesta útlitsteikningu/auðkennateikningu.

Upplýsingar í hestavegabréfi skulu vera í samræmi við kröfur innflutningslands. Embættisdýralæknir staðfestir fyrir útflutning að hestavegabréfið tilheyri viðkomandi hrossi og gefur út heilbrigðisvottorð. Útflytjendur hrossa greiða gjald vegna kostnaðar við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá³⁾ sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands.]¹⁾

[Gögn vegna útgáfu hestavegabréfs skulu hafa borist skrifstofu Bændasamtaka Íslands eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir útflutning.]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 677/2002 2) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 677/2002. 3) Sjá gjaldskrá nr. 128/2005.

11. gr.

Óheimilt er að flytja hross lengur en 8 klst. í flutningsfari á landi án hvíldar á sama sólarhring og þeim er skipað um borð í flutningsfar. Hross skulu komin á útflutningshöfn eigi síðar en 2 klst. fyrir áætlaða brottför.

V. KAFLI

Flutningur hrossa með flugvélum.

12. gr.

Þegar hross eru flutt flugleiðis skulu þau höfð í gámum eða stíum. Hvert fullorðið hross skal að minnsta kosti hafa 1,1 m² gólfplatar. Stíuveggir og milligerðir skulu ekki vera lægri en hæð meðalhests á herðakamb og þannig gerðir að hross geti ekki fest fætur í þeim. Gólf skulu gerð stöm svo hrossin, sem ávallt skulu ójánuð, hafi trausta fótfestu. Gæta skal þess að hross verði ekki fyrir snöggum og miklum breytingum á hita- og loftþrýstingi, en að loftræsting sé þó nægileg.

Ef flytja þarf nokkur hross í stíu skal velja saman hross sem eru jöfnust að stærð. Stóðhesta skal flytja sér í bás eða stíu og skulu þeir bundnir. Önnur hross skulu vera með múl. Leitast skal

við að flytja hross um borð í flugvél eins skömmu fyrir brottför og fært þykir (1/2-1 klst.), og færa þau úr flugvélinni strax að lokinni flugferð.

Gæslumenn skulu að staðaldri hafa eftirlit með hrossunum meðan á flutningi stendur. Ávallt skal vera fyrir hendi hentugt verkfæri til aflífunar, ef hross lemstrast eða veikjast. Hrossum sem flutt eru flugleiðis má ekki gefa róandi lyf, nema samkvæmt ráði embættisdýralæknis, þótt þau séu óróleg eða sýni ótta við flugtak og lendingu.

VI. KAFLI

Flutningur hrossa með skipum.

13. gr.

Heimilt er að flytja hross til útlanda með skipum á tímabilinu 15. maí til 30. september. Þegar hross eru flutt með skipum skal hafa þau í stúum svo traustgerðum að ekki bili þótt þau hross sem í þeim eru kastist á vegg í sjógangi. Stúur og básar skulu gerðir úr traustu efni með sléttu yfirborði sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Stúuveggir og milligerðir skulu ekki vera lægri en hæð meðalhests á herðakamb. Við útbúnað stúa skal þess gætt að hrossin geti hvergi fest fætur milli bita og hvergi séu skarpir kantar eða horn sem valdið geta meiðslum á hrossunum.

Stúubreidd skal vera rúmlega hestlengd (2 m) svo nægilegt rými sé til gjafa og brynningar. Fyrir hvert fullvaxið hross skal ætla að lágmarki 1,5 m² rými og 70 cm breidd á jötu. Eigi má hafa fleiri en fjögur fullvaxin hross saman í hverri stú.

Greiður og öruggur gangur, að minnsta kosti 50 cm á breidd, skal vera að hverri stú, þannig að auðvelt sé að komast að hrossunum til gjafa, brynningar og eftirlits. Stúgólf skal gera eins stöm og frekast er unnt með nægjanlegum spónum eða háلمي. Þegar hross eru flutt með skipum skal þess gætt að þau snúi þvert í skipinu. Stóðhesta skal flytja sér í stúum og er heimilt að binda þá. Önnur hross skulu vera með múl en óbundin meðan á flutningi stendur. Hross skulu vera ójárnuð í flutningum.

14. gr.

Þegar hross eru flutt undir þiljum skal þess gætt að birta sé nægileg og jöfn svo unnt sé að hafa eftirlit með þeim. Lestar skulu hafa loftræstikerfi svo nóg loft sé í lestunum þótt þeim sé lokað til fulls í óveðrum. Fóður og vatn skal geymt svo nærri hrossunum að það sé ávallt tiltækt og gæta skal þess að fóðrið spillist ekki af sjó eða vatni.

Einangra skal sjúk eða slösuð hross svo þau verði ekki fyrir óþægindum af öðrum hrossum meðan á ferð stendur og veita þeim þá umönnun og læknishjálp sem við verður komið.

Hross, sem flutt eru ofan þilja, á tímabilinu 15. maí til 1. júní og 1. til 30. september skulu höfð í gámum, sem hægt er að loka með hlerum eða á annan traustan hátt og þeim þannig skýlt gegn sjó og veðri.

15. gr.

Skipstjóri á hverju skipi, sem flytur hross, skal sjá fyrir mannafla til að hirða hrossin, sem skulu fóðruð og þeim brynnt amk. með 8 tíma millibili meðan á ferð stendur.

Sá embættisdýralæknir sem hefur eftirlit með útflutningi hrossa á hverjum stað skal ganga úr skugga um að nægilegt fóður og drykkjarvatn sé í skipinu handa hrossunum á leiðinni. Skal fóður eigi vera minna en 7 kg af vel verkuðu, en ekki of kraftmiklu heyi á dag fyrir hvert fullorðið hross, miðað við áætlun skipsins og ætla skal hverju hrossi 20 lítra af vatni á dag.

Á skipinu skal vera tiltækt hentugt verkfæri til aflífunar ef gæslumenn þurfa að lóga hrossi vegna lemstra eða sjúkdóms.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 8. gr. laga nr. 55/2002 um útflutning hrossa. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/2002 um útflutning hrossa og búnaðarlögum nr. 70/1998 og öðlast gildi 1. júlí 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 220/1995 um útflutning hrossa ásamt síðari breytingum.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til 2. gr. laga um útflutning hrossa, nr. 55/2002, um að öll útflutningshross skuli vera örmerkt eða frostmerkt tekur gildi hinn 1. janúar 2003 skal merkja útflutningshross með bókstöfum og númeri sem klippt eru á vinstri síðu og glöggst skráð á múl hrossins. Númer skulu færð á skýrslu embættisdýralæknis, skýrslu flutningsaðila og í hestavegabréf skv. 10. gr. Númerin skulu samanstanda af tveimur bókstöfum og raðnúmeri. Fyrri bókstafurinn er einkennisstafur útflytjanda en síðari þess lands er hrossið verður flutt til. Bændasamtök Íslands úthluta þeim útflytjendum sem árlega flytja út fleiri en 10 hross sérstökum bókstaf jafnframt því sem þau ákveða bókstaf fyrir hvert land. Útflytjendur sem flytja út 10 hross eða færri nota allir bókstafinn X auk bókstafs innflutningslands og raðnúmer er Bændasamtök Íslands úthluta. Allir útflytjendur eru ábyrgir fyrir því að hrossin séu rétt merkt í samræmi við ákvæði þessarar greinar og skal embættisdýralæknir í útflutningshöfn líta eftir að svo sé.

Reglugerð

nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu, sbr. reglugerð nr. 659/2002, 564/2005 og 139/2006 um breytingu á henni.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að vernda ósonlagið í heiðhvolfinu með því að tryggja örugga meðhöndlun efna sem eyða ósonlaginu, minnka losun þeirra og hætta notkun.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um klórflúrkolefni (CFC), halóna, koltetraklóríð, 1,1,1-tríklóretan, metýlbrómíð, vetnisbrómflúrkolefni (HBFC), vetnisklórflúrkolefni (HCFC) og brómklórmetan, sbr. I. viðauka. Reglugerðin gildir um hrein efni, efni í blöndu með öðrum efnum enda sé þyngdarhlutfall þeirra hærra en 1% í blöndunni svo og vörur sem innihalda ósoneyðandi efni.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir.

Bráðanotkun: óhjákvæmileg notkun vissra ósoneyðandi efna eftir að almenn notkun þeirra hefur verið bönnuð.

Endurheimt: söfnun og geymsla efna til dæmis úr tækjum og búnaði í tengslum við þjónustu eða fyrir förgun.

Endurnýting: endurnotkun endurheimts efnis í kjölfar grunnhrensunar, til að mynda síunar og þurrkunar. Þegar um kælimiðla er að ræða felur endurnýtingin venjulega í sér að umrætt efni er sett í búnaðinn aftur.

Endurvinnsla: meðhöndlun og endurbætur á endurheimtu efni með hreinsun svo sem síun, þurrkun, eimingu og efnameðhöndlun í því skyni að endurgera efnið.

Markaðssetning: að afgreiða eða bjóða fram efni eða vörur til þriðja aðila, gegn greiðslu eða án endurgjalds.

Notkun: nýting efna sem reglugerðin nær til við framleiðslu einangrunar eða við viðhald búnaðar, þar með talin áfylling.

ODP-tonn: magn í tonnum margfaldað með ósoneyðingarmætti efnisins.

Ósoneyðandi efni: efni sem eyða ósonlaginu, sbr. I. viðauka.

Ósoneyðingarmáttur (ODP): hlutfallsleg geta efnanna til að brjóta niður óson í heiðholfinu miðað við tríklórflúormetan (CFC-11).

Söluaðili: aðili sem selur í atvinnuskyni, með eða án tækniþjónustu, efni eða vöru sem reglugerðin nær til.

4. gr.

Takmarkanir.

Framleiðsla, inn- og útflutningur, markaðssetning og notkun á efnum sem tilgreind eru í I. viðauka og vörum sem innihalda viðkomandi efni er bönnuð, sbr. þó ákvæði 5. til 8., 10. og 11. gr.

Óheimilt er að flytja inn eða setja upp búnað sem notar ósoneyðandi efni. Við meiri háttar breytingar og viðgerðir á kælikerfum fyrir HCFC-22 skal skipta yfir í kælimiðil sem hefur engin ósoneyðandi áhrif, sbr. reglugerð um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

5. gr.

Tímabundin heimild fyrir vetnisklórflúorkolefni.

Heimilt er til 1. janúar 2003 að flytja inn harðfroðueinangrun sem inniheldur HCFC, svo og HCFC til framleiðslu á slíkri einangrun, sbr. þó 12. gr. Óheimilt er að selja harðfroðueinangrun með HCFC eftir 1. janúar 2005.

Heimilt er til 1. janúar 2010 að flytja inn og nota HCFC í kæli- og varmadælukerfi, sem sett voru upp eða flutt til landsins fyrir 1. janúar 1996, sbr. þó 12. gr.

Árlegur heildarinnflutningur HCFC í ODP tonnum til landsins sætir takmörkunum, sbr. II. viðauka. Magnið sem heimilt er að flytja inn gildir á gefnu 12 mánaða tímabili.

Innflutningur HCFC skv. 1. og 2. mgr. er háður leyfi Hollustuverndar ríkisins. Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn HCFC skulu senda inn umsóknir til Hollustuverndar ríkisins fyrir

10. desember ár hvert vegna innflutnings á næsta ári. Við veitingu innflutningsheimilda til fyrirtækja skal taka mið af markaðshlutdeild þeirra undanfarin 5 ár. Óheimilt er að tollafgreiða efni og vörur skv. 1. og 2. mgr. nema fyrir liggja heimild Hollustuverndar ríkisins hverju sinni.

Heimilt að flytja út HCFC sbr. þó 12. gr.

6. gr.

Endurheimt, endurnýtt og endurunnin efni.

Bann samkvæmt 4. gr. nær ekki til notkunar á endurheimtu, endurnýttu og endurunnu halóni til bráðanotkunar, né til notkunar á slökkvikerfi skipa til 31. desember 2002.

Bann samkvæmt 4. gr. nær ekki til endurheimtra og enduruninna HCFC til 1. janúar 2015.

Við innflutning á endurheimtu eða endurunnu HCFC skal innflytjandi áður en til innflutnings kemur upplýsa Hollustuvernd ríkisins um það hvar efnið er endurrunnið og framvísa vottorði sem sýnir að efnið uppfylli gæðastaðla sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.

Óheimilt er að flytja inn og markaðssetja endurheimt og endurrunnið efni í einnota umbúðum. Umbúðir skulu þannig merktar að ekki leiki vafi á að um endurheimt eða endurrunnið efni sé að ræða.

7. gr.

Bráðanotkun halóna..

[Bráðanotkun halón 1301 er heimil í slökkvikerfum í eftirfarandi tilvikum:

- a. í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými og til varnar eldsneytistönkum,
- b. til að verja mannað rými og vélarrými í flutningaskipum sem eru eldri en frá árinu 2001 og flytja eldfima vökva og/eða lofttegundir,
- c. til að verja mannað rými í fjarskipta- og stjórnunarstöðvum hers eða annarra sem skipta sköpum fyrir þjóðaröryggi, og eru eldri en frá árinu 2001,
- d. til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 564/2005 sem var gefin út og tók gildi 20. júní 2005.

8. gr.

Búnaður með halónum.

[Óheimilt er að hafa halón á slökkvikerfum í skipum eða endurhlaða þau með halóni.]¹⁾

[Meðferð, endurhleðsla og önnur þjónusta handslökkvitækja með halón 1211 er bönnuð. Handslökkvitækjum með halón 1211 skal skilað til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur ekki til handslökkvitækja með halón 1211 til bráðanotkunar, sbr. 7. gr.]¹⁾

Eigi sér stað losun halóns, hvort sem er vegna elds eða óhapps, skal tilkynna það innan tveggja vikna til Hollustuverndar ríkisins.

Heimilt er að flytja út halón til bráðanotkunar, sbr. þó 12. gr. Samþykki Hollustuverndar ríkisins þarf fyrir fyrirhugaðri endurnotkun halóns eða flutningi þess úr landi.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 139/2006 sem gefin var út og tók gildi 20. febrúar 2006.

9. gr.

Skráning og innra eftirlit.

Inn- og útflytjendur, söluaðilar og notendur efna sem reglugerðin nær til bera ábyrgð á því að ákvæði reglugerðarinnar séu uppfyllt. Hver sá sem hefur með höndum efni sem tilgreind eru í I. viðauka eða tæki eða búnað sem inniheldur slík efni, skal viðhafa allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir losun þeirra út í umhverfið.

Losun á CFC, HCFC og halónum út í umhverfið, t.d. við viðhald, aftengingar, lekaprófanir eða brunaæfingar, er óheimil.

Þeir sem starfa við að þjónusta búnað með ósoneyðandi efnum skulu hafa nægilega þekkingu á meðferð og eðli ósoneyðandi efna og viðurkenndan tækjabúnað til að endurheimta og varðveita efnin. Hollustuvernd ríkisins heldur námskeið fyrir viðkomandi starfsmenn um meðhöndlun ósoneyðandi efna.

Við viðhald og aftengingu slökkvikerfa, varmadælna, og kælikerfa, þar með talinna heimilisískápa skal endurheimta ósoneyðandi efni á þeim. Safna skal efnunum saman með þar til gerðum viðurkenndum tækjabúnaði og koma þeim til endurvinnslu, endurnýtingar eða eyðingar. Söfnun kælimiðla skal fara fram við þau varmaskilyrði og með þeim tækjum sem tryggja að tæming kælikerfis verði fullnægjandi. Að öðru leyti vísast til reglugerðar um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

Árlega skal yfirfara kælikerfi með HCFC með kælimiðilsfyllingu yfir 3 kg. Meta skal árlegan leka kerfisins og ef lekinn er meiri en 25% af heildarfyllingu á ársgrundvelli skal tilkynna eftirlitsaðila um ástæður leka og aðgerðir til að bæta úr ástandi kerfisins.

Innflytjendur, útflytjendur og söluaðilar skulu halda skrá yfir allan innflutning, útflutning og sölu HCFC svo og vörur og búnað sem reglugerðin nær til. Upplýsingarnar skal senda til Hollustuverndar ríkisins fyrir 31. mars ár hvert fyrir árið á undan.

10. gr.

Endurheimta og förgun.

Efni sem tilgreind eru í I. viðauka skal endurheimta og þeim eytt með tækni sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir eða þau endurunnin eða endurnýtt í tengslum við þjónustu eða viðhald búnaðarins. Þetta á einnig við um búnað sem inniheldur ósoneyðandi efni áður en hann er tekinn í sundur eða honum fargað.

Við förgun skal meðhöndla ósoneyðandi efni sem spilliefni skv. reglugerð um spilliefni.

Heilmilt er að flytja ósoneyðandi efni út til förgunar eða endurvinnslu, sbr. þó 12. gr. Um útflutninginn fer skv. reglugerð um flutning spilliefna milli landa.

11. gr.

Undanþágur.

Þegar sérstakar ástæður mæla með getur umhverfisráðherra að fenginni skriflegri umsókn veitt tímabundnar undanþágur frá ákvæði 4. gr. að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin skal leita umsagnar Lyfjanefndar þegar um lyf er að ræða.

Í umsóknum um undanþágur sbr. 1. mgr. skal gerð grein fyrir fyrirhugaðri notkun og einnig hvers vegna ekki er mögulegt að nota önnur efni sem eru minna skaðleg fyrir umhverfið. Leggja skal jafnframt fram áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr mögulegri losun efnanna.

12. gr.

Takmörkun á innflutningi og útflutningi.

Óheimilt er að flytja inn HCFC eða vörur sem innihalda HCFC frá ríkjum sem ekki eru aðilar að Montrealbókuninni frá 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Óheimilt er að flytja út efni sem tilgreind eru í I. viðauka til ríkja sem ekki eru aðilar að Montrealbókuninni frá 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Undanþegin ákvæði 2. mgr. eru HCFC til 31. desember 2003.

13. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Eftirlit um borð í skipum er í höndum Siglingastofnunar Íslands og um borð í loftförum í höndum Flugmálastjórnar.

14. gr.

Viðurlög.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

Brot gegn reglugerðinni varða refsingu samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 29. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni ásamt síðari breytingum og 4. tl. 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum. Ennfremur að höfðu samráði við samgöngumálaráðuneytið hvað varðar þátt Siglingastofnunar Íslands og Flugmálastjórnar.

Einnig var höfð hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2037/2000 eins og henni var breytt með reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2038/2000 og 2039/2000.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 656/1997 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og reglugerð nr. 187/1999 um halónslökkvikerfi ásamt síðari breytingum.

I. VIÐAUKI

Efni sem reglugerðin gildir um.

	Efni		ODP
Klórflúorkolefni	CFCl3	(CFC-11)	1.0
	CF2Cl2	(CFC-12)	1.0
	C2F3Cl3	(CFC-113)	0.8
	C2F4Cl2	(CFC-114)	1.0
	C2F5Cl	(CFC-115)	0.6
	CF3Cl	(CFC-13)	1.0
	C2FCl5	(CFC-111)	1.0
	C2F2Cl4	(CFC-112)	1.0

	Efni		ODP
	C3FCI7	(CFC-211)	1.0
	C3F2Cl6	(CFC-212)	1.0
	C3F3Cl5	(CFC-213)	1.0
	C3F4Cl4	(CFC-214)	1.0
	C3F5Cl3	(CFC-215)	1.0
	C3F6Cl2	(CFC-216)	1.0
	C3F7Cl	(CFC-217)	1.0
Halónar	CF2BrCl	(halón-1211)	3.0
	CF3Br	(halón-1301)	10.0
	C2F4Br2	(halón-2402)	6.0
Koltetraklóríð	CCl4		1.1
1,1,1-tríklóretan	CCl3CH3		0.1
Metýlbrómíð	CH3Br		0.6
Brómklórmetan	CH2BrCl		1
Vetnisklórlúor-	CHFCl2	(HCFC-21)	fjöldi myndbrigða 1
kolefni	CHF2Cl	(HCFC-22)	1
	CH2FCI	(HCFC-31)	1
	C2HFCl4	(HCFC-121)	2
	C2HF2Cl3	(HCFC-122)	3
	C2HF3Cl2	(HCFC-123)	3
	CHCl2CF3	(HCFC-123)	-
	C2HF4Cl	(HCFC-124)	2
	CHFClCF3	(HCFC-124)	-
	C2H2FCI3	(HCFC-131)	3
	C2H2F2Cl2	(HCFC-132)	4
	C2H2F3Cl	(HCFC-133)	3
	C2H3FCI2	(HCFC-141)	3
	CH3CFCI2	(HCFC-141b)	-
	C2H3F2Cl	(HCFC-142)	3
	CH3CF2Cl	(HCFC-142b)	-
	C2H4FCI	(HCFC-151)	2
	C3HFCl6	(HCFC-221)	5
	C3HF2Cl5	(HCFC-222)	9
	C3HF3Cl4	(HCFC-223)	12
	C3HF4Cl3	(HCFC-224)	12
	C3HF5Cl2	(HCFC-225)	9
	CF3ClCF2CHCl2	(HCFC-225ca)	-
	CF2ClCF2CHClF	(HCFC-225cb)	-
	C3HF6Cl	(HCFC-226)	5
	C3H2FCI5	(HCFC-231)	9
	C3H2F2Cl4	(HCFC-232)	16
	C3H2F3Cl3	(HCFC-233)	18
	C3H2F4Cl2	(HCFC-234)	16
	C3H2F5Cl	(HCFC-235)	9
	C3H3FCI4	(HCFC-241)	12
	C3H3F2Cl3	(HCFC-242)	18
	C3H3F3Cl2	(HCFC-243)	18
	C3H3F4Cl	(HCFC-244)	12
	C3H4FCI3	(HCFC-251)	12

	Efni		ODP	
Vetnisbróm- flúorkolefni	C3H4F2Cl2	(HCFC-252)	16	0.005-0.04
	C3H4F3Cl	(HCFC-253)	12	0.003-0.03
	C3H5FCl2	(HCFC-261)	9	0.002-0.02
	C3H5F2Cl	(HCFC-262)	9	0.002-0.02
	C3H6FCl	(HCFC-271)	5	0.001-0.03
	CHFBr2 1			1.00
	CHF2Br	(HBFC-22B1)	1	0.74
	CH2FBr		1	0.73
	C2HFBr4		2	0.3-0.8
	C2HF2Br3		3	0.5-1.8
	C2HF3Br2		3	0.4-1.6
	C2HF4Br		2	0.7-1.2
	C2H2FBr3		3	0.1-1.1
	C2H2F2Br2		4	0.2-1.5
	C2H2F3Br		3	0.7-1.6
	C2H3FBr2		3	0.1-1.7
	C2H3F2Br		3	0.2-1.1
	C2H4FBr		2	0.07-0.1
	C3HFBr6		5	0.3-1.5
	C3HF2Br5		9	0.2-1.9
	C3HF3Br4		12	0.3-1.8
	C3HF4Br3		12	0.5-2.2
	C3HF5Br2		9	0.9-2.0
	C3HF6Br		5	0.7-3.3
	C3H2FBr5		9	0.1-1.9
	C3H2F2Br4		16	0.2-2.1
	C3H2F3Br3		18	0.2-5.6
	C3H2F4Br2		16	0.3-7.5
	C3H2F5Br		8	0.9-1.4
	C3H3FBr4		12	0.08-1.9
	C3H3F2Br3		18	0.1-3.1
	C3H3F3Br2		18	0.1-2.5
	C3H3F4Br		12	0.3-4.4
	C3H4FBr3		12	0.03-0.3
	C3H4F2Br2		16	0.1-1.0
	C3H4F3Br		12	0.07-0.8
	C3H5FBr2		9	0.04-0.4
	C3H5F2Br		9	0.07-0.8
	C3H6FBr		5	0.02-0.7

II. VIÐAUKI

Leyfilegur heildarinnflutningur vetnisklórflúorkolefna til Íslands.

Tímabil	ODP tonn
1. jan 2002 - 31. des 2002	8,4
1. jan 2003 - 31. des 2003	3,4
1. jan 2004 - 31. des 2004	2,3
1. jan 2005 - 31. des 2005	2,3
1. jan 2006 - 31. des 2006	2,3

1. jan 2007 - 31. des 2007	2,3
1. jan 2008 - 31. des 2008	1,9
1. jan 2009 - 31. des 2009	1,9
1. jan 2010 - 31. des 2010	0

III. VIÐAUKI

Tollflokkun ósoneyðandi efna samkvæmt tollskrá.

	Tollflokkur	
Tríklórflúormetan	2903.4100	CFC-11
Díklórdíflúormetan	2903.4200	CFC-12
Tríklórtríflúoretan	2903.4300	CFC-113
Díklórtetraflúoretan og klórpentaflúoretan	2903.4400	CFC-114, C-115
Klórtríflúormetan	2903.4510	CFC-13
Pentaklórflúoretan	2903.4520	CFC-111
Tetraklórdíflúoretan	2903.4530	CFC-112
Heptaklórflúorprópan	2903.4540	CFC-211
Hexaklórdíflúorprópan	2903.4550	CFC-212
Pentaklórtríflúorprópan	2903.4560	CFC- 213
Tetraklórtetraflúorprópan	2903.4570	CFC- 214
Tríklórpentaflúorprópan	2903.4580	CFC- 215
Díklórhexaflúorprópan	2903.4591	CFC- 216
Klórheptaflúorprópan	2903.4599	CFC- 217
Brómklórdíflúormetan, brómtríflúormetan og díbrómtetraflúoretan	2903.4600	Halón 1211, halón 1301, halón 2402
Aðrar perhalógen afleiður	2903.4700	Önnur halón
Koltetraklóríð	2903.1400	CCl4
1,1,1-tríklóretan	2903.1901	CCl3CH3
Metýlbrómíð	2903.3090	CH3Br
Brómklórmetan	2903.4910	CH2ClBr
Klórdíflúormetan	2903.4920	HCFC-22
Annað	2903.4990	R-141b og önnur HCFC og HBFC
Blöndur raðtengdra kolvatnsefna einungis með flúor eða klór	3824.7100	Blöndur með CFC
Aðrar blöndur raðtengdra kolvatnsefna með halógenum	3824.7900	Blöndur með halónum
Kælimiðlablöndur sem innihalda klórtetraflúoretan, klórflúoretan og klórdíflúormetan	3824.9005	Blöndur með HCFC-124, HCFC-151 og HCFC-22

Reglugerð

nr. 859/2002 um innflutning loðdýra.

1. gr.

Yfirstjórn og skilgreiningar.

Embætti yfirdýralæknis og héraðsdýralæknar annast eftirlit með því að reglum um heilbrigði, innflutning og einangrun loðdýra sé framfylgt.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Loðdýr eru minkar og refir, en einnig önnur dýr sem alin eru vegna verðmætis skinnanna, landbúnaðarráðherra sker úr um hvort dýrategund telst til loðdýra eða ekki.

Loðdýrarækt, þegar dýr eru alin vegna verðmætis skinnanna, eingöngu eða aðallega, enda skinnin ætluð til sölu.

Sóttvarnarstöð, nefnist hús eða aðstaða til geymslu á innfluttum loðdýrum, sem viðurkennd er af landbúnaðarráðuneytinu, að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

2. gr.

Innflutningur.

Óheimilt er að flytja til landsins loðdýr nema með leyfi landbúnaðarráðherra, að fenginni umsögn embættis yfirdýralæknis. Skrifleg umsókn skal send til landbúnaðarráðuneytisins ásamt upplýsingum um hvaðan dýrin koma, tegund, fjölda þeirra, kyn og aldur. Þau bú sem óskað er eftir að flytja dýr frá þurfa að hafa hlotið samþykki fagráðs í loðdýrarækt.

Óheimilt er að flytja inn læður sem átt hafa hvolpa.

Ekki er heimilt að veita innflutningsleyfi fyrir loðdýrum til Íslands nema fyrir liggi skriflegar upplýsingar heilbrigðisyfirvalda í viðkomandi landi um að eigi hafi orðið vart smitsjúkdóma undanfarin þrjú ár á því búi eða 5 km umhverfis það bú sem flytja á dýrin frá.

Öll þau bú eða staðir sem flutt er frá þurfa að vera og hafa verið laus við plasmacytosis (aleutian disease), refafár/minkafár (distemper) og veiruskitu í mink (mink viral enteritis) síðastliðin 3 ár. Einnig skulu dýr sem flutt verða inn prófuð fyrir plasmacytosis og veiruskitu í mink. Refur þarf auk þess að vera laus við refavanka (encephalitozoonosis, nosematosis) og maurakláða (scabies).

Auk þessa getur embætti yfirdýralæknis krafist frekari rannsókna eða annarra vottorða með viðkomandi dýrum eða búi telji yfirdýralæknir þörf á.

Óheimilt er að flytja til landsins dýr sem hafa verið bólusettt fyrir smitsjúkdómum. Heimilt er að flytja inn óbólusettt dýr frá búum sem hafa bólusettt til öryggis gegn smitsjúkdómum enda búið með vottorð þarlandra opinberra dýralækna um að enginn smitsjúkdómur hafi komið upp á viðkomandi búi og í nánasta umhverfi þess síðastliðin 3 ár. Við innflutning frá búum sem hafa bólusettt samkvæmt ofangreindu skal yfirdýralæknir setja fram kröfur um auknar sýnatökur bæði á þeim búum sem flutt er frá og meðan á einangrun stendur.

3. gr.

Skoðun.

Strax og dýrin koma til landsins skulu þau skoðuð af embættisdýralækni sem ganga skal úr skugga um að þau séu heilbrigð og að þeim fylgi tilskilin vottorð og aðrar þær upplýsingar sem krafist var er innflutningsleyfi var veitt.

4. gr.

Sóttvarnarstöð og einangrun.

Ef innflutt loðdýr reynast heilbrigð og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum skulu þau sett beint inn á áður viðurkennda sóttvarnarstöð. Dýrunum skal haldið í einangrun eins lengi og yfirdýralæknir telur nauðsynlegt, en eigi skemur en 24 vikur.

Sóttvarnarstöð fyrir loðdýr skal uppfylla öll skilyrði um dýrheldni búra og húsa samkvæmt reglugerð um aðbúnað loðdýra. Einnig skal húsið vera afgirt þannig að sauðfé, hross eða nautgripir komist ekki í snertingu við það.

Umgengisreglur skulu ákvarðast af yfirdýralækni hverju sinni og skal héraðsdýralæknir yfirfara og samþykkja aðstöðuna áður en innflutningsleyfi er veitt.

Úrgang frá einangrunarstöð má ekki fjarlægja fyrr en að lokinni einangrun og skal hann þá meðhöndlaður eins og annar úrgangur. Komi hins vegar upp sjúkdómur skal öllum úrgangi eytt samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis.

Að einangrunartíma loknum skal prófa alla minka sem selja á frá búinu fyrir plasmacytosis. Einnig skal prófa fyrir öðrum sjúkdómum sé þess talin þörf af yfirdýralækni.

Ef loðdýrabúi í rekstri er breytt í sóttvarnarstöð skulu gerðar til þess sömu kröfur og gerðar eru til sóttvarnarstöðva og skal búið sækja um leyfi til landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 7. gr. Allt búið telst vera í einangrun. Búið sem flutt er inn á skal hafa verið viðurkennt A-bú samkvæmt reglugerð um aðbúnað loðdýra 3 síðastliðin ár þar á undan. Áður en einangrun er aflétt skulu öll fullorðin dýr (eldri en 6 mánaða), á búinu og/eða ásetningsdýr prófuð fyrir plasmacytosis. Einnig skal prófa fyrir öðrum sjúkdómum sé þess talin þörf af yfirdýralækni.

5. gr.

Leyfisveiting og afturköllun leyfis.

Allir þeir sem reka sóttvarnarstöð fyrir loðdýr, skulu hafa til þess skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins. Umsókn um leyfi til þess að reka sóttvarnarstöð, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem aflar umsagnar yfirdýralæknis. Ennfremur skal fylgja umsókn lýsing á stærð og gerð húsnaðis stöðvarinnar.

Landbúnaðarráðuneytið getur afturkallað leyfi til reksturs sóttvarnarstöðvar, ef ástæða þykir til t.d. vegna sjúkdóma eða alvarlegra eða ítrekaðra brota á settum reglum, án þess að bætur komi fyrir.

Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða getur landbúnaðarráðuneytið, að fengnum tilmælum yfirdýralæknis, einnig látið lóga bótalaust, á kostnað eiganda, öllum þeim dýrum sem í einangrun eru.

6. gr.

Framkvæmd einangrunar.

Í upphafi einangrunar skal yfirdýralæknir afhenda eiganda eða umráðamanni dýranna skrifleg fyrirmæli um hvaða varúðarráðstafanir séu nauðsynlegar til að varna því að smit-sjúkdómar berist frá eða í hin innfluttu dýr og hvernig haga beri sýnatökum meðan á einangrun stendur. Hundahald á einangrunarstöð er bannað meðan á einangrun stendur. Ketti sem haldið er á einangrunarbúum skal bólusetja fyrir kattafári (feline panleukopenia).

Meðan innflutt dýr eru í einangrun skulu þau skoðuð reglulega af embættisdýralækni samkvæmt nánari fyrirmælum yfirdýralæknis. Eigandi eða umráðamaður skal veita nauðsynlega aðstoð við skoðun dýranna. Umráðamaður dýranna skal án tafar gera embættisdýralækni viðvart ef upp kemur sjúkdómur í dýrunum. Öll hræ skal senda strax til rannsóknar. Embættisdýralæknir

hlutast til um, í samráði við yfirdýralækni, að staðfest sé um hvaða sjúkdóm sé að ræða. Skal hann í samráði við yfirdýralækni þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu og tjón af völdum sjúkdómsins.

7. gr.

Smitsjúkdómar.

Komi upp smitsjúkdómur í innfluttum loðdýrum meðan þau eru í einangrun er landbúnaðarráðherra, að fenginni tillögu yfirdýralæknis, heimilt að láta lóga öllum dýrum í einangrunarstöðinni bótalaust, á kostnað eiganda. Hræjum og öðru er smithætta getur stafað af skal eyða á tryggilegan hátt að fyrirmælum yfirdýralæknis og er eiganda innfluttu dýranna skylt að leggja fram nauðsynlega vinnu við hreinsun og sóttgreinsun að lokinni slátrun.

Sé talið nauðsynlegt að eyða búrum eða öðrum útbúnaði skal það gert á kostnað eiganda, bótalaust af hálfu ríkissjóðs.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um innflutning dýra nr. 54/1990 og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998.

Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði 3.-10. gr. reglugerðar um loðdýrarækt og innflutning loðdýra nr. 444/1982. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Reglugerð

nr. 902/2002 um ráðstöfun afgangsvöru varnarliðsins.

1. gr.

Öll umsýsla er fylgir sölu á afgangsvörum varnarliðsins og liðsmanna þess, öðrum en byggingum og mannvirkjum, er í höndum sýslumannsembættisins á Keflavíkurlflugvelli.

Með afgangsvöru er átt við alla þá vöru, búnað, bifreiðar, tæki og mannvirki sem varnarliðið eða liðsmenn þess óska eftir að selja á Íslandi og hafa aflað til að sinna verkefnum varnarliðsins eða í einkabágu og hefur verið undanþegin greiðslu opinberra gjalda með heimild í lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess og lögum nr. 82/2000, um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

2. gr.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins annast sölu á byggingum og mannvirkjum sem eru í eigu varnarliðsins og ekki telst nauðsynlegt að rífa, auk leigu eða sölu á landrými vegna landsskila á varnarsvæðum í samræmi við reglur um ráðstöfun eigna ríkisins.

3. gr.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurlflugvelli skal hafa eftirlit með sölu á allri annarri afgangsvöru frá varnarliðinu á Keflavíkurlflugvelli.

Sýslumannsembættið skal með sama hætti hafa eftirlit með sölu á bifreiðum, vélum, tækjum og búnaði sem liðsmenn varnarliðsins hafa flutt til landsins án greiðslu opinberra gjalda og óska að selja á Íslandi.

4. gr.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli skal sinna innheimtu allra opinberra gjalda af sölu varnarliðsins eða liðsmanna þess, skv. 3. gr., á allri afgangsvöru, þar með töldum bifreiðum, vélum, tækjum og búnaði, til innlendra aðila. Við tollmeðferð slíks varnings skulu gilda ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, um vörur sem eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, hvað varðar tollverðsákvörðun, álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda, lögveðsrétt, tolleftirlit og refsíákvæði.

5. gr.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli skal í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins setja nánari reglur um fyrirkomulag sölu afgangsvöru skv. 3. gr.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, sbr. lög nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. og öðlast gildi hinn 1. janúar 2003. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 227/1995, um Umsýslustofnun varnarmála.

Reglugerð

nr. 535/2003 um verðjöfnun við útflutning á fullnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráfni, sbr. reglugerð nr. 422/2005 (1. br.) um breyting á henni.

1. gr.

Við útflutning á fullnum vörum sem innihalda að einhverjum hluta þau innlendu hráfni sem talin eru upp í 3. gr., er heimilt að greiða mismun á verði viðkomandi hráefna á heimsmarkaði og innanlands til verðjöfnunar. Með útflutningi er í reglugerð þessari átt við sölu vöru til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymslu fyrir för í millilandaferðum eða á varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.

2. gr.

Til að verðjöfnun nái til vörunnar skal hún falla undir eftirfarandi vöruliði²⁾ og tollskrárnúmer, sbr. viðauka I við lög nr. 55/1987 með síðari breytingum:

0403.1011	1517.1001	1806.9011	1902.3021	2105.0011
0403.1012	1517.9002	1806.9023	1902.3031	2105.0019
0403.1013	1601.0022	1806.9025	1902.3041	2106.9041

0403.1019	1601.0023	1806.9026	1902.4021	2106.9048
0403.1021	1602.xxxx	1806.9028	1905.9011	2106.9059
0403.1022	1604.xxxx	1806.9029	1905.9051	2106.9064
0403.1029	1806.2003	1806.9039	1905.9090	2202.9011
0403.9011	1806.2004	1901.2017	2103.9051	2202.9012
0403.9012	1806.2005	1901.2023	2103.9052	2202.9013
0403.9013	1806.2006	1901.2024	2104.1011	2202.9014
0403.9014	1806.3101	1902.2021	2104.1012	2202.9015
0403.9019	1806.3109	1902.2022	2104.1021	2202.9016
0403.9021	1806.3202	1902.2031	2104.1022	2202.9017
0403.9022	1806.3203	1902.2041	2104.2001	2202.9019
0403.9029	1806.3209	1902.2042	2104.2002	
1905.9019 ¹⁾	1905.9040 ¹⁾			

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 422/2005. 2) Tollskárnúmer ber að skoða í ljósi breytinga á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

Greiddsla verðjöfnunar fyrir ofangreindar vörur fer eftir því magni landbúnaðarhræfnis sem notað er við framleiðslu viðkomandi vöru og verðjafnað er fyrir, sbr. 3. gr. Þó er ekki heimilt að verðjafna ef magn sérhverrar hræfnistegundar er umfram 60% af heildarpunga.

3. gr.

Upphæð verðjöfnunar á hvert kíló hvernar tegundar hræfnis er mismunur á innlendu og erlendu viðmiðunarverði í samræmi við neðangreinda töflu:

Landbúnaðarhræfni	Innlent viðmiðunarverð	Erlent viðmiðunarverð	Verðjöfnun
	kr./kg/l	kr./kg/l	kr./kg/l
Mjólk	60	26	34
Undanrenna	60	7	53
Rjómi 36%	529	250	279
Nýmjólkurduft	350	99	251
Undanrennuduft	339	66	273
Smjör	259	115	144
Ostur	717	266	451
Egg, skurnlaus	298	131	167
Nautgripakjöt beinlaust	576	279	297
Kindakjöt beinlaust	609	413	196
Svínakjöt beinlaust	455	111	344
Kjúklíngakjöt, beinlaust	625	564	61

Í þeim tilfellum þegar afskurður af kjöti er notaður sem hráefni, t.d. í hakk, fars o.þ.h. skal nota margföldunarstuðulinn 0,65 við útreikning verðjöfnunar.

4. gr.

Sækja skal um heimild til verðjöfnunar til landbúnaðarráðuneytisins eigi síðar en ári eftir að útflutningur á sér stað. Sækja skal sérstaklega um verðjöfnun fyrir hverja vörutegund. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði skal innihalda upplýsingar um:

- a. Umsækjanda/útflytjanda.
- b. Tollflokkun vöru.
- c. Uppskrift sem gerir grein fyrir hráefnanotkun og samsetningu vöru.

Ráðuneytið getur krafist annarra gagna ef þörf krefur. Ráðuneytið heimilar greiðslu verðjöfnunar fyrir viðkomandi vöru að uppfylltum skilyrðum reglugerðarinnar og reiknar út upphæð verðjöfnunar á hvert kíló viðkomandi vörutegundar. Ráðuneytið tilkynnir umsækjanda og tollstjóranum í Reykjavík ákvörðun sína þar sem fram kemur tilvísunarnúmer vegna heimildar til verðjöfnunar. Verðjöfnunarheimild er að hámarki veitt til tveggja ára í senn.

5. gr.

Sé þess óskað skal umsækjandi afhenda ráðuneytinu sýnishorn af vörum sem verðjöfnun nær til. Ennfremur skal framleiðandi viðkomandi vöru halda nákvæmt bókhald yfir magn og verð þeirra hráefna sem notuð eru til framleiðslunnar og láta þær upplýsingar ráðuneytinu í té, sé þess óskað. Umsækjanda ber skylda til að tilkynna breytingar á hráefnisnotkun til ráðuneytisins sem gefur út nýja heimild til verðjöfnunar ef ástæða er til.

6. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík annast greiðslu verðjöfnunar. Umsækjandi sækir um greiðslu verðjöfnunar til tollstjórans í Reykjavík eða tollstjóra í umdæmi útflutningshafnar sem framsendir umsókn til tollstjórans í Reykjavík. Tollstjóri skal greiða verðjöfnun á vöru sem flutt hefur verið út í samræmi við verðjöfnunarheimild, sbr. 4. gr., enda sé sýnt fram á með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að útflutningur hafi átt sér stað t.d. með framvísun útflutningsskýrslu eða framvísun á sölureikningi með áritaðri staðfestingu tollgæslu.

Í umsókn skal koma fram tilvísunarnúmer vegna heimildar til verðjöfnunar og farmskráarnúmer vegna útflutnings vörunnar. Tollstjórinn í Reykjavík getur krafist annarra gagna sem hann telur nauðsynleg. Greiðsla verðjöfnunar skal eiga sér stað innan viku frá því að fullnægjandi gögn hafa borist honum, sbr. reglugerð nr. 228/1993 um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra.

Upphæð verðjöfnunar skal reiknuð samkvæmt þeim reglum sem í gildi voru er útflutningur átti sér stað.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi sem upp kann að koma vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 85. gr. A. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 259/1996, með síðari breytingum.

Reglugerð

nr. 748/2003 um snyrtivörur, sbr. reglugerð nr. 870/2004, 385/2005, 320/2006, 738/2006, 158/2007, 427/2009, 879/2009, 353/2010 og 837/2010 um breytingu á henni.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til framleiðslu, innflutnings, dreifingar, notkunar, innihalds og merkinga snyrtivara ásamt kynningu þeirra. Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til vöru sem fellur undir lyfjalög nr. 93/1994.

2. gr.

Snyrtivörur eru efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannlíkamann s.s. hörund, hár, neglur, varir, ytri kynfæri, tennur eða slímhimnu í munni.

Snyrtivörum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamsþef eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi.

Í 1. viðauka við reglugerð þessa er leiðbeinandi listi yfir flokka snyrtivara.

Takmarkanir.

3. gr.

[Snyrtivörur mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðlegar heilsu manna.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða dreifa snyrtivörum sem innihalda efni sem flokkast sem Carc 1 eða 2, Rep 1 eða 2, Mut 1 eða 2 og fá varnaðarmerkin sterkt eitur (Tx) eða eitur (T) samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Snyrtivörur sem innihalda önnur eiturefni í það miklu magni að þær flokkast sem eitur, samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, mega ekki vera á markaði til almenningsnota, nema það sé sérstaklega heimilað annars staðar í þessari reglugerð.]¹⁾

1) Rgr. 870/2004, 1. gr.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða dreifa snyrtivörum sem innihalda:

- a) Efni sem talin eru upp í 2. viðauka. Þó eru leyfar af efnum í 2. viðauka heimilar í snyrtivörum ef tæknilega er ókleift að komast hjá efnaleyfum þrátt fyrir góða framleiðsluhætti.
- b) Efni sem talin eru upp í 3. viðauka ef þau eru notuð utan þeirra marka eða án þeirra skilyrða sem þar er kveðið á um.
- c) Litarefni önnur en þau sem tilgreind eru í 4. viðauka. Litarefnin ber að nota innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Snyrtivörur sem eingöngu eru ætlaðar til hárlitunar eru undanþegnar þessu ákvæði.
- d) Rotvarnarefni önnur en þau sem tilgreind eru í 5. viðauka. Rotvarnarefnin ber að nota innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Heimilt er í sérstökum tilgangi að nota efni sem merkt eru með (x) í 5. viðauka í öðrum styrk en mælt er fyrir um, ef tilgangurinn kemur greinilega fram í kynningu vörunnar.
- e) Efni til síunar útfjólublárra geisla önnur en þau sem tilgreind eru í 6. viðauka. Efnin sem ætluð eru til síunar útfjólublárra geisla ber að nota innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um.
- f) [Efni og efnablöndur, þ.m.t. fullunnar snyrtivörur, sem prófaðar hafa verið á dýrum eftir að fram hafa komið aðrar samsvarandi nothæfar prófunaraðferðir, sem ekki byggjast á dýratilraunum. Prófunaraðferðir sem hafa verið samþykktar á Evrópska efnahagssvæðinu eru birtar í 10. viðauka með reglugerð þessari og í fylgiskjali 8 við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Frá 11. mars 2009 er óheimilt að markaðssetja snyrtivörur, ef þær eða innihaldsefni þeirra hafa verið prófuð á dýrum óháð því hvort aðrar samsvarandi prófunaraðferðir hafa komið fram. Markaðssetning er þó heimil til 11. mars 2013, þegar um er að ræða prófanir á eiturrhifum við endurtekna notkun eða á skaðlegum áhrifum á æxlun.]¹⁾

1) [Rgr. 385/2005, 1. gr.](#)

Merkingar.

5. gr.

Við merkingu og kynningu snyrtivara skal hafa til hliðsjónar að þær mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðlegar heilsu manna. Þess skal einnig gætt að ekki sé notað orðalag, heiti, ímyndir eða önnur tákni, sem gefa til kynna eiginleika sem snyrtivörur hafa ekki.

[Framleiðandi eða umboðsaðili á Evrópska efnahagssvæðinu getur því aðeins vakið athygli á því á umbúðum eða í upplýsingum sem fylgja með vörunni að engar dýratilraunir hafi verið gerðar, ef framleiðandinn og birgjar hans hafa hvorki gert eða látið gera dýratilraunir á fullunnu vörunni eða frumgerð hennar eða neinum af innihaldsefnum hennar né notað innihaldsefni sem einhver annar hefur prófað á dýrum í þeim tilgangi að þróa nýjar snyrtivörur.]¹⁾

1) [Rgr. 385/2005, 2. gr.](#)

6. gr.

Ílát og umbúðir snyrtivara skulu merktar með óafmáanlegu, auðlæsilegu og greinilegu letri. Merkingar skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Þó skulu notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir, skv. 3., 5. og 6. viðauka, vera á

íslensku nema ef eingöngu er um að ræða upptalningu á innihaldsefnum þá er heimilt að hafa áletrunina á Norðurlandamáli öðru en finnsku.

Snyrtivörur á úðabrusum skulu vera merktar í samræmi við sérákvæði um merkingar í reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

7. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á íláti og umbúðum fyrir snyrtivörur:

- a) Nafn og heimilisfang framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu.
- b) Nettómagn vörunnar við pökkun hennar gefið upp í einingum metrakerfisins (kg, g, l, ml) nema innihaldið sé minna en 5 g eða 5 ml. Umbúðir ókeypis sýna eða innri umbúðir utan um einstaka skammta eru undanþegin þessum kröfum.
- c) [Lágmarksgeymsluþol, með orðunum: „best fyrir“ og þar á eftir annaðhvort dagsetning eða upplýsingar um hvar dagsetninguna er að finna á umbúðunum.
Dagsetningin skal vera greinileg og tilgreina annaðhvort mánuð og ár eða dag, mánuð og ár, í þeirri röð. Ef nauðsynlegt er skal bæta við þessar upplýsingar ábendingu um skilyrði sem þarf að uppfylla til að hægt sé að ábyrgjast tilgreint geymsluþol.
Upplýsingar um dagsetningu fyrir geymsluþol þarf ekki fyrir snyrtivörur sem hafa meira geymsluþol en 30 mánuði. Fyrir slíkar vörur skal tilgreina tímabilið sem notandinn getur notað vöruna sér að skaðlausu eftir að umbúðirnar hafa verið opnaðar. Tilgreina skal þessar upplýsingar með tákni sem birt er í 9. viðauka og á eftir því skal koma tímabilið í mánuðum og/eða árum.]¹⁾
- d) Sérstakar varúðarráðstafanir sem viðhafa skal við notkun sem tilgreindar eru í dálkinum „notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir“ í 3., 5., og 6. viðauka skulu prentaðar á umbúðir, sbr. 6. gr. Ef framangreindum áletrunum verður ekki við komið skulu þær koma fram á fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti sem fylgir íláti og umbúðum og skal það gefið til kynna á umbúðum og íláti annaðhvort með styttnum upplýsingum eða tákni, sbr. 8. viðauka.
- e) Númer framleiðslulotu eða framleiðslunúmer. Ef vörur eru í smáum ílátum er nægjanlegt að þessar upplýsingar komi fram á ytri umbúðum.
- f) Tilætluð notkun vörunnar, nema það komi skýrt fram í kynningu hennar.
- g) Innihaldsefni snyrtivara við framleiðslu í röð eftir minnkandi magni, sbr. 8., 9. og 10. gr. Listinn yfir efnin beri yfirskriftina „innihaldsefni“ (ingredients).
Ef þessu verður ekki við komið skal innihald vörunnar tilgreint á fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti sem fylgir íláti og umbúðum og skal það gefið til kynna á umbúðum og íláti annaðhvort með styttnum upplýsingum eða tákni, sbr. 8. viðauka.

1) Rgr. 870/2004, 2. gr.

8. gr.

Heimilt er að tilgreina innihaldsefni að styrkleika undir 1% á íláti og umbúðum í hvaða röð sem er á eftir efnunum sem eru yfir 1% að styrkleika.

Heimilt er að tilgreina litarefni í hvaða röð sem er á eftir öðrum innihaldsefnum.

Eftirfarandi efni eru ekki talin til innihaldsefna:

- a) Óhreinindi í hráefnum sem notuð eru.
- b) Tæknileg hjálparefni sem eru notuð við framleiðslu en eru ekki í fullunninni vöru.
- c) Efni sem eru aðeins notuð í takmörkuðu magni sem leysar eða burðarefni fyrir efnablöndur sem gefa ilm eða angan.

9. gr.

[Innihaldsefni sem skráð eru á ílát og umbúðir skal tilgreina með heiti í samræmi við nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara INCI¹. Ef slíkt heiti er ekki til skal nota efnaheiti, CTFA²-heiti, heiti í Evrópsku lyfjaskránni, heiti samkvæmt tilmælum WHO³, EINECS⁴-, IUPAC⁵-, CAS⁶- eða CI⁷-númer (litaskrárnúmer).

Fyrir efnablöndur sem gefa ilm og angan og þau hráefni sem þær eru unnar úr nægir að nota orðin „ilmefni“ eða „lyktarefni“ („perfume“ eða „aroma“), þar sem þeirra er getið í lista yfir innihaldsefni, sbr. g) lið 7. gr. Þó skal geta þeirra efna með nafni sem krafist er að tilgreind séu í dálkinum „aðrar takmarkanir og kröfur“ í 3. viðauka.

Fyrir snyrtivörur sem framleiddar eru í mörgum litbrigðum er heimilt að skrá öll litarefni á merkimiðann að því tilskildu að orðunum „getur innihaldið“ („may contain“) eða tákningu „+/-“ sé bætt við fyrir framan.¹⁾

1. INCI: International Nomenclature Cosmetic Ingredient.
2. CTFA: Cosmetic, Toiletry and Fragrance Association in USA.
3. WHO: World Health Organization – Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin.
4. EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances – Evrópuskrá yfir markaðssett efni.
5. IUPAC: International Union of Pure and Applied Chemistry.
6. CAS: Chemical Abstract Service.
7. CI: Color-Index – Litaskrá, sbr. Rowe Index, 3. útgáfa, Society of Dyers and Colourists, Bradford, England 1979.

1) [Rgr. 870/2004, 3. gr.](#)

10. gr.

Þar sem því verður ekki við komið að birta upplýsingarnar sem um getur í g-lið 7. gr. á íláti, umbúðum, fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti, vegna stærðar, gerðar eða lögunar vörunnar, t.d. þegar um er að ræða sápu, baðkúlur og aðrar smávörur, skal birta þær í tilkynningu við ílátið þar sem viðkomandi snyrtivara er til sýnis og sölu.

Undanþágur frá merkingum.

11. gr.

Þegar snyrtivara er markaðssett á Íslandi og um er að ræða fyrstu markaðssetningu hennar á Evrópska efnahagssvæðinu er framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanni heimilt vegna viðskiptaleyndar að sækja um undanþágu frá ákvæðum um merkingu með upplýsingum um ákveðin innihaldsefni, sbr. g-lið 7. gr. Sækja skal um undanþáguna áður en varan er sett á markað og skal umsóknin send Umhverfisstofnun.

12. gr.

Umsókn um undanþágu frá innihaldsmerkingum, skv. 11. gr., skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- a) Nafn umsækjanda og/eða heiti fyrirtækis.
- b) Heimilisfang umsækjanda.
- c) Nákvæmar upplýsingar um innihaldsefni sem undanþágan á að ná til, þar með talið:
 - 1) CAS-, EINECS- og CI-númer, almennt efnaheiti, IUPAC-heiti, INCI-heiti, heiti í Evrópsku lyfjaskránni og heiti samkvæmt tilmælum WHO,
 - 2) ELINCS⁸-heiti og númer sem efninu er úthlutað ef tilkynnt hefur verið um það í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE⁹, ásamt upplýsingum um samþykki eða synjun umsóknar um undanþágu samkvæmt 19. gr. þeirrar tilskipunar.

Ef heiti eða númer sem um getur í 1. og 2. tölul. hér að framan eru ekki til, t.d. þegar um er að ræða náttúruleg innihaldsefni, skal getið um heiti undirstöðuefnis, heiti plöntu- eða dýrahlutans sem efnið er unnið úr svo og heiti hjálpar- og burðarefna, t.d. leysiefna.
- d) Mat á öryggi fullunninnar vöru með tilliti til heilsu manna. Taka skal mið af efnafræðilegri byggingu og áhrifum innihaldsefna á heilsu ásamt notkunarsviði vörunnar.
- e) Fyrirhuguð notkun efnisins, einkum upplýsingar um vöruflokka sem það er ætlað í.
- f) Ítarleg greinargerð um ástæður fyrir því að sótt er um undanþágu.
- g) Heiti allra vörutegunda sem nota á efnið eða efnin í, séu þau þekkt, ásamt nákvæmum upplýsingum um sérhvert vöruheiti. Ef varan hefur ekki fengið nafn má tilkynna það síðar, þó eigi síðar en 15 dögum áður en hún er sett á markað. Ef efnið er notað í margar vörutegundir er nægilegt að leggja fram eina umsókn, að því tilskildu að Umhverfisstofnun fái skýrar upplýsingar um hverja vörutegund fyrir sig.
- h) Yfirlýsing þar sem fram kemur hvort sams konar umsókn vegna viðkomandi efnis hefur verið send lögbæru yfirvaldi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu ásamt upplýsingum um niðurstöðu þeirrar umsóknar.

8 ELINCS: European List of Notified Chemical Substances – Evrópuskrá yfir tilkynnt efni.

9 Stjórið. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1.

13. gr.

Umhverfisstofnun skal taka umsókn um undanþágu til umfjöllunar og tilkynna umsækjanda ákvörðunina skriflega innan fjögurra mánaða frá því umsókn berst. Við sérstakar aðstæður er heimilt að lengja umfjöllun um umsókn um allt að tvo mánuði en skal þá tilkynna umsækjanda það skriflega og hvenær ákvörðun muni liggja fyrir.

Ef umsókn er samþykkt skal senda umsækjanda skráningartölu sem vörunni er úthlutað. Skráningartalan skal koma fram í innihaldslýsingu í stað innihaldsefnis vörunnar sem um ræðir, sbr. g-lið 7. gr.

Sé umsækjanda synjað um undanþágu skal það rökstutt og skulu umsækjanda látnar í té upplýsingar um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfrest.

14. gr.

Allar breytingar á upplýsingum, sem lagðar hafa verið fram skv. 12. gr., skulu sendar svo skjótt sem verða má til Umhverfisstofnunar.

Verði breytingar gerðar á heitum snyrtivara með umræddu efni skal tilkynna það Umhverfisstofnun eigi síðar en 15 dögum áður en vörurnar eru markaðssettar undir nýju heiti.

Umhverfisstofnun er heimilt að fella undanþágu úr gildi með hliðsjón af breytingunum sem um getur í 1. mgr. eða ef þörf krefur vegna nýrra upplýsinga, einkum ef þær varða heilsu manna. Slík ákvörðun skal tilkynnt umsækjanda innan þess frests og í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 13. gr.

15. gr.

Veitt undanþága gildir í 5 ár. Ef aðili sem fengið hefur undanþágu telur að sérstakar ástæður séu til þess að lengja gildistíma undanþágunnar getur hann lagt fram rökstudda umsókn um slíka beiðni til Umhverfisstofnunar.

Úrskurða skal um umsókn um framlengingu gildistímans innan sama frests og með sömu skilyrðum og um getur í 13. gr.

Gildistíma undanþágu má ekki framlengja lengur en þrjú ár.

Tilkynningaskylda, starfsleyfi, eftirlit og rannsóknir.

16. gr.

Þegar snyrtivara er markaðssett á Íslandi og um er að ræða fyrstu markaðssetningu á Evrópska efnahagssvæðinu skal framleiðandi, innflytjandi eða umboðsmaður tilkynna Umhverfisstofnun um heimilisfang framleiðanda snyrtivörunnar eða heimilisfang þess aðila sem annast innflutning hennar áður en hún er sett á markað.

17. gr.

Fyrirtæki sem framleiðir snyrtivörur skal hafa starfsleyfi í gildi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. ákvæði í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Verslun með snyrtivörur, bæði heildsala og smásala, skal hafa starfsleyfi í gildi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. ákvæði í reglugerð um hollustuhætti.

18. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

19. gr.

Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsmaður snyrtivara skal hafa eftirfarandi upplýsingar tiltækar fyrir eftirlitsaðila:

- a) Efnasamsetningu vörunnar. Þegar um er að ræða ilmvötn eða ilmgefandi blöndur skal einnig koma fram heiti og flokkunarnúmer ilmefnablöndu ásamt upplýsingum um birgja.
- b) Eðlisefna- og örverufræðilegar tækniforskriftir hráefna og fullunninna vara, hreinleika efnanna og vottorð um örverufræðilegt eftirlit sem gilda fyrir viðkomandi snyrtivörur.
- c) Framleiðsluáðferð í samræmi við góða framleiðsluhætti.
- d) [Mat á öryggi fullunninnar snyrtivöru með tilliti til heilsu manna. Taka skal mið af efnufræðilegri byggingu og áhrifum innihaldsefna á heilsu ásamt notkunarviði vörunnar. Taka skal sérstakt tillit til þess hvar á líkamann varan skal notuð og hver markhópurinn

er. Meðal annars skal vera sérstakt mat fyrir snyrtivörur sem ætlaðar eru börnum yngri en þriggja ára og fyrir snyrtivörur sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar útvortis á viðkvæmum stöðum líkamans.]²⁾

- e) Nafn og heimilisfang eins eða fleiri einstaklinga sem annast matið, sbr. d-lið.
- f) Fyrirliggjandi upplýsingar um óæskileg áhrif á heilsu manna vegna notkunar viðkomandi snyrtivöru.
- g) Gögn er staðfesta verkun sem viðkomandi vara er sögð hafa ef eðli vörunnar eða áhrifanna gefa tilefni til.
- [h) Gögn um allar prófanir á dýrum sem hafa verið framkvæmdar við þróun vörunnar eða öryggismat á henni eða innihaldsefnum hennar, þ.m.t. allar prófanir á dýrum sem hafa verið gerðar til að uppfylla kröfur í lögum eða reglum landa utan Evrópska efnahagssvæðisins.]¹⁾

1) Rgr. 385/2005, 3. gr. 2) Rgr. 870/2004, 4. gr.

20. gr.

Rannsóknir á efnainnihaldi snyrtivara skulu framkvæmdar samkvæmt ákvæðum tilskipana um greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, sbr. 7. viðauka.

21. gr.

Umhverfisstofnun skal ef svo ber undir annast rannsóknir vegna opinbers eftirlits með snyrtivörum. Stofnunin getur þó falið öðrum viðurkenndum rannsóknastofnunum, innlendum eða erlendum, að annast slíkar rannsóknir. Farið skal með niðurstöður rannsókna sem trúnaðarmál.

22. gr.

Hafi eftirlitsaðili rökstudda ástæðu til að ætla að tiltekna snyrtivörur, þrátt fyrir að uppfylla skilyrði reglugerðar þessarar, geti skaðað heilsu manna, þá er honum heimilt að stöðva sölu eða takmarka dreifingu vörunnar tímabundið á meðan rannsókn, sem ekki skal taka lengri tíma en fjórar vikur, fer fram. Þó er heimilt að framlengja þennan frest um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að stöðvun sölu eða takmörkun á dreifingu vöru verði framlengd.

Telji eftirlitsaðili eftir rannsókn á snyrtivöru þeirri sem sala hefur verið stöðvuð á eða dreifing hennar takmörkuð, að hún sé skaðleg heilsu manna þá er honum heimilt með rökstuðningi að stöðva sölu og dreifingu vörunnar. Framleiðandi eða innflytjandi ber kostnað vegna þeirra sýnishorna sem send eru til rannsóknar svo og allan kostnað af afturköllun vöru. Framleiðandi eða innflytjandi ber allan kostnað af tilkynningu um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningu í fjölmiðlum.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

23. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að snyrtivörur hér á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

24. gr.

Með brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. gr. A laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 1. til 8. tölul. XVI. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, ásamt breytingum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE, 83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE, 91/184/EBE, 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE, 93/47/EBE, 94/32/EB, 95/17/EB, 95/34/EB, 96/41/EB, 97/1/EB, 97/18/EB, 97/45/EB, 98/16/EB og 98/62/EB, 2000/6/EB, 2000/11/EB, 2000/41/EB, 2002/34/EB, 2003/1/EB og 2003/16/EB svo og tilskipun 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE, 95/32/EB og 96/45/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 776/1998, um snyrtivörur, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Snyrtivörur sem uppfylla kröfur samkvæmt eldri reglugerð um snyrtivörur nr. 776/1998, með síðari breytingum, en uppfylla ekki nýjar kröfur í 2., 3. og 6. viðauka reglugerðar þessarar, mega vera á markaði til 15. apríl 2004.

1. VIÐAUKI

Leiðbeinandi listi yfir flokka snyrtivara.

2. VIÐAUKI

Listi yfir efni sem óheimilt er að nota í snyrtivörur.

3. VIÐAUKI B

Listi yfir efni sem leyfð eru í snyrtivörur með tilteknum skilyrðum í tiltekinn tíma.

4. VIÐAUKI

Listi yfir litarefni sem leyfð eru í snyrtivörur.

5. VIÐAUKI

Listi yfir rotvarnarefni sem leyfð eru í snyrtivörur.

6. VIÐAUKI

Listi yfir efni til síunar útfjólublárra geisla sem leyfð eru í snyrtivörur.

7. VIÐAUKI

Greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara.

8. VIÐAUKI

Tákn sem gefur til kynna að lesa skuli meðfylgjandi leiðbeiningar.

(Viðaukar og breytingar á þeim eru birtir sem pdf-skjöl í B-deild Stjórnartíðinda með viðkomandi reglugerðum.)

Reglugerð

nr. 751/2003 um skráningu ökutækja, sbr. reglugerðir nr. 299/2004, 506/2005, 656/2005, 158/2006, 307/2006, 691/2006, 756/2006 og 669/2008 um breytingu á henni.

I. KAFLI

Skráningarskylda.

1. gr.

Skráningarskyld ökutæki.

Skylt er að skrá bifreið, bifhjól, torfærutæki og dráttarvél áður en ökutækin eru tekin í notkun. Sama á við um eftirvagn bifreiðar eða dráttarvél sem gerður er fyrir meira en 750 kg heildarþyngd, svo og hjólhýsi og tjaldvagn. Eigi þarf þó að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvél sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega.

Eigandi ökutækis, innflytjandi, og eftir atvikum innlendir framleiðandi, bera ábyrgð á því að ökutæki sé skráð.

2. gr.

Notkun ökutækis án skráningar.

Óskráð ökutæki má nota til reynsluaksturs, vegna kynningarstarfsemi eða í sambandi við skráningu enda sé það merkt með reynslumerki. Misnotkun reynslumerkja varðar afturköllun á rétti til að nota þau.

Umferðarstofa setur verklagsreglur um notkun reynslumerkja.

3. gr.

Vátrygging og opinber gjöld.

Liggja skulu fyrir gögn um vátryggingu ökutækis og greiðslu opinberra gjalda til þess að:

1. skrá megi ökutæki,
2. skrá megi eigendaskipti að ökutæki,
3. afhenda megi að nýju skráningarmerki ökutækis sem verið hafa í vörslu Umferðarstofu, sbr. 16. gr.,
4. afhenda megi skoðunarmiða, sbr. 14. gr. og
5. afhenda megi reynslumerki til notkunar, sbr. 2. og 27. gr.
- [6. afhenda megi skammtímaskráningarmerki til notkunar, sbr. 33. gr.]¹⁾

Gögn, sem liggja skulu fyrir samkvæmt 1. mgr., eru staðfesting þess að:

- a. í gildi sé váttrygging fyrir ökutækið, sbr. reglugerð um lögmæltar ökutækjetryggingar, nr. 392/2003,
- b. greitt hafi verið bifreiðagjald, sbr. lög um bifreiðagjald nr. 39/1988,
- c. greitt hafi verið úrvinnslugjald, sbr. lög um úrvinnslugjald nr. 162/2002,
- [d. greitt hafi verið kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald, sbr. lög nr. 87/2004 um olfugjald og kílómetragjald o.fl. með síðari breytingum.]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 506/2005. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 691/2006.

II. KAFLI

Ökutækjaskrá og skráningarskírteini.

4. gr.

Ökutækjaskrá.

Umferðarstofa heldur ökutækjaskrá og annast aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað.

Í ökutækjaskrá skal færa upplýsingar um ökutækið og það skal skráð á nafn eiganda og eftir atvikum á nafn umráðamanns þess. Umráðamaður er sá sem á vegum eiganda ökutækis hefur varanleg umráð þess, t.d. samkvæmt eignarleigu- eða afnotasamningi í tiltekinn tíma.

Ökutækið fær í ökutækjaskrá fastanúmer, valið af handahófi, sem í eru tveir bókstafir og þrjú tölustafir [eða þrjú bókstafir og tveir tölustafir. Síðasti stafur í fastanúmeri skal vera tölustafur]¹⁾.

Beiðnir og tilkynningar til Umferðarstofu, sem varða skráningu ökutækja og umsýslu vegna ökutækjaskrár, skulu vera í því formi sem Umferðarstofa ákveður og á þeim eyðublöðum sem Umferðarstofa lætur í té, eftir atvikum með undirskrift eða rafrænni staðfestingu, sbr. verklagsreglur Umferðarstofu.

Umferðarstofa setur verklagsreglur um skráningu í ökutækjaskrá og útgáfu skráningarskírteinis.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 691/2006.

5. gr.

Skráningarskírteini.

[Fyrir ökutæki sem skylt er að skrá gefur Umferðarstofa út skráningarskírteini til staðfesar á því að ökutækið sé skráð á Evrópska efnahagssvæðinu. Handhafi skráningarskírteinis er sá sem skráður er fyrir ökutækinu með nafni. Skírteinið skal vera í samræmi við tilskipanir 1999/37/EB og 2003/127/EB.]¹⁾

Umferðarstofu eða þeim sem hefur umboð hennar er heimilt að gefa út skráningarskírteini til bráðabirgða og skal þar tilgreina:

- a. að skírteinið sé gefið út til bráðabirgða,
- b. skilyrði útgáfu skráningarskírteinis og
- c. eftir því sem við verður komið, þær upplýsingar sem koma fram í skráningarskírteini (fullnaðarskírteini).

Í skráðu ökutæki skal jafnan varðveitt skráningarskírteini eða eftir atvikum bráðabirgðaskráningarskírteini.

[Þegar bera þarf kennsl á ökutæki í ferðum milli landa eða endurskráningu þess í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins skal Umferðarstofa viðurkenna skráningarskírteini viðkomandi ökutækis.]²⁾

1) Sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 691/2006. 2) Sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 691/2006.

III. KAFLI

Skráning ökutækis.

6. gr.

Forskráning.

Innflytjandi skráningarskylds ökutækis skal afhenda Umferðarstofu eða þeim sem hefur umboð hennar gögn um ökutækið þegar það er flutt til landsins. Sama gildir um framleiðanda eða eiganda ökutækis sem framleitt er hér á landi. Ökutækið skal forskráð ef gögnin og aðrar upplýsingar, sem fyrir liggja, eru fullnægjandi og líkur á því að mati Umferðarstofu að ökutækið uppfylli settar reglur um gerð og búnað.

Innflytjandi ökutækis eða framleiðandi ökutækis, sem framleitt er hér á landi, skal tilgreindur við forskráningu. Heimilt er að tilgreina eiganda ökutækis sem er forskráð.

7. gr.

Nýskráning.

Eigandi og innflytjandi ökutækis eða eftir atvikum innlendir framleiðandi skulu óska eftir nýskráningu ökutækis.

Ökutæki skal hafa fengið viðurkenningu, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja [nr. 822/2004]¹⁾, áður en það er skráð.

Ökutæki skal hafa staðist skoðun fulltrúa eða samanburðarskoðun faggiltrar skoðunarstofu áður en það er skráð samkvæmt heildargerðarviðurkenningu eða gerðarviðurkenningu. Með skoðun skal athugað og staðfest hvort um rétt ökutæki sé að ræða og hvort upplýsingar um ökutækið við forskráningu séu réttar. Fulltrúi er sá sem Umferðarstofa hefur viðurkennt til þess að bera ábyrgð á heildargerðarviðurkenningu, gerðarviðurkenningu og skráningu ökutækja fyrir hönd innflytjanda eða framleiðanda ökutækis. Umferðarstofa kveður nánar á um skoðun fulltrúa og samanburðarskoðun í verklagsreglum.

Fulltrúi eða faggilt skoðunarstofa skal ganga úr skugga um áður en ökutæki er tekið í notkun að verksmiðjunúmer og skráningarmerki ökutækisins séu í samræmi við það sem skráð er í skráningarskírteini þess og réttur skoðunarmiði hafi verið límdur á skráningarmerki skoðunarskyldra ökutækja.

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 691/2006.

8. gr.

Skráning ökutækis til flutnings á hættulegum farmi.

Skráning ökutækis til flutnings á hættulegum farmi skal ekki fara fram nema fyrir liggi viðurkenning þess að það uppfylli kröfur sem gerðar eru til slíks ökutækis, sbr. reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 984/2000, og reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Skrá skal fyrir hvaða hættulegan farm ökutækið er viðurkennt.

9. gr.

Afskráning.

Óski eigandi skráðs ökutækis þess að fá það afskráð, skal það því aðeins gert að:

- a. ólíklegt megi telja að ökutækið verði tekið í notkun á ný og fyrir liggi vottorð um að ökutækið hafi verið mótttekið til úrvinnslu,
- b. ökutækið sé týnt,
- c. ökutækið verði eða hafi verið flutt til annars lands eða
- d. ökutækið sé orðið 25 ára og yfirlýsing liggi fyrir um að það verði varðveitt sem safngripur.

Umferðarstofu er heimilt að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda ef staðfest er af þar til bærur aðila að:

- a. ökutækið uppfylli ekki settar reglur um öryggisbúnað og vart sé talið mögulegt að koma því í lögmælt ástand og að fyrir liggi vottorð um að ökutækið hafi verið mótttekið til úrvinnslu,
- b. ökutækið sé týnt eða
- c. ökutækið verði eða hafi verið flutt til annars lands.

Tilkynna skal eiganda ökutækis um fyrirhugaða afskráningu, samkvæmt a lið 2. mgr., og hefur hann mánuð til að koma að mótbárum.

Upplýsingar um afskráð ökutæki eru varðveittar hjá Umferðarstofu.

[Eyðingarvottorð, sbr. a-liði 1. og 2. mgr., skal vera í samræmi við lágmarkskröfur sem koma fram í tilskipun 2000/53/EB, sbr. ákvörðun 2002/151/EB.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 158/2006.

10. gr.

Endurskráning.

Heimilt er að beiðni eiganda að endurskrá ökutæki sem hefur verið afskráð nema það hafi verið afskráð til úrvinnslu.

Ökutæki skal hafa staðist skráningarskoðun, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja, áður en það er skráð.

Komi í ljós að um er að ræða endurbyggt ökutæki sem að mati Umferðarstofu jafngildir nýju ökutæki, ber að skrá það sem nýtt ökutæki enda hafi það staðist skráningarskoðun, sbr. 2. mgr.

IV. KAFLI

Breytingar á skráningu o.fl.

11. gr.

Breyting á ökutæki.

Ökutæki skal fært til skoðunar hjá faggiltri skoðunarstofu innan 7 daga ef:

- a. búnaður þess er ekki lengur í samræmi við skráðan ökutækisflokk, sbr. 1. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja,
- b. ökutækinu eða notkun þess hefur verið breytt frá því sem tilgreint er í skráningarskírteini eða
- c. á eða við ökutækið hefur verið festur búnaður sem gerir nauðsynlegt að breyta skráningu.

Skoðunarstofa skal samdægurs senda Umferðarstofu tilkynningu um breytingu.

Heimilt er að skrá breytingu á notkunarflokki ökutækis án skoðunar á faggiltri skoðunarstofu ef engin breyting hefur verið gerð á ökutækinu eða búnaði þess.

Fulltrúi getur óskað eftir skráningu á tengibúnaði sem er gerðarviðurkenndur, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Fulltrúi skal skoða tengibúnaðinn og festingu hans við ökutækið áður en búnaðurinn er skráður og með þeim hætti sem kveðið er á um í verklagsreglum Umferðarstofu.

Umferðarstofa gefur út nýtt skráningarskírteini fyrir ökutæki að lokinni skráningu á breytingu.

12. gr.

Eigendaskipti.

Við eigendaskipti að ökutæki skulu fyrri og nýi eigandinn innan 7 daga senda Umferðarstofu eða þeim sem hefur umboð hennar tilkynningu um eigendaskiptin. Einnig skal tilkynnt um nýjan umráðamann ökutækisins.

Umferðarstofa gefur út nýtt skráningarskírteini fyrir ökutækið að lokinni skráningu eigendaskipta.

13. gr.

Tímabundin stöðvun á notkun ökutækis.

Lögreglan skal taka skráningarmerki af ökutæki:

- [a. ef hætta stafar af ökutæki í umferð]1)
- [b. ef ökutæki er skráð úr umferð eða afskráð í ökutækjaskrá.]2)
- c. ef bifreið er metin sem tjónabifreið, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
- [d. þegar lögreglustjóri, sbr. reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar, hlutast til um að skráningarmerki séu tafarlaust tekin af ökutækinu vegna þess að fullnægjandi váttrygging er ekki fyrir hendi.]2)
- e. hafi bifreiðagjald ekki verið greitt, sbr. lög um bifreiðagjald eða
- [f. hafi gjaldfallið kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald ekki verið greitt á gjalddaga, sbr. lög nr. 87/2004 með síðari breytingum.]²⁾

Lögreglan getur tekið skráningarmerki af ökutæki ef:

- a. vanrækt hefur verið að tilkynna eigendaskipti að ökutæki eða
- b. ökutækið er ekki fært til skoðunar þegar krafist er.
- [c. vanrækt hefur verið að endurnýja heimild til að nota einkamerki, sbr. 26. gr.]³⁾

Lögreglan skal samdægurs tilkynna Umferðarstofu um bann við notkun ökutækis.

1) Sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 691/2006. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 756/2006. 3) Sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 691/2006.

14. gr.

Ökutæki skráð tímabundið úr notkun að ósk eiganda (umráðamanns).

Óski eigandi (umráðamaður) ökutækis þess að mega taka ökutækið tímabundið úr notkun, skal hann senda tilkynningu þess efnis til Umferðarstofu sem skráir ökutækið úr umferð í ökutækjaskrá og er þá óheimilt að nota það. Skal annað hvort taka skráningarmerki af ökutækinu

og afhenda þau, sbr. 16. gr., eða setja yfir skoðunarmiða merkisins miða frá Umferðarstofu með áletrun um að notkun ökutækisins sé bönnuð.

Óski eigandi (umráðamaður) þess að mega taka ökutæki aftur í notkun skal senda tilkynningu þess efnis til Umferðarstofu sem skráir ökutækið í notkun á ný að fullnægðum skilyrðum 3. gr. Óheimilt er að nota ökutækið fyrr en skráningarmerki hafa verið sett aftur á það eða skoðunarmiði frá Umferðarstofu, sem er í samræmi við gilda skoðun ökutækisins, hefur verið settur yfir miða um að notkun þess sé bönnuð.

15. gr.

Tilkynning um tjónabifreið.

Tollstjóri, lögregla og váttryggingafélög skulu tilkynna Umferðarstofu um bifreið sem upplýsingar liggja fyrir um að skemmst hafi það mikið að hún sé talin vera tjónabifreið, sbr. skilgreiningu í reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Sömu aðilar skulu, ef aðstæður leyfa, sjá til þess að skráningarmerki verði tekin af bifreiðinni.

16. gr.

Geymsla og förgun skráningarmerkja.

Skráningarmerki, sem tekin eru af ökutæki samkvæmt 9., 13., 14., 15., 35. og 36. gr., skulu svo fljótt sem verða má afhent Umferðarstofu eða þeim sem hefur umboð hennar.

Óski skráður eigandi (umráðamaður) ökutækis þess að merkja ökutækið með skráningarmerkjum af annari gerð en það hefur verið merkt með, sbr. 18.-24. gr. (almenn skráningarmerki), 26. gr. (einkamerki) og 28.-31. gr. (skráningarmerki samkvæmt eldri reglugerðum), skal hann skila fyrri merkjunum til Umferðarstofu eða þess sem hefur umboð hennar um leið og hann fær hin nýju afhent.

Farga má skráningarmerkjum, sbr. 1. og 2. mgr., svo og öðrum skráningarmerkjum sem eru í vörslu Umferðarstofu eða þess sem hefur umboð hennar þegar merkin hafa verið geymd í ár. Þó skal farga merkjunum strax við móttöku þeirra þegar ökutæki er afskráð eða skráningarflokki þess breytt.

Heimilt er að afhenda skráningarmerki sem safngrip, sbr. nánar verklagsreglur Umferðarstofu, en óheimilt að setja merkið á ökutæki.

V. KAFLI

Almenn skráningarmerki - fastanúmer ökutækis.

17. gr.

Skráningarmerki ökutækja.

Skráð ökutæki skal merkt með skráningarmerki sem Umferðarstofa lætur í té. Stafir á merkinu skulu vera þeir sömu og eru í fastanúmeri ökutækisins, sbr. þó 25.-27. gr. og 29.-31. gr.

Ökutæki sem bera sömu stafi á skráningarmerki og eru í fastanúmeri, skulu merkt með sama skráningarmerki meðan þau eru í sama skráningarflokki í ökutækjaskrá. Breytist forsendur skráningar þannig að ökutæki sé flutt milli skráningarflokka, skal skipta um skráningarmerki á því.

18. gr.

Gerð skráningarmerkja.

Skráningarmerki skal vera úr a.m.k. 1,0 mm þykku áli.

Litur:

Grunnur skráningarmerkis skal vera hvítur með endurskini og stöfunum ÍS í vatnsmerki. Rönd á brúnum, stafir og bandstrik skulu vera blá. Frávik frá þessari litasamsetningu eru skv. 2. mgr. 19. gr., 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 22. gr.

Stærð:

A: 520 x 110 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm.

B: 280 x 200 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm.

C: 240 x 130 mm, hæð stafa 49 mm og breidd stafleggja 7 mm.

D: 305 x 155 mm, hæð stafa 61 mm og breidd stafleggja 9 mm.

Áletrun:

Skráningarmerki af gerð A skulu hafa áletrun í einni röð. Skráningarmerki af gerð B, C og D skulu hafa áletrun í tveim röðum, bókstafi auk bandstriks í þeirri efri og tölustafi í þeirri neðri.

Upplýftir fletir:

Stafir, bandstrik þar sem það á við, rönd á brúnum, svo og flötur fyrir skoðunarmiða þeirra ökutækja sem færa skal til almennrar skoðunar, skulu vera upplýft.

Flötur fyrir skoðunarmiða - skoðunarmiði:

Flötur fyrir skoðunarmiða skal vera aftan við bókstafi nema á skráningarmerkjum af gerð B þar sem flöturinn skal vera framan við tölustafi. Umferðarstofa setur nánari verklagsreglur um skoðunarmiða og gerð hans.

Þjóðarmerki:

Framan við bókstafi á skráningarmerkjum af gerð A, B og D skal áprentað þjóðarmerki á hvítum grunni sem skal vera 95 mm á hæð og 50 mm á breidd. Íslenski fáninn, 30 x 42 mm, skal vera á efri hluta merkisins en stafirnir IS, svartir að lit, á neðri hlutanum. Hæð stafanna skal vera 27 mm. Sjá 28. gr. um þjóðarmerki á eldri gerð merkja. Þjóðarmerki skal ekki vera á skráningarmerkjum bifreiða sem tilgreindar eru í 2. mgr. 19. gr. Í stað þess skal vera tígullaga flötur.

19. gr.

Skráningarmerki á bifreið.

Bifreið skal merkt að framan og aftan með skráningarmerkjum af gerð A. Nota má skráningarmerki af gerð B, henti ekki merki af gerð A og merki af gerð D ef merkjum af gerð A og B verður ekki með góðu móti komið fyrir.

Frávik frá 1. mgr. varðandi lit á skráningarmerki:

- a. Á skráningarmerkjum bifreiðar, sem lýtur reglum um innskatt vegna virðisaukaskatts, sbr. reglugerð um innskatt [nr. 192/1993 með síðari breytingum]¹⁾, skulu brúnir, stafir, bandstrik og tígullaga flöturinn vera rauð.
- b. Á skráningarmerkjum sérbyggðrar keppnisbifreiðar til rallaksturs, sem hefur verið undanþegin álagningu vörugjalds, sbr. reglugerð um vörugjald af ökutækjum,

[námuökutækis]²⁾ og beltabifreiðar, skulu brúnir, stafir, bandstrik og tígullaga flöturinn vera græn.

- [c. Á skráningarkerkjum bifreiðar sem ætluð er til sérstakra nota, sbr. 6. og 7. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga um olúgjald og kílómetragjald o.fl. nr. 87/2004, sbr. lög nr. 136/2005, og er undanþegin gjaldskyldu vegna olúgjalds, skal grunnur vera dökkgulur en brúnir, stafir, bandstrik og tígullaga flöturinn vera svört.]³⁾

1) Sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 691/2006. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 656/2005. 3) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 307/2006.

20. gr.

Skráningarkerki á bifhjóli.

Bifhjól skal merkt að aftan með skráningarkerki af gerð C. Á léttu bifhjóli skal grunnur merkisins þó vera blár en rönd á brúnum, stafir og bandstrik hvít.

21. gr.

Skráningarkerki á dráttarvél.

Dráttarvél skal merkt að aftan með skráningarkerki af gerð C en að framan ef merkinu verður ekki með góðu móti komið fyrir að aftan. Nota má merki af gerð A [...] ¹⁾ ef dráttarvél er hönnuð þannig að merki af gerð C verði ekki með góðu móti komið fyrir.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 506/2005..

22. gr.

Skráningarkerki á torfærutæki.

Torfærutæki skal merkt að aftan með skráningarkerki af gerð C með því fráviki að grunnur skráningarkerkisins skal vera rauður og rönd á brúnum, stafir og bandstrik hvít. Merkið má vera að framan eða á hlið ef því verður ekki með góðu móti komið fyrir að aftan.

23. gr.

Skráningarkerki á eftirvagni eða skráðu tengitæki.

Skráður eftirvagn og skráð tengitæki skal merkt að aftan með skráningarkerki af gerð A. Verði því ekki með góðu móti komið fyrir, skal nota skráningarkerki af gerð B eða D.

24. gr.

Skráningarkerki fyrir óskráð ökutæki sem bifreið dregur.

Dragi bifreið, sem á er skráður tengibúnaður, ökutæki, sem ekki er skráningarskylt og skyggir á skráningarkerki bifreiðarinnar, skal merkja það að aftan með skráningarkerki af gerð A, B eða D með því fráviki að merkið skal vera án litaðra, upplýftra brúna og án upplýfts flatar fyrir skoðunarmiða. Skráningarkerkið skal vera með sömu áletrun og sama lit og skráningarkerki bifreiðarinnar.

[24. gr. a

Skráningarkerki fyrir ökutæki sem nær eingöngu er notað utan vegar

eða á vegi þar sem almenn umferð er bönnuð

Á skráningarkerkjum bifreiðar, dráttarvélar og eftirvagns, sem eingöngu eða nær eingöngu eru notuð utan vegar eða á vegi þar sem almenn umferð er bönnuð, skal grunnur vera hvítur en stafir, brúnir og bandstrik græn að lit. Skráningarmerki á ökutæki, sbr. 1. mgr. eru eftirfarandi, sbr. 1. mgr. 19. gr.:

- a. Bifreið skal merkt samkvæmt 1. mgr. 19. gr.
- b. Dráttarvél skal merkt samkvæmt 21. gr.
- c. Eftirvagn skal merktur samkvæmt 23. gr.]¹⁾

1) Sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 691/2006.

VI. KAFLI

Almenn skráningarmerki - önnur áletrun en fastanúmer.

25. gr.

Ökutæki erlendra sendiráða.

Ökutæki erlendra sendiráða og einnig erlendra sendiráðsmanna, maka þeirra og barna, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og eiga ekki lögheimili hér á landi, skulu vera merkt með skráningarmerki samkvæmt 18. gr. með eftirgreindum frávikum:

- a. Ekki skal vera þjóðarmerki.
- b. Grunnur skal vera grænn en stafir og rönd á brúnum hvít.
- c. Á merkinu skulu vera bókstafirnir CD og aftan við þá bókstafur og tveir tölustafir, sbr. nánar verklagsreglur Umferðarstofu.

26. gr.

Einkamerki.

Að ósk eiganda (umráðamanns) bifreiðar eða bifhjóls er heimilt að veita honum rétt gegn sérstöku gjaldi, sbr. 64. gr. a umferðarlaga, til að velja bókstafi og tölustafi á skráningarmerki (einkamerki) ökutækisins sem komi í stað skráningarmerkis samkvæmt 18.-20. gr. Einkamerki skal þó ekki vera á bifreiðum sem tilgreindar eru í 2. mgr. 19. gr.

Gerð einkamerkis skal vera samkvæmt 18. gr. með eftirgreindum frávikum:

- a. Áletrun einkamerkis skal vera 2–6 íslenskir bókstafir eða tölustafir að vali eiganda (umráðamanns) ökutækisins. Á einkamerki má þó hvorki vera áletrun sem í eru tveir bókstafir og þrír tölustafir [eða þrír bókstafir og tveir tölustafir]¹⁾ né sama áletrun og er á skráningarmerki af eldri gerð í notkun.
- b. Þjóðarmerki skal ekki vera á einkamerki.
- c. Áletrun einkamerkis má hvorki brjóta í bága við íslenskt málfar né vera líkleg til að valda hneykslun.

Umferðarstofa kveður nánar á um áletrun einkamerkis í verklagsreglum.

Eftirfarandi reglur gilda um réttinn til þess að nota einkamerki:

- a. Sá sem hefur rétt til að nota einkamerki, skal vera skráður eigandi eða umráðamaður viðkomandi bifreiðar eða bifhjóls.
- b. Við úthlutun einkamerkis skal farið eftir röð, þannig að sá sem fyrst sækir um tiltekna áletrun hlýtur réttinn.
- c. Réttur til að nota einkamerki með tiltekinni áletrun á ökutæki gildir í átta ár.

- Réttinn má endurnýja enda sé sótt um það áður en gildistíminn rennur út en þó ekki fyrr en þrem mánuðum áður. [Fyrir endurnýjun skal greiða sérstakt gjald, sbr. 1. mgr.]²⁾
- d. Heimilt er að beiðni eiganda (umráðamanns) að skrá (flytja) einkamerki yfir á annað ökutæki í hans eigu.
 - e. Sé rétti til einkamerkis afsalað áður en 8 ára gildistíminn rennur út, skal skila einkamerkjunum, sbr. 16. gr. Má þá úthluta einkamerkinu á ný gegn sérstöku gjaldi, sbr. 1. mgr.

1) Sbr. a-lið 8. gr. reglugerðar nr. 691/2006. 2) Sbr. b-lið 8. gr. reglugerðar nr. 691/2006.

27. gr.

Reynslumerki.

Reynslumerki ökutækja skal vera samkvæmt 18. gr. með eftirgreindum frávikum:

- a. án þjóðarmerkis,
- b. með rauðan grunn,
- c. með svarta rönd á brúnum og svarta stafi og
- d. með bókstafina RN, og aftan við þá tölustafi.

Ökutæki sem er merkt með reynslumerki skal fylgja skrifleg heimild Umferðarstofu eða þess sem hefur umboð hennar þar sem tilgreind eru skilyrði notkunar.

Á reynslumerki skal festa miða er sýnir leyfilegan notkunartíma merkisins og ákveður Umferðarstofa gerð miðans.

VII. KAFLI

Skráningarkerki samkvæmt eldri reglugerðum - notkun þeirra.

28. gr.

Ökutæki skráð fyrir [1. apríl 2004]¹⁾.

Ökutæki skráð frá 1. janúar 1989 til og með [31. mars 2004]²⁾, mega vera merkt með skráningarkerkjum af eldri gerð, samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 78/1997, í stað skráningarkerkja samkvæmt 18. gr. reglugerðar þessarar, enda séu merkin heil og vel læsileg.

Heimild 1. mgr. er þó bundin eftirfarandi skilyrði: Á upplyftan flöt framan við bókstafi á almennu skráningarkerki af gerð A, B og D, sem ætlaður er fyrir skjaldarmerki, skal setja límmiða sem þjóðarmerki er prentað á. Límmiðinn skal vera 66 mm á hæð og 37 mm á breidd. Íslenski fáninn, 24 x 33 mm, skal vera á efri hluta þjóðarmerkisins en stafirnir IS á neðri hlutanum. Hæð stafanna skal vera 21 mm.

1) Sbr. 1. ml. 1. gr. reglugerðar nr. 299/2004. 2) sbr. 2. ml. 1. gr. reglugerðar nr. 299/2004.

29. gr.

Ökutæki skráð fyrir 1. janúar 1989.

Ökutæki, skráð fyrir 1. janúar 1989, mega vera merkt með skráningarkerki af eldri gerð sem heimilt var að nota á þeim tíma enda séu merkin heil og vel læsileg. Það er skilyrði að á skoðunarskyldum ökutækjum sé framrúða þar sem festa má skoðunarmiða.

Torfærutæki má bera skráningarkerki sem það var merkt með við gildistöku reglugerðar nr. 78/1997 og til 31. desember 2007.

30. gr.

Fornbifreiðir [og fornbifhjól]¹⁾

Fornbifreið [og fornbifhjól]¹⁾, sbr. skilgreiningu um gerð og búnað ökutækja, má merkja með skráningarmerkjum af eldri gerð, sem voru notuð til og með 1988, í stað skráningarmerkja samkvæmt 18. gr. Umferðarstofa kveður í verklagsreglum á um gerð og áletrun eldri merkjanna með hliðsjón af aldri [ökutækjanna]¹⁾ og gildandi reglum á sínum tíma.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 506/2005.

31. gr.

[Dráttarvélar]¹⁾ sem eru a.m.k. 25 ára.

[Dráttarvélar]¹⁾ sem eru a.m.k. 25 ára má merkja með skráningarmerki, sem notað var á tímabilinu 1950-[1988]²⁾, í stað skráningarmerkja samkvæmt 18. gr. Umferðarstofa kveður í verklagsreglum á um gerð og áletrun eldri merkjanna með hliðsjón af aldri [dráttarvélar]¹⁾ ökutækjanna og gildandi reglum á sínum tíma.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 299/2004. 2) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 506/2005.

VIII. KAFLI

Sérstök skráningarmerki.

32. gr.

Ökutæki embættis forseta Íslands.

Ökutæki embættis forseta Íslands mega vera auðkennd með merki forseta Íslands á hvítum fleti auk númers í stað skráningarmerkis samkvæmt 18. gr.

[33. gr.

Skammtímaskráningarmerki.

Heimilt er í eftirgreindum tilvikum að merkja ökutæki tímabundið áður en það er tekið í notkun, sbr. 1. og 2. gr., með sérstöku skammtímaskráningarmerki, það er:

- a. skráð ökutæki sem er án skráningarmerkja,
- b. forskráð ökutæki sem færa skal til nýskráningar eða
- c. ökutæki sem hefur verið afskráð og færa skal til endurskráningar.

Heimildin skal bundin við tiltekið ökutæki og skal skráð á merkið hve lengi má nota það.

Umferðarstofa kveður í verklagsreglum nánar á um skilyrði þess að merkja megi ökutæki með skammtímaskráningarmerki og um gerð merkisins.]¹⁾

1) Sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 506/2005.

34. gr.

Önnur merki.

Heimilt að auðkenna ökutæki að aftan með íslensku þjóðernismerki ef það er ekki merkt með skráningarmerki sem á er þjóðarmerki, sbr. 18. eða 28. gr.

Þjóðernismerkið skal vera sporöskjulaga, 175 mm á breidd og 115 mm á hæð, með bókstófunum IS. Grunnur merkisins skal vera hvítur og stafir svartir, 80 mm á hæð.

Ökutæki sem skráð er hér á landi og ekið erlendis, skal merkt annað hvort með þjóðarmerki samkvæmt 18. gr., þjóðarmerki samkvæmt 28. gr. eða að aftan með þjóðernismerki samkvæmt 1. mgr.

IX. KAFLI

Notkun skráningarmerkja.

35. gr.

Skráningarmerki skal komið fyrir á þar til gerðum fleti þar sem það sést vel og er tryggilega fest. Merkið skal vera í lóðréttri eða sem næst lóðréttri stöðu og hornrétt á lengdarás ökutækisins. Óheimilt er að hylja skráningarmerkið eða hluta þess með nokkrum hætti eða koma fyrir búnaði sem skyggir á það. Heimilt er þó að hafa skráningarmerkið í þar til gerðum ramma. Hylji ramminn rönd merkisins skal hann vera svartur eða hafa sama lit og stafir merkisins.

Skrúfur, sem notaðar eru til að festa skráningarmerki, má ekki setja þannig að dragi úr því að lesa megi á merkið. Haus skrúfunnar skal, ef unnt er, hulinn með hettu eftir því sem við á, í sama lit og grunnur merkisins eða stafir.

Skráningarmerki skal ávallt vera sýnilegt og vel læsilegt. Skyld er að endurnýja skráningarmerki ef það verður ógreinilegt eða ónothæft. Þegar nýtt skráningarmerki er afhent í stað annars skal skila eldra merkinu, sbr. 16. gr.

Skráningarmerki og önnur merki, sem ætluð eru á ökutæki, má eigi nota með öðrum hætti en fyrir er mælt.

Óheimilt er að festa á ökutæki merki, áletranir eða önnur auðkenni ef hætta er á að villst verði á þeim og merkjum sem nota skal samkvæmt reglugerð þessari.

Óheimilt er að festa á skráningarmerki önnur merki eða áletranir en ákveðið er í reglugerð þessari.

36. gr.

Glatist skráningarmerki, skal það strax tilkynnt skriflega til Umferðarstofu eða aðila í umboði hennar og nýtt skráningarmerki pantað. Finnist skráningarmerki, skal því skilað, sbr. 16. gr., svo fljótt sem við verður komið.

Ekki skal afhenda fleiri en eitt skráningarmerki í stað merkja sem glatast hafa af sama ökutæki á tveggja ára tímabili heldur skal ökutækið fá ný skráningarmerki með nýrri áletrun, sbr. 3. mgr. 4. gr. Ákvæði þetta á ekki við um einkamerki.

X. KAFLI

Gildistaka.

37. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 60., 64. gr. a og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun 2000/53/EB, sem vísað er til í XX. viðauka við EES samninginn nr. 32 db, sbr. ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 162/2001, eins og hún er birt í EBE viðauka nr. 13, 7. mars 2002.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi, þó ekki 18. gr., 2. mgr. 28. gr., og 3. mgr. 34. gr., að því er varðar þjóðarmerki samkvæmt 18. og 28. gr., sem tekur gildi [1. apríl 2004]¹⁾. Jafnframt fellur þegar úr gildi reglugerð nr. 78/1997 með síðari breytingum, þó ekki 13. gr. sem fellur úr gildi [1. apríl 2004]¹⁾.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 299/2004.

Reglugerð

nr. 881/2003 um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla fyrir matvæla- iðnað, sbr. reglugerðir nr. 433/2004 og 966/2005 um breytingu á henni.

Gildissvið.

1. gr.

Tollstjóri fellir niður eða endurgreiðir verð- og/eða magntoll eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari, af innfluttum landbúnaðarhráefnum sem bera magntoll og notuð eru í innlendum matvælaíðnaði. Til matvælaíðnaðar telst matvælaframleiðsla í atvinnuskyni sem fellur undir iðnaðarlög, nr. 42/1978 með síðari breytingum.

Skilyrði fyrir niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla.

2. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla samkvæmt reglugerð þessari eru:

1. Að um sé að ræða landbúnaðarhráefni í fullunnar vörur sem framleiddar eru hér á landi og falla undir einhvern eftirtalinn vöruliða og tollskrárnúmera, sbr. viðauka I við tollalög, nr. 55/1987¹⁾ með síðari breytingum:

Úr tollnúmeri:

0406.2000	ostaduft
0701.9000	kartöflur (nýjar eða kældar – annað), sem hráefni í forsteiktar franskar kartöflur 45 mm og stærri
1517.1009	smjörlíki 5 kg pakkningu eða stærra
1905.4000	brauðmysna (rasp)

1) Tollskárnúmer ber að skoða í ljósi breytinga á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

- a. Starfrækja matvælavinnslu í atvinnuskyni, þó ekki veitingarekstur, mótuneyti, kjöt- eða fiskborð matvælaverslana.]¹⁾
- b. [Hafa tilskilin starfs- og rekstrarleyfi eftir því sem við á, iðnaðarleyfi eða viðeigandi meistarábréf samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978 og starfsleyfi samkvæmt reglugerð

um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, nr. 522/1994.]²⁾

- c. Hafa tilkynnt atvinnureksturinn til skráningar hjá skattstjóra, sé það áskilið samkvæmt 5. gr. laga, um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 með síðari breytingum.
3. Að ekki sé um óverulega aðvinnslu að ræða s.s. pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 433/2004. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 966/2005.

[Fyrirvari.

3. gr.

[Hafi undanþága frá greiðslu tolls af innfluttum landbúnaðarhráefnum, sem ekki eru upprunaefni samkvæmt bókun 4 við EES-samninginn, verið veitt skv. 1. gr. geta fullunnu vörurnar ekki notið tollfríðinda við innflutning þeirra til EES-ríkja. Sami fyrirvari gildir vegna hliðstæðra ákvæða í stofnsamningi EFTA og öðrum fríverslunarsamningum sem Ísland á aðild að.]¹⁾

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 433/2004 sem var út gefin og tók gildi 19. maí 2004.

Skráning réttaha til niðurfellingar eða endurgreiðslu.

4. gr.

Til þess að njóta niðurfellingar eða endurgreiðslu tolls skv. reglugerð þessari skal aðili sem hyggst flytja til landsins vörur, fyrir sig eða aðra skráða réttaha, tilkynna það til tollstjóra í tollumdæmi þar sem aðili á lögheimili. Tilkynningin skal vera á sérstöku eyðublaði (E27 niðurfelling aðflutningsgjalda af aðföngum til atvinnustarfsemi) sem tollstjórinn í Reykjavík útbýr í því skyni, og skal m.a. greina frá starfsemi aðila svo og til hvaða vörutegunda niðurgreiðsla eða endurgreiðsla tolls tekur.

Sé tilkynning skv. 1. mgr. ófullnægjandi að mati tollstjóra, svo sem ef upplýsingagjöf er ónæg eða ekki verði ráðið af umsókn að viðkomandi eigi rétt til niðurfellingar eða endurgreiðslu, skal tollstjóri eftir atvikum kalla eftir frekari skýringum eða hafna skráningu. Að öðrum kosti staðfestir tollstjóri rétt umsækjanda til niðurfellingar eða endurgreiðslu á tolli með áritun sinni á tilkynninguna. Afrit staðfestrar tilkynningar skal sent aðila.

Staðfest tilkynning, sbr. 2. mgr., heimilar réttaha að flytja aðföng til landsins í samræmi við efni tilkynningar með þeim hætti sem kveðið er á um í 5. gr. og 6. gr. Í staðfestri tilkynningu er skráð heimildarnúmer, sem vísa skal til í beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu, sbr. 5. gr.

Framkvæmd niðurfellingar.

5. gr.

Skráður réttahafi samkvæmt 4. gr. skal beina ósk um niðurfellingu tolls hverju sinni til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem landbúnaðarhráefnið kemur til tollafgreiðslu.

Umsókn skal sett fram í aðflutningsskýrslu, eyðublað E1, með því að rita viðeigandi undanþágutilvísun (UND T0030) í reit 14 í skýrslunni ásamt heimildartilvísun (HNR) og heimildarnúmeri. Jafnframt skal merkja við þær línur í skýrslunni sem njóta eiga undanþágu. Með þessum hætti er innflytjandi að lýsa því yfir að hann sæki um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolls af tiltekinni vöru í vörusendingu samkvæmt þeim heimildum sem undanþágutilvísun nær til.

Jafnframt felur slík umsókn í sér yfirlýsingu um að innflytjandi skuldbindi sig til að hlíta öllum þeim fyrirmælum, skilyrðum og takmörkunum sem í nefndum heimildum er að finna fyrir niðurfellingu tollsins og ráðstöfun vörunnar.

Undanþágutilvísanir vegna tolls eru allt að sjö stafa lykklar sem vísa hver fyrir sig til tiltekinnar heimilda. Tollstjórinn í Reykjavík annast gerð og útgáfu undanþágutilvísana og leiðbeininga um notkun þeirra.

Framkvæmd endurgreiðslu.

6. gr.

Skráður réttthafi samkvæmt 4. gr. getur á tveggja mánaða fresti fengið endurgreiddan toll af landbúnaðarhráefni sem hann hefur flutt til landsins hafi hann ekki nýtt sér rétt til niðurfellingar samkvæmt 5. gr., enda hafi landbúnaðarhráefnið á tímabilinu verið nýtt eða selt í samræmi við efni heimildar hans.

Sækja skal um endurgreiðslu til tollstjóra þar sem landbúnaðarhráefni var tollafgreitt, á því formi sem tollstjóri ákveður. Í endurgreiðsluskýrslu skulu m.a. koma fram upplýsingar um sölu eða nýtingu þess landbúnaðarhráefnis sem endurgreiðslubeiðnin snertir, þar með talið heiti kaupenda, heiti landbúnaðarhráefnis, heildarmagn þess og fjárhæð tolls sem óskað er endurgreiðslu á. Innflytjanda er heimilt að láta tollstjóra í té yfirlit yfir þá viðskiptavini sem kaupa af honum hráefni án tolls á grundvelli heimildar tollstjóra samkvæmt 4. gr. og þarf þá ekki að tilgreina nöfn kaupenda á skýrslu hverju sinni.

Sækja skal um endurgreiðslu samkvæmt þessari grein innan 60 daga frá sölu til réttthafa.

Bókhald.

7. gr.

Rétthöfum samkvæmt reglugerð þessari ber að haga bókhaldi sínu með þeim hætti að aðgengilegt sé fyrir töllyfirvöld að staðreyna að ráðstöfun hráefnis, sem tollur hefur verið felldur niður eða endurgreiddur af, sé í samræmi við heimildir réttthafa.

Refsiákvæði.

8. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar getur varðað refsingu samkvæmt 130. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Lagastoð.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 9. tölul. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. kemur heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu tolls vegna smjörlíkis til framkvæmda í tveimur jöfnum þrepum. Á tímabilinu 1. janúar 2004 til og með 31. desember 2004 verður magntollur kr. 30 pr. kg. Frá 1. janúar 2005 fellur magntollur niður.

Úr reglugerð

nr. 952/2003 um skotelda, sbr. reglugerðir nr. 1040/2006, 163/2007, 848/2007 og 6/2009 um breyting á henni.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Með skoteldum í reglugerð þessari er átt við búnað eða tæki sem innihalda efni eða efnasambönd sem með íkveikju eða á annan hátt er ætlað að framkalla áhrif í formi ljóss, hljóðs, hita, lofttegunda eða reyks og eru tilkomin vegna efnafræðilegra breytinga.

Undir hugtakið skoteldar falla m.a. flugeldar, blys, reyk-, lita-, lyktar- og hvelsprengrur og ýmiss konar skrauteldar.

Í viðauka [I]¹⁾ reglugerðarinnar er nánar fjallað um flokkun skotelda og leyfilega notkun hvers flokks fyrir sig, sem í aðalatriðum skiptast þannig:

1. flokkur: Skoteldar sem skapa litla hættu og eru án aldurstakmarkana notenda.
2. flokkur: Skoteldar sem henta til notkunar utanhúss í húsaörðum eða á minni svæðum.
3. flokkur: Skoteldar sem henta til notkunar á stórum opnum svæðum.
4. flokkur: Skoteldar sem ekki eru fullgerðir og/eða ekki eru ætlaðir til sölu til almennings.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda ekki um sérbúna skotelda svo sem neyðarblys og skotelda hernaðarlegs eðlis. Um slíka skotelda er vísað til reglugerðar um sérbúna skotelda.

[Þeir hlutir sem getið er um í viðauka II teljast vera skoteldar eða skotfæri. Þær vörur sem getið er um í viðauka III teljast annaðhvort vera skoteldar eða sprengiefni. Leiki vafi á undir hvern þessara flokka hlutir eða vörur falla þá sker ríkislögreglustjóri úr, að fenginni umsögn Vinnueftirlitsins.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 163/2007.

...

III. KAFLI

Framleiðsla, innflutningur og verslun.

17. gr.

Leyfi til innflutnings.

Enginn má flytja inn skotelda í atvinnuskyni nema með leyfi [lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ að undanskildum skoteldum í flokki 1. Innflutningsleyfi felur jafnframt í sér leyfi til heildsölu á skoteldum, en vilji innflytjandi koma upp smásölustað skal sækja um slíkt leyfi til lögreglustjóra ár hvert, sbr. 24. gr. Innflutningur einstaklinga á skoteldum til eigin nota er bannaður.

Leyfi til að flytja inn skotelda í atvinnuskyni verður því aðeins gefið út að umsækjandi sé fyrirtæki eða félagasamtök með virðisaukaskattsnúmer og tilgreindan ábyrgðarmann sem hefur sérþekkingu á skoteldum og hefur náð 18 ára aldri.

1) Sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 848/2007.

18. gr.

[Tollafgreiðsla.

Þegar vara sem fellur undir flokk 1-4 skv. 1. gr. reglugerðarinnar er tollafgreidd skal tollstjóri þegar í stað senda tilkynningu um það til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Áður en vara er tollafgreidd skal innflytjandi framvísa innflutningsleyfi, sbr. 17. gr. reglugerðarinnar, við tollayfirvöld.

Innflytjandi skal senda lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu vörureikning, ásamt nánari sundurliðun samkvæmt sérstöku eyðublaði sem lögreglustjórinn lætur í té, a.m.k. 48 klst. fyrir tollafgreiðslu vörunnar.

Í vörureikningi skal m.a. tilgreina tegundir skotelda, magn einstakra tegunda, stærð og samsetningu. Sérstaklega skal tilgreina þá skotelda sem eingöngu er leyft að nota til skoteldasýninga, sbr. viðauka reglugerðarinnar og skotelda sem eingöngu eru notaðir við leiksýningar, kvikmyndagerð og þess háttar. Einnig skal þess sérstaklega getið ef um er að ræða tegundir skotelda sem ekki hafa verið fluttar inn áður sbr. 22. gr.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 1040/2006.

19. gr.

Skyldur innflytjanda.

Innflytjandi skal geyma skotelda við fullnægjandi aðstæður að mati lögreglustjóra að því er varðar öryggi s.s. gegn þjófnaði, innbrotum, eldsvoða o.s.frv. Heimilt er að takmarka magn skotelda sem geymt er á sama stað og sýningavörur í flokki 4 skal geyma aðskildar frá öðrum skoteldum. Þar sem ekki er sólarhringsvöktun skal birgðageymsla tengd eftirlitsmiðstöð. Um varðveislu og flutning á sprengjanlegum efnum, svo sem púðri, fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um sprengiefni og reglugerðar um flutning á hættulegum farmi.

Innflytjanda er óheimilt, utan eigin smásölu skv. 17. gr., að selja skotelda öðrum en þeim sem hafa leyfi til heildsölu eða smásölu.

Óheimilt er að selja skotelda sem eingöngu eru leyfðir til skoteldasýninga (flokkur 4) öðrum en þeim sem hafa fengið leyfi lögreglustjóra fyrir sýningu og ber seljanda að krefjast framvísunar á slíku leyfi áður en sala fer fram. Hið sama gildir um skotelda sem ætlaðir eru til nota við leiksýningar, kvikmyndagerð og þess háttar, sbr. 30. gr.

20. gr.

Umsókn um innflutningsleyfi.

Umsókn til [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ um leyfi til að flytja inn skotelda skal undirrituð af forráðamanni fyrirtækis/félagasamtaka og árituð af ábyrgðarmanni ef hann er annar en forráðamaður. Í umsókn skal greina frá eftirfarandi:

1. Fullu nafni, kennitölu og heimilisfangi félags.
2. Staðsetningu birgðastöðvar.
3. Fullu nafni, kennitölu og heimilisfangi ábyrgðarmanns.
4. Nöfnum og kennitölum stjórnarmanna félags.
5. Hvaða faglegu þekkingu ábyrgðarmaður býr yfir.

Umsókn skal fylgja staðfesting Hagstofu Íslands um skráningu félagsins, staðfesting frá skattstjóra um virðisaukaskattsnúmer og vottorð frá váttryggingafélagi um ábyrgðartryggingu vegna mögulegra slysa á fólki eða tjóns á munum af völdum skotelda vegna starfseminnar.

1) Sbr. 7. gr. reglugerðar nr. [848/2007](#).

21. gr.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra, vinnueftirlits og slökkviliðsstjóra.

Um gjald fyrir leyfi til að flytja inn skotelda og endurnýjun þess fer skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Gildistími leyfis skal ekki vera lengri en 5 ár.

22. gr.

Gerðarviðurkenning.

[Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu]²⁾ er falið að annast eftirlit með að skoteldar standist gæðakröfur, [...] og meta hvort merkingar á þeim séu fullnægjandi. Hann gefur jafnframt út leiðbeiningar um lágmarksmerkingar á skoteldum. Við matið skal lögreglustjóri hafa hliðsjón af viðauka sem fylgir reglugerð þessari.

[Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu]²⁾ getur krafist þess, áður en hann tekur afstöðu til merkinga og gæða skotelda, að innflytjandi og/eða innlendir framleiðandi láti honum í té sýnishorn af fyrirhugaðri söluvöru, sem lögreglustjóri rannsakar eða lætur rannsaka á kostnað þeirra. Ef um er að ræða nýjar tegundir skotelda sem ekki hafa verið fluttar inn áður skulu þær sérstaklega tilgreindar á innflutningsskjöllum.

Óheimilt er að flytja inn eða selja eldri skotelda en tveggja ára.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 1040/2006. 2) Sbr. 8. gr. reglugerðar nr. [848/2007](#).

23. gr.

Sérstakar takmarkanir.

[Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ skal marka reglur um leyfða skotelda hverju sinni og skal þá tekið mið af reynslu fyrri ára um öryggi þeirra. Þær reglur skal hann endurskoða árlega og halda fund með innflytjendum um breytingar á reglum.

Dómsmálaráðuneytinu er heimilt, með umburðarbréfi til allra lögreglustjóra, að takmarka og/eða banna innflutning og sölu á tilteknum tegundum skotelda.

1) Sbr. 9. gr. reglugerðar nr. [848/2007](#).

27. gr.

Leyfi til útflutnings.

Að undanskildum skoteldum í flokki 1 má enginn flytja skotelda úr landi nema með leyfi [lögreglustjórans]¹⁾. Aðeins má flytja út skotelda, sem [lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu]²⁾ hefur samþykkt til notkunar hér á landi.

1) Sbr. 10. gr. reglugerðar nr. [848/2007](#).

28. gr.

Umsókn um útflutningsleyfi.

Í umsókn um leyfi til útflutnings skal greina eftirfarandi:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda.
2. Staðsetningu birgðastöðvar.
3. Nafn og heimili kaupanda eða viðtakanda.
4. Tegund, gerð og magn þess sem fyrirhugað er að flytja út.
5. Flutningsmáta og brottfarardag.

Umsókn skal fylgja vottorð váttryggingafélags um ábyrgðartryggingu vegna mögulegra slysa á fólki og tjóns á munum vegna skotelda sem flytja á út og vottorð slökkviliðsstjóra um birgðastöð.

29. gr.

Skyldur útflytjanda.

Útflytjandi skal geyma skotelda við fullnægjandi aðstæður að mati lögreglustjóra að því er varðar öryggi svo sem gegn þjófnaði, innbrotum, eldsvoða og svo framvegis. Þar sem ekki er sólarhringsvakt skal birgðageymsla tengd eftirlitsmiðstöð. Um varðveislu og flutning á sprengjanlegum efnum, svo sem púðri fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um sprengiefni og reglugerðar um flutning á hættulegum farmi.

Framvísa skal útflutningsleyfi til tollayfirvalda.

Reglugerð

nr. 411/2004 um ýmis aðskotaefni í matvælum, sbr. reglugerð nr. 56/2005 og 269/2010 um breytingu á henni.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um ýmis aðskotaefni í matvælum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Aðskotaefni eru efni sem berast í matvæli eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra.

Áhættumat er mat á hættu og byggist það á því hve mikið magn aðskotaefna mælist í matvælum og hugsanlegri neyslu á þeim, eiturefnafræðilegum eiginleikum viðkomandi aðskotaefna svo og niðurbrotshraða og niðurbrotsefnum þeirra.

Egg eru einnig eggjavörur svo sem eggjarauður.

Fiskur og fiskafurðir eru fiskhold og innyfli af og úr þeim fisktegundum, sem almennt eru nýttar til manneðis og vörur unnar úr þeim, ásamt krabbadýrum (*Crustacea*), samlokum (*Bivalvia*), smokkfiskum (*Cephalopoda*) og sniglum (*Gastropoda*) án skelja.

Hámarksgildi er mesta magn aðskotaefna sem leyfilegt er í hverri þyngdar- eða lagareiningu matvæla eins og þau koma fyrir tilbúin til neyslu. Fyrir þurrkaðar afurðir og þykkni af öðrum matvælum skal miða við hámarksgildi afurðarinnar í upprunalegu formi. Fyrir aðrar unnar vörur skal taka tillit til þynningar eða annarra breytinga sem geta orðið við vinnslu. Ef ekki eru gefin

upp háværk fyrir samsett matvæli skal fara eftir hámarksgildum fyrir viðkomandi hráefni í viðauka en taka mið af hlutföllum hráefna og breytinga sem geta orðið við vinnslu.

Kjöt og kjötvörur eru úrbeinað kjöt af þeim dýrum sem almennt eru nýtt til mannelis og vörur unnar úr því.

Korn og kornvara er þroskuð fræ af hveiti, rúgi, byggi, höfrum, maís, hýðishrísgrjónum, hirsí, bókhveiti, dúrru, rúghveiti og öðrum korntegundum.

Mjólk og mjólkurvörur eru skilgreindar í reglugerð um mjólk og mjólkurvörur.

3. gr.

Ábyrgð framleiðenda.

Óheimilt er að framleiða eða dreifa matvælum sem innihalda aðskotaefni umfram hámarksgildi sem fram koma í viðauka 2 með reglugerð þessari. Umhverfisstofnun getur þó heimilað dreifingu vörutegunda sem innihalda aðskotaefni allt að aðgerðarmörkum, sbr. viðauka 1.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að vörutegundir sem hér eru á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Magn aðskotaefna.

Þegar hámarksgildi tiltekinna aðskotaefna eru ekki tilgreind fyrir ákveðna vörutegund í viðauka 2, en rannsóknir sýna að efnin finnast í vörutegundinni, er hámarksgildi jafnt hæsta magni sem leyft er fyrir viðkomandi efni.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er Umhverfisstofnun heimilt að leyfa tímabundna sölu matvæla, sem innihalda þau efni sem um ræðir, þegar ekki er talin hætt á heilsutjóni vegna neyslu þeirra. Umhverfisstofnun getur einnig fellt tímabundið úr gildi eða breytt hámarksgildum sem fram koma í viðauka 2 með reglugerð þessari.

5. gr.

Sýnatökur.

Aðferðir við sýnatöku og aðra meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum skulu, eftir því sem við á, vera í samræmi við reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum, staðla Alþjóðlega staðalskrárráðsins fyrir matvæli (Codex Alimentarius) eða samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar.

6. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

7. gr.

Þvingunarúrræði.

Ef matvæli innihalda aðskotaefni umfram leyfileg hámarksgildi reglugerðarinnar skal eftirlitsaðili, að undangengnum tillögum Umhverfisstofnunar um aðgerðir byggðar á áhættumati, grípa til aðgerða á grundvelli XI. kafla laga um matvæli.

Hafi eftirlitsaðili ástæðu til að ætla að tiltekin matvæli innihaldi aðskotaefni umfram leyfileg hámarksgildi skv. 3. og 4. gr., eða sem geti valdið tjóni á heilsu, er honum heimilt að undangengnum tillögum Umhverfisstofnunar um aðgerðir byggðar á áhættumati, að stöðva afgreiðslu og aðra dreifingu vörunnar. Slíkar ástæður geta t.d. verið vegna fyrri athugana á matvælum frá sama framleiðslustað, sama ræktunarsvæði eða sama vinnsluáðila, eða vegna tilkynninga erlendis frá. Ef innflytjandi, framleiðandi eða dreifingaraðili óskar eftir því að fá að dreifa slíkri vöru, skal Umhverfisstofnun meta hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar til þess að ganga úr skugga um heilnæmi hennar áður en dreifing er heimiluð. Rannsóknir skulu vera á kostnað þess aðila sem óskar dreifingar vörunnar.

8. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um aðskotaefni í matvælum, nr. 284/2002, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.¹⁾

1) Reglugerðin var gefin út og tók gildi 10. maí 2004.

VIÐAUKI 1

Aðgerðarmörk fyrir aðskotaefni.

Aðgerðarmörk svara til hámarksgildis að viðbættri óvissu í a.m.k. tveimur mælingum. Óvissa í mælingu skal þó aldrei vera hærri en sem nemur:

$$M * (0,02 + 2^{-1/2(4+\log M)})$$

Þar sem M er leyfilegt hámarksgildi í mg/kg. Aðgerðarmörk hámarksgildisins M verða því:

$$M * (1,02 + 2^{-1/2(4+\log M)})$$

Dæmi um notkun jöfnu fyrir aðgerðarmörk:

Hámarksgildi, mg/kg	Reiknuð aðgerðarmörk, mg/kg
0,01	0,015
0,05	0,071

0,10	0,140
1	1,27
10	12,0
100	114
200	226
1000	1108
50.000	53.453

VIÐAUKI 2

Hámarksgildi ýmissa aðskotaefna í neysluvörum.

Aðskotaefni:	Matvæli	Hámarksgildi
Erukasýra ¹	Matarólur og steikingarfeiti	5%
Glykóalkalóíðar ² [...] ²⁾	Kartöflur, hráar með hýði	200 mg/kg
Nítrósamín ³ [...] ² [...] ²	Fiskur og fiskvörur Kjöt og kjötvörur	0,007 mg/kg 0,01 mg/kg
Tetraklóretýlen [...] ²	Öll matvæli	0,1 mg/kg
Geislavirk efni	Mjólk og barnamatur: Plútóníum 239 og americium 241 Joð 131 og strontíum 90 Cesium 134 og 137 Öll önnur matvæli: Plútóníum 239 og americium 241 Strontíum 90 Joð 131 og cesium 134 og 137	1 Bq/kg 100 Bq/kg 370 Bq/kg 10 Bq/kg 100 Bq/kg 600 Bq/kg
[PCB efni	Fiskur og fiskvörur Kjöt og kjötvörur	0,2 mg./kg. 0,02 mg/kg.] ¹⁾

1 Reiknað af heildarmagni fitusýra í feitinni.

2 Heildarmagn af sólanín glykosiðum svo sem □-chakonin og □-sólanín.

3 Heildarmagn rokgjarnra nítrósamína.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 56/2005. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [269/2010](#).

Reglugerð

nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins, sbr. reglugerðir nr. 732/2007.

I. KAFLI

Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að hindra að sjúkdómar berist til landsins með innfluttum sláturafurðum, eggjum, mjólkurafurðum og öðrum vörum sem reglugerðin tekur til. Jafnframt að koma í veg fyrir að fluttar verði til landsins hráar afurðir dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni á eldisskeiðinu.

2. gr.

Reglugerðin gildir um innflutning á hvers konar afurðum dýra og öðrum vörum, sem smitefni geta borist með er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum.

II. KAFLI

Varnir gegn dýrasjúkdómum.

3. gr.

Eftirtaldar afurðir dýra og vörur sem geta borið með sér smitefni er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum er óheimilt að flytja til landsins samanber þó nánari útlistun í IV. kafla:

- a. Hrútt kjöt, unnið sem óunnið, svo og innmat og sláturúrgang.
- b. Dýrafóður sem inniheldur :
 1. Sjálfdaud dýr, þ. á m. dauðfædd og ófædd dýr (dýrafóstur).
 2. Dýr sem slátrað hefur verið vegna útrýmingar dýrasjúkdóma.
 3. Dýraúrgang þ. á m. blóð úr dýrum sem við kjötskoðun eru dæmd óhæf vegna smitsjúkdóma.
 4. Þá hluta dýra sem slátrað er með eðlilegum hætti, en koma ekki til kjötskoðunar. Þetta gildir þó ekki um húðir, skinn, blóð og svipaðar afurðir.
 5. Kjöt, alifuglakjöt, fisk, villibráð og matvæli gerð úr dýraafurðum sem hafa orðið fyrir skemmdum.
 6. Dýr, ferskt kjöt og alifuglakjöt, fisk, villibráð, kjöt- og mjólkurafurðir sem almennt myndu ekki standast kröfur dýralæknayfirvalda til innflutnings.
 7. Dýraafurðir og dýraúrgang sem inniheldur leifar af aðskotaefnum sem eru hættuleg mönnum og dýrum.
 8. Fisk eða fiskúrgang sem dæmdur hefur verið óhæfur til manneldis vegna smitsjúkdóma.
 9. Afurðir úr áhættusömum dýravefjum, svo sem mænum, heilum, hausum og milti úr nautgripum og sauðfé.
 10. Afurðir sem mengast hafa eftir hitameðferð.
- c. Kjötmjöl, beinamjöl og fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla.
- d. Ull, notaða poka, notaða poka eða aðrar umbúðir, fiður, , fjaðrir fjaðrir, dún, stráteppi, strákörfur, og óunnið dýrahár. [Undanþegin eru sóthreinsuð hrá skinn, húðir, veiðiminjar og dauð dýr/fuglar sem ætlunin er, eða búið er, að stoppa upp enda fylgi vottorð um fullnægjandi sóthreinsun að mati yfirdýralæknis.]¹⁾

- e. Ómeðhöndluð egg, eggjaskurn og eggjaafurðir.
 - f. Ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir unnar úr ógerilsneyddri mjólk.
 - g. Hey, hálm, alidýraáburð, gróðurmold, mó og rotmassa, blandað alidýraáburði.
 - h. Blóð, sermi og aðrar lífrænar vörur úr dýraríkinu, þ.m.t. sýklar, veirur, blóð-, blóðvatns-, frumu-, vefja- og dýraeggjahvítusýni.
 - i. Notuð reiðtygi og ósótthreinsuð reiðföt, óhreinan fatnað og tuskur svo og búnað sem notaður hefur verið til geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum.
 - j. Notaðar landbúnaðarvélar og áhöld, þar með taldar hestakerrur og önnur tæki sem notuð hafa verið í landbúnaði.
 - k. Notaðan veiðibúnað til stangveiði, nema að undangenginni sótthreinsun.
- 1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. [732/2007](#).

III. KAFLI

Matvæli og gæludýrafóður.

4. gr.

Soðin eða unnin matvæli.

Innfluttum matvælum sem flokkast í vöruliði 0210, 0401-0408, 1601 og 1602, og eftirfarandi tollaflokka sem innihalda kjöt 1901-2023, 1901-2043, 1902-2021, 1902-2022, 1902-2029, 1902-2041, 1902-2042, 1902-2049, 1902-3021, 1902-3029, 1902-3041, 1902-3049, 1902-4021, 1902-4029, 1904-3001, 1904-9001, 1905-9051, 2004-9006, 2005-9001, 2103-9051, 2103-9052, 2103-9059, 2106-9064, í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sem hlotið hafa fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir eftir því sem við á:

- a. Opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð.
- b. Soðnum sláturafurðum og matvælum, sem ekki eru niðursoðin, fylgi opinbert vottorð, sem staðfestir að varan hafi hlotið hitameðferð, þannig að kjarnhiti hafi náð 72°C í 15 sekúndur, sé það ekki staðfest í uppruna- eða heilbrigðisvottorði, sbr. a-lið, eða hafi hlotið sambærilega meðferð að mati yfirdýralæknis.
- c. Mjólk og mjólkurafurðum fylgi opinbert vottorð sem staðfestir að varan sé gerilsneydd eða unnin úr gerilsneyddri mjólk, sé það ekki staðfest í uppruna- og heilbrigðisvottorði, sbr. a-lið, eða hafi hlotið sambærilega meðferð að mati yfirdýralæknis.
- d. Eggjum og eggjaafurðum fylgi opinbert vottorð sem staðfestir að varan hafi verið hituð í 65°C í fimm mínútur, sé það ekki staðfest í uppruna- og heilbrigðisvottorði, sbr. a-lið, eða hafi hlotið sambærilega meðferð að mati yfirdýralæknis.
- e. Opinbert vottorð sem staðfestir að afurðir séu unnar í afurða-/vinnslustöðvum, viðurkenndum af Evrópusambandinu, aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða bandarískum yfirvöldum, til útflutnings og/eða sölu innan þessara ríkjasambanda.

5. gr.

Hrá matvæli.

Innfluttum matvælum sem flokkast undir vöruliði 0202, 0203, 0204, 0207, 0208, 0210 og 1602 sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, og hafa ekki hlotið fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir:

- a. Opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð..

- b. Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrum, sem afurðirnar eru af, hafi ekki verið gefin vaxtarhvetjandi efni á eldistímanum.
- c. Vottorð sem staðfestir að vörurnar hafi verið geymdar við a.m.k. -18°C í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu.
- d. Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrunum, sem afurðirnar eru af, hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum, viðurkenndum af Evrópusambandinu, aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða bandarískum stjórnvöldum, til útflutnings og/eða sölu innan þessara ríkjasambanda.
- e. Opinbert vottorð sem staðfestir að afurðirnar séu lausar við salmonellusýkla.
- f. Slátur- og mjólkurafurðir og egg skulu uppfylla ákvæði gildandi reglugerðar um aðskotaefni í matvælum.
- g. Varan skal merkt í samræmi við gildandi reglur um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

6. gr.

Gæludýrafóður.

Leyfður er innflutningur á gæludýrafóðri sem meðhöndlað hefur verið á eftirfarandi hátt og staðfesting þess efnis kemur fram á viðskiptayfirlýsingu (commercial document) frá EES svæðinu eða vottorði sem ESB viðurkennir þegar um 3ju ríki er að ræða:

- a. nagbein úr skinnnum eða leðri hafi verið hituð nægilega til að drepa smitandi lífverur (þ.m.t. salmonellu),
- b. niðursoðið fóður hafi verið hitað að lágmarki 3.0 í Fc gildi í loftþéttum umbúðum,
- c. mjólkurvörur hafi verið gerilsneyddar.
- d. annað gæludýrafóður en nefnt er hér að ofan hafi verið hitað upp í kjarnahita a.m.k. 90°C .

Aðfangaeftirlitið fer með eftirlit með ofangreindum staðfestingum og skal innflytjandi leggja þær fram ásamt öðrum skjölum sem krafist er samkvæmt reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um innflutning.

7. gr.

Innflutningsleyfi.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fenginni umsögn yfirdýralæknis, að leyfa innflutning á vörum, sem taldar eru upp í 3. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum og þau skilyrði sem sett hafa verið fyrir innflutningnum séu uppfyllt sjá þó 8. gr.

Þegar sótt er um innflutning á hrárrí eða ósótthreinsaðri vöru skv. 1. mgr. í fyrsta sinn skal innflytjandi láta landbúnaðarráðuneytinu í té nauðsynlegar upplýsingar um vöruna til athugunar og samþykkis áður en varan er send frá útflutningslandi.

Innflytjandi hrárrar vöru skal alltaf sækja um leyfi til landbúnaðarráðherra og leggja fram, til umsagnar embættis yfirdýralæknis, aðflutningsskýrslu, upplýsingar um uppruna- og framleiðsluland vörunnar, tegund vöru og framleiðanda auk tilskilinna vottorða skv. 5. gr.

Innflytjandi hitameðhöndlaðrar vöru skal alltaf leggja fram, til umsagnar embættis yfirdýralæknis, aðflutningskýrslu, uppruna- og heilbrigðisvottorð ásamt vottorði skv. e-lið 4. gr., auk annarra tilskilinna vottorða skv. b-, c-, og eða d-lið 4. gr.

Innflytjandi gæludýrafóðurs skal alltaf þegar að innflutningur á sér stað leggja fram hjá Aðfangeftirlitinu staðfestingu skv. 6. gr.

8. gr.

Innflutningur notaðra landbúnaðartækja.

Innflytjandi notaðra landbúnaðarvéla og áhalda, þar með taldra hestakerra og annarra tækja sem notuð hafa verið í landbúnaði sbr. j. lið 3. gr. skal alltaf sækja um innflutningsleyfi til landbúnaðarráðherra og skal hann hafa aflað slíks leyfis áður en viðkomandi vörur eru sendar frá útflutningslandi.

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innflutning á tækjum sbr. 1. mgr. að fengnum meðmælum yfirdýralæknis enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim sem valdið geta dýrasjúkdómum. Með umsókn um leyfi til innflutnings skal leggja fram til umsagnar yfirdýralæknis upplýsingar um uppruna- og framleiðsluland, tegund, framleiðanda, ásamt opinberu dýralæknisvottorðið um að fullnægjandi hreinsun og sótthreinsun hafi farið fram í útflutningslandi.

[Séu skilyrði 1. og 2. mgr. ekki uppfyllt skal yfirdýralæknir ekki veita meðmæli um innflutning á tækjum sem talin eru í 1. mgr. Þó er yfirdýralækni heimilt að mæla með innflutningi tækis með því skilyrði að sérstök sótthreinsun fari fram á kostnað innflytjanda og undir eftirliti Landbúnaðarstofnunar sé mögulegt að hreinsa og sótthreinsa tæki í innflutningshöfn.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [732/2007](#).

9. gr.

Ábyrgð innflytjanda.

Innflytjandi vöru skal sjá til þess að öll nauðsynleg vottorð fylgi vörunni við innflutning og ber hann allan kostnað sem kann að leiða af öflun vottorða og þeim sóttvarnarráðstöfunum sem uppfylla þarf vegna innflutningsins, þ.m.t. nauðsynlegri sýnatöku og rannsóknum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar.

10. gr.

Alþjóðlegt áhættumat.

Meðmæli yfirdýralæknis varðandi sjúkdómavarnir skulu byggjast á áhættumati, sem m.a. tekur mið af listum OIE (Alþjóða heilbrigðismálastofnun dýra) varðandi A og B sjúkdóma og annarra alþjóðlegra staðla og leiðbeininga. Um framkvæmd þessarar greinar fer eftir ákvæðum samingsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði

11. gr.

Ferðamenn með matvæli.

Ferðamenn sem koma með soðin matvæli, þar sem staðfest er á umbúðum, að varan hafi hlotið hitameðferð, eins og áskilið er í b- og c-lið 4. gr., þurfa ekki að framvísa sérstökum vottorðum.

Yfirdýralæknir getur gefið út lista yfir soðin eða unnin matvæli sem sannanlega uppfylla skilyrði til innflutnings vegna fullnægjandi hitameðferðar eða sambærilegrar meðferðar, en bera hins vegar ekki með sér merki um slíka meðferð á umbúðum framleiðanda. Skal þá slíkur listi liggja frammi hjá tollayfirvöldum og vera aðgengilegur á heimasíðu embættis yfirdýralæknis.

12. gr.

Sláturafurðir sem berast með skipum og flugvélum.

Stjórnendur skipa og flugvéla sem koma til landsins með matarleifar sem í eru sláturafurðir skulu sjá til þess að þær séu losaðar í sérstaka lekahelda sorpgáma og síðan eytt samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis. Sláturafurðir sem fluttar eru inn án heimildar skal brenna eða eyða á annan tryggilegan hátt.

13. gr.

Umflutningur.

Landbúnaðarráðherra getur heimilað umflutning á vörum þeim sem taldar eru upp í 3. gr. enda sé varan flutt úr landi á ný. Skilyrði fyrir slíku leyfi er að varan sé flutt í vandlega lokuðum umbúðum, þar sem innihald er tilgreint og sendingunni fylgi uppruna- og heilbrigðisvottorð, sbr. a-liði 4. og 5. gr.

14. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, með síðari breytingum, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, með síðari breytingum, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins nr. 416/2002. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Reglugerð

**nr. 697/2004 um takmörkun tiltekinna efna í raftækjum, sbr.
reglugerð nr. 545/2006 um breytingu á henni.**

Markmið.

1. gr.

[Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnasambanda í raftækjum og stuðla þannig að verndun heilsu manna og minna álagi á umhverfið vegna endurnýtingar og förgunar raftækja.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 545/2006.

Gildissvið.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til raftækja sem talin eru upp í viðauka I við reglugerð þessa og einstakra hluta þeirra, ef í þeim eru einhver eftirtalinna efna eða efnasambönd þeirra: Blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómbífenýl (PBB: polybrominated biphenyls) eða fjölbrómdífenýleter (PBDE: polybrominated diphenyl ethers).

Reglugerð þessi nær ekki til varahluta til viðgerða á raftækjum sem eru markaðssett fyrir gildistöku reglugerðar þessarar eða til endurnotkunar á raftækjum.

Orðskýringar.

3. gr.

Framleiðandi: aðili sem;

- a) framleiðir og selur raftæki undir eigin vörumerki,
- b) [endurselur raftæki undir eigin vörumerki sem aðrir framleiða, en endursöluaðilinn telst þó ekki vera framleiðandi ef vörumerki framleiðandans er á búnaðinum sbr. a-liður, eða,]¹⁾
- c) [flytur raftæki inn eða út af EES-svæðinu í atvinnuskyni.]²⁾
[...]³⁾*Raftæki:* búnaður sem tiltekinn er í viðauka I, sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að starfa og búnaður til að framleiða, flytja og/eða mæla slíkan rafstraum eða rafsegulsvið. Búnaðurinn skal vera hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um riðstraum er að ræða og ekki yfir 1500 volt þegar um jafnstraum er að ræða.

1) Sbr. a-lið 2. gr. reglugerðar nr. 545/2006. 2) Sbr. b-lið 2. gr. reglugerðar nr. 545/2006. 3) Sbr. c-lið 2. gr. reglugerðar nr. 545/2006.

Takmarkanir.

4. gr.

[Óheimilt er að framleiða, flytja inn, flytja út, dreifa eða selja ný raftæki sem innihalda efni og efnasambönd sem talin eru upp í 1. mgr. 2. gr.]¹⁾

Bann samkvæmt 1. mgr. nær ekki til þeirra raftækja sem talin eru upp í viðauka II við reglugerð þessa.

[Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja inn, dreifa og selja raftæki sem afhent hafa verið frá framleiðanda og markaðssett á EES-svæðinu fyrir 1. júlí 2006.]²⁾

1) Sbr. a-lið 3. gr. reglugerðar nr. 545/2006 2) Sbr. b-lið 3. gr. reglugerðar nr. 545/2006.

Förgun .

5. gr.

Um förgun raftækja sem innihalda blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómbífenýl eða fjölbrómdífenýleter gilda lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Eftirlit.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Viðurlög.

7. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2002/95/EB, sem vísað er til í tl. 12q, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2003, þann 8. nóvember 2003.

Reglugerðin öðlast gildi 1. júlí 2006.

VIÐAUKI I

Raftæki sem falla undir gildissvið reglugerðar þessarar.

Raftæki	Vörur sem reglugerð þessi gildir um:
1 Stór heimilistæki	Stór kælitæki; kælikápar; frystar; önnur stór tæki notuð til kælingar, varðveislu og geymslu matvæla; þvottavélar; þurrkarar; uppþvottavélar; eldunartæki; rafmagnsarnar; rafmagnshellur; örbylgjuofnar; önnur stór tæki notuð til eldunar og annarrar vinnslu matvæla; rafmagnshitunartæki; rafmagnsofnar; önnur stór tæki til að hita upp herbergi, rúm eða sæti; rafmagnsviftur; loftkælingar; annar viftu-, loftræsti- og loftkælingarbúnaður.
2 Lítil heimilistæki	Ryksugur; teppahreinsarar; önnur hreingerningartæki; tæki sem notuð eru til að sauma, prjóna, vefa og til annarrar textílvinnslu; straujárn og önnur tæki sem notuð eru til að strauja, rulla og hirða um fatnað á annan hátt; brauðristar; steikarpönnur; kvarnir, kaffivélar og búnaður til að opna eða innsigla ílát eða umbúðir; rafmagnshnífar; hárskurðartæki, hárburrkur, rafmagnstannburstar, rakvélar, nuddtæki og önnur tæki notuð til snyrtingar; klukkur, armbandsúr og búnaður til að mæla, gefa til kynna eða skrá tíma; vogir.
3 Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður	Miðlæg gagnvinnsla; stórtölvur; smátölvur; prenttæki; einka- og fartölvur (móðurborð, örgjörvi, mús, skjár og lyklaborð meðtalið); fistölvur; lófátölvur; prentarar; afritunarbúnaður; rafmagns- og rafeindaritvélar; vasa- og borðreiknivélar og önnur tæki og búnaður til að

		safna, geyma, vinna úr, setja fram eða miðla upplýsingum með rafrænum hætti; endabúnaður og -kerfi notanda; bréfasímar; fjarritar; símar; símasjálfsalar; þráðlausir símar; farsímar; símsvarar og önnur tæki eða búnaður til að flytja hljóð, myndir eða aðrar upplýsingar með fjarskiptatækni.
4	Neytendabúnaður	Útvarpstæki; sjónvarpstæki; myndbandsupptökutæki; myndbandstæki; hi-fi-upptökutæki; magnarar; hljóðfæri og önnur tæki eða búnaður sem notaður er til hljóð- eða myndupptöku eða –flutnings, þ.m.t. merki eða annars konar tækni við dreifingu hljóðs og myndar en með fjarskiptum
5	Ljósabúnaður	Ljós; aflangir flúrlampar; háþrýstiúrhleðslulampar, þ.m.t. háþrýstinatríumlampar og málmhalógenlampar; lágþrýstinatríumlampar; annars konar ljós eða ljósabúnaður sem þjónar þeim tilgangi að dreifa ljósi eða takmarka ljós, að frátöldum glóðarperum.
6	Raf- og rafeindatæki (að frátöldum föstum tækjum til iðnaðar)	Borar; sagir; saumavélar; búnaður til að renna, sverfa, slípa, fínþússa, saga, skera, klippa, bora, hola, gata, brjóta saman, beygja eða vinna timbur, málma eða önnur efni á svipaðan hátt; verkfæri til að hnoða, negla eða skrúfa eða fjarlægja hnoð, nagla og skrúfur eða til svipaðra nota; tæki til að lögsgjóða eða lóða eða til svipaðra nota; búnaður til sprautunar, dreifingar, úðunar eða annarrar meðhöndlunar með vökva eða loftkenndum efnum; sláttutæki eða önnur tæki til garðvinnu.
7	Leikföng, tómsunda-, íþrótta- og útivistar-búnaður	Rafknúnar lestir og bílabrautir; handstjórnborð myndbandsleikja; skjáleikir; tölvur til hjólreiða, köfunar, hlaupa, róðrar o.s.frv., íþrótta- og útivistarbúnaður með raf- eða rafeindahlutum; spilakassar.
10	Sjálfsalar	Sjálfsalar fyrir heita drykki; sjálfsalar fyrir heita eða kalda drykki í flöskum eða dósam; sjálfsalar fyrir vörur í föstu formi; sjálfsalar til að skipta peningum; öll tæki sem afhenda sjálfvirkt hvers konar vörur.

VIÐAUKI II
[sbr. fylgiskjal við reglugerð þessa.]¹⁾

1) sbr. 4. gr. reglugerðar nr 545/2006.

Efni	Notkun	Hámarks magn	Gildistími undanþágu
1. Kvikasilfur	Í samþjöppuðum flúrlömpum í magni jafnt eða lægra en 5 mg á hverja flúrperu.		
2. Kvikasilfur	Í aflöngum flúrlömpum til almennra nota með magni jafnt eða lægra en eftirtalið í hverjum lampu;		
	-halógenfosföt	10 mg	
	-trífosföt með eðlilegan líftíma	5mg	
	- trífosföt með langan líftíma	8 mg	
3. Kvikasilfur	Í aflöngum flúrlömpum til sértækra nota.		
4. Kvikasilfur	Í öðrum lömpum sem ekki eru sérstaklega tilgreindir í þessum viðauka.		
5. Blý	Í gleri katóðumyndlampa, rafrásarhlutum og flúrlamparörum.		

6. Blý	sem málmblendi í; - stál	0,35% þyngdarhlutfall afblýi,	
	- ál,	0,4% þyngdarhlutfall afblýi	
	- kopar.	4% þyngdarhlutfall af blýi.	
7. Blý	-í lóðmálmi með háttbræðslumark (þ.e. tin- blý lóðmálmblendi sem innihalda meira en 85% blý), -sem blý í lóðmálmi fyrir netþjóna og gagnageymslusvæði netþjóna, - blý í lóðmálmi fyrir grunnnetkerfi fyrir rofa, merkjakerfi, sendingar sem og netstjórnun fjarskipta, -blý í keramikrafeindahlutum (t.d. þrýstirafeindahlutum – (piezo)).		1. janúar 2010
8. Kadmíum	Í málmhúðun nema þar sem slíkt er bannað samkvæmt reglugerð um notkun og bann við notkun cadmiums og efnasambanda þess.		
9. Sexgilt króm	Sem tæringarvörn í stálkælikerfum ísogskæla.		

Reglugerð

**nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis, sbr. reglugerð
nr. 817/2005 um breyting á henni.**

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja heilbrigði dýra og manna með því að fyrirbyggja að smitsjúkdómar berist til landsins við innflutning á gæludýrum og hundasæði.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð og orðasambönd merkingu sem hér segir:

- Innflutningsleyfi* leyfi til innflutnings á gæludýri eða hundasæði, útgefið af landbúnaðarráðuneytinu.
- Heilbrigðis- og upprunavottorð* eyðublað útgefið af yfirdýralækni sem dýralæknir í útflutningslandi notar til að staðfesta heilbrigði og uppruna viðkomandi gæludýrs eða hundasæðis.
- Gæludýr* eru hundar, kettir, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr, kanínur og búrfuglar.
- Lönd án hundasæðis*, lönd sem eru skilgreind sem slík af WHO (World Health Organisation) á hverjum tíma.

- e) *Lönd með hundasæði*, lönd sem eru skilgreind sem slík af WHO (World Health Organisation) á hverjum tíma.
- f) *Einangrunarstöð* er aðstaða viðurkennd af yfirdýralækni, þar sem hundar og kettir eru vistaðir meðan rannsakað er hvort dýrin eru haldin smitsjúkdómi.
- g) *Sóttkví* er aðstaða, viðurkennd af yfirdýralækni, til einangrunar fiska, vatnadýra, nagdýra, kanína og búfugla sem uppfyllir skilyrði reglugerðar um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr og þar sem dýr eru vistuð meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.
- h) *Innflutningsstaður* er flugvöllur sem hefur á að skipa aðstöðu sem uppfyllir skilyrði VII. kafla þessarar reglugerðar og samþykkt hefur verið af yfirdýralækni.
- i) *Sóttvarnaaðstaða* er aðstaða fyrir dýr á innflutningsstað.
- j) *Héraðsdýralæknir* er starfsmaður yfirdýralæknis sem skipaður hefur verið til starfsins eftir ákvæðum reglugerðar um embætti yfirdýralæknis nr. 782/1999.

3. gr.

Innflutningur / innflutningsleyfi

Innflutningur á gæludýrum og hundasæði er óheimill nema að fengnu leyfi landbúnaðar-ráðherra og uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar.

Innflytjandi skal sækja um innflutningsleyfi til landbúnaðarráðuneytisins á þar til gerðu umsóknareyðublaði.

Innflytjandi skuldbindur sig og staðfestir með undirskrift sinni á umsóknareyðublað að hlíta í hvívetna öllum þeim fyrir mælum sem landbúnaðarráðherra og yfirdýralæknir setja sem skilyrði til innflutnings og einangrunar.

Innflutningsleyfi fiska og vatnadýra eru háð samþykki fisksjúkdómanefndar, skv. 80. gr. laga nr. 76/1970, um lax og silungsveiði, ásamt síðari breytingum.

Innflutningsleyfi gildir í allt að eitt ári frá útgáfudegi.

4. gr.

Kostnaður við innflutning, öflun vottorða, sýnatökur, eftirlit o.fl.

Innflytjandi skal sjá til þess að þau vottorð sem krafist er fylgi dýrinu/hundasæðinu við innflutning og ber hann allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum og öflun vottorða, þ.m.t. nauðsynlegum sýnatökum, eftirliti og rannsóknum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar.

5. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð og önnur vottorð vegna innflutnings.

Öllum gæludýrum og hundasæði sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal fylgja heilbrigðis- og upprunavottorð.

Yfirdýralæknir gefur út eyðublað fyrir heilbrigðis- og upprunavottorð sem nota skal við innflutninginn.

Vottorðið skal vera rétt útfyllt og skal sá dýralæknir, sem útfyllir það og staðfestir með undirritun sinni, hafa starfsleyfi í útflutningslandinu. Vottorðið gildir í 10 daga frá útgáfudegi.

Auk heilbrigðis- og upprunavottorðs, skal gæludýrum og hundasæði sem heimilað hefur verið að flytja til landsins, fylgja eftirtalin vottorð, þar sem við á:

- i) Staðfesting rannsóknarstofu á niðurstöðum blóðrannsóknar á hundasæðismótefnum, skv. 11.

- og 14. gr.
ii) Niðurstöður skapgerðarmats, skv. 12. og 15. gr.

6. gr.

Umsögn yfirdýralæknis.

Að minnsta kosti 5 sólarhringum fyrir áætlaðan komudag dýrs eða hundasæðis til landsins skal innflytjandi senda yfirdýralækni, með símbréfi, til umsagnar og samþykktar öll tilskilin vottorð, skv. 5. gr.

Yfirdýralæknir tilkynnir innflytjanda, héraðsdýralækni og viðkomandi einangrunarstöð, ef við á, umsögn sína að minnsta kosti þremur virkum dögum fyrir áætlaðan komudag.

7. gr.

Innflutningsstaður.

Einungis er heimilt að flytja inn gæludýr og hundasæði til Íslands um innflutningsstað eins og hann er skilgreindur í reglugerð þessari. Yfirdýralæknir skal taka út og samþykkja sóttvarnaraðstöðu á innflutningsstað áður en heimilt er að flytja gæludýr og hundasæði til landsins um innflutningsstaðinn.

Innflutningur á gæludýrum og hundasæði með skipum er óheimill.

Yfirdýralæknir setur reglur um gerð flutningsbúra fyrir gæludýr.

8. gr.

Eftirlit á innflutningsstað.

Héraðsdýralæknir skoðar öll dýr við komuna til landsins á innflutningsstað og sannreynir að þau sýni ekki einkenni smitsjúkdóms, hafi innflutningsleyfi og jákvæða umsögn yfirdýralæknis og að frumrit allra tilskilinna vottorða fylgi. Sama gildir um hundasæði eftir því sem við á.

9. gr.

Brottfall innflutningsleyfis.

Komi í ljós að skilyrðum reglugerðar þessarar sé ekki framfylgt í hvívetna fellur innflutningsleyfið samstundis úr gildi og verður dýrið/hundasæðið sent úr landi til sama lands og það kom frá, sé þess kostur, en dýrið aflífað ella og hræinu/hundasæðinu eytt, bótalest og á kostnað eiganda.

II. KAFLI

Innflutningur hunda og katta.

10. gr.

Einangrun.

Eftir að innflytjandi hefur fengið innflutningsleyfi, sbr. 3. gr., skal hann sjálfur panta rými fyrir dýrið í einangrunarstöð. Þegar dagsetning innflutnings liggur fyrir skal innflytjandi leggja fram staðfestingu frá viðkomandi einangrunarstöð til yfirdýralæknis. Hunda og ketti sem heimilað hefur verið að flytja til landsins og uppfylla skilyrði I. kafla reglugerðar þessarar, skal við komuna til landsins flytja racleiðis í einangrunarstöð þar sem dýrin skulu dvelja í 4 vikur.

Í einangrunarstöð skal taka sýni til rannsókna á smitsjúkdómum skv. fyrirmælum yfirdýralæknis hverju sinni.

11. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð hunda og katta.

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði, sbr. 5. gr.:

- 1) Útflutningsland.
- 2) Hundategund/kattategund.
- 3) *Eigandi/umboðsmaður/innflytjandi*: Nafn, kennitala, heimili og símanúmer, auk faxnúmers og netfangs ef við á.
- 4) *Örmerking*: Merkja skal dýrið með örmerki sem uppfyllir FECAVA- eða ISO staðla áður en það er heilbrigðisskoðað, bóluset, sýni tekin eða það meðhöndlað. Merkja má dýrið með öðru örmerki ef eigandi leggur til lesara.
- 5) *Fæðingardagur*: Dýrið skal vera að minnsta kosti fimm mánaða gamalt við komu til landsins.
- 6) Nafn dýrs.
- 7) Smitsjúkdómar:
 - a) *Heilbrigðisskoðun*: Við heilbrigðisskoðun á síðustu 10 dögum fyrir innflutning má dýrið ekki hafa sýnt nein einkenni smitsjúkdóms.
 - b) Bólusetningar:
 - i) Bólusetning gegn hundaæði (rabies) – hundar og kettir:
 Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda og ketti sem koma frá landi með hundaæði, sbr. e-lið 2. gr., með deyddu bóluefni gegn hundaæði. Dýrin skulu vera að minnsta kosti 12 vikna gömul við fyrstu bólusetningu.
 Mæla skal magn mótefnis í blóði í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu og skal það vera að minnsta kosti 0,5 a.e./ml. Sé það lægra er óheimilt að flytja dýrið til landsins. Mælingarnar skulu framkvæmdar á viðurkenndri rannsóknarstofu á EESsvæðinu eða í Bandaríkjunum.
 Óheimilt er að flytja hunda og ketti til landsins fyrr en 120 dagar eru liðnir frá því þeir voru fyrst bólusettir gegn hundaæði. Sé um endurbólusetningu að ræða og hafi mótefni mælst að minnsta kosti 0,5 a.e./ml er heimilt að flytja dýrið inn 30 dögum eftir síðustu endurbólusetningu.
 - ii) Bólusetning gegn leptospírósu (leptospirosis) – hundar:
 Á síðustu 180 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn leptospírósu. Hundar skulu fullbólusettir gegn leptospírósu. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.
 Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn leptospírósu.
 - iii) Bólusetning gegn hundafári (canine distemper) – hundar:
 Á síðustu 730 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn hundafári. Hundar skulu fullbólusettir gegn hundafári. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.
 Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn hundafári.
 - iv) Aðrar bólusetningar – hundar:

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn eftirtöldum tveimur sjúkdómum:

- (1) smitandi lifrabólgu (hepatitis contagiosa canis)
- (2) smáveirusótt (parvovirus).

Hundar skulu fullbólusettir gegn lifrabólgu og smáveirusótt. Fylgja skal fyriræmum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn smitandi lifrabólgu og smáveirusótt.

v) Aðrar bólusetningar – kettir:

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja ketti gegn eftirtöldum þremur sjúkdómum:

- (1) kattafári (feline panleukopenia)
- (2) kattaflensu (rhinotracheitis)
- (3) kattakvefi (Feline calicivirus).

Kettir skulu fullbólusettir gegn kattafári/kattaflensu/kattakvefi. Fylgja skal fyriræmum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja ketti til landsins, fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn kattafári, kattaflensu og kattakvefi.

c) Rannsóknir:

i) Blóðrannsókn vegna brúsellósu (brucellosis) – hundar:

Á síðustu 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á *Brucella canis*.

Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins.

ii) Blóðrannsókn vegna kattaalnémis (Feline immunodeficiency virus) – kettir:

Á síðustu 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á kattaalnémi.

Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins.

iii) Blóðrannsókn vegna kattahvítblæðis (Feline leukemia virus) – kettir:

Á síðustu 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á kattahvítblæði.

Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins.

iv) Rannsókn vegna salmonellu - hundar og kettir:

Á síðustu 30 dögum fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á *Salmonella*-sýklum.

Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins, nema áhættan við innflutning sé ásættanleg að mati yfirdýralæknis.

d) Meðhöndlun.

i) Meðhöndlun gegn bandormum:

Á síðustu 10 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn bandormum (*Echinococcus multilocularis*, *Echinococcus granulosus*).

ii) Meðhöndlun gegn útvortis sníkjudýrum:

Á síðustu 10 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn sníkjudýrum.

12. gr.

Skapgerðarmat.

Yfirdýralæknir metur í hverju tilfelli fyrir sig hvort krefjast skuli sérstaks skapgerðarmats á hundi sem sótt er um leyfi til að flytja inn. Hann skal taka mið af því sem vitað er um eðli viðkomandi hundategundar og leita álits sérfræðinga eftir þörfum.

Yfirdýralæknir setur nánari reglur um framkvæmd skapgerðarmats.

13. gr.

Óheimill innflutningur.

Óheimilt er að flytja til landsins:

- a) Hvolpafullar tíkur.
- b) Kettingafullar læður.
- c) Tíkur með hvolpa á spena.
- d) Læður með kettlinga á spena.
- e) Dýr sem hafa undirgengist aðgerðir fyrir innflutning og þarfnast eftirlits eða eftirmeðferðar af nokkru tagi.
- f) Hunda og sæði hunda af eftirfarandi tegundum, svo og blendinga af þeim:
 1. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier.
 2. Fila Brasileiro.
 3. Toso Inu.
 4. Dogo Argentino.
 5. Aðrar hundategundir eða blendinga, skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra í hverju tilfelli, að fenginni rökstuddri umsögn yfirdýralæknis.
- g) Blendinga af úlfum og hundum, svo og sæði blendinga af úlfum og hundum.
Komi í ljós við komu dýrs til landsins að ákvæði a-g liðar eigi við um dýr sem komið er á innflutningsstað skal fara eftir ákvæðum 9. gr. þessarar reglugerðar.

III. KAFLI

Innflutningur hundasæðis.

14. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð sæðisgjafa.

Innflutningur á djúpfrystu hundasæði í þar til gerðum stráum er heimill að uppfylltum neðangreindum skilyrðum. Óheimilt er að flytja til landsins ófrosið hundasæði.

Um komu hundasæðis til landsins og eftirlit á innflutningsstað fer eftir ákvæðum 6. - 8. gr. reglugerðar þessarar.

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði, sbr. 5. gr.:

- 1) Útflutningsland.
- 2) *Innflytjandi* Nafn, kennitala, heimili og símanúmer innflytjanda, auk faxnúmers og netfangs ef við á.
- 3) *Eigandi sæðisgjafa eða umboðsmaður*: Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers og netfangs ef við á.

- 4) *Örmerking*: Sæðisgjafi skal vera örmerktur áður en sæðistaka, bólusetningar og blóðpróf fara fram.
- 5) Nafn, tegund og fæðingardagur sæðisgjafa.
- 6) Dagsetning sæðistöku.
- 7) Dýralæknir sem undirritar vottorðið skal hafa tekið sæðið eða verið viðstaddur töku þess.
- 8) Smitsjúkdómar:
 - a) *Heilbrigðisskoðun*: Við heilbrigðisskoðun við sæðistöku skal sæðisgjafi ekki hafa sýnt nein einkenni smitsjúkdóms.
 - b) Bólusetningar:
 - i) Bólusetning gegn hundaæði (rabies):
Komi sæðið frá landi með hundaæði, sbr. e-lið 2. gr., skal sæðisgjafi bólusettur með deyddu bóluefni á síðustu 365 dögum fyrir sæðistöku, og hafa verið að minnsta kosti 12 vikna gamall við bólusetningu.
Mæla skal magn mótefnis í blóði í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu og skal það vera að minnsta kosti 0,5 a.e./ml. Mælingarnar skulu framkvæmdar á viðurkenndri rannsóknarstofu á EESsvæðinu eða í Bandaríkjunum.
Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 120 daga frá því hann var fyrst bólusettur gegn hundaæði. Sé um endurbólusetningu að ræða og hafi mótefni mælst að minnsta kosti 0,5 a.e./ml, er heimilt að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið er 30 dögum eftir síðustu endurbólusetningu.
 - ii) Bólusetning gegn leptóspírósu (leptospirosis):
Á síðustu 180 dögum fyrir sæðistöku skal bólusetja sæðisgjafa gegn leptóspírósu. Hundurinn skal fullbólusettur gegn leptóspírósu. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.
Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 30 daga frá því hann var síðast bólusettur gegn leptóspírósu.
 - iii) Bólusetning gegn hundafári (canine distemper):
Á síðustu 730 dögum fyrir sæðistöku skal bólusetja sæðisgjafa gegn hundafári. Hundurinn skal fullbólusettur gegn hundafári. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.
Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 30 daga frá því hann var síðast bólusettur gegn hundafári.
 - iv) Aðrar bólusetningar:
Á síðustu 365 dögum fyrir sæðistöku skal bólusetja sæðisgjafa með deyddu bóluefni gegn eftirtöldum tveimur sjúkdómum:
(1) smitandi lifrabólgu (hepatitis contagiosa canis)
(2) smáveirusótt (parvovirus).
Hundurinn skal fullbólusettur gegn smitandi lifrabólgu og smáveirusótt. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.
Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 30 daga frá því hann var síðast bólusettur gegn smitandi lifrabólgu og smáveirusótt.
 - c) Rannsóknir:

Blóðrannsókn vegna brúsellósu (Brucellosis):

Á síðustu 30 dögum fyrir sæðistöku skal taka blóðsýni til rannsókna á *Brucella canis*.

Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja sæði úr hundinum til landsins.

d) Náttúruleg pörun:

Óheimilt er að nota sæðisgjafa í náttúrulega pörun frá því blóðpróf voru tekin og fram að sæðistöku.

15. gr.

Skapgerðarmat sæðisgjafa.

Yfirdýralæknir metur í hverju tilfelli fyrir sig hvort krefjast skuli sérstaks skapgerðarmats á sæðisgjafa sem sótt er um leyfi til að flytja inn sæði úr. Hann skal taka mið af því sem vitað er um eðli viðkomandi hundategundar og leita álits sérfræðinga eftir þörfum. Yfirdýralæknir setur nánari reglur um framkvæmd skapgerðarmats.

16. gr.

Geymsla og merking sæðis.

Sæði skal geymt í innsigliðum höggþéttum umbúðum sem merkt er númeri örmerkis sæðisgjafa, nafni hans og uppruna.

17. gr.

Sæðing með innfluttu sæði og tilkynningarskylda.

Einungis dýralæknum með starfsleyfi á Íslandi er heimilt að sæða tíkur með innfluttu sæði. Tíkur sem sæddar hafa verið með innfluttu sæði er óheimilt að para á sama gangmáli.

Dýralæknar skulu halda skrá yfir sæðingar með innfluttu hundasæði. Láti tík eða veikist eftir sæðingu eða á meðgöngu skal eigandi tilkynna það viðkomandi héraðsdýralækni. Fóstur og fylgjur eftir fósturlát skal varðveita og þeim komið til héraðsdýralæknis til rannsókna.

IV. KAFLI

Innflutningur skrautfiska og vatnadýra.

18. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð.

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði sbr. 5. gr.:

- a) Útflutningsland skrautfiskanna/vatnadýranna.
- b) *Eigandi/innflytjandi skrautfiskanna/vatnadýranna*: Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers og netfangs ef við á.
- c) Fisktegund/dýrategund.
- d) *Smitsjúkdómar*: Fiskarnir/vatnadýrin skulu ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms sem borist getur í nytjafisk.

19. gr.

Einangrun.

Skrautfiskum og vatnadýrum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun frá öðrum fiskum og vatnadýrum fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning, sjá nánar um sóttkví í reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr.

V. KAFLI

Innflutningur nagdýra og kanína.

20. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð.

- Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði fyrir nagdýr og kanínur sbr. 5. gr.:
- a) Útflutningsland nagdýrs eða kanínu.
 - b) *Eigandi/innflytjandi*: Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers eða netfangs ef við á.
 - c) Dýrategund.
 - d) *Smitsjúkdómar*: Dýrið skal ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms.
 - e) *Salmonella*: Á síðustu þremur vikunum fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á salmonellu. Reynist sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins, nema áhættan við innflutninginn sé ásættanleg að mati yfirdýralæknis.

21. gr.

Einangrun.

Nagdýrum og kanínum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning, sjá nánar um sóttkví í reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr.

VI. KAFLI

Innflutningur búrfugla.

22. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð.

- Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði, sbr. 5. gr.:
- a) Útflutningsland búrfugls.
 - b) *Eigandi/innflytjandi búrfugls*: Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers og netfangs ef við á.
 - c) Fuglategund.
 - d) *Smitsjúkdómar*: Búrfuglinn skal ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms.
 - e) *Salmonella*: Á síðustu þremur vikunum fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á salmonellu. Reynist sýnið jákvætt er óheimilt að flytja búrfuglinn til landsins, nema áhættan við innflutninginn sé ásættanleg að mati yfirdýralæknis.
 - f) *Paramyxoviridae*: Á síðustu þremur vikunum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á mótetnum gegn paramyxoveirum (Newcastle disease). Reynist sýnið jákvætt er innflutningur óheimill.
 - [g) *Orthomyxoviridae*: Á síðustu þremur vikum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á mótetnum gegn orthomyxoveirum (Avian influenza H5 og H7).]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 817/2005.

23. gr.

Einangrun.

Búrfuglum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning, sjá nánar um sóttkví í reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr.

VII. KAFLI

Aðstaða fyrir dýr á innflutningsstað.

24. gr.

Aðbúnaður.

Á innflutningsstað skal vera sóttvarnaraðstaða til að vista dýr í stuttan tíma við komu þeirra til landsins og þegar um millilendingu er að ræða. Í sóttvarnaraðstöðu skulu vera eitt eða fleiri herbergi, þannig útbúin að dýr geti ekki sloppið út úr þeim. Í því skyni skal vera forstofa framan við hvert herbergi. Bæði dyr inn í forstofuna og í herbergið skulu vera sjálflokandi. Herbergin skulu merkt greinilega þannig að fram komi að um sóttvarnaraðstöðu sé að ræða og að óviðkomandi sé óheimill aðgangur. Yfirborð veggja og gólfs herbergjanna skal vera auðvelt að þrifa en gólf má ekki vera hált. Herbergin skulu vera vel loftræst og skulu dýr hafa aðgang að hreinu vatni. Í hverri forstofu skal vera handlaug, handsápa og pappírspurrkur.

25. gr.

Ábyrgð og verklag.

Ávallt skal skipa einn ábyrgðarmann fyrir sóttvarnaraðstöðu og skal ætíð vera hægt að ná í hann í síma. Tilkynna ber nafn og símanúmer hans til héraðsdýralæknis. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að starfsmaður sé ávallt í aðstöðunni þegar dýr eru vistuð þar.

Dýr skulu flutt rakleiðis í sóttvarnaraðstöðu við komu til landsins, þar sem tollverðir og héraðsdýralæknir skoða dýrið og innflutningsleyfi þess. Ábyrgðarmaður skal tryggja að dýr séu vistuð í sóttvarnaraðstöðu við komu til landsins, þar til þau eru sótt af flutningsaðila sem uppfyllir skilyrði reglugerðar um einangrunarstöðvar.

Dýrum má ekki hleypa út úr búrum sínum fyrr en þau eru komin inn í herbergi í sóttvarnaraðstöðu.

26. gr.

Aðgangur.

Ábyrgðarmaður skal tryggja að aðeins eftirtöldum aðilum sé leyfður aðgangur að sóttvarnaraðstöðu:

- starfsfólki sóttvarnarstöðvarinnar
- flutningsaðilum
- héraðsdýralækni
- aðilum á vegum yfirvalda svo sem starfsmönnum tollgæslu.

Aðrir aðilar en taldir eru upp hér að ofan þurfa sérstakt skriflegt leyfi héraðsdýralæknis til að fá aðgang að sóttvarnaraðstöðu.

27. gr.

Skráning og fræðsla.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að allir skrifi nafn sitt, dagsetningu og tíma í hvert sinn sem þeir fara inn og út úr sóttvarnaraðstöðu. Sé viðkomandi ekki starfsmaður, skal hann gefa upp kennitölu sína. Skráningarnar skulu geymdar í 6 mánuði. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að allt starfsfólk fái fræðslu um afleiðingar hundaeðis og varnir gegn smiti. Starfsfólk skal einnig uppfrætt um þær reglur sem gilda ef hundur strýkur úr einangrun og ef óviðkomandi fólk fer inn í sóttvarnaraðstöðu.

28. gr.

Tilkynningarskylda.

Ábyrgðaraðili skal tilkynna héraðsdýralækni um bit og klór dýra í sóttvarnaraðstöðu og tryggja að sá sem er bitinn eða klóraður fái læknisáðstoð.

Týnist dýr eða strjúki skal ábyrgðaraðili gera héraðsdýralækni viðvart, án tafar.

29. gr.

Hreinlæti.

Ábyrgðaraðili skal tryggja að allt starfsfólk klæðist hlífðarfatnaði þegar það er inni í sóttvarnaraðstöðu. Hlífðarfatnaðurinn skal skilinn eftir í forstofu herbergjanna og ávallt skal fyllsta hreinlætis gætt.

Sóttvarnaraðstöðu skal ávallt haldið hreinni og snyrtilegri. Aðstaðan skal þrífín og sóttþreinsuð strax eftir að dýr hafa verið sótt, sem og öll tæki og tól sem notuð hafa verið. Búr sem dýrin koma í skulu geymd inni í herbergjunum á meðan dýrin eru vistuð þar.

30. gr.

Meðferð úrgangs.

Allur úrgangur skal meðhöndlaður samkvæmt ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

31. gr.

Afhending: dýra.

Hafi dýrin verið flutt inn á löglegan hátt er heimilt að afhenda þau til flutningsaðila sem leyfi hefur til flutnings dýra á einangrunarstöð, sbr. ákvæði reglugerðar um einangrunarstöðvar.

Hafi dýr verið flutt inn á ólöglegan hátt skal yfirdýralækni gert viðvart og með málið farið samkvæmt ákvæðum laga um innflutning dýra nr. 54/1990, ásamt síðari breytingum.

32. gr.

Samgangur dýra.

Ábyrgðarmaður skal tryggja að dýr sem vistað er í sóttvarnaraðstöðu komist ekki í snertingu við önnur dýr, að undanskildum þeim sem það var flutt með til landsins sé því að skipta.

VIII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

33. gr.

Framlenging einangrunar.

Ef upp koma grunsemdir um að dýr sem dvelur í einangrun sé haldið smitsjúkdómi, er yfirdýralækni heimilt að ákveða að dýr verði vistað lengur en í 4 vikur í einangrunarstöð, sbr. 2. mgr. 10. gr., uns fullljóst er hvort dýrið sé hæft til innflutnings eður ei og ber eigandi dýrsins allan kostnað sem af áframhaldandi einangrun kann að hljóta.

34. gr.

Frávik.

Yfirdýralækni er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 6., 11. og 14. gr. reglugerðar þessarar undir sérstökum kringumstæðum, ef fagleg rök mæla með því. Akvarðanir um slíkar undanþágur skulu tilkynntar til landbúnaðarráðuneytisins eftir því sem ástæða er til.

35. gr.

Gjaldtaka.

Gjaldtaka vegna kostnaðar við vinnu og eftirlit yfirdýralæknis vegna útgáfu vottorða skv. reglugerð þessari, vegna eftirlits héraðsdýralæknis á innflutningsstað og í einangrunarstöð fer eftir gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneytið setur.

36. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir ákvæðum laga. Hinn brotlegi ber allan kostnað vegna brots og getur honum m.a. verið gert að þola bótalaut að dýri eða hundasæði sé fargað eða sent úr landi á hans kostnað.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerðinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

37. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.¹⁾ Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 431/2003 um sama efni. Innflutningsleyfi sem veitt hafa verið skv. eldri reglugerð halda gildi sínu.

1) Reglugerðin var gefin út og tók gildi 24. nóvember 2004.

Reglugerð

nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, sbr. reglugerð nr. 5/2005 um breyting á henni.

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem heyra undir samninginn um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra í útrýmingarhættu, sem gerður var í Washington 3. mars 1973 (CITES). Markmið samningsins og reglugerðar þessarar er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær.

2. gr.

Stjórnvöld.

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Umhverfisstofnun veitir leyfi, annast eftirlit og aðra framkvæmd reglugerðarinnar. Náttúrufræðistofnun Íslands er umsagnaraðili og vísindalegt stjórnvald varðandi aðrar lífverur en nytjastofna sjávar.

Sjávarútvegsráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varðar nytjastofna sjávar.

Tollyfirvöld annast skoðun á eintökum og gögnum sem þeim fylgja við inn- og útflutning, skv. reglugerð þessari.

3. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og orðasambanda í reglugerð þessari er sem hér segir:

Samningurinn: Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), sem gerður var í Washington 3. mars 1973 ásamt breytingum á honum sem gerðar voru í Bonn 22. júní 1979 og viðaukum við hann, ásamt þeim fyrirvörum sem Ísland hefur gert við samninginn.

Endurútflutningur: Útflutningur á sérhverju eintaki sem áður hefur verið flutt inn.

Aðflutningur úr sjó: Innflutningur á eintaki af sérhverri tegund sem tekin hefur verið úr sjó utan lögsögu ríkja.

Persónubundnar eigur eða heimilismunir: Eintök, hlutar og afurðir af þeim tegundum samningsins sem eru í eigu einstaklings sem eru eða er ætlað að vera hluti af venjulegum munum hans og eigum sbr. eftirfarandi;

- a. er eign eða borið af einstaklingi án viðskiptalegs tilgangs;
- b. aflað hefur verið á löglegan hátt;
- c. er þegar innflutningur, útflutningur eða endurútflutningur á sér stað;
 - i. borið á eða af viðkomandi einstaklingi eða er í farangri hans;
 - ii. hluti af búslóð viðkomandi einstaklings.

Tegund: Tegund, undirtegund eða landfræðilega aðskilið afbrigði hennar.

Tegund samningsins: Tegund, undirtegund eða landfræðilega aðskilið afbrigði tegundar sem tilgreind er á I.-III. viðauka samningsins.

Eintak: Sérhvert dýr eða planta, hvort sem er lifandi eða dauð og hlutar eða afurðir þeirra;

- i. Fyrir dýrategundir sem tilgreindar eru í I. og II. viðauka; sérhver auðþekkjanlegur hluti dýrsins, afleiða hans eða afurð. Fyrir dýrategundir sem tilgreindar eru í III. viðauka; sérhver auðþekkjanlegur hluti dýrsins sem tilgreindur er í III. viðauka, afleiða hans eða afurð; og
- ii. Fyrir plöntutegundir sem tilgreindar eru í I. og II. viðauka; sérhver auðþekkjanlegur hluti plöntunnar, afleiða hans eða afurð. Fyrir plöntutegundir sem tilgreindar eru í III.

viðauka; sérhver auðþekkjanlegur hluti plöntunnar sem tilgreindur er í III. viðauka, afleiða hans eða afurð.

Leyfisveitandi: Umhverfisstofnun.

Viðskipti: Innflutningur, útflutningur, endurútflutningur og aðflutningur úr sjó á tegundum sem eru á I.-III. viðauka sammingsins.

Umsagnaraðili: Er eftir því sem við á Náttúrufræðistofnun Íslands eða Hafrannsóknastofnunin.

Vísindalegt stjórnvald: Vísindastofnun sem tilgreind hefur verið til skrifstofu sammingsins sbr. 9. gr. hans og er bær til þess að veita umsögn um innflutnings-, útflutnings-, og endurútflutningsleyfi, vottorð vegna aðflutnings úr sjó, og vísindalega ráðgjöf varðandi greiningu eintaks, verndarstöðu þess, aðstæður fyrir lifandi eintak á ákvörðunarstað og önnur atriði sem verslun með eintakið getur haft áhrif á. Þær íslensku stofnanir sem tilkynntar hafa verið til skrifstofu sammingsins í þessu skyni eru Náttúrufræðistofnun Íslands og Hafrannsóknastofnunin.

4. gr.

Leyfi og vottorð.

Innflutningur, útflutningur, endurútflutningur og aðflutningur úr sjó á eintökum þeirra tegunda sem reglugerð þessi nær til, sbr. I.-III. viðauka, er háður leyfi eða vottorði eftir því sem nánar greinir í köflum II-IV. Inn- eða útflytjandi skal leggja fram með umsókn um inn- eða útflutningsleyfi upplýsingar, sbr. fylgiskjal B.

Innflutnings-, útflutnings-, og endurútflutningsleyfi og vottorð um aðflutning úr sjó skulu gefin út í samræmi við reglur sammingsins. Leyfi og vottorð samkvæmt reglugerð þessari skulu bera heiti sammingsins, nafn og stimpil leyfisveitanda og sérstakt eftirlitsnúmer auk þess sem þau skulu innihalda upplýsingar sbr. fylgiskjal B. Leyfi til innflutnings, útflutnings og endurútflutnings gildir í sex mánuði frá útgáfudegi, en vottorð um aðflutning úr sjó gilda í eitt ár frá útgáfudegi.

Hvert afrit leyfis eða vottorðs skal vera greinilega merkt sem afrit og ekkert slíkt afrit má nota í stað frumrits, nema að því marki sem staðfest áritun á því segir til um.

Sérstakt leyfi eða vottorð þarf fyrir hverja sendingu eintaka, nema í þeim tilfellum sem falla undir 13. grein.

Leyfisveitandi skal ógilda og varðveita frumrit útflutningsleyfis eða endurútflutningsleyfis og samsvarandi innflutningsleyfi sem framvísað er vegna innflutnings.

Þar sem við á og mögulegt er leyfisveitanda heimilt að festa merki á sérhvert eintak til auðkenningar. Merkið skal vera óafmáanlegt s.s. blýinnsigli og örmerki og hannað þannig að það fyrirbyggji að svo miklu leyti sem unnt er að óviðkomandi aðilar geti gert eftirlíkingu af því.

Ávallt skal setja leyfi og vottorði þau skilyrði að lifandi einstaklingar sem fluttir eru eða eru í geymslu meðan á milliflutningi eða umfermingu stendur, skuli undirbúa, flytja og annast á þann hátt að sem minnst hætta sé á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð sbr. reglur alþjóða flugmálasamtakanna IATA, um flutning á lifandi dýrum (Life animals regulation).

Tekið skal gjald fyrir útgáfu leyfa á grundvelli þessarar reglugerðar í samræmi við gjaldskrá sem birt skal í B-deild Stjórnartíðinda og skal gjaldið miðast við þann kostnað sem hlýst af meðferð, afgreiðslu og útgáfu leyfis.

5. gr.

Fyrirvarar.

Fara skal með verslun með tegundir sem skráðar eru á I. viðauka og Ísland hefur gert fyrirvara við, sbr. 23. grein sammingsins eða mótmælt sbr. 15. gr. sammingsins, sbr. fylgiskjal A, eins og tegund sé skráð á II. viðauka.

Fara skal með verslun með tegundir sem skráðar eru á II. eða III. viðauka og Ísland hefur gert fyrirvara við sbr. 23. gr. sammingsins eða mótmælt sbr. 15. gr. sammingsins, sbr. fylgiskjal A, eins og viðkomandi tegund sé ekki skráð á viðauka sammingsins.

II. KAFLI**Innflutningur.**

6. gr.

Innflutningsleyfi.

Ávallt skal sækja um innflutningsleyfi fyrir eintök af tegundum sem tilgreindar eru á I. og II. viðauka sammingsins áður en til innflutnings kemur.

7. gr.

I. viðauki.

Leyfi til innflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. viðauka skal aðeins gefa út að eftirfarandi skilyrðum hafi verið fullnægð:

1. Sótt hafi verið um útflutningsleyfi eða endurútflutningsleyfi í útflutningslandinu og fyrir liggja bráðabirgðaútflutningsleyfi.
2. Fyrir liggja umsögn vísindalegs stjórnvalds hér á landi um að innflutningur muni ekki stefna viðkomandi tegund í útrýmingarhættu, fyrirhugaður viðtakandi lifandi eintaks hafi viðeigandi aðbúnað til þess að hýsa viðkomandi tegund og ekki séu aðrar ástæður varðandi verndun tegundarinnar sem mæla gegn útgáfu innflutningsleyfisins.
3. Ekkert bendi til þess að nota eigi eintakið fyrst og fremst í viðskiptalegum tilgangi.

8. gr.

II. viðauki.

Leyfi til innflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka skal því aðeins gefa út að útflutningsleyfi eða endurútflutningsleyfi hafi verið gefið út í útflutningslandinu.

9. gr.

III. viðauki.

Innflutningur á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í III. viðauka er aðeins heimill ef framvísað er upprunavottorði. Innflutningur frá ríki sem hefur tilgreint viðkomandi tegund á III. viðauka er aðeins heimill ef framvísað er útflutningsleyfi. Þegar um endurútflutning er að ræða er innflutningur heimill gegn framvísun vottorðs frá endurútflutningslandinu um að eintakið hafi verið skráð þar í landi eða sé endurútlutt. Slíkt vottorð gildir sem viðurkenning þess að ákvæðum sammingsins hafi verið fylgt varðandi viðkomandi eintak.

III. KAFLI**Útflutningur og endurútflutningur.**

10. gr.

I. viðauki.

Leyfi til útflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. viðauka skal því aðeins gefa út að eftirfarandi skilyrðum hafi verið fullnægt:

1. Veitt hafi verið innflutningsleyfi í innflutningslandi.
2. Fyrir liggja umsögn viðeigandi vísindalegs stjórnvalds um að útflutningur muni ekki stefna viðkomandi tegund í útrýmingarhættu.
3. Eintaksins hafi verið aflað samkvæmt gildandi reglum um verndun þeirrar tegundar sem um ræðir.
4. Gögn liggja fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð; og
5. Ekki sé um aðra þætti að ræða sem varða verndun tegundarinnar sem mæla gegn útgáfu útflutningsleyfisins.

11. gr.

II. viðauki.

Leyfi til útflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka skal því aðeins gefa út að eftirfarandi skilyrðum hafi verið fullnægt:

1. Sótt hafi verið um innflutningsleyfi í innflutningslandi, ef útflutningurinn er til lands sem gerir slíka kröfu í samræmi við 14. gr. samningsins.
2. Fyrir liggja umsögn viðeigandi vísindalegs stjórnvalds um að útflutningur muni ekki stefna viðkomandi tegund í útrýmingarhættu.
3. Leyfisveitandi hafi fullvissað sig, í samráði við umsagnaraðila eftir því sem við á, að eintakið hafi ekki verið tekið í blóra við lög um verndun þeirrar tegundar sem um ræðir.
4. Gögn liggja fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

Umhverfisstofnun skal reglulega senda umsagnaraðila og vísindalegu stjórnvaldi upplýsingar um útgefin útflutningsleyfi vegna eintaka af tegund í II. viðauka. Tolleyfirvöld skulu jafnframt senda leyfisveitanda og umsagnaraðilum reglulega upplýsingar um útflutning slíkra eintaka. Telji vísindalegt stjórnvald að takmarka beri útflutning á eintökum ákveðinnar tegundar til þess að viðhalda tegundinni á útbreiðslusvæði hennar, í samræmi við hlutverk hennar í þeim vistkerfum sem hún tilheyrir, og vel yfir þeim mörkum þar sem komið gæti til álitu að fella hana undir I. viðauka, skal vísindalega stjórnvaldið vinna tillögur og tilmæli til leyfisveitanda varðandi aðgerðir til þess að takmarka veitingu leyfa til útflutnings á eintökum af þeirri tegund.

Leyfi til endurútflutnings má aðeins gefa út hafi eintakið verið flutt inn til landsins í samræmi við ákvæði samningsins og gögn liggja fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

12. gr.

III. viðauki

Fyrir eintök þeirra tegunda sem Ísland hefur tilgreint í III. viðauka samningsins skal sækja um útflutningsleyfi. Leyfið má aðeins gefa út þegar fullnægt hefur verið eftirfarandi skilyrðum:

1. Eintakið hafi verið tekið í samræmi við gildandi reglur um verndun þeirrar tegundar sem um ræðir.
2. Gögn liggja fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að

sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

Þegar um endurútlutning er að ræða skal vottorð, sem umsjónarstjórnvald upprunalands eða endurútlutningslandsins gefur um að eintakið hafi verið skráð í því landi eða sé endurútlutt, viðurkennt af innflutningslandinu sem sönnun þess að ákvæðum þessa samnings hafi verið fylgt með tilliti til þess eintaks sem í hlut á.

IV. KAFLI

Aðflutningur úr sjó.

13. gr.

Vottorð.

Heimilt er að veita vottorð um aðflutning úr sjó fyrir tiltekinn fjölda eintaka eða magn tegundar sem gildir í allt að eitt ár.

14. gr.

I. viðauki.

Aðeins má gefa út vottorð um aðflutning úr sjó á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. viðauka hafi eftirfarandi skilyrðum um innflutning verið fullnægt:

1. Fyrir liggja umsögn vísindalegs stjórnvalds hér á landi um að innflutningur muni ekki stefna tegundinni sem í hlut á í útrýmingarhættu.
2. Fyrirhugaður viðtakandi lifandi eintaks hafi viðeigandi útbúnað til þess að hýsa og sjá um það.
3. Ekki standi til að nota eintakið fyrst og fremst í viðskiptalegum tilgangi.

15. gr.

II. viðauki.

Aðeins má gefa út vottorð um aðflutning úr sjó á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka eftir að fyrir liggur umsögn vísindalegs stjórnvalds hér á landi um að innflutningur muni ekki stefna tegundinni sem við á í útrýmingarhættu. Jafnframt skal setja aðflutningi þau skilyrði að sérhvert lifandi eintak verið meðhöndlað þannig að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsustjóni eða illri meðferð.

V. KAFLI

Undantekningar.

16. gr.

Persónubundnir munir.

Ákvæði II.-IV. kafla gilda ekki um dauð eintök, hluta og afurðir tegunda, sem taldar eru í I. og II. viðauka, sem teljast persónubundar eiga eða heimilismunir sem aflað hefur verið í því landi sem eigandinn hefur búsetu og fluttir eru inn, út eða endurútluttir. Undanþága þessi á þó ekki við:

1. Í þeim tilvikum þegar eintaka tegundar sem tilgreind er í I. viðauka var aflað af eigandanum utan þess lands sem hann hefur venjulega búsetu í og þau eru flutt inn til þess lands; eða
2. Þegar um er að ræða eintök af tegundum sem tilgreindar eru í II. viðauka:
 - a. eigandinn hefur aflað þeirra utan þess lands sem hann hefur venjulega búsetu í og í landi þar sem brottflutningur úr náttúrulegu umhverfi átti sér stað;
 - b. þau eru flutt inn til þess lands sem eigandinn hefur venjulega búsetu í; og

c. landið þar sem brottflutningur úr náttúrulegu umhverfi átti sér stað krefst þess að útflutningsleyfi séu gefin út áður en útflutningur slíkra eintaka fer fram.

Ekki þarf innflutnings-, útflutnings-, eða endurútflutningsleyfi fyrir dauð eintök, hluta eða afurðir neðangreindra tegunda sem teljast persónulegar eigur eða heimilismunir, ef um er að ræða eftirfarandi eintök:

1. styrjukavíar (tegundir af ættbálki *Acipenseriformes*), að hámarki 250 grömm á mann;
2. hristur (rainsticks) úr afurðum af ætta *Cactaceae*, að hámarki þrjú á mann;
3. krókóðílar, að hámarki fjögur eintök á mann;
4. skeljar af tegundinni *Queen conch (Strombus gigas)*, að hámarki þrjú eintök á mann.

17. gr.

Undanþágur.

Ákvæði II.-IV. kafla gilda ekki um flutning eða umskipun eintaka í eða gegnum lögsögu Íslands á meðan eintökin eru í vörslu tollayfirvalda. Ákvæði II.-IV. kafla gilda ekki um eintök sem aflað hefur verið áður en ákvæði sammingsins tóku gildi hvað varðar viðkomandi tegund eða eintak.

Fara skal með eintök dýrategunda, sem tilgreindar eru í I. viðauka og alin í vörslu manna í viðskiptaskyni og eintök plöntutegunda sem tilgreindar eru í I. viðauka og hefur verið fjölgað á tæknilegan hátt, samkvæmt ákvæðum þeim sem við eiga um einstaklinga tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka.

Leyfa, sem fjallað er um í II.-IV. kafla, skal ekki krafist þegar um er að ræða lán sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, gjafir og skipti milli vísindamanna og viðurkenndra vísindastofnana sem skráðar hafa verið á lista sammingsins yfir vísindamenn og vísindastofnanir, plöntueintök í grasasöfnum og önnur varðveitt, þurrkuð eða uppsett safneintök og lifandi efni plantna sem bera merki sem gefið er út eða viðurkennt af leyfisveitanda.

Leyfisveitandi getur heimilað flutning eintaka sem um getur í 2. og 4. mgr. þessarar greinar og eru hluti af ferðadýragarði, fjölleikahúsi, dýra- eða plöntusýningu eða annarri farandsýningu án leyfa eða vottorða gegn því að viðkomandi útflytjandi eða innflytjandi skrái allar upplýsingar um eintökin hjá leyfisveitanda og sérhvert lifandi eintak verði flutt og meðhöndlað þannig að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Tollstöðvar.

Innflutningur og útflutningur á lifandi dýrum og plöntum hér á landi skal fara í gegnum tollstöðina á Keflavíkurlflugvelli eða um eftirfarandi hafnir: Reykjavíkurhöfn, Keflavíkurhöfn, Hafnafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn eða Seyðisfjarðarhöfn.

Sérhverju eintaki tegundar sem tilgreind er á viðaukum sammingsins skal fylgja vottorð / leyfi. Við innflutning eintaks skulu tollverðir halda eftir frumriti vottorðs / leyfis og koma því til leyfisveitanda. Þegar eintök eru flutt út skal varan tollskoðuð og kvittað á vottorð / leyfi.

Allar tollstöðvar sem settar eru á stofn skv. 1. mgr. skulu hafa yfir að ráða nægilega fjölmennu og hæfu starfslíði. Tryggja skal að fyrir hendi sé aðstaða sem samræmist lögum um framkvæmd sammings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í

útrýmingarhættu, nr. 85/2000, lögum um dýravernd og reglugerð þessari hvað varðar flutning og aðstöðu lifandi dýra og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar fyrir lifandi plöntur, þar sem þörf krefur.

Tryggja skal að almenningi séu kynnt framkvæmdaákvæði reglugerðar þessarar á tollstöðvum.

19. gr.

Þvingunarúrræði.

Leyfisveitanda er heimilt að gera upptæk til ríkissjóðs eintök dýra eða plantna og afurða þeirra sem hafa verið flutt eða reynt hefur verið að flytja ólöglega inn eða á annan hátt verið farið með andstætt ákvæðum reglugerðar þessarar, án tillits til þess hver er eigandi þeirra eða til eignarhafta sem á þeim hvíla. Leita skal aðstoðar lögreglu eftir því sem þörf er á við framkvæmd þessa ákvæðis.

Lifandi eintök sem gerð eru upptæk skulu endursend til upprunastaðar eða komið fyrir í viðurkenndum almenningsdýragarði, og ber eigandi þeirra kostnaðinn.

20. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun til brota gegn reglugerð þessari varðar refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um hlutdeild í brotum.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og verður honum þá gerð fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga. Einnig er lögaðili ábyrgur fyrir greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda sé brot framið í starfi hans hjá lögaðilanum.

21. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 4. gr. laga um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, nr. 85/2000, öðlast þegar gildi.¹⁾

1) Reglugerðin var gefin út og tók gildi 20. desember 2004

[Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 8. gr. reglugerðarinnar öðlast ekki gildi fyrr en 1. apríl 2005.]

VIÐAUKAR I, II og III

Skýringar.

1. Til tegunda sem tilgreindar eru í þessum viðaukum er vísað sem hér segir:
 - a) með heiti viðkomandi tegundar; eða
 - b) sem allra þeirra tegunda sem tilheyra stærri flokkunareiningu eða tilgreindum hluta hennar.
2. Skammstöfunin "spp." táknar allar tegundir í flokkunareiningu sem er ofar tegund.
3. Tilvitnanir í flokkunareiningar ofar tegund eru einungis til fróðleiks og veita upplýsingar um

- stöðu viðkomandi lífveru eða lífvera í flokkunarkerfinu. Almenn heiti tilgreind á eftir vísindalegu heiti tegunda eru eingöngu til upplýsingar.
4. Eftirfarandi skammstafanir eru hafðar um þær flokkunareiningar plantna sem eru smærri en tegund:
 - a) "ssp." táknar undirtegund og
 - b) "var(s)." táknar afbrigði.
 5. Þar sem engar þeirra tegunda eða stærri flokkunareininga í plönturíkinu í I. viðauka eru merktar þannig að farið skuli með blendinga þeirra samkvæmt ákvæðum 3. gr. samningsins þýðir það að versla má með blendinga einnar eða fleiri þessara tegunda eða stærri flokkunareininga sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður ef vottorð liggur fyrir um að um fjölgun við tilbúnar aðstæður sé að ræða, og að fræ þessara blendinga og frjókorn (þar á meðal frjókekki), afskorin blóm, unglöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro*), í föstu efni eða vökva, og flutt eru í dauðhreinsuðum ílátum heyra ekki undir ákvæði samningsins.
 6. Land sem tilgreint er í III. viðauka á eftir tegundarheiti á við það land sem tilnefndi viðkomandi tegund á viðaukann.
 7. Í samræmi við iii-lið b-liðar 1. gr. samningsins merkir táknið (#) sem stendur ásamt tölu við heiti tegundar eða stærri flokkunareiningar sem tilgreind er í II. viðauka hluta lífveru eða afurðir hennar sem tilgreindar eru í tengslum við umrædda tegund að því er samninginn varðar sem hér segir:
 - #1 Táknað alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
 - a) fræ, gró og frjókorn (þar á meðal frjókekki);
 - b) unglöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro*), í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum; og
 - c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður.
 - #2 Táknað alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
 - a) fræ og frjókorn;
 - b) unglöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro*), í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum;
 - c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður; og
 - d) efnaafleiður og lyf.
 - #3 Táknað heilar eða sneiddar rætur og rótarhluta nema framleiðslu eða afurðir á borð við duft, töflur, seyði, heilsudrykki, te og sælgæti.
 - #4 Táknað alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
 - a) fræ, nema fræ mexíkóskra kaktusa sem upprunnir eru í Mexíkó, og frjókorn;
 - b) unglöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro*), í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum;
 - c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður;
 - d) ávexti og hluta þeirra og afurðir af þeim sem eru af náttúrulegum plöntum eða plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður; og
 - e) aðskilda stöngulliði (þófa) og plöntuhluta og afurðir af þeim sem eru af náttúrulegum plöntum eða plöntum af ættkvíslinni *Opuntia* og undirættkvíslinni *Opuntia* sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður.

- #5 Táknað trjábol, sagaðan við og viðarspón.
- #6 Táknað trjábol, sagaðan við, viðarspón og krossvið.
- #7 Táknað trjábol, viðarspæni og óunnið kurlað efni.
- #8 Táknað alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
 - a) fræ og frjókorn (þar á meðal frjókekki);
 - b) unglöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro*), í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum;
 - c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnað aðstæður; og
 - d) ávexti og hluta þeirra og afurðir af þeim sem eru af plöntum af ættkvíslinni *Vanilla* sem fjölgað er við tilbúnað aðstæður.

VIÐAUKAR
pdf-form

Fylgiskjal A.

Fyrirvarar Íslands við samninginn.

Ísland gerði eftirfarandi fyrirvara við tegundir á viðaukum samningsins þegar samningurinn var fullgiltur árið 2000.

Samkvæmt a-lið 2. tölul. 23. gr. samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu eru gerðir fyrirvarar að því er eftirfarandi tegundir í I. og II. viðauka varðar:

Steypireyður (*Balaenoptera musculus*) í I. viðauka.
 Langreyður (*Balaenoptera physalus*) í I. viðauka.
 Sandreyður (*Balaenoptera borealis*) í I. viðauka.
 Hnúfubakur (*Megaptera novaengliae*) í I. viðauka.
 Búrhvalur (*Physeter macrocephalus*) í I. viðauka.
 Andanefja (*Hyperoodon ampullatus*) í I. viðauka.
 Hrefna/Hrafnreyður (*Balaenoptera acutorostrata*), Vestur-Grænlandsstofn skráður í II. viðauka, aðrir stofnar skráðir í I. viðauka.
 Suðurskauta hrefna (*Balaenoptera bonaerensis*), í I. viðauka.
 Marsvín/Grindhvalur (*Globicephala melas*) í II. viðauka.
 Háhyrningur (*Orcinus orca*) í II. viðauka.
 Hnýðingur (*Lagenorhynchus albirostris*) í II. viðauka.
 Leiftur (*Lagenorhynchus acutus*) í II. viðauka.
 Hnísa (*Phocoena phocoena*) í II. viðauka.
 Höfrungur/Léttir (*Delphinus delphis*) í II. viðauka.
 Stökkull (*Tursiops truncatus*) í II. viðauka.
 Hvalháfur (*Rhincodon typus*), í II. viðauka.
 Barði (*Cetorhinus maximus*), í II. viðauka.

Fylgiskjal B.

Upplýsingar sem tilgreina skal í leyfi sbr. 3. mgr. 4. gr.

1. Innflytjandi nafn og heimilisfang.
2. Innflutningsland.
3. Útflytjandi nafn og heimilisfang.
4. Sérstakar aðstæður, ef um þær er að ræða, t.d. um aðbúnað og meðferð lifandi dýra.
5. Tilgangur viðskiptanna.
6. Tegundir - vísindaheiti og almennt heiti dýrs eða plöntu.
7. Lýsing á eintaki.
8. Viðaukanr. og uppruni.
9. Magn/fjöldi - einingar meðtaldar.
10. Upprunaland, útflutningsvottorð og leyfisnúmer.
11. Útflutningsland/endurútflutningur.
12. Dagsetning leyfis.

Reglugerð

nr. 1082/2004 um tóbaksgjald og merkingar tóbaks.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til þeirra aðila sem flytja inn og framleiða tóbak í atvinnuskyni, Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og vörsluhafa á ótollafgreiddu tóbaki og varðar álagningu tóbaksgjalds og eftirlit með merkingum tóbaks.

II. KAFLI

Gjaldskylda, gjaldskyldir aðilar.

2. gr.

Gjaldskylda.

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald, tóbaksgjald, af tóbaki sem flutt er til landsins eða er framleitt hér á landi.

Tóbak telst samkvæmt reglugerð þessari vera sérhver vara sem flokkast í 24. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Gjaldskyldir eru allir þeir sem selja tóbak í smásölu, sbr. 8. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

III. KAFLI

Tilkynningarskylda.

4. gr.

Tilkynningarskylda innflytjanda og framleiðanda.

Innflytjandi, sem flytur inn tóbak í atvinnuskyni, skal áður en innflutningur tóbaks hefst tilkynna atvinnurekstur sinn til tollstjórans í Reykjavík. Tollstjórinn skal úthluta innflytjanda einkvæmu tilvísunarnúmeri, sem honum ber að skrá í aðflutningsskýrslu þegar innflutningur tóbaks fer fram. Með skráningu tilvísunarnúmersins lýsir innflytjandi því yfir að innflutningur viðkomandi vörusendingar og ráðstöfun hennar eftir tollafgreiðslu sé og verði samkvæmt ákvæðum og skilyrðum reglugerðar þessarar.

Framleiðandi tóbaks skal áður en framleiðsla tóbaks hefst tilkynna um framleiðslu sína til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

IV. KAFLI

Álagning og innheimta.

5. gr.

Álagning og innheimta tóbaksgjaldsins.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaki sem hefur verið flutt hingað til lands eða framleitt hér á landi.

Fjárhæð tóbaksgjaldsins fer eftir ákvæðum laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal greiða tollstjóranum í Reykjavík innheimt tóbaksgjald eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils. Uppgjörstímabil tóbaksgjalds samkvæmt þessari grein er einn mánuður. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er fimmti dagur næsta mánaðar eftir lok þess. Greiðslunni skal fylgja skilagrein, staðfest af forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eða ábyrgum starfsmanni hans, með þeim upplýsingum, er tollstjóri telur fullnægjandi.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tilkynna tollstjóranum í Reykjavík hverjir teljist vera ábyrgir starfsmenn í skilningi ákvæðisins með fullnægjandi hætti.

V. KAFLI

Merkingar tóbaks.

6. gr.

Um merkingar tóbaks.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að allt tóbak sem flutt er til landsins eða framleitt hér á landi í atvinnuskyni og ætlað er til neyslu, hvort heldur er unnið eða óunnið, sé merkt. Um merkingar tóbaks fer eftir 6. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Ef merkingum tóbaks er ábótavant skal Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins merkja tóbakið gegn greiðslu hóflegs gjalds.

VI. KAFLI

Geymsla og afhending tóbaks.

7. gr.

Um geymslu á innfluttu tóbaki.

Allt innflutt tóbak, sem ætlað er til aðvinnslu eða sölu innanlands, skal geymt í vörslu farmflytjanda, í tollvörugeymslu eða á frísvæði þar til Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óskar eftir því til heildsöludreifingar.

8. gr.

Um afhendingu á tóbaki til heilðsöluðreifingar.

Vörsluhöfum tóbaks samkvæmt 7. gr., er óheimilt að afhenda öðrum en starfsmönnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins innflutt tóbak. Þá er vörsluhöfum tóbaks óheimilt að afhenda starfsmönnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins innflutt tóbak fyrr en að fenginni afhendingarheimild tollstjóra.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal senda farmflytjendum og forstöðumönnum tollvörugeymslna og frísvæða skrá með nöfnum þeirra starfsmanna Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem hafa heimild til þess að veita tóbaki viðtöku, sbr. 1. mgr.

VII. KAFLI

Eftirgjöf tóbaksgjalds.

9. gr.

Undanþágur frá tóbaksgjaldi.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal ekki leggja tóbaksgjald á:

1. Tóbak sem selt er til varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951 og tóbak sem selt er í tollfrjálsar forðageymslur, enda sé sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að mati Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að tóbakið hafi verið selt og flutt til rétthafa samkvæmt þessum tölulið. Tollstjórar skulu veita Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins upplýsingar um magn þess tóbaks sem selt er til varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951 og í tollfrjálsar forðageymslur.
2. Tóbak sem selt er til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, enda hafi Áfengis- og tóbaksverslun ríkisinsborist beiðni frá viðkomandi aðila, árituð af utanríkisráðuneytinu, um kaup á tilgreindu magni án greiðslu tóbaksgjalds.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Stofn til virðisaukaskatts.

Tóbaksgjald myndar stofn til virðisaukaskatts hvort sem tóbakið er flutt inn eða framleitt hér á landi.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, öðlast gildi 17. janúar 2005.1)

1) Reglugerðin var birt 10. janúar 2005 og tók gildi 17. janúar 2005.

Úr reglugerð

nr. 1101/2004 um markaðssetningu sæfiefna, sbr. reglugerð nr. 243/2007, 150/2008, 520/2008, 1234/2008, 15/2009, 1030/2009, 109/2010, 348/2010 og 830/2010 um breytingu á henni.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að vernda menn og umhverfi fyrir hugsanlegri hættu sem stafar af notkun sæfiefna.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um markaðssetningu, markaðsleyfi og notkun sæfiefna. Reglugerðin gildir einnig um skráningu virkra efna til nota í sæfiefni.

Reglugerðin tekur ekki til:

- a) lyfja,
- b) lækningatækja og virkra ígræðanlegra lækningatækja,
- c) bragðefna og aukefna í matvælum,
- d) efna og hluta sem ætlað er að snerta matvæli,
- e) efnavara sem notaðar eru við framleiðslu og markaðssetningu mjólkurafurða og eggjaafurða,
- f) efnavara sem notaðar eru við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafna og fiskafurða,
- g) fódurs,
- h) snyrtivara,
- i) varnarefna til notkunar í landbúnaði og garðyrkju.

Skilgreiningar.

3. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Aðgangsheimild: Skjal undirritað af eigendum gagna, sem eru vernduð samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, þar sem fram kemur að Umhverfisstofnun sé heimilt að nota gögnin við leyfisveitingar skv. reglugerð þessari.

Áhættulítill sæfiefni: Efni eða efnavara sem inniheldur virkt efni sem skráð er í B-hluta V. viðauka.

Efnavara: Blanda tveggja eða fleiri efna í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi.

Efni: Frumefni og sambönd þeirra, bæði náttúruleg og manngerð.

Einfaldað markaðsleyfi: Ákvörðun Umhverfisstofnunar að heimila markaðssetningu áhættulítills sæfiefnis hér á landi.

Grunnefni: Efni sem stundum er notað sem sæfiefni án þess að það sé markaðssett sem slíkt. Efnið er þá annað hvort notað óblandað eða í blöndu með leysiefni sem ekki er talið skaðlegt heilsu eða umhverfi. Dæmi um grunnefni eru: koldíoxíð, köfnunarefni, etanól, 2-própanól, ediksýra og kísilgúr.

Leifar: Eitt eða fleiri efni í sæfiefni sem verða eftir að lokinni notkun þess, þar með talin umbrotsefni og afleiður sem myndast við niðurbrot þeirra eða efnahvörf.

Markaðsleyfi: Ákvörðun Umhverfisstofnunar um að leyfa markaðssetningu sæfiefnis hér á landi.

Markaðssetning: Innflutningur, dreifing og sala sæfiefna. Innflutningur inn á tollsvæði Evrópska efnahagssvæðisins (EES) telst markaðssetning.

Marklífvera: Lífvera sem tilteknu sæfiefni er ætlað að eyða, gera skaðlausa eða bægja frá.

Rammasæfiefni: Hópur sæfiefna með sömu notkun og notendahópa og sem innihalda sömu virk efni.

Skaðleg lífvera: Sérhver lífvera sem telst óæskileg eða hefur skaðleg áhrif á menn, starfsemi þeirra, þær vörur sem þeir nota eða framleiða eða hefur skaðleg áhrif á umhverfi.

Skráning: Heimild til að markaðssetja virkt efni til tiltekinna nota í sæfiefni.

Sæfiefni: Efni eða efnavara sem ætlað er að eyða hættulegum lífverum, bægja þeim frá eða gera þær skaðlaugar með efna- eða líffræðilegum aðferðum, sbr. I. viðauki reglugerðar þessarar.

Tilgreind virk efni: Virk efni sem voru á markaði á EES-svæðinu fyrir 14. maí 2000 sem virk efni í sæfiefnum og voru tilgreind í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnar EB nr. 1896/2000, sbr. einnig reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 1687/2002.

Tilkynnt virk efni: Tilgreind virk efni sem eru tilkynnt í áhættumat í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnar EB nr. 1896/2000, sbr. einnig reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 1687/2002

Umhverfi: Dýr, plöntur og örverur, jarðvegur, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, menningarminjar og efnisleg verðmæti.

Virkt efni: Efni eða örvera, svo sem veira eða sveppur, sem hefur almenna eða sérhæfða verkun á skaðlegar lífverur.

II. KAFLI

Virk efni í sæfiefnum.

Markaðssetning virkra efna.

4. gr.

Einungis er heimilt að markaðssetja virk efni til notkunar í sæfiefni sem skráð eru í V. viðauka reglugerðar þessarar.

Ákvæði 1. mgr. á þó ekki við um virk efni sem nota á til rannsókna eða þróunar, sbr. 18. gr.

Umsókn um skráningu.

5. gr.

Umsókn um skráningu virkra efna til tiltekinna nota í sæfiefni skal senda Umhverfisstofnun á þar til gerðum eyðublöðum. Umsókn skal útfyllt á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Það sama á við um umsókn um breytingu á skráningu.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:

- Tækniskjöl fyrir virk efni sem tilgreind eru í A-hluta II. viðauka eða A-hluta IV¹⁾. viðauka, og eftir því sem við á gögn samkvæmt A-hluta III. viðauka.
- Tækniskjöl fyrir a.m.k. eitt sæfiefni sem inniheldur virka efnið, sbr. 10. gr.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. [1101/2004](#).

III. KAFLI

Markaðssetning sæfiefna.*Markaðsleyfi.*

9. gr.

Óheimilt er að markaðssetja eða nota sæfiefni hér á landi nema að fengnu markaðsleyfi. Umhverfisstofnun veitir markaðsleyfi fyrir sæfiefni sem inniheldur virkt efni sem skráð er í A-hluta V. viðauka eða einfaldað markaðsleyfi fyrir sæfiefni sem inniheldur virkt efni sem skráð er í B-hluta V. viðauka. Einnig veitir stofnunin leyfi til markaðssetningar grunnefna, sem skráð eru í C-hluta V. viðauka, ef nota á þau sem sæfiefni. Öll ákvæði er varða markaðsleyfi gilda einnig um einfaldað markaðsleyfi ef annað er ekki tilgreint.

Umhverfisstofnun gefur árlega út yfirlit yfir markaðsleyfi sem eru í gildi.

[Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og 1. mgr. 4. gr. er heimilt að markaðssetja án markaðsleyfis sæfiefni sem inniheldur tilkynnt virkt efni í tilgreindum sæfiefnaflokkum, sbr. VI. viðauka²⁾, þar til ákvörðun um skráningu virka efnisins í V. viðauka liggur fyrir, sbr. 7. gr.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [243/2007](#). 2) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. [1101/2004](#).

....

V. KAFLI

Flokkun, merkingar, auglýsingar o.fl.*Flokkun.*

22. gr.

Sæfiefni og virk efni þeirra skulu flokkuð í samræmi við ákvæði reglugerðar um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Markaðssetning sæfiefna sem flokkast sem eitur, sterkt eitur, efni sem getur valdið krabbameini í 1. eða 2. flokki, efni sem getur valdið stökkbreytingum í 1. eða 2. flokki eða efni sem getur haft skaðleg áhrif á æxlun í 1. eða 2. flokki skv. framangreindri reglugerð er bönnuð á almennum markaði.

Merkingar.

23. gr.

Sæfiefni og virk efni þeirra skulu merkt í samræmi við ákvæði reglugerðar um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Merkingar sæfiefna skulu vera á íslensku. Merkingar skulu ekki vera villandi eða gefa ýkta mynd af vörinni. Óheimilt er að birta á umbúðum upplýsingar á borð við; „áhættulítið sæfiefni“, „ekki eitrad“, „skaðlaust“ eða annað sambærilegt orðalag.

Merkingar örverufræðilegra sæfiefna skulu vera samkvæmt reglum um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

Ákvæði 1. mgr. ásamt ákvæðum 24. gr. gilda ekki við flutninga sæfiefna á landi, á sjó eða í lofti. Við slíka flutninga gilda ákvæði um merkingar í reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

...

Umbúðir og geymsla.

26. gr.

Umbúðir og geymsla sæfiefna og virkra efna þeirra skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Umbúðir sæfiefna skulu vera þannig að ekki sé hættá á að þau séu tekin í misgripum fyrir matvörur, drykkjarvörur eða fóður. Sæfiefni sem dreift er á almennum markaði skulu innihalda efni sem minnka hættu á neyslu þeirra.

...

VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

Framkvæmd og eftirlit.

31. gr.

Umhverfisstofnun fer með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með

framkvæmd reglugerðar þessarar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

...

Gildistaka tiltekinna gerða Evrópubandalagsins.

33. gr.

[Eftirfarandi reglugerðir skulu öðlast gildi hér á landi:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000 frá 7. september 2000 um fyrsta áfanga áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um sæfiefni, sem vísað er til í tl. 12o í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003, frá 14. mars 2003. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 1.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1687/2002 frá 25. september 2002 um viðbótarfrest til að tilkynna tiltekin, virk efni sem eru þegar á markaði til notkunar sem sæfiefni eins og fastsett er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1896/2000, sem vísað er til í tl. 12p í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003, frá 14. mars 2003. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 1.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003, frá 4. nóvember 2003, um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar, sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1896/2000, sem vísað er til í tl. 12s í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2004, frá 3. desember 2004. Reglugerðin var birt í EES-viðbæti nr. 54, 15. nóvember 2007, bls. 225-320.
- d) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1048/2005, frá 13. júní 2005, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2032/2003 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, sem vísað er til í tl. 12s í XV. kafla II. viðauka samningsins

- um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2006, frá 10. mars 2006. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 2.
- e) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1849/2006 frá 14. desember 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2032/2003 um annan áfanga 10 ára vinnu-áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, sem vísað er til í tölulið 12s í XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2007, frá 8. júní 2007. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 3.]¹⁾
- f) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, sem vísað er til í tl. 12ze í XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahags-svæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2009, frá 4. desember 2009. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 4.]⁴⁾

¹⁾L. 1234/2008, 1. gr. ²⁾L. 1030/2009, 1. gr.

Gildistaka.

34. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna, sem vísað er til í tl. 12n, XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003 þann 14. mars 2003 sem birt var í EES-viðbæti nr. 29, 5. júní 2003.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.¹⁾

1) Reglugerðin var birt og tók gildi 19. jaúar 2005.

Ákvæði til bráðabirgða.

[Sæfiefni í sæfiefnaflokkum 14 (nagdýraeitur), 16 (lindýraeyðar) og 18 (skordýraeyðar, mítlaeyðar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum) sem innihalda virk efni sem tilgreind eru í VI. viðauka falla undir gildandi löggjöf um varnarefni þar til ákvörðun um skráningu virku efnanna liggur fyrir.]¹⁾

1) Sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 243/2007.

Viðaukar

(Sjá pdf-skjöl stofnreglugerðar og reglugerða um breyting á henni.)

Reglugerð

nr. 398/2005 um endurgreiðslu olúgjalds til sendimanna erlendra ríkja, sbr. reglugerð nr. 559/2010 um breytingu á henni.

1. gr.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) skulu fá endurgreitt olúgjald af gas- og dísilólíu sem gjaldskyld er samkvæmt lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald, vegna bifreiða í þeirra eigu.

2. gr.

Til þess að hljóta endurgreiðslu skv. 1. gr. verður bifreið að vera á sérstökum skráningarmerkjum fyrir ökutæki erlendra sendiráða og erlendra sendiráðsmanna, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 751/2003, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frumrit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur gengið úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla sendir það Ríkisendurskoðun endurgreiðslubeiðni ásamt þeim reikningum er umsókn fylgja. Að lokinni endurskoðun reikninga sendir Ríkisendurskoðun þá til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisféhirðis til afgreiðslu.

Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð reikninga á því tímabili sem endurgreitt er fyrir nemi a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti. Ríkisendurskoðun skal heimila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heildarfjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti.

Reikningar þeir sem endurgreiðslubeiðni er byggð á skulu vera greiddir. Til staðfestingar á greiðslu skal greiðslukvittun fylgja greiddum reikningum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald, og öðlast gildi 1. júlí 2005.¹⁾

1) Reglugerðin var birt 25. apríl 2005.

Nr. 446 28. apríl 2005

Reglugerð

nr. 449/2005 um eftirlit með heilbrigði eldisdýra sem flutt eru til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum, sbr. reglugerð nr. 712/2006 um breytingu á henni.

1. gr.

1. Yfirdýralæknir skal tryggja að dýraheilbrigðiseftirlit með eldisdýrum sem eru flutt inn á Evrópska efnahagssvæðið (EES-svæðið) frá þriðju ríkjum, sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. gr.

1. Í reglugerð þessari gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar nr. 448/2005 um eftirlit með heilbrigði eldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins eftir því sem við á.

2. Auk þess er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) "sannprófun skjala": sannprófun dýraheilbrigðisvottorða eða -skjala sem fylgja dýrinu;
- b) "sannprófun auðkenna": sannprófun, sem fer eingöngu fram með sjónrænni skoðun, á því að samræmi sé milli skjalanna eða vottorðanna og dýranna og að dýrin séu merkt með réttum hætti;
- c) "eftirlit með ástandi": eftirlit með sjálfu dýrinu, ef til vill með sýnatöku og prófi á rannsóknarstofu og, ef við á, viðbótareftirlit meðan dýrið er í sóttkví;
- d) "innflytjandi": einstaklingur eða lögpersóna sem kemur með dýr til innflutnings til EES-svæðisins;
- e) "sending": fjöldi dýra af sömu tegund sem sama dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal gildir um, sem er flutt með sama flutningatæki og kemur frá sama þriðja landi eða sama hluta þriðja lands;
- f) "landamærastöð": eftirlitsstöð á landamærum EES-svæðisins tilnefnd og samþykkt til að þar megi fara fram eftirlit með innflutningi eldisdýra frá þriðja ríki;
- g) "eldisdýr": lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, að meðtöldum þeim sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

I. KAFLI

Skipulagning og framhald eftirlits.

3. gr.

1. a) Innflytjendur skulu tilkynna yfirdýralækni með að lágmarki eins (virks) dags fyrirvara um fjölda, tegund og áætlaðan komutíma eldisdýranna;
- b) farið skal með eldisdýrin, undir opinberu eftirliti, beint á viðkomandi landamærastöð sem um getur í 6. gr. eða, eftir atvikum, á sóttvarnarstöðina sem kveðið er á um í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 9. gr.;
- c) ekki er heimilt að fara með eldisdýrin frá þessum stöðvum nema, samkvæmt viðurkenndri málsmeðferð og sannað sé:
 - i) með vottorði sem kveðið er á um í öðrum undirlið 1. mgr. 7. gr. eða í 8. gr., að dýraheilbrigðiseftirlit hafi farið fram með viðkomandi eldisdýrum í samræmi við 1. mgr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 4. gr. og 8. og 9. gr., og að skilyrði lögbærs yfirvalds þar að lútandi hafi verið uppfyllt;
 - ii) að búið sé að greiða fyrir dýraheilbrigðiseftirlitið og, ef við á, að trygging hafi verið sett fyrir hugsanlegum kostnaði;
- d) tollyfirvöld skulu ekki heimila afgreiðslu til frjálsrar dreifingar á EES-svæðinu nema að sannað sé að kröfum c-liðar hafi verið fullnægt.

4. gr.

[1. Landbúnaðarstofnun skal sannprófa skjöl og auðkenni vegna hveggjar sendingar dýra frá þriðja ríki, án tillits til tollafgreiðslustaðar. Landbúnaðarstofnun skal ganga úr skugga um:

- a) uppruna þeirra,
- b) síðari viðtökustað þeirra, einkum þegar um umflutning er að ræða eða sérstakar kröfur sem hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu sem varða Ísland og birtar hafa verið með auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins,
- c) að upplýsingarnar í vottorðunum eða skjölunum séu fullnægjandi,
- d) að engin vísbending um að sendingunni hafi verið hafnað hafi verið gefin í viðurkennda upplýsingaskiptakerfinu.]¹⁾

2. Með fyrirvara um undanþágur skv. 8. gr., skal yfirdýralæknir sjá um eftirlit með ástandi eldisdýra sem komið er með á landamærastöð. Eftirlitið skal einkum felast í:

- a) klínískri rannsókn á eldisdýrunum til að ganga úr skugga um að þau samrýmist upplýsingunum sem kveðið er á um í meðfylgjandi vottorði eða skjali og að þau séu klínískt heilbrigð;
- b) rannsóknarstofuförum sem teljast nauðsynleg;
- c) töku opinberra sýna, ef til kemur, sem á að rannsaka með tilliti til efnaleifa og láta efnagreina eins skjótt og auðið er;
- d) sannprófun á því að farið sé að þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um.

Með tilliti til síðara eftirlits með flutningi og ef við á, til að sjá um að viðbótarkröfum viðtökufyrirtækis verði fullnægt, skal yfirdýralæknir senda lögbærum yfirvöldum EES-viðtökuríkis nauðsynlegar upplýsingar með aðstoð viðurkennda upplýsingaskiptakerfisins. Eftirlitið skal fara fram eftir að flett hefur verið upp í viðurkennda upplýsingaskiptakerfinu.

3. Samt sem áður er heimilt, þrátt fyrir 1. og 2. mgr., að sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi eldisdýra, sem flutt eru um höfn eða flugvöll inn á EES-svæðið, fari fram í þeirri viðtökuhöfn eða á þeim viðtökuflugvelli, að því tilskildu að höfnin eða flugvöllurinn sé landamærastöð af því tagi sem um getur í 6. gr. og að eldisdýrin verði flutt áfram, annaðhvort sjóleiðis eða með flugi, með sama skipi eða sömu flugvél. Í því tilviki skal yfirdýralæknir sem annaðist sannprófun skjalanna tilkynna opinbera dýralækninum á skoðunarstöð EES-viðtökuríkisins, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu dýraheilbrigðisyfirvalds á staðnum, um viðurkennda upplýsingaskiptakerfið að eldisdýrin hafi farið þar um.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 712/2006.

5. gr.

Innflutningur inn á EES-svæðið er óheimill ef eftirlit leiðir í ljós:

- [a) að eldisdýr sem koma frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis þriðja ríkis sem er ekki, að því er viðkomandi tegundir varðar, tilgreint í auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar að lútandi.]¹⁾
- b) að önnur eldisdýr en þau sem um getur í a-lið fullnægi ekki þeim kröfum sem kveðið er á um í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa reglugerð;
- c) að eldisdýrin þjáist af eða grunur leikur á að þau þjáist af eða séu haldin smitandi sjúkdómi

- eða sjúkdómi sem geti stofnað heilbrigði manna eða dýra í hættu samkvæmt innlendum lögum og reglum;
- d) að þriðja ríkið sem flytur eldisdýrin út hafi ekki fullnægt kröfunum sem kveðið er á um í innlendum lögum og reglum;
 - e) að ástand eldisdýranna komi í veg fyrir áframhaldandi flutning á þeim;
 - f) að dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir með eldisdýrunum uppfylli ekki þau skilyrði sem eru sett samkvæmt reglugerð nr. 446/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra.
- 1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 712/2006.

6. gr.

1. Landamærostöðvar skulu uppfylla skilyrði þessarar greinar.
2. Landamærostöðvar skulu:
 - a) vera á komustað inn á EES-svæðinu; Samt sem áður er unnt að samþykkja tiltekna fjarlægð milli skoðunarstöðvar og komustaðar vegna landfræðilegra aðstæðna (t.d. affermingarbryggjur og fjallvegir) og að því tilskildu að löng leið sé á milli skoðunarstöðvarinnar og eldisstöðva eða staða þar sem eldisdýr eru haldin sem líkur eru á að séu með smitandi sjúkdóma;
 - b) vera á tollsvæði þar sem unnt er að uppfylla önnur formsatriði er varða stjórnsýslu, þar með talin tollmeðferð í tengslum við innflutning;
 - c) vera undir stjórn opinbers dýralæknis sem í raun ber ábyrgð á eftirlitinu. Opinbera dýralækninum er heimilt að láta sérmenntaða starfsmenn sem vinna undir hans stjórn aðstoða sig. Opinberi dýralæknirinn skal sjá til þess að fram fari nauðsynleg uppfærsla inn í viðurkennda upplýsingaskiptakerfið.
- [3. Landbúnaðarstofnun skal senda Eftirlitsstofnun EFTA skrá yfir landamærostöðvar sem sjá um dýraheilbrigðiseftirlit ásamt upplýsingum um:
 - a) tegund landamærostöðvar þ.e. hvort um sé að ræða landamærostöð við höfn eða flugvöll,
 - b) tegund dýra sem unnt er að hafa eftirlit með á viðkomandi landamærostöð, að teknu tilliti til búnaðar og dýraheilbrigðisstarfsfólks á staðnum og afgangiðslutíma þeirra,
 - c) fjölda starfsmanna við dýraheilbrigðiseftirlit,
 - d) búnað og húsnæði fyrir:
 - i) sannprófun skjala,
 - ii) eftirlit með ástandi,
 - iii) sýnatöku,
 - iv) rannsóknastofupróf sem teljast nauðsynleg sbr. b-liður 2. mgr. 4. gr.
 - e) rými í því húsnæði sem er fyrir hendi til að hýsa dýrin á meðan beðið er eftir niðurstöðum úr prófum,
 - f) tegund búnaðar fyrir hröð upplýsingaskipti, einkum við aðrar landamærostöðvar,
 - g) umfang viðskipta (tegund og fjöldi dýra sem fer um þessa landamærostöð).
4. Í samráði við Landbúnaðarstofnun skal Eftirlitsstofnun EFTA skoða þær landamæra-stöðvar sem koma fram í ofangreindri skrá Landbúnaðarstofnunar og send er Eftirlitsstofnun EFTA. Landamærostöðvarnar skulu skoðaðar með það í huga að tryggð sé samræmd beiting reglna um

dýraheilbrigðiseftirlit og að hinar ýmsu landamærastöðvar hafi í raun yfir nauðsynlegum grunnvirkjum að ráða og fullnægi lánmarkskröfum viðauka A.]]¹⁾

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 712/2006.

7. gr.

1. Ef eldisdýr, sem falla undir eftirlit skv. 4. gr. eru ekki ætluð til markaðssetningar hér á landi skal yfirdýralæknir á landamærastöð:

- láta hlutaðeigandi fá staðfest afrit af frumriti vottorðanna eða, ef sendingu er skipt, nokkur staðfest afrit af frumriti vottorðanna fyrir eldisdýrin; gildistími afritanna skal vera 10 dagar hið mesta,
- gefa út vottorð eftir fyrirmyndinni þar sem fram kemur að eftirlitið sem um getur í 1. mgr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 4. gr. hafi farið fram og uppfylli kröfur opinbera dýralæknisins, hvaða sýni hafa verið tekin og tilgreint er um niðurstöður úr rannsóknarstofuprófum eða hvenær búist er við að niðurstöðurnar liggja fyrir,
- varðveita frumrit vottorðsins eða vottorðanna sem fylgja eldisdýrunum.

2. Þegar eldisdýrin sem um getur í 1. mgr. hafa farið um landamærastöð og hafa verið flutt inn á EES-svæðið skulu viðskipti með þau fara fram í samræmi við reglur um dýraheilbrigðiseftirlit sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 448/2005 um eftirlit með heilbrigði eldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins.

Í þeim upplýsingum sem yfirdýralæknir á viðtökustað sendir um viðurkennda upplýsingaskiptakerfið skal einkum koma fram hvort:

- eldisdýrin eiga að fara til EES-ríkis eða -svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda,
- sýni hafi verið tekin en niðurstöður hafi ekki legið fyrir þegar flutningatækið fór frá viðkomandi landamærastöð.

[3. Í þeim tilvikum sem ekki hafa verið settar sérstakar reglur um innflutning dýra frá tilteknu ríki er innflutningur heimill að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) haft skal eftirlit með þeim í samræmi við 4. gr.,
- b) ekki má flytja þau frá landamærastöð nema eftirlitið sýni að dýrið eða sendingin samrýmist með fyrirvara um sérstakar kröfur sem gilda um hlutaðeigandi þriðju lönd að því er varðar sjúkdóma sem eru framandi, kröfum um dýraheilbrigði sem gilda í viðskiptum með viðkomandi tegundir og mælt er fyrir um í reglugerð nr. 446/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra,
- c) þegar þau hafa farið um landamærastöð skulu þau send til vinnslustöðvar ef um dýr til slátrunar er að ræða eða til eldisstöðvar ef um er að ræða dýr til fiskeldis.

4. Leiði eftirlit það sem er kveðið á um í 1. mgr. í ljós að dýrið eða sendingin samrýmist ekki þeim kröfum sem þar er mælt fyrir um, er ekki heimilt að flytja dýrið eða sendinguna frá landamærastöð og gilda þá ákvæði 11. gr.

5. Ef dýr sem um getur í 1. mgr. eiga ekki að fara á markað hér á landi skulu ákvæði 7. gr. gilda, einkum þau er varða útgáfu vottorðs.]]¹⁾

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 712/2006

8. gr.

1. Heimila skal umflutning eldisdýra frá einu þriðja ríki til annars þriðja ríkis, eða til sama þriðja ríkis að því tilskildu að:

- a) yfirdýralæknir á landamærastöð hafi áður heimilað slíkan umflutning;
- b) hlutaðeigandi aðili leggi fram sönnun um að fyrsta þriðja ríkið sem eldisdýrin eru send til, eftir umflutning um eitt EES-ríki, skuldbindi sig til þess að vísa í engu tilviki frá eða endursenda eldisdýr sem það hefur leyft innflutning eða umflutning á til EES-svæðisins og fari eftir innlendra löggjöf um dýravernd meðan á flutningi stendur;
- c) eftirlitið sem um getur í 4. gr. sannfæri yfirdýralækni um, ef við á eftir að eldisdýrin hafa verið á sóttvarnarstöð, að eldisdýrin standist kröfur þessarar reglugerðar eða, að því er varðar eldisdýr sem um getur í viðauka A við reglugerð nr. 448/2005 um eftirlit með heilbrigði eldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins, gefi kost á heilbrigðisábyrgðum sem eru viðurkenndar og eru að minnsta kosti jafngildar kröfunum;
- d) yfirdýralæknir á landamærastöð tilkynni lögbærum yfirvöldum EES-umflutningsríkis eða -ríkja og lögbærum yfirvöldum brottfararstaðar á landamærum, um viðurkennda upplýsingaskiptakerfið að eldisdýrin hafi farið þar um;
- e) þegar um er að ræða gegnumferð um Ísland fari slíkur umflutningur fram samkvæmt málsmeðferð sem hér er kveðið á um. Eina meðhöndlunin sem er leyfð meðan á umflutningi stendur er sú sem fer fram á komustað inn á og brottfararstað frá EES-svæðinu og aðgerðir sem eiga að tryggja velferð eldisdýranna.

9. gr.

1. Í tilvikum þegar innlendar reglur á viðtökustað, kveða á um að lifandi eldisdýr skuli sett í sóttkví eða einangrun er heimilt að setja eldisdýrin í sóttkví eða einangrun:

- á sóttvarnarstöð í þriðja ríki sem er upprunaríki, að því tilskildu að hún hafi verið samþykkt,
- á sóttvarnarstöð sem er á EES-svæðinu og uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðauka B,
- í viðtökueldisstöð.

2. Ef yfirdýralæknir sem ber ábyrgð á viðkomandi landamærastöð fyrirskipar sóttkví skal setja eldisdýrin í sóttkví, allt eftir því hve alvarleg hættan er talin:

- annaðhvort á sjálfri skoðunarstöðinni eða í næsta nágrenni hennar,
- eða í viðtökueldisstöð,
- eða á sóttvarnarstöð sem er í nágrenni viðtökueldisstöðvar.

3. Almenn skilyrði, sem sóttvarnarstöðvar sem um getur í fyrsta og öðrum undirlit 1. mgr. skulu uppfylla, eru sett í viðauka B.

10. gr.

1. Með fyrirvara um önnur ákvæði þessa kafla skal yfirdýralæknir sjá um það heilbrigðiseftirlit sem telst viðeigandi ef grunur leikur á að ekki sé farið að innlendra löggjöf eða vafi leikur á að viðkomandi eldisdýr séu rétt auðkennd.

11. gr.

1. Ef eftirlitið leiðir í ljós að eldisdýr stenst ekki kröfur sem mælt er fyrir um í innlendum reglum eða eftirlitið leiðir í ljós vanrækslu skal yfirdýralæknir í samráði við innflytjanda eða fulltrúa hans ákveða:

- a) að hýsa, fódra, og ef nauðsyn ber til, meðhöndla eldisdýrin; eða
- b) eftir atvikum, að setja þau í sóttkví eða einangra sendinguna;
- c) að endursenda eldisdýrin innan þeirra tímamarka sem yfirdýralæknir setur, svo framarlega sem farið er að innlendri löggjöf um dýravernd. Í því tilviki skal yfirdýralæknir á landamærostöð:
 - tilkynna í gegnum viðurkennda upplýsingaskiptakerfið að innflutningi hafi verið vísað frá,
 - ógilda það dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir sendingunni sem vísað var frá,
 - að lokinni skoðun meðan eldisdýrin eru enn lifandi, heimila slátrun eldisdýranna, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar; til manneldis,
 - að öðrum kosti fyrirskipa slátrun eldisdýranna í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar; í öðrum tilgangi en til manneldis eða fyrirskipa að skrokkunum verði fargað og tilgreina skilyrði varðandi eftirlit með nýtingu afurðanna sem til falla með þessum hætti. Yfirdýralæknir skal tilkynna ESA um þau tilvik þar sem þessum undanþágum er beitt.

12. gr.

Til að framfylgja eftirlitinu sem um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar skal auðkenning og skrásetning sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 448/2005 um eftirlit með heilbrigði eldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins, fara fram á viðtökustað eldisdýranna.

II. KAFLI

Öryggisákvæði.

13. gr.

1. Ef dýrasjúkdómur sem einnig getur lagst á menn, annar sjúkdómur eða annað það sem kann að stofna heilbrigði dýra eða manna í alvarlega hættu kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði þriðja ríkis, eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði dýra réttlætir slíkt, er ráðherra heimilt að gera þegar í stað eina af eftirfarandi ráðstöfunum eftir því hve alvarlegt ástandið er;

- fella niður tímabundið innflutning frá hlutaðeigandi þriðja ríki eða hluta þess og, eftir atvikum, frá umflutningslandi sem er þriðja ríki,
- setja sérstök skilyrði að því er varðar eldisdýr frá hlutaðeigandi þriðja ríki eða hluta þess.

2. Ef eftirlit sem kveðið er á um í þessari reglugerð leiðir í ljós að sending eldisdýra kunni að stofna heilbrigði dýra eða manna í hættu skal yfirdýralæknir þegar í stað gera eftirfarandi ráðstafanir;

- leggja hald á og farga sendingunni,

- þegar í stað tilkynna öðrum landamærastöðvum og ESA um niðurstöðurnar og uppruna eldisdýranna, í gegnum viðurkennda upplýsingaskiptakerfið.
- 3. Í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr. er ráðherra heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna eldisdýra er heyra undir 9. gr.
- 4. Ef settar eru á einhliða verndarráðstafanir gagnvart þriðja ríki samkvæmt skilmálum þessarar greinar skal það tilkynnt öðrum EES-ríkjum og ESA.

III. KAFLI

Skoðun.

14. gr.

1. ESA er heimilt, í samvinnu við yfirdýralækni og að því marki sem nauðsynlegt er fyrir samræmi í beitingu á kröfum þessarar reglugerðar, að ganga úr skugga um að landamærastöðvar, og sóttvarnarstöðvar, uppfylli skilyrðin sem upp eru talin í viðaukum A og B.
2. [Sérfræðingar ESA og aðrir sérfræðingar sem til þess eru bærir skv. EES-samningnum geta, í samvinnu við Landbúnaðarstofnun, að svo miklu leyti sem þörf er á til að tryggja að þessari reglugerð sé beitt á samræmdan hátt, gert skyndiskoðanir á staðnum.]¹⁾
3. Þegar skoðun fer fram skal veita ESA alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að þeir geti unnið verk sitt.

1) Sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 712/2006.

15. gr.

Telji yfirdýralæknir, á grundvelli eftirlits að brotið sé í bága við ákvæði þessarar reglugerðar á landamærastöð í öðru EES-ríki skal hann þegar í stað gera stjórnvöldum þess EES-ríkis viðvart.

Berist yfirdýralækni slík tilkynning frá öðru EES-ríki skal hann gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæra yfirvaldinu í því ríki um það eftirlit sem hefur farið fram, þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Ef eftirlitið sem um getur í 1. mgr. leiðir í ljós að ítrekað er brotið í bága við ákvæði þessarar reglugerðar skal yfirdýralæknir tilkynna það ESA og lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja.

Yfirdýralækni er heimilt þar til niðurstöður ESA liggja fyrir að efla eftirlit á viðkomandi landamærastöð eða sóttvarnarstöð.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

16. gr.

Kostnaður.

Kostnaður í tengslum við framkvæmd eftirlits skv. 4. gr., 5. gr., 8. gr. og 11. gr. þar með talið förgun sendingarinnar eða nýting afurða í öðrum tilgangi hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúa þeirra án þess að endurgreiðslur EES-ríkisins komi til. Afrakstur af sölu afurðanna sem um getur í þriðja undirlið c-liðar 11. gr. skal renna til eiganda eldisdýranna eða fulltrúa hans, að frádregnum áðurnefndum kostnaði. Innheimta skal kostnað samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

17. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum eða fangelsi. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og til innleiðingar á tilskipunum ráðsins nr. 91/496/EBE, 91/628/EBE, 95/29/EB, 92/438/EB og 96/43/EB. Reglugerðin tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 525/2003 um dýraheilbrigðiseftirlit með innflutningi eldisdýra.

VIÐAUKI A

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu landamærastöðva.

Til að hljóta viðurkenningu skulu landamærastöðvar hafa:

- 1) sérstaka aðrein fyrir flutning lifandi dýra, til að hlífa dýrunum við tilefnislausri bið;
- 2) aðstöðu (sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa) fyrir fermingu og affermingu ólíkra flutningataekja, skoðun, fóðrun, brynningu og meðhöndlun dýranna, þar sem rými, lýsing og loftræsting er fullnægjandi með tilliti til þess fjölda dýra sem á að skoða;
- 3) nógu marga dýralækna og sérþjálfaða aðstoðarmenn til að þeir geti, með tilliti til þess fjölda dýra sem fer um viðkomandi landamærastöð, sannprófað fylgiskjöl og framkvæmt klínísk eftirlitið sem um getur í 4., 5. og 8. gr. þessarar reglugerðar;
- 4) fullnægjandi húsnæði fyrir starfsmennina sem annast heilbrigðiseftirlitið, þar með talið búningsherbergi, sturtur og salerni;
- 5) húsnæði og aðstöðu sem hentar fyrir sýnatöku og úrvinnslu sýna í tengslum við kerfisbundna eftirlitið sem mælt er fyrir um í innlendum lögum og reglum;
- 6) aðgang að þjónustu sérhæfðrar rannsóknarstofu þar sem unnt er að gera sérstök próf á sýnunum sem eru tekin á stöðinni;
- 7) aðgang að starfsstöð í næsta nágrenni stöðvarinnar með aðstöðu og búnað til að hýsa, fóðra, meðhöndla og, ef nauðsyn ber til, slátra dýrunum;
- 8) hentuga aðstöðu, ef skoðunarstöðvarnar eru áningar- eða umfermingarstaðir við flutning dýra, til að unnt sé að afferma, fóðra og hýsa dýrin ef þörf krefur og meðhöndla þau eða, ef nauðsyn ber til, slátra þeim á staðnum á þann hátt að þau þurfi ekki að þjást að óþörfu;
- 9) viðeigandi búnað fyrir hröð upplýsingaskipti við aðrar landamærastöðvar og lögbær dýraheilbrigðisyfirvöld;
- 10) búnað og aðstöðu fyrir þrif og sótthreinsun.

VIÐAUKI B

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu sóttvarnarstöðva.

1. Kröfur 2., 4., 5., 7., 9. og 10. liðar viðauka A skulu gilda.
2. Þar að auki skulu sóttvarnarstöðvar:
 - vera undir stöðugu eftirliti yfirdýralæknis og vera á hans ábyrgð,
 - staðsettar langt frá eldisstöðvum og öðrum stöðum þar sem dýr eru haldin sem líkur eru á að séu með smitandi sjúkdóma,

– hafa gott eftirlitskerfi til að tryggja viðunandi eftirlit með dýrunum.

Reglugerð þessi var birt og tók gildi 10. maí 2005.

Reglugerð

nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. reglugerð nr. 618/2006 um breytingu á henni.

1. gr.

Heilbrigðiseftirlit með lifandi sjávareldisdýrum og afurðum þeirra sem koma frá EES-ríkjum skal fara fram samkvæmt þessari reglugerð. Ferskvatnsdýr eru undanskilin gildissviði reglugerðar þessarar.

Þessi reglugerð hefur hvorki áhrif á velferð dýra á meðan á flutningi stendur né eftirlit sem fer fram í tengslum við óhlutdræga skoðun á vegum yfirdýralæknis.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Heilbrigðiseftirlit*: Eftirlit með ástandi og/eða formsatriðum á sviði stjórnsýslu sem tekur til þeirra dýra eða afurða sem um getur í 1. gr. og er ætlað að vernda, beint eða óbeint, heilbrigði manna eða dýra.
2. *Viðskipti*: Viðskipti milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu með vörur.
3. *Viðskipti*: Viðskipti milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu með vörur.
3. *Eldisstöð*: Eldisstöð eða athafnasvæði dreifingaraðila, eins og skilgreint er samkvæmt gildandi innlendum reglum.
4. *Miðstöð eða fyrirtæki*: Fyrirtæki sem framleiðir, tekur til geymslu eða vinnslu afurðirnar sem um getur í 1. gr.
5. Lögbært yfirvald: Fiskistofa
6. *Opinber dýralæknir*: Dýralæknir sem er tilnefndur af embætti yfirdýralæknis.
7. *Sjávareldisdýr*: Samanber skilgreiningu í reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra.
8. *EES-ríki*: Ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
9. *ESA*: Eftirlitsstofnun EFTA.

I. KAFLI

Eftirlit á upprunastað.

3. gr.

1. Viðskipti með dýr og afurðir samkvæmt 1. gr. skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a) Sjávareldisdýrin og afurðir þeirra sem um getur í viðauka A skulu fullnægja þeim kröfum sem eru taldar upp í honum og dýraheilbrigðiskröfum viðtökuaðildarríkisins;

- b) þau skulu vera frá eldisstöðvum, miðstöðvum eða fyrirtækjum sem opinbert reglulegt dýraheilbrigðiseftirlit nær til í samræmi við 3. mgr.;
- c) þau skulu annars vegar auðkennd samkvæmt EES og hins vegar skráð þannig að unnt sé að rekja uppruna- eða umflutningseldisstöð, miðstöð eða fyrirtæki;
- d) við flutning skal fylgja þeim heilbrigðisvottorð og/eða önnur skjöl eins og kveðið er á um í reglugerðum sem vísað er til í viðauka A og, þegar um er að ræða önnur dýr og afurðir sem falla undir 1. gr., skal við flutning fylgja reglum EES-viðtökuríkis. Þessi vottorð eða skjöl, gefin út af opinberum dýralækni sem ber ábyrgð á upprunaeldisstöðinni, -miðstöðinni eða -fyrirtækinu, verða að fylgja dýrinu/dýrunum og afurðunum á viðtökustað;
- e) þegar margir viðtökustaðir koma við sögu í flutningunum verður að flokka dýr og afurðir saman í eins margar vörusendingar og viðtökustaðirnir eru. Hverri sendingu skal fylgja vottorð og/eða skjöl sem um getur í d-lið;
- f) þegar þau sjávareldisdýr eða afurðir sem falla undir viðauka A fullnægja innlendri löggjöf, eru ætluð til útflutnings til þriðja ríkis um yfirráðasvæði annars EES-ríkis, verður flutningurinn — nema í bráðatilvikum sem tilskilin leyfi hafa fengist fyrir hjá lögbæru yfirvaldi til að tryggja velferð dýranna — að vera undir eftirliti tollayfirvalda á þeim stað þar sem tollsvæði viðkomandi EES-ríkis endar.

2. Óheimilt er:

- að flytja út til annars EES-ríkis, sjávareldisdýr og afurðir sem um getur í 1. gr., sem kann að þurfa að slátra samkvæmt innlendri áætlun um útrýmingu sjúkdóma;
- að flytja til annars EES-ríkis þau sjávareldisdýr og afurðir sem um getur í 1. gr. ef þau eru ekki hæf til markaðssetningar á eigin yfirráðasvæði af heilbrigðisástæðum.

3. Með fyrirvara um eftirlitsskyldur opinbers dýralæknis samkvæmt reglum EESskal Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni hafa eftirlit með eldisstöðvum, viðurkenndum mörkuðum og söfnunarstöðum, miðstöðvum eða fyrirtækjum til að fullvissa sig um að sjávareldisdýr og afurðir sem eiga á viðskipti með fullnægi kröfum þessarar reglugerðar sérstaklega þau skilyrði sem sett eru í c-lið 1. mgr. vegna auðkenningar. Þegar grunur leikur á að kröfum hafi ekki verið fullnægt skal Fiskistofa viðhafa nauðsynlegt eftirlit og, sé grunurinn staðfestur, grípa til nauðsynlegra ráðstafana í samráði við yfirdýralækni sem geta falið í sér einangrun viðkomandi eldisstöðvar, miðstöðvar eða fyrirtækis.

4. gr.

1. Fiskistofa skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- a) eigendur lifandi sjávareldisdýra og afurða þeirra sem um getur í 1. gr. fullnægi kröfum reglugerðar þessarar;
- b) þau sjávareldisdýr og afurðir sem um getur í reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra, séu skoðuð að minnsta kosti eins nákvæmlega, frá dýraheilbrigðissjónarmiði, og væru þau ætluð fyrir innlandan markað, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum viðtökuaðildarríkis;
- c) sjávareldisdýr séu flutt með viðeigandi flutningatækjum sem uppfylla reglur um hreinlæti.

2. Lögbært yfirvald skal við útgáfu vottorða eða skjala sem fylgja eldisdýrunum og afurðunum samdægurs tilkynna lögbærum yfirvöldum í EES-viðtökuríkinu viðurkennda upplýsingaskiptakerfið, þær upplýsingar sem ESA ákveður.

II. KAFLI Eftirlit á viðtökustað.

5. gr.

1. a) Fiskistofa getur í samráði við yfirdýralækni, á viðtökustað dýranna og afurðanna, kannað með óhlutdrægum skyndikönnunum á dýraheilbrigði hvort kröfum 3. gr. hefur verið fullnægt og getur einnig tekið sýni í þessu sambandi. Jafnframt getur Fiskistofa, hafi hún rökstuddan grun um brot, látið fara fram eftirlit við flutning dýranna og afurðanna;
- b) þegar afurðirnar samkvæmt 1. gr. sem eru upprunnar í öðru EES-ríki eru ætlaðar:
 - i) viðurkenndum markaði eða söfnunarstað ber rekstraraðilinn ábyrgð á móttöku dýra sem uppfylla ekki kröfur 1. mgr. 3. gr. Fiskistofa skal í samráði við yfirdýralækni ganga úr skugga um, með óhlutdrægri skoðun á vottorðum eða skjölum sem fylgja dýrunum, að dýrin uppfylli umræddar kröfur;
 - ii) sláturhúsi sem er undir eftirliti Fiskistofu, sbr. reglugerð nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar, verður hún að tryggja, einkum á grundvelli vottorðsins eða fylgiskjalsins, að einungis dýrum sem uppfylla kröfur 1. mgr. 3. gr. sé slátrað. Rekstraraðili sláturhússins ber ábyrgð á slátrun dýra sem uppfylla ekki kröfur c- og d-liðar 1. mgr. 3. gr.;
 - iii) skráðum dreifingaraðila sem skiptir upp sendingum eða starfsstöð sem er ekki undir stöðugu eftirliti skal Fiskistofa líta á slíkan dreifingaraðila eða starfsstöð sem viðtakanda dýranna og gilda þá skilyrðin í ii) undirgrein;
 - iv) eldisstöðvum, miðstöðvum eða fyrirtækjum, einnig í þeim tilvikum þegar sendingin er að hluta afhent meðan á flutningi stendur, skal hverju dýri eða hópi dýra fylgja samkvæmt 3. gr. frumrit af heilbrigðisvottorði eða fylgiskjali þar til það er komið í hendur þess viðtakanda sem þar er tilgreindur.

Viðtakendur þeir sem um getur í iii- og iv-lið 1. mgr. verða, áður en til uppskiptingar eða sölu kemur, að ganga úr skugga um að auðkennin, vottorðin eða skjölin sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 3. gr. séu til staðar og tilkynna Fiskistofu um sérhverja vanrækslu eða frávik og verði þess vart skal í samráði við yfirdýralækni einangra viðkomandi dýr þar til Fiskistofa hefur tekið ákvörðun um hvað skuli gera.

Ábyrgðirnar sem viðtakendur sem um getur í iii- og iv-lið verða að gefa skulu tilgreindar í samningi við Fiskistofu og undirritaðar þegar fyrirframskráningin sem kveðið er á um í 12. gr. fer fram. Fiskistofa skal gera slembiathuganir til að ganga úr skugga um að ábyrgðirnar haldi. Þessi liður gildir að breyttu breytanda um viðtakendur afurðanna sem um getur í 1. gr.

2. Allir viðtakendur sem tilgreindir eru á vottorðinu eða skjalinu sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 3. gr.:
 - a) verða, fari Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni fram á það vegna eftirlitsins sem um getur í 1. mgr., að tilkynna fyrirfram um komu dýra og afurða frá öðru EES-ríki og

tilgreina þá sérstaklega um eðli sendingarinnar og áætlaðan komudag. Tilkynningafrestur skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en einn dagur. Engu að síður getur Fiskistofa í undantekningartilvikum krafist tveggja daga tilkynningafrests;

- b) skulu geyma í að minnsta kosti sex mánuði þau heilbrigðisvottorð eða skýrslur sem um getur í 3. gr. svo að unnt sé að framvísa þeim til Fiskistofu fari hún fram á slíkt. Fiskistofa getur krafist þess að gögnin séu geymd lengur.

6. gr.

1. Þegar lifandi fiskur og önnur sjávardýr eiga samkvæmt reglum EES að fara í sóttkví skal það að öllu jöfnu vera á viðtökueldisstöðinni.

2. Nota má sóttvarnarstöð ef dýraheilbrigðissjónarmið styðja það. Líta ber á slíka stöð sem viðtökustað sendingarinnar. Tilkynna skal ESA um ástæður slíkrar aðgerðar.

7. gr.

1. Við eftirlit Fiskistofu sem fer fram á landamærastöð samkvæmt reglugerð nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, þar sem heimilt er að flytja dýr og afurðir sem um getur í viðauka A, frá þriðju ríkjum inn til Íslands, skal:

- a) fara fram sannprófun vottorða eða skjala sem fylgja dýrum og afurðum;
- b) fara að þeim reglum sem mælt er fyrir um í 5. gr.;
- c) tryggja að afurðir frá þriðju löndum heyri undir reglugerð nr. 849/1999;
- d) tryggja að dýr frá þriðju löndum heyri undir þær reglur sem settar eru í reglugerð nr. 513/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurða þeirra sem eru flutt til EES frá þriðju ríkjum.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu þó öll dýr og afurðir, sem eru flutt með flutningatæki sem tengir saman tvo landfræðilega aðgreinda staði innan EES með reglulegum og beinum hætti, heyra undir eftirlitsreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.

8. gr.

1. Verði Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni þess áskynja við eftirlit sem fram fer á viðtökustað sendingar, eða meðan á flutningi stendur:

- a) að til staðar séu sjúkdómsvaldar sem orsaka sjúkdóm sem er tilkynningarskyldur til viðurkennda upplýsingaskiptakerfisins, dýrasjúkdómur sem getur einnig lagst á menn eða annar sjúkdómur, eða eitthvert það ástand sem getur stofnað dýrum eða mönnum í hættu, eða að afurðirnar komi frá svæði sem er smitað af dýrasjúkdómi, skal hún í samráði við yfirdýralækni gefa fyrirmæli um að dýrunum eða dýrasendingu sé komið í sóttkví á næstu sóttvarnarstöð eða þeim sé slátrað og/eða fargað.

Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni skal í slíkum tilvikum tilkynna lögbærum yfirvöldum annarra ríkja innan EES skriflega, með þeim hætti sem á best við, um þær upplýsingar sem liggja fyrir, ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Beita má verndarráðstöfunum sem kveðið er á um í 10. gr.

- b) að, með fyrirvara um a-lið, eldisdýrin og afurðirnar fullnægi ekki skilyrðum um dýraheilbrigði, geta þau, að því tilskildu að það stangist ekki á við heilbrigðis- eða

dýraheilbrigðissjónarmið, leyft sendanda eða fulltrúa hans að velja á milli þess:

- þegar efna- eða lyfjaleifar eru til staðar, að eldisdýrunum og afurðunum sé haldið undir eftirliti þar til staðfest hefur verið að reglunum sé fylgt, og ef reglunum er ekki fylgt, að ráðstöfunum sem kveðið er á um í innlendum reglum sé beitt,
- að eldisdýrunum sé slátrað eða afurðunum fargað í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar,
- að eldisdýrin eða sendingin sé send til baka með leyfi lögbærs yfirvalds EES-sendingarríkis og tilkynningu fyrirfram til EES-umflutningsríkis eða -ríkja.

Komi hins vegar í ljós að vottorð eða skýrslur eru ekki samkvæmt settum reglum verður sendandi eða umboðsmaður hans að fá umþóttunartíma til að koma skjölunum í lag áður en gripið er til síðarnefnda úrræðisins.

[1. Sjávarútvegsráðuneytið birtir auglýsingu sem inniheldur skrá yfir þá sjúkdómsvalda og sjúkdóma sem um getur í 1. mgr.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 618/2006.

9. gr.

1. Í því tilviki sem kveðið er á um í 8. gr. skal lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis hafa samband við lögbær yfirvöld sendingaraðildarríkis án tafar. Síðarnefndu yfirvöldin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna því fyrrnefnda um eðli eftirlitsins sem fram hefur farið, ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim. Öttist lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis að ráðstafanirnar séu ófullnægjandi skal það leita sameiginlegra leiða og aðferða til að bæta stöðuna með lögbærum yfirvöldum sendingaraðildarríkis. Ef svo ber undir getur það falið í sér skoðun á staðnum. Komi endurtekin vanræksla fram við eftirlit sem kveðið er á um í 8. gr. skal Fiskistofa tilkynna það ESA og dýraheilbrigðisyfirvöldum annarra EES-ríkja.

ESA getur, að beiðni Fiskistofu eða að eigin frumkvæði, og að teknu tilliti til þess hvers eðlis brotið er:

- sent skoðunarmenn, í samráði við lögbær innlend yfirvöld, til viðkomandi staðar,
- falið opinberum dýralækni, en nafn hans verður að vera á skrá sem ESA tekur saman að tillögu EES- og samkomulag er um meðal hlutaðeigandi aðila, að kanna aðstæður á staðnum,
- farið fram á það við lögbæra yfirvaldið að það auki eftirlit með umræddri eldisstöð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða upprunasvæði. Hún skal tilkynna Íslandi og Noregi um niðurstöður sínar. Uns ESA hefur komist að niðurstöðu verður sendingaraðildarríkið, að beiðni EES-viðtökuríkis, að bæta eftirlit með dýrum og afurðum frá umræddri eldisstöð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða upprunasvæði og fresta útgáfu vottorða eða flutningsskírteina ef til þess liggja alvarlegar ástæður er varða heilbrigði manna eða dýra. EES-viðtökuríkið getur fyrir sitt leyti aukið tíðni eftirlits með dýrum sem koma frá sömu eldisstöð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða svæði.

III. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

10. gr.

1. Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni skal þegar í stað tilkynna ESA og öðrum EES-ríkjum ef upp koma á Íslandi aðrir sjúkdómar en þeir sem eru tilkynningarskyldir, dýrasjúkdómar sem geta einnig lagst á menn eða annar sjúkdómur, eða eitthvert það ástand sem getur stofnað heilbrigði dýra eða manna í hættu.

Lögbært yfirvald EES-sendingaríkis skal þegar í stað koma í framkvæmd eftirlits- eða varúðarráðstöfunum, einkum að því er tekur til þess að ákvarða sérstök eftirlitssvæði, eða gera einhverja aðra ráðstöfun sem það álfur viðeigandi.

Komist Fiskistofa að því við eftirlitið sem um getur í 5. gr. að einhver sjúkdómanna eða orsakanna sem um getur í 1. mgr. séu til staðar getur hún í samráði við yfirdýralækni, ef nauðsyn krefur, gert varúðarráðstafanirnar, þar með talið að setja dýrin í sóttkví.

Uns ráðstafanir hafa verið gerðar samkvæmt 4. mgr. getur Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni, liggi til þess mikilvægar ástæður er varða heilbrigði manna eða dýra, gripið til tímabundinna verndarráðstafana gagnvart umræddum eldisstöðvum, miðstöðvum eða fyrirtækjum eða, þegar um dýrasjúkdóm er að ræða, komið á verndarsvæði, sbr. reglugerð nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum. Tilkynna skal ESA og öðrum EES-ríkjum án tafar um ráðstafanir sem gerðar eru.

2. Einn eða fleiri fulltrúar ESA geta, að beiðni Fiskistofu eða að frumkvæði ESA, farið rakleiðis á umræddan stað til að rannsaka, í samvinnu við Fiskistofu, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar og skal leggja fram álit á ráðstöfununum.

3. Hafi ESA ekki verið tilkynnt um ráðstafanirnar, eða telji hún ráðstafanirnar ófullnægjandi, getur hún, í samvinnu við Fiskistofu, gripið til tímabundinna verndarráðstafana vegna eldisdýra eða afurða sem koma frá svæði sem er sýkt af dýrasjúkdóminum eða frá ákveðinni starfsstöð, framleiðslumiðstöð eða fyrirtæki.

11. gr.

Fiskistofa fer með framkvæmd þessarar reglugerðar eftir atvikum í samráði við yfirdýralækni.

12. gr.

Fiskistofa skal tryggja að allir dreifingaradilar sem taka þátt í viðskiptum innan EES með dýrin og/eða afurðirnar sem falla undir 1. gr.:

- a) hafi tilskilin leyfi;
- b) haldi skrá yfir afgreiðslu og, vegna aðila sem um getur í iii-lið í b-lið 1. mgr. 5. gr., síðari viðtökustaði dýranna eða afurðanna. Geyma skal skrána í þann tíma sem Fiskistofa ákveður svo að unnt sé að framvísa henni óski Fiskistofa eftir því.

13. gr.

Fiskistofa skal tryggja að starfsmenn hennar, og ef svo ber undir í samvinnu við yfirdýralækni, séu færir um að:

- skoða eldisstöðvar, mannvirki, flutningatæki og aðferðir við mörkun og auðkenningu dýra,
- hafa eftirlit, að því er varðar afurðir sem eru taldar upp í reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra, með því hvort starfslið fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í þeirri

- reglugerð,
- taka sýni úr:
 - i) eldisdýrum sem á að selja, setja á markað eða flytja;
 - ii) afurðum sem á að taka til geymslu, selja, setja á markað eða flytja,
 - rannsaka skýrslu- eða tölvugögn sem varða eftirlit á grundvelli þeirra ráðstafana sem gerðar eru samkvæmt þessari tilskipun.

Forsvarsmenn eldisstöðva, miðstöðva eða fyrirtækja sem eru undir eftirliti skulu sýna nauðsynlegan samstarfsvilja svo að unnt sé að inna af hendi þessi störf.

14. gr.

Sendandi, fulltrúi hans, eða sá aðili sem ber ábyrgð á afurðunum eða dýrunum, skal standa undir kostnaði er hlýst af því að endursenda sendinguna, geyma eða einangra dýrin eða ef við á slátra þeim eða farga og ráðstöfunum í 1. mgr. 8. gr.

15. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/1998 um meðferð vinnslu og dreifingu sjávarafurða og lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar og til innleiðingar á tilskipunum ráðsins nr. 90/425/EBE, 90/539/EBE, 90/667/EBE, 90/675/EBE, 91/68/EBE, 91/174/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE, 92/60/EBE, 92/65/EBE, 92/118/EBE og tilskipun þingsins og ráðsins nr. 2002/33/EB. Reglugerðin tekur gildi þegar í stað.¹⁾

VIÐAUKI A

Dýraheilbrigðislöggjöf.

Þegar vísað er til viðauka A í reglugerðinni skal líta á það sem tilvísun til reglugerðar nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra.

1) Reglugerðin var birt og tók gildi 31. maí 2005

Reglugerð

nr. 513/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra sem eru flutt til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum, sbr. reglugerð nr. 651/2006 um breytingu á henni.

1. gr.

1. Fiskistofa skal tryggja að dýraheilbrigðiseftirlit með sjávareldisdýrum sem eru flutt inn, um eða til Íslands inn á Evrópska efnahagssvæðið frá þriðju ríkjum, sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. gr.

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins, eftir því sem við á.

2. Auk þess er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *Sannprófun skjala*: Sannprófun dýraheilbrigðisvottorða eða -skjala sem fylgja dýrinu.
- b) *Sannprófun auðkenna*: Sannprófun, sem fer eingöngu fram með sjónrænni skoðun, á því að samræmi sé milli skjalanna eða vottorðanna og dýranna og að dýrin séu merkt með réttum hætti.
- c) *Eftirlit með ástandi*: Eftirlit með sjálfu dýrinu, ef til vill með sýnatöku og prófi á rannsóknastofu og, ef við á, viðbótareftirlit meðan dýrið er í sóttkví.
- d) *Innflytjandi* Einstaklingur eða lögpersóna sem kemur með dýr til innflutnings til bandalagsins.
- e) *Sending*: Fjöldi dýra af sömu tegund sem sama dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal gildir um, sem er flutt með sama flutningatæki og kemur frá sama þriðja landi eða sama hluta þriðja lands.
- f) *Landamærastöð*: Eftirlitsstöð á landamærum Evrópska efnahagssvæðisins, tilnefnd og samþykkt til að þar megi fara fram eftirlit með vörum frá þriðju ríkjum sbr. 6. gr.
- g) *Eldisdýr* Lifandi fiskur krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð.

I. KAFLI

Skipulagning og framhald eftirlits.

3. gr.

- a) Innflytjendur skulu tilkynna Fiskistofu að minnsta kosti einum virkum degi áður um fjölda, tegund og áætlaðan komutíma dýranna.
- b) Farið skal með dýrin, undir opinberu eftirliti, beint á viðkomandi landamærastöð sem um getur í 6. gr. eða, eftir atvikum, á sóttvarnarstöðina sem kveðið er á um í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr.
- c) Ekki er heimilt að fara með dýrin frá þessum stöðvum nema samkvæmt viðurkenndri málsmeðferð og að sannað sé:
 - i) með vottorði sem kveðið er á um í öðrum undirlið 1. mgr. 7. gr. eða í 8. gr., að dýraheilbrigðiseftirlit hafi farið fram með viðkomandi dýrum í samræmi við 1. mgr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 4. gr. og 8. og 9. gr., og að skilyrði lögbærs yfirvalds þar að lútandi hafi verið uppfyllt;
 - ii) að búið sé að greiða fyrir dýraheilbrigðiseftirlitið og, ef við á, að trygging hafi verið sett fyrir hugsanlegum kostnaði sem kveðið er á um í öðrum og þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr., 6. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 12. gr.;
- d) Tollyfirvöld skulu ekki heimila afgreiðslu til fjálsrar dreifingar á Evrópska efnahagssvæðinu nema sannað sé að kröfum c-liðar hafi verið fullnægt.

4. gr.

[1. Fiskistofa skal sannprófa skjöl og auðkenni vegna hvernar sendingar dýra frá þriðja ríki, án tillits til tollafgreiðslustaðar. Fiskistofa skal ganga úr skugga um:

- a) uppruna þeirra,
- b) síðari viðtökustað þeirra, einkum þegar um umflutning er að ræða eða sérstakar kröfur sem hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu sem varða Ísland og birtar hafa verið með auglýsingu sjávarútvegsráðuneytisins,
- c) að upplýsingarnar í vottorðunum eða skjölunum séu fullnægjandi,
- d) að engin vísbending um að sendingunni hafi verið hafnað hafi verið gefin í viðurkennda upplýsingaskiptakerfinu.]¹⁾

2. Með fyrirvara um undanþágur samkvæmt 8. gr., skal Fiskistofa, í samráði við yfirdýralækni, sjá um eftirlit með ástandi dýra sem komið er með á landamærastöðvar. Eftirlitið skal einkum felast í:

- a) klínískri rannsókn á dýrunum til að ganga úr skugga um að þau samrýmist upplýsingunum sem kveðið er á um í meðfylgjandi vottorði eða skjali og að þau séu klínískt heilbrigð;
- b) rannsóknastofuprófum sem teljast nauðsynleg;
- c) töku opinberra sýna, ef til kemur, sem á að rannsaka með tilliti til efnaleifa og láta efnagreina eins skjótt og auðið er;
- d) með tilliti til síðara eftirlits með flutningi skal Fiskistofa senda lögbærum yfirvöldum viðtökuaðildarríkis nauðsynlegar upplýsingar með aðstoð viðurkennda upplýsingaskiptakerfisins.

3 Samt sem áður er heimilt, þrátt fyrir 1. og 2. mgr., að sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi dýra, sem eru flutt um höfn eða flugvöll inn á Evrópska efnahagssvæðið, fari fram í þeirri viðtökuhöfn eða á þeim viðtökuflugvelli, að því tilskildu að höfnin eða flugvöllurinn sé landamæraskoðunarstöð af því tagi sem um getur í 6. gr. og að dýrin verði flutt áfram, annaðhvort sjóleiðis eða með flugi, með sama skipi eða sömu flugvél. Í því tilviki skal lögbæra yfirvaldið tilkynna opinbera dýralækninum á landamærastöð viðtökuaðildarríkisins, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu dýraheilbrigðisyfirvalds á staðnum, um viðurkennda upplýsingaskiptakerfið að dýrin hafi farið þar um.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 651/2006.

5. gr.

Innflutningur inn á EES-svæðið er óheimill ef eftirlit leiðir í ljós:

- [a] að eldisdýr sem koma frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis þriðja ríkis sem er ekki, að því er viðkomandi tegundir varðar, tilgreint í auglýsingu sjávarútvegsráðuneytisins þar að lútandi.]¹⁾
- b) að önnur dýr en þau sem um getur í a-lið fullnægi ekki þeim kröfum sem kveðið er á um í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa reglugerð;
- c) að dýrin þjáist af eða grunur leikur á að þau þjáist af eða séu haldin smitandi sjúkdómi eða sjúkdómi sem geti stofnað heilbrigði manna eða dýra í hættu samkvæmt innlendum

- d) lögum og reglum;
- e) að þriðja ríkið sem flytur dýrin út hafi ekki fullnægt kröfunum sem kveðið er á um í innlendum lögum og reglum;
- f) að ástand dýranna komi í veg fyrir áframhaldandi flutning á þeim;
- f) að dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir með dýrunum uppfylli ekki þau skilyrði sem eru sett samkvæmt reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 651/2006.

6. gr.

1. Landamærastöðvar skulu uppfylla skilyrði laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og reglugerðar nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

2. Landamærastöðvar skulu jafnframt:

- a) vera á komustað inn á yfirráðasvæði Evrópska efnahagssvæðisins. Samt sem áður er unnt að samþykkja tiltekna fjarlægð milli landamærastöðvar og komustaðar vegna landfræðilegra aðstæðna (t.d. affermingarbryggjur, fjallvegir) og að því tilskildu að löng leið sé á milli landamærastöðvarinnar og staða þar sem dýr eru haldin og líkur eru á að smit berist á milli;
- b) vera á tollsvæði þar sem unnt er að uppfylla önnur formsatriði er varða stjórnsýslu, þar með talin tollmeðferð í tengslum við innflutning;
- c) vera undir stjórn Fiskistofu sem ber ábyrgð á eftirlitinu og eftir atvikum yfirdýralæknis. Fiskistofa óskar eftir staðfestingu yfirdýralæknis þegar innflutningur á lifandi fiski og öðrum sjávardýrum á sér stað frá þriðju ríkjum. Fiskistofa skal sjá til þess að gögn séu færð inn í viðurkennda upplýsingaskiptakerfið og uppfærsla á gögnum eigi sér þar stað reglulega.

[3. Fiskistofa skal senda Eftirlitsstofnun EFTA skrá yfir landamærastöðvar sem sjá um dýraheilbrigðiseftirlit ásamt upplýsingum um:

- a) tegund landamærastöðvar þ.e. hvort um sé að ræða landamærastöð við höfn eða flugvöll,
- b) tegund dýra sem unnt er að hafa eftirlit með á viðkomandi landamærastöð, að teknu tilliti til búnaðar og dýraheilbrigðisstarfsfólks á staðnum og afgreiðslutíma þeirra,
- c) fjölda starfsmanna við dýraheilbrigðiseftirlit,
- d) búnað og húsnæði fyrir:
 - i) sannprófun skjala,
 - ii) eftirlit með ástandi,
 - iii) sýnatöku,
 - iv) rannsóknastofuprófum sem teljast nauðsynleg sbr. b-liður 2. mgr. 4. gr.
- e) rými í því húsnæði sem er fyrir hendi til að hýsa dýrin á meðan beðið er eftir niðurstöðum úr prófum,
- f) tegund búnaðar fyrir hröð upplýsingaskipti, einkum við aðrar landamærastöðvar,
- g) umfang viðskipta (tegund og fjöldi dýra sem fer um þessa landamærastöð).

4. Í samráði við Fiskistofu skal Eftirlitsstofnun EFTA skoða þær landamærastöðvar sem koma fram í ofangreindri skrá Fiskistofu og send er Eftirlitsstofnun EFTA. Landamærastöðvarnar skulu skoðaðar með það í huga að tryggð sé samræmd beiting reglna um dýraheilbrigðiseftirlit og að hinar ýmsu landamærastöðvar hafi í raun yfir nauðsynlegum grunnvirkjum að ráða og fullnægi lánmarkskröfum viðauka A.]¹⁾

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 651/2006.

7. gr.

1. Ef eldisdýr, sem falla undir eftirlit skv. 4. gr., eru ekki ætluð til markaðssetningar hér á landi skal eftirlitsmaður á landamærastöðinni:

- láta hlutaðeigandi fá staðfest afrit af frumriti vottorðanna eða, ef sendingu er skipt, nokkur staðfest afrit af frumriti vottorðanna fyrir dýrin; gildistími afritanna skal vera 10 dagar hið mesta,
- gefa út vottorð eftir fyrirmyndinni þar sem fram kemur að eftirlitið sem um getur í 1. mgr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 4. gr. hafi farið fram og uppfylli kröfur yfirdýralæknis, hvaða sýni hafa verið tekin og tilgreint er um niðurstöður úr rannsóknastofuförum eða hvenær búist er við að niðurstöðurnar liggi fyrir,
- varðveita frumrit vottorðsins eða vottorðanna sem fylgja dýrunum.

2. Þegar dýrin sem um getur í 1. mgr. hafa farið um landamærastöðvar og hafa verið flutt inn á Evrópska efnahagssvæðið skulu viðskipti með þau fara fram í samræmi við reglur um dýraheilbrigðiseftirlit sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins.

Í þeim upplýsingum sem lögbært yfirvald á viðtökustað sendir um viðurkennda upplýsingaskiptakerfið skal einkum koma fram hvort:

- dýrin eiga að fara til aðildarríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda,
- sýni hafi verið tekin en niðurstöður hafi ekki legið fyrir þegar flutningatækið fór frá viðkomandi landamærastöð.

[3. Í þeim tilvikum sem ekki hafa verið settar sérstakar reglur um innflutning dýra frá tilteknu ríki er innflutningur heimill að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) haft skal eftirlit með þeim í samræmi við 4. gr.,
- b) ekki má flytja þau frá landamærastöð nema eftirlitið sýni að dýrið eða sendingin samrýmist með fyrirvara um sérstakar kröfur sem gilda um hlutaðeigandi þriðju lönd að því er varðar sjúkdóma sem eru framandi, kröfum um dýraheilbrigði sem gilda í viðskiptum með viðkomandi tegundir og mælt er fyrir um í reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra,
- c) þegar þau hafa farið um landamærastöð skulu þau send til vinnslustöðvar ef um dýr til slátrunar er að ræða eða til eldisstöðvar ef um er að ræða dýr til fiskeldis.

4. Leiði eftirlit það sem er kveðið á um í 1. mgr. í ljós að dýrið eða sendingin samrýmist ekki þeim kröfum sem þar er mælt fyrir um, er ekki heimilt að flytja dýrið eða sendinguna frá landamærastöð og gilda þá ákvæði 11. gr.

5. Ef dýr sem um getur í 1. mgr. eiga ekki að fara á markað hér á landi skulu ákvæði 7. gr. gilda, einkum þau er varða útgáfu vottorðs]¹⁾

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 651/2006.

8. gr.

1. Heimila skal umflutning dýra frá einu þriðja ríki til annars þriðja ríkis, eða til sama þriðja ríkis að því tilskildu að:

- a) eftirlitsmaður á landamærastöð hafi áður heimilað slíkan umflutning og farið hafi fram eftirlit skv. 4. gr. og eftir atvikum að Fiskistofa, í samráði við embætti yfirdýralæknis, hafi áður heimilað slíkan umflutning;
- b) hlutaðeigandi aðili leggi fram sönnun um að fyrsta þriðja ríkið sem dýrin eru send til, eftir umflutning um eitt af yferráðasvæðum Evrópska efnahagssvæðisins, skuldbindi sig til þess að vísa í engu tilviki frá eða endursenda dýr sem það hefur leyft innflutning eða umflutning á og að það muni fara eftir innlendum reglum um vernd dýra meðan á flutningi um Ísland stendur;
- c) eftirlitið sem um getur í 4. gr. fullvissi Fiskistofu um að dýrin standist kröfur þessarar reglugerðar eða, að því er varðar dýr sem um getur í viðauka A við reglugerð nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins, gefi kost á heilbrigðisábyrgðum sem eru viðurkenndar og eru að minnsta kosti jafngildar kröfunum;
- d) eftirlitsmaður á landamærastöð tilkynni lögbærum yfirvöldum umflutningsaðildarríkis eða -ríkja og lögbærum yfirvöldum þeirrar landamærastöðvar sem dýrin fara síðast um áður en þau fara út af Evrópska efnahagssvæðinu, um viðurkennda upplýsingaskiptakerfið að dýrin hafi farið þar um;
- e) þegar um er að ræða gegnumferð um Ísland fari slíkur umflutningur fram samkvæmt málsmeðferð sem hér er kveðið á um. Eina meðhöndlunin sem er leyfð meðan á umflutningi stendur er sú sem fram fer á komustað inn á og brottfararstað frá EES-svæðinu og aðgerðir sem eiga að tryggja velferð dýranna.

9. gr.

1. Í tilvikum þegar innlendar reglur á viðtökustað, kveða á um að lifandi eldisdýr skuli sett í sóttkví eða einangrun er heimilt að setja dýrin í sóttkví eða einangrun:

- á sóttvarnarstöð í þriðja ríki sem er upprunaríki, að því tilskildu að hún hafi verið samþykkt,
- á sóttvarnarstöð sem er á EES-svæðinu og uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðauka B,
- á viðtökueldisstöð.

Heimilt er að mæla fyrir um sérstakar verndarráðstafanir sem skulu gerðar við flutning milli sóttvarnarstöðvar, uppruna- og viðtökueldisstöðva og skoðunarstöðva á landamærum og á sóttvarnarstöðvunum sem um getur í fyrsta undirlið fyrri undirgreinar.

2. Ef Fiskistofa, í samráði við yfirdýralækni, fyrirskipar sóttkví skal setja dýrin í sóttkví, allt eftir því hve alvarleg hættan er talin:

- annaðhvort á sjálfri skoðunarstöðinni eða í næsta nágrenni hennar,
- eða á viðtökueldisstöð,
- eða á sóttvarnarstöð sem er í nágrenni viðtökueldisstöðvar.

3. Almenn skilyrði, sem sóttvarnarstöðvar sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið 1. mgr. skulu uppfylla, eru sett í viðauka B.

10. gr.

Með fyrirvara um önnur ákvæði þessa kafla skal Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni sjá til þess að viðeigandi heilbrigðiseftirlit sé framkvæmt ef grunur leikur á að ekki sé farið að innlendri löggjöf eða vafi leikur á að viðkomandi eldisdýr séu rétt auðkennd.

11. gr.

1. Ef eftirlitið leiðir í ljós að dýr uppfylla ekki kröfur sem mælt er fyrir um í innlendum reglum eða eftirlitið leiðir í ljós vanrækslu skal Fiskistofa, í samráði við yfirdýralækni og innflytjanda eða fulltrúa hans, ákveða:

- a) að hýsa, fódra og ef nauðsyn ber til, meðhöndla dýrin; eða
- b) eftir atvikum, að setja þau í sóttkví eða einangra sendinguna;
- c) að endursenda dýrin frá Íslandi innan þeirra tímamarka sem Fiskistofa, í samráði við yfirdýralækni, setur, svo framarlega sem slíkt samræmist ákvæðum um heilbrigði dýra eða velferð. Í því tilviki skal eftirlitsmaður á landamærastöð í samráði við yfirdýralækni:
 - tilkynna í gegnum viðurkennda upplýsingaskiptakerfið að innflutningi hafi verið vísað frá,
 - ógilda það dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir sendingunni sem vísað var frá,
 - að lokinni skoðun meðan dýrin eru enn lifandi, heimila slátrun dýranna til manneldis í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar,
 - að öðrum kosti, fyrirskipa slátrun dýranna í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar, í öðrum tilgangi en til manneldis eða fyrirskipa að dýrunum verði fargað og tilgreina skilyrði varðandi eftirlit með nýtingu afurðanna sem verða til með þessum hætti. Fiskistofa skal tilkynna ESA um þau tilvik þar sem þessum undanþágum er beitt.

2. Kostnaður sem stofnað er til vegna þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í 1. mgr., þar með talið förgun sendingarinnar eða nýting dýranna í öðrum tilgangi, hvílir á innflytjanda eða fulltrúa hans. Afrakstur af sölu afurðanna sem um getur í þriðju undirgrein c-liðar 1. mgr. skal renna til eiganda dýranna eða fulltrúa hans, að frádregnum áðurnefndum kostnaði.

12. gr.

Til að framfylgja eftirlitinu sem um getur í 2. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar skal auðkenning og skrásetning sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins, fara fram á viðtökustað eldisdýranna.

II. KAFLI
Öryggisákvæði.

13. gr.

1. Ef dýrasjúkdómur sem einnig getur lagst á menn, annar sjúkdómur eða annað það sem kann að stofna heilbrigði dýra eða manna í alvarlega hættu kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði þriðja ríkis, eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði dýra réttlætir slíkt, er ráðherra heimilt að gera þegar í stað eina af eftirfarandi ráðstöfunum eftir því hve alvarlegt ástandið er:

- fella niður tímabundið innflutning frá hlutaðeigandi þriðja ríki eða hluta þess og, eftir atvikum, frá umflutningslandi sem er þriðja ríki,
- setja sérstök skilyrði að því er varðar dýr frá hlutaðeigandi þriðja ríki eða hluta þess.

2. Ef eftirlit sem kveðið er á um í þessari reglugerð leiðir í ljós að sending dýra kunni að stofna heilbrigði dýra eða manna í hættu skal Fiskistofa þegar í stað gera eftirfarandi ráðstafanir:

- leggja hald á og farga sendingunni,
- þegar í stað tilkynna öðrum landamærastöðvum og ESA um niðurstöðurnar og uppruna dýranna, í gegnum viðurkennda upplýsingaskiptakerfið.

3. Í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr. er ráðherra heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna dýra er heyra undir 9. gr.

4. Ef settar eru á einhliða verndarráðstafanir gagnvart þriðja ríki samkvæmt skilmálum þessarar greinar skal það tilkynnt öðrum EES-ríkjum og ESA.

III. KAFLI

Skoðun.

14. gr.

1. ESA er heimilt, í samvinnu við Fiskistofu, að ganga úr skugga um að landamærastöðvar, sem eru samþykktar í samræmi við 6. gr. uppfylli skilyrðin sem eru talin upp í viðaukum A og B við þessa reglugerð og viðauka E við reglugerð nr. 849/1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða. Landamærastöðvar sem samþykktar eru fyrir innflutning á lifandi fiski og öðrum sjávardýrum eru tilgreindar í 13. gr. reglugerðar nr. 849/1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

[2. Sérfræðingar ESA og aðrir sérfræðingar sem til þess eru bærir skv. EES-samningnum geta, í samvinnu við Fiskistofu, að svo miklu leyti sem þörf er á til að tryggja að þessari reglugerð sé beitt á samræmdan hátt, gert skyndiskoðanir á staðnum.]¹⁾

3. Þegar skoðun fer fram á landamærastöð skal Fiskistofa veita ESA alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að stofnunin geti unnið verk sitt.

1) Sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 651/2006.

15. gr.

Telji Fiskistofa, á grundvelli eftirlits hennar, að brotið sé í bága við ákvæði þessarar reglugerðar á landamærastöð í öðru EES-ríki skal Fiskistofa þegar í stað senda stjórnvöldum þess ríkis tilkynningu þar að lútandi.

Berist Fiskistofu slík tilkynning frá öðru EES-ríki skal Fiskistofa gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæra yfirvaldinu í því ríki um það eftirlit sem hefur farið fram, þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Ef eftirlitið sem um getur í fyrstu undirgrein leiðir í ljós að ítrekað er brotið í bága við ákvæði þessarar reglugerðar skal Fiskistofa tilkynna það ESA og lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja.

Fiskistofu er heimilt, þar til niðurstöður ESA liggja fyrir, að efla eftirlit á viðkomandi landamærastöð eða sóttvarnarstöð.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

16. gr.

Kostnaður.

Kostnaður í tengslum við framkvæmd eftirlits skv. 4., 5., 8 og 11. gr., þar með talið við förgun sendingarinnar eða nýting afurða í öðrum tilgangi, hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúa þeirra án þess að endurgreiðslur EES-ríkis komi til. Afrakstur af sölu afurðanna sem um getur í þriðja undirlið c-liðar 11. gr. skal renna til eiganda eldisdýranna eða fulltrúa hans, að frádregnum áðurnefndum kostnaði.

Innheimta skal gjald fyrir heilbrigðiseftirlit við innflutning dýra sem um getur í þessari reglugerð. Innheimta skal kostnað samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegsráðherra staðfestir.

17. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipunum ráðsins nr. 91/496/EBE, 91/628/EBE, 95/29/EB, 92/438/EB, 96/43/EB. Reglugerðin tekur þegar gildi.¹⁾

1) Reglugerðin var birt og tók gildi 31. maí 2005

VIÐAUKI A

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu skoðunarstöðva á landamærum.

Til að hljóta viðurkenningu skulu landamærastöðvar hafa:

- 1) sérstaka aðrein fyrir flutning lifandi dýra, til að hlífa dýrunum við tilefnislausri bið;
- 2) aðstöðu (sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa) fyrir fermingu og affermingu ólíkra flutningatækja, skoðun, fóðrun og meðhöndlun dýranna, þar sem rými, lýsing og loftræsting er fullnægjandi með tilliti til þess fjölda dýra sem á að skoða;
- 3) nógu marga eftirlitsmenn til að þeir geti, með tilliti til þess fjölda dýra sem fer um viðkomandi landamærastöð, sannprófað fylgiskjöl og framkvæmt klíníska eftirlitið sem um getur í 4., 5. og 8. gr. þessarar reglugerðar;
- 4) nógu rúmgott húsnæði fyrir starfsmenn sem annast heilbrigðiseftirlitið, þar með talið búningsherbergi, sturtur og salerni;

- 5) húsnæði og aðstöðu sem hentar fyrir sýnatöku og úrvinnslu sýna í tengslum við kerfisbundna eftirlitið sem mælt er fyrir um í innlendum lögum og reglum;
- 6) aðgang að þjónustu sérhæfðrar rannsóknastofu þar sem unnt er að gera sérstök próf á sýnunum sem eru tekin á stöðinni;
- 7) aðgang að starfsstöð í næsta nágrenni stöðvarinnar með aðstöðu og búnað til að hýsa, fódra, meðhöndla og, ef nauðsyn ber til, slátra dýrunum;
- 8) hentuga aðstöðu, ef skoðunarstöðvarnar eru áningar- eða umfermingarstaðir við flutning dýra, til að unnt sé að afferma, fódra og hýsa dýrin ef þörf krefur og meðhöndla þau eða, ef nauðsyn ber til, slátra þeim á staðnum á þann hátt að þau þurfi ekki að þjást að óþörfu;
- 9) viðeigandi búnað fyrir hröð upplýsingaskipti við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum og lögbær dýraheilbrigðisfyrirvöld;
- 10) búnað og aðstöðu fyrir þrif og sótthreinsun.

VIÐAUKI B

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu sóttvarnarstöðva.

1. Kröfur 2., 4., 5., 7., 9. og 10. liðar viðauka A skulu gilda.
2. Þar að auki skulu sóttvarnarstöðvar:
 - vera undir stöðugu eftirliti Fiskistofu, í samráði við yfirdýralækni, og vera á hans ábyrgð,
 - vera staðsettar langt frá eldisstöðvum og öðrum stöðum þar sem dýr eru haldin sem líkur eru á að séu með smitandi sjúkdóma,
 - hafa gott eftirlitskerfi til að tryggja viðunandi eftirlit með dýrunum.

Reglugerð

nr. 659/2005 um gæðamat á æðardúni, sbr. reglugerð nr. 20 2006 um (1. br.) breytingu á henni.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um framkvæmd gæðamats á íslenskum æðardúni, starfsskyldur og hæfiskröfur dúnmatsmanna.

2. gr.

Skilgreiningar.

Dreifing: Sala eða afhending á fullhreinsuðum æðardúni.

Dúnmatmaður: Aðili sem fengið hefur starfsleyfi frá landbúnaðarráðuneytinu.

Fullhreinsun: Þegar dúnn hefur verið þurrhreinsaður á þann hátt að engir hnökrar, óhreinindi, kusk, ókunn efni, ryk eða fjaðrir finnast í dúninum.

3. gr.

Dreifing.

Allur æðardúnn, hvort sem er til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun, sbr. 2. gr. Áður en að dreifingu á innanlandsmarkaði eða til útflutnings kemur skal liggja fyrir að æðardúnn standist gæðamat dúnmatsmanna með vottorði þeirra þar að lútandi. Vottorðdúnmatsmanna skal vera samkvæmt fyrirmynd í viðauka C. Þvoi dreifingaraðili æðardún eftir fullhreinsun sbr. 2. gr. og gæðamat skal hann ávallt fá dúnmatsmann aftur til að innsigla og staðfesta magn æðardúnsins eftir þvottinn.

4. gr.

Starfsleyfi dúnmatsmanna.

Peir aðilar sem áhuga hafa á að sækja um starfsleyfi til dúnmat, skulu senda landbúnaðar-ráðuneytinu umsókn þess efnis. Landbúnaðarráðuneytið gefur út starfsleyfi til allt að fimm ára til handa dúnmatsmönnum til starfa á starfssvæðum sbr. viðauka B að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna.

5. gr.

Hæfniskröfur dúnmatsmanna.

Hæfniskröfur dúnmatsmanna felast m.a. í því að hafa verulega reynslu af æðardúnstekju, meðhöndlun æðardúns og þekkingu á eiginleikum hans. Auk þess skulu dúnmatsmenn sækja námskeið hjá Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem farið er yfir helstu atriði er snúa að æðarfugli, æðardúnstekju, geymslu, meðhöndlun hreinsun og eiginleikum æðardúnsins. Á námskeiðinu skal dúnmatsmönnum veitt leiðsögn um mat á æðardúni þannig að gætt sé samræmis við mat alls staðar á landinu. Dúnmatsmenn skulu sækja námskeið um dúnmat á a.m.k. fimm ára fresti eða ávallt áður en starfsleyfi fellur niður og sótt er um starfsleyfi til dúnmat.

Dúnmatsmenn skulu ávallt gæta að hæfisreglum 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og áhrifum vanhæfis sbr. 4. gr. stjórnsýslulaga.

6. gr.

Starfssvæði dúnmatsmanna.

Fjöldi dúnmatsmanna skal vera allt að 12 og koma starfssvæði þeirra fram í viðauka B. Allt að fimm dúnmatsmenn skulu starfa á starfssvæði Norðvesturlands. Allt að þrjú dúnmatsmenn skulu starfa á starfssvæði Norðausturlands. Allt að þrjú dúnmatsmenn skulu starfa á Suðvesturlandi þ.m.t. Reykjavík en a.m.k. einn dúnmatmaður skal starfa á Suðurlandi.

7. gr.

Dúnmat.

Matsbeiðandi skal óska eftir mati dúnmatsmanns áður en til dreifingar kemur eftir fullhreinsun sbr. 2. gr. Ávallt skal hafa í huga hæfisreglur stjórnsýslulaga við slíka umsýslu.

Við gæðamat á fullhreinsuðum æðardúni sbr. 2. gr., skal dúnmatmaður m.a. ganga úr skugga um að engir hnökrar, óhreinindi, kusk, ókunn efnir, ryk eða fjaðrir finnist í æðardúnum. Hann skal auk þess taka tillit til eiginleika æðardúnsins fjaðurmögnunar og litar hans.

Til að ganga úr skugga um að ekkert ryk fyrirfinnist í æðardúnum skal dúnmatmaður taka u.þ.b. 30 – 50 gr. visk af æðardúni og hrista í 15 sek. yfir hvítu blaði.

Til að ganga úr skugga um að engir hnökrar, kusk, ókunn efni eða fjaðrir leynist í æðardúnum skal dúnmatmaður nota sjónmat og snertiskyn. Til að kanna hreinleika dúnsins skal hann taka u.þ.b. 30 - 50 gr. visk af æðardúni og skoða vel, ekkert kusk, ókunn efni eða fjaðrir mega vera í dúnum svo hann standist gæðamat.

Kostnaður við dúnmat greiðist af matsbeiðanda samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

8. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. gr. laga nr. 52/2005 um gæðamat á æðardúni. Á sama tíma fellur úr gildi erindisbréf fyrir matsmenn á æðardúni nr. 64/1972. Reglugerðin tekur gildi þegar í stað.

Bráðabirgðaákvæði.

I.

6. gr. reglugerðarinnar tekur gildi frá og með 1. ágúst nk. Fram að þeim tíma eru skipaðir tímabundnir dúnmatmenn.

VIÐAUKI A

1. Í vottorði frá dúnmatsmanni sbr. fyrirmynd í viðauka C, sem fylgja skal með hverri dreifingu af fullhreinsuðum æðardúni sbr. 2. gr., skal eftirfarandi koma fram:
 - að um fullhreinsaðan æðardún sé að ræða sem staðist hefur gæðamat
 - að staðfest sé þyngd sendingar
 - að æðardúnninn hafi verið settur í pakkningar undir eftirliti dúnmatsmanns
 - að hver poki sé innsiglaður af dúnmatsmanni og að þar komi fram númer dúnmatsmanns
 - undirskrift dúnmatsmanns.

Sé æðardúnn þveginn skal auk þess fylgja með vottorð frá dúnmatsmanni með hverri sendingu þar sem fram kemur:

 - að staðfest sé þyngd sendingar
 - að hver poki sé innsiglaður af dúnmatsmanni og þar komi fram númer dúnmatsmanns
 - undirskrift dúnmatsmanns.

Landbúnaðarráðuneytið staðfestir og skráir þau tæki og einkenni þeirra, sem hver lögskipaður dúnmatmaður notar við að innsigla pakkningar, enda sé um viðurkennd tæki og aðferð að ræða.
 2. Umsókn um starfsleyfi dúnmatsmanns skal senda til landbúnaðarráðuneytisins.
 3. Dúnmatmenn sem sótt hafa námskeið skulu reglulega samræma og samhæfa vinnubrögð og aðferðir við dúnmat, eftir því sem landbúnaðarráðuneytið telur þörf á.
- Við mat skal dúnmatmaður taka sýni úr hverri pakkningu til þess að sannreyna að dúnninn sé fullhreinsaður. Hann ábyrgist að sýnið sé fullhreint og hafi staðist gæðamat, sbr. 7. gr.

Dúnmatsmanni er heimilt að geyma sýni þar til staðfesting á greiðslu hefur borist. Sýnið er ávallt eign matsbeiðanda.

VIÐAUKI B

1. Starfssvæði dúnmatsmanna skulu vera:

- Norðvesturland. Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög:

<ul style="list-style-type: none"> Hvalfjarðarstrandarhreppur Skilmannahreppur Innri-Akraneshreppur Leirár- og Melahreppur Skorradalshreppur Borgarfjarðarsveit Hvítársíðahreppur Borgarbyggð Kolbeinsstaðahreppur Eyja- og Miklaholtshreppur Snæfellsbær Grundarfjarðarbær Helgafellssveit Stykkishólmsbær Dalabyggð Saurbæjarhreppur Reykholahreppur Vesturbyggð Tálknafjarðarhreppur 	<ul style="list-style-type: none"> Bolungarvíkurkaupstaður Ísafjarðarbær Súðavíkurhreppur Árneshreppur Kaldraneshreppur Hólmavíkurhreppur Broddaneshreppur Bæjarhreppur Húnaþing vestra Áshreppur Sveinsstaðahreppur Torfalækjarhreppur Blönduósbær Svínavatnshreppur Bólstaðarhlíðarhreppur Höfðahreppur Skagabyggð Sveitarfélagið Skagafjörður Akrahreppur
--	---

- Norðausturland. Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög:

<ul style="list-style-type: none"> Ólafsfjarðarbær Grimseyjarhreppur Dalvíkurbyggð Arnarneshreppur Hörgárbyggð Akureyrarkaupstaður Eyjafjarðarsveit Svalbarðsstrandarhreppur Grýtubakkahreppur Þingeyjarsveit Skútustaðahreppur Aðaldælahreppur Húsavíkurbær Tjörmeshreppur Kelduneshreppur Öxarfjarðarhreppur 	<ul style="list-style-type: none"> Raufarhafnarhreppur Svalbarðshreppur Þórshafnarhreppur Skeggjastaðahreppur Vopnafjarðarhreppur Fljótsdalshérað Fljótsdalshreppur Borgarfjarðarhreppur Seyðisfjarðarkaupstaður Fjarðabyggð Mjóafjarðarhreppur Fáskrúðsfjarðarhreppur Austurbyggð Breiðdalshreppur Djúpavogshreppur
--	---

- Suðurland. Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög:

<ul style="list-style-type: none"> Skaftárhreppur Mýrdalshreppur Rangárþing eystra 	<ul style="list-style-type: none"> Hrunamannahreppur Bláskógabyggð Grímsnes- og Grafningshreppur
---	---

Rangárþing ytra
 Ásahreppur
 Vestmannaeyjabær
 Gaulverjabæjarhreppur
 Sveitarfélagið Árborg
 Hraungerðishreppur
 Villingaholtshreppur
 Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Hveragerðisbær
 Sveitarfélagið Ölfus
 Grindavíkurbær
 Sandgerðisbær
 Sveitarfélagið Garður
 Reykjanesbær
 Vatnsleysustrandarhreppur

Suðvesturland og Reykjavík. Til þess teljast eftirtalin
 sveitarfélög:
 Garðabær
 Sveitarfélagið Álftanes
 Kópavogsbær
 Seltjarnarnes

Mosfellsbær
 Kjósarhreppur
 Reykjavíkurborg

Verði heiti eða mörkum sveitarfélags breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyrir til þess svæðis sem það eldra eða þau eldri heyrðu til.

[VIÐAUKI C

Vottorð dúnmatsmanns samkvæmt reglugerð nr. 659/2005

Eiderdown certificate of Inspection according to regulation no. 659/2005

Matsbeiðandi/Requestor of quality control:
 Nafn/Name:
 Heimilisfang/Address:
 Póstnr./Post code:
 Land/Country:

Dúnmatmaður/Quality controller:
 Nafn/Name:
 Heimilisfang/Address:
 Póstnr./Post code:
 Land/Country:

Gæðamat á æðardúni/Quality control

Þyngd/Weight: _____

Pakkað og innsiglað
 undir eftirliti
 Packed and sealed
 under control

Stenst gæðamat
 Approved

 Dagsetning, staður/Date, place.

 Undirskrift, dúnmatsmanns og númer hans.
 Signature of the quality controller and number.]¹⁾

1) Sbr. reglugerð nr. 20/2006 sem tók gildi 31. janúar 2006.

Reglugerð

nr. 676/2005 um tímabundna niðurfellingu aðflutningsgjalda af vetnisbifreiðum og sérhæfðum varahlutum í þær.

Gildissvið.

1. gr.

Tollstjóri skal fella niður virðisaukaskatt og vörugjald af þeim vetnisbifreiðum sem fluttar eru inn til landsins í rannsóknarskyni, svo og virðisaukaskatt, vörugjald og toll af sérhæfðum varahlutum í þær, eins og kveðið er á um í reglugerð þessari. Allur innflutningur vetnisbifreiða og sérhæfðra varahluta í þær telst vera innflutningur í rannsóknarskyni.

Vetnisbifreiðar.

2. gr.

Undanþága frá greiðslu virðisaukaskatts og vörugjalds skv. 1. gr. nær til vetnisbifreiða í vöruliðum 8701, 8702, 8703, 8704, 8705, 8709, 8711 og 8713, sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni og hafa í för með sér hverfandi mengun.

Sérhæfðir varahlutir í vetnisbifreiðar.

3. gr.

Undanþága frá greiðslu virðisaukaskatts, vörugjalds og tolls skv. 1. gr. nær til varahluta sem falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer¹⁾ og eru ónothæfir í önnur ökutæki:

1. Tæki til framleiðslu á vatnsgasi (gas generators), úr tnr. 8405.1000.
2. Sprengihreyflar í vörulið 8407, úr tnr. 8407.3100, 8407.3200, 8407.3300, 8407.3400 og 8407.9000.
3. Hlutar í sprengihreyfla í vörulið 8409, úr tnr. 8409.9100 og 8409.9900.
4. Vetnismótorar (efnarafall + straumbreytir + rafhreyfill), riðstraumsrafall með meira en 75 kVA til og með 375 kVA útafl (strætó með u.þ.b. 250 kW), úr tnr. 8501.6200.
5. Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til véla í vörulið 8501 eða 8502, úr tnr. 8503.0000.
6. Straumbreytar (Inverters), úr tnr. 8504.4000.
7. Efnarafalar (Fuel cells) í vörulið 8506, úr tnr. 8506.8009 og hugsanlega úr öðrum númerum.
8. Rafgeymar (Battery pack) í vörulið 8507, mismunandi tnr. eftir gerð.
9. Hlutar og fylgihlutir fyrir vélknúin ökutæki í tnr. 8701-8705, úr tnr. 8708.2900 og 8708.9900.
10. Hlutar fyrir vinnuvagna o.fl. í vörulið 8709, úr tnr. 8709.9000.
11. Hlutar og fylgihlutur til ökutækja í tnr. 8711-8713, úr tnr. 8711.9900.

1) Tollskárnúmer ber að skoða í ljósi breytinga á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

Framkvæmd niðurfellingar aðflutningsgjalda.

4. gr.

Aðili sem hyggst flytja til landsins vetnisbifreið í rannsóknarskyni, og/eða sérhæfða varahluti í hana, og njóta við það réttar til niðurfellingar gjalda vegna innflutningsins, skal beina ósk um niðurfellingu gjalda hverju sinni til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem varan kemur til tollafgreiðslu.

Umsókn skal borin fram í aðflutningsskýrslu, ebl. E1, með því að rita viðeigandi undanþágutilvísun í reit 14 í skýrslunni. Með þessum hætti er innflytjandi að lýsa því yfir að hann sæki um undanþágu aðflutningsgjalda af tiltekinni vöru í vörusendingu samkvæmt þeim heimildum sem undanþágutilvísun nær til. Jafnframt felur slík umsókn í sér yfirlýsingu um að innflytjandi skuldbindi sig til að hlíta öllum þeim fyrirmælum, skilyrðum og takmörkunum sem í nefndum heimildum er að finna fyrir undanþágu gjaldanna og ráðstöfun vörunnar.

Tollstjórinn í Reykjavík annast gerð og útgáfu undanþágutilvísana og leiðbeininga um notkun þeirra.

Bókhald.

5. gr.

Innflytjendum samkvæmt reglugerð þessari ber að haga bókhaldi sínu með þeim hætti að aðgengilegt sé fyrir tolfyrirvöld að staðreyna að sala eða nýting vöru, sem gjöld hafa verið felld niður af, sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Refsiákvæði.

6. gr.

Misnotkun á gjaldfríðindum samkvæmt reglugerð þessari getur varðað refsingu samkvæmt ákvæðum tollalaga.

Kæra á úrskurði tollstjóra um niðurfellingu aðflutningsgjalda.

7. gr.

Telji innflytjandi ákvörðun tollstjóra, er varðar rétt til niðurfellingar gjalda samkvæmt reglugerð þessari, eigi rétta, getur hann óskað eftir úrskurði tollstjóra með því að senda honum skriflega kæru, studda nauðsynlegum rökum og gögnum, innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi eða synjun tollstjóra um tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari. Tollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Innflytjanda skal sendur úrskurður tollstjóra í ábyrgðarbréfi og upplýsingar um kæruheimild til ríkistollanefndar, sbr. 2. mgr.

Úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. er heimilt að kæra til ríkistollanefndar innan 60 daga frá dagsetningu eða póstlagningu úrskurðar. Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Ríkistollanefnd skal úrskurða um kæru innan 30 daga frá því er hún barst honum. Úrskurður ríkistollanefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

Lagastoð og gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 72/2005, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald og tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi

1. júlí 2005 og fellur úr gildi 31. desember 2008 og tekur til vetnisbifreiða, og sérhæfðra varahluta í vetnisbifreiðar, sem tollafgreidd eru á gildistíma hennar.

1) Reglugerðin var gefin út og tók gildi 22. júlí 2005.

Reglugerð

nr. 686/2005 um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða, sbr. reglugerð nr. 86/2007 og 1072/2010 um breytingu á henni.

Gildissvið.

1. gr.

[Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða og almenningsvagna á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 1072/2010.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu.

2. gr.

[Endurgreiðsluheimild skv. 1. gr. er bundin við ökutæki sem nýskráð eru á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011. Með hópferðabifreiðum er átt við ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga og eru skráð fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum öikumanni og búin aflvélum samkvæmt EURO 5 staðli ESB.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 1072/2010.

Endurgreiðslubeiðni.

3. gr.

Sækja skal um endurgreiðslu til tollstjórans í Reykjavík á sérstökum eyðublöðum í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Með umsókn skulu fylgja gögn sem sýni fram á að krafa 2. gr. reglugerðar þessarar um aflvél samkvæmt [EURO 5]¹⁾ staðli ESB, eða sambærilega aflvél, sé uppfyllt.

Með umsókn skal fylgja frumrit sölureiknings eða greiðsluskjal frá tolyfirvöldum þar sem virðisaukaskattur af kaupverði kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Þegar um leigu er að ræða skal afrit af leigusamningi fylgja með umsókn. Jafnframt skulu fylgja frumrit sölureikninga þar sem virðisaukaskattur af leigugjaldi kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Sölureikningar skulu uppfylla form- og efniskröfur skv. II. kafla reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst tollstjóranum í Reykjavík eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [1072/2010](#).

Afgreiðsla á umsóknum.

4. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari. Hann skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur í því sambandi krafð umsækjanda og viðsejanda hans nánari skýringa á viðskiptunum. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

5. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 72/2005, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, kemur í stað reglugerðar nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða, með síðari breytingum. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 828/2005 um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni og reglugerð nr. 845/2007 um breytingu á henni.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Leyfi [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ þarf til innflutnings, heildsölu og framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.

Reglugerð þessi gildir ekki um þá sem leyfi hafa til reksturs almennra tollvöruheimsna, tollfrjálsra forðageymslna eða frísvæða þar sem áfengi er geymt. Um þá starfsemi gilda ákvæði tollalaga.

Um sendiráð og aðra sem úrlendisréttar njóta gilda ákvæði sérлага, sbr. þó 5. gr.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [845/2007](#).

2. gr.

Skipting leyfa.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skiptast í eftirtalda flokka:

a. Innflutningsleyfi sem veitir heimild til innflutnings og sölu áfengis, sbr. 1. mgr. 5. gr.

- b. Heildsöluleyfi sem veitir heimild til sölu áfengis, sbr. 1. mgr. 5. gr. og innkaupa í því skyni.
- c. Framleiðsluleyfi sem veitir heimild til framleiðslu áfengis. Leyfið veitir ennfremur rétt til innflutnings á áfengi til framleiðslunnar, svo og til sölu áfengis, sbr. 1. mgr. 5. gr.

3. gr.

Almenn skilyrði leyfisveitingar.

Leyfi til innflutnings, heildsölu og framleiðslu áfengis skal einungis veitt þeim sem:

- a. stundar í atvinnuskyni innflutning og/eða heildsölu enda hafi hann til þess verslunarleyfi,
- b. stundar í atvinnuskyni framleiðslu áfengra drykkja enda hafi hann til þess iðnaðarleyfi,
- c. stundar veitingarekstur í atvinnuskyni og hefur almennt leyfi til áfengisveitinga, sbr. 14. gr. áfengislaga eða
- d. hefur leyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar.

Leyfi skal einungis veitt þeim sem tilkynnt hefur Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá og hefur tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.

Auk þeirra skilyrða sem um getur í 1. og 2. mgr. verður einstaklingur sem leyfi er veitt að hafa náð 20 ára aldri. Ef umsækjandi er félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu eigendur og framkvæmdastjóri þess vera orðnir 20 ára. Ef um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fullnægja aldursskilyrðinu.

Leyfi skal bundið við nafn og kennitölu leyfishafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi.

4. gr.

Umsóknir, gildistími leyfis og gjaldtaka.

Umsókn um leyfi skal senda [lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Leyfi sem gefið er út í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó 12. gr.

Greiða skal gjald fyrir útgáfu leyfis og endurnýjun þess, svo og eftirlitsgjald, sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. [845/2007](#).

5. gr.

Sala áfengis.

Handhafa leyfis til innflutnings, heildsölu og framleiðslu á áfengi er einungis heimilt að selja eða afhenda áfengi til:

- a. Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins;
- b. þeirra sem heimild hafa til framleiðslu áfengis;
- c. þeirra sem heimild hafa til heildsölu áfengis;
- d. veitingastaða, sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 14. gr. áfengislaga, þó einungis það áfengi sem slíkt leyfi kveður á um;
- e. fyrirtækja til iðnaðarnota;
- f. þeirra sem leyfi hafa til reksturs tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna;

- g. sendiráða og annarra sem njóta úrlendisréttar hér á landi og;
- h. sölu úr landi.

Leyfishafa er óheimilt að afhenda öðrum áfengi til endursölu hafi sá ekki tilskilin leyfi. Skal leyfishafi leita upplýsinga þar um hjá lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi sem veitir upplýsingar um hverjir hafa leyfi samkvæmt reglugerð þessari eða almennt leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 14. gr. áfengislaga.

6. gr.

Varsla og ábyrgð.

Um vörslu og ábyrgð á ótollafgreiddu áfengi, þ.m.t. áfengi sem tollafgreitt hefur verið til útflutnings, gilda ákvæði tollalaga. Rýrnun áfengisbirgða í vörslu leyfishafa er á ábyrgð leyfishafa.

7. gr.

Húsnæði og búnaður.

Húsnæði, sem leyfishafi notar til geymslu og framleiðslu áfengis skal vera nægilega traust til geymslu á öllum algengum varningi og búið þeim öryggis- og/eða eftirlitsbúnaði sem tryggir að óviðkomandi verði ekki veittur aðgangur.

Sá sem leyfi fær til framleiðslu áfengis skal áður en framleiðsla áfengis hefst fullnægja þeim kröfum sem gilda um framleiðslu matvæla, sbr. lög um matvæli, og skal gengið frá framleiðslutækjum og -búnaði, svo sem bruggtækjum, eimingartækjum, leiðslum, átöppunar-búnaði og rennismælum, þannig að komið verði í veg fyrir óeðlilega rýrnun.

8. gr.

Merkingar.

Leyfishafi skal sjá til þess að umbúðir, jafnt innri sem ytri umbúðir, um það áfengi sem framleitt er hér á landi, eða flutt er inn, beri með sér að um áfengi sé að ræða. Á umbúðum skal með skýrum hætti greina hvert áfengisinnihald vörunnar er. Þá skulu umbúðir, jafnt innri sem ytri umbúðir, um áfengi merktar nafni og heimilisfangi framleiðanda eða dreifanda þeirra.

Um merkingar fer að öðru leyti samkvæmt lögum um matvæli.

9. gr.

Bókhald og skráning viðskipta.

Handhafa innflutnings- og/eða áfengisheildsöluleyfis er skylt að halda birgðabókhald fyrir áfengi.

Handhafa framleiðsluleyfis er skylt að halda framleiðsluskýrslur og birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðsluskýrslur skal halda með þeim hætti að hægt sé með auðveldum og öruggum hætti að rekja hverja átöppun á áfengi til einstakra áfengistegunda og umbúða.

Birgðabókhald skal haldið með þeim hætti að hægt sé að rekja sérhverja átöppun eða innkaup frá innflutningsgögnum og innkaupareikningum til færslu í birgðabókhaldi og hvenær sem er bera saman vörubirgðir og niðurstöðu birgðabókhalds. Í birgðabókhaldi skal koma fram á aðgengilegan hátt ráðstöfun birgða vegna sölu innanlands, útflutnings, rannsókna, rýrnunar og skýringar á henni eða annarra atriða.

Leyfishafi skal skrá sérhverja sölu áfengis á sölureikninga til samræmis við ákvæði reglugerðar um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

Leyfishafi skal veita [lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ upplýsingar um heildarsölu sína, skipt niður á viðskiptamenn og tímabil, telji hann slíkt nauðsynlegt vegna eftirlits. Kaupendur áfengis sem um ræðir í 5. gr. skulu halda sérstaka innkaupareikninga í bókhaldi sínu og veita [lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ sams konar upplýsingar um innkaup sín sé þess óskað.

Um bókhald fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga um bókhald.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 845/2007.

10. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar.

Leyfishafi skal senda Hagstofu Íslands skýrslu um framleiðslu og sölu áfengis í því formi sem Hagstofan ákveður.

Skýrsla samkvæmt 1. mgr. skal send 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október og skal taka til viðskipta á undanfarandi ársfjórðungi en í henni skal gerð grein fyrir framleiðslu og sölu áfengis miðað við tegund, magn í lítrum og hlutfall vínanda í því.

11. gr.

Eftirlit.

Lögreglustjóri í því umdæmi þar sem starfsstöð leyfishafa er hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa enda hafi [lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ ekki ákveðið að sérstakir eftirlitsmenn á hans vegum annist eftirlitið.

Leyfishafa ber að veita eftirlitsmönnum aðgang að öllum húsakynnum, sem nýtt eru til áfengisframleiðslu og birgðahalds, svo og bókhaldsgögnum er sýna hráefnisnotkun og birgðir vöru. Leyfishafi skal láta eftirlitsmönnum í té fullnægjandi aðstöðu að mati [lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ þegar þeir sinna eftirlitsstörfum í atvinnuhúsnæði leyfishafa.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið að átöppun áfengis skuli fara fram undir eftirliti og skal því aðeins taka tillit til rýrnunar að förgun úrgangsefna og skemmdir eða gallaðrar óseldrar framleiðslu fari fram undir eftirliti. Hann getur einnig ákveðið að innsigla skuli framleiðslutæki og -búnað, svo og geyma og kúta sem notaðir eru undir áfengi sem selt er í miklu magni, m.a. til veitingastaða. Ríkisskattstjóri ákveður gerð og notkun innsigla. Hann getur sett eftirlitsmönnum nánari starfsfyrirmæli.

Um eftirlit ríkisskattstjóra að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt.

Um almennt eftirlit lögreglu með framleiðslu, sölu og meðferð áfengis í landinu gilda ákvæði áfengislaga.

Um eftirlit tollstjóra með innflutningi áfengis gilda ákvæði tollalaga.

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 845/2007.

12. gr.

Brottfall leyfis og leyfissvipting.

Hafi leyfisgjald ekki verið greitt til innheimtumanns ríkissjóðs innan 30 daga frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

Nú missir leyfishafi skilyrði til að fá útgefið leyfi samkvæmt 3. gr. og fellur þá leyfið úr gildi. Leyfishafi skal innan 30 daga frá því leyfi þau, sem vísað er til í 1. mgr. 3. gr., falla úr gildi senda [lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu]¹⁾ staðfestingu á að slíkt leyfi hafi verið endurnýjað.

Verði leyfishafi uppvís að broti gegn ákvæðum áfengislaga, laga um gjald af áfengi, reglugerð þessari eða skilyrðum leyfis, sbr. þó 1. mgr., skal svipta hann leyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef brot er margítrekað eða stórfellt.

Nú hefur leyfi fallið úr gildi eða leyfishafi verið sviptur leyfi og skal honum þá heimilt að selja það áfengi sem framleitt hefur verið eða flutt inn og tollafgreitt áður en leyfið féll úr gildi eða leyfissvipting tók gildi.

1) Sbr. 54. gr. reglugerðar nr. [845/2007](#).

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 5. gr. áfengislaga nr. 75 15. júní 1998, sbr. 1. gr. laga nr. 40 13. maí 2005, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 176 frá 17. mars 1999 um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni.

Reglugerð

nr. [937/2005](#) um flutning hergagna með loftförum.

1. gr.

Gildissvið og framkvæmd.

Reglugerð þessi gildir um flutning hergagna með loftförum um íslenskt yfirráðasvæði. Hún gildir þó ekki um ríkisflug né loftför Landhelgisgæslu Íslands og íslenskra lögregluvalda.

Um meðferð skotvopna og skotfæra um borð í íslenskum loftförum og loftförum innan íslenskrar lofthelgi, m.a. hverjir mega bera þau og í hvaða tilvikum og hvernig að því skuli staðið gilda reglur sem ríkislögreglustjóri setur.

Flugmálastjórn Íslands sér um framkvæmd þessarar reglugerðar þar á meðal veitingu leyfa.

2. gr.

Bann.

Flutningur hergagna með loftförum um íslenskt yfirráðasvæði er óheimill nema með sérstöku leyfi Flugmálastjórnar Íslands sbr. 3. gr.

Bann þetta nær til hverskyns umferðar um íslenskt yfirráðasvæði hvort sem er til flugtaks, landingar eða yfirflugs um íslenskt yfirráðasvæði.

3. gr.

Leyfisveitingar.

Beiðni um leyfi skv. 2. gr. skal berast Flugmálastjórn 7 dögum áður en flug er fyrirhugað nema sérstakar aðstæður komi upp þar sem flutningur hergagna er nauðsynlegur með skömmum fyrirvara, t.d. þegar upp kemur hættu eða átök sem krefjast flutnings hergagna með skemmri fyrirvara. Í beiðni skal greina:

- a) Nafn flugrekanda, heimilisfang, síma, tölvupóstfang og faxnúmer.
- b) Þjóðerni, skrásetningarkerki og tegund loftfars.
- c) Staðfestingu á váttryggingum.
- d) Leið þá sem fljúga skal, ákvörðunarstað og upplýsingar um hvar og hvenær skuli flogið inn í íslenska lofthelgi.
- e) Dagsetningu og áætlaðan komu- og brottfarartíma frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
- f) Markmið flugsins, áhöfn og farþega, hvaða hergögn er um að ræða og magn þeirra.

Ef óskað er leyfis, sem felur í sér mikið magn hergagna, mikla tíðni eða um er að ræða óvenjulega eða sérstaklega viðkvæman flutning eða flutning inn á hættu- eða átakasvæði skal Flugmálastjórn Íslands aðeins veita slíka heimild að höfðu samráði við samgönguráðuneyti.

4. gr.

Orðskýringar.

Með hergögnum er í reglugerð þessari átt við:

- a) Skotvopn 5,56 mm að hlaupavidd (22 kaliber) og stærri, eldvörpur, búnað til myrkvunar eða reykmýndunar, hvers konar skotpalla eða losunarbúnað fyrir sprengjur, eldflaugar, flugskeyti, tundurskeyti og tundurdufl.
- b) Skotfæri og aðrar hleðslur í þær tegundir vopna og búnaðar er greinir í a-lið, sem og hand- og jarðsprengjur.
- c) Sprengi- og tundurefni ásamt púðri og hvellhettum í búnað samkvæmt a- og b-lið.
- d) Sérhvert það tæki sem ætlað er til dreifingar efna í kjarnorku-, lífrænum- eða efnahernaði, sem og hleðslu í þau.

Við skilgreiningu hergagna samkvæmt reglugerð þessari skiptir eigi máli hvort hergagnið er flutt samansett eða í hlutum.

Til hergagna teljast þó ekki venjuleg veiði- og markskotvopn, sem og neyðar- og viðvörunarbúnaður loftfarsins og annað það sem nauðsynlegt má telja vegna öryggis flugsins, áhafnarinnar og farþeganna. Sama gildir um skotelda o. þ. h., sbr. 1. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

5. gr.

Viðurlög.

Brot á 2. gr. reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 84. gr. sömu laga.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 eins og henni var breytt með lögum nr. 75/2005, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 348/1983 um flutning hergagna með loftförum.

1) Reglugerðin var gefin út tók gildi ??2005.

Reglugerð

nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald, sbr. reglugerð nr. 316/2006 um breytingu á henni.

I. KAFLI

Gjaldskyldar vörur.

1. gr.

Gjaldskyldar vörur.

Greiða skal í ríkissjóð úrvinnslugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru innanlands.

Úrvinnslugjald skal leggja á vörflokka, á nýjar og notaðar vörur, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum með lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald að undanskildu tollskrárnúmeri 2710.1920. Við flokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987.

Greiða skal úrvinnslugjald af ökutækjum eins og nánar er mælt fyrir um í IV. kafla reglugerðar þessarar.

Greiða skal úrvinnslugjald af pappa-, pappírs- og plastumbúðum eins og nánar er kveðið á um í VI. kafla reglugerðar þessarar.

Skattstjórar og innlendir framleiðendur vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkun framleiðsluvöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. Skattstjóri og framleiðandi geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollfyrivalda um tollflokkun er bindandi fyrir framleiðanda og skattyfirvöld.

2. gr.

Gjaldstofn.

Gjaldstofn úrvinnslugjalds skal miðast við stykkjatölu eða þyngd í kílógrömmum hinnar gjaldskyldu vöru ásamt söluumbúðum, þ.e. nettóþyngd. Ef gjaldskyld vara er hluti af annarri vöru miðast gjaldstofn við heildarþyngd gjaldskyldu vörunnar.

Gjaldstofn úrvinnslugjalds af pappa-, pappírs- og plastumbúðum skal miðast við þyngd umbúða í kílógrömmum hvort sem þær eru einar sér eða utan um vöru.

II. KAFLI

Gjaldskyldir aðilar og skráning.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt reglugerð þessari hvílir á eftirtöldum aðilum:

Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, til endursölu.

Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, [...]¹), til eigin nota.

Öllum sem framleiða gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, innanlands.

Gjaldskyldan tekur til allra framleiðenda og innflytjenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og annarra aðila sem flytja inn eða framleiða umræddar vörur.

Sá sem setur vöru í gjaldskyldar umbúðir sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af er ekki gjaldskyldur aðili, samkvæmt reglugerð þessari. Jafnframt telst sá aðili er notar einvörðungu hráefni sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af við sólningu hjólbarða ekki gjaldskyldur aðili.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 316/2007.

4. gr.

Tilkynningarskylda og skráning vegna innlendar framleiðslu.

Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili. Skráning hjá skattstjóra er forsenda fyrir greiðslufresti, skv. 4. mgr. 6. gr. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram skal tilkynna skattstjóra eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting varð.

III. KAFLI

Álagning gjalds, uppgjörstímabil, gjalddagar, greiðslufrestur, skýrslur, álag og dráttarvextir.

5. gr.

Álagning gjalds.

Tollstjórar skulu annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum og skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Skattstjórar annast álagningu gjalds vegna innlendar framleiðslu sem tollstjórar innheimta.

Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum.

6. gr.

Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendar framleiðslu á gjaldskyldum vörum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.

Hvert uppgjörstímabil vegna innfluttrar vöru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., er tveir mánuðir eins og tilgreint er í 1. mgr. Gjalddagi hvers tímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu, sbr. þó ákvæði 8. gr.

Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu, sbr. þó ákvæði 8. gr. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast gjalddagi á næsta virkan dag á eftir. Um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

7. gr.

Skýrslur, álag og dráttarvextir.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. Skattstjóri skal áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

IV. KAFLI

Endurgreiðslur og undanþágur.

8. gr.

Undanþága frá úrvinnslugjaldi vegna útflutnings.

Pappa-, pappírs- og plastumbúðir í eftirtöldum tollskrárnúmerum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi:

Tollumdæmi þar sem varan kemur til tollafgreiðslu og skal hún sett fram í aðflutningsskýrslu, eyðublað E1, með því að rita viðeigandi undanþágutilvísun í reit 14 í skýrslunni. Með þessum hætti er innflytjandi að lýsa því yfir að hann sæki um undanþágu frá úrvinnslugjaldi af tiltekinni vöru í vörusendingu samkvæmt þeim heimildum sem undanþágutilvísun nær til. Jafnframt felur slík umsókn í sér yfirlýsingu um að innflytjandi skuldbindi sig til að hlíta öllum þeim fyrirætlunum, skilyrðum og takmörkunum sem er að finna í nefndum heimildum fyrir undanþágu gjaldsins og ráðstöfun vörunnar.

9. gr.

Endurgreiðsla úrvinnslugjalds vegna útflutnings.

Sé gjaldskyld vara sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal endurgreiða gjaldskyldum aðila, eða þeim sem keypt hefur vöruna af honum, úrvinnslugjald sem greitt hefur verið af viðkomandi vöru.

Aðili sem óskar endurgreiðslu skv. 1. mgr. skal sækja um endurgreiðslu í sérstakri skýrslu til skattstjóra, sem vera skal í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Tilgreina skal í skýrslunni um magn vöru og fjárhæð þess úrvinnslugjalds sem sannanlega hefur verið greitt af viðkomandi vöru. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga úrvinnslugjalds.

Fjárhæð sem sótt er um endurgreiðslu á hverju sinni skal vera að lágmarki 10.000 kr.

Fallist skattstjóri á skýrsluna án frekari skýringa skal endurgreiðsla fara fram eigi síðar en 15 dögum eftir gjalddaga, enda hafi úrvinnslugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.

10. gr.

Endurgreiðsla úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi.

Úrvinnslusjóði er heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila enda liggja fyrir samningur við viðurkenndan endurnýtingar- eða förgunaraðila um móttöku úrgangsins. Endurgreiðslan skal fara fram þegar fyrir liggur staðfesting um endurnýtingu eða förgun úrgangs.

11. gr.

Vara sannanlega flutt úr landi.

Framleiðendur og innflytjendur skulu gefa upp við útgáfu á reikningi með skýrum hætti ef umbúðir eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Kaupandi umbúða staðfestir að keyptar umbúðir fari til útflutnings með móttökuvittun á viðkomandi reikningi án athugasemda. Endanleg yfirlýsing kaupanda er staðfest við greiðslu reiknings. Telst kaupandi því ábyrgur fyrir því að umbúðir keyptar án úrvinnslugjalds fari til útflutnings gagnvart innheimtumönnum ríkisjóðs.

Innlendir framleiðendur greiða ekki úrvinnslugjald vegna gjaldskyldra umbúða sem fara til notkunar utan um framleiðslu sem flutt er úr landi, sbr. 1. mgr. 8. gr.

V. KAFLI

Úrvinnslugjald á ökutæki.

12. gr.

Úrvinnslugjald á ökutæki.

Skráður eigandi gjaldskylds ökutækis skal á hverju gjaldtímabili greiða úrvinnslugjald fyrir hvert gjaldskyldt ökutæki sitt skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjalddagar úrvinnslugjalds eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar – 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí – 31. desember. Gjaldið skal innheimt með bifreiðagjaldi og fer um greiðsluskyldu, gjalddaga, eindaga, álagningu, innheimtu gjaldsins og kærheimild samkvæmt lögum um bifreiðagjald.

Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru gjaldskyldar og er gjaldtímabil vegna þeirra samkvæmt málsgrein þessari 1. janúar – 31. desember og skal skráður eigandi gjaldskylds ökutækis á gjaldtímabilinu greiða úrvinnslugjald fyrir hvert gjaldskyldt ökutæki sitt. Gjalddagi úrvinnslugjalds á bifreiðar samkvæmt málsgrein þessari er 1. júlí ár hvert. Um innheimtu gjaldsins að öðru leyti gildir 1. mgr.

Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að greitt hefur verið úrvinnslugjald af ökutækinu í full 15 ár og fyrir bifreiðar sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs.

13. gr.

Skil á ökutæki til úrvinnslu.

Skráður eigandi eða sá sem hefur skriflegt umboð hans skal skila ökutæki til úrvinnslu til söfnunar- eða móttökustöðvar sem hefur heimild til að taka á móti ökutækjum til úrvinnslu samkvæmt starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd.

Við skil á ökutæki til úrvinnslu skal verksmiðjunúmer ökutækis vera auðþekkjanlegt og skal a.m.k. vera til staðar yfirbygging og grind ökutækisins.

14. gr.

Skilavottorð.

Við skil á ökutæki til úrvinnslu skal hlutaðeigandi söfnunar- eða móttökustöð gefa út skilavottorð á eyðublaði er Úrvinnslusjóður leggur til og afhenda þeim sem skilar ökutækinu. Í skilavottorði skal koma fram að tekið hafi verið á móti ökutæki til úrvinnslu og að heimilt sé að afskrá ökutækið til úrvinnslu. Þegar skilavottorð hefur verið gefið út er söfnunar- og móttökustöð heimilt að ráðstafa viðkomandi ökutæki til úrvinnslu. Hvíli veð á ökutækinu við skil þess ber Úrvinnslusjóður eða viðkomandi söfnunar- eða móttökustöð ekki ábyrgð á þeirri kröfu sem að baki því stendur.

15. gr.

Afskráning og greiðsla skilagjalds.

Sé óskað eftir greiðslu skilagjalds skal skráður eigandi eða sá sem hefur skriflegt umboð hans skrifa undir beiðni um afskráningu ökutækis hjá viðkomandi skoðunarstofu eða Umferðarstofu, ásamt því að leggja fram skilavottorð. Að öðru leyti fer um afskráningu samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja.

Sé afskráningarbeiðni samþykkt með athugasemdinni „Til úrvinnslu“ skal viðkomandi skoðunarstofa eða Umferðarstofa greiða skráðum eiganda skilagjald eða leggja það inn á reikning hans. Einnig er hægt að senda afskráningarbeiðni ásamt skilavottorði til Umferðarstofu og fá skilagjald greitt hjá viðkomandi tollstjóra/sýslumanni.

Greiða skal skilagjald hverjum þeim sem afhendir gjaldskyld ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki. Í þeim tilvikum sem skráður eigandi á vangreidd opinber gjöld vegna úrvinnslugjalds, bifreiðagjalds og/eða þungaskatts skulu þau dragast frá við greiðslu skilagjalds.

VI. KAFLI

Úrvinnslugjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir.

16. gr.

Umbúðir.

Umbúðir eru skv. reglugerð þessari allar vörur, af hvaða tegund sem er og úr hvaða efni sem er, sem eru notaðar við pökkun, verndun, meðhöndlun og afhendingu framleiðsluvöru, hvort sem þar er um að ræða hráefni eða fullunna vöru, til notanda eða neytanda. Nánar tiltekið eru umbúðir:

- 1) söluumbúðir eða grunnumbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær söluveitingu fyrir notanda eða neytanda,
- 2) safnumbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda söluveininga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til notanda eða neytanda eða aðeins notaðar til að fylla í hillur á sölustað; hægt er að taka þær utan af vörunni án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar,
- 3) flutningsumbúðir, þ.e. umbúðir þannig gerðar að þær auðvelda meðhöndlun og flutning nokkurra söluveininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón við meðhöndlun og flutning; gámar til vöruflutninga á landleiðum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða.

Við skilgreiningu á því hvað teljist umbúðir skal byggt á eftirfarandi viðmiðunum, sbr. og viðauka 1:

- 1) Hlutir sem gegna jafnframt annars konar hlutverki en að vera umbúðir utan um vöru teljast ekki umbúðir ef hluturinn er óaðskiljanlegur hluti framleiðsluvörunnar og sé nauðsynlegur til að geyma, styðja eða varðveita vöruna á endingartíma hennar og allir þættir séu ætlaðir til notkunar, neyslu eða förgunar á sama tíma.
- 2) Hlutir skulu teljast til umbúða að því tilskyldu að þeir þjóni hlutverki umbúða. Í fyrsta lagi ef þeir eru hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu, og í öðru lagi einnota hlutir, sem eru seldir, fylltir eða hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu.
- 3) Efnisþættir umbúða og viðbótarþættir sem eru felldir inn í umbúðir teljast vera hluti af þeim umbúðum. Viðbótarþættir, sem eru hengdir beint á eða festir við framleiðsluvöru og þjóna hlutverki umbúða, teljast til umbúða nema þeir séu óaðskiljanlegur hluti vörunnar og allir þættir hennar séu ætlaðir til neyslu eða förgunar á sama tíma.

17. gr.

Úrvinnslugjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir.

Úrvinnslugjald skal leggja á umbúðir gerðar úr pappa, pappír og plasti, sbr. þó viðauka I og III í lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Gjaldið skal lagt á annars vegar umbúðir sem fluttar eru til landsins einar sér eða utan um vöru og hins vegar umbúðir sem framleiddar eru hér á landi. Úrvinnslugjald skal lagt á samkvæmt upplýsingum gjaldskylds aðila um þyngd, tegund og samsetningu umbúða, sbr. þó 2. mgr. Þetta á einnig við um samsettar umbúðir.

Gjaldskyldur aðili skal við tollafgreiðslu gefa upp þyngd umbúða í vörusendingu til tollafgreiðslu samkvæmt staðfestum upplýsingum þar um. Með staðfestum upplýsingum er átt við staðfestingu frá framleiðanda á gerð og þyngd allra gjaldskyldra umbúða eða upplýsingar um þyngd gjaldskyldra umbúða samkvæmt vigtun hér á landi. Ef staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða vöru fást ekki er gjaldskyldum aðila heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur sbr. XVI. viðauka laga um úrvinnslugjald.

VII. KAFLI

Starfsemi Úrvinnslusjóðs.

18. gr.

Skilun úrgangs.

Sveitarstjórn skal leggja til og sjá um að rekin sé móttökustöð fyrir förgun úrgangs og söfnunarstöð. Framleiðendum úrgangs eða þeim sem hafa úrgang í vörslu sinni ber að skila úrgangi sem fellur til vegna gjaldskyldrar vöru til söfnunarstöðva. Þó skulu fyrirtæki skila úrgangi til móttökustöðva ef þær eru starfandi á viðkomandi svæði.

19. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Innheimtumaður ríkissjóðs lætur Úrvinnslusjóði í té fyrir hvert uppgjörstímabil upplýsingar um álagt gjald, frádrátt vegna innlestrar framleiðslu, gjaldstofn úrvinnslugjalds og gjaldskyldar vörur sem fluttar eru úr landi samkvæmt tollskránumerum.

20. gr.

Framkvæmd verkþátta.

Úrvinnslusjóður skal að jafnaði bjóða út einstaka verkþætti til allt að fimm ára í senn. Takist útboð ekki eða ef ekki er grundvöllur til útboðs skal Úrvinnslusjóður gera verksamninga við aðila um úrvinnslu úrgangs. Í útboðum og verksamningum, skal kveða á um framvísun vottorða frá móttökustöð sem hefur gilt starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Úrvinnslusjóður skal standa undir hluta af rekstrarkostnaði varðandi meðferð flokkaðs úrgangs í söfnunarstöð, sem til er kominn vegna vara sem greitt hefur verið af úrvinnslugjald, samkvæmt reglum Úrvinnslusjóðs og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá ber Úrvinnslusjóði að greiða fyrir flutning þessa úrgangs til móttöku- eða endurnýtingarstöðvar samkvæmt nánari reglum Úrvinnslusjóðs að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

VIII. KAFLI

Bókhald o.fl.

21. gr.

Tekjur Úrvinnslusjóðs.

Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt reglugerð þessari skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af þeim tekjum.

22. gr.

Úrvinnslugjald sem stofn til virðisaukaskatts.

Úrvinnslugjald myndar stofn til virðisaukaskatts.

23. gr.

Bókhald.

Gjaldskyldir aðilar, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um úrvinnslugjald.

Í bókhaldi gjaldskyldra aðila skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal færa sérstaka reikninga fyrir innkaup og sölu gjaldskyldrar vöru. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé á grundvelli þeirra hægt að reikna með beinum hætti fjárhæðir úrvinnslugjalds. Þeir sem selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda sölu gjaldskyldra vara greinilega aðgreindri í

bókhaldi sínu. Loks skal aðgreina sölu og innkaup gjaldskyldrar starfsemi eftir gjaldtegund og gjaldflokkum.

24. gr.

Útgáfa sölureikninga.

Gjaldskyldur aðili skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal færa sölu og aðra afhendingu á sölureikning þannig að magn, tegund og heildarverð vöru ásamt fjárhæð úrvinnslugjalds komi fram.

Seljendum vöru, sem ekki er úrvinnslugjaldsskyld, er óheimilt að tilgreina úrvinnslugjald á sölureikningi. Geri þeir það skulu þeir skila gjaldinu í Úrvinnslusjóð, nema leiðréttingu verði komið við gagnvart kaupanda vörunnar. Sama gildir um gjaldskylda aðila sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. sem tilgreina á reikningum sínum of hátt úrvinnslugjald eða úrvinnslugjald af viðskiptum sem ekki eru gjaldskyld. Til sönnunar á leiðréttingu skal gefa út kreditreikning til kaupanda.

IX. KAFLI

Kærur, málsmeðferð o.fl.

25. gr.

Kæruheimild og kærufrestur.

Heimilt er að kæra álagningu úrvinnslugjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra, ríkisskattstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir. Tollstjóri, ríkisskattstjóri eða skattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Telji innflytjandi ákvörðun tollstjóra, er varðar undanþágu frá úrvinnslugjaldi samkvæmt reglugerð þessari, eigi rétta, getur hann óskað eftir úrskurði tollstjóra með því að senda honum skriflega kæru, studda nauðsynlegum rökum og gögnum, innan 60 daga frá því er ákvörðun tollstjóra lá fyrir. Um meðferð slíkrar kærur fer samkvæmt reglugerð nr. 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, með síðari breytingum¹⁾.

Endurgreiðsla úrvinnslugjalds samkvæmt 9. gr. er kæránleg til skattstjóra í samræmi við 13. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Gjaldskyldur aðili og tollstjórinn í Reykjavík geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Gjaldskyldur aðili getur skotið úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

1) [Sjá nú reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi.](#)

26. gr.

Lög um vörugjald.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í reglugerð þessari skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, eiga við um álagningu, innheimtu, tilkynningarskyldu, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt reglugerðinni.

27. gr.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. og 21. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald með síðari breytingum, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið og öðlast gildi 1. janúar 2006. Einnig var höfð hliðsjón af tilskipun 2004/12/EB um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 501/2003, um úrvinnslugjald.

I. VIÐAUKI

Dæmi til skýringar á viðmiðunum sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

Dæmi til skýringar á viðmiðun (1)

Umbúðir

Sælgætisöskjur

Plastfilma utan um geisladiskahulstur

Hlutir sem eru ekki umbúðir

Blómapottar sem er ætlað að fylgja plöntunni á líftíma hennar

Verkfærakassar

Tepokar

Vaxhúð á osti

Pylsugarnir

Dæmi til skýringar á viðmiðun (2)

Umbúðir sem eru hannaðar og ætlað er að fylla við sölu

Burðarpokar úr pappír eða plasti

Einnota diskar og bollar

Viðloðandi plastfilma

Nestispokar

Álpappír

Hlutir sem eru ekki umbúðir

Hræripinnar

Einnota hnífapör

Dæmi til skýringar á viðmiðun (3)

Umbúðir

Merkimiðar sem eru hengdir eða festir á vöru

Hluti af umbúðum

Aughárabursti sem er hluti af lokunarbúnaði ílátsins

Límmiðar sem eru festir á annan hluta umbúðanna

Hefti

Plasthólkar

Skömmtunarbúnaður sem er hluti af lokunarbúnaði íláts fyrir þvottaefni.

Reglugerð

nr. 274/2006 um skilyrði undanþágu frá greiðslu olúgjalds og um greiðslu sérstaks kílómetragjalds, sbr. reglugerð nr. 415/2007, 338/2008, 152/2009 og 848/2009 um breyting á henni.

1. gr.

Sala eða afhending á olú, sem bætt hefur verið í litar- og/eða merkiefnum er undanþegin gjaldskyldu olúgjalds í eftirfarandi tilvikum:

A. Til nota:

1. Á skip og báta.
2. Við húshitun og hitun almenningssundlauga.
3. Í iðnaði.
4. Við raforkuframleiðslu.

B. Til nota á eftirtalin ökutækji:

1. Beltabifreið, dráttarvél og námuökutækji samkvæmt flokkun og skilgreiningu í reglugerð nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja.
2. Vinnuvél sem er skráð í vinnuvélaskrá Vinnueftirlits ríkisins en ekki í ökutækjaskrá.
3. Eftirtalin ökutækji sem ætluð eru til sérstakra nota og hafa verið skráð sem slík í ökutækjaskrá sbr. 2. gr., eru með varanlegum áföstum búnaði til þeirra nota (ekki með útskiptanlegri yfirbyggingu), brenna að meginhluta til dísilólú í kyrrstöðu og eru merkt með sérstökum skráningarmerkjum samkvæmt reglugerð nr. 751/2003, um skráningu ökutækja:
 - a. Borkranabifreið sem ekki er ætluð til fólks- eða vöruflutninga enda skráð með jarðbor sem yfirbyggingu.
 - b. Hreinsibifreið sem eingöngu er skráð með hreinsibúnað sem yfirbyggingu og er sérstaklega útbúin og hönnuð til hreinsunar á götum, holræsum, stíflulosunar, lagnahreinsunar, þ.m.t. þurrsugubifreið með sogdælu.
 - c. Kranabifreið, sem ekki er ætluð til fólks- eða farmflutninga enda eingöngu skráð með krana sem yfirbyggingu og aðeins nýtt sem slík.
 - d. Körfubifreið sem ekki er ætluð til fólks- eða farmflutninga enda eingöngu skráð með körfu sem yfirbyggingu og aðeins nýtt sem slík.
 - e. Myndavélabifreið.
 - f. Slökkvibifreið sem er dælubifreið.
 - g. Steypubifreið sem skráð er með steyputunnu eða steypudælu sem yfirbyggingu.
 - h. Úðunarbifreið sem skráð er með úðunarbúnað sem yfirbyggingu og sérstaklega er útbúin til úðunar á vegi eða við vegagerð.
 - i. Vörubifreið með krana yfir 25 tonnmetra, með fastan pall og án nokkurs tengibúnaðar. Með föstum palli er átt við vörupall sem hvorki er lyftanlegur né verður fjarlægður tímabundið. Með tengibúnaði er átt við stól fyrir festivagn eða krók fyrir hengi- eða tengivagn.

- [j. Mjólkurflutningabifreið sem skráð er með tank sem yfirbyggingu og án nokkurs tengibúnaðar og er sérstaklega útbúin og eingöngu notuð til að safna mjólk frá búum.]¹⁾
- [k. Vörubifreið sem útbúin er til blöndunar og hleðslu á sérstökum efnablöndum sem ætlaðar eru til sprenginga.]²⁾
- [l. Sérhæfðar afgreiðslubifreiðar sem eru sérútbúnar til að afgreiða eldsneyti á flugvélar og eru eingöngu notaðar á lokuðu svæði flugvallar.]³⁾

1) Sbr. reglugerð nr. [415/2007](#). 1. gr. 2) Sbr. reglugerð nr. [338/2008](#), 1. gr. 3) Sbr. reglugerð nr. [848/2009](#), 1. gr.

2. gr.

Sérstakt kílómetragjald.

Eigendum ökutækja sem uppfylla skilyrði 3. tölul. staflíðar B í 1. gr. og eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, er heimilt að skrá umrædd ökutæki sem ökutæki til sérstakra nota. Bifreiðar, sem skráðar eru sem ökutæki til sérstakra nota, skulu greiða sérstakt kílómetragjald. Eigendur/umráðamenn bifreiða sem óska eftir skráningu til sérstakra nota skulu beina umsókn til skoðunarstöðva (faggiltra skoðunarstofa sem annast skoðun ökutækja). Með umsókn skal fylgja álestur af ökumæli bifreiðarinnar.

Eftirvagnar dregnir af dráttarvélum, sem ekið er í almennri umferð og falla undir 2. tölul. staflíðar B í 1. gr. og eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skulu greiða sérstakt kílómetragjald. Áður en akstur hefst skal fara fram álestur af ökumæli eftirvagns hjá álestraraðila.

3. gr.

Auðkenning litaðrar olíu.

Hverjum þeim sem fær afhenta litaða olíu er skylt að auðkenna sérstaklega tank eða geymi undir litaða olíu.

4. gr.

Upplýsingagjöf.

Hver sá sem notar litaða olíu skv. reglugerð þessari og lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., skal hvenær sem óskað er eftir því veita ríkisskattstjóra allar nauðsynlegar upplýsingar um að kaup á litaðri olíu og olíunotkun ökutækja í hans eigu og/eða umráðum sé í samræmi við reglugerð þessa.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Samtímis falla úr gildi reglugerðir nr. 602/2005, um skilyrði undanþágu frá greiðslu olúgjalds og nr. 763/2005, um breytingu á reglugerð nr. 602/2005.

Úr Reglugerð

nr. 455/2006 um kartöfluútsæði.

II. KAFLI

Almenn ákvæði um kartöfluútsæði.

2. gr.

Kartöfluræktandi sem ætlar að afhenda útsæði til sölu og dreifingar á almennum markaði, skal sækja um leyfi til Landbúnaðarstofnunar. Skal hann í umsókn sinni nefna það afbrigði (eitt eða fleiri) sem hann óskar að selja sem útsæði og umfang ræktunar af því afbrigði (magn niðursett og/eða stærð lands). Skal leyfið bundið við ákveðin afbrigði.

Leyfi kartöfluræktanda til sölu útsæðis af tilteknu afbrigði er háð því skilyrði að hann endurnýji reglulega með kaupum á innlendu stofnútsæði það útsæði sem hann setur niður af því afbrigði. Hægt er að viðurkenna innflutt stofnútsæði til jafns við innlent teljist það sambærilegt að gæðum að mati Landbúnaðarstofnunar. Skal hann þar velja um aðra af tveimur leiðum. Annars vegar skal hann árlega kaupa sem nemur að lágmarki 15% af því útsæði sem hann setur niður af afbrigðinu á ræktunarlandi sínu, halda nýja stofninum sem mest aðskildum frá öðrum kartöflum í forspírur, ræktun og geymslu og nota uppskeruna síðan sem útsæði næsta ár. Hins vegar skal hann endurnýja alveg með stofnútsæði að minnsta kosti fjórða hvert ár.

Leyfi til sölu útsæðis skal ekki veita fyrr en ræktandi hefur sett niður stofnútsæði af viðkomandi afbrigði í minnst 2 sumur í röð. Frá þessu má þó víkja þegar verið er að hefja kartöflurækt eftir minnst 5 ár án kartöfluræktar, eingöngu sett niður stofnútsæði og þegar ekki er talin stafa smithætta frá vélum og ræktunarlandi.

Þegar kartöfluræktandi selur útsæði beint til þess sem setur það niður og útsæðið fer ekki um hendur dreifingaraðila, þarf ekki sérstakt leyfi, sbr. þó ákvæði 3. gr.

Skylt er að veita Landbúnaðarstofnun upplýsingar um ræktun, sölu og dreifingu á útsæði, sé þess óskað.

5. gr.

Hafi skaðvaldur skv. 3. gr. fundist í garðlandi eða uppskeru hjá ákveðnum ræktanda og telji sá hinn sami ræktandi sig nú lausan við allt smit, getur hann sótt um leyfi til sölu útsæðis. Þegar um kartöfluhnúðorm er að ræða skulu þó líða minnst 20 ár án kartöfluræktunar, og þegar um vörtupest er að ræða minnst 30 ár áður en unnt er að veita leyfi til sölu útsæðis frá viðkomandi jörð. Heimilt er þó að víkja frá þessum tímamörkum hafi smituddum garðlöndum verið lokað með grassáningu strax og smit var uppgötvað og sé það mat Landbúnaðarstofnunar að þær ráðstafanir sem gerðar hafi verið til að hindra smitdreifingu séu fullnægjandi og fjarlægð milli nýrra garðlanda og hinna smituddu sé næg.

Hringrot má ekki hafa fundist í þrjú ár í röð, þrátt fyrir leit með aðferðum sem Landbúnaðarstofnun viðurkennir. Einnig skal hafa farið fram á tímabilinu endurnýjun útsæðis á öllum þeim afbrigðum sem ræktandinn hefur í ræktun með innlendu eða innfluttu stofnútsæði eða útsæði frá útsæðisleyfishafa.

IV. KAFLI

Flutningur, sala og dreifing.

18. gr.

Óheimilt er að flytja stofnútsæði með öðrum kartöflum, nema tryggilega sé skilið á milli. Hafi flutningatæki, sem nota skal til flutnings á stofnútsæði, verið notað til flutnings á matarkartöflum, skal það geymslurými sem útsæðið er sett í, sótthreinsað á tryggilegan hátt fyrir flutning útsæðisins.

19. gr.

Til að annast sölu og dreifingu á kartöfluútsæði frá innlendum ræktendum þarf leyfi Landbúnaðarstofnunar. Leyfi þessi skulu að jafnaði veitt til fimm ára í senn. Þegar um er að ræða smásölu þar sem útsæðið er fengið frá viðurkenndum dreifingaraðila og selt í órofum umbúðum, þarf þó ekki sérstakt leyfi.

20. gr.

Þegar um innlent útsæði er að ræða er eingöngu heimilt að taka til sölu eða dreifingar útsæði frá kartöfluræktendum sem hafa fengið leyfi frá Landbúnaðarstofnun til sölu á tilteknu afbrigði sbr. 2. gr. Þegar erlent útsæði er flutt til landsins skal fylgja því heilbrigðisvottorði samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

21. gr.

Ef sölu- og/eða dreifingaraðili vigtar sundur og selur útsæði í minni umbúðum, skal hann gæta þess að þær upplýsingar sem tilteknar eru í 6. gr. komi fram á eða í þeim umbúðum.

22. gr.

Við dreifingu á kartöfluútsæði skal þess gætt að það komist ekki í snertingu við matarkartöflur eða þá hluti (s.s. pökkunarvélur, bretti, lyftara o.fl.), sem notaðir hafa verið við dreifingu á matarkartöflum, nema því aðeins að sótthreinsun hafi áður farið fram.

Í smásölu skal útsæðið haft aðskilið frá matarkartöflum og skal tilgreina á tryggilegan hátt að um kartöfluútsæði sé að ræða.

23. gr.

Hver sá aðili sem tekur útsæði til dreifingar eða sölu, skal sjá til þess að það uppfylli þau skilyrði sem reglugerð þessi setur. Þegar um beina sölu er að ræða, er það á ábyrgð ræktanda að útsæðið uppfylli þær kröfur sem reglugerðin gerir.

24. gr.

Landbúnaðarstofnun skal fylgjast með því útsæði sem hér er á markaði og kanna þær kvartanir sem kunna að berast vegna útsæðis. Ef talið er að sölu- og dreifingaraðili fari ekki eftir þeim fyrirmælum sem sett eru í 19.-24. gr., skal leyfi hans til útsæðissölu afturkallað.

Reglugerð

nr. 607/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 599/2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og

skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004 frá 31. mars 2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu, sem vísað er til í 119. lið, undirkafla 1.2. í kafla 1 í I. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2005 frá 12. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka (heilbrigði dýra og plantna), skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka samningsins, bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa fer með framkvæmd eftirlits sem kveðið er á um í þessari reglugerð og afmarkast nánar af gildissviði laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. og 31. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal
([Sjá Pdf-skjal](#))

Reglugerð

nr. 608/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 136/2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 28. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum, sem vísað er til í 115. lið, undirkafla 1.2. í kafla 1 í I. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2005 frá 12. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka (heilbrigði dýra og plantna), skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka samningsins, bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa fer með framkvæmd eftirlits sem kveðið er á um í þessari reglugerð og afmarkast nánar af gildissviði laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. og 31. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.
([sjá PDF-skjal](#))

Reglugerð

nr. 641/2006 um vörur sem heimilt er að selja í tollfrjálsum verslunum skv. 2. mgr. 104. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. reglugerð nr. 428/2008 um breytingu á henni.

1. gr.

Heimilt er að selja eftirtaldar vörur í tollfrjálsum verslunum skv. 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005²⁾:

Áfengi.

1. Tóbak.
2. Sælgæti.
3. Ilmvötn og snyrtivörur úr kafla 33 og vörulið nr. 3401 í tollskrá.
4. Geisladiska, segulbönd og aðra miðla með áteknu efni úr vörulið nr. 8524 í tollskrá, hvort sem er til endurskila á hljóði, mynd eða öðrum merkjum.
5. Leikföng.
7. Rafmagnstæki.
8. Talstöðvar, þ.m.t. farsímar, úr vörulið nr. 8525 í tollskrá.
9. Myndavélar úr vöruliðum nr. 9006 og 8525 í tollskrá.
10. Filmur úr vöruliðum nr. 3701 og 3702 í tollskrá.
11. Geisladiska, segulbönd, minniskort, minnislykla og aðra óátekna miðla úr vörulið nr. 8523 í tollskrá.
12. Rafhlöður úr vöruliðum nr. 8506 og 8507 í tollskrá.
13. Golfkúlur úr tollskránumeri nr. 9506.3200 í tollskrá.
14. Sokkabuxur og sokka úr vöruliðum nr. 6115 í tollskrá.
15. Fæðubótarefni.
- [16. Drykkjarvatn.

Þá er heimilt að selja einnota burðarpoka í umræddum verslunum.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 428/2008. 1) Tollskárnúmer ber að skoða í ljósi breytinga á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

2. gr.

Rísi ágreiningur um hvort selja megi tiltekna vöru í tollfrjálsri komuverslun, sbr. 1. gr., skal fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005, og með vísan til laga um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o. fl., nr. 106/1954, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð

nr. 694/2006 um gildistöku ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um innflutning lindýra .

1. gr.

Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2003/804/EB um heilbrigðisskilyrði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorða vegna innflutnings lindýra ásamt hrognum þeirra og sviljum til frekari ræktunar, eldis, umlagningar eða neyslu, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka samningsins, bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2003/804/EB er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa fer með framkvæmd eftirlits sem kveðið er á um í þessari reglugerð og afmarkast nánar af gildissviði laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. og 31. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.
(sjá PDF-skjal)

Reglugerð

nr. 695/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 282/2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit dýralæknis með þeim og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 585/2004 um breytingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 282/2004.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004 frá 19. febrúar 2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit dýralæknis með þeim, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 585/2004 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004, sem vísað er til í 117. lið, undirkafla 1.2. í kafla 1 í I. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2005 frá 12. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka (heilbrigði dýra og plantna), skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka samningsins, bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004 er birt sem fylgiskjal A með reglugerð þessari. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 585/2004 er birt sem fylgiskjal B með reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa fer með framkvæmd eftirlits sem kveðið er á um í þessari reglugerð og afmarkast nánar af gildissviði laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. og 31. gr. laga nr. 55/1998 um

Fylgiskjal
([sjá PDF-skjal](#))

Reglugerð

nr. 739/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 282/2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit með þeim og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 585/2004 um breytingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 282/2004 .

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004 frá 19. febrúar 2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit með þeim, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 585/2004 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004, sem vísað er til í 117. lið, undirkafla 1.2. í kafla 1 í I. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2005 frá 12. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka (heilbrigði dýra og plantna), skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka samningsins, bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004 er birt sem fylgiskjal A með reglugerð þessari. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 585/2004 er birt sem fylgiskjal B með reglugerð þessari.

3. gr.

Landbúnaðarstofnun fer með framkvæmd eftirlits sem kveðið er á um í þessari reglugerð samkvæmt lögum nr. 80, 24. maí 2005 um Landbúnaðarstofnun. Um er að ræða heilbrigðiseftirlit með eldisdýrum og afurðum þeirra, eins og eldisdýr eru skilgreind í lögum nr. 60, 14. júní 2006 um varnir gegn fisksjúkdómum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 54, 16. maí 1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum, lögum nr. 25, 7. apríl 1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og lögum nr. 60, 14. júní 2006, um varnir gegn fisksjúkdómum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.
([sjá PDF-skjal](#))

Reglugerð

nr. 740/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 136/2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 28. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum, sem vísað er til í 115. lið, undirkafla 1.2. í kafla 1 í I. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2005 frá 12. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka (heilbrigði dýra og plantna), skal öðlast gildi hér á

landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka samningsins, bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Landbúnaðarstofnun fer með framkvæmd eftirlits sem kveðið er á um í þessari reglugerð samkvæmt lögum nr. 80, 24. maí 2005 um Landbúnaðarstofnun. Um er að ræða heilbrigðiseftirlit með eldisdýrum og afurðum þeirra, eins og eldisdýr eru skilgreind í lögum nr. 60, 14. júní 2006 um varnir gegn fisksjúkdómum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 54, 16. maí 1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum, lögum nr. 25, 7. apríl 1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og lögum nr. 60, 14. júní 2006, um varnir gegn fisksjúkdómum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.
(sjá PDF-skjal)

Reglugerð

nr. 741/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 599/2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004 frá 31. mars 2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu, sem vísað er til í 119. lið, undirkafla 1.2. í kafla 1 í I. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2005 frá 12. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka (heilbrigði dýra og plantna), skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka samningsins, bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Landbúnaðarstofnun fer með framkvæmd eftirlits sem kveðið er á um í þessari reglugerð samkvæmt lögum nr. 80, 24. maí 2005 um Landbúnaðarstofnun. Um er að ræða heilbrigðiseftirlit

með eldisdýrum og afurðum þeirra, eins og eldisdýr eru skilgreind í lögum nr. 60 14. júní 2006 um varnir gegn fisksjúkdómum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 54, 16. maí 1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum, lögum nr. 25, 7. apríl 1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og lögum nr. 60, 14. júní 2006, um varnir gegn fisksjúkdómum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.
(sjá PDF-skjal)

Reglugerð

nr. 810/2006 um ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um samhæfða evrópska staðla sem teknar hafa verið á grundvelli tilskipunar um öryggi vöru nr. 2001/95/EB.

1. gr.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um eftirfarandi samhæfða evrópska staðla á grundvelli tilskipunar um öryggi vöru nr. 2001/95/EB skulu öðlast gildi hér á landi.

1. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2005/323/EB frá 21. apríl 2005 um öryggiskröfur staðla vegna fljóttandi frístundatækja - *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2006.*

2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2005/718/EB frá 13. október 2005 - *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2006.*

Í ákvörðuninni er að finna upptalningu á stöðlum og þar með vörum og vöruflokkum sem falla undir ákvörðunina. Þessar vörur eru:

EN 913:1996 Fimleikabúnaður - Almennar öryggiskröfur og prófunaraðferðir.

EN 916:2003 Fimleikabúnaður - Stökkkistur - Kröfur og prófunaraðferðir, þ.m.t. öryggi.

EN 1129-1:2003 Húsgögn - Beddar sem leggjast saman - Öryggiskröfur og prófun.

EN 1129-2:2003 Húsgögn - Beddar sem leggjast saman - Öryggiskröfur og prófun - 2. hluti: Prófunaraðferðir.

EN 1130-1:1996 Húsgögn - Ungbarnarúm og vöggur til heimilisnota - 1. hluti: Öryggiskröfur.

EN 1130-2:1996 Húsgögn - Ungbarnarúm og vöggur til heimilisnota - 2. hluti: Prófunaraðferðir.

EN 1400-1:2002 Barnavara og vara til nota við umönnun barna - Snuð fyrir börn og ungbörn - 1. hluti: Almennar öryggiskröfur og vöruupplýsingar.

EN 1400-2:2002 Barnavara og vara til nota við umönnun barna - Snuð fyrir börn og ungbörn - 2. hluti: Tæknilegar kröfur og prófanir.

EN 1400-3:2002 Barnavara og vara til nota við umönnun barna - Snuð fyrir börn og ungbörn - 3. hluti: Kröfur og prófanir varðandi efnisinnihald.

EN 1466:2004 Barnavara og vara til nota við umönnun barna - burðarrúm og standur - Öryggiskröfur og prófunaraðferðir.

EN 1651:1999 Svifhlífarbúnaður - Belti - Öryggiskröfur og styrkleikaprófanir.
 EN 1860-1:2003 Tæki, fast eldsneyti og kveikiefni til nota í grill - 1. hluti: Grilltæki sem brenna föstu eldsneyti - Kröfur og prófunaraðferðir.
 EN ISO 9994:2002/AC:2004 Kveikjarar – Öryggisákvæði.
 EN 12196:2003 Fimleikabúnaður - Hestar og kubbar - Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir.
 EN 12197:1997 Fimleikabúnaður - Svifrár - Öryggiskröfur og prófunaraðferðir.
 EN 12346:1998 Fimleikabúnaður - Veggrimlar, reitarimlar og klifurgrindur – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir.
 EN 12432:1998 Fimleikabúnaður - Jafnvægisslár - Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir.
 EN 12491:2001 Svifhlífarbúnaður - Neyðarfallhlíf - Öryggiskröfur og prófunaraðferðir.
 EN 12586:1999/AC:2002 Hlutir til nota við barnaumönnun - Snuðkeðja - Öryggiskröfur og prófunaraðferðir.
 EN 12655:1998 Fimleikabúnaður - Hringir - Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir.
 EN 13138-2:2002 Flotbúnaður til nota við sundkennslu - 2. hluti: Öryggiskröfur og prófunaraðferðir fyrir flotbúnað sem fólk heldur á.
 EN 13319:2000 Fylgibúnaður til nota við köfun - Dýptarmælar og samstæður dýptar- og tímamæla - Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir.
 EN 13899:2003 Íþróttabúnaður á hjólum - Hjólaskautar - Öryggiskröfur og prófunaraðferðir.
 EN 14059:2002 Olíulampar til skrauts - Öryggiskröfur og prófunaraðferðir.
 EN 14344:2004 Barnavara og vara til nota við umönnun barna - Barnastólar á reiðhjól - Öryggiskröfur og prófunaraðferðir.
 EN 14350-1:2004 Barnavara og vara til nota við umönnun barna - Drykkjaráhöld - 1. hluti: Almennar og tæknilegar kröfur og prófanir.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 1011/2006 um nauðungarleyfi vegna útflutnings lyfja til þróunarríkja og ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda.

1. gr.

Gildissvið o.fl.

Reglugerð þessi gildir um nauðungarleyfi skv. 5. mgr. 49. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, vegna útflutnings lyfja til þróunarríkja og ríkja, sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda, í samræmi við ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings.

Héraðsdómur Reykjavíkur veitir nauðungarleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

Nauðungarleyfi skal einungis veitt að fullnægðum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og skammstafana sem hér segir:

- a) Með orðinu „nauðungarleyfi“ er átt við nauðungarleyfi skv. 5. mgr. 49. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, vegna útflutnings lyfja til þróunarríkja og ríkja, sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda, í samræmi við ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings.
- b) Með orðinu „einkaleyfishafi“ er átt við eiganda einkaleyfis eða handhafa viðbótarvottorðs um vernd lyfja skv. 65. gr. a í lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum.
- c) Með orðinu „lyf“ er átt við einkaleyfisvernduð lyf eða lyf vernduð með viðbótarvottorði um vernd lyfja skv. 65. gr. a í lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, lyf sem framleidd eru með einkaleyfisverndaðri aðferð, virk efni sem nauðsynleg eru fyrir framleiðsluna og nauðsynlegan sjúkdómsgreiningarbúnað.
- d) Með „TRIPS“ er átt við samninginn um hugverkarétt í viðskiptum (Trade-related Aspects of Intellectual Property Rights) en hann er viðauki við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem undirritaður var í Marakess 15. apríl 1994.
- e) Með „TRIPS-ráðinu“ er átt við það ráð sem hefur umsjón með framkvæmd samningsins um hugverkarétt í viðskiptum og starfar undir almenntri umsjón aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

3. gr.

Innflutningsríki.

Eftirfarandi ríki fullnægja skilyrðum fyrir því að geta flutt inn lyf sem framleidd eru samkvæmt nauðungarleyfi:

- a) minnst þróuðu ríkin eins og þau eru skilgreind af Sameinuðu þjóðunum á hverjum tíma;
- b) ríki sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, en falla ekki undir a-lið, og sent hafa TRIPS-ráðinu tilkynningu í samræmi við b-lið 1. gr. og a-lið 2. gr. ákvörðunar aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings.

4. gr.

Umsókn um nauðungarleyfi.

Einstaklingar og lögaðilar geta sótt um nauðungarleyfi samkvæmt reglugerð þessari. Umsókn skal undirrituð af umsækjanda eða umboðsmanni hans og skal þar tilgreina:

- a) nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda og umboðsmanns hans ef við á;
- b) númer og heiti einkaleyfisins eða viðbótarvottorðs skv. 65. gr. a í lögum um einkaleyfi, sem umsókn um nauðungarleyfi tekur til, auk nafns og heimilisfangs eiganda þess;
- c) heiti lyfjanna, sem umsækjandi hyggst framleiða og selja til útflutnings samkvæmt nauðungarleyfinu, og alþjóðleg samheiti, samþykkt af Alþjóðaheilbrigðismála-stofnuninni, ef unnt er;

- d) magn lyfjanna sem umsækjandi hyggst framleiða samkvæmt nauðungarleyfinu;
- e) þau ríki sem umsækjandi hyggst flytja lyfin til;
- f) gögn, sem sýna fram á að umsækjandi hafi án árangurs reynt að öðlast heimild til framleiðslu frá einkaleyfishafa í þrjátíu daga áður en umsókn um nauðungarleyfi var lögð inn, eða gögn sem sýna fram á að um neyðartilvik eða alvarlegt hættuástand sé að ræða, sbr. 5. mgr. 49. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum;
- g) gögn sem sýna fram á að ríkin, sem hyggjast flytja lyfin inn, hafi sent TRIPS-ráðinu tilkynningu í samræmi við b-lið 3. gr. þar sem tilgreint sé heiti og magn þeirra lyfja sem þörf er á;
- h) gögn sem sýna fram á að lyfin séu hvorki einkaleyfisvernduð né vernduð með viðbótarvottorði um vernd á lyfjum í innflutningsríki, að veitt hafi verið nauðungarleyfi í innflutningsríki eða að innflutningsríki hafi sent TRIPS-ráðinu tilkynningu um að það hyggist veita nauðungarleyfi í samræmi við a-lið 2. gr. ákvörðunar aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003;
- i) önnur atriði eftir því sem þurfa þykir, í samræmi við ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003.

5. gr.

Tilkynning til einkaleyfishafa.

Héraðsdómur skal eins fljótt og unnt er tilkynna einkaleyfishafa um umsókn um nauðungarleyfi og skal gefa honum kost á að gera athugasemdir við umsóknina áður en að nauðungarleyfið er veitt.

6. gr.

Könnun á skilyrðum, veiting nauðungarleyfis og efni þess.

Héraðsdómur kannar hvort umsókn fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar og er dóminum heimilt að leita álits Einkaleyfastofunnar við meðferð málsins. Skorti upplýsingar, sem kveðið er á um í 4. gr., skal héraðsdómari gefa umsækjanda tveggja vikna frest til að leggja þær fram. Fullnægi umsókn ekki skilyrðum 4. gr. eða hafi upplýsingar ekki borist innan framangreinds frests skal umsókn um nauðungarleyfi synjað.

Telji héraðsdómari efni til að verða við umsókn veitir hann nauðungarleyfi. Í efni nauðungarleyfis skal koma fram:

- a) heiti þeirra lyfja sem nauðungarleyfishafa er heimilt að framleiða og flytja úr landi;
- b) þau ríki sem sem flytja má lyfin til;
- c) magn þeirra lyfja sem einkaleyfishafa er heimilt að framleiða og flytja úr landi en það skal ekki vera umfram þörf þeirra ríkja er flytja á lyfin til;
- d) að lyfjunum skuli pakkað í umbúðir og þau merkt í samræmi við ákvæði 8. gr.;
- e) að nauðungarleyfishafi skuli birta upplýsingar í samræmi við ákvæði 9. gr. á vef sínum áður en til útflutnings kemur;
- f) gildistími nauðungarleyfis.

Héraðsdómari skal samhliða ákvörðun sinni um að veita nauðungarleyfi ákvarða hversu hátt endurgjald skuli greitt einkaleyfishafa.

Samrit af ákvörðun héraðsdóms skal sent einkaleyfishafa og Einkaleyfastofunni sem skal færa upplýsingar um nauðungarleyfi í einkaleyfaskrá og birta tilkynningu þess efnis í ELS-tíðindum.

7. gr.

Gildissvið nauðungarleyfis.

Nauðungarleyfishafa er einungis heimilt að framleiða þau lyf, sem tilgreind eru í nauðungarleyfi, og í því magni sem þar er tiltekið. Honum er óheimilt að markaðssetja, selja og flytja lyfin til annarra ríkja en þeirra sem tilgreind eru í nauðungarleyfinu.

8. gr.

Merkingar og umbúðir.

Þau lyf, sem framleidd eru samkvæmt nauðungarleyfinu, skal vera unnt að greina frá lyfjum, framleiddum af einkaleyfishafa. Lyfin skal aðgreina frá lyfjum, framleiddum af einkaleyfishafa, með öðrum umbúðum, lit eða lögun verði því komið við án verulegs kostnaðar. Lyfin skulu merkt þannig að ljóst sé að varan sé framleidd á grundvelli nauðungarleyfis skv. 5. mgr. 49. gr. laga um einkaleyfi, með síðari breytingum, og reglugerð þessari.

9. gr.

Upplýsingar á vef nauðungarleyfishafa.

Áður en til útflutnings lyfjanna kemur skal nauðungarleyfishafi birta á vef sínum upplýsingar, á íslensku og ensku, um magn þeirra lyfja, sem flytja á út samkvæmt nauðungarleyfinu, og þau ríki sem flytja skal lyfin til. Jafnframt skal þar tilgreint hvernig megi greina lyf, framleidd samkvæmt nauðungarleyfinu, frá framleiðslu einkaleyfishafa. Upplýsingarnar skal nauðungarleyfishafi hafa á vef sínum svo lengi sem nauðungarleyfi er í gildi.

Haldi nauðungarleyfishafi ekki úti vefsíðu í eigin nafni skulu upplýsingar skv. 1. mgr. sendar Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem birtir þær á vef sem tengist ákvörðun aðalráðsins frá 30. ágúst 2003.

Nauðungarleyfishafi skal senda Einkaleyfastofunni og einkaleyfishafa tilkynningu um að upplýsingar skv. 1. mgr. séu komnar á vef hans eða Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ásamt veffangi.

10. gr.

Tilkynningar til TRIPS-ráðsins.

Einkaleyfastofan skal tilkynna TRIPS-ráðinu um að nauðungarleyfi hafi verið veitt. Í tilkynningunni skal m.a. koma fram:

- a) nafn og heimilisfang nauðungarleyfishafa;
- b) þau lyf sem nauðungarleyfið tekur til;
- c) magn lyfjanna sem flytja skal út;
- d) þau ríki sem flytja á lyfin til;
- e) gildistími nauðungarleyfisins;
- f) veffang nauðungarleyfishafa þar sem fram koma upplýsingar skv. 1. mgr. 9. gr.

11. gr.

Framlenging á gildistíma nauðungarleyfis.

Nauðungarleyfishafi getur farið fram á að héraðsdómur framlengi gildistíma nauðungarleyfis hafi honum ekki tekist að flytja út það magn lyfja sem nauðungarleyfið kveður á um að hann megi flytja út. Einkaleyfishafa skal tilkynnt beiðni um framlengingu eins fljótt og unnt er og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir við beiðnina. Héraðsdómur skal því aðeins verða við slíkri beiðni að hann telji sýnt að nauðungarleyfishafi hafi að öðru leyti fullnægt þeim skilyrðum sem sett eru í nauðungarleyfinu.

12. gr.

Afturköllun nauðungarleyfis.

Einkaleyfishafi getur farið fram á að héraðsdómur afturkalli nauðungarleyfi. Héraðsdómari getur orðið við slíkri beiðni ef hann telur sýnt að nauðungarleyfishafi hafi ekki fullnægt þeim skilyrðum sem sett eru í nauðungarleyfinu. Ákvörðun um afturköllun skal tilkynnt nauðungarleyfishafa og einkaleyfishafa.

Samrit ákvörðunar um að afturkalla nauðungarleyfi skal sent Einkaleyfastofunni og skal hún tilkynna TRIPS-ráðinu efni hennar eins fljótt og unnt er.

Komi til afturköllunar á nauðungarleyfi skal nauðungarleyfishafi eins fljótt og unnt er sjá til þess að umframbirgðir af lyfjum, sem framleidd hafa verið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, verði komið til þeirra ríkja, sem tilgreind eru sem innflutningsríki í nauðungarleyfinu, eða sjá til þess að þeim verði fargað.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 5. mgr. 49. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, sbr. reglugerð nr. 172/2008 og 823/2009 um breytingu á henni.

I. KAFLI

Tollhafnir og tollafgreiðslutími.

1. gr.

Tollhafnir.

Tollhafnir eru á eftirtöldum stöðum: 1. Reykjavík, 2. Grundartanga, 3. Akranesi, 4. Grundarfirði, 5. Ísafirði, 6. Skagaströnd, 7. Sauðárkróki, 8. Siglufirði, 9. Akureyri, 10. Húsavík, 11. Vopnafirði, 12. Seyðisfirði, 13. Neskaupstað, 14. Eskifirði, 15. Reyðarfirði, 16. Egilsstöðum, 17. Höfn í Hornafirði, 18. Vestmannaeyjum, 19. Þorlákshöfn, 20. Keflavík, 21. Keflavíkurflugvelli, 22. Hafnarfirði og 23. Kópavogi.

2. gr.

Almennur afgreiðslutími.

Almennur afgreiðslutími hjá tollstjórum vegna aðkomu eða brottfarar skipa og flugvéla, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, er frá kl. 07 til 18 virka daga.
[...]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 823/2009.

II. KAFLI

Farmskrá, sendingarnúmer, uppskipting sendinga o.fl.*Farmskjöl.*

3. gr.

Stjórnendur fara í utanlandsferðum og eigendur eða umráðamenn, eftir því sem við á, bera ábyrgð á að farmskrá og önnur tilskilin farmskjöl og skýrslur er varða farm og vörur sem teknar eru til flutnings séu gerðar og afhentar viðkomandi tollstjóra við komu eða brottför. Erlend herför eru þó undanþegin, enda verði ekki affermdar úr þeim tollskyldar vörur.

Farmskrá og önnur farmskjöl skulu vera rafræn. Þó getur tollstjórinn í Reykjavík ákveðið að heimilt sé að afhenda þau á pappír ef hann metur það óhjákvæmilegt.

Þeir sem afhenda farmskjöl skv. 1. mgr. bera ábyrgð á röngum og ófullnægjandi upplýsingum hafi þeir vitað eða mátt vita að upplýsingar væru rangar eða ófullnægjandi.

4. gr.

Færa skal á farmskrá farm og allar vörur sem far í utanlandsferðum tekur til flutnings. Sama gildir um inn- og útflutning á skipum og flugförum. Fylgifié fars, vistir og aðrar nauðsynjar til notkunar í því og almennur farangur áhafnar og farþega er undanþegið skráningu á farmskrá.

5. gr.

Upplýsingar sem greina skal í farmskrá eru sem hér segir:

- 1) Upplýsingar um farið o.fl.:
 - a) Heiti fars eða auðkenni, t.d. flugnúmer.
 - b) Þjóðerni fars.
 - c) Nafn farmflytjanda eða umboðsmanns hans.
 - d) Fyrsti komustaður fars hér á landi eða brottfararstaður, eftir því sem við á.
- 2) Upplýsingar um einstakar sendingar:
 - a) Affermingar- eða útskipunarhöfn og -land.
 - b) Ákvörðunarstaður.
 - c) Nafn, kennitala og heimilisfang innflytjanda/útflytjanda hér á landi.
 - d) Nafn og heimilisfang viðtakanda/sendanda í útlöndum.
 - e) Farmskráarnúmer
 - f) Sendingarnúmer sbr. 7. gr.
 - g) Vörulýsing.
 - h) Stykkjatala og tegund umbúða.
 - i) Merki og númer á umbúðum.
 - j) Þyngd og rúmmál.

k) Gámanúmer og númer farmverndarinnsglis vegna útflutnings, sbr. 15. gr. reglna um farmvernd, nr. 529/2004.

l) Kóði geymslusvæðis, þar sem vara verður geymd, ef við á.

Farmskrá skulu fylgja upplýsingar um fjölda sendinga og samtölu stykkja í sendingum og samtölu þyngdar sendinga á farmskrá skv. 1. mgr., bæði í heild og frá hverjum hleðslustað til hvers losunarstaðar.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari reglur um þær upplýsingar sem, skv. 1. mgr., eiga að koma fram í farmskrá.

6. gr.

Auk farmskrár ber stjórnandi fars ábyrgð á að eftirtalin skjöl séu gerð og afhent viðkomandi tollstjóra við komu til landsins:

1. Skrá yfir forða og nauðsynjar til neyslu og notkunar áhafnar og farþega í fari, þ.m.t. vörur til viðhalds og viðgerðar fars. Magn hvernar vöruhegundar skal tilgreint.
2. Skrá yfir skipverja eða flugverja í fari og vörur sem þeir hafa meðferðis frá borði að frátöldum venjulegum ferðanauðsynjum sem þeir höfðu með sér héðan til útlanda enda hafi vörurnar ekki verið færðar á farmskrár. Áhafnar meðlimir skulu undirrita skrána og teljast með undirritun sinni hafa gefið til kynna að þeir hafi engar aðrar vörur meðferðis sem þeim ber að gera töllyfirvöldum grein fyrir.

Sendingarnúmer.

7. gr.

Sendingarnúmer eru auðkennisnúmer vörusendinga í farm- og tollskjöllum.

Farmflytjendur skulu gefa vörusendingum sem þeir flytja til og frá landinu einkvæm sendingarnúmer. Þau skulu vera samsett sem hér segir:

1. Fyrstur er bókstafur sem táknar farmflytjanda. Honum er úthlutað af tollstjóranum í Reykjavík.
2. Síðan koma þrjú bókstafir og/eða tölustafir sem skammstöfun á heiti flutningsfars.
3. Þá koma fimm tölustafir fyrir komu- eða brottfarardag, mánuð og ár. Fyrstu tveir stafirnir tákna daginn, næstu tveir mánuðinn og sá fimmti táknar síðasta staf ártals.
4. Næstir koma tveir stafir fyrir hleðsluland samkvæmt LOCODE-staðli.
5. Því næst þrjú stafir fyrir hleðslustað samkvæmt LOCODE-staðli.
6. Þá koma fjórir stafir sem eru farmskrárnúmer, ef um er að ræða sjófragt, og innfærslunúmer, ef um er að ræða flugfragt. Komi til uppskiptingar sendingar skal þó nota auðkenni samkvæmt nánari fyrirmælum tollstjórans í Reykjavík.
7. Aftasti stafurinn er vartala til prófunar.

Sendingarnúmer skulu vera í óslitinni töluröð miðað við hvern hleðslustað og tegund farmbréfa.

Uppskipting sendinga.

8. gr.

Farmflytjendum, sem eiga lögheimili hér á landi, er heimilt að skipta vörusendingu sem kemur til landsins á einu farmbréfi á fleiri farmbréf að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Fyrir liggja sjálfstæðir vöru-reikningar og flutningsgjaldareikningur að baki hverju

farmbréfi.

- b) Skipting leiði ekki til breyttrar tollflokknar.
- c) Útgefið sé farmbréf og sendingarnúmer fyrir hvern sendingarhluta.
- d) Farmflytjandi tilkynni tollstjóra um uppskiptingar með þeim hætti sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Aðilum, sem eiga lögheimili hér á landi og hafa fengið til þess umboð viðkomandi farmflytjanda, er heimilt að skipta sendingum að uppfylltum skilyrðum 1. mgr.

9. gr.

Farmflytjendum, sem eiga lögheimili hér á landi, er heimilt að skipta safnsendingum, þ.e. sendingum sem fluttar eru til landsins á einu aðalfarmbréfi og tilheyrandi undirfarmbréfum, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Fyrir liggi sjálfstæðir vörureikningar og flutningsgjaldsreikningar að baki hverju undirfarmbréfi.
- b) Skipting leiði ekki til breyttrar tollflokknar.
- c) Undirfarmbréf og sendingarnúmer fyrir hvern sendingarhluta í safnsendingu hafi verið gefin út.
- d) Farmflytjandi tilkynni tollstjóra um uppskiptingar með þeim hætti sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Aðilum, sem eigi lögheimili hér á landi og hafa annaðhvort fengið til þess umboð viðkomandi farmflytjanda eða hafa vörslu viðkomandi sendingar, er heimilt að skipta safnsendingum að uppfylltum skilyrðum 1. mgr.

Aðrar breytingar á farmskjölum.

10. gr.

Aðrar breytingar eða leiðréttingar á farmskrá eða farmskjölum en um ræðir í þessum kafla eru háðar samþykki tollstjóra í umdæmi þar sem varan er geymd.

Hafi breyting eða leiðrétting í för með sér breyttar forsendur við álagningu aðflutningsgjalda getur tollstjóri krafist þess að fullnægjandi gögn séu lögð fram til staðfestingar á réttmæti þeirra.

III. KAFLI

Varsla ótollafgreiddrar vöru.

11. gr.

Tegundir geymslusvæða og megineinkenni.

Með geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur er átt við eftirtaldar vörugeymslur og önnur geymslusvæði:

1. Afgreiðslugeymslur, sem reknar eru af tollmiðlurum eða skipa- og flugfélögum, sem stunda vöruflutninga milli Íslands og annarra landa, þar sem geyma má ótollafgreiddar vörur í allt að 6 mánuði frá komu flutningsfars til landsins.
2. Tollvörugeymslur, sem reknar eru af aðilum sem veita öðrum þá þjónustu sem felst í starfsemi tollvörugeymslu, þar sem geyma má ótollafgreiddar vörur án tímatakmarkana, taka út einstaka sendingarhluta og óveruleg aðvinnsla vöru er heimil, svo sem umpökkun,

merking, samsetning, prófun og þrif, enda verði hvorki úttekt né aðvinnsla til þess að tollflokkun vörunnar breytist.

3. Tollfrjálsar forðageymslur, þar sem geyma má vistir, búnað og annan forða fyrir för í utanlandsferðum, auk varnings sem ætlaður er til sölu um borð í þeim.
4. Tollfrjálsar verslanir í flugstöðvum og á hafnarsvæðum og birgðageymslur þeirra, þar sem heimilt er að selja farþegum og áhöfnum millilandafara ótollafgreiddar vörur við komu og brottför.
5. Frísvæði, þar sem nota má ótollafgreiddar vörur við hvers kyns aðvinnslu og iðnað.
- [6. Umflutningsgeymslur, þar sem geyma má ótollafgreiddar vörur, fluttar úr fari eða afgreiðslugeymslu, uns þær eru fluttar af landi brott.]¹⁾

Ef sérstaklega stendur á, getur tollstjóri heimilað að ótollafgreidd vara sé um skamman tíma geymd utan viðurkenndra geymslusvæða, enda liggi fyrir að ekkert viðurkennt geymslusvæði sé tiltækt, verulegt óhagræði eða kostnaður myndi fylgja því fyrir innflytjanda ef leyfi verður ekki veitt og tollstjóri telji vörslu vörunnar nægilega tryggja.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [172/2008](#).

12. gr.

[*Leyfisveiting.*

Tollstjórinn í Reykjavík veitir leyfi til starfrækslu geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 11. gr. Leyfi skal einungis veitt lögáðilum.]¹⁾

1) Sbr. 2. gr. . reglugerðar nr. [172/2008](#).

13. gr.

Umsóknir um leyfi, atriði sem þar skal greina og fylgigögn.

Umsóknir um starfsleyfi vörugeymslna skv. 12. gr. skulu vera skriflegar, þar sem fram komi upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn umsækjanda og kennitölur og lögheimili stjórnarmanna og daglegs stjórnanda.
 2. Upplýsingar um hvers konar geymslusvæði sótt er um leyfi fyrir.
 3. Yfirlýsing forráðamanns, stjórnarformanns, framkvæmdastjóra eða prókúruhafa, um að fullnægt sé eða fullnægt verði þeim skilyrðum sem viðkomandi starfsemi eru sett.
- Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:
1. Greinargerð með ítarlegri lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og starfsskipulagi, tilhögun bókhalds, tölvubúnaði vegna birgðabókhalds, vörslu gagna, innra eftirliti og aðstöðu til tolleftirlits. Vegna umsókna um leyfi til reksturs tollvörugeymslu, tollfrjálsrar forðageymslu og frísvæða þurfa að koma fram nauðsynlegar upplýsingar um umfang fyrirhugaðrar starfsemi, þ.m.t. áætlanir um tollverð þeirra vara sem ætla má að verði geymdar á viðkomandi geymslusvæði á hverjum tíma svo unnt sé að meta fjárhæð tryggingar sem setja þarf vegna þeirra aðflutningsgjalda sem leyfishafi getur orðið ábyrgur fyrir, sbr. 17. gr.
 2. Teikningar af mannvirkjum og lóð, ef við á, sem ætluð eru til starfseminnar.
 3. Búsforræðisvottorð og sakavottorð stjórnarmanna og daglegs stjórnanda.
 4. Starfsleyfi til tollmiðlunar, ef tollmiðlari sækir um starfsleyfi fyrir afgreiðslugeymslu.

14. gr.

Skráning.

Leyfishafar skulu halda skrár yfir vörur á geymslusvæðum.

Skráning skal taka mið af eftirfarandi:

1. Í afgreiðslugeymslu séu skráðar upplýsingar samkvæmt farmskrá.
2. Í tollvörugeymslu séu skráðar allar þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir svo unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vörur. Sérhverri sendingu skal gefið innsetningarnúmer sem hún ber þar til henni hefur að fullu verið ráðstafað.
3. Í tollfrjálsri forðageymslu, tollfrjálsri verslun og á frísvæði séu skráðar upplýsingar um innflytjanda eða umráðaaðila, eftir því sem við getur átt, ásamt heiti og tegund vara, magni, þyngd og verðmæti þeirra.

Tollstjórinn í Reykjavík getur sett nánari fyrirmæli um skráningu samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Úttekt úr tollfrjálsri forðageymslu.

Við úttekt úr tollfrjálsri forðageymslu skal miða við eftirfarandi:

1. Að vörurnar séu ætlaðar til notkunar, neyslu eða sölu um borð í fari í utanlandsferðum. Far telst vera í utanlandsferðum ef fyrir liggur að ferð þess er gerð til útlanda. Það gildir um skip meðan það er hér við land og flytur til innlendrar hafnar vörur eða farþega sem það hefur flutt til landsins frá útlöndum eða vörur eða farþega sem það hefur tekið hérlendis til flutnings til útlanda. Sama á við um fiskiskip ef sýnt þykir, þegar það heldur til veiða, að siglt verði með aflann til útlanda í beinu framhaldi af veiðum.
2. Að úttekt sé takmörkuð við það sem talist getur hæfilegur forði miðað við stærð og gerð fars, fjölda í áhöfn, fjölda farþega og lengd ferðar. Við ákvörðun á hvað teljist hæfilegt magn áfengis og tóbaks til nota í skipum sem munu ljúka ferð hér á landi, skal taka mið af því magni sem áhöfn er heimilt að hafa með sér til landsins, án greiðslu aðflutningsgjalda, auk 200 stk. af vindlingum, eða samsvarandi magns af öðru tóbaki, miðað við hverja 7 daga af áætluðum ferðatíma.

16. gr.

Birgðabókhald.

Leyfishafar skulu færa rafrænt birgðabókhald þar sem skal vera hægt að sjá allar hreyfingar á vöru á eða af geymslusvæði og stöðu birgða á hverjum tíma. Rekjanleiki gagna skal vera tryggður og hvorki hægt að eyða né breyta færslum og skjölum. Færslur skulu bera með sér auðkenni bæði þess sem skráir og útstöðvar og hvenær færsla er skráð. Ákvæði laga um bókhald og reglur settar samkvæmt þeim skulu gilda eftir því sem við á um rafrænt birgðabókhald á geymslusvæði.

Leyfishafi skal sjá til þess að fyrir liggja greinargerð um birgðabókhaldskerfi þar sem fram komi nákvæmar upplýsingar um forsendur þess og eigindir og setja verklagsreglur til að tryggja öryggi kerfisins, m.a. með öryggisafritun.

Tollstjórinn í Reykjavík skal samþykkja vél- og hugbúnað sem notaður er við birgðabókhald. Getur hann áskilið að töllyfirvöld hafi beinlínuaðgang að birgðabókhaldskerfi geymslusvæðis, ef hann metur það nauðsynlegt vegna tollefirlits.

17. gr.

Trygging.

Handhafi leyfis til reksturs tollvöruheymslu, tollfrjálsrar forðageymslu, [umflutningsgeymslu eða frísvæðis]¹⁾ skal setja ríkissjóði tryggingu sem nemur 3% af tollverði vara sem ætlað er að verði geymdar á viðkomandi geymslusvæði á hverjum tíma, þó að lágmarki kr. 50.000.000 vegna reksturs [tollvöruheymslna, umflutningsgeymslna og frísvæða]¹⁾ og kr. 10.000.000 vegna tollfrjálsra forðageymslna.

Trygging má vera í formi ábyrgðar viðskiptabanka eða sparisjóðs eða ábyrgðartryggingar váttryggingafélags. Í ábyrgðar- eða tryggingarskilmálum skal vera yfirlýsing um að ábyrgðar- eða tryggingaraðili taki skilyrðislaust ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kann af því að vara fær ekki rétta tollmeðferð lögum samkvæmt og muni greiða að kröfu tollstjóra þá fjárhæð sem vangreidd er ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Trygging skal vera ótímabundin en uppseggjanleg með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

Endurskoða má á hverjum tíma fjárhæð tryggingar að frumkvæði leyfisveitanda eða leyfishafa.

Ábyrgðar- eða tryggingarskilríki, svo og skilríki vegna breytinga sem á þeim kunna að vera gerðar vegna breytinga á ábyrgðar- eða tryggingaraðila eða tryggingarfjárhæð, skulu afhent viðkomandi tollstjóra til varðveislu.

Óheimilt er að hefja rekstur tollvöruheymslu, tollfrjálsrar [forðageymslu, umflutningsgeymslu og frísvæðis]¹⁾ fyrr en viðkomandi tollstjóra hefur verið afhent ábyrgðar- eða tryggingarskilríki samkvæmt þessari grein.

1) Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. [172/2008](#).

18. gr.

Innra eftirlit.

Stjórnarmenn leyfishafa bera ábyrgð á að innra eftirlitskerfi sé traust og skilvirkt og veiti hæfilega vissu um að farið sé eftir þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemina og að uppfylltar séu þær kröfur sem að geymslusvæðunum lúta í tengslum við meðferð og vörslu ótollafgreiddra vara. Þeir skulu gera sér grein fyrir þeim áhættum sem steðja að starfseminni, tryggja að þær séu greindar og metnar og að við þeim sé brugðist.

Innra eftirlitskerfið skal endurmetið reglulega og bætt úr þeim veikleikum sem kunna að koma í ljós.

Innra eftirlitskerfið skal vera skjalfest.

IV. KAFLI

Tollmiðlarar.

19. gr.

Veiting starfsleyfis til tollmiðlunar.

Tollstjórinn Reykavík veitir lögaðila starfsleyfi til tollmiðlunar.

Umsókn um starfsleyfi tollmiðlara skal vera skrifleg þar sem fram koma upplýsingar um nöfn, kennitölur og lögheimili umsækjanda, stjórnarmanna og daglegs stjórnanda.

Umsókn skulu fylgja:

1. Búsforræðisvottorð og sakavottorð stjórnarmanna og daglegs stjórnanda.

2. Greinargerð um starfsemina þar sem fram koma upplýsingar um fyrirhugað starfsskipulag og hvar og hvernig fyrirhugaðri starfsemi verður sinnt, þ.m.t. bókhaldi, vörslu gagna, innra eftirliti og nöfnum þeirra starfsmanna sem fullnægja skilyrðum 4. tölul. 2. mgr. 48. gr. tollalaga.
3. Vottorð um gildar tryggingar skv. 20. gr. ætli tollmiðlari að miðla hraðsendingum.

20. gr.

Tryggingar vegna hraðsendinga.

Tollmiðlari, sem miðlar hraðsendingum, skal setja ríkissjóði tryggingu sem afhent skal tollstjóra þar sem hann á lögheimili. Tollmiðlari ákveður fjárhæð tryggingar sem jafnframt er hámark þeirrar fjárhæðar aðflutningsgjalda sem heimilað verður að skuldfæra hjá honum, í stað þess að trygging sé sett fyrir hverja sendingu. Trygging skal þó aldrei vera lægri en 5 milljónir króna.

Trygging skv. 1. mgr. má vera í formi ábyrgðar viðskiptabanka eða sparisjóðs eða ábyrgðartryggingar váttryggingafélags. Í ábyrgðar- eða tryggingarskilmálum skal vera yfirlýsing um að ábyrgðar- eða tryggingaraðili taki skilyrðislaust ábyrgð á greiðslu tiltekinnar fjárhæðar aðflutningsgjalda, sbr. 1. mgr., ásamt dráttarvöxtum og öðrum kostnaði sem leiða kann af því að vara fær ekki rétta tollmeðferð lögum samkvæmt. Trygging skal vera ótímabundin en uppsejanleg með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

21. gr.

Innra eftirlit hjá tollmiðlurum.

Ákvæði 18. gr. gilda, að breyttu breytanda, um innra eftirlit hjá tollmiðlurum.

22. gr.

Varðveisla tollmiðlara á fylgiskjölum tollskýrslu.

Tollmiðlara er heimilt að varðveita skrifleg gögn sem um ræðir í 2. másl. 2. mgr. 29. gr. tollalaga á rafrænan hátt. Viðkomandi gagnamiðill skal geymdur með öruggum hætti, læsileiki hans skal tryggður og fljótlegt skal vera að finna fylgiskjöl á gagnamiðlinum þegar þörf er á.

Fylgiskjöl með tollskýrslu skulu bera með sér tilvísun til viðkomandi tollskýrslu hvort sem fylgigögnin eru geymd á pappír eða með rafrænum hætti.

V. KAFLI

Tollafgreiðsla innflutnings- og útflutningsvöru.

Almennt.

23. gr.

Inntak tollafgreiðslu o.fl.

Vörur sem fluttar eru til og frá landinu skulu fá tollafgreiðslu í samræmi við tollalög og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Tollafgreiðsla vöru er fólgin í að ljúka þeim formsatriðum sem áskilin eru í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum til þess að heimilt sé að afhenda vöru til nota innanlands, til umflutnings eða til útflutnings.

Tollafgreiðsla er þá fyrst heimil þegar nauðsynlegar farmskrárupplýsingar um viðkomandi vöru hafa verið skráðar í tölvukerfi tollyfirvalda.

Vegna tollafgreiðslu vöru til notkunar innanlands er áskilið að flutningsfar hafi tekið höfn.

Vörur sem skráðar eru í einu sendingarnúmeri skulu teknar til tollafgreiðslu í einu lagi, nema annað sé heimilt skv. 8. gr. og 9. gr. eða vörunar hafa verið fluttar í tollvörugeymslu, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði.

24. gr.

Tollafgreiðslustaður.

Tollstjóri í því umdæmi þar sem flytja á vöru úr flutningsfari samkvæmt farmskrá skal annast tollafgreiðslu hennar, nema vara sé framsend ótollafgreidd í annað umdæmi.

Tollstjóri þar sem vara er flutt í flutningsfar annast tollafgreiðslu hennar til útflutnings. [Þetta gildir þrátt fyrir að far hafi viðkomu í öðru tollumdæmi á leið til útlanda.]¹⁾

1) Sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 172/2008.

25. gr.

Tollskýrslur.

Tollmiðlarar og þeir, sem stunda innflutning og útflutning á vörum í atvinnuskyni, skulu láta tollstjóra tollskýrslur í té með rafrænum hætti. Öðrum er heimilt að afhenda tollstjóra tollskýrslur á pappír.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er innflytjendum sem flytja inn 12 sendingar eða færri á ári heimilt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslur á pappír. Jafnframt er innflytjendum heimilt að skila einfölduðum aðflutningsskýrslum á pappír, sbr. 47. gr.

Tollskjöl.

26. gr.

Form og efni tollskýrslna.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form og efni tollskýrslna.

Í tollskýrslu skulu koma fram upplýsingar um þau atriði sem nauðsynleg eru vegna álagningar og innheimtu aðflutningsgjalda og tollframkvæmdarinnar að öðru leyti, svo og þær upplýsingar sem töllyfirvöldum er falið að afla lögum samkvæmt.

27. gr.

Fylgiskjöl tollskýrslna.

Fylgiskjöl með tollskýrslum, skv. 28. gr. tollalaga, skulu liggja fyrir í frumriti eða eftir atvikum samriti þegar tollskýrsla er látin tollstjóra í té.

28. gr.

Vörureikningur og innleggsreikningur.

Upplýsingar um eftirtalin atriði skulu koma fram á vörureikningi:

1. Nafn og heimili seljanda (sendanda).
2. Nafn og heimili kaupanda (viðtakanda).
3. Útgáfustað og útgáfudag.
4. Fjöldi stykkja, tegundir umbúða, þyngd sendingar, merki og númer.
5. Vörur á vörureikningi, tegund þeirra, gerð og magn (fjöldi, þyngd eða mál eftir atvikum).

6. Söluverð hvernar vörutegundar og þá mynt sem verð hennar er tilgreint í.
7. Greiðsluskilmála, greiðsluskilyrði og afhendingarskilyrði, afslátt og annan frádrátt og ástæður fyrir því að afsláttur er veittur og afdráttur er gerður.
8. Fjöldi vörureikninga yfir vörur í sendingu skal tilgreina á öllum vörureikningum sem gefnir eru út vegna vara í sendingunni.

Tollskrárnúmer samkvæmt íslensku tollskránni skulu færð inn á vörureikning áður en tollskýrslur eru látnar tollstjóra í té. Í stað þess að færa tollskrárnúmer inn á vörureikning er viðkomanda heimilt að útbúa fylgiskjal með vörureikningi um vörutegundir miðað við tollflokka og verðmæti.

Á innleggsreikningi (kreditreikningi) vegna vöru sem skilað er til seljanda skulu koma fram sömu upplýsingar um vöruna og komu fram í upphaflegum reikningi auk tilvísunar til hans.

29. gr.

Tollverðsskýrsla.

Tollstjóri getur ákveðið að tollverðsskýrsla sé látin í té þegar verð sem tilgreint er í vörureikningi er ekki viðskiptaverð vöru eða í öðrum tilvikum telji hann slíkt nauðsynlegt.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form tollverðsskýrslu.

Rafrænar tollafgreiðslur.

30. gr.

Umsókn um leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

Tollstjóri í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili veitir leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form umsóknar um leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu og þau atriði sem hann telur þörf á að tilgreind séu í umsókn með vísan til 24. gr. tollalaga.

Verði breytingar síðar á þeim upplýsingum sem fram koma í umsókn, skal það þegar tilkynnt þeim tollstjóra sem veitti leyfið.

31. gr.

Leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

Leyfi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu gildir í öllum tollumdæmum landsins.

Leyfishafa er óheimilt að hefja rafræna tollafgreiðslu fyrr en hann hefur fengið lykilorð að gagnahólfi sem skráð er á hans nafn vegna SMT-tollafgreiðslu eða lykilorð sem tollstjórinn í Reykjavík úthlutar vegna VEF-tollafgreiðslu og embættið hefur veitt heimild til þess að gagnaflutningur milli tölvukerfis leyfishafa og tölvukerfis töllyfirvalda fari fram.

32. gr.

Staðfesting tollafgreiðslu.

Tollstjóri sendir leyfishafa og vörsluhafa tilkynningar um að afhenda megi vöru til notkunar innanlands og hliðstæðar tilkynningar vegna vöru til útflutnings.

33. gr.

Skuldfærsla aðflutningsgjalda við SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

Við rafræna tollafgreiðslu skulu aðflutningsgjöld skuldfærð hjá innflytjanda eða eftir atvikum tollmiðlara.

Um leið og leyfishafi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu lætur tollstjóra tollskýrslu í té samþykkir hann að aðflutningsgjöld af þeirri vöru sem tollskýrslan tekur til verði skuldfærð hjá honum.

Tollmiðlari getur óskað eftir því í tollskýrslu að aðflutningsgjöld verði skuldfærð á innflytjanda enda hafi hann til þess umboð.

Tollafgreiðslur á pappír.

34. gr.

Framlagning fylgiskjala með skriflegum tollskýrslum.

Í þeim tilvikum þegar heimilt er að afhenda tollstjóra skriflega tollskýrslu, sbr. 25. gr., skulu fylgja henni viðeigandi fylgiskjöl í frumriti eða afriti, enda leiði ekki annað af alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Tollstjóri getur jafnan áskilið að innflytjandi eða útflytjandi framvísi frumriti eða samriti umræddra skjala.

Sérákvæði um póstsendingar.

35. gr.

Skráning upplýsinga um póstsendingar.

Póstrekandi skal færa í tölvukerfi skrá yfir sendanda, viðtakanda, vörusendingu, s.s. verðmæti, vörutegund og þyngd póstsendingar sem taka skal til tollmeðferðar skv. 36. gr. Tollstjórar skulu hafa aðgang að tölvukerfi póstrekkanda, eftir því sem þörf er á vegna tollheimtu og tollefirlits.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari fyrirmæli um skráningu upplýsinga skv. 1. mgr. og skil póstrekkanda á upplýsingum til tollyfirvalda.

36. gr.

Flokkun póstsendinga til tollmeðferðar.

Taka skal til tollmeðferðar póstsendingar sem hér segir:

1. Póstsendingar sem koma erlendis frá og ætla má að hafi að geyma vörur sem ber að greiða af aðflutningsgjöld, vörur sem háðar eru sérstökum innflutningstakmörkunum eða vörur sem háðar eru innflutningsbanni.
2. Póstsendingar sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum og hafa að geyma vörur sem fluttar eru út í atvinnuskyni.

Tollstjóri ákveður hvernig staðið skuli að flokkun póstsendinga til tollmeðferðar skv. 1. mgr.

37. gr.

Smásendingar.

Póstrekanda er heimilt að nota sérstakt skýrsluform fyrir smásendingar sem tollstjórinn í Reykjavík skal samþykkja.

Smásendingar skv. 1. mgr. eru póstsendingar sem einungis hafa að geyma vörur sem eru að tollverði eigi yfir kr. 30.000, enda séu þær ekki fluttar inn í atvinnuskyni. Til smásendinga teljast ekki vörur sem eru háðar innflutningstakmörkunum eða -banni.

Vörur í smásendingum má flokka saman í tollskrárnúmer samkvæmt nánari ákvörðun tollstjórans í Reykjavík.

Póstrekanda er heimilt að flytja smásendingu á það heimilisfang sem sendandi tilgreinir gegn því að viðtakandi veiti henni viðtöku með undirritun sinni á tollskýrslu skv. 1. mgr. og greiðslu aðflutningsgjalda.

Tollstjórinn í Reykjavík setur fyrir mæli um skil póstrekkanda á aðflutningsgjöldum af smásendingum í ríkissjóð.

38. gr.

Afhending póstsendinga án tollskýrslu.

Heimilt er afhenda póstsendingar sem sendar eru erlendis frá og hafa einungis að geyma meðangreindar vörur til viðtakanda án þess að tollskýrslur séu gerðar:

1. Vörur sem eru undanþegnar aðflutningsgjöldum og hvorki háðar sérstökum innflutnings-skilyrðum né innflutningsbanni, t.d. tollfrjálsar gjafir, sýnishorn og annað sem hefur ekki viðskiptalegt gildi.
2. Blöð og tímarit sem falla undir reglugerð nr. 336/1993, um innheimtu virðisaukaskatts af blöðum og tímaritum sem send eru í áskrift erlendis frá í pósti.
3. Gagnamiðlar, sendir samkvæmt þjónustusamningi eða án endurgjalds, sem ætlaðir eru til þróunar, hönnunar, prófunar, leiðréttingar eða uppfærslu hugbúnaðar eða eru eingöngu hæfir til kynningar.
4. Gagnamiðlar, sendir í tengslum við kaup viðtakanda á rétti til að nota stöðluð tölvuforrit fyrir fleiri notendur eða kaupa á hugbúnaði sem sérstaklega er framleiddur og aðlagður að séróskum kaupanda, enda sé um að ræða hugbúnaðarþjónustu sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, viðtakandi hafi verið skráður skv. 5. gr. laganna og gæti talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts skv. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna.

Gagnamiðlar, sem hafa að geyma hugbúnað sem 3. og 4. tölul. 1. mgr. taka til, teljast vera nauðsynlegur og óaðskiljanlegur hluti af hugbúnaðarþjónustunni.

39. gr.

Opnun póststarfsmanna á póstsendingum til þess að afla vörureikninga o.fl.

Póststarfsmanni er heimilt, undir eftirliti tollvarðar, að opna póstsendingu sem kemur erlendis frá í því skyni að afla vörureiknings til að byggja á útreikning aðflutningsgjalda, sbr. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, ef viðtakandi hefur gefið póstrekkanda skriflega heimild til þess. Um þagnarskyldu póststarfsmanna fer eftir lögum um pósthjónustu.

Póstsending sem póststarfsmaður opnar skv. 1. mgr. skal sérstaklega auðkennd.

40. gr.

Einfaldaðar útflutningsskýrslur vegna póstverslunar.

Tollstjóri getur heimilað einstaklingum og lögaðilum, sem stunda póstverslun, að skila einni útflutningsskýrslu yfir útfluttar sendingar á hverju tveggja mánaða tímabili, þ.e. janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Um sé að ræða póstverslun til einstaklinga.

2. Söluverðmæti hvernar sendingar sé að hámarki 30.000 kr.

Leyfishafi skal láta tollstjóra í té útflutningsskýrslu yfir sendingar á hverju uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr., með rafrænum hætti eigi síðar en 15. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Leyfishafi skal varðveita lista yfir útfluttar sendingar á hverju uppgjörstímabili sem fylgiskjal með útflutningsskýrslu.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari fyrirmæli um framkvæmd samkvæmt þessari grein.

Sérákvæði um hraðsendingar.

41. gr.

Skráning upplýsinga um hraðsendingar.

Tollmiðlari skal færa í tölvukerfi skrá yfir innflytjanda, sendanda, vörusendingu, s.s. verðmæti, vörutegund og þyngd hraðsendingar áður en hún er afhent til viðtakanda. Tollstjórar skulu hafa aðgang að tölvukerfi tollmiðlara eftir því sem þörf er á vegna tollheimtu og tolleftirlits.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari fyrirmæli um skráningu upplýsinga skv. 1. mgr. og skil tollmiðlara á upplýsingum til tollyfirvalda.

42. gr.

Flokkun hraðsendinga.

Hraðsendingar skulu við ákvörðun aðflutningsgjalda flokkaðar sem hér segir:

1. Eftirfarandi sendingar, enda beri flutningsskjöl eða fylgiskjöl með sér að um slíkar sendingar sé að ræða:
 - a. Verðlaus sýnishorn sem hafa ekki viðskiptalegt gildi.
 - b. Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.
 - c. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem hafa ekki neitt viðskiptalegt gildi.
 - d. Ritað mál sem undanþegið er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
2. Sendingar sem eru að fob-verðmæti undir 2.000 kr., en geta ekki fallið undir 1. tölul., enda sé innflytjandi skráður skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
3. Sendingar sem eru að fob-verðmæti undir 2.000 kr., en geta ekki fallið undir 1. tölul., enda sé innflytjandi ekki skráður skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
4. Aðrar sendingar.

43. gr.

Aðflutningsgjöld.

Um útreikning aðflutningsgjalda og skil á aðflutningsskýrslum vegna hraðsendinga skal fara sem hér segir:

1. Ekki skal reikna aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 1. tölul. 42. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni tollmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir.
2. Ekki skal reikna aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 2. tölul. 42. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni tollmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir. Þó skal reikna aðflutningsgjöld og skila aðflutningsskýrslu í samræmi við ákvæði 4. tölul. ef áfengi eða tóbaksvörur eru í sendingu.

3. Reikna skal 750 kr. í áætluð aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 3. tölul. 42. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni tollmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir. Þó skal reikna aðflutningsgjöld og skila aðflutningsskýrslu í samræmi við ákvæði 4. tölul. ef áfengi eða tóbaksvörur eru í sendingu.
4. Vegna annarra sendinga skal láta tollstjóra í té tollskýrslu og reikna aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

44. gr.

Sérstök innflutningsskýrði.

Sé innflutningur vöru í hraðsendingu háður innflutningsskýrðum skal tollmiðlari fullvissa sig um að þeim skilyrðum sé fullnægt áður en hann afhendir innflytjanda vöruna.

45. gr.

Afhendingarheimild tollstjóra.

Afhending hraðsendingar er háð leyfi tollstjóra.

46. gr.

Frestur til uppgjörs aðflutningsgjalda.

Uppgjör aðflutningsgjalda af hraðsendingum skal fara fram innan sjö daga frá afhendingu þeirra enda hafi þau ekki verið skuldfærð á tollmiðlara eða innflytjanda.

Sérákvæði um einfaldaðar aðflutningsskýrslur.

47. gr.

Innflytjanda er heimilt að láta tollstjóra í té einfaldari tollskýrslu, vegna sendinga sem fluttar eru til landsins á farmskrá og hafa einungis að geyma eftirtaldar vörur sem eru undanþegnar aðflutningsgjöldum enda séu viðkomandi vörur ekki háðar sérstökum innflutningstakmörkunum eða skráningu:

- a) Vörur til sendiráða, sendiráðismannsskrifstofa, sendierindreka og sendiráðismanna erlendra ríkja sem undanþegnar eru gjöldum skv. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. tollalaga.
- b) Tilteknar skrifstofuvörur sem sendar eru kjöræðismönnum erlendra ríkja og undanþegnar eru gjöldum skv. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. tollalaga.
- c) Venjulegur farangur áhafnar fars sem undanþeginn er gjöldum skv. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- d) Venjulegur farangur ferðamanna sem orðið hefur viðskila við ferðamann svo og fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar manna sem látist hafa erlendis og undanþegið er gjöldum skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- e) Heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands og undanþegnir eru gjöldum skv. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- f) Heiðursmerki svo og verðlaun fyrir íþróttafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis og undanþegin eru gjöldum skv. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- g) Brúðargjafir og aðrar gjafir sem undanþegnar eru gjöldum skv. 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- h) Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis, skv. 10. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.

- i) Farmskrár, farmbréf, vörureikningar, pökkunarlistar, útskriftir o.þ.h., einnig á tölvumiðlum, sem sent er farmflytjendum, tollmiðlurum, bönkum og öðrum til eigin nota endurgjaldslaust og hefur ekkert viðskiptalegt gildi.
- j) Vörur sem eru endursendar hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða eru endursendar hingað frá útlöndum af öðrum orsökum skulu undanþegnar gjöldum, enda séu að mati tollyfirvalda færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan sem aðflutningsgjöld hafa ekki verið endurgreidd af við útflutning, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- k) Endursendar tómar umbúðir skulu undanþegnar gjöldum, enda séu að mati tollyfirvalda færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- l) Tæki og annar búnaður skv. b-lið 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, sem vísindamenn, listamenn og aðrir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota hér við athuganir sínar, rannsóknir og starfsemi.
- m) Vörur sem reynast gallaðar eða hafa eyðilagst, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga.
- n) Verðlaus sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, hugbúnaðargögn send endurgjaldslaust m.a. til þróunar hugbúnaðar, verðlaus bréf, bæklingar o.fl., sbr. 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- o) Póstsendingar til aðila sem hafa leyfi til póstflutninga, sbr. lög nr. 19/2002 um póstpjónustu.
- p) Bifreiðar á íslenskum skrásetningarnúmerum sem viðkomandi hefur tekið með sér úr landi og er að flytja aftur til landsins, sbr. 6. tölul. 6. gr. tollalaga.
- q) Eigin listaverk listamanna skulu undanþegin virðisaukaskatti við innflutning, sbr. 4. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Innihaldi búslóð skv. e. lið 1. mgr. sjónvarpstæki, fjarskiptatæki, símtæki, skotvopn o.þ.h. er heimilt þrátt fyrir 1. mgr. að skila einfaldaðri aðflutningskýrslu enda liggja leyfi viðeigandi stofnunar fyrir.

Viðeigandi fylgiskjöl, s.s. farmbréf, póstfylgibréf, vottorð um búsetuskipti o.s.frv. skulu liggja til grundvallar einföldum tollskýrslum.

Tollstjórinn í Reykjavík getur ákveðið að einföld tollskýrsla sé notuð í öðrum hliðstæðum tilvikum.

VI. KAFLI

Umflutningur.

48. gr.

Umflutningur.

Með umflutningi í þessum kafla er átt við flutning vöru innanlands frá komufari um borð í útflutningsfar undir tolleftirliti, enda sé upphaflegur ákvörðunarstaður vörunnar annar en Ísland.

49. gr.

Umflutningstilkynningar.

Farmflytjandi skal tilkynna tollstjóra um flutning og vörslu vöru áður en umflutningur á sér stað.

Tollstjórinn í Reykjavík getur sett nánari fyriræli um umflutningstilkynningar.

50. gr.

Yfirfærsla ábyrgðar vörsluhafa.

Umflutningur sendingar er á ábyrgð þess farmflytjanda sem flutti hana til landsins. Honum er heimilt að afhenda öðrum farmflytjanda sendinguna til útflutnings gegn staðfestingu á móttöku hennar. Flyst þá ábyrgð á útflutningi sendingarinnar til þess farmflytjanda.

51. gr.

Varðveisla umflutningsskjala.

Farmflytjendur og tollmiðlarar skulu varðveita í bókhaldi sínu umflutningstilkynningar og önnur skjöl varðandi umflutninginn, m.a. farmbréf.

VII. KAFLI

Tollverð vöru.

52. gr.

Almennt.

Tollverð, ákvarðað skv. 14. og 15. gr. tollalaga og ákvæðum kafla þessa, er það verðmæti sem lagt skal til grundvallar við tollmeðferð vöru vegna innflutnings, umflutnings og útflutnings.

Aðalgrundvöllur tollverðs er viðskiptaverð vöru, sbr. 1. mgr. 14. gr. tollalaga. Verði tollverð ekki ákvarðað á grundvelli viðskiptaverðs, skal það ákvarðað skv. 57.-62. gr. Sama gildir þegar ekkert er greitt fyrir vöru eða greiðsla er einungis til málamynda.

Kostnaðarliðir og gjöld sem um ræðir í 2. mgr. 15. gr. tollalaga, þ.e. flutningskostnaður, gjöld fyrir fermingu, affermingu eða aðra meðferð vöru vegna flutnings til innflutningsstaðar og váttryggingarkostnaður í tengslum við flutning vöru til innflutningsstaðar, skulu innifalin í tollverði, án tillits til þess hvort kostnaðarliðirnir og gjöldin séu raunverulega greidd eða ekki, enda sé unnt að ákvarða þau á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

53. gr.

Skilgreiningar.

Við ákvörðun tollverðs skv. kafla þessum skulu eftirtalin orð og orðasambönd skilgreind svo:

- a. *Sams konar vörur:* Vörur sem eru eins í öllu tilliti, þ.m.t. að einkennum, gæðum og orðspori. Minni háttar útlistmunur útilokar ekki vörur frá því að teljast vera sams konar.
- b. *Svipaðar vörur:* Vörur sem ekki eru eins í öllu tilliti, en hafa þó svipuð einkenni og svipaða efnishluta og geta því þjónað sama tilgangi og komið hver í annarrar stað í viðskiptum. Gæði varanna, orðspor og hvort þær eiga sér vörumerki er meðal þeirra þátta sem athuga verður þegar ákvarðað er hvort vörur séu svipaðar.
- c. *Vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar:* Vörur sem teljast til vöruflokka eða vörusviðs sem framleitt er í tilteknum iðnaði eða iðngrein, og tekur til sams konar eða svipaðra vara.
- d. *Tegund ökutækis:* Heiti ökutækis, ákvarðað af framleiðanda.

e. *Undirtegund ökutækis*: Orð, bókstafir eða tölur sem eru festar utan á ökutæki eða fram koma í upplýsingum framleiðanda. Orð, bókstafir eða tölur sem eru hluti af tegundarheiti teljast ekki með undirtegundarheiti.

Orðasamböndin í b- og c-lið taka ekki til vara sem fela í sér eða gefa til kynna verkfræðivinnu, þróun, listverk, hönnun, áætlanir og uppdrætti sem ekkert tillit hefur verið tekið til við verðleiðréttingu skv. d-lið 2. tölul. 1. mgr. 15. gr. tollalaga þar eð þeir þættir voru unnir hérlandis.

Vörur skal ekki telja *sams konar vörur* eða *svipaðar vörur* nema þær hafi verið framleiddar í sama landi og vara sú sem verið er að virða.

Við ákvörðun tollverðs skal því aðeins taka til greina vörur framleiddar af öðrum aðila að ekki séu fyrir hendi neinar *sams konar* eða *svipaðar vörur* framleiddar af sama aðila og vara sú sem verið er að virða.

Við verðákvörðun skv. 62. gr. er heimilt að beita hugtökunum *sams konar vörur* og *svipaðar vörur* með eðlilegum sveigjanleika í því skyni að ná fram markmiðum greinarinnar.

Tengsl kaupanda og seljanda.

54. gr.

Þegar ákvarða skal hvort viðskiptaverð sé nothæft skv. 1. mgr. 14. gr. tollalaga á það ekki í sjálfu sér að valda því að viðskiptaverð sé talið ónothæft að kaupandi og seljandi eru hvor öðrum háðir í skilningi 2. mgr. sömu greinar. Í því tilviki skal tollstjóri kanna kringumstæður við söluna og samþykkja viðskiptaverðið ef tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið.

55. gr.

Við sölu milli háðra aðila skal samþykkja viðskiptaverðið og ákvarða tollverð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 14. gr. tollalaga, enda sýni innflytjandi fram á, sé þess krafist af tollstjóra, að verðið sé sambærilegt við eitthvert neðangreint verð sem fyrir kemur á sama eða svipuðum tíma:

- Viðskiptaverð við sölu til óháðra kaupenda á *sams konar* eða svipuðum vörum til landsins.
- Tollverð *sams konar* eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað skv. 60. gr.
- Tollverð *sams konar* eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað skv. 61. gr.

Þegar framangreindum könnunum er beitt skal taka tillit til mismunar sem sýnt er fram á varðandi viðskiptastig, magn, atriði talin upp í 15. gr. tollalaga og kostnað sem seljandi verður fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru óháðir hvor öðrum, en seljandi verður ekki fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru háðir hvor öðrum.

Kannanir sem um ræðir í þessari grein skal nota að frumkvæði innflytjanda og eingöngu til viðmiðunar. Annað verð í staðinn má ekki ákvarða samkvæmt þessari grein.

56. gr.

Véfanging á viðskiptaverði.

Telji tollstjóri ástæðu til að draga í efa eða staðreyna sannleiksgildi upplýsinga er fram koma í tollskýrslu eða fylgiskjölum um viðskiptaverð vöru og önnur þau atriði sem um ræðir í 14. gr. tollalaga og þess sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 15. gr. laganna, getur hann krafist þann sem ábyrgð ber á viðkomandi upplýsingum, sbr. VIII. kafla tollalaga, um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því, að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint. Dragi tollstjóri

sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverðið í efa, þrátt fyrir framkomnar skýringar eða gögn eða ef frekari skýringar eða gögn eru ekki látin tollstjóra í té innan hæfilegs frests, verður viðskiptaverð vöru ekki lagt til grundvallar við ákvörðun tollverðs. Ákvörðun um tollverð fer þá eftir ákvæðum 57.-62. gr. reglugerðarinnar, sbr. og 115. gr. tollalaga.

Tollverð vöru þegar viðskiptaverð verður ekki lagt til grundvallar.

57. gr.

Sé ekki hægt að ákvarða tollverð vöru skv. 14. gr. tollalaga skal tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma.

Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt, skal við ákvörðun tollverðs nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á sama viðskiptastigi og í sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Finnist slík sala ekki, skal nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á öðru viðskiptastigi eða í öðru magni, leiðrétt þannig, að tekið sé tillit til þess mismunar er leiðir af viðskiptastiginu eða magninu, enda sé hægt að gera slíka leiðréttingu á grundvelli framkominna gagna sem leiði skýrt í ljós að hún er réttmæt og nákvæm, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðsins.

Þegar kostnaðarliðir og gjöld, sem um ræðir í 15. gr. tollalaga, eru innifalin í viðskiptaverði skal við leiðréttingu taka tillit til verulegs mismunar á þessum kostnaðarliðum og gjöldum milli hinnar innfluttu vöru og sams konar viðmiðunarvara sem rekja má til mismunandi vegalengda og flutningsmáta.

Finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á sams konar vörum, skal nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði vörunnar.

58. gr.

Verði tollverð vöru hvorki ákvarðað skv. 14. gr. tollalaga né 57. gr. reglugerðar þessarar skal það vera viðskiptaverð svipaðra vara sem seldar eru og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða.

Ákvæði 2.-4. mgr. 57. gr. skulu gilda eftir því sem við á þegar tollverð er ákvarðað samkvæmt þessari grein.

59. gr.

Verði tollverð vöru ekki ákvarðað skv. ákvæðum 14. gr. tollalaga, 57. gr. reglugerðar þessarar eða 58. gr. hennar skal ákvarða það skv. 60. gr. eða, þegar ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt þeirri grein, skv. 61. gr., en þó skal fyrr beitt ákvæðum 61. gr. en 60. gr. ef innflytjandi óskar þess.

60. gr.

Sé innflutt vara eða sams konar eða svipaðar vörur seldar héraðs í því ástandi sem þær voru fluttar inn, skal miða tollverð hinnar innfluttu vöru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar við það einingarverð sem hún eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á í mesta heildarmagni, á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða var flutt inn, til aðila sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörunar af, en þó að frádregnum eftirtöldum liðum:

- a. Annaðhvort þeim umboðslaunum sem venjulega eru greidd eða samþykkt er að greiða eða því sem venjulega er bætt við sem ágóðahlut og almenn útgjöld í tengslum við sölu hérlendis á innfluttum vörum í sama gæðaflokki eða sömu tegundar.
- b. Venjulegum flutningskostnaði og váttryggingu og skyldum kostnaði sem leggst á vöru hérlendis.
- c. Kostnaðarliðum og gjöldum sem getið er í 2. mgr. 15. gr. tollalaga, eftir því sem við á.
- d. Tollum og öðrum gjöldum sem greiða ber hér á landi vegna innflutnings eða sölu vörunnar.

Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur til sölu á sama eða svipuðum tíma og varan sem virða á er flutt inn, skal miða tollverðið, að uppfylltum öðrum skilyrðum 1. mgr., við það einingarverð sem hin innflutta vara eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á hérlendis í því ástandi sem þær voru fluttar inn, hið fyrsta eftir innflutning þeirrar vöru sem verið er að virða, en þó innan 90 daga frá innflutningi.

Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur seldar hérlendis í því ástandi sem þær voru fluttar inn, skal miða tollverðið, ef innflytjandi óskar þess, við það einingarverð sem hin innflutta vara eftir frekari aðvinnslu er seld á í mesta heildarmagni til aðila hérlendis sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörunnar af, enda sé tekið tillit til virðisauka vegna aðvinnslunnar og frádráttarliða sem gert er ráð fyrir í 1. mgr.

61. gr.

Tollverð innfluttrar vöru skal byggja á reiknuðu verði samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Reiknað verð skal mynda með samtölu eftirtalinna þátta:

- a. Kostnaðarverðs eða verðmætis efnivara og tilbúnings eða annarrar aðvinnslu sem notuð er við framleiðslu hinnar innfluttu vöru.
- b. Upphæðar vegna ágóðahlutar og almennra útgjalda er jafngildir því sem venjulega leggst á vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar og sú sem verið er að virða og fellur í hlut framleiðenda í útflutningslandinu við útflutning hingað.
- c. Kostnaðar eða verðmætis allra annarra útgjaldaliða sem nauðsynlegir eru til að verðið verði sambærilegt við tollverð skv. 14. og 15. gr. tollalaga, svo sem kostnaður skv. 2. mgr. 15. gr. tollalaga.

62. gr.

Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 14. gr. tollalaga eða 57.-61. gr. reglugerðarinnar, skal ákvarða það með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli fánlegra upplýsinga hér á landi.

Eigi skal ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar á grundvelli eftirtalins:

- a. Söluverðs hérlendis á vörum sem framleiddar eru hérlendis.
- b. Fyrirkomulags sem gerir ráð fyrir að samþykkt sé í tollalegu tilliti hið herra verð þegar tvenns konar verð kemur til greina.
- c. Vöruverðs á heimamarkaði í útflutningslandinu.
- d. Framleiðslukostnaðar, annars en reiknaðs verðs sem hefur verið ákvarðað fyrir sams konar eða svipaðar vörur í samræmi við ákvæði 61. gr.
- e. Útflutningsverðs vörunnar til annars lands en Íslands.

- f. Lágmarkstollverðs.
- g. Verðs sem ákveðið er að geðþótta eða er tilbúið.

Sérákvæði vegna innflutnings ökutækja .

63. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda um ákvörðun tollverðs ökutækja sem flokkast undir vöruliði nr. 8701-8706 og 8711 í tollskrá.

64. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík skal safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis frá um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum sem helst má vænta innflutnings frá og sjá til þess að tollstjórar hafi aðgang að upplýsingum þessum.

Við tollafgreiðslu ökutækis skal bera viðskiptaverð í tollskýrslu eða fylgiskjölum saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi þar sem ökutækið var keypt. Kanna skal hvort viðskiptaverð ökutækis sem um ræðir sé óeðlilega lágt miðað við ástand þess, innflutningsverð sams konar ökutækis sem flutt er eða hefur verið flutt til landsins á sama tíma eða markaðsverðs sambærilegra ökutækja erlendis.

Sé réttmæt ástæða til að draga í efa sannleiksgildi tollskýrslu eða fylgiskjala, skal um málsmeðferð fara eftir ákvæðum 56. gr.

65. gr.

Við ákvörðun tollverðs skv. 62. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 14. gr. tollalaga eða 57.-61. gr. reglugerðarinnar, skal tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkisskattstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 66. gr.

66. gr.

Við útreikning tollverðs skv. 65. gr. skal fyrst áætla líklegt fob-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins, skv. bifreiðaskrá ríkisskattstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda sem skal áætluð 12%, vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 15. gr. tollalaga.

Þegar líklegt fob-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. 1. mgr., skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis, þannig:

- a. Af ökutækjum að heildarþyngd 5 tonn eða meira og af grindum með hreyfli fyrir þessi ökutæki: 1,2% fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði og 1% fyrir hvern mánuð eftir það þar til náð hefur verið 90% fyrningu sem er hámarks fyrning.
- b. Af öllum öðrum ökutækjum sem flokkast undir tollskrárnúmer upptalin í 63. gr.: 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði, 1% fyrir næstu 24 mánuði og 0,5% fyrir hvern mánuð eftir það þar til náð hefur verið 90% fyrningu sem er hámarks fyrning.

Upphaf fyrningar samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, skal vera sá mánuður er ökutækið var skráð fyrstu opinberri skráningu erlendis, en lok fyrningar skal vera komumánuður flutningsfars til landsins. Þó skal heimilt, ef dagsetning fyrstu skráningar ökutækis erlendis kemur ekki fram í skráningarskrírteini þess og ekki er unnt að fá opinbera staðfestingu á fyrsta skráningardegi, að telja upphaf fyrningar frá 1. júlí þess árs sem er af framleiðanda yfirlýst árgerðarár.

Er verð ökutækis hefur verið afreiknað og fyrnt samkvæmt ákvæði þessu, skal bæta við verðið gjöldum þeim sem innifalin skulu í tollverði samkvæmt 2. mgr. 15. gr. tollalaga.

67. gr.

Sé talið að ákvörðun tollverðs á grundvelli 65.-66. gr. gefi ekki rétta mynd af verðmæti ökutækis þar sem ástand ökutækisins er verra en leiðir af eðlilegri fyrningu, er tollstjóra heimilt að ákveða lækkun tollverðs, enda sýni innflytjandi fram á að verðmæti ökutækisins sé minna en venjulegra ökutækja sömu tegundar og af sömu árgerð, svo sem vegna tjóns eða mikils aksturs. Tollstjóri getur við matið tekið tillit til væntanlegs viðgerðarkostnaðar.

68. gr.

Sé verð ökutækis af sömu tegund og undirtegund og það ökutæki sem flutt er til landsins ekki að finna í bifreiðaskrá ríkisskattstjóra, skal ákvarða líklegt útsöluverð nýs ökutækis af þeirri tegund sem flutt er inn, og tollverð reiknað út skv. 66. gr.

69. gr.

Flytji maður, sem hefur verið búsettur erlendis, hingað til lands til búsetu og hefur með sér ökutæki skal heimilt að fyrna verð ökutækisins samkvæmt framlögðum vörureikningi fyrir hvern byrjaðan mánuð frá dagsetningu vörureiknings og til komumánaðar flutningsfars. Skal fyrningarhlutfall á mánuði ráðast af aldri ökutækisins, í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 66. gr. Heimild þessi tekur þó ekki til ökutækja að heildarþyngd þrjú tonn eða meira.

Leggi aðili skv. 1. mgr. ekki fram vörureikning við tollafgreiðslu ökutækis fer ákvörðun tollverðs eftir 54.-62. gr., sbr. 65. og 66. gr. Sé tollverð notaðs ökutækis ákvarðað skv. 66. gr., skal heimilt að fyrna líklegt fob-verð um 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði og 1% fyrir hvern mánuð eftir það, þar til 90% fyrningu hefur verið náð, sem er hámarks fyrning.

70. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík getur gefið nánari fyrirmæli um framkvæmd mats á ökutækjum samkvæmt reglugerð þessari.

VIII. KAFLI

Tollafgreiðslugengi.

71. gr.

Sé tollverð eða einhver hluti þess við innflutning eða útflutning á vöru tilgreindur í erlendum gjaldmiðli skal breyta því eða hluta þess í íslenskar krónur miðað við tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið samkvæmt þessari grein.

[Við tollafgreiðslu sendinga á degi hverjum skal ákvörðun tollverðs byggð á miðgengi viðkomandi gjaldmiðils sem skráð var af Seðlabanka Íslands síðasta virka dag á undan.

Tollafgreiðslugengi þeirra gjaldmiðla sem Seðlabanki Íslands tekur ekki til opinberrar skráningar skal ákvarðað af tollstjóranum í Reykjavík að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.]¹⁾

1) Sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 172/2008.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði um greiðslu aðflutningsgjalda.

72. gr.

Almennt.

Greiða ber í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum sem skráðar eru í sama sendingarnúmer nema sendingu sé skipt upp skv. 8. gr. eða 9. gr. eða vörurnar hafi verið fluttar í tollvöruheymislu, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymislu eða á frísvæði.

Hafi vara verið sett í tollvöruheymislu er heimilt að greiða aðflutningsgjöld miðað við úttekt vara hverju sinni samkvæmt úttektarbeiðni.

73. gr.

Greiðslumáti aðflutningsgjalda ..

Aðflutningsgjöld má greiða samkvæmt gíróseðli sem sendur er innflytjanda í lok uppgjörstímabils.

Greiðsla aðflutningsgjalda telst jafnframt fullnægjandi ef:

1. Greitt er í banka, sparisjóði eða pósthúsi í síðasta lagi á gjalddaga.
2. Póstlögð greiðsla hefur borist tollstjóra í síðasta lagi á gjalddaga.
3. Millifærsla er framkvæmd í heimabanka á gjalddaga.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan fridag færast gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

74. gr.

Tollflokun.

Um tollflokun vöru fer eftir almennum reglum um túlkun tollskrár, sbr. viðauka I við tollalögin.

Fyrstu sex stafirnir í átta stafa tollskrárnúmerum tollskrárinnar eru í samræmi við vöruflokkunarkerfi Alþjóða tollastofnunarinnar sem Ísland er skuldbundið til að fylgja, sbr. auglýsingu nr. 25/1987. Skýringarritum og álitum Alþjóða tollastofnunarinnar um tollflokun er ætlað að stuðla að samræmdri túlkun á flokkunarkerfi stofnunarinnar og geta verið til leiðbeiningar um tollflokun samkvæmt íslensku tollskránni, enda þótt þau séu ekki bindandi að landsrétti.

Tollstjórar skulu veita aðilum, sem hagsmuna hafa að gæta, aðgang að skýringarritum og álitum Alþjóða tollastofnunarinnar ef þess er óskað vegna úrlausnar einstakra álitamála er varða tollflokun vöru.

75. gr.

Stöðvun móttöku skeyta í tölvukerfi tollyfirvalda.

Tollstjórnin í Reykjavík getur ákveðið að stöðva móttöku skeyta sem send eru í eða úr tölvukerfi tollyfirvalda vegna breytinga á gjöldum, tollskrá, tollgengi eða af öðrum ástæðum sem gera það nauðsynlegt að hans mati.

76. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 16. gr., 3. mgr. 19. gr., 2. mgr. 22. gr., 4. mgr. 23. gr., 26. gr., 31. gr., 2. mgr. og 3. mgr. 36. gr., 2. mgr. 41. gr., 3. mgr. 58. gr., 71. gr., 1. og 4. mgr. 91. gr., 3. mgr. 94. gr., 3. mgr. 99. gr., 141. gr., 2. mgr. 189. gr., 190. gr. og 193. gr. tollalaga nr. 88/2005 og öðlast gildi 1. janúar 2007. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 41/1957, um tollheimtu og tollefurlit, með síðari breytingum, reglugerð nr. 56/1961, um tollvöruheymslur, með síðari breytingum, reglur nr. 479/1988, um einfaldari tollskýrslugerð fyrir vörur á farmskrá sem njóta sérstakra tollfríðinda við innflutning, reglugerð nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum, reglugerð nr. 527/1991, um frísvæði, reglugerð nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra, með síðari breytingum, reglur nr. 117/1994, um fyrirspurnir um tollflokkun vöru, reglugerð nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, með síðari breytingum, reglugerð nr. 107/1997, um greiðslu kostnaðar vegna tollafgreiðslu utan almenns afgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna og vegna sérstakrar tollmeðferðar vöru, með síðari breytingum, reglugerð nr. 445/1997, um tollafgreiðslu hraðsendinga, með síðari breytingum, reglur nr. 550/1997, um útfyllingu aðflutningsskýrslu og gjaldfærslu aðflutningsgjalda þegar miðlari kemur fram gagnvart tolyfirvöldum við tollafgreiðslu í umboði innflytjanda, auglýsing nr. 631/1997, um tölvuvædda tollafgreiðslu vegna útflutnings og eyðublöð fyrir útflutningsskýrslur, auglýsing nr. 662/1997, um skráningu farmflytjenda á innfluttum og útfluttum vörum og skil á farmskrám, reglugerð nr. 723/1997, um tollafgreiðslugengi, með síðari breytingum, reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum, reglugerð nr. 709/2000, um tollmeðferð póstsendinga, með síðari breytingum, reglugerð nr. 858/2000, um SMT-tollafgreiðslu, með síðari breytingum, og auglýsing nr. 591/2004, um skráningu magntölu vara í aðflutnings- og útflutningsskýrslu

Reglugerð

nr. 66/2007 um stjórnýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra, sbr. reglugerð nr. 309/2007, 763/2007, 506/2008 og 733/2010 um breytingu á henni.

1. gr.

Landinu er skipt í [24]²⁾ stjórnýsluumdæmi. Eiga sveitarfélög undir hvert þeirra, sem hér segir:

1. *Umdæmi sýslumannsins í Reykjavík:*
Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.
2. *Umdæmi sýslumannsins á Akranesi:*
Akranes.
3. *Umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi:*
Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur og Borgarbyggð.
4. *Umdæmi sýslumanns Snæfellinga í Stykkishólmi:*
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær.

5. *Umdæmi sýslumannsins í Búðardal:*
Dalabyggð.
 6. *Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði:*
Reykholahreppur, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.
 7. *Umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík:*
Bolungarvíkurkaupstaður.
 8. *Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði:*
Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur.
 9. *Umdæmi sýslumannsins á Hólmavík:*
Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Bæjarhreppur.
 10. *Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi:*
Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, [Sveitarfélagið Skagaströnd]¹⁾ og Skagabyggð.
 11. *Umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki:*
Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.
 12. *Umdæmi sýslumannsins á Siglufirði:*
Fjallabyggð.
 13. *Umdæmi sýslumannsins á Akureyri:*
Grímseyjarhreppur, Dalvíkurbyggð, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.
 14. *Umdæmi sýslumannsins á Húsavík:*
Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.
 15. *Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði:*
Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.
 16. *Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði:*
Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.
 17. *Umdæmi sýslumannsins á Höfn:*
Sveitarfélagið Hornafjörður.
 18. *Umdæmi sýslumannsins í Vík:*
Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur.
 19. *Umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli:*
Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur.
 20. *Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum:*
Vestmannaeyjabær.
 21. *Umdæmi sýslumannsins á Selfossi:*
Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.
 22. *Umdæmi sýslumannsins í Keflavík í Reykjanesbæ:*
Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar[...] ²⁾.
- [...] ²⁾

- [23.]²⁾ *Umdæmi sýslumannsins í Hafnarfirði:*
Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Sveitarfélagið Álftanes.
- [24]²⁾ *Umdæmi sýslumannsins í Kópavogi:*
Kópavogsbær.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 763/2007. 2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [506/2008](#).

2. gr.

Þar sem mörk milli stjórnisýsluumdæma eru óskýr, svo sem á hálendinu, ákveður dómismálaráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar.

Á sama hátt ákveður dómismálaráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar ef það getur af einhverjum ástæðum átt undir fleiri en einn sýslumann.

3. gr.

Á eftirgreindum stöðum skulu vera útibú frá sýslumannsembættum:

1. Ólafsvík.
2. [...]¹).
3. Dalvík.
4. Vopnafirði.
5. Egilsstöðum.
6. Neskaupstað.
7. Grindavík.

Með útibúi skv. 1. mgr. er átt við skrifstofu þar sem veitt er þjónusta frá sýslumannsembættum.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [733/2010](#).

4. gr.

Á aðalskrifstofu sýslumanns ber að færa aðalbókhald vegna fjárgreiðslna sem eru móttæknar eða inntar af hendi í útibúum. Í útibúum ber þó að halda sjóðbók og skal uppgjör við aðalskrifstofu sýslumanns fara fram daglega.

Skjöl yfir afgreidd mál ber að varðveita á aðalskrifstofu.

5. gr.

Landinu er skipt í 15 lögregluumdæmi. Þau eru sem hér segir:

1. *Umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu nær yfir:*
Umdæmi sýslumannanna í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, sbr. 1., 25. og 26. tölul. 1. gr.
2. *Umdæmi lögreglustjórans á Akranesi nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Akranesi, sbr. 2. tölul. 1. gr.
3. *Umdæmi lögreglustjórans í Borgarnesi nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi auk umdæmis sýslumannsins í Búðardal, sbr. 3. og 5. tölul. 1. gr.
4. *Umdæmi lögreglustjórans á Snæfellsnesi í Stykkishólmi nær yfir:*

- Umdæmi sýslumanns Snæfellinga í Stykkishólmi, sbr. 4. tölul. 1. gr.
5. *Umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum á Ísafirði nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði auk umdæma sýslumannanna í Bolungarvík, á Hólmavík og Patreksfirði, sbr. 6., 7., 8. og 9. tölul. 1. gr.
 6. *Umdæmi lögreglustjórans á Blönduósi nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi, sbr. 10. tölul. 1. gr.
 7. *Umdæmi lögreglustjórans á Sauðárkróki nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki, sbr. 11. tölul. 1. gr.
 8. *Umdæmi lögreglustjórans á Akureyri nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Akureyri auk umdæmis sýslumannsins á Siglufirði, sbr. 12. og 13. tölul. 1. gr.
 9. *Umdæmi lögreglustjórans á Húsavík nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Húsavík, sbr. 14. tölul. 1. gr.
 10. *Umdæmi lögreglustjórans á Seyðisfirði nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði, sbr. 15. tölul. 1. gr.
 11. *Umdæmi lögreglustjórans á Eskifirði nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði auk umdæmis sýslumannsins á Höfn, sbr. 16. og 17. tölul. 1. gr.
 12. *Umdæmi lögreglustjórans á Hvolsvelli nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli auk umdæmis sýslumannsins í Vík, sbr. 18. og 19. tölul. 1. gr.
 13. *Umdæmi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum, sbr. 20. tölul. 1. gr.
 14. *Umdæmi lögreglustjórans á Selfossi nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Selfossi, sbr. 21. tölul. 1. gr.
 15. *Umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum nær yfir:*
Umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurlflugvelli og sýslumannsins í Keflavík í Reykjanesbæ, sbr. 22. og 23. tölul. 1. gr.

6. gr.

Á eftirgreindum stöðum skulu vera varðstofur lögreglu:

1. Ólafsvík.
2. Grundarfirði.
3. Búðardal.
4. Patreksfirði.
5. Bolungarvík.
6. Hólmavík.
7. Siglufirði.
8. [...] ¹⁾
9. Dalvík.
10. Raufarhöfn.
11. Þórshöfn.
12. Vopnafirði.

13. Egilsstöðum.
14. Neskaupstað.
15. Fáskrúðsfirði.
16. Höfn.
17. Kirkjubæjarklaustri.
18. Vík í Mýrdal.
19. Grindavík.
20. Sandgerði.
21. Garði.
22. Vogum.

Með varðstofu lögreglu er átt við lögregluvarðstofu utan aðalstöðvar lögreglu.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [733/2010](#).

7. gr.

Í umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu skulu vera lögregluvarðstofur samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra hverju sinni eftir tillögu lögreglustjóra.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, sbr. 2. gr. laga nr. 46/2006 og 1. mgr. 2. gr. laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, sbr. 7. gr. laga nr. 46/2006, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 57/1992 með síðari breytingum.

Reglugerð

nr. 90/2007 um þráðlausan búnað og notendabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um fjarskiptatæki eins og þau eru skilgreind í 3. gr. og kveður á um reglur er gilda um markaðssetningu, frjálsan flutning og það að taka slík tæki í notkun hér á landi.

Fjarskiptatæki sem er óaðskiljanlegur hluti eða aukahlutur búnaðar sem kveðið er á um í neðangreindum lögum og reglugerðum fellur undir gildissvið reglugerðar þessarar með fyrirvara um beitingu neðangreindra laga og reglugerða:

- a. Lög nr. 16/2001, um lækningatæki, með síðari breytingum, sbr. tilskipun 93/42/EBE, um lækningatæki, og reglugerð nr. 476/1994, um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki, sbr. tilskipun 90/385, um virk ígræðanleg lækningatæki og

- b. Reglugerð nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja, með síðari breytingum, sbr. tilskipun 72/245/EBE, um rafseglulsviðssamhæfi í ökutækjum, og umferðarlög nr. 50/1987, með síðari breytingum, sbr. tilskipun 92/61/EBE, um gerðarviðurkenningar bifhjóla.

Reglugerðin gildir ekki um:

- a. Þráðlausan búnað sem radíóáhugamenn nota og fellur undir 53. skilgreiningu í 1. gr. reglna Alþjóðafjarskiptasambandsins um þráðlaus fjarskipti, nema verslað sé með búnaðinn á frjálsum markaði. Ekki er lítið svo á að íhlutasamstæður, sem radíóáhugamenn setja saman, og búnaður, sem er verslunarvara en er breytt af radíóáhugamönnum eða fyrir þá, sé búnaður sem verslað er með á frjálsum markaði.
- b. Búnað sem fellur undir gildissvið laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, og reglugerðar nr. 589/2004, um skipsbúnað, sbr. tilskipun 96/98/EB, með síðari breytingum.
- c. Kapla og leiðslur.
- d. Þráðlausan búnað til móttöku sem er eingöngu ætlaður til að taka á móti hljóðvarps- og sjónvarpssendingum.
- e. Vörur, búnað og íhluti í skilningi laga nr. 60/1998, um loftferðir, sbr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3922/91, um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumæðferð á sviði flugmála.
- f. Búnað sem eingöngu er notaður í tengslum við starfsemi sem varðar almannaoýggi, varnarmál, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði hegningarlaga.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er:

- a. Að samræma reglur aðildarríkjanna innan Evrópska efnahagssvæðisins um fjarskiptatæki.
- b. Að efla opinn og samkeppnishæfan markað fyrir fjarskiptatæki, sem stuðlar að framboði ódýrs og fjölbreytts búnaðar, með því að heimila frjálsa markaðssetningu hans, að því tilskildu að hann sé í samræmi við nánar tilgreindar kröfur, sem ætlað er að stuðla að verndun heilsu og öryggis notenda og skilvirkrar notkunar tíðnisviðsins.
- c. Að tryggja að fjarskiptatæki hafi ekki truflandi áhrif á rafsegulumhverfið eða sé ekki móttækilegur fyrir slíkum truflunum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Fjarskiptatæki*: Allur búnaður, sem er annaðhvort notendabúnaður til fjarskipta eða þráðlaus búnaður, eða hvort tveggja.
- b. *Notendabúnaður til fjarskipta*: Búnaður, eða viðeigandi íhlutur í honum, sem gerir samskipti möguleg og er ætlaður til að tengjast á einhvern hátt, beint eða óbeint, við skilfleti almennra fjarskiptaneta.
- c. *Þráðlaus búnaður*: Búnaður, eða viðeigandi íhlutur í honum, sem gerir samskipti möguleg með því að gefa frá sér og/eða taka á móti fjarskiptatíðnum á tíðnisviði sem er úthlutað til þráðlausra fjarskipta um jarðlæg kerfi eða geimstöðvar.

- d. *Fjarskiptatíðnir*: Rafsegulbylgjur á tíðninni frá 9 kHz til 3000 GHz, sem berast áfram í geimnum án tilbúinnar stýringar.
- e. *Skilflötur*: Nettengipunktur sem er efnislegur tengipunktur þar sem notanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti, og/eða skilflötur í lofti sem ákvarðar þráðlausa tengingu fjarskiptatækja, og tæknilegar forskriftir fyrir þá.
- f. *Flokkur fjarskiptatækja*: Flokkur, sem í eru tilteknar tegundir fjarskiptatækja, sem samkvæmt reglugerð þessari eru taldar svipaðar, og einnig skilfletir sem fjarskiptatækið er hannað fyrir. Fjarskiptatæki getur talist til fleiri en eins flokks.
- g. *Skjalasafn um tæknismíði*: Skjöl sem í er lýsing á fjarskiptatæki og upplýsingar og útskýringar á því hvernig gildandi grunnkröfur eru uppfylltar.
- h. *Samhæfðir staðlar*: Tækniforskriftir sem viðurkenndar staðlastofnanir hafa viðurkennt í umbóði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með það fyrir augum að ákveða evrópskar kröfur. Ekki er skylt að fara eftir þeim. Staðlaráð Íslands staðfestir Evrópustaðla, sbr. lög nr. 36/2003.
- i. *Skadleg truflun*: Truflun sem hætta er á að trufla virkni þráðlausra leiðsögutækja eða annarrar öryggisþjónustu eða sem á annan hátt dregur úr, hindrar eða truflar ítrekað þráðlausa fjarskiptaþjónustu sem er starfrækt í samræmi við gildandi reglur hér á landi eða á Evrópska efnahagssvæðinu.
- j. *Fyrirhugaður tilgangur*: Sá tilgangur sem fjarskiptatæki er sagt þjóna samkvæmt upplýsingum sem framleiðandinn, eða sá einstaklingur sem setur fjarskiptatækið á markað, gefur í merkingum eða leiðbeiningum.
- k. *Viðurkenndur fulltrúi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem er sérstaklega tilnefndur af framleiðanda og kemur fram fyrir hans hönd enda geti yfirvöld og aðilar með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu snúið sér til hans í stað framleiðandans að því er varðar skyldur þess síðarnefnda samkvæmt reglugerð þessari.
- l. *Markaðssetning*: Að flytja inn og/eða bjóða fram fjarskiptatæki, gegn greiðslu eða ókeypni, í því skyni að dreifa og/eða nota það á markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innflutningur til eigin nota telst markaðssetning um leið og fjarskiptatæki kemur inn á Evrópska efnahagssvæðið. Fjarskiptatæki sem flutt er inn frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og hefur ekki hlotið tollafgreiðslu telst ekki hafa verið markaðssett.
- m. *Að taka í notkun*: Sá tímapunktur þegar fjarskiptatæki er notað í fyrsta sinn innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- n. *Opinber markaðsgæsla*: Skipulögð viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur á markaði uppfylli grunnkröfur og formkröfur reglugerðar þessarar. Opinber markaðsgæsla greinist í markaðseftirlit og töku stjórnvaldsákvæðana til að framfylgja reglum um öryggi.
- o. *Markaðseftirlit*: Skipulagt eftirlit með vörum á markaði. Það greinist í skoðun vöru annars vegar og skipulagða öflun upplýsinga um vörur á markaði hins vegar, m.a. með því að taka á móti ábendingum um vörur sem taldar eru hættulegar. Með skoðun vöru er átt við rannsókn á vöru og ákvörðun um hvort hún samræmist grunnkröfum II. kafla eða formkröfum um merkingar og leiðbeiningar. Skoðanir geta verið úrtaksskoðanir eða skoðanir vegna sérstaks átaks eða ábendinga.

- p. *Stjórnvaldsákvæðanir*: Ákvæðanir stjórnvalda til að framfylgja formkröfum og/eða reglum um öryggi, t.d. veiting leiðbeininga, ábendingar um úrbætur eða ákvörðun um tímabundið eða varanlegt sölubann eða innköllun vöru.
- q. *Tilkynntur aðili*: Aðili sem hefur verið metinn hæfur til að framkvæma samræmismat sem um getur í 13. gr.
- r. *CE-samræmismerki*: Merki til staðfestingar á að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í ESB-gerðum og samhæfðum stöðlum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- s. *Samræmisyfirlýsing*: Yfirlýsing framleiðanda um ábyrgð hans á að vara sé í samræmi við staðla eða önnur kröfuskjöl.

Að öðru leyti gilda skilgreiningar þær sem fram koma í 3. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, eftir því sem við á.

II. KAFLI Grunnkröfur.

4. gr.

Grunnkröfur sem gilda um öll fjarskiptatæki.

Eftirfarandi grunnkröfur eiga við um öll fjarskiptatæki:

- a. Um verndun heilsu og öryggis notanda og annarra aðila, þ. á m. markmið um öryggiskröfur sem sett eru fram í reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki, sbr. tilskipun 73/23/EBE, ef fjarskiptafyrirtæki fellur innan gildissviðs þeirrar reglugerðar, en ekki eru sett nein mörk fyrir spennu.
- b. Um að tæki í notkun hafi ekki truflandi áhrif á rafsegulumhverfið í samræmi við kröfur um vernd sem settar eru fram í reglugerð nr. 146/1994, um rafsegulsviðssamhæfi, sbr. tilskipun 89/336/EBE, ef fjarskiptatæki fellur innan gildissviðs þeirrar reglugerðar.

Að auki skal þráðlaus búnaður gerður með tilliti til þess að nýta á sem skilvirkastan hátt tíðnisvið sem ætlað er þráðlausum fjarskiptum á jörðu og í geimnum og stöðu sem honum er úthlutað á baugum umhverfis jörðu án þess að valda skaðlegum truflunum.

Í samræmi við málsmeðferð sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar 1999/5/EB má setja skilyrði um að ákveðnir flokkar tækja eða einstök tæki séu þannig gerð að þau:

- a. megi starfrækja með öðrum tækjum með milligöngu neta og að hægt sé að tengja þau við rétta skilfleti hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins,
- b. valdi ekki tjóni á netum, starfsemi þeirra eða virkni og orsaki þannig óviðeigandi rýrnun þjónustu,
- c. hafi innbyggðar varnir til verndar persónuupplýsingum og friðhelgi einkalífs áskrifenda og notenda,
- d. hafi möguleika á útfærslu sem hindrar svik,
- e. hafi möguleika á útfærslu sem tryggir aðgang að neyðarþjónustu,
- f. hafi möguleika sem auðveldar fötluðum notkun þeirra.

5. gr.

Sérstök skilyrði varðandi ákveðna flokka tækja eða einstök tæki.

Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. hafa eftirfarandi skilyrði verið sett um ákveðna flokka tækja:

- a. Þráðlaus búnaður sem starfræktur er í strandstöðvarþjónustu, eins og hún er skilgreind í grein S1.28 í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins, eða farstöðvarþjónustu við

skip um gervitungl, eins og hún er skilgreind í grein S1.29 sömu reglna, sem ætlaður er til uppsetningar í hafskipum sem falla ekki undir ákvæði IV. kafla alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS), og er ætlað að vera hluti af hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) eins og mælt er fyrir um í IV. kafla SOLAS-samþykktarinnar, skal þannig gerður að tryggt sé að hann virki rétt við siglingar á sjó, uppfylli allar kröfur um starfhæfni í GMDSS-kerfinu í neyðartilvikum og geri skýr og traust boðskipti möguleg, sem eru einnig mjög áreiðanleg, að því er varðar hliðrænt eða stafrænt fjarskiptasamband.

- b. Þráðlaus búnaður sem starfræktur er í strandstöðvarþjónustu, eins og hún er skilgreind í grein S1.28 í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins, eða farstöðvarþjónustu við skip um gervitungl, eins og hún er skilgreind í grein S1.29 sömu reglna, skal hafa möguleika á útfærslu sem tryggir aðgang að neyðarþjónustu, sbr. e-lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Slíkur búnaður skal hannaður með þeim hætti að hann virki rétt miðað við fyrirhugaðan tilgang í strandstöðvum eða um borð í hafskipum sem falla ekki undir ákvæði IV. kafla alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) og uppfylla kröfur Sjálfvirka upplýsingakerfisins (Automatic Identification System; AIS).
- c. Neyðarsendar sem ætlaðir eru til starfrækslu á 406 MHz tíðnisviðinu í samræmi við Cospat-Sarsat kerfið skulu hannaðir með þeim hætti að þeir virki rétt með tilliti til viðurkenndra starfhæfniskrafna búnaðar að teknu tilliti til þess umhverfis sem þeim er ætluð starfræksla á. Í neyðartilvikum skal búnaðurinn gera skýr og traust boðskipti möguleg, sem eru einnig mjög áreiðanleg, með því að uppfylla allar kröfur Cospat-Sarsat kerfisins.
- d. Snjóflóðaýlur, sem nota tíðnina 457 kHz og eru ætlaðar til að staðsetja fólk sem hefur grafist í snjóflóði, skulu hannaðar þannig að þær geti starfað með nýjum ýlum og ýlum sem eru í notkun og byggjast á staðlinum ETS 300 718. Snjóflóðaýlur skulu þannig úr garði gerðar að þær starfi örugglega þótt þær lendi í snjóflóði og haldi áfram að starfa þótt þær séu grafnar þar í langan tíma eftir snjóflóðið.

6. gr.

Vísun í staðla.

Grunnkröfurnar í þessum kafla skulu teljast uppfylltar um fjarskiptatæki sem eru í samræmi við viðeigandi íslenska staðla, sem teknir hafa verið upp á grundvelli samhæfðra Evrópustaðla og staðfestir af Staðlaráði Íslands sbr. lög nr. 36/2003.

III. KAFLI

Markaðssetning, notkun og markaðseftirlit.

7. gr.

Markaðssetning.

Óheimilt er að setja á markað önnur fjarskiptatæki en þau sem bera CE-merkingu samkvæmt 15. gr. og uppfylla grunnkröfurnar í 4. gr. og þau skilyrði sem fram koma í 5. gr. þegar þau eru rétt upp sett og við haldið og notuð í samræmi við tilgang.

Þegar ákvarðað er að fjarskiptatæki í tilteknum flokki þurfi að uppfylla tiltekin skilyrði í samræmi við 3. mgr. 4. gr. má halda áfram að markaðssetja tæki sem ekki uppfyllir hin nýju skilyrði fram að gildistöku ákvörðunarinnar.

Framleiðandi, eða einstaklingur sem setur fjarskiptatæki á markað, skal sjá til þess að fjarskiptatækinu fylgi notendaupplýsingar um fyrirhugaða notkun þess ásamt yfirlýsingu um að það sé í samræmi við grunnkröfurnar skv. II. kafla. Þegar um er að ræða notendabúnað til fjarskipta skulu slíkar upplýsingar vera nægar til að gefa til kynna við hvaða skilfleti almenna fjarskiptanetsins fyrirhugað er að tengja búnaðinn. Þegar um er að ræða þráðlausan búnað skulu slíkar upplýsingar vera nægar til að gefa til kynna, á umbúðum og í notkunarleiðbeiningum með búnaðinum, það land eða landsvæði þar sem nota á búnaðinn og vekja skal athygli notandans á hugsanlegum takmörkunum eða kröfum um leyfi til að nota búnaðinn í tilteknum löndum með merkingu á búnaðinum skv. II. viðauka. Um allan búnað gildir að slíkar upplýsingar skulu vera á áberandi stað.

Framleiðandi, eða umboðsmaður hans, sem hyggst setja á markað þráðlausan búnað í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þessa fyrirætlun minnst fjórum vikum áður en markaðssetning hefst. Sama á við um einstakling sem ber ábyrgð á markaðssetningu búnaðarins. Einnig skal senda stofnuninni upplýsingar um eiginleika búnaðarins, þ.m.t. tíðnisvið hans, bil milli rása, mótunaraðferð, hátíðniafl og kenninúmer tilkynnts aðila, sem um getur í I. viðauka. Telji Póst- og fjarskiptastofnun hættu á því að þráðlaus búnaður komi í veg fyrir skilvirka nýtingu á tíðnisviðinu, geti truflað aðra þjónustu í viðkomandi tíðnisviði eða geti stofnað öryggi manna í hættu getur stofnunin bannað notkun hans, bannað eða takmarkað markaðssetningu hans og/eða krafist þess að búnaður sé tekinn af markaðnum.

8. gr.

Notkun.

Taka má fjarskiptatæki í notkun í samræmi við fyrirhugaðan tilgang ef það uppfyllir grunnkröfurnar í II. kafla og önnur viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur takmarkað að þráðlaus búnaður sé tekinn í notkun af ástæðum sem tengjast almannaeilbrigði, skilvirkri og réttri notkun tíðnisviðs fyrir þráðlausar sendingar eða til að komast hjá skaðlegum truflunum.

9. gr.

Vörusýningar, kynningar o.fl.

Heimilt er á kaupstefnum, vörusýningum, kynningum eða á sambærilegum vettvangi að sýna fjarskiptatæki sem falla undir reglugerð þessa en fullnægja ekki ákvæðum hennar, að því tilskildu að vel sýnilegt merki gefi greinilega til kynna að slík fjarskiptatæki megi ekki setja á markað eða taka í notkun fyrr en þau hafa verið færð til samræmis við grunnkröfurnar skv. II. kafla og merkt með viðeigandi hætti skv. 15. grein og fullnægi þannig kröfum skv. ákvæðum þessarar reglugerðar.

10. gr.

Öryggisákvæði.

Komi í ljós að fjarskiptatæki kunni að tefla heilsu og/eða öryggi notenda eða annarra aðila í hættu eða valda skaðlegum truflunum á rafsegulumhverfinu, skal Póst- og fjarskiptastofnun gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka slíkt fjarskiptatæki af markaði, takmarka frjálsan flutning á því eða banna eða hindra að það sé sett á markað eða tekið í notkun. Póst- og fjarskiptastofnun skal upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um allar slíkar ráðstafanir, tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni og þá einkum hvort ósamræmi stafi af því að:

Grunnkröfunum sem um getur í II. kafla sé ekki fullnægt þegar fjarskiptatækið er ekki í samræmi við staðlana sem um getur í 6. gr.

Stöðlunum sem um getur í 6. gr. sé ekki rétt beitt, ef því er haldið fram að stöðlunum hafi verið beitt.

Stöðlunum sjálfum sé ábótavant.

Póst- og fjarskiptastofnun skal gera viðeigandi ráðstafanir, sbr. 66. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og 11. gr. reglugerðar þessarar, gegn hverjum þeim sem sett hefur CE-merki á fjarskiptatæki sem ekki uppfyllir kröfur reglugerðar þessarar. Tilkynna skal slíkar ráðstafanir Eftirlitsstofnun EFTA.

11. gr.

Markaðseftirlit.

Póst- og fjarskiptastofnun fer með markaðseftirlit með fjarskiptatækjum. Stofnuninni er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum tiltekna hluta þess eftirlits sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Stofnunin skal að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu taka til meðferðar mál er varða markaðseftirlit með fjarskiptatækjum.

Áður en Póst- og fjarskiptastofnun tekur íþyngjandi ákvörðun samkvæmt reglugerð þessari skal framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri nema það sé ekki unnt sökum þess hve ráðstafanirnar sem gera þarf eru aðkallandi. Í þeim tilvikum sem stofnunin kann að taka ákvarðanir vegna bráðrar eða yfirvofandi hættu skal stjórnvaldsákvörðun tekin til bráðabirgða. Stofnuninni ber að gæta höfs við beitingu íþyngjandi réttarráðsákvæmt reglugerð þessari. Um málsmeðferð og réttarráði Póst- og fjarskiptastofnunar fer að öðru leyti eftir IV. og V. kafla laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

Aðila sem markaðseftirlit beinist að ber að heimila eftirlitsaðila aðgang að starfsstöð sinni, viðkomandi fjarskiptatæki og listum yfir seld tæki og stuðla að snurðulausri framkvæmd markaðseftirlits. Framleiðendur, innflytjendur, seljendur, eigendur og notendur fjarskiptatækja skulu veita þá aðstoð og upplýsingar sem óskað er eftir hverju sinni. Eftirlitsaðilar geta tekið sýni og gert þær athuganir og prófanir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að forðast tjón eða truflanir af völdum fjarskiptatækis og geta þeir framkvæmt skyndikannanir á starfsstöðvum þessara aðila. Einnig er eftirlitsaðila heimilt að framkvæma ítarlegri kannanir á fjarskiptatækjum og aðrar sannprófanir og ef nauðsyn krefur er þeim heimilt að leggja hald á tæki til frekari rannsóknar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur með rökstuðningi afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu fjarskiptatækis ef það uppfyllir ekki formskilyrði, m.a. um merkingar, leiðbeiningar, samræmisyfirlýsingar o.fl., enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum.

Sama á við torveldi framleiðandi eða dreifingaraðili sannanlega rannsókn stofnunarinnar og skoðun vöru eða hefur ekki tiltæk gögn um öryggi hennar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur, ef rökstuddur grunur leikur á að fjarskiptatæki uppfylli ekki grunnkröfur II. kafla, ákveðið tímabundið bann við sölu eða afhendingu þess á meðan rannsókn fer fram. Telji stofnunin að fjarskiptatæki sé sérstaklega hættulegt getur hún krafist tafarlausrar afturköllunar þess. Stofnunin skal afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu fjarskiptatækja ef ljóst þykir að þau uppfylli ekki grunnkröfurnar enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt í tengslum við sölubann, afturköllun eða þegar fjarskiptatæki eru tekin af markaði að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að láta eyða umræddum fjarskiptatækjum með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir eðli máls samkvæmt. Stofnuninni er einnig heimilt að skylda framleiðenda eða dreifingaraðila til að lagfæra fjarskiptatæki þannig að það uppfylli settar reglur, afhenda kaupanda sams konar hættulaust fjarskiptatæki eða greiða kaupanda andvirði tækisins.

Póst- og fjarskiptastofnun skal, eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við framleiðendur eða dreifingaraðila um málsmeðferð, svo sem öflun gagna, skoðun og prófun fjarskiptatækja, svo og undirbúning og töku ákvarðana eins og stöðvun sölu og afturköllun fjarskiptatækja. Hafi stofnunin afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu fjarskiptatækja á grundvelli þess að þau uppfylli ekki grunnkröfur II. kafla er framleiðanda og dreifingaraðila heimilt að krefjast þess að tækið skuli prófað af tilkynntum aðila. Stofnuninni ber að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar og þeir aðilar sem Póst- og fjarskiptastofnun kann að gera samning við um markaðseftirlit eru bundnir þagnarskyldu um atriði er fram koma við rannsókn fjarskiptatækja og viðskiptaleynd hvílir yfir. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Þetta hefur hvorki áhrif á skyldur stjórnvalda og tilkynntra aðila til að skiptast á upplýsingum og gefa út viðvaranir né heldur skyldur viðkomandi aðila til að gefa upplýsingar fyrir dómstólum.

12. gr.

Réttur til tenginga.

Sé notendabúnaður til fjarskipta í samræmi við gildandi grunnkröfur skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að fyrirtæki sem starfrækir almennt fjarskiptanet neiti ekki, af tæknilegum ástæðum, að tengja slíkan búnað við rétta skilfleti.

Valdi notendabúnaður, sem lýst hefur verið yfir að sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, að mati Póst- og fjarskiptastofnunar alvarlegu tjóni á neti eða skaðlegum rafsegultruflunum eða skaði kerfið eða virkni þess, getur stofnunin heimilað fjarskiptafyrirtæki að neita tengingu, aftengja búnað eða taka hann úr notkun.

Fjarskiptafyrirtæki getur í neyðartilvikum aftengt notendabúnað ef það reynist nauðsynlegt til að vernda netið og ef hægt er að bjóða notandanum aðra lausn þegar í stað honum að kostnaðarlausu. Viðkomandi fjarskiptafyrirtæki skal þá þegar í stað greina Póst- og fjarskiptastofnun frá slíkri ákvörðun.

IV. KAFLI

Reglur um samræmismat.

13. gr.

Aðferðir við samræmismat.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahags-svæðisins skal beita einni af neðangreindum aðferðum við samræmismat til að sýna fram á að grunnkröfum II. kafla sé fullnægt:

Varðandi línutengdan notendabúnað til fjarskipta og þráðlausan búnað fyrir móttöku skal velja eina af þeim samræmismatsaðferðum sem getið er um í III., V. eða VI. viðauka reglugerðar þessarar.

Varðandi þráðlausan búnað þar sem framleiðandi hefur beitt samhæfðum stöðlum sbr. 6. gr. skal velja eina af þeim samræmismatsaðferðum sem getið er um í IV., V. eða VI. viðauka reglugerðar þessarar.

Varðandi þráðlausan búnað þar sem framleiðandi hefur ekki beitt samhæfðum stöðlum sbr. 6. gr. skal velja annaðhvort þá samræmismatsaðferð sem getið er um í V. eða VI. viðauka reglugerðar þessarar.

Framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahags-svæðisins, getur sýnt fram á að fjarskiptatæki uppfylli grunnkröfurnar, sem tilgreindar eru í a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar, með því að beita samræmismatsaðferðum þeim sem um er getið í 1. mgr. þessarar greinar eða með því að beita aðferðum þeim sem fram koma í reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki, með síðari breytingum, ef fjarskiptatæki fellur innan gildissviðs þeirrar reglugerðar.

Framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahags-svæðisins, getur sýnt fram á að fjarskiptatæki uppfylli grunnkröfurnar, sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar, með því að beita samræmismatsaðferðum þeim sem um er getið í 1. mgr. þessarar greinar eða með því að beita aðferðum þeim sem fram koma í reglugerð nr. 146/1994, um rafsegulsviðssamhæfi, með síðari breytingum, ef fjarskiptatæki fellur innan gildissviðs þeirrar reglugerðar.

V. KAFLI

Tilkynntir aðilar og merkingar.

14. gr.

Tilkynntir aðilar.

Faggildingarsvið Einkaleyfastofu annast, skv. 3. gr., sbr. 1. mgr. 13. gr., laga um faggildingu o.fl. nr. 24/2006, mat á þeim aðilum, sem óska eftir því að sjá um samræmismat samkvæmt reglugerð þessari og skulu þeir uppfylla þau skilyrði, sem sett eru fram í I. viðauka. Aðilar sem uppfylla matsskilyrði, sem kveðið er á um í viðkomandi samræmdum stöðlum teljast einnig uppfylla skilyrðin í I. viðauka.

Samgönguráðherra tilkynnir, skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., þá aðila sem faggildingarstofa Einkaleyfastofu hefur viðurkennt skv. 1. mgr. til Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins ásamt þeim sérstöku verkefnum sem þessum aðilum hefur verið falið að leysa af hendi. Skrá yfir tilkynnta aðila ásamt þeim kenninúmerum sem þeim hefur verið úthlutað og þeim verkefnum sem þeim hafa verið falin skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Uppfylli tilkynntur aðili ekki lengur skilyrði þau sem sett eru fram í I. viðauka eða brjóti af sér eða fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum sem starfsleyfi hans byggist á getur samgönguráðherra ákveðið að afturkalla tilnefningu sína á tilkynntum aðila til Eftirlitsstofnunar

EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

15. gr.

CE-merki.

Fjarskiptatæki sem talin eru uppfylla grunnkröfurnar í II. kafla skulu bera CE-samræmismarki þegar þau eru sett á markað. Áfesting merkisins er á ábyrgð framleiðandans, viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða þess einstaklings sem sér um markaðssetningu fjarskiptatækjanna.

Þegar aðferðir þær sem um er getið í IV., V. og VI. viðauka eru notaðar við samræmismat, skal kenninúmer tilkynnta aðilans, sem um er getið í 14. gr., fylgja merkinu.

Þráðlaus búnaður sem starfræktur er í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu skal auk CE-samræmismarkisins merktur með kennimerki viðkomandi flokks notendabúnaðar, sbr. viðauka II.

Framleiðandi skal auðkenna fjarskiptatæki með upplýsingum um gerð, framleiðslunúmer og/eða raðnúmer, ásamt upplýsingum um nafn framleiðanda og viðurkennds fulltrúa framleiðanda með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fjarskiptatæki sem hefur verið breytt til samræmis við grunnkröfur reglugerðar þessarar skal merkt á þann hátt að ekki verði ruglast á því og tæki sem ekki hefur verið breytt til samræmis.

Bannað er að setja á merki eða áletranir sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila varðandi þýðingu eða útlit CE-samræmismarkisins.

Þegar fjarskiptatæki falla einnig undir önnur lög eða reglugerðir sem grundvallast á tilskipunum Evrópusambandsins um önnur atriði þar sem einnig er kveðið á um að merkja skuli með CE-merkinu, táknað merkið að tækin fullnægi einnig þeim lögum og reglugerðum.

Gefi slík lög eða reglugerðir hins vegar framleiðanda kost á að velja á aðlögunartímabili fyrirkomulag sem hann óskar að beitt verði táknað CE-merkið að tækin uppfylli aðeins ákvæði þeirra reglna sem framleiðandi beitir. Þegar svo háttar til verður að veita upplýsingar um einstök atriði slíks fyrirkomulags í skjölum, tilkynningum og leiðbeiningum, sem fylgja tækjunum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Refsiákvæði.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar viðurlögum í samræmi við ákvæði 74. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003.

17. gr.

Kæruheimild.

Um kæruheimildir fer samkvæmt 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

VI. KAFLI

Gildistaka o.fl.

18. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 66. gr. og 75. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, að höfðu samráði við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hvað varðar þátt Neytendastofu á sviði opinberrar markaðsgæslu, sbr. lög nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda, og faggildingarsviðs Einkaleyfastofu á sviði faggildingar, samræmismats o.fl., sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., til innleiðingar á tilskipun nr. 1999/5/EB, um þráðlausan búnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra, sem vísað er til í 1. lið X. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 48/2000.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 589/1994, um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. reglugerðir nr. 377/1995, 119/1996, 437/1997, 604/1998 og 800/1998 um breytingu á reglugerð nr. 589/1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjarskiptatæki sem var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 589/1994, um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu, með síðari breytingum, var gjaldgengt til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu til 8. apríl 2001.

Fylgiskjal.

([sjá PDF-skjal](#))

Úr reglugerð

nr. 165/2007 um aðbúnað og meðferð minka og refa.

2. gr.

Yfirstjórn.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til.

Landbúnaðarstofnun er ráðherra til aðstoðar og ráðgjafar og hefur undir sinni stjórn dýralækni loðdýrasjúkdóma. Landbúnaðarstofnun skal vinna að bættu heilbrigði loðdýra og sjúkdómavörnum, með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, og leiðbeiningar- og forvarnastarfi. Stofnunin skal hafa frumkvæði að framkvæmd nauðsynlegra rannsókna og sýnatöku í samvinnu við sérfræðinga. Stofnunin skal hafa eftirlit með aðbúnaði og innflutningi minka og refa og sóttkví þeirra.

Úr reglugerð

nr. 325/2007 um smásölu tóbaks.

6. gr.

Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.

Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna magni en heilum 20 stykkja pökkum.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak. Með fínkornóttu neftóbaki er átt við neftóbak þar sem að minnsta kosti helmingur korna er minni en 0,5 mm að þvermáli.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja munntóbak, að undanskildu skrotóbaki. Með skrotóbaki er átt við tóbak í bitum sem sett er í munn og tuggið. Kornótt munntóbak og munntóbak sem selt er í grisjum telst ekki skrotóbak.

Úr reglugerð

nr. 404/2007 um greiningardeild ríkislögreglustjóra.

5. gr.

Upplýsinga- og greiningarmiðstöð á landsvísu.

Til þess að tryggja boðskipti og upplýsingamiðlun milli öryggisstofnana ríkisins skal greiningardeild ríkislögreglustjóra leggja til aðstöðu fyrir fasta tengiliði frá Landhelgisgæslu Íslands og lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja sem skulu hver um sig hafa fastan starfsmann við störf hjá greiningardeild sem tengiliðir sinna stofnana við deildina. Þá getur ríkislögreglustjóri óskað eftir aðkomu fleiri stofnana með sama hætti svo sem tollstjóra eða Útlendingastofnunar.

Við störf sín hjá greiningardeild lúta tengiliðir boðvaldi yfirmanna greiningardeildar og reglum ríkislögreglustjóra um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Sérstakt dulkóðað öryggissamband skal vera milli starfsstöðvar greiningardeildar ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á Suðurnesjum og Landhelgisgæslunnar með tengingar við önnur ríki Atlantshafsbandalagsins.

6. gr.

Alþjóðlegt samstarf.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra fer með alþjóðlegt samstarf við öryggisstofnanir annarra landa. Upplýsingum sem eru veittar af erlendum öryggisstofnunum skal ekki miðla til annarra nema með leyfi viðkomandi öryggisstofnunar.

7. gr.

Verklagsreglur.

Ríkislögreglustjóri setur verklagsreglur um starfsemi greiningardeildar og meðferð upplýsinga. Í verklagsreglum skal meðal annars mæla fyrir um samvinnu við Landhelgisgæsluna, lögreglustjórana, tollstjóra og Útlendingastofnun.

Ríkislögreglustjóri setur verklagsreglur um miðlægan gagnagrunn samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Úr reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli.

4. gr.

Flokkun flugvalla.

Flugvellir samkvæmt reglugerð þessari eru flokkaðir með eftirfarandi hætti:

Flugvöllur I

Flugvöllur II

Þyrluvöllur (þyrluvöllur, þyrlupallur, þyrlupilfar)

Skráður lendingarstaður.

Millilandaflugvellir sem skilgreindir eru sem landamærastöð og aðaltollhöfn skulu uppfylla skilyrði um flugvelli í flokki Flugvöllur I.

Reglugerð nr. 474/2007 um vernd skipa og hafnaraðstöðu, sbr. reglugerð nr. 920/2009 um breytingu á henni.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu. Jafnframt að hrinda í framkvæmd samræmdum ráðstöfunum á EES-svæðinu til verndar skipum og hafnaraðstöðu gegn þeirri ógn sem stafar af vísvitandi ólögmetum aðgerðum þ.m.t hryðjuverkastarfsemi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um alþjóðasjóflutninga og sjóflutninga innanlands. Hún gildir þó ekki um herskip og liðsflutningaskip, flutningaskip undir 500 brúttótonnum, skip sem eru ekki knúin áfram með vélrænum hætti, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, fiskiskip eða skip sem eru ekki notuð í atvinnuskyni.

3. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir ákvæðum 15. gr. laga um siglingavernd nr. 50/2004 með síðari breytingum og VII. kafla laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

4. gr.

[Innleiðing.]

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB), með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2005 frá 8. febrúar 2005, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 32, 23. júní 2005, bls. 19.
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2008 frá 9. apríl 2008 um endurskoðaðar verklagsreglur um framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2008 frá 7. nóvember 2008. Reglugerðin er jafnframt birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, 9. júlí 2009, bls. 231.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [920/2009](#).

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um siglingavernd, nr. 50/2004 með síðari breytingum og 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. [525/2007](#) um innheimtu eftirlitsgjalds af innflutningi plantna .

1. gr.

Þegar fluttar eru inn vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer í viðauka I við tollalög nr. 88/2005¹⁾, skal greiða eftirlitsgjald í ríkissjóð og skal það notað til að standa undir kostnaði Landbúnaðarstofnunar við eftirlit með innflutningi plantna og plöntuafurða. Greiða skal 2% eftirlitsgjald af vörum sem falla undir neðangreind tollskrárnúmer:

0601.1010	0601.2039	0602.9020	0602.9099	0604.1090
0601.1020	0601.2041	0602.9030	0603.1100	0604.9101
0601.1030	0601.2042	0602.9041	0603.1201	0604.9102
0601.1040	0601.2043	0602.9045	0603.1202	0604.9109
0601.1090	0601.2044	0602.9049	0603.1300	0701.1000
0601.2011	0601.2045	0602.9051	0603.1400	0701.9001
0601.2022	0601.2049	0602.9059	0603.1901	0701.9009
0601.2031	0601.2090	0602.9071	0603.1902	4401.1001 ¹⁾
0601.2032	0602.2000	0602.9079	0603.1903	
0601.2033	0602.3000	0602.9091	0603.1904	
0601.2034	0602.4010	0602.9092	0603.1905	
0601.2035	0602.4090	0602.9093	0603.1909	

Greiða skal 1% eftirlitsgjald af vörum sem falla undir neðangreind tollskrárnúmer:

0702.0001	0704.1000	0704.9001	0704.9003	0704.9005
0702.0002	0704.2000	0704.9002	0704.9004	0704.9009

0705.1111	0705.1900	0706.9001	0707.0012	0709.6003
0705.1112	0705.2100	0706.9002	0707.0021	0709.6004
0705.1191	0705.2900	0706.9009	0707.0022	
0705.1199	0706.1000	0707.0011	0709.6002	

1) Tollskárnúmer ber að skoða í ljósi breytinga á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirlitsgjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð vöru og skulu ákvæði V. kafla tollalaga nr. 88/2005 gilda eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vörflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu sérstaks eftirlitsgjalds skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 88/2005 svo og reglugerða og annarra fyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu sérstaks eftirlitsgjalds samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanns ríkissjóðs.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, sbr. 25. gr. laga nr. 87/1995.

Reglugerðin öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi eldri reglugerð um sama efni nr. 110/1992.

Reglugerð

nr. 560/2007 um fljótandi eldsneyti.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr hugsanlegum skaðlegum áhrifum eldsneytis á heilsu fólks og umhverfi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eldsneyti til notkunar í ökutækjum, vinnuvélum, skipum og öðrum tækjum sem búin eru rafkveikju- eða þrýstikveikjuhreyflum, auk eldsneytis til nota í iðnaði og til hitunar.

Reglugerð þessi gildir einnig um metanól sem eldsneyti fyrir flugför, flugmódel og ökutæki í akstursíþróttum.

Reglugerð þessi gildir ekki um eldsneyti, annað en metanól, ætlað til notkunar í flugvélum.

Ákvæði um brennisteinsmagn í fljótandi eldsneyti gilda ekki um eldsneyti ætlað til notkunar við rannsóknir og þróun, olúvinnslu eða olúhrensun, eða til nota í björgunar-, varð- eða herskipum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Bensín: Allar rokgjarnar olíur sem ætlaðar eru til þess að knýja rafkveikjuhreyfla sem notaðir eru í hvers konar tæki og búnað annan en flugvélar.

Bílagasolía (dísilolía) : Gasolía sem einkum er ætluð fyrir vélknúin ökutæki, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Til bílagasolíu telst einnig gasolía til nota á færanlegar vinnuvélar sem ætlaðar eru til nota utan vegar.

Gasolía : Eldsneyti, annað en skipaolía, sem unnið er úr jarðolíu og tilheyrir milli-eimingarsviði, þar sem minna en 65% af rúmmáli eimast við 250°C og þar sem a.m.k. 85% af rúmmáli eimast við 350°C skv. ASTM D86 aðferðinni.

Markaðssetning: Fyrsta afhending eldsneytis gegn greiðslu eða án endurgjalds, í því skyni að dreifa því og/eða nota það hér á landi eða í öðru ríki sem aðild á að Evrópska efnahagssvæðinu.

MARPOL-samningurinn: Alþjóðasamningur frá 1973, um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Skipadísilolía : Skipaolía sem hefur seigju eða eðlismassa á því bili sem gefið er upp fyrir DMB og DMC flokka í töflu 1 í ISO staðli 8217:2005.

Skipagasolía : Skipaolía sem hefur seigju eða eðlismassa á því bili sem gefið er upp fyrir DMA og DMX flokka í töflu 1 í ISO staðli 8217:2005.

Skipaolía (marine fuel): Allt fljótandi eldsneyti sem ætlað er til nota í skipum og bátum, þ.m.t. eldsneyti sem skilgreint er í ISO 8217:2005.

SOx-svæði: Eystrasalt og Norðursjór, þar sem gilda takmarkanir á losun brennisteins skv. VI. viðauka MARPOL-samningsins.

Svartolía: Skipaolía sem ætluð er til nota í skipum og flokkuð er í töflu 2 í ISO staðli 8217:2005. Einnig eldsneyti til nota í föstum brennslustöðvum á landi. Svartolía er unnin úr jarðolíu og flokkast sem þung olía á grundvelli eimingarsviðs þar sem minna en 65% af rúmmáli eimast við 250°C skv. ASTM D86 aðferðinni. Ef ekki er mögulegt að ákvarða eimingarhlutfall fellur eldsneyti einnig undir þennan flokk.

4. gr.

Kröfur til eldsneytis.

Einungis er heimilt að markaðssetja eldsneyti, annað en metanól, sbr. 9. gr., sem uppfyllir kröfur sem settar eru fram í I.-IV. viðauka. Um bensín gildir I. viðauki, um bílagasolíu II. viðauki, um svartolíu, skipadísilolíu og skipagasolíu III. viðauki og um aðra gasolíu IV. viðauki.

Í föstum brennslustöðvum á landi má ekki nota svartolíu með meiri brennisteini en 1%, sbr. III. viðauka, á þeim á svæðum þar sem hættu er á að loftgæði með tilliti til brennisteins fari yfir umhverfismörk fyrir brennisteinsdíoxíð, sbr. reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings, nema annað sé sérstaklega tilgreint í starfsleyfi viðkomandi brennslustöðvar með viðeigandi mótvægisáðgerðum.

Ekki má markaðssetja skipagasolíu sbr. III. viðauka og aðra gasolíu sbr. IV. viðauka sem inniheldur meiri brennistein en 0,1%, á þeim á svæðum þar sem hættu er á að loftgæði með tilliti til brennisteins fari yfir umhverfismörk fyrir brennisteinsdíoxíð, sbr. reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings.

5. gr.

Sérstakar kröfur til skipaolíu.

Söluaðilum skipaolíu er skylt að afhenda kvittun sem Umhverfisstofnun viðurkennir til viðskiptavina sinna þar sem fram koma upplýsingar um brennisteinsinnihald olíunnar. Með sérhverri kvittun skal fylgja dæmigert sýni af þeirri olíu sem afgreidd er, innsiglað og staðfest af söluaðila, sem móttakandi kvittar fyrir. Sýni skal geyma um borð í skipinu í að minnsta kosti 12 mánuði eftir afhendingu olíunnar og kvittun í minnst 3 ár.

Öll skip innan íslenskrar mengunarlögsögu og íslensk skip hvar sem þau eru stödd skulu hafa rétt útfylltar olíudagbækur þar sem fram kemur hvers konar olía er notuð og hve langan tíma tekur að skipta um olíu ef þurfa þykir.

Brennisteinsmagn í skipaolíu íslenskra skipa sem fara um SO_x-svæði, sbr. VI. viðauki MARPOL-samningsins, skal ekki fara yfir 1,5% (m/m).

6. gr.

Eftirlit.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Til að hafa eftirlit með brennisteinsinnihaldi skipaolíu er Umhverfisstofnun eða aðilum í umboði hennar, heimilt að taka sýni úr skipum, tönkum og olíubirgðastöðvum, til nánari greiningar eða fá upplýsingar frá rannsóknastofu olíufélaganna. Einnig er Umhverfisstofnun heimill aðgangur að olíudagbókum skipa og kvittun frá söluaðila olíu þar sem fram koma upplýsingar um brennisteinsinnihald skipaolíu.

7. gr.

Skýrslugjöf.

Umhverfisstofnun skal halda skrá yfir alla sem flytja inn og selja skipaolíu.

Innflytjendur eldsneytis skulu senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga viðurkenndra rannsóknastofa á þeim prófunarþáttum sem tilgreindir eru í I. – IV. viðauka og skulu prófanir vera samkvæmt þeim aðferðum sem þar eru tilgreindar. Tekin skulu sýni til prófunar úr öllum eldsneytisförmum sem fluttir eru til landsins. Skila skal skýrslum fyrir 1. mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

8. gr.

Íblöndunarefni.

Óheimilt er að selja eða setja íblöndunarefni í eldsneyti sem raskað getur efnasamsetningu eldsneytisins þannig að það uppfylli ekki ákvæði í I.-IV. viðauka. Afla skal samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir notkun annarra íblöndunarefna.

9. gr.

Metanól.

Olúinnflytjendum er heimilt að selja vatnsblöndur metanóls til eldsneytis á flugför án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, sbr. ákvæði reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa. Heimildin er bundin því skilyrði að metanólblöndurnar séu tryggilega geymdar og afgreiddar beint á sérstaka geyma í flugförum.

Verslunum er fengið hafa til þess leyfi umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að flytja inn og selja óblandað metanól til eldsneytis á ökutæki í akstursíþróttum. Óblandað metanól skal aðeins afhenda þeim sem náð hafa 18 ára aldri og hafa gilt leyfi til kaupa og notkunar eiturefna.

Seljandi skal færa upplýsingar um selt magn metanóls í þar til gerða sölubók sem Umhverfisstofnun leggur til og skal sölubók skilað til stofnunarinnar við lok hvers árs.

Verslunum er fengið hafa til þess leyfi umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að flytja inn eða selja sem eldsneyti á módelmótora, blöndur metanóls og rísínusólú (laxerólú) eða tilbúinnar olú. Sölu- og innflutningsleyfi skulu bundin nánari skilyrðum um flát, merkingar, færslur í sölubækur, varðveislu o.fl. í samræmi við leyfi viðkomandi verslana.

Módeildsneyti sem inniheldur yfir 10% metanól má aðeins selja eða afhenda þeim sem eru 18 ára eða eldri og hafa gilt leyfi til kaupa og notkunar eiturefna. Ekki þarf þó sérstakt leyfi til kaupanna ef eldsneytið inniheldur meira en 2% rísínusólú (laxerólú).

10. gr.

Undanþágur.

Þegar sérstaklega stendur á getur umhverfisráðherra, að fenginni skriflegri og rökstuddri umsókn hlutaðeigandi og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, veitt heimild til að nota aðra gasólú en bílagasólú á landbúnaðarvélar og vinnuvélar utan vega með þeim skilyrðum sem sett kunna að vera í hverju tilviki. Sé slík heimild veitt, ber að tilkynna hana innflutnings- og söluaðilum sem eru starfandi á hverjum tíma.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, veitt heimild til að nota skipaolíu með hærra brennisteinsmagni en getið er um í 5. gr. vegna prófunar á nýjum mengunarvarnarbúnaði á útblástur skipa. Heimildin er bundin þeim skilyrðum að prófunartími sé að hámarki 18 mánuðir, fylgst sé með losun brennisteins með viðeigandi tæknibúnaði allan prófunartímamann og að losun jafnist á við að notað sé eldsneyti sem uppfyllir kröfur reglugerðar þessarar. Meta skal áhrif vegna losunar frá hreinsibúnaði á vistkerfi í höfnum og árósum. Niðurstöður prófana skulu birtar opinberlega í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að þeim er lokið.

Umhverfisráðherra getur einnig, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, veitt heimild til að nota skipaolíu með hærra brennisteinsmagni en getið er um í 5. gr. að því tilskildu að sett hafi verið upp viðurkennt hreinsikerfi á útblástur eða notuð sé önnur tæknileg aðferð sem takmarkar losun brennisteins þannig að útblástur jafnist á við að notað sé eldsneyti sem uppfyllir kröfur

reglugerðar þessarar. Heimildin er bundin þeim skilyrðum að skráð sé samfellt losun brennisteins með þar til gerðum búnaði og sýnt fram á að losun frá hreinsibúnaði í hafnir, árósa og á viðkvæmum svæðum hafi ekki áhrif á vistkerfi.

11. gr.

Þvingunarúrræði.

Um þvingunarúrræði vegna brota á reglugerð þessari gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og V. kafla laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

12. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Sé brot stórfellt eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum.

13. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 29. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988 og v. tölul. 6. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi tilskipunum (a-e) sem vísað er til í tl. 6 og 6a í XVII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94, þann 21. apríl 1994, nr. 90/2001, þann 14. júlí 2001, nr. 91/2001, þann 14. júlí 2001 og nr. 9/2005, þann 8. febrúar 2005, sem og tilskipun (f) sem vísað er til í tl. 21a í III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2006, þann 29. apríl 2006.

tilskipun 93/12/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti,

tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE,

tilskipun 99/32/EB um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis og breytingu á tilskipun 93/12/EB,

tilskipun 2000/71/EB um að laga mæliaðferðirnar, sem mælt er fyrir um í I., II., III. og IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB, að tækniframförum eins og kveðið er á um í 10. gr. þeirrar tilskipunar,

tilskipun 2003/17 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseldsneytis,

tilskipun 2005/33/EB um breytingu á tilskipun 99/32/EB um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 728/2004, um fljótandi eldsneyti, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði I. viðauka er heimilt til 1. janúar 2009 að flytja inn og selja bensín sem inniheldur brennistein með markgildi allt að 50 mg/kg.

Þrátt fyrir ákvæði II. viðauka er heimilt til 1. janúar 2009 að flytja inn og selja bílagasolíu sem inniheldur brennistein með markgildi allt að 50 mg/kg.

Ákvæði 3. mgr. 4. gr. taka gildi 1. janúar 2010.

Þrátt fyrir ákvæði IV. viðauka er heimilt til 1. janúar 2013 að flytja inn og selja aðra gasolíu sem inniheldur brennistein með markgildi allt að 0,2%, sbr. þó 3. mgr. 4. gr.

Norðursjór telst SOx svæði frá og með 11. ágúst 2007, sbr. 9. mgr. 3. gr.

Fylgiskjal.
(sjá PDF-skjal)

Reglugerð

nr. 178/2008 um markaðssetningu á dýrategundum, sem eru aldar og ræktaðar í sjó eða vatni og eru ekki taldar næmar fyrir tilteknum sjúkdómum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um:

- a) heilbrigðisskilyrði sem hafa áhrif á markaðssetningu á dýrum, sem eru alin og ræktað í sjó og vatni, ásamt hrognum þeirra og sviljum sem eru ekki smitnæm fyrir sjúkdómunum sem um getur í 1. dálki II. skrár í viðauka A við reglugerðir nr. 446/2005 og nr. 511/2005 á svæðum og eldisstöðvum sem hafa viður-kennda áætlun eða stöðu,
- b) fyrirmyndir að flutningsskýrslunni sem kveðið er á um í 1. og 3. tölulið 14. gr. reglugerða nr. 446/2005 og nr. 511/2005,
- c) skrá yfir dýrategundir, sem eru aldar og ræktaðar í sjó og vatni, sem undan-þágan, sem kveðið er á um í 4. tölulið 14. gr. reglugerða nr. 446/2005 og nr. 511/2005, gildir um.

Þessi reglugerð gildir ekki um markaðssetningu beint til manneldis á dýrum, sem eru alin og ræktað í sjó og vatni, hrognum þeirra og sviljum og um getur í 1. mgr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Skilgreiningar reglugerða nr. 446/2005, nr. 511/2005 og nr. 345/2004, gilda um reglu-gerð þessa. Jafnframt gilda skilgreiningar ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2001/288 /EB og nr. 2003/83/EB.

3. gr.

Flutningsskýrslur.

Þegar dýr, sem eru alin og ræktað í sjó og vatni, ásamt hrognum þeirra og sviljum, eru flutt inn á svæði og eldisstöðvar með viðurkennda áætlun eða stöðu, skulu fylgja þeim flutningsskýrslur og þau skulu uppfylla kröfurnar sem um getur í fyrirmyndinni að flutningsskýrslu, sem er sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð, með tilliti til skýringanna í II. viðauka.

4. gr.

Tegundir sem eru ekki smitberar.

Samkvæmt 4. tölulið 14. gr. reglugerða nr. 446/2005 og nr. 511/2005 er í III. viðauka við þessa reglugerð sett fram skrá yfir dýrategundir, sem eru aldar og ræktaðar í sjó og vatni og undanþágan, sem um getur í 1. mgr. 4. töluliðar, gildir um.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum, lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar. Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/390 frá 23. maí 2003. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 192/2008 um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir, rannsóknaraðstoð og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.

1. gr.

Rannsókn refsiverðra brota er í höndum lögreglu í því umdæmi þar sem þau eru framin. Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur.

Sérstakar rannsóknardeildir, sbr. 8. gr. laga nr. 90/1996, annast rannsóknir manndrápa, rána, kynferðisbrota, brenna, alvarlegra fíkniefnabrota, alvarlegra líkamsárása, alvarlegra fjármunabrota, alvarlegra slysa og meiri háttar eldsvoða. Auk þess skulu rannsóknar-deildir annast rannsókn brota telji lögreglustjóri, þar sem brot er framið, að rannsókn þess muni vera umfangsmikil og taka langan tíma.

2. gr.

Lögreglustjóri hefur forræði á rannsókn brota, sem framin eru í umdæmi hans.

Sá lögreglustjóri, sem rannsóknardeild á undir, fer með forræði á rannsókn máls, sem til rannsóknar er hjá rannsóknardeild hans.

Nú fremur maður fleiri en eitt brot í fleiri en einu lögregluumdæmi og skal þá rannsókn þeirra fara fram á vegum eins lögreglustjóra ef unnt er, enda valdi það ekki verulegum tögum á rannsókninni. Rannsókn máls skal sá lögreglustjóri að jafnaði annast, sem fyrstur hóf rannsóknina.

3. gr.

Berist lögreglustjóra í umdæmi sem ekki hefur rannsóknardeild vitneskja um mál sem ber að rannsaka hjá lögreglustjóra sem hefur rannsóknardeild, sbr. 8. gr. lögreglulaga, skal hann þegar tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra, en jafnframt gera þær ráð-stafanir í þágu rannsóknar, sem

ekki má fresta, þar til rannsóknardeildin tekur við rann-sókninni, svo sem frumathugun vettvangs, varðveislu sönnunargagna, handtöku brota-manns og athugun á því meðal viðstaddra hverjir hafi verið vitni að atburði. Þá skal lögreglu-stjórinn veita rannsóknardeild alla nauðsynlega aðstoð.

Verði lögreglustjóra ljóst við framvindu rannsóknar, að hún eigi undir rannsóknardeild, skal hann með sama hætti tilkynna það þegar til viðkomandi rannsóknardeildar.

4. gr.

Ef rannsókn máls er umfangsmikil, flókin eða kallar á ákveðna sérþekkingu, sem ekki er til staðar hjá viðkomandi lögreglustjóra, getur hann óskað eftir aðstoð frá öðru embætti vegna rannsóknar umrædds máls. Ber þeim lögreglustjóra, sem aðstoðarbeiðni er beint til, að verða við ósk um aðstoð, ef slíkt er unnt.

5. gr.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að setja verklagsreglur um samvinnu og samskipti lögreglu-stjóranna.

6. gr.

Einstakar rannsóknaraðgerðir í máli, utan þess lögregluumdæmis þar sem brot er framið, annast lögreglustjóri í því umdæmi sem sá dvelst, sem yfirheyra skal, eða vettvangur sá er eða munir, sem rannsóknaraðgerð lýtur að, sbr. þó 2. mgr. 1. gr. Lögreglustjórar skulu aðstoða hver annan við rannsókn máls, með því m.a. að annast einstakar rannsóknaraðgerðir, eftir beiðni þar um.

Lögreglustjóri getur annast, eða falið undirmanni sínum að annast, rannsóknaraðgerð utan umdæmis síns, ef hætta er á að dráttur á aðgerðum lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi valdi sakarspjöllum. Lögreglustjóra í því umdæmi sem aðgerðin fór fram skal gert viðvart um hana eins fljótt og kostur er.

Við meðferð tiltekins máls geta lögreglustjórar samið um að lögreglustjóri sem annast rannsókn málsins megi annast rannsóknaraðgerð í þágu þess í umdæmi hins.

7. gr.

Lögreglustjórinn á Seyðisfirði skal rannsaka mál vegna innflutnings á fíkniefnum sem upp koma í tengslum við höfnina á Seyðisfirði eða flugvöllinn á Egilsstöðum. Í þeim tilvikum skal hann hafa náð samráð við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu og lögreglu-stjóran á Suðurnesjum, vegna mögulegra tengsla við mál sem til rannsóknar eru hjá þeim embættum. Sama gildir um önnur mál vegna innflutnings fíkniefna sem upp koma í öðrum umdæmum og til rannsóknar eru í sérstökum rannsóknardeildum.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórinn á Suðurnesjum skulu hafa með sér náð og reglubundið samráð og samvinnu vegna rannsóknna mála sem varða innflutning fíkniefna.

8. gr.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu metur, að höfðu samráði við lögreglustjóra í umdæmi þar sem brot var framið, hvort nauðsynlegt sé að senda mann eða menn frá tæknideild til

að aðstoða við vettvangsrannsókn, samkvæmt 4. mgr. 8. gr. lögreglulaga. Synjun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu má skjóta til ríkislögreglustjóra.

Ríkissaksóknari getur lagt fyrir lögreglustjóra að vísa máli til rannsóknardeildar.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 8. gr. og 40. gr. lögreglulaga, nr. 90/1997 með áorðnum breytingum, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 46/2003, öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglu-stjóra við rannsókn opinberra mála nr. 1130/2006 með síðari breytingum.

Reglugerð

nr. 265/2008 um framkvæmd siglingaverndar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglugerð þessi og viðaukar við hana gilda um öll skip, færænlega borpalla, útgerðaraðila, hafnir og aðra aðila, íslenska jafnt og erlenda, sem falla undir lög um siglingavernd nr. 50/2004.

Reglugerðin gildir um alþjóðasjóflutninga og sjóflutninga innanlands. Hún gildir þó ekki um herskip og liðsflutningaskip, farþega- og flutningaskip í innanlandssiglingum, flutningaskip undir 500 brúttótonnum, skip sem eru ekki knúin áfram með vélrænum hætti, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, fiskiskip eða skip sem eru ekki notuð í atvinnuskyni, nema rökstudd ástæða sé til annars.

Markmiðið með reglugerð þessari er að koma á og framkvæma viðeigandi ráðstafanir til að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms, hafna og hafnaraðstöðu, siglinga og skipasamgangna fyrir hryðjuverkum og öðrum vísvitandi ólögumætum aðgerðum. Ráðstafanir sem mælt er fyrir um í reglugerðinni miðast við vástig 1 nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir:

- a. *Áhættumat* (Security assessment): Mat á áhættu gagnvart ógnunum og váatvikum og áætlun um ráðstafanir til að hindra og bregðast við vá.
- b. *Hafnaraðstaða* (port facility): Staður þar sem tengsl skips og hafnar eiga sér stað; þar á meðal svæði svo sem akkerislægi, legusvæði skipa og aðkomuleiðir frá sjó, eftir því sem við á.
- c. *Hafnargæslumaður*: Starfsmaður sem hefur sérstakt hlutverk í tengslum við höfn, hafnaraðstöðu, haftasvæði eða fyrirtæki vegna siglingaverndar s.s. vöktun, gæslu og eftirlit.

- d. *Höfn (port)*: Tiltekið landsvæði og hafsvæði sem skilgreint er í hafnarreglugerð viðkomandi hafnar.
 - e. *Óvottað skip*: Skip sem er ekki með alþjóðlegt siglingaverndarskírteini (ISSC skírteini).
 - f. *Siglingavernd (maritime security)*: Allar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem ætlaðar eru til að vernda sjóflutninga, skip, hafnir, farm, útgerðir og viðeigandi fyrirtæki gegn hryðjuverkum eða ógn sem stafar af vísvitandi ólögætum aðgerðum.
 - g. *Verndarfulltrúi hafnar (port security officer – PSO)*: Sá einstaklingur sem falin er ábyrgð verndaráætlunar tiltekinnar hafnar, þar á meðal framkvæmd, endur-skoðun og viðhald verndaráætlunar hafnar.
 - h. *Verndarfulltrúi hafnaraðstöðu (port facility security officer – PFSO)*: Sá einstaklingur sem falin er ábyrgð verndaráætlunar tiltekinnar hafnaraðstöðu, þar á meðal framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar hafnaraðstöðu.
 - i. *Verndaráætlun: (Security plan)* Áætlun til að tryggja að gerðar séu ráðstafanir til að vernda hafnaraðstöðu, höfn með eina eða fleiri hafnaraðstöðu, skip, einstaklinga og farm og skulu vera í henni fyrirmæli um það hvernig unnið skuli að því markmiði.
 - j. *Viðurkenndur verndaraðili (recognised security organisation)*: Aðili sem býr yfir sérþekkingu á áhættu og áhættugreiningu og viðeigandi þekkingu á skipum og starfsemi hafna, og sem samþykktur hefur verið til að gera áhættumat, eða til skoðana, eða til viðurkenningar eða útgáfu skírteina í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.
 - k. *Vottað skip*: Skip með alþjóðlegt siglingaverndarskírteini (ISSC skírteini).
- Að öðru leyti fer merking hugtaka eftir skilgreiningum í lögum um siglingavernd og samkvæmt reglugerð nr. 474/2007.

3. gr.

Eftirlit.

Siglingastofnun Íslands annast eftirlit og úttektir á siglingavernd eins og kveðið er á um í reglugerð þessari. Skal stofnunin tryggja fullnægjandi og reglubundið eftirlit með verndaráætlunum hafna og framkvæmd þeirra.

Siglingastofnun Íslands er tengiliður (focal point for port security), þ.e. tengiliður við EFTA/ESA, Evrópusambandsins og EES-aðildarríkja til að greiða fyrir, fylgja eftir og upplýsa um beitingu ráðstafana um siglingavernd.

II. KAFLI

Hafnavernd.

4. gr.

Samhæfing verndarráðstafana.

Tryggja skal að verndarráðstafanir hafnar, sem eru innleiddar með þessari reglugerð, séu í samræmi við ráðstafanirnar sem gerðar eru samkvæmt reglugerð nr. 474/2007 með síðari breytingum.

5. gr.

Stjórnvald hafnaverndar.

Eigendur viðkomandi hafnar skulu fela hafnarstjórn að fara með stjórn og ábyrgð hafnaverndar en verndarfulltrúi hafnar fer með daglega stjórn og framkvæmd hafnaverndar.

Hafnarstjórn viðkomandi hafnar skal vera ábyrg fyrir gerð og framkvæmd áhættumats og verndaráætlunar hafnar.

6. gr.

Áhættumat fyrir höfn.

Gera skal áhættumat fyrir hafnir sem falla undir þessa reglugerð. Hafnarstjórn skal láta gera mat á mörkum hafnarsvæðis með tilliti til áhættumats hafnar samkvæmt reglugerð þessari og senda Siglingastofnun Íslands til samþykktar.

Ef siglingaverndaráætlun Íslands og áhættumat hafnaraðstöðu skv. lögum um siglingavernd nr. 50/2004 með síðari breytingum, tekur ekki nægjanlega á áhættumati hafnar að mati Siglingastofnunar Íslands, skal hafnarstjórn láta gera áhættumat hafnar.

Í áhættumati fyrir höfn skal að lágmarki taka tillit til þeirra krafna sem taldar eru upp í viðauka I.

Áhættumat fyrir höfn skal hljóta samþykki Siglingastofnunar Íslands, sem leitar áður umsagnar ríkislögreglustjóra.

7. gr.

Verndaráætlun hafnar.

Með fyrirvara um niðurstöðu áhættumats hafnar skal hafnarstjórn tryggja að verndaráætlun hafnar sé gerð, henni haldið við og hún uppfærð. Verndaráætlun hafnar skal taka á öllum aðstæðum í viðkomandi höfn sem tengjast siglingavernd.

Í verndaráætlunum skal auðkenna, fyrir hvert hinna mismunandi vástiga sem um getur í 8. gr.:

- a. Verklagsreglur sem fylgja á,
- b. ráðstafanir sem eiga að vera fyrir hendi og
- c. aðgerðir sem grípa á til.

Í hverri verndaráætlun hafnar skal að lágmarki taka tillit til krafna sem taldar eru upp í II. viðauka. Þar sem það á við skal verndaráætlun hafnar sérstaklega fela í sér verndar-ráðstafanir vegna farþega og ökutækja á leið um borð í skip sem flytja farþega og ökutæki. Ef um er að ræða alþjóðlega sjóflutningaþjónustu skal Siglingastofnun eiga samstarf við hlutaðeigandi EES-ríki um áhættumat.

Verndaráætlanir hafna skulu samþykktar af Siglingastofnun Íslands áður en þeim er hrint í framkvæmd og getur stofnunin farið fram á að gerðar séu viðeigandi breytingar á þeim. Siglingastofnun Íslands leitar umsagnar ríkislögreglustjóra áður en samþykki á verndaráætlun er veitt.

Hafnarstjórn skal tryggja að eftirlit sé haft með framkvæmd verndaráætlana hafna. Eftirlitið skal samhæft annarri eftirlitsstarfsemi sem fer fram í höfninni.

Hafnarstjórn skal tryggja að fullnægjandi æfingar fari fram, að teknu tilliti til krafanna um grunnverndarþjálfunina sem tilgreind er í III. viðauka.

Áhættumat fyrir hafnir og verndaráætlanir hafna skulu endurskoðaðar eftir því sem við á, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á fimm ára fresti, eins og nánar er kveðið á um í 35. gr. Umfang endurskoðunarinnar skal vera í samræmi við ákvæði 35. gr. eftir því sem við á.

8. gr.

Vástig.

Taka skal upp kerfi um vástig fyrir hafnir eða hluta hafna.

Vástigin skulu vera þrjú samkvæmt skilgreiningu í reglugerð nr. 474/2007:

- a. Vástig 1 er það stig þegar viðeigandi lágmarksverndarráðstöfunum skal beitt öllum stundum.
- b. Vástig 2 er það stig þegar viðeigandi viðbótar verndarráðstöfunum skal beitt tímabundið vegna aukinnar hættu á váatviki
- c. Vástig 3 er það stig þegar grípa skal tímabundið til sértækra verndar- og öryggisráðstafana meðan líkur eru taldar á váatviki eða það er yfirvofandi, þótt e.t.v. sé ekki unnt að benda á tiltekið skotmark.

Ríkislögreglustjóri ákvarðar vástig fyrir hverja höfn eða hluta hafnar samkvæmt lögum um siglingavernd. Á hverju vástigi má ákvarða að beita eigi mismunandi verndarráðstöfunum á mismunandi stöðum innan hafnarinnar með tilliti til niðurstaðna áhættumats fyrir höfn.

Ríkislögreglustjóri sendir til viðeigandi aðila, fyrirtækja og stofnana upplýsingar um vástig sem í gildi er fyrir hverja höfn eða hluta hafnar auk allra breytinga á þeim. Upplýsingar um vástig skal alltaf senda til eftirfarandi:

- a. verndarfulltrúa viðkomandi hafnar,
- b. vaktstöðvar siglinga,
- c. Landhelgisgæslu Íslands,
- d. lögreglustjóra viðkomandi sveitarfélags,
- e. tollstjórans í Reykjavík,
- f. Siglingastofnunar Íslands og
- g. skipa á leið eða í viðkomandi höfn.

9. gr.

Verndarfulltrúi hafnar.

Hver höfn skal hafa verndarfulltrúa hafnar sem er samþykktur af Siglingastofnun Íslands. Heimilt er með samþykki Siglingastofnunar Íslands, að tilnefna sameiginlegan verndarfulltrúa fyrir fleiri en eina höfn.

Verndarfulltrúar hafna skulu gegna hlutverki tengiliðar í málum sem tengjast siglinga-vernd og bera ábyrgð á daglegri framkvæmd hafnaverndar í viðkomandi höfn.

Ef verndarfulltrúi hafnar er ekki hinn sami og verndarfulltrúi hafnaraðstöðu samkvæmt reglugerð nr. 474/2007, skal tryggt að þeir starfi náið saman.

10. gr.

Viðurkenndur verndaraðili.

Tilnefna má viðurkennda verndaraðila til að ná markmiðum þessarar reglugerðar. Viðurkenndir verndaraðilar skulu uppfylla skilyrðin í IV. viðauka og skulu samþykktir af Siglinga-stofnun Íslands.

III. KAFLI

Gæsla, vöktun og afmörkun hafnaraðstöðu og haftasvæða.

11. gr.

Girðingar og afmarkanir.

Eftirfarandi flokkar eru við það miðaðir að sé eftir þeim farið á að vera tryggt að girðingar og afmarkanir uppfylli kröfur ISPS-kóðans, gerða EB og Siglingastofnunar Íslands um aðgangshindranir að hafnaraðstöðu og haftasvæðum (restricted areas). Reglurnar eru miðaðar við vástig 1 og skal bregðast við breytingum á vástigi í samræmi við fyrirmæli verndaráætlunar.

Girðingar og afmarkanir að hafnaraðstöðu og haftasvæðum skulu samþykktar af Siglingastofnun Íslands. Val á girðingum og afmörkunum og umfang ráðstafana til að hindra óviðkomandi aðgang að hafnaraðstöðu og haftasvæðum skal ætíð byggjast á áhættumati viðkomandi hafnaraðstöðu og þeirri verndaráætlun sem í gildi er fyrir hana. Girðingar og afmarkanir hafnaraðstöðu og haftasvæða skal flokka í þrennt:

a. Flokkur I, einföld afmörkun.

1. Tilgangur afmörkunar: Að afmarka hafnaraðstöðu eða haftasvæði og vekja athygli á því með sýnilegum hætti að aðgangur að því sé takmarkaður.
2. Lýsing: Einföld afmörkun (keðja, reipi eða öryggissnúra á færanlegum stólpum). Gagnast fyrst og fremst sem leiðbeining en ekki sem farartálmi.
3. Notkunarvið: Í fáförnum höfnum þar sem skipaumferð er óregluleg (51 eða færri skip á ári sem falla undir siglingavernd) og þar sem umferð er lítil um hafnarsvæði. Einkum efnis- og vöruflytningar og tilfallandi innflutningar. Í undantekningartilfellum getur þetta gilt um hafnir með tilfallandi gáma-útflutning en það er háð samþykki Siglingastofnunar Íslands.

b. Flokkur II, færanleg rimlagirðing.

1. Tilgangur afmörkunar: Að torvelða óviðkomandi aðgang að hafnaraðstöðu eða haftasvæði. Afmörkun skal vera þannig úr garði gerð að einhvern tíma taki að komast yfir eða í gegnum girðinguna.
2. Lýsing: Færanleg rimlagirðing, a.m.k. tveggja metra há, á stöðugum stólpum með það litlum möskvum að erfitt sé að klifra upp þær. Ekki skal vera hægt að lyfta girðingunni með handafli. Lágmarkskrafa um stöðug-leika girðinga er 150 kg/m.
3. Notkunarvið: Í höfnum sem taka á móti farþegaskipum, í höfnum þar sem eru reglulegar siglingar flutningaskipa sem falla undir siglingavernd og þar sem umferð um hafnarsvæði gefur tilefni til.

c. Flokkur III, jarðföst rimlagirðing.

1. Tilgangur afmörkunar: Að hindra óviðkomandi aðgang að hafnaraðstöðu eða haftasvæði.
2. Lýsing: Varanleg rimlagirðing á jarðföstum stólpum með það litlum möskvum að torvelt sé að klifra yfir girðinguna og má möskvastærð ekki vera yfir 5x20 cm (breidd x hæð). Girðingarhæð skal vera a.m.k. 2 metrar. Ef ástæða þykir til vegna mikillar umferðar um svæðið og nágrenni þess, eða til að minnka hættu á að einhver komist yfir girðinguna, má bæta gaddavírstrengjum ofan á girðinguna, sem skulu vera á vinklum sem standa út fyrir hana.
3. Notkunarvið: Í höfnum þar sem skipaumferð og umferð um hafnarsvæði er mikil og regluleg umferð skipa sem falla undir siglingavernd og þar sem eru víðáttumiklir gámavellir og stórar vörugeymslur.

Heimilt er að fjarlægja girðingar í flokki I þegar hafnaraðstaða er ekki notuð til að þjónusta skipaumferð sem siglingaverndin tekur til.

Heimilt er að fjarlægja girðingar í flokki II þegar hafnaraðstaða er ekki notuð til að þjónusta skipaumferð sem siglingaverndin tekur til eða vörur er falla undir farmvernd.

12. gr.

Leiðbeiningar um uppsetningu.

Þegar settar eru upp girðingar í flokki II og III skal tryggja að í næsta námunda við girðinguna utanverða sé ekkert sem auðveldar fólki að fara yfir hana. Bifreiðum og öðrum tækjum sem gætu auðveldað mönnum að brjóta sér leið í gegnum girðinguna eða yfir hana má ekki leggja nær en 2 metrum utanvert við hana. Einnig skal taka tillit til snjóalaga og snjómoksturs.

Girðingum í flokki II og III sem liggja að byggingum skal þannig fyrir komið að tekið sé tillit til húshluta sem skaga yfir þær, s.s. ufsa og dyraskyggna, sem geta auðveldað mönnum að klífa yfir girðinguna.

Bil frá jörðu upp í girðingu má ekki vera meira en 10 cm.

Hlið eru hluti girðingar og skal gera sömu kröfur um styrk þeirra og hæð og til annarra hluta girðingarinnar. Í aksturshliðum á girðingum í flokki II eða III má nota bómur að jafnaði en gera skal ráðstafanir til þess að hægt sé að loka þeim tryggilega fyrir allri umferð ef ástæða er til, s.s. vegna breytinga á vástigi.

Lágmarksbirta við girðingar og hlið skal vera 10 lux.

13. gr.

Jafngildar lausnir.

Ef í ljós kemur, þegar unnið er að gerð áhættumats og verndaráætlunar að aðrar aðferðir en uppsetning girðinga séu tiltækar til að tryggja hafnaraðstöðu og haftasvæði, getur Siglingastofnun Íslands heimilað að beitt sé jafngildum lausnum sem skila sama árangri og girðing myndi gera. Að jafnaði skulu þessar ráðstafanir fela í sér eftirlit og vöktun.

14. gr.

Merkingar og skilti.

Leiðbeininga- og fyrirmælaskilti skulu sett upp sem afmarka hafnaraðstöðu og haftasvæði eftir því sem þörf krefur, þar sem fram kemur að óviðkomandi sé bannaður aðgangur, s.s. „akstur bannaður“ eða „óviðkomandi bannaður aðgangur“. Við hlið skal að lágmarki setja skilti með upplýsingum um að viðkomandi svæði sé haftasvæði og óvið-komandi sé bannaður aðgangur, símanúmer hafnargæslumanns eða verndarfulltrúa auk neyðarnúmersins 112 og leiðbeininga um hvert skuli hafa samband ef váatvik verður.

Leiðbeiningar og fyrirmæli samkvæmt þessari grein skulu að lágmarki vera á íslensku og ensku.

15. gr.

Vöktun sjávarmegin í höfnum.

Fylgjast skal með umferð um hafnarmynni eða innsiglingu og umferð við skipshlið. Vöktun skal viðhöfð með að ekkert fari á milli skips sem liggur í hafnaraðstöðu og aðvífandi skipa. Þessa vöktun má samræma annarri vöktun, fela má skipi þessa vöktun eða hún má fara fram frá landi.

Tryggja skal næga lýsingu þannig að unnt sé að fylgjast með skipshlið og nánasta umhverfi hennar í náttmyrkri. Lágmarksbirta við skipshlið sjávarmegin skal vera 5 lux og skal skip sjá um að uppfylla þessa kröfu.

16. gr.

Girðingar og vöktun með myndavélum.

Myndavélakerfi kemur ekki í stað girðinga en getur verið til viðbótar vöktun og eftirliti. Með notkun myndavéla má t.d. draga úr fjölda hafnargæslumanna sem ella þarf til að sinna gæslu og eftirliti. Í þeim höfnum þar sem hafnaraðstaða og haftasvæði er afgirt með girðingu af flokki II og III, umferð er lítil eða tilfallandi og lýsing er fullnægjandi nægir myndavélavöktun til að uppfylla kröfur um vöktun nema annars sé krafist. Ef myndavélavöktun er notuð skal koma upp upptökubúnaði. Geyma skal upptökur að lágmarki í 4 vikur.

Sé beitt vöktun með myndavélum eða annars konar rafrænni vöktun skal gera viðvart um það í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.

17. gr.

Vöktun og gæsla haftasvæða.

Þær kröfur sem gerðar verða til hafnaraðstöðu eru breytilegar eftir umfangi og starfsemi, en til leiðbeiningar má skipta hafnaraðstöðu í fimm flokka:

- a) Gáma- og stóriðjuhöfn: Hafnaraðstaða skal afgirt, aðgangsstýrð og vöktuð allan sólarhringinn alla daga ársins. Fylgjast þarf með hvað og hverjir fara inn á hafnaraðstöðu og í hvaða erindagjörðum þeir eru. Einnig þurfa gámar sem fara inn á svæðið að vera með farmverndaryfirlýsingu og innsigli í samræmi við kröfur tollyfirvalda. Höfnin getur falið þriðja aðila að sjá um aðgangsstýringu, eftirlit og vöktun, þ.e. skipaútgærð, löndunargengi eða fyrirtæki.
- b) Ólíuhöfn: Hafnaraðstaða skal afgirt, aðgangsstýrð og vöktuð. Þar sem skip sem falla undir siglingavernd hafa reglulega viðkomu (minnst einu sinni í viku) skal vakta allan sólarhringinn með myndavélakerfi eða af hafnargæslumanni/mönnum á meðan skip er í hafnaraðstöðu. Unnt er að fela þriðja aðila framkvæmdina.
- c) Ferju- og farþegaskipahöfn: Hafnaraðstaða skal afgirt með færanlegum eða varanlegum girðingum. Aðgangsstýring, eftirlit og vöktun skal viðhöfð á meðan skip er í hafnaraðstöðu. Farmur sem tilbúin er til útflutnings og fer um borð í skip skal verndaður samkvæmt reglum tollstjórans í Reykjavík. Fylgjast þarf með hverjir fara um hafnaraðstöðuna. Öryggisleit skal fara fram á farþegum í samræmi við verndaráætlun. Heimilt er að fela skipi eða þriðja aðila framkvæmd öryggisleitar. Öryggisleit skal fara fram í aðgangshliði inn á hafnaraðstöðu eða um borð í skipi. Tryggt skal að fullnægjandi ráðstafanir á grundvelli áhættumats séu til staðar sem tryggir að öll ökutæki sem eiga að fara um borð í ferjur, sem eru í ferðum innan-lands eða milli landa, skapi ekki áhættu fyrir skipið, farþega þess og áhöfn eða farm. Ráðstafanirnar sem gripið er til skulu vera þannig að starfsemin gangi sem greiðlegast fyrir sig.
- d) Efnis- og vöruflutningahöfn: Ef umfangið er lítið þá nægir að vera með færanlegar girðingar eða borða og skilti um að óviðkomandi sé bannaður aðgangur, annars skal vera með færanlegar eða varanlegar girðingar. Á meðan upp- og útskipun stendur yfir skulu

hafnargæslumenn á hafnaraðstöðu sinna aðgangsstýringu, eftirliti og vöktun. Unnt er að fela þriðja aðila framkvæmdina. Ef engin starfsemi er meðan skipið liggur við bryggju er unnt að fela áhöfn skipsins að sjá um framkvæmd verndarráðstafana en þó skulu liggja fyrir upplýsingar um hvernig er hægt að ná í verndarfulltrúa og lögreglu og fyrirmæli um hvernig eigi að framfylgja vernd viðkomandi hafnaraðstöðu, s.s. gæslu, eftirliti og vöktun að lágmarki á ensku.

Þar sem flutningaskip sem falla undir siglingavernd hafa reglulega viðkomu (minnst einu sinni í viku) skal svæðið vera lokað með girðingu í flokki II eða III og vaktað með myndavélakerfi eða af hafnargæslumanni/mönnum á meðan skip er í hafnar-aðstöðu.

- e) Tilfallandi innflutningur: Ef aðeins er verið að skipa upp úr skipi nægja aðvörunarborðar og skilti. Aðgangsstýring, eftirlit og vöktun skal viðhöfð en hægt er að fela þriðja aðila eða áhöfn skips framkvæmd þess bæði í uppskipun og á meðan skipið liggur við höfn.

18. gr.

Afhending á vistum og meðhöndlun fylgdarlauss farangurs.

Þegar vistir eru afhentar til flutningaskipa skal umboðsmaður skips, skipstjóri, verndarfulltrúi skips eða útgerð tilkynna um vistirnar til verndarfulltrúa þeirrar hafnar þar sem skip liggur, áður en vistir fara um borð í skip.

Þegar vistir eru afhentar til farþegaskipa skal tilkynna til verndarfulltrúa hafnar um allar vistir sem fara um borð í skip og eftirlit og athugun skal framkvæmd af viðkomandi höfn áður en vistir fara inn á hafnaraðstöðuna. Hægt er að fela verndarfulltrúa skips þessa ábyrgð.

Það er á ábyrgð verndarfulltrúa skips að hafa eftirlit með vistum og fylgdarlausum farangri sem fer um borð í viðkomandi skip nema annars sé óskað. Ef verndarfulltrúi skips óskar eftir að höfn sjái um þessa framkvæmd, skal höfnin viðhafa eftirlit og athugun með afhendingu vista.

19. gr.

Óvottað skip.

Afmarka skal sérstaklega skip sem er óvottað ef það er innan hafnaraðstöðu á sama tíma og vottað skip. Viðhafa skal sérstaka vöktun með óvottaða skipinu. Hægt er að fela þriðja aðila vöktunina.

Ef óvottað skip ætlar að leggjast utan á vottað skip innan hafnar skal verndarfulltrúi hafnar upplýstur um það. Verndarfulltrúi hafnar ber ábyrgð á að upplýsa viðeigandi aðila.

20. gr.

Undanþágur.

Ef fyrir er girðing sem ekki uppfyllir kröfur Siglingastofnunar Íslands er hægt að fá undanþágu stofnunarinnar til að nota þá girðingu. Siglingastofnun Íslands getur gefið fyrirmæli um viðbótarráðstafanir eða breytingar sem gera þarf til þess að fá slíka girðingu samþykkt.

Siglingastofnun Íslands getur gefið tímabundna undanþágu til að komið sé fyrir girðingu sem ekki uppfyllir gerðar kröfur. Getur stofnunin gefið fyrirmæli um viðbótarráðstafanir eða breytingar sem gera þarf til þess að fá slíka girðingu samþykkt tímabundið.

Siglingastofnun Íslands getur heimilað að náttúrulegar hindranir geti komið í stað girðinga.

Siglingastofnun Íslands getur gefið undanþágu frá skilyrðinu um lágmarksbirtu ef notast er við jafngildar lausnir, t.d. ef notað er myndavélakerfi með myndavélum sem hægt er að nota við birtuskilyrði undir 10 lux.

IV. KAFLI

Meðferð trúnaðarskjala.

21. gr.

Trúnaður.

Gæta skal trúnaðar um allar upplýsingar sem tengjast siglingavernd, um starfsemi og aðstæður í höfnum og við mannvirki þeim tengd, þar sem þær geta reynst afar skaðlegar berist þær til aðila sem vilja ógna hafnastarfsemi, fremja þar spellvirki, þjófnaði o.s.frv.

Siglingastofnun Íslands ákveður hvaða aðilar sem hafa aðgang að viðkvæmum svæðum eða meðhöndla trúnaðarmál sem tengjast þessari reglugerð skulu hafa viðeigandi öryggisvottun. Í þessu getur falist að viðkomandi skuli undirgangast öryggisathugun ríkislögreglustjóra í samræmi við lög um siglingavernd.

22. gr.

Aðgangur að trúnaðarupplýsingum.

Aðgangur einstaklinga að trúnaðarupplýsingum ræðst af störfum þeirra innan siglingaverndar.

Verndarfulltrúum er heimilt að veita öðrum aðgang að trúnaðarupplýsingum að því marki sem þeir telja nauðsynlegt vegna starfa viðkomandi eða vegna annarra ástæðna sem varða siglingavernd.

Allir starfsmenn sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum hafna, aðrir en starfsmenn Siglingastofnunar Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, lögreglu- og tollayfirvalda, skulu gera skriflegan samning um trúnaðar- eða þagnarskyldu gagnvart höfninni og skal gera grein fyrir því í verndaráætlun. Skal sá trúnaður haldast þrátt fyrir að starfi eða afskiptum af máli ljúki. Siglingastofnun Íslands áskilur sér rétt til að takmarka hve mikinn aðgang aðilar hafa vegna siglingaverndar. Skila skal til Siglingastofnunar Íslands skrá yfir þá einstaklinga sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna siglingaverndar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að kanna meðhöndlun á trúnaðarupplýsingum og skylt er að láta í té upplýsingar sem stofnunin krefst í því skyni.

23. gr.

Móttaka trúnaðarskjala.

Skjöl siglingaverndar sem flokkuð eru sem trúnaðarskjöl skulu send í ábyrgðarpósti eða boðsend. Komutilkynningar skipa eru undanskildar þessu ákvæði og senda má þær með tölvupósti. Tryggja skal að trúnaðarskjál sé eingöngu meðhöndlað af þeim sem hafa lögmætan aðgang að trúnaðarupplýsingum viðkomandi hafnar eða hafnaraðstöðu, stofnunar eða fyrirtækis.

Ekki má opna trúnaðarskjöl sem tengjast siglingavernd sem koma í ábyrgðarpósti eða eru boðsend nema einhver af skilgreindum tengiliðum innan viðkomandi hafnar eða hafnaraðstöðu, stofnunar eða útgerðarfélags í siglingavernd sé viðstaddur.

24. gr.

Geymsla og dreifing trúnaðarskjala.

Trúnaðarskjöl skal varðveita tryggilega. Útbúa skal á hverjum stað verklagsreglur sem tryggja eiga örugga varðveislu og skjalageymslur sem uppfylla kröfur um varðveislu trúnaðarskjala. Trúnaðarskjöl skulu varðveitt að jafnaði í eitt ár en mikilvægt er að þau séu ekki varðveitt lengur en nauðsyn krefur og skulu forsendur og ástæður fyrir varð-veislu þeirra metnar í úttekkt Siglingastofnunar Íslands eða að jafnaði einu sinni á ári. Ábyrgðar-aðili skal setja sér verklagsreglur um eyðingu trúnaðarskjala.

Áhættumati, verndaráætlunum og öðrum trúnaðarskjölum er dreift á pappír eða á rafrænum geymslumíðli á borð við geisladisk. Hvert eintak er á ábyrgð viðtakanda sem skal tryggja að skjölin séu varðveitt í læstri hirslu og liggja ekki á glámbekk.

V. KAFLI

Aðgangsheimildir og skírteini vegna siglingaverndar.

25. gr.

Verndarfulltrúar og hafnargæslumenn.

Verndarfulltrúi starfar í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða siglingavernd. Skal hann hafa lokið viðeigandi námskeiði Siglingastofnunar Íslands eða sambærilegu námskeiði að mati Siglingastofnunar Íslands. Verndarfulltrúi fær skírteini því til staðfestingar sem gildir í fimm ár. Til að viðhalda réttindum sínum þarf verndarfulltrúi að fara á skyldubundið endurmenntunarnámskeið Siglingastofnunar Íslands eða sambærilegt námskeið að mati Siglingastofnunar Íslands, telji hún þess þörf áður en gildis-tíma skírteinis lýkur.

Verndarfulltrúi skal ávallt hafa skírteinið á sér við störf sín sem verndarfulltrúi og framvísa því ef þess er óskað.

Ef verndarfulltrúi lætur af störfum eða er látinn hætta sem verndarfulltrúi skal hann tilkynna það tafarlaust til Siglingastofnunar Íslands og viðkomandi hafnaryfirvalda. Viðkomandi heldur skírteininu og réttindunum til að starfa sem verndarfulltrúi út gildistíma þess. Ef skírteinið týnist eða eyðileggst ber verndarfulltrúa að tilkynna það strax til Siglingastofnunar Íslands.

Ef verndarfulltrúi brýtur af sér í starfi er Siglingastofnun Íslands heimilt að afturkalla starfsréttindi viðkomandi og innkalla skírteini hans þegar í stað annaðhvort varanlega eða tímabundið.

Hafnargæslumenn skulu hafa lokið viðeigandi námskeiði Siglingastofnunar Íslands eða sambærilegu námskeiði sem uppfyllir kröfur vegna starfans að mati Siglingastofnunar Íslands og skulu þeir viðhalda þekkingu sinni eftir þörfum í samvinnu við Siglingastofnun Íslands.

Hafnargæslumaður skal ávallt hafa skírteinið á sér við störf sín sem hafnargæslumaður og framvísa því ef þess er óskað. Ef skírteinið týnist eða eyðileggst ber viðkomandi að tilkynna það strax til Siglingastofnunar Íslands.

Ef hafnargæslumaður brýtur af sér í starfi er Siglingastofnun Íslands heimilt að afturkalla starfsréttindi viðkomandi sem hafnargæslumaður og innkalla skírteini hans þegar í stað annaðhvort varanlega eða tímabundið.

26. gr.

Aðgangsheimildir.

Einstaklingum, ökutækjum og vinnuvélum skal einungis heimil ferð um og inn á hafnar- aðstöðu og haftasvæði, hafi þeir gildar aðgangsheimildir útgefnar af viðkomandi höfn, fyrirtæki,

stofnun eða aðila sem höfn viðurkennir, s.s. farþegar og áhafnir skipa í farþegaflutningum á eðlilegri leið til og frá skipi enda beri þeir á sér gildar ferðaheimildir sem umráðandi skips eða umboðsmaður hans gefur út. Aðgangsheimildir skulu vera á sýnilegum stað.

Slíkar heimildir eru:

- a. auðkenniskort fyrir aðila,
- b. ökutækjaheimildir fyrir farartæki.

Aðgangsheimildir skulu gefnar út með tiltekinn gildistíma að hámarki 5 ár. Takmarka má heimild við tiltekna mánuði, vikudaga og tilgreindan hluta sólarhrings. Almennt skal heimildin bundin ákveðnu starfi eða starfsemi og er handhafa þá einungis heimilt að nýta heimildina í þeim tilgangi. Láti handhafi af því starfi eða leggi niður þá starfsemi, fellur heimildin úr gildi. Gæta skal að hafa gildistíma ekki lengri en þörf er á.

Aðgangsheimildum skal skilað þegar gildistími er útrunninn, heimild hefur verið afturkölluð eða handhafi lætur af störfum eða lögð hefur verið niður sú starfsemi sem var tilefni heimildar. Óheimilt er að nota aðgangsheimild sé gildistími hennar liðinn.

Undanþegin ákvæðum þessarar greinar eru aðilar, ökutæki og vinnuvélar sem eru í erindum vegna neyðartilvika.

Áhöfnum skipa sem fara með framkvæmd verndarráðstafana er heimilt að láta persónuskilríki einstaklinga nægja sem aðgangsheimildir ef það er í samræmi við samþykktáætlan hafnar.

Nægjanlegt er að starfsmenn lögreglu, tolls og Landhelgisgæslu Íslands framvísi embættis-skilríkjum og ekki er þörf á frekari aðgangsheimildum fyrir þessa aðila.

27. gr.

Fulltrúar stjórnvalds og starfsmenn Siglingastofnunar Íslands.

Starfsmenn hjá Siglingastofnun Íslands sem skilgreindir eru sem fulltrúar stjórnvalds bera sérstök skírteini. Þeir hafa heimild til þess að sinna eftirliti og úttektum á siglingaverndarráðstöfunum samkvæmt lögum og reglum um siglingavernd og gera viðeigandi ráðstafanir ef þess er þörf. Skírteinið veitir aðgang að öllum skipum, hafnaraðstöðu og haftasvæðum og fyrirtækjum vegna siglingaverndar, án þess að frekari aðgangsheimilda sé þörf. Gera skal grein fyrir þessu og taka tillit til í verndar-áætlunum.

Skírteini starfsmanns Siglingastofnunar Íslands veitir aðgang að hafnaraðstöðu vegna vinnu viðkomandi starfsmanns. Gildistími skírteinis fyrir fulltrúa stjórnvalds og starfsmenn Siglingastofnunar Íslands er fimm ár.

Handhafi skírteinis samkvæmt þessari grein skal ávallt hafa skírteinið á sér við störf þar sem siglingaverndarráðstafanir eru viðhafðar og bera það á sýnilegum stað.

Láti handhafi af störfum skal hann skila skírteininu til Siglingastofnunar Íslands, annaðhvort til eyðingar eða tímabundinnar varðveislu. Glatist skírteinið ber starfsmanni að tilkynna það strax til Siglingastofnunar Íslands.

28. gr.

Svipting aðgangsheimildar.

Siglingastofnun Íslands eða hafnarstjórn viðkomandi hafnar er heimilt að svipta aðila aðgangsheimild ef telja verður með framferði aðilans að varhugavert sé að hann hafi aðgangsheimild, vegna brota gegn lögum um siglingavernd og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða

vegna brota gegn reglum viðkomandi hafnar samkvæmt reglugerð þessari. Ákvörðun skal rökstudd og aðila gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin, í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

VI. KAFLI

Framkvæmd siglingaverndar.

29. gr.

Vottanir og siglingaverndarskírteini skipa.

Sérhvert íslenskt skip sem fellur undir lög um siglingavernd skal uppfylla kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 474/2007. Í kjölfarið skal skipið vottað með útgáfu alþjóðlegs siglingaverndarskírteinis (ISSC-skírteini). Siglingaverndarskírteini skips skal endurnýjað á fimm ára fresti.

30. gr.

Gildistími og varðveisla verndaryfirlýsinga.

Gildistími verndaryfirlýsingar skal vera frá þeim tíma þegar skip kemur að hafnaraðstöðu og þar til það áætlað að leggja úr höfn. Hafnir og skip skulu varðveita verndaryfirlýsingu í eitt ár frá því gildistíma hennar lauk.

31. gr.

Tilkynningar skipa.

Hafnir mega ekki taka skip að bryggju nema rík ástæða sé til fyrr en tilkynning (Mandatory All vessels report to Iceland 24 hours before arrival) um skipið hefur borist frá vaktstöð siglinga. Vaktstöð siglinga skal tryggja að upplýsingar um að óvottað skip sé á leið til hafnar berist Siglingastofnun Íslands og verndarfulltrúa hafnar.

Starfsmenn hafna skulu tafarlaust tilkynna vaktstöð siglinga og Siglingastofnun Íslands ef þeir verða varir við ótilkynntar skipakomur er falla undir siglingavernd.

Hafnir skulu varðveita komutilkynningu skips í a.m.k. þrjá mánuði frá þeim tíma sem komutilkynningin barst.

32. gr.

Umboðsmenn skipa.

Umboðsmenn skipa skulu tilkynna Siglingastofnun Íslands um tengiliðaupplýsingar, m.a. um nafn fyrirtækis sem þeir starfa hjá og símanúmer sem hægt er að ná í þá í. Ef breytningar verða á upplýsingum, s.s. símanúmerum skal senda Siglingastofnun Íslands upp-færðar upplýsingar.

VII. KAFLI

Eftirlit með skipa- og hafnavernd.

33. gr.

Heimildir, eftirlit og úttektir.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að framkvæma eftirlit og úttektir samkvæmt lögum og reglum um siglingavernd. Slíkar aðgerðir geta farið fram í samvinnu við til þess bærán utanaðkomandi aðila. Siglingastofnun Íslands skal tryggja fullnægjandi og reglubundið eftirlit með verndaráætlunum hafna og framkvæmd þeirra.

Siglingastofnun Íslands skal framkvæma a.m.k. eina úttekt á 5 ára tímabili á verndarátunum og verndarráðstöfunum vottaðra skipa, hafna og hafnaraðstöðu, en jafn-framt er Siglingastofnun Íslands heimilt að framkvæma tíðari úttektir og skyndi-úttektir til að sannreyna hvort verndarráðstafanir séu fullnægjandi. Fjöldi úttekta og hversu reglulegar þær eru fer m.a. eftir niðurstöðu úttektar á viðkomandi höfn.

Hafnir sem Siglingastofnun Íslands framkvæmir ekki úttekt á skulu skila inn árlega niðurstöðum eigin skoðunar samkvæmt gátlista sem er aðgengilegur á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands. Hafnir skulu skila niðurstöðum eigin skoðunar fyrir 1. desember hvert ár.

Siglingastofnun Íslands skal veittur allur sá aðgangur að skipum, athafnasvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjólum sem hún telur nauðsynlegan vegna ofan-greindra aðgerða. Heimilt er að krefja umráðamenn og starfsmenn aðila sem starfa samkvæmt leyfum útgefnum af Siglingastofnun Íslands um þá aðstoð sem þörf er á við framkvæmd slíkra aðgerða.

Ef óvottað skip er komið í hafnaraðstöðu án þess að komutilkynning hafi borist skal höfnin tilkynna það strax til vaktstöðvar siglinga og Siglingastofnunar Íslands. Verndarfulltrúi hafnar skal krefjast þess að gefin verði út verndaryfirlýsing við við-komandi skip. Höfnin skal gera þær ráðstafanir sem þörf er á í samráði við skipstjóra skips. Höfnin skal einnig framfylgja siglingavernd eins og kveðið er á um í verndaráætlun hafnar-innar, t.d. hvað snertir vöktun og gengið skal eftir því að enginn fari um borð eða frá borði án þess að borin hafi verið kennsl á viðkomandi. Fulltrúi Siglingastofnunar Íslands fer um borð í hið óvottaða skip ef tök eru á og gerir athugun á því í samræmi við reglur siglingaverndar. Athugun getur átt sér stað áður en skip kemur til hafnar, ef fulltrúi Siglinga-stofnunar Íslands telur það nauðsynlegt.

Ef skip með alþjóðlegt siglingaverndarskírteini hefur átt samskipti við skip sem ekki hefur alþjóðlegt siglingaverndarskírteini eða hafnaraðstöðu sem ekki er vottuð getur fulltrúi Siglingastofnunar Íslands farið um borð í skipið ef ástæða þykir til og skoðað það með tilliti til laga og reglna um siglingavernd.

Ef skip er með alþjóðlegt siglingaverndarskírteini en er ekki skráð í fánaríki sem er aðili að SOLAS-samþykktinni getur fulltrúi Siglingastofnunar Íslands farið um borð í skipið ef ástæða þykir til og skoðað það með tilliti til laga og reglna um siglingavernd.

Ef skip er með alþjóðlegt siglingaverndarskírteini og er skráð í fánaríki sem er aðili að SOLAS-samþykktinni er fulltrúa Siglingastofnunar Íslands heimilt að gera skyndiskoðun á því og gera viðeigandi ráðstafanir á grundvelli þeirra.

34. gr.

Yfirlýsing um að hafnaraðstaða uppfylli kröfur um siglingavernd.

Yfirlýsing um að hafnaraðstaða uppfylli kröfur um siglingavernd er gefin að uppfylltum kröfum um siglingavernd. Yfirlýsing skal undirrituð og stimpluð af fulltrúa Siglingastofnunar Íslands, uppfylli hafnaraðstaða kröfur um siglingavernd og gildir hún í 5 ár.

35. gr.

Endurskoðanir á áhættumati og verndaráætlunum hafna og hafnaraðstöðu.

Verndarfulltrúi skal gera eigin skoðun á verndaráætlun að lágmarki einu sinni á ári og senda Siglingastofnun Íslands fyrir 1. desember hvert ár niðurstöður hennar samkvæmt gátlista sem er aðgengilegur á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands. Ef Siglingastofnun Íslands framkvæmir úttekt í viðkomandi höfn þarf verndarfulltrúi ekki að gera eigin skoðun það árið.

Verndarfulltrúi skal endurskoða verndaráætlun hafnar eða hafnaraðstöðu og fá staðfestingu Siglingastofnunar Íslands ef:

- a. breytingar eru gerðar á áhættumati fyrir höfn eða hafnaraðstöðu,
- b. fram kemur við eigin skoðun verndarfulltrúa á verndaráætlun eða við prófun Siglingastofnunar Íslands, ríkislögreglustjóra eða tollgæslunnar á verndaráætlun, verndarráðstöfunum og verndarbúnaði hafnar eða hafnaraðstöðu að misbrestir séu á framkvæmd verndarráðstafana eða ef fram koma grunsemdir um að skipu-lagi eða framkvæmd mikilvægra þátta í verndaráætluninni sé áfátt,
- c. breytingar verða á eignarhaldi eða rekstrarstjórn hafnar, eða
- d. stórar breytingar eru gerðar á höfninni sjálfri.

Reglubundin athugun og endurskoðun verndarfulltrúa á áhættumati skal gera á fimm ára fresti nema upp komi atriði sem kalli á endurskoðun fyrir, t.d. breytingar á skipakomum og utanaðkomandi þáttum er geta aukið hættu hafnar er varða komu skipa til hafnar eða fólks sem þar vinnur, stækkun hafnar eða hafnaraðstöðu eða breytingar á rekstrar-fyrirkomulagi.

Verndaráætlun fyrir hafnir og hafnaraðstöðu gildir í fimm ár frá staðfestingu hennar.

Verndarfulltrúi getur lagt til breytingar á viðurkenndri verndaráætlun á gildistíma hennar að undangenginni hvers konar endurskoðun hennar. Minni háttar breytingar, s.s. á lýsingu og tækjabúnaði þarf ekki að leggja fyrir Siglingastofnun Íslands til samþykktar, en uppfæra þarf verndaráætlun með tilliti til þeirra breytinga.

Breytingatillögur sem leggja þarf fyrir Siglingastofnun Íslands til samþykktar eru:

- a. þær sem í grundvallaratriðum breyta þeim aðferðum sem beitt er til að viðhalda vernd innan hafnaraðstöðunnar,
- b. tillögur um brottflutning, breytingar eða endurnýjun varanlegra hindrana, verndar- eða öryggisbúnaðar og öryggiskerfa sem teljast mikilvæg fyrir vernd hafnaraðstöðunnar og
- c. breytingar á framkvæmd siglingaverndar í höfn eða hafnaraðstöðu.

Verndaráætlanir, breytingar og endurskoðanir verndaráætlana skulu taka gildi án undan-dráttar eftir að hafa hlotið samþykki Siglingastofnunar Íslands.

Siglingastofnun Íslands metur hvort leita skuli umsagnar ríkislögreglustjóra vegna breytinga og endurskoðana verndaráætlana.

36. gr.

Áhættumat og verndaráætlun skipa.

Áhættumat og verndaráætlun fyrir skip skulu gerð í samræmi við reglugerð nr. 474/2007 og endurskoðuð eftir því sem við á, þó eigi sjaldnar en einu sinni á fimm ára fresti.

37. gr.

Hafnaverndarnefnd.

Hafnarstjórn getur skipað hafnaverndarnefnd. Hún skal leita eftir tilnefningum í nefndina frá aðilum sem hagsmuna eiga að gæta vegna hafnaverndar í viðkomandi höfn og hafnaraðstöðu. Upplýsingar um stofnun nefndarinnar skulu sendar Siglingastofnun Íslands sem getur farið fram á að fulltrúi hennar taki þátt í fundum eða að stofnuninni verði sendar fundargerðir nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er m.a. að koma á samráði verndarfulltrúa og annarra aðila sem koma að siglingavernd, t.d. lögreglu, tollgæslu, slökkviliðs, sveitarstjórnar og fyrirtækja. Hún getur m.a. verið hafnarstjórn til ráðgjafar vegna siglingaverndar og tekið þátt í skipu-lagningu æfinga.

Nefndin skal koma saman eftir þörfum og getur Siglingastofnun Íslands farið fram á að haldinn verði fundur í nefndinni.

38. gr.

Ráðstafanir Siglingastofnunar Íslands.

Fari fulltrúi Siglingastofnunar Íslands um borð í skip eða sé hann kallaður til vegna kvartana um bresti í siglingavernd skal jafnan gerð skýrsla um tilefni fararinnar og niður-stöður athugana.

Gerir Siglingastofnun Íslands athugasemdir við siglingavernd í höfn eða hafnaraðstöðu er fulltrúum hennar heimilt, ef ástæða þykir til, að grípa til ráðstafana á borð við að:

- a. gera verndarfulltrúa að bregðast við athugasemdum,
- b. framkvæma endurúttekt,
- c. gera kröfu um verndarráðstafanir,
- d. afturkalla vottun hafnaraðstöðu,
- e. vísa skipum frá hafnaraðstöðu eða höfn.

Gerir Siglingastofnun Íslands athugasemdir við siglingavernd um borð í skipi er fulltrúum hennar heimilt, ef ástæða þykir til, að grípa til ráðstafana á borð við að:

- a. framkvæma skoðun um borð í skipi á sjó, akkerislægi eða við bryggju,
- b. leggja farbann á skip,
- c. gera kröfu um verndarráðstafanir,
- d. senda fánaríki og flokkunarfélagi viðkomandi skips athugasemdir,
- e. krefjast þess að skip verði fært milli hafna,
- f. vísa skipi frá höfn.

Við beitingu úrræða samkvæmt þessari grein skal hafa hliðsjón af þeim hagsmunum sem í húfi eru og ekki ganga lengra en nauðsynlegt er.

39. gr.

Athugasemdir við siglingavernd.

Gerir verndarfulltrúi eða skipstjóri skips eða fánaríki athugasemdir við tilhögun eða framkvæmd siglingaverndar hafnar eða hafnaraðstöðu skal fulltrúi Siglingastofnunar Íslands kallaður til. Hann skal leggja mat á hvort athugasemdirnar séu á rökum reistar. Ef svo reynist vera skal hann stuðla að því að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar. Fulltrúi Siglingastofnunar Íslands sendir greinargerð til fánaríkis sem athugasemdirnar bárust frá, telji hann þess þörf.

Gerir verndarfulltrúi hafnar athugasemdir við tilhögun eða framkvæmd siglingaverndar á skipi skal Siglingastofnun Íslands senda fulltrúa sinn á staðinn ef þess er kostur. Lagt skal mat á tilefni athugasemdanna og skal greinargerð send til fánaríkis viðkomandi skips.

VIII. KAFLI

Viðurlög, gildistaka o.fl.

40. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 15. gr. laga um siglingavernd nr. 50/2004 og VII. kafla laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003 nema þyngri refsing liggja við skv. öðrum lögum.

Hafnarstjórn er heimilt að kæra aðila til lögreglu sem er í heimildarleysi innan hafnaraðstöðu eða haftasvæði sem skilgreind og merkt eru sem svæði, þar sem óvið-komandi er bannaður aðgangur í samræmi við lög um siglingavernd nr. 50/2004.

41. gr.

Innleiðing.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnavernd sem vísað er til í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2006 frá 2. júní 2006, sem birtist í EES-viðauka 44 bls. 13.

Með reglugerðinni eru jafnframt settar reglur sem koma til viðbótar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu og nr. 884/2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar, sem báðar hafa verið innleiddar í íslenskan rétt með reglugerð um vernd skipa og hafnaraðstöðu, nr. 474/2007, með síðari breytingum.

42. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 13. gr. laga um siglingavernd nr. 50/2004 og 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

VIÐAUKAR
(sjá PDF-skjal)

Úr reglugerð

nr. 365/2008 um söfnun gagna um innflutning, geymslu og sölu á eldsneyti.

1. gr.

Orkustofnun skal safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings.

2. gr.

Til að sinna hlutverki sínu samkvæmt 1. gr. er Orkustofnun heimilt að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun, þ.m.t. gagna um innflutning, geymslu og sölu á jarðefnaeldsneyti. Skylt er þeim sem stunda atvinnu-rekstur er varðar framangreint að afhenda stofnuninni gögn samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð

nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi, sbr. reglugerð nr. 634/2008 um breyting á henni.

**I. KAFLI
Tollfrjáls farangur.**

Gildissvið kaflans.

1. gr.

Kaflinn þessi gildir um tollfrjálsan farangur ferðamanna og annarra sem koma til landsins frá útlöndum.

Með farangri er átt við ferðabúnað og annan varning sem hafður er með í ferð, auk varnings að tilteknu hámarki sem fenginn er erlendis, í fari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi.

Kaflinn þessi tekur ekki til skráningarskyldra ökutækja.

Ferðamenn.

2. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum, búsettum hér á landi, er heimilt að flytja eftirtalinn varning inn tollfrjálst:

1. Ferðabúnað og annan farangur sem þeir höfðu með sér í ferð til útlanda.
2. Varningur sem fenginn er erlendis, í fari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi, að verðmæti allt að kr. 65.000, miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera kr. 32.500. Börn innan 12 ára skulu njóta að hálfu réttinda samkvæmt þessum tölulíð.

Ferðamönnum, búsettum erlendis, er heimilt að flytja inn tollfrjálst ferðabúnað og annan farangur sem er hæfilegur miðað við tilgang ferðar og dvalartíma viðkomandi hér á landi, enda verði hann fluttur úr landi á ný við brottför eiganda.

Magn tollfrjálsra matvæla í farangri ferðamanna takmarkast af 1. mgr. 3. gr.

Um tollfrjálsan innflutning ferðamanna á áfengi og tóbaki fer eftir 4. gr.

3. gr.

Matvæli.

Magn matvæla, þ.m.t. sælgæti, sem ferðamönnum er heimilt að flytja inn tollfrjálst skal takmarkast við kr. 18.500 hámarksverðmæti, miðað við smásöluverð á innkaupsstað, og vera að hámarki 3 kg að þyngd.

Matvæli skulu talin með varningi skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.

4. gr.

Áfengi og tóbak.

Auk varnings skv. 2. gr. er ferðamönnum heimilt að flytja tollfrjálst inn áfengi og tóbak sem hér segir:

A. Áfengi.

1. 1 lítra af sterku áfengi og 1 lítra af léttvíni eða
2. 3 lítra af léttvíni eða
3. [1 lítra af sterku áfengi eða 1,5 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.]

B. Tóbak.

1. 200 vindlinga eða
2. 250 g af öðru tóbaki.

Miða skal við að sterkt áfengi sé áfengi sem í er meira en 21% af vínanda að rúmmáli og að léttvín sé áfengi, annað en öl, sem í er minna af vínanda.

- 1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [634/2008](#).

Tollfrjáls farangur skipverja og flugverja í millilandaferðum.

5. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Skipverjum og flugverjum, búsettum hér á landi, er heimilt að flytja eftirtalinn varning inn tollfrjálst:

1. Ferðabúnað og annan farangur sem þeir höfðu með sér í ferð til útlanda.
2. Varning sem fenginn er erlendis, í fari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi, að verðmæti allt að kr. 24.000, miðað við smásöluverð á innkaupsstað, hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð, en kr. 48.000, samkvæmt sömu viðmiðun, hafi þeir verið lengur í ferð. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera kr. 24.000.

Skipverjum og flugverjum, búsettum erlendis, er heimilt að flytja inn tollfrjálst ferðabúnað og annan farangur sem er hæfilegur miðað við tilgang ferðar og dvalartíma viðkomandi hér á landi, enda verði hann fluttur úr landi á ný við brottför eiganda.

Magn tollfrjálsra matvæla í farangri skipverja og flugverja takmarkast af 1. mgr. 3. gr.

Um tollfrjálsan innflutning skipverja og flugverja á áfengi og tóbaki fer eftir 6. gr.

6. gr.

Áfengi og tóbak.

Auk varnings skv. 5. gr. er skipverjum og flugverjum heimilt að flytja tollfrjálst inn áfengi og tóbak sem hér segir:

1. Skipverjum á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila sem eru 15 daga eða lengur í ferð:
 - a. 1,5 lítra af sterku áfengi og 3 lítra af léttvíni eða
 - b. 1,5 lítra af sterku áfengi eða léttvíni og 24 lítra af öli.
 - c. 400 vindlinga eða 500 g af öðru tóbaki.
2. Skipverjum á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila sem eru skemur en 15 daga í ferð:
 - a. 0,75 lítra af sterku áfengi og 1,5 lítra af léttvíni eða
 - b. 0,75 lítra af sterku áfengi eða léttvíni og 12 lítra af öli.
 - c. 200 vindlinga eða 250 g af öðru tóbaki.
3. Flugverjum, þ.m.t. flugverjum í aukaáhöfn, sem eru 15 daga eða lengur í ferð:
 - a. 1 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni eða
 - b. 1 lítra af sterku áfengi eða 0,75 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.
 - c. 200 vindlinga eða 250 g af öðru tóbaki.
4. Flugverjum, þ.m.t. flugverjum í aukaáhöfn, sem eru skemur en 15 daga í ferð:
 - a. 0,375 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni eða

b. 0,375 lítra af sterku áfengi eða 0,75 lítra af léttvíni og 3 lítra af öli.

c. 100 vindlinga eða 125 g af öðru tóbaki.

Um styrkleikamörk sterks áfengis og léttvins skv. 1. mgr. fer eftir 2. mgr. 4. gr.

Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum, er heimilt að taka tollfrjálst aukalega til risnu um borð jafnstóran skammt og þeir mega hafa tollfrjálst skv. 1. mgr.

Ýmis ákvæði.

7. gr.

Almenn skilyrði tollfrelsis skv. 1.-6. gr.

Tollfrelsi skv. 1.-6. gr. er háð þeim skilyrðum að innflytjandi hafi varninginn í eigin vörslu við komu til landsins og geti þá framvísað honum til tollskoðunar og að varningurinn sé fluttur inn til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis er 20 ár og 18 ár að því er varðar tóbak.

Einungis skal heimilt að njóta tollfríðinda samkvæmt kafla þessum einu sinni á hverjum 3 sólarhringum.

8. gr.

Réttindi sem menn eiga samkvæmt þessum kafla verða ekki framseld.

Ef verðmæti varnings er meira en sem nemur tollfríðindum skv. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 5. gr. getur viðkomandi sjálfur ákveðið af hvaða hlutum verði greidd aðflutningsgjöld. Ef verðmæti einstakra hluta er meira en þar greinir, getur viðkomandi notið undanþágu og greitt aðflutningsgjöld af þeim verðmætum sem eru umfram þargreindar fjárhæðir.

Tveir eða fleiri aðilar geta ekki lagt saman heimildir sínar til tollfríðinda til þess að flytja tollfrjálst inn hlut sem er verðmeiri en um ræðir í tilvitnuðum ákvæðum í 2. mgr.

Flytji einstaklingar í ferðahópi inn sameiginlegar matarbirgðir til nota í ferð til landsins, skal það ekki girða fyrir að þeir fái notið tollfríðinda, enda sé það magn matvæla sem tilheyrir hverjum þeirra innan þeirra marka sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr.

9. gr.

Tollfrjáls innflutningur farangurs vegna atvinnu eða náms.

Þeir sem hyggjast dvelja hér á landi tímabundið vegna atvinnu eða náms geta flutt tollfrjálst inn farangur í samræmi við reglur sem gilda um ferðamenn, búsetta erlendis, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Veiting tóbaks undan innsigli í skipum í utanlandsferðum.

Ef skip í utanlandsferðum hefur viðvöl hér samfleytt í sjö daga skal tollstjóri að beiðni útgerðar veita skipverjum undan innsigli, án greiðslu aðflutningsgjalda, 200 vindlinga eða 250 g af öðru tóbaki til hverra sjö daga, enda sé greiddur kostnaður vegna þeirrar afgreiðslu.

11. gr.

Tollfrjáls innflutningur farangurs sem verður viðskila við eiganda.

Tollstjóra er heimilt að leyfa tollfrjálsan innflutning farangurs sem verður viðskila við eiganda, enda sé um að ræða varning sem hefði verið tollfrjáls samkvæmt kafla þessum ef eigandi hefði haft hann í sinni vörslu við komu til landsins.

12. gr.

Upplýsingagjöf vegna farangurs.

Þeir sem koma til landsins frá útlöndum skulu ótilkvaddir gera tollstjóra grein fyrir tollskyldum vörum sem þeir hafa meðferðis svo og þeim hlutum sem eru háðir sérstökum innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni.

Þar sem rauð og græn hlið eru notuð við tollafgreiðslu komufarþega skulu þeir sem eru með tollskyldar vörur eða vörur sem eru háðar sérstökum innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni fara um rautt hlið og framvísa þar varningnum til tollskoðunar. Þeim sem ekki eru með neinn slíkan varning er heimilt að fara um grænt hlið. Farþegar sem velja grænt hlið teljast með því gefa til kynna að þeir hafi engan varning meðferðis sem þeim ber að gera grein fyrir.

Þeir sem eru í áhöfn aðkomufars skulu gera grein fyrir varningi skv. 1. mgr. á sérstöku eyðublaði, hvort sem flytja á hann í land eða nota hann um borð í fari, og jafnframt framvísa vörum sem eru háðar innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni.

13. gr.

Upplýsingagjöf vegna reiðufjár.

Þeir sem koma til landsins og þeir sem fara frá landinu og eru með meira reiðufé í íslenskum eða erlendum gjaldmiðli en sem nemur 15.000¹⁾ evrum skulu ótilkvaddir gera tollstjóra grein fyrir reiðufénu á sérstöku eyðublaði eða framvísa því. Sama skal gilda um ferðatékka og önnur handhafabréf sem ganga manna á milli í viðskiptum.

1) Samkvæmt 3. gr. laga nr. [167/2008](#) var fjárhæð þessi lækkuð í 10.000 evrur.

II. KAFLI

Tollfrjálsar búslóðir.

14. gr.

Gildissvið kaflans.

Kaflí þessi gildir um tollfríðindi vegna búslóða manna sem flytja búferlum til landsins.

15. gr.

Hugtakið búslóð.

Til búslóða teljast í þessu sambandi hvers kyns hreyfanlegir innanstokksmunir og húsbúnaður, húsgögn, búsáhöld og heimilistæki, útvarps- og sjónvarpstæki, hljómflytningstæki, tölvur, málverk, skrautmunir, bækur, hljóðfæri og aðrir heimilismunir. Sama gildir um reiðhjól, búnað og hluti til íþróttaiðkunar, útivistar, veiða eða annarrar tómsundaiðju; söfn ýmiss konar, svo sem frímerkjasöfn og myntsöfn, og muni til persónulegra nota, svo sem fatnað.

Eftirtaldar vörur falla ekki undir undanþágu samkvæmt þessum kafla:

1. Hlutir og búnaður til nota í atvinnuskyni.

2. Skráningarskyld ökutæki, vélknúin farartæki og farartæki til siglinga eða flugs.
3. Hlutir sem jafnan eru vegg- eða gólffastir í híbýlum manna, t.d. innréttingar og parket.
4. Mat- og drykkjarvörur, þ.m.t. áfengi, auk tóbaks.

16. gr.

Almenn skilyrði tollfrelsis búslóða.

Tollfrelsi búslóða er háð eftirtöldum almennum skilyrðum:

1. Innflytjandi hafi haft fasta búsetu erlendis a.m.k. samfelld í eitt næstliðið ár fyrir búferlaflutning til landsins.
2. Innflytjandi og aðrir réttahafar tollfríðindanna, sem taka sér bólfestu hér á landi, verði með skráð lögheimili í landinu í samræmi við lög um lögheimili.
3. Búslóðarmunir séu notaðir, hafi verið í eigu innflytjanda og fjölskyldu hans eigi skemur en í eitt ár og eingöngu ætlaðir til nota við heimilishald viðkomandi hérlandis. Undanþágan tekur þó til ónotaðra búslóðarmuna og búslóðarmuna sem viðkomandi hefur átt í skemmri tíma og ætlar að nota hér á landi, enda sé verðmæti þeirra eigi meira en kr. 140.000.- miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Fjárhæðin gildir fyrir hvern fjölskyldumeðlim 18 ára og eldri en helmingi lægri fjárhæð fyrir þá sem yngri eru.
4. Viðkomandi hafi búslóðina með sér er hann flytur búferlum til landsins eða flytji hana til landsins eigi síðar en innan 6 mánaða frá því að hann tók sér bólfestu hér á landi eða öðlaðist hér lögheimili. Tollstjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem ef dvöl manns hér hefur upphaflega verið ákveðin um skemmri tíma en framlengist síðan til varanlegrar búsetu.

Tollstjóri getur áskilið að innflytjandi sýni fram á að hann uppfylli skilyrði 1. mgr. með skjalfestum hætti, t.d. með því að framvísa dvalarleyfi eða starfssamningi.

III. KAFLI

Tímabundin tollfríðindi vegna ökutækja.

Gildissvið kaflans.

17. gr.

Kaflinn þessi gildir um tollfríðindi þegar ökutæki, skráð erlendis, eru flutt inn til tímabundinnar notkunar og þegar óskráð ökutæki eru keypt hér á landi til notkunar um stundarsakir.

Undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda.

18. gr.

Aðilar sem koma hingað til lands tímabundið.

Þeim sem hyggst dvelja hér á landi í ár eða styttri tíma vegna atvinnu eða ferðalaga er heimilt að flytja inn bifreið, skráða erlendis, án greiðslu aðflutningsgjalda, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Innflytjandi sé með eða hafi verið með fasta búsetu erlendis.
2. Bifreiðin sé ætluð til persónulegra nota innflytjanda og fjölskyldumeðlima hans og annarra sem eru með honum í för og eru búsettir erlendis. Bifreið sem grein þessi tekur til er óheimilt að nota til fólks- eða vöruflutninga í atvinnuskyni.

3. Bifreiðin sé flutt til landsins innan eins mánaðar frá komu viðkomandi til tímabundinnar dvalar.
4. Bifreiðin verði flutt úr landi við lok dvalar viðkomandi í landinu, en þó eigi síðar en innan eins árs frá komu innflytjanda til landsins. Ekki skal hafa áhrif í þessu sambandi þó viðkomandi fari um stundarsakir af landi brott, t.d. í leyfi frá vinnu eða námi, enda vari slík fjarvera eigi lengur en í 6 vikur á 12 mánaða tímabili.

Ferðamönnum er jafnframt heimilt að flytja inn með sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr. önnur ökutæki en bifreiðar, s.s. bifhjól, fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna.

Tollstjóri getur áskilið að innflytjandi bifreiðar samkvæmt þessari grein sýni fram á það með skjalfestum hætti að hann hyggist dvelja tímabundið í landinu eigi lengur en eitt ár, t.d. með því að framvísa tímabundnum starfssamningi eða tímabundnum leigusamningi um íbúðarhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

19. gr.

Kaup bifreiðar hér á landi til persónulegra nota um stundarsakir og endurútflytningu.

Þeim sem um ræðir í 18. gr. er heimilt að festa kaup á nýrri, óskráðri bifreið, hér á landi, sem skal með sömu skilyrðum, að breyttu breytanda, vera undanþegin aðflutningsgjöldum.

20. gr.

Ferðapjónustuaðilar.

Ferðaskrifstofum og öðrum sem hafa atvinnu af skipulagningu hópferðalaga um landið, er heimilt að flytja inn hópþbifreið, skráða erlendis, án greiðslu aðflutningsgjalda, til nota vegna ferðar tiltekins hóps ferðamanna, búsettra erlendis, hingað til lands, enda verði hún flutt úr landi á ný við brottför viðkomandi ferðamannahóps.

21. gr.

Tímabundinn innflutningur eftirvagns vegna vöruflutninga milli landa.

Þeim sem flytja vörur milli Íslands og annarra landa er heimilt að flytja inn um stundarsakir, án greiðslu aðflutningsgjalda, eftirvagn, skráðan erlendis, til nota við flutningana.

22. gr.

Eldsneyti og varahlutir.

Uppfylli innflytjandi skilyrði 18. og 20. gr. til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis er honum heimilt að flytja til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda:

- a. eldsneyti sem rúmast í innbyggðum eldsneytisgeymum ökutækisins þó að hámarki 200 lítra.
- b. varahluti í ökutækið ef það bilar eða verður fyrir tjóni.

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Aðflutningsgjöld af leigu eða áætlaðri leigu.

Greiðsla aðflutningsgjalda að hluta skv. 6. tölul. 7. gr. tollalaga er háð því skilyrði að ökutæki verði notað hér á landi að hámarki í 12 mánuði. Ákveði innflytjandi að nota ökutækið hér

á landi lengur en í eitt ár skal hann þá þegar gefa sig fram við tollstjóra. Skal þá uppgjör aðflutningsgjalda eiga sér stað. Greidd aðflutningsgjöld skv. 6. tölul 7. gr. tollalaga skulu koma til frádráttar álögðum aðflutningsgjöldum.

24. gr.

Tímabundin dvöl framlengd eða tekin upp varanleg búseta.

Tollfríðindi samkvæmt þessum kafla, sem eru bundin skilyrði um að dvöl réttþafa í landinu sé tímabundin og vari ekki lengur en í eitt ár, skulu falla niður ákvæði aðili að dvelja hér á landi lengur en í eitt ár eða að taka hér upp varanlega búsetu. Þegar ákvörðun um slíkt liggur fyrir, skal aðili þá þegar gefa sig fram við tollstjóra á dvalarstað og gera honum grein fyrir ákvörðuninni. Skal þá uppgjör aðflutningsgjalda eiga sér stað, nema ökutækið sé flutt úr landi.

25. gr.

Skráning, ábyrgðartrygging o.fl.

Um skráningu ökutækja samkvæmt þessum kafla fer eftir reglugerðum um skráningu, ábyrgðartryggingu og önnur skilyrði varðandi notkun erlendra ökutækja og um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi sem samgönguráðherra setur samkvæmt umferðarlögum.

IV. KAFLI

Annar tímabundinn innflutningur.

26. gr.

Gildissvið.

Kafla þessi gildir um tollfríðindi þegar vörur eru fluttar inn tímundið, sem 7. gr. tollalaga tekur til og falla ekki undir III. kafla reglugerðar þessarar.

Tollfríðindi samkvæmt þessum kafla taka ekki til matar- og drykkjarvara.

27. gr.

Vörusvið.

Heimilt er að flytja eftirtaldar vörur inn tímundið og án greiðslu aðflutningsgjalda, enda sé magn þeirra eðlilegt og hæfilegt miðað við tilgang innflutningsins:

1. Vörur til sýningar, s.s. á viðskipta- eða iðnsýningum, þ.m.t. sýningarbásar og skreytingar.
2. Tæki og annar búnaður, prentað efni, ritföng o.þ.u.l. til notkunar á ráðstefnum, fundum eða til hátíðahalda. Ákvæði þetta tekur m.a. til:
 - a. Tölva og tækjabúnaðar.
 - b. Búnaðar sem ætlaður er til þess að tryggja öryggi þátttakenda.
 - c. Prentaðs efni, dúka og borðbúnaðar sem t.d. ber merki viðkomandi fyrirtækis.
 - d. Vara að óverulegu verðmæti sem ætlaðar eru sem viðurkenningar til þátttakenda.
3. Keppnisbúnað íþróttamanna, sem koma hingað til lands til æfinga eða keppni, s.s. ökutækja og varahluta í þau, íþróttabúninga o.þ.u.l.
4. Hljóðfæri, leikmuni og annan búnað listamanna, sem koma hingað til lands til þátttöku í hljómleikum eða listsýningum.
5. Tæki og annar búnað vísindamanna sem koma hingað til lands vegna rannsókna.

6. Búnað kvikmyndagerðar- og fjölmiðlamanna, sem koma hingað til lands til kvikmyndagerðar eða efnisöflunar.
7. Björgunartæki og -búnað aðila sem koma hingað til lands til björgunarstarfa.
8. Atvinnutæki og annan búnað verktaka sem koma hingað til lands til að vinna tiltekið verk. Vörusvið þessa töluliðar er sama vörusvið og gildir um verktaka samkvæmt auglýsingu nr. 25/1970, um aðild Íslands að tollasamningi varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum.
9. Vélar, tæki og önnur áhöld sem flutt eru til landsins til reynslu um stuttan tíma.
10. Vörur sem fluttar eru til landsins til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, þ.m.t. aðvinnslu til þess að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum.
11. Vörur sem A.T.A. ábyrgðarskjal tekur til, sbr. auglýsingu nr. 24/1970, um aðild Íslands að tollasamningi varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynningar eða notkunar á sýningum, vörusýningum, fundum og við svipuð tækifæri og auglýsingu nr. 25/1970, um aðild Íslands að tollasamningi varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum.

28. gr.

Aðflutningsgjöld af leigu eða áætlaðri leigu.

Heimilt er að flytja inn tímabundið stærri tæki, m.a. ökutæki til fólks- og/eða vöruflutninga eða sérstakra nota, s.s. vélar og tæki til byggingarstarfsemi eða jarðvegsflutninga, gegn greiðslu aðflutningsgjalda af leigu fyrir tækin. Liggi leiguverð tækis ekki fyrir skal reikna aðflutningsgjöld af áætlaðri leigu sem ákvörðuð skal sem 1/60 hluti tollverðs eins og það er ákveðið skv. V. kafla tollalaga, sbr. VII. kafla reglugerðar um vörslu og tollmeðferð vöru, fyrir hvern byrjaðan mánuð frá lokum hins fyrsta mánaðar frá komudegi þess til landsins.

Ákveði innflytjandi að nota tækið hér á landi lengur en í eitt ár skal hann þá þegar gefa sig fram við tollstjóra. Skal þá uppgjör aðflutningsgjalda eiga sér stað. Greidd aðflutningsgjöld skv. 6. tölul. 7. gr. tollalaga skulu koma til frádráttar álögðum gjöldum.

29. gr.

Tryggingar.

Innflytjendur skulu setja ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem fluttar eru inn tímabundið samkvæmt þessum kafla, nema annað leiði af ákvæðum 2. mgr. Trygging má vera fjártrygging, skilyrðislaus ábyrgð viðskiptabanka, sparisjóðs eða váttryggingafélags eða A.T.A. ábyrgðarskjal, ef um slíkt er að ræða.

Aðilar sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum þurfa ekki að setja tryggingu skv. 1. mgr.

30. gr.

Tímalengd heimildar til tímabundins innflutnings.

Tollstjóra er heimilt að veiti leyfi til tímabundins innflutnings í allt að 12 mánuði.

V. KAFLI

Tollfríðindi vegna gjafa, arfs o.fl.**Gildissvið.**

31. gr.

Kaflí þessi gildir um tollfríðindi vegna gjafa og annars tiltekins varnings sem fluttur er inn án endurgjalds.

Undanþágur samkvæmt þessum kafla taka ekki til skráningarskyldra ökutækja, vélknúinna farartækja eða áfengis og tóbaks.

Gjafir.

32. gr.

Tækifærisgjafir.

Tækifærisgjafir sem aðilar búsettir erlendis senda til landsins eða hafa meðferðis frá útlöndum vegna tilefna sem tengjast einkalífi, svo sem vegna jóla, afmælis eða fermingar, eru undanþegnar aðflutningsgjöldum, enda sé verðmæti þeirra að hámarki kr. 10.000 miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Sé verðmætið meira skal reikna aðflutningsgjöld af því verðmæti sem er umfram þá fjárhæð. Brúðargjafir eru undanþegnar aðflutningsgjöldum án tillits til verðmætismarkanna, enda séu þær eðlilegar og hæfilegar að mati tollstjóra og fluttar inn eigi síðar en 6 mánuðum frá brúðkaupi.

Hver gjöf skal metin sérstaklega með tilliti til framangreindra skilyrða ef í vörusendingu eru gjafir til tveggja eða fleiri aðila eða gjafir frá tveimur eða fleiri aðilum til sama aðila sem sýnt þykir að hafi af hagkvæmnisástæðum verið pakkað saman til flutnings.

33. gr.

Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi.

Tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur sem gefnar eru til nota í starfssemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnarfélaga, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi, eru undanþegnar aðflutningsgjöldum. Undanþágan er háð því skilyrði að ekki séu fjárhagsleg tengsl á milli gefanda og gjafþega.

Við tollafgreiðslu gjafar sem grein þessi tekur til skal liggja fyrir skrifleg yfirlýsing gefanda um gjöfina og tilgang hennar, ásamt staðfestingu gjafþega um að hún verði nýtt í viðkomandi starfsemi.

34. gr.

Gjafir til opinberra aðila.

Gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða opinberum stofnunum eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki skulu undanþegnar aðflutningsgjöldum, enda beri fylgigögn með sér að um sé að ræða gjöf og fyrirsvarsaður gjafþega staðfesti viðtöku hennar.

35. gr.

Tæki og búnaður til vísindarannsóknna.

Tæki og búnaður til vísindarannsókna sem vísindastofnanir kaupa fyrir styrki eða eiga kost á endurgjaldslaut frá erlendum aðilum til láns eða eignar skal undanþeginn aðflutningsgjöldum, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Tækin og búnaðurinn verði nýttur beint til rannsóknarstarfa hjá viðkomandi stofnun.
2. Fyrir liggja formleg staðfesting á styrkveitingu, láni eða gjöf, eftir því sem við á, og yfirlýsing viðkomandi vísindastofnunar um viðtöku vörunnar.
3. Nemi styrkur hluta af verðmæti vöru, skal reikna aðflutningsgjöld af því verðmæti sem er umfram styrkfjárhæð.
4. Sé um að ræða gjöf skulu ekki vera fjárhagsleg tengsl á milli gefanda og gjafþega.

Arfur.

36. gr.

Notaðir munir sem aðilar búsettir hér á landi fá í arf erlendis eru undanþegnar aðflutningsgjöldum, enda hafi arfláti verið búsettur þar. Tollstjóri getur áskilið að innflytjandi leggi fram vottorð skiptaráðanda.

Undanþága samkvæmt þessari grein nær ekki til arfs sem greiddur er fyrirfram og ekki til varnings sem notaður hefur verið í atvinnuskyni.

Farangur þeirra sem látist hafa erlendis.

37. gr.

Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis eru undanþegnar aðflutningsgjöldum, enda sé um að ræða notaða muni.

Heiðursmerki og verðlaun.

38. gr.

Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum eru undanþegin aðflutningsgjöldum, sem og verðlaun sem aðilar búsettir hér á landi vinna til erlendis, svo sem vegna íþróttáfreka. Tekur undanþágan til verðlaunagripa og annarra verðlauna sem eru að verðmæti allt að kr. 100.000.

Undanþága skv. 1. mgr. tekur hvorki til vinninga í happdrættum eða getraunum né vara sem tengjast markaðssetningu eða söluátaki.

VI. KAFLI

Vörur undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning.

39. gr.

Eftirfarandi vörur skulu undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning:

1. Loftför og skip. Undanþága þessi nær ekki til loftfara til einkanota, skipa undir 6 metrum að lengd eða skemmtibáta.
2. Listaverk sem flokkast undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000 og listamaðurinn sjálfur flytur inn eða flutt eru inn á hans vegum.
3. Ritað mál sem sent er án endurgjalds til vísindastofnana, bókasafna og annarra opinberra stofnana, án tillits til í hvaða formi efnið er, enda sé innflutningurinn ekki í viðskiptaskyni.
4. Vörur, þó ekki áfengi eða tóbak, sem skráðir aðilar skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, flytja inn, enda sé fob-verð sendingar að hámarki kr. 1.500. Skilyrði undanþágu er að um sé að ræða vöru sem heimilt væri að innskatta virðisaukaskatt af, ef hann væri lagður á, skv. 16. gr. laga nr. 50/1988.

VII. KAFLI

Tollfríðindi vegna stjórn mála- og ræðissambands.

40. gr.

Eftirtaldar vörur skulu undanþegnar aðflutningsgjöldum við innflutning:

Vörur sem fluttar eru inn fyrir sendiráð erlendra ríkja, sendierindreka og heimilisfólk hans, skrifstofu- og tæknistarfsmenn sendiráðs og heimilisfólk þeirra í samræmi við 36. gr. og 37. gr. Vínarsamningsins um stjórn málasamband, sbr. fylgiskjal I við lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband.

Vörur sem fluttar eru inn fyrir ræðisskrifstofur erlendra ríkja, sendiræðiserindreka og heimilisfólk hans, ræðisstarfsmenn og ræðisskrifstofur kjöræðismanna erlendra ríkja í samræmi við 50. gr. og 62. gr. Vínarsamningsins um ræðissamband, sbr. fylgiskjal I við lög nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

VIII. KAFLI

Sýnishorn verslunarvara, hugbúnaðargögn og auglýsingaefni.

41. gr.

Eftirtaldar vörur eru undanþegnar aðflutningsgjöldum við innflutning:

1. Sýnishorn verslunarvara, þó ekki áfengi eða tóbak, og auglýsingaefnis, að verðmæli allt að kr. 5000, enda beri sendingin með sér að um sé að ræða sýnishorn vöru. Þó skal slík vara undanþegin aðflutningsgjöldum þótt uppgengið verðmæti sé meira, hafi varan verið gerð ónothæf sem almenn verslunarvara. Verðlítill sýnishorn og auglýsingaefni fyrir innflutta sýningarvöru, sem ætlað er til ókeypis dreifingar á sýningu, skal jafnframt undanþegið framangreindum verðmætismörkum.
2. Hugbúnaðargögn sem send eru hingað til lands án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.
3. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar.

IX. KAFLI

Búnaður björgunarsveita.

42. gr.

Björgunarbúnaður og björgunartæki, önnur en ökutæki, sem björgunarsveitir eða viðurkennd heildarsamtök þeirra flytja inn eru undanþegin aðflutningsgjöldum enda verði þau eingöngu nýtt í starfsemi björgunarsveitar. Tollstjóri getur áskilið að viðurkennd heildarsamtök björgunarsveita lýsi því yfir að um sé að ræða björgunartæki og -búnað sem verða eingöngu nýtt til starfsemi björgunarsveitar.

Ökutæki, sérútbúin til björgunarstarfa, sem björgunarsveitir eða viðurkennd heildarsamtök þeirra flytja inn, eru undanþegin virðisaukaskatti enda séu skilyrði niðurfellingar vörugjalds skv. 17. gr. reglugerðar nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, uppfyllt.

Tæki og búnaður sem er undanþeginn aðflutningsgjöldum samkvæmt þessari grein skal auðkenndur sérstaklega með nafni heildarsamtakanna eða viðkomandi björgunarsveitar.

X. KAFLI

Undanþágur frá greiðslu tolla og vörugjalda af aðföngum til ýmissar atvinnustarfsemi.

Gildissvið kaflans.

43. gr.

Kaflinn þessi gildir um undanþágu tolls og vörugjalds, eftir því sem við á, af aðföngum til atvinnustarfsemi á eftirtöldum sviðum:

1. Við framleiðslu iðnaðarvara. Undanþágan gildir ekki um skipasmíðar og skipaviðgerðir.
2. Við framleiðslu garðyrkjuafurða.
3. Við kvikmyndagerð og hljóðvinnslu.
4. Til flugrekstrar.

Um undanþágu vörugjalds af hráefni, efnivörum og hlutum í framleiðsluvörur gilda ákvæði 5. og 10. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Almenn skilyrði.

44. gr.

Almenn skilyrði undanþágu gjalda samkvæmt þessum kafla eru:

1. Að aðföngin falli undir vörusvið viðkomandi atvinnustarfsemi eins og því er lýst í þessum kafla.
2. Aðföngin séu ætluð aðilum sem:
 - a. stunda atvinnurekstur sem veitir rétt til undanþágu samkvæmt þessum kafla,
 - b. hafa tiltekin starfs- og rekstrarleyfi, t.d. iðnaðarleyfi eða flug-rekstr-ar-leyfi, og
 - c. hafa tilkynnt atvinnureksturinn til skráningar hjá skattstjóra sé það áskilið, skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.
3. Að aðföngin verði eingöngu notuð í viðkomandi atvinnustarfsemi.

Framleiðsla iðnaðarvara.

45. gr.

Tollur skal felldur niður eða endurgreiddur af eftirtöldum aðföngum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara:

1. Hráefni, efnivörum og hlutum í iðnaðarvörur, þó ekki vörum sem bera magntoll samkvæmt tollskrá í viðauka I við tollalög.
2. Umbúðum fyrir framleiðsluvörur.
3. Vélum, vélarhlutum og varahlutum til vinnslu á framleiðsluvörum.

Vörugjald skal ennfremur felldur niður eða endurgreitt af vörum sem falla undir 3. tölul. 1. mgr.

Til iðnaðar í þessu sambandi telst framleiðsla vöru sem fellur undir iðnaðarlög, nr. 42/1978, með síðari breytingum, ef frá er talin óveruleg aðvinnsla aðfanga, s.s. pökkun, umbúðaskipti, átöppun, blöndun, flokkun, einföld samsetning vöruhluta, festing merkja eða annarra auðkenna á vörur.

Þyki vafi leika á því hvort starfsemi teljist vera framleiðsla iðnaðarvöru, skal tollstjóri leita áhlits iðnaðarráðuneytisins.

Kvikmyndagerð og hljóðvinnsla.

46. gr.

Tollur og vörugjald skulu felld niður eða endurgreidd af tækjum og miðlum til kvikmyndagerðar og hljóðupptöku. .

Aðföng sem undanþága gjalda skv. 1. mgr. nær til eru m.a. eftirfarandi:

1. Hátalarar og magnarar (úr vörul. nr. 8518).
2. Hljóðflutnings- og hljóðupptökutæki o.þ.h. (úr vörul. nr. 8519).
3. Myndflutnings- og myndupptökutæki o.þ.h. án móttökubúnaðar (úr vörul. nr. 8521).
4. Óáteknir miðlar til hljóðupptöku og kvikmyndafilmur (úr vörul. nr. 8523 og 3702).
5. Myndskjáiir án móttökubúnaðar (úr vörul. nr. 8528).
6. Kvikmyndavélar (úr vörul. nr. 9007).
7. Lampar og ljósabúnaður og perur í þann búnað (úr vörul. nr. 8539 og 9405).
8. Loftnet og myndlyklar (úr vörul. nr. 8528 og 8529).

Framleiðsla garðyrkjuafurða.

47. gr.

Tollur og vörugjald skulu felld niður eða endurgreidd af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Aðföng sem undanþága gjalda skv. 1. mgr. nær til eru m.a. eftirfarandi:

1. Græðlingar, gróðurkvistur án róta, sáðplöntur og aðrar smáplöntur, sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar hér á landi (úr 6. kafla tollskrár).
2. Kartöfluútsæði flutt inn á tímabilinu 1. mars til 30. apríl (úr tollskrárn. 0701.1000).
3. Háprýstiperur til lýsingar í gróðurhúsum (úr tollskrárn. 8539.3900).
4. Háprýstilampar til lýsingar í gróðurhúsum (úr tollskrárn. 9405.1009).
5. Forsmíðuð gróðurhús (úr tollskrárn. 9406.0009).

Tollstjóri getur áskilið að réttthafi afli staðfestingar Landbúnaðarstofnunnar á því að vörur sem undanþága nær til séu ætlaðar eða hafi verið notaðar til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Flugrekstur.

48. gr.

Tollur og vörugjald skulu felld niður eða endurgreidd af aðföngum sem ætluð eru til nota um borð í flugvélum, þ.m.t. þylum, til viðgerða eða annarrar aðvinnslu þeirra.

Vörur sem undanþága gjalda skv. 1. mgr. nær til eru m.a. eftirfarandi:

1. Varahlutir, dekk, rafmagnsvörur til nota um borð í flugvélum, hvers kyns fylgifé og búnaður sem nýttur er um borð í flugvélum, þ.m.t. björgunarbúnaður.
2. Verkfæri og annar búnaður sem nýttur er við viðgerðir og viðhald flugvéla.
3. Smurolíá, bón- og hreinsiefni, þéttiefni og málning á flugvélar.
4. Bréfsefni sem nýtt er í tengslum við flug, s.s. flugvéladagbækur og merkimiðar.

Ýmis ákvæði.

49. gr.

Skráðir réttthafar.

Sá sem á rétt á undanþágu tolls og/eða vörugjalds samkvæmt þessum kafla skal senda tollstjóra í því umdæmi þar sem hann á lögheimili sérstaka tilkynningu til skráningar, þar sem fram koma upplýsingar um þá starfsemi sem um ræðir og þau aðföng sem hann hyggst afla sér.

Tollstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila uppfylli hann skilyrði til undanþágu samkvæmt kaflanum. Staðfesting tollstjóra veitir honum heimild til þess að flytja aðföngin til landsins án greiðslu gjalda eða til þess að fá gjöldin endurgreidd eftirá í samræmi við efni staðfestingarinnar.

50. gr.

Viðskiptamenn skráðra réttthafa.

Aðili, sem selur skráðum réttthafa skv. 49. gr. aðföng, sem eru undanþegin tolli og/eða vörugjaldi samkvæmt staðfestri tilkynningu tollstjóra, á rétt til niðurfellingar eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda eftir því sem við á af aðföngunum, gegn staðfestingu skráðs réttthafa skv. 49. gr. um kaupin.

51. gr.

Bókhald.

Rétthöfum skv. 49. gr. og aðilum sem selja þeim aðföng ber að haga bókhaldi sínu með þeim hætti að unnt sé að staðreyna að sala eða nýting vöru, sem gjöld hafa verið felld niður eða endurgreidd af, sé í samræmi við heimildir réttthafa.

XI. KAFLI

Undanþágur vegna endursendingar vöru til útlanda eða hingað til lands.

52. gr.

Gildissvið kaflans.

Kaflí þessi gildir um undanþágu aðflutningsgjalda vegna endursendingar vöru, annað hvort hingað til lands eða til útlanda.

53. gr.

*Ráðstöfun vöru til útlanda, í tollfrjálsa verslun,
tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði.*

Tollstjóri skal fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af innfluttri, ónotaðri vöru sem er seld til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði, innan árs frá komudegi flutningsfars til landsins. Sama gildir um ótollafgreidda vöru, sem send er ónotuð til útlanda.

Beiðni um undanþágu skv. 1. mgr. skal látin tollstjóra í té innan 6 mánaða frá brottför flutningsfars eða eftir atvikum sölu hennar í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði. Nauðsynleg staðfestingarskjöl skulu liggja til grundvallar beiðni, s.s. staðfesting tollstjóra á sölureikningi, staðfesting þess að tollskoðun vöru hafi farið fram, kvittun fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af vörunni og viðeigandi gögn til staðfestingar á útflutningi vörunnar.

54. gr.

Endursending vara, þ.m.t. umbúða, hingað til lands.

Vörur, þ.m.t. umbúðir, sem eru endursendar hingað til lands frá útlöndum skulu vera undanþegnar aðflutningsgjöldum, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Aðflutningsgjöld hafi ekki verið endurgreidd við útflutning þeirra.
2. Vara sé flutt á ný til landsins innan árs talið frá útflutningsdegi hennar, nema tollstjóri heimili lengri frest.

Beiðni um undanþágu skv. 1. mgr. skal látin tollstjóra í té innan 6 mánaða frá komu flutningsfars til landsins.

XII. KAFLI

Undanþágur vegna galla, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda eða vöntunar.

55. gr.

Galli.

Tollstjóri skal lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem reynist gölluð, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Varan sé ónotuð. Þó er heimilt að veita undanþágu í tilvikum þegar galli kemur fyrst í ljós við notkun, enda sé hann þess eðlis að ekki hafi verið unnt að ganga úr skugga um hann fyrir.
2. Erlendi seljandinn samþykki að varan sé endursend til útlanda eða henni verði fargað undir tollefirliti.

56. gr.

Eyðilegging, rýrnun og skemmdir.

Tollstjóri skal lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem hefur eyðilagst, rýnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda, á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur eða í flutningi á milli tollhafna innanlands, fyrir tollafgreiðslu, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Vörunni sé framvísað við tollgæslu án tafar eftir að eyðileggingar, rýrnunar eða skemmda verður vart.
2. Vörunni sé fargað undir tollefirliti í þeim tilvikum þegar undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda er krafist vegna algerrar eyðileggingar vöru.

57. gr.

Vöntun.

Tollstjóri skal lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vörusendingu eða hluta hennar ef í ljós kemur við affermingu flutningsfars að hana vantar í heild eða að hluta, enda afhendi farmflytjandi tollstjóra skrá um vöntunina innan 16 daga frá komu flutningsfars vöru til landsins eða án tafar eftir að innsigli sendingar var rofið hafi vörusending verið send hingað til lands undir innsigli erlends tollyfirvalds, farmflytjanda eða erlends seljanda hennar, t.d. í innsigliuðum gámi. Tollstjóri getur áskilið að farmflytjandi og innflytjandi staðfesti skriflega að vöntun hafi fyrst komið í ljós þegar innsigli var rofið og framvísi innsigliinu.

Þá skal tollstjóri lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld vegna vöntunar vörusendingar, í heild eða að hluta, sem kemur fram á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur

enda sýni leyfishafi geymslusvæðis fyrir ótollafgreiddar vörur eða leyfishafi skv. 3. mgr. 69. gr. tollalaga geti fært fullnægjandi sannanir fyrir því að vöntunin sé komin til áður en vörusendingin var flutt inn á tollsvæði ríksins, s.s. með skriflegri staðfestingu sendanda vöru eða vátryggingafélags á því að hún hafi horfið erlendis enda fylgi kreditreikningur eða staðfesting banka eða sparisjóðs á lækkun eða niðurfellingu hinnar erlendu kröfu.

58. gr.

Beiðni um undanþágu.

Beiðni um undanþágu samkvæmt þessum kafla skal látin tollstjóra í té eigi síðar en innan 6 mánaða frá komudegi flutningsfars til landsins. Hafi vara verið sett í aðrar geymslur fyrir ótollafgreiddar vörur en afgreiðslugeymslur skal fresturinn þó vera jafnlangur leyfilegum geymslutíma vöru þar, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla.

XIII. KAFLI

Framkvæmd undanþága.

59. gr.

Framkvæmd undanþága.

Tollstjóri í því umdæmi þar sem vara kemur til tollafgreiðslu annast framkvæmd undanþága samkvæmt reglugerð þessari.

Upplýsingar varðandi rétt til undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt reglugerð þessari skulu veittar í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

60. gr.

Yfirlýsing innflytjanda.

Sá sem lýsir því yfir að hann eigi rétt til undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt reglugerð þessari er þar með að lýsa því yfir að hann uppfylli öll skilyrði undanþágu og að hann muni hlíta þeim skilyrðum sem lúta að ráðstöfun vörunnar eftir tollafgreiðslu.

61. gr.

Sönnun um að skilyrðum tollfríðinda sé fullnægt.

Sá sem nýtur tollfríðinda samkvæmt reglugerð þessari skal á sérhverjum tíma geta sýnt fram á að skilyrði fríðindanna séu uppfyllt, hvort sem er við tollafgreiðslu eða síðar, s.s. með vottorði um endurútflytning vöru ef við á.

62. gr.

Innflutningsbann og innflutningstakmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita hvorki undanþágu frá innflutningsbanni né innflutningstakmörkunum á ýmsum vörum samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

63. gr.

Uppgjör virðisaukaskatts.

Þegar aðflutningsgjöld eru endurgreidd samkvæmt reglugerð þessari skal þó ekki endurgreiddur sá virðisaukaskattur sem skattskyldir aðilar samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt hafa greitt við innflutning þeirrar vöru sem beiðni lýtur að. Við uppgjör á virðisaukaskatti skal innskattur af innfluttri vöru dreginn frá útskatti samkvæmt þeim lögum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Endurgreiða skal öðrum aðilum en um ræðir í 1. mgr. þann virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt vegna innflutnings viðkomandi vöru.

XIV. KAFLI Gildistaka og lagastöð.

64. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr., 4. mgr. 27. gr., 2. mgr. 85. gr., 2. mgr. 86. gr. og 193. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, 13. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, 1. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, 3. mgr. 6. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum og 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi frá og með 1. júlí 2008.

Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 160/1990, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, með síðari breytingum, reglugerð nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, með síðari breytingum, reglugerð nr. 719/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda af aðföngum til ýmissar atvinnustarfsemi, með síðari breytingum, reglugerð nr. 760/2000, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, galla, tjóns, vöntunar eða endursendingar til útlanda, reglugerð nr. 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, og reglugerð nr. 798/2000, um tímabundinn innflutning.

Reglugerð

**nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa
í matvælum og fóðri, sbr. reglugerð nr. 1089/2008 (1. br.), 264/2010
(2. br.), 758/2010 (3. br.) og 839/2010 (4. br.) um breytingu á henni.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla, I. viðauka og XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB gerðir gildi hér á landi:

- a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2007 frá 28. apríl 2007.

- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 178/2006 frá 1. febrúar 2006 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar skrá í I. viðauka yfir matvæli og fóðurvörur sem falla undir ákvæði um hámarksgildi. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2007 frá 28. apríl 2007.

2. gr.

Ofangreindar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar eru birtar sem fylgiskjöl I og II við reglugerð þessa.

3. gr.

[Óheimilt er að framleiða eða dreifa matvælum sem innihalda varnarefnaleifar umfram hámarksgildi sem fram koma í viðauka II. Matvælastofnun getur þó heimilað dreifingu vörutegunda sem innihalda varnarefnaleifar allt að aðgerðarmörkum, sbr. viðauka I.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að vörutegundir sem hér eru á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.]¹⁾

1) Rgr. [1089/2008](#), 1. gr.

4. gr.

[Þegar hámarksgildi tiltekinna varnarefnaleifa eru ekki tilgreind fyrir ákveðna vörutegund í viðauka II en rannsóknir sýna að efnin finnast í vörutegundinni, er hámarksgildi jafnt hæsta magni sem leyft er fyrir viðkomandi efni. Matvælastofnun er þó heimilt að leyfa tímabundna sölu matvæla, sem innihalda þau efni sem um ræðir, þegar ekki er talin hætt á heilsutjóni vegna neyslu þeirra.

Þegar gildi í viðauka II er sett fyrir tiltekinn flokk matvæla gildir það fyrir allan flokkinn, nema þar sem sérstök gildi eru sett fyrir tilteknar afurðir.

Töluröð annarra greina þar á eftir breytist í samræmi við þetta.]¹⁾

1) Rgr. [1089/2008](#), 1. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og í 7. gr. laga nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru með síðari breytingum. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal I.

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 396/2005
frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr
plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EEC**

(Texti sem varðar EES)

**[VIÐAUKI I
Aðgerðarmörk fyrir varnarefnaleifar.**

**VIÐAUKI II
Hámarksgildi af varnarefnaleifum í matvælum í mg/kg]¹⁾**

1) Rgr. [1089/2008](#), 1. gr.

Reglugerð

nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“), sbr. reglugerð nr. 340/2009 og 836/2010 um breyting á henni.

1. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun gegnir hlutverki sem lögbært yfirvald skv. 121. grein reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), sbr. fylgiskjal 1.

Umhverfisstofnun getur krafist þess að upplýsingar sem sendar eru til Efnastofnunar Evrópu, í samræmi við ákvæði EB reglugerðar nr. 1907/2006 verði einnig sendar til Umhverfisstofnunar.

2. gr.

Skráningarskylda.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem framleiðir eða flytur inn efni til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári, skal skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu, nema EB reglugerð nr. 1907/2006 kveði á um annað.

Greiða skal skráningargjald til Efnastofnunarinnar samkvæmt gjaldskrá hennar. [Gjaldskráin er birt í fylgiskjali II.]²⁾

[Upplýsinga um eðliseiginleika efna skal aflað í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

Efni sem eru markaðssett skulu vera pökkuð og merkt í samræmi við ákvæði reglugerðar um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vöru-tegunda, sem innihalda slík efni, nr. 236/1990 og í samræmi við upplýsingar sem fást við beitingu ákvæða 12. og 13. greinar reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.]¹⁾

1) Rgr. [340/2009](#), 1. gr. 2) Rgr. [836/2010](#), 1. gr.

3. gr.

Markaðsleyfi.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis sem háð er markaðsleyfi skal sækja um slíkt leyfi til Efnastofnunar Evrópu í samræmi við VII. bálk EB reglugerðar nr. 1907/2006. Sama gildir um eftirnotanda ef notkun hans á efninu er ekki innan heimils notkunarviðs samkvæmt markaðsleyfi sem gefið hefur verið út til handa innflytjanda eða framleiðanda efnisins. Greiða skal gjald til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt gjaldskrá hennar.

Framkvæmdastjórn EB tekur ákvörðun um veitingu markaðsleyfis. Umhverfisstofnun staðfestir slíka ákvörðun innan 30 daga eftir að hún hefur verið birt með því að birta stutta samantekt um hana í Lögbirtingablaðinu. Umhverfisstofnun skal halda lista yfir útgefin markaðsleyfi á heimasíðu sinni.

4. gr.

Öryggisblöð.

Afhenda skal öryggisblöð með efnunum og efnablöndum í samræmi við 7. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og í samræmi við ákvæði 31. greinar EB reglugerðar nr. 1907/2006.

Öryggisblöð skulu vera á íslensku. Heimilt er að afhenda öryggisblöð með efni eða efnablöndu á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku til viðtakenda efna sem stunda rannsóknir og þróun enda sé um að ræða afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji annað erlent mál vegna menntunar eða annarrar sérhæfingar. Heimild þessi gildir þó einungis ef magn efnis eða efnablöndu sem er afhent er minna en 1 kg á ári á hvern viðtakanda.

5. gr.

Eftirlit.

Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.

6. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.

7. gr.

Sérstök ákvæði.

Við 10. tölulið 3. greinar í EB reglugerð nr. 1907/2006 bætist eftirfarandi: „eða inn á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna“.

8. gr.

Gildistaka tiltekinna gerða Evrópubandalagsins.

Eftirfarandi reglugerð sem vísað er til í XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

- a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu (European Chemicals Agency), breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð fram-

kvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB, sem vísað er til í tölulið 12r, XV. kafla, II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2008, frá 14. mars 2008. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 1 við reglugerð þessa.

- [b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008 frá 16. apríl 2008 um þóknarir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) sem vísað er til í tölulið 12zf, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2009, frá 5. desember 2009. Reglugerðin er birt í fylgiskjali II við reglugerð þessa.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 134/2009 frá 16. febrúar 2009 um breytingu á XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2010, frá 30. janúar 2010. Reglugerðin er birt í fylgiskjali III við reglugerð þessa.
- d) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 771/2008 frá 1. ágúst 2008 um reglur sem varða skipulag og málsmeðferð kærunefndar Efnastofnunar Evrópu sem vísað er til í tölulið 12zs, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2010, frá 13. mars 2010. Reglugerðin er birt í fylgiskjali IV við reglugerð þessa.
- e) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 987/2008 frá 8. október 2008 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2010, frá 13. mars 2010. Reglugerðin er birt í fylgiskjali V við reglugerð þessa.]¹⁾

1) Rgr. [836/2010](#), 1. gr.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. gr., 3. mgr. 6. gr. og 6. mgr. 7. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.

Reglugerðin öðlast þegar gildi utan eftirfarandi ákvæða:

- a. Ákvæði 135. gr. EB reglugerðar nr. 1907/2006 tekur gildi 1. ágúst 2008.
- b. Ákvæði í VIII. bálki og í XVII. viðauka við EB reglugerð nr. 1907/2006 taka gildi 1. júní 2009.

[Reglugerð þessi er ennfremur sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/121/EB sem breytir tilskipun ráðsins nr. 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, til að aðlaga hana reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH) og stofnun Efnastofnunar Evrópu, sem vísað er til í 1. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndar-innar nr. 25/2008, þann 5. júní 2008.]¹⁾

1) Rgr. 340/2009, 2. gr.

10. gr.

Brottfall reglugerða.

Við gildistöku reglugerðar þessarar falla eftirfarandi reglugerðir úr gildi:

- a. Reglugerð nr. 1027/2005 um öryggisblöð.
- b. Reglugerð nr. 161/1998 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópubandalagsins um mat og eftirlit með áhættu af skráðum efnum, ásamt síðari breytingum.
- c. Reglugerð nr. 815/1998 um tilkynningaskyldu varðandi ný efni, ásamt síðari breytingum.

Þann 1. júní 2009 falla eftirfarandi reglugerðir úr gildi:

- a. Reglugerð nr. 447/1996 um notkun og bann við notkun kadmíums og efnasambanda þess.
- b. Reglugerð nr. 323/1998 um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfis-skaðlegra staðgengilsefna.
- c. Reglugerð nr. 615/1999 um takmörkun á markaðssetningu lampaolíu, skrautmuna, leikfanga og spaug- og gabbvarnings með tilteknum efnum.
- d. Reglugerð nr. 857/1999 um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, ásamt síðari breytingum.
- e. Reglugerð nr. 619/2000 um bann við notkun gróðurhindrandi efna sem í eru kvikasilfursambönd, arsensambönd og lífræn tinsambönd, ásamt síðari breytingum.
- f. Reglugerð nr. 870/2000 um takmarkanir á innflutningi, notkun og meðhöndlun asbests.
- g. Reglugerð nr. 464/2001 um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum, ásamt síðari breytingum.
- h. Reglugerð nr. 903/2002 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn, ásamt síðari breytingum.
- i. Reglugerð nr. 635/2003 um takmörkun á notkun stuttkeðju klórparaffína.
- j. Reglugerð nr. 744/2003 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textíl- og leðurvörum, ásamt síðari breytingum.
- k. Reglugerð nr. 872/2003 um takmörkun á notkun og markaðssetningu nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlata.
- l. Reglugerð nr. 806/2004 um takmörkun á krómi í sementi.
- m. Reglugerð nr. 424/2007 um þalöt í leikföngum og öðrum vörum fyrir börn.
- n. Reglugerð nr. 1248/2007 um takmörkun á notkun fjölhringa arómatískra vetniskolefna í mýkingarolíu og hjólbörðum.

Fylgiskjal I.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu (European Chemicals Agency), breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB.

(sjá PDF-skjal)

Reglugerð

nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af vélknúnum ökutækjum sem flutt eru úr landi.

1. gr.

Réttur til endurgreiðslu.

Tollstjóranum í Reykjavík er heimilt að endurgreiða eiganda áður skráðs vélknúins öku-tækis vörugjald og virðisaukaskatt af því, enda hafi það verið afskráð og flutt úr landi og ástand þess sé í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra.

Réttur til endurgreiðslu tekur til vélknúinna ökutækja sem flutt eru úr landi frá og með gildistöku laga nr. 140/2008 um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af öku-tækjum, eldsneyti o.fl. og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og tekur til ökutækja sem hafa verið afhent farmflytjanda og tollafgreidd til útflutnings frá gildistöku laganna til og með 31. desember 2009.

Hafi eigandi ökutækis fengið virðisaukaskatt af því endurgreiddan í formi innskatts skapast ekki réttur til endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hafi virðisaukaskattur fengist endurgreiddur sem innskattur að hluta til skal fjárhæð endurgreiðslu lækka hlutfallslega í samræmi við það.

Endurgreiðsluheimildin nær einungis til vélknúins ökutækis sem afskráð hefur verið af Umferðarstofu á grundvelli c-liðar 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 751/2003, um skráningu ökutækja.

Réttur til endurgreiðslu fellur niður ef ökutæki hefur ekki verið skoðað af tollgæslu fyrir útflutning sbr. 1. tölul. 3. gr.

2. gr.

Endurgreiðslufjárhæð.

Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við vörugjald og virðisaukaskatt sem greiddur var við innflutning ökutækis samkvæmt lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, og reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Fjárhæð endurgreiðslu skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það til útflutningsdags þar til að 100% fyrningu er náð.

Samanlögð fjárhæð endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal þó ekki vera hærri en 2.000.000 kr. fyrir hvert ökutæki.

Hafi vörugjald eða virðisaukaskattur verið endurgreitt eða lækkað á viðkomandi ökutæki, sbr. 4. og 5. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skal fjárhæð endurgreiðslu lækkuð hlutfallslega til samræmis.

Kvöð sem hvílir á ökutæki um endurgreiðslu lækkaðs vörugjalds skv. reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum, fellur niður ef skilyrðum endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari er fullnægt.

3. gr.

Framkvæmd endurgreiðslu.

Eigandi ökutækis, eða annar sem til þess hefur skriflegt umboð, skal sækja um endurgreiðslu til embættis tollstjórans í Reykjavík á sérstöku eyðublaði sem hann lætur útbúa.

Skilyrði endurgreiðslu eru að öðru leyti:

1. Að ökutækið hafi verið skoðað af tollgæslunni fyrir útflutning. Skal skoðun fara fram þegar ökutæki hefur verið afhent farmflytjanda til útflutnings.
2. Skráningarnúmer ökutækis hafi verið afhent Umferðarstofu, ökutækið hafi verið afskráð til nota hér á landi og fyrir liggja upplýsingar þar að lútandi.
3. Farmflytjandi hafi flutt ökutækið úr landi eða farmflytjandi verið afhent ökutækið til útflutnings og það tollafgreitt til útflutnings.
4. Fyrir liggja að veðbönd eða aðrar kvaðir hvíli ekki á ökutæki sem hindra útflutning þess. Hvíli slíkar veðskuldir eða aðrar kvaðir á ökutækinu skal liggja fyrir samþykki kröfuhafa um útflutning ökutækisins.

Tollstjóra er heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á ökutækjum sem flutt eru úr landi samkvæmt reglugerð þessari. Skoðunargjald skal vera í beinu samræmi við kostnað við skoðun hvers ökutækis.

Við endurgreiðslu skal liggja fyrir útflutningsskýrsla ásamt fylgiskjölum. Ákvæði 30. gr. tollalaga, nr. 88/2005, gilda að öðru leyti um upplýsingaskyldu vegna endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Úrskurðarvald og kæruleiðir.

Rísi ágreiningur um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari skal kæra send toll-stjór-anum í Reykjavík. Um kæru og málsmeðferð fer eftir 117. og 118. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 27. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

5. gr.

Gildistaka og gildistími.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. og 2. gr. laga nr. 140/2008 um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993, um vöru-gjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum, sbr. reglugerð nr. 303/2009 um breytingu á henni.

1. gr.

Ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2007 frá 28. september 2007 öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum.

2. gr.

Ofangreind tilskipun ráðsins er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælasstofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákveðið samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Fiskistofa veitir skv. III. kafla laga nr. 71/2008, um fiskeldi.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum eða fangelsi. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 345/2004, um lágmarksráðstafanir vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum sem herja á samlokur, reglugerð nr. 510/2005, um lágmarksráðstafanir innan Evrópska efnahagssvæðisins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum, reglugerð nr. 511/2005, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra, reglugerð nr. 446/2005, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á

markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra og reglugerð nr. 447/2005 um lágmarksráðstafanir innan EES-svæðisins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum.

Reglugerð

nr. 89/2009 um starfsheiti tollvarða.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til starfsheita tollvarða.

2. gr.

Skilgreining.

Í reglugerð þessari er orðið tollverðir annars vegar notað yfir þá starfsmenn embættis tollstjóra sem, auk tollstjórans og löglærðra fulltrúa hans, eru handhafar tollgæsluvalds og hins vegar sem starfsheiti tiltekins hluta þeirra starfsmanna.

3. gr.

Starfsheiti tollvarða.

Starfsheiti og starfsstig tollvarða eru sem hér segir:

1. Yfirtollverðir.
2. Aðstoðaryfirtollverðir.
3. Aðalvarðstjórar og tollfulltrúar.
4. Varðstjórar og tollsérfræðingar.
5. Tollverðir.

Starfsheitið tollvörður hafa þeir sem eru skipaðir til starfa sem tollverðir og þeir sem eru settir til starfa sem tollverðir meðan þeir stunda nám við Tollskóla ríkisins eða vegna afleysinga eða annarra tímabundinna starfa.

4. gr.

Yfirtollverðir.

Verksvið og ábyrgð yfirtollvarða er í meginatriðum eftirfarandi:

1. Yfirtollverðir eru æðstu yfirmenn tollgæslunnar í hópi tollvarða. Þeir annast daglega stjórn tollgæslunnar eða tiltekins hluta hennar fyrir hönd tollstjórans.
2. Þeir skulu upplýsa tollstjóran um hvaðeina sem varðar málefni tollgæslunnar og hann þarf að fá upplýsingar um til að hann hafi næga yfirsýn yfir þau og geti byggt ákvarðanir sínar á réttum forsendum.
3. Þeir skulu vera tollstjóranum til ráðuneytis um málefni tollgæslunnar, þ. á m. um hvaðeina sem getur horft til umbóta í starfsemi hennar. Ennfremur skulu þeir vera öðrum samstarfsmönnum sínum, undirmönnum og öðrum til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi málefni tollgæslunnar.
4. Þeir skulu stuðla að góðum stjórnarháttum innan tollgæslunnar, m.a. hvað varðar stefnumótun, markmiðasetningu, áætlanagerð, upplýsingamiðlun, áhættustýringu og innra eftirlit.

5. Þeir skulu stuðla að því að verklag tollgæslunnar sé nægilega vel útfært, vinnubrögð séu fagleg og standist þær kröfur sem gerðar eru, skráning og gæði upplýsinga varðandi starfsemina sé fullnægjandi og rekstur tollgæslunnar sé innan fjárheimilda.
6. Þeir skulu hafa eftirlit með að starfsemi tollgæslunnar sé í samræmi við lög, stjórnvaldsreglur, verklagsreglur og fyrirmæli tollstjórans.
7. Þeir skulu vinna að framþróun, hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar og auknum árangri og skilvirkni og sem bestri þjónustu tollgæslunnar.
8. Þeir skulu stuðla að og viðhalda góðu samstarfi tollgæslunnar við önnur stjórnvöld og atvinnulífið.
9. Sérstök verkefni sem tollstjóri felur þeim vegna stöðu þeirra, sérþekkingar og reynslu.

5. gr.

Aðstoðaryfirtollverðir.

Verksvið og ábyrgð aðstoðaryfirtollvarða er í meginatriðum eftirfarandi:

1. Aðstoðaryfirtollverðir eru yfirtollverði og öðrum yfirmönnum til aðstoðar.
2. Þeir eru yfirmenn einstakra deilda eða skipulagseininga tollgæslunnar eða fara með tiltekna viðameiri málaflokka á sviði tollgæslu sem krefjast sérþekkingar og reynslu.
3. Þátttaka í samstarfi innan embættis tollstjóra og í samstarfi embættisins við önnur stjórnvöld.
4. Þátttaka í starfshópum um sérstök málefni; verkefnastjórnun.
5. Greiða götu þeirra sem eiga í samskiptum við embætti tollstjóra; leiðbeiningar og aðstoð við viðskiptamenn varðandi tollframkvæmd.
6. Ákvæði 2.-8. töluliðs 4. gr. skulu, að breyttu breytanda, gilda um störf og ábyrgð aðstoðaryfirtollvarða, eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Aðalvarðstjórar.

Verksvið og ábyrgð aðalvarðstjóra er í meginatriðum eftirfarandi:

1. Aðalvarðstjórar eru aðstoðaryfirtollverði og öðrum yfirmönnum til aðstoðar, m.a. við stjórnun deilda eða skipulagseininga eða vegna umsjónar með viðameiri málaflokkum. Starfi fleiri en einn aðalvarðstjóri í sömu deild skal einn þeirra vera staðgengill yfirmanns deildarinnar.
2. Verkstjórnarskyldur. Aðalvarðstjórar eru yfirmenn tiltekinna undirdeilda eða skipulagseininga og/eða fara með tiltekin verkefni sem krefjast sérhæfingar, sérþekkingar og reynslu, þ.m.t. stjórn og umsjón með hjálfun fíkniefna-leitar-hunda-teyma og umsjá forvarnarmála.
3. Þátttaka í samstarfi innan embættis tollstjóra og í samstarfi embættisins við önnur stjórnvöld.
4. Þátttaka í starfshópum um sérstök málefni; verkefnastjórnun.
5. Almenn tollgæslustörf, þ.m.t. að halda uppi lögum, stjórnvaldsreglum og öðrum fyrirmælum sem gilda á sviði tollamála.
6. Aðstoð og leiðbeining gagnvart öðrum tollstarfsmönnum og þeim sem embættið á samskipti við varðandi málefni sem þeir hafa umsjón með.
7. Greiða götu þeirra sem eiga í samskiptum við embætti tollstjóra; leiðbeiningar og aðstoð við viðskiptamenn varðandi tollframkvæmd.

8. Ákvæði 2.-8. töluliðs 4. gr. skulu, að breyttu breytanda, gilda um störf og ábyrgð aðalvarðstjóra, eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Tollfulltrúar.

Verksvið og ábyrgð tollfulltrúa er í meginatriðum eftirfarandi:

1. Tollfulltrúar eru aðstoðaryfirtollverði og öðrum yfirmönnum til aðstoðar.
2. Þeir fara með tiltekin verkefni sem krefjast sérhæfingar, sérþekkingar eða reynslu, en hafa almennt ekki verkstjórnarskyldur, nema í einstökum tilvikum og samkvæmt nánari ákvörðun yfirmanns.
3. Þátttaka í samstarfi innan embættisins og í samstarfi embættisins við önnur stjórnvöld.
4. Þátttaka í starfshópum um sérstök málefni; verkefnastjórnun.
5. Almenn tollgæslustörf, þ.m.t. að halda uppi lögum, stjórnvaldsreglum og öðrum fyrirmælum sem gilda á sviði tollamála.
6. Aðstoð og leiðbeining gagnvart öðrum tollstarfsmönnum og öðrum um málefni sem þeir hafa umsjón með.
7. Greiða götu þeirra sem eiga í samskiptum við embætti tollstjóra; leiðbeiningar og aðstoð við viðskiptamenn varðandi tollframkvæmd.
8. Ákvæði 2.-8. töluliðs 4. gr. skulu, að breyttu breytanda, gilda um störf og ábyrgð tollfulltrúa, eftir því sem við getur átt.

8. gr.

Varðstjórar.

Verksvið og ábyrgð varðstjóra er í meginatriðum eftirfarandi:

1. Varðstjórar eru aðalvarðstjórum og öðrum yfirmönnum til aðstoðar.
2. Verkstjórnarskylda er almennt hluti starfans.
3. Það getur verið hluti starfans að hafa umsjón með tilteknum málaflokkum, verkefnum eða verkþáttum sem, auk almennrar þekkingar á tollamálum, krefjast sérhæfingar eða sérþekkingar í viðkomandi málaflokki eða á viðkomandi starfssviði.
4. Almenn tollgæslustörf, þ.m.t. að halda uppi lögum, stjórnvaldsreglum og öðrum fyrirmælum sem gilda á sviði tollamála.
5. Þátttaka í samstarfi innan embættis tollstjóra og í samstarfi embættisins við önnur stjórnvöld.
6. Þátttaka í starfshópum um sérstök málefni.
7. Greiða götu þeirra sem eiga í samskiptum við embætti tollstjóra; leiðbeiningar og aðstoð við viðskiptamenn varðandi tollframkvæmd.
8. Eftirlit með að reglum og fyrirmælum sé fylgt.

9. gr.

Tollsérfræðingar.

Verksvið og ábyrgð tollsérfræðinga er í meginatriðum eftirfarandi:

1. Tollsérfræðingar eru aðalvarðstjórum og öðrum yfirmönnum til aðstoðar.
2. Verkstjórnarskylda getur verið hluti starfans samkvæmt nánari ákvörðun yfirmanns.

3. Umsjón með tilteknum málaflokkum, verkefnum eða verkþáttum sem, auk almennrar þekkingar á tollamálum, krefjast umtalsverðrar sérþekkingar eða sérhæfingar í viðkomandi málaflokki eða á viðkomandi starfssviði.
4. Almenn tollgæslustörf, þ.m.t. að halda uppi lögum, stjórnvaldsreglum og öðrum fyrirmælum sem gilda á sviði tollamála.
5. Þátttaka í samstarfi innan embættis tollstjóra og í samstarfi embættisins við önnur stjórnvöld.
6. Þátttaka í starfshópum um sérstök málefni.
7. Greiða götu þeirra sem eiga í samskiptum við embætti tollstjóra; leiðbeiningar og aðstoð við viðskiptamenn varðandi tollframkvæmd.
8. Eftirlit með að reglum og fyrirmælum sé framfylgt.

10. gr.

Tollverðir.

Verksvið og ábyrgð tollvarða er í meginatriðum eftirfarandi:

1. Almennir tollverðir.
 - a. Almenn tollgæslustörf, þ.m.t. að halda uppi lögum, stjórnvaldsreglum og öðrum fyrirmælum sem gilda á sviði tollamála.
 - b. Greiða götu þeirra sem eiga í samskiptum við embætti tollstjóra; leiðbeiningar og aðstoð við viðskiptamenn varðandi tollframkvæmd.
 - c. Tiltekin tollgæsluverkefni samkvæmt ákvörðun yfirmanns.
2. Tollverðir sem stunda nám í Tollskóla ríkisins.
 - a. Almenn tollgæslustörf í starfsnámi undir stjórn og leiðsögn yfirmanna.
 - b. Tiltekin tollgæsluverkefni samkvæmt ákvörðun yfirmanns.
3. Tollverðir sem eru ráðnir tímabundið og til afleysinga.
 - a. Almenn tollgæslustörf undir stjórn og leiðsögn yfirmanna.
 - b. Tiltekin tollgæsluverkefni samkvæmt ákvörðun yfirmanns.

11. gr.

Nánar um verksvið og ábyrgð tollvarða.

Um verkefni og ábyrgð, réttindi og skyldur tollvarða fer samkvæmt tollalögum, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og öðrum lögum og stjórnvaldsreglum sem taka til starfa þeirra, auk nánari fyrirmæla tollstjórans.

Tollstjórinn skal gera formlegar starfslýsingar fyrir alla tollverði.

Þegar fleiri tollverðir með sama starfsheiti eru á vettvangi, skal sá fara fyrir þeim sem hefur lengstan starfsaldur, nema tollstjórinn ákveði annað.

12. gr.

Skipurit.

Tollstjórinn ákveður fjölda tollvarða með einstök starfsheiti í samræmi við hlutverk og markmið embættis tollstjóra, sem og stjórnunarlegar, verkefnalegar og fjárhagslegar forsendur fyrir starfsemi og rekstri embættisins.

Fjármálaráðherra staðfestir skipurit tollgæslunnar.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 2. mgr. 46. gr. og 193. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, og tekur gildi þegar í stað.

Við gildistöku reglugerðarinnar skal breyta starfsheitum sem notuð hafa verið innan tollgæslunnar til samræmis við reglugerðina. Þeir sem hafa verið með starfsheitið aðaldeildarstjóri og deildarstjóri skulu ekki fá starfsheiti með lægra starfsstig en aðalvarðstjóri eða tollfulltrúi.

Reglugerð

nr. 103/2009 um þrávirk lífræn efni, sbr. reglugerð nr. 832/2010 um breytingu á henni..

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir sem vísað er til í XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka sammingsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum sammingsins:

- a) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahags-svæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007, þann 28. september 2007. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 1 með reglugerð þessari.
- b) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1195/2006 frá 18. júlí 2006 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007, þann 28. september 2007. Reglugerðin er felld inn í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 sbr. a-lið og birt þannig í fylgiskjali 1 með reglugerð þessari.
- c) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 172/2007 frá 16. febrúar 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007, þann 28. september 2007. Reglugerðin er felld inn í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 sbr. a-lið og birt þannig í fylgiskjali 1 með reglugerð þessari.
- d) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 323/2007 frá 26. mars 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007, þann 28. september 2007. Reglugerðin er felld inn í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 sbr. a-lið og birt þannig í fylgiskjali 1 með reglugerð þessari.
- [e) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 304/2009 frá 14. apríl 2009 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 að því er varðar meðhöndlun úrgangs sem inniheldur þrávirk, lífræn mengunarefni, í varmaferlum og málmframleiðsluferlum, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka sammingsins

um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2010, þann 12. júní 2010. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 2 með reglugerð þessari.]¹⁾

Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [832/2010](#).

2. gr.

Umhverfisstofnun gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds sbr. 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004.

3. gr.

Hver sá sem hefur undir höndum 50 kg eða meira af efnnum sem talin eru upp í I. og II. viðauka EB-reglugerðar nr. 850/2004, og sem heimilt er að nota skv. sérstakri undanþágu varðandi notkun efnis sem er bannað eða sætir takmörkunum, skal tilkynna það til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí 2009.

4. gr.

Í staðinn fyrir „Innflutningur inn á tollsvæði Bandalagsins“, í a) lið 2. gr. í EB reglugerð nr. 850/2004 kemur: Innflutningur inn á tollsvæði EES-ríkja.

5. gr.

Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.

6. gr.

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og þar sem það á við, 33. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 4. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og 13. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi tilskipunum:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE.
 - 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1195/2006 frá 18. júlí 2006 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni.
 - 3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 172/2007 frá 16. febrúar 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni.
 - 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 323/2007 frá 26. mars 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE.
- Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.
(sjá PDF-skjal)

Reglugerð

**nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, sbr
reglugerð nr. 298/2010 um breytingu á henni.**

1. gr.

Almenn ákvæði.

Með reglugerð þessari eru sett almenn ákvæði um framkvæmd þvingunaraðgerða sem ákveðnar eru af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndum þess um þvingunaraðgerðir á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, af alþjóðastofnunum eða af ríkjahópum til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

Ákvæði reglugerðar þessarar eru sett til nánari útfærslu á og skulu gilda um framkvæmd þeirra reglugerða sem eru settar um einstakar þvingunaraðgerðir gegn ríkjum eða öðrum aðilum, nema annað sé tekið fram í þeim.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking hugtaka í reglugerð þessari er sem hér segir:

Aðili er einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. ríkisstjórnir, fyrirtæki, samsteypur, stofnanir, sjóðir og samtök.

Fjárhagsaðstoð er aðstoð sem tekur m.a. til styrkja, lána og útflutningstrygginga.

Efnahagslegur auður merkir hvers kyns eignir, efnislegar jafnt sem óefnislegar, færanlegar eða ófæranlegar, sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu.

Fjármunir eru hvers kyns fjáreignir og ágóði, þ.m.t.:

- a) reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,
- b) nneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum aðilum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
- c) skráð eða óskráð verðbréf og skuldagerningar sem verslað er með í og/eða utan kauphallar, þ.m.t. hlutabréf og hlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, lán, ábyrgðir, skuldaviður-kenningar og afleiðusamningar,
- d) vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem rekja má til eða myndast af eignum,
- e) lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, áfangatryggingar eða aðrar fjárskuldbindingar,
- f) ábyrgðir, farmbréf, reikningar,
- g) skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni,
- h) hvers konar gerningar til að fjármagna útflutning.

Frysting efnahagslegs auðs merkir að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. með sölu, leigu eða veðsetningu.

Frysting fjármuna merkir að koma í veg fyrir hvers konar flutning, millifærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. eignastýring.

Hergögn eru vopn og skotfæri, sem hafa hernaðarlega þýðingu, hernaðarökutæki, herbúnaður, aðföng til hernaðar, hernaðarleg tækni, herbúnaður sem er ekki ætlaður ríkisher og varahlutir í framangreinda hluti.

Hlutur tekur m.a. til vöru, búnaðar, hugbúnaðar og tækni.

Hlutur með tvíþætt notagildi er hlutur sem má nota bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi, þ.m.t. allir hlutir sem má bæði nota án þess að þeir springi og við hvers konar framleiðslu kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar.

Innflutningur tekur til innflutnings og umflutnings í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, með eða án endurgjalds. Hugtakið tekur einnig til miðlunar hugbúnaðar og tækni með rafrænum miðlum, bréf-síma eða gegnum síma erlendis frá.

Sölubann gagnvart tilteknu ríki eða landsvæði merkir að bannað er að selja, miðla eða flytja hluti eða þjónustu til þessa ríkis eða landsvæðis, óháð uppruna þeirra, eða til aðila sem eru staðsettir í þessu ríki eða landsvæði, óháð áfangastað þeirra.

Tæknileg aðstoð tekur til tæknilegs stuðnings í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, sam-setningu, prófun, viðhald eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, ráðgjafarþjónustu eða yfirfærslu þekkingar eða kunnáttu. Tæknileg aðstoð getur m.a. verið munnleg.

Útflutningur tekur til útflutnings og umflutnings í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, þ.m.t. endur-útflutnings, með eða án endurgjalds. Hugtakið tekur einnig til miðlunar hugbúnaðar og tækni með rafrænum miðlum, bréfsíma eða gegnum síma til áfangastaða erlendis.

Vildarlán er lán á hagstæðari kjörum en á almennum markaði.

Viðskiptabann tekur til inn- og útflutningsbanns á hlutum og þjónustu.

Þjónusta tekur m.a. til sölu, miðlunar, útvegunar, flutnings, fjármögnunar, aðstoðar, ráðgjafar og þjálfunar gegn endurgjaldi eður ei. [Viðskiptabann tekur til innflutningsbanns, útflutningsbanns og sölubanns á hlutum og þjónustu.]¹⁾

Þvingunaraðgerðir eru efnahagslegar eða diplómatiskar aðgerðir gegn ríkjum, einstaklingum, lögaðilum eða samtökum sem miða að því að breyta háttsemi þeirra, svo sem broti gegn þjóðarétti, mannréttindum eða lýðræðislegum eða öðrum lagalegum skuldbindingum. Hugtakið tekur einnig til öryggisaðgerða.

Öryggisaðgerðir eru aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir ólögmdæta háttsemi og ferðir aðila sem er talið að virði ekki mannréttindi eða lýðræðislegar eða aðrar lagalegar skuldbindingar eða til þess að koma í veg fyrir að hættulegir hlutir eða þjónusta nýtist þeim.

¹⁾Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 298/2010.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur ákvarðanir um þvingunaraðgerðir með ályktunum sem eru birtar á vefsetri þess (http://www.un.org/Docs/sc/unsc_resolutions.html).

Ákvarðanir framkvæmdanefnda öryggisráðsins um þvingunaraðgerðir eru birtar á vefsetri þeirra (<http://www.un.org/sc/committees/>).

Ákvarðanir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir eru birtar á vefsetri þess (http://ec.europa.eu/external_relations/cfsp/sanctions/measures.htm).

Listar, sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, nefndir á vegum þess, alþjóðastofnanir eða ríkja-hópar halda yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eru birtir sem fylgiskjal með reglugerðum sem kveða á um þvingunaraðgerðir í B-deild Stjórnartíðinda. Listarnir eru enn-fremur birtir á vefsetri utanríkisráðuneytisins (<http://www.utanrikisraduneyti.is/nyr-starfssvid/althjoda-og-oryggissvid/thvingunaraðgerdir/>).

4. gr.

Framkvæmd vopnasölubanns.

Vopnasölubann merkir að lagt er bann við sölu, útvegun, flutningi eða útflutningi á hergögnum fyrir milligöngu íslenskra ríkisborgara eða frá Íslandi eða með skipum, sem sigla undir íslenskum fána, eða með íslenskum loffförum, hvort sem þau eru upprunnin á Íslandi eður ei, til viðkomandi aðila eða landsvæða.

Vopnasölubann tekur m.a. til skriðdreka, brynvarinna stríðsfarartækja, stórskotaliðsbúnaðar með mikilli hlaupvídd, orrustuflugvéla, árásarþyrlna, herskipa, flugskeyta og flugskeytabúnaðar, samkvæmt nánari skilgreiningu í skrá Sameinuðu þjóðanna um hefðbundin vopn, sbr. I. viðauka.

Ennfremur er lagt bann við því að:

- a) veita tæknilega aðstoð, þjálfun, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist hernaðar-starfsemi og útvegun, framleiðslu, viðhaldi og notkun á hergögnum, beint eða óbeint, viðkomandi aðilum vegna notkunar á viðkomandi landsvæðum,
- b) fjármagna eða veita fjárhagsaðstoð, sem tengist hernaðarstarfsemi, þ.m.t. styrki, lán eða útflutningsgreiðslutryggingar, vegna sölu, útvegunar, flutnings eða útflutnings á hergögnum eða til að veita tengda tæknilega aðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, beint eða óbeint, viðkomandi aðilum eða vegna notkunar á viðkomandi landsvæði,
- c) taka þátt í starfsemi sem miðar að því að sniðganga bönn sem um getur í a- eða b-lið.

Nú er lagt bann við sölu, útvegun, flutningi eða útflutningi á búnaði sem nota mætti til bælingar innanlands og er hann þá tilgreindur í II. viðauka.

5. gr.

Undantekningar frá vopnasölubanni.

Ákvæði 4. gr. gilda ekki um:

- [a] sölu, útvegun, flutning eða útflutning á hergögnum sem eru:
 - ekki lífshættuleg og eingöngu eru ætluð í mannúðar- eða verndarskyni,
 - á vegum Sameinuðu þjóðanna, friðargæslusveita þeirra eða hafa verið heimiluð af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna,
 - á vegum íslenskra stjórnvalda eða annarra aðildarríkja Atlantshafs-bandalagsins.]¹⁾
- b) sölu, útvegun, flutning eða útflutning á búnaði fyrir eyðingu jarð- eða klasasprengja og á hergögnum til nota við eyðingu jarð- eða klasasprengja,

- c) fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem er tengd þess háttar búnaði eða þess háttar áætlunum og aðgerðum,
- d) tæknilega aðstoð sem er tengd þess háttar búnaði eða þess háttar áætlunum og aðgerðum,
- e) sölu, útvegum, flutning eða útflutning á hergögnum eða þjónustu sem því tengist sem fram-kvæmdanefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir hefur heimilað, eða henni hefur verið tilkynnt um, í samræmi við ákvæði ályktana öryggisráðsins, að því tilskildu að utanríkisráðherra hafi samþykkt slíkan útflutning eða aðstoð fyrirfram.

Ákvæði 4. gr. gilda ekki um hlífðarfatnað, þ.m.t. skothelda jakka og herhjálma, sem starfslið Sameinuðu þjóðanna, friðargæslusveitir á vegum þeirra, aðilar á vegum íslenskra stjórnvalda eða annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, fulltrúar fjölmiðla og starfslið hjálpar- og þróunarstofnana og fylgilið þeirra hefur tímabundið flutt inn til viðkomandi ríkis eða landsvæðis og er eingöngu ætlaður til eigin nota þeirra.

¹⁾ Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 298/2010.

6. gr.

Landgöngubann.

Landgöngubann hindrar ekki komu Íslendinga til landsins.

Ákvæði um landgöngubann eiga ekki við ef þau stangast á við þjóðréttarlegar skuldbindingar, m.a. ef landgangan tengist:

- a) alþjóðlegri ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða sem fram fer á þeirra vegum,
- b) alþjóðasamningi sem kveður á um forréttindi eða friðhelgi.

Ákvæði 2. mgr. gilda jafnframt um starfsemi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSCE).

Í þeim tilvikum sem undanþága er veitt fyrir komu einstaklinga, sem landgöngubann á við um, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í.

7. gr.

Framkvæmd frystingar fjármuna.

Þegar fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur tekur frystingin til fjármuna og efnahagslegs auðs sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn viðkomandi aðila.

Frusting fjármuna eða efnahagslegs auðs kemur ekki í veg fyrir að lagðir séu inn á reikninga, sem hafa verið frystir:

- a) vextir eða aðrar tekjur af þessum reikningum eða
- b) greiðslur samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem stofnað var til eða mynduðust áður en þvingunaraðgerðir voru ákveðnar.

Slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur skulu frystar.

Þegar fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur tekur frystingin einnig til vaxta, arðs og annarra tekna, sem af þeim eða honum hlýst, svo og til greiðslna vegna samninga eða skuldbindinga sem stofnað var til áður en til frystingar kom.

Fjármálafyrirtæki og aðrir aðilar, sem standa að frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs, svo sem skráningaraðilar eignarheimilda fasteigna og lausafjár, skulu án tafar tilkynna eigendum

og utanríkisráðuneytinu um slíkar ráðstafanir. Fjármálafyrirtæki skulu einnig tilkynna fjármálaeftirlitinu um slíkar ráðstafanir.

Nú eru fjármunir eða efnahagslegur auður aðila frystur og skulu þá engir aðrir fjármunir eða efnahagslegur auður, með beinum eða óbeinum hætti, gerður tiltækur þeim aðila eða honum gert kleift að njóta góðs af þeim fjármunum eða efnahagslegum auði.

Utanríkisráðherra getur heimilað að frystingu sé aflétt að því er varðar fjármuni eða efnahags-legalan auð sem er:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir viðkomandi einstaklinga og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu á kostnaði vegna lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða viðhald frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs.

Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur í góðri trú samkvæmt reglugerð þessari skulu viðkomandi aðilar eða starfsmenn þeirra ekki vera bótaskyldir á nokkurn hátt vegna frystingarinnar.

8. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins eða ákvarðana framkvæmdanefnda þess, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

Beiðnum um undanþágur frá frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs, banni við innflutningi, útflutningi, komu til landsins eða viðkomu eða öðrum slíkum boðum eða bönnum skal beint til utanríkisráðuneytisins.

Meðferð útflutningsleyfa skal, að svo miklu leyti sem við á, vera í samræmi við ákvæði laga nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o.fl. og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

9. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

I. VIÐAUKI

Vopn samkvæmt skrá Sameinuðu þjóðanna um hefðbundin vopn, sbr. 4. gr.

I. Skriðdrekar.

Sjálfnúíð, brynvarið farartæki til þátttöku í bardaga með skriðbeltum eða á hjólum, með mikla hreyfigetu á landi og eigin varnir, sem vegur a.m.k. 16,5 tonn óhlaðið, búið meginbyssu með a.m.k. 75 mm hlaupvídd sem hleypir skoti á miklum hraða beint úr byssukjafi.

II. Brynvarin stríðsfarartæki.

Sjálfnúíð, brynvarið farartæki með skriðbeltum eða á hjólum sem hefur mikla hreyfigetu á landi og er annaðhvort a) hannað og búið til þess að flytja flokk sem í eru fjórir fótgönguliðar eða fleiri eða b) búið innbyggðu eða lífrænu vopni sem hefur a.m.k. 20 mm hlaupvídd eða skotbúnaði fyrir flugskeyti gegn skriðdrekum.

III. Stórskotaliðsbúnaður með mikilli hlaupvídd.

Byssa, sprengjuvarpa, stórskotaliðstæki sem sameinar eiginleika byssu og stuttrar fallbyssu (howitzer), sprengjuvörpu eða fjölskotaeldflaugakerfis og getur hæft skotmörk á yfirborði jarðar, einkum með skeytum sem skotið er með óbeinum hætti, og hefur minnst 100 mm hlaupvídd.

IV. Orrustuflugvél.

Loftfar með áföstum vængjum eða vængjum með breytilegu rúmmáli, vopnað og búið til þess að hafa skotmörk með því að beita stýriflugum (guided missiles), óstýrðum eldflugum, sprengjum, byssum, fallbyssum eða öðrum eyðingarvopnum.

V. Árásarþyrla.

Loftfar með hverfivængjum búið til þess að beita stýrðum vopnum gegn brynvörn eða úr lofti á skotmörk á jörðu eða úr lofti á skotmörk í lofti og sem búið er sambyggðu skotstýringar- og miðunarkerfi fyrir þessi vopn.

VI. Herskip.

Skip eða kaþbátur með staðalsærymi sem er 850 tonn eða meira, vopnaður eða búinn til hernaðar.

VII. Flugskeyti eða flugskeytakerfi.

Stýrð eldflaug, skotflaug eða lágflugsstýriflug (cruise missile), sem getur borið sprengiefni vegalengd sem er a.m.k. 25 km, eða farartæki, vélbúnaður eða útbúnaður sem er hannaður eða breytt í því skyni að skjóta slíkum vopnum.

II. VIÐAUKI

Listi yfir búnað sem nota mætti til bælingar innanlands, sbr. 4. gr.

Listinn nær ekki yfir hluti sem hafa verið sérhannaðir eða hefur verið sérstaklega breytt til hernaðarnota.

1. Skotheldir hjálmur, óeirðahjálmur, óeirðaskildir og skotheldir skildir, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
2. Sérhannaður tækjabúnaður til fingrafararannsóknna.
3. Aflstýrð leitarljós.
4. Skotheldar vinnuvélar.
5. Veiðihnífur.

6. Sérhannaður búnaður til framleiðslu haglabýssa.
7. Búnaður til þess að handhlaða vopn.
8. Búnaður til að hlera samskipti.
9. Hálfleiðaraljósskynjarar.
10. Myndskerpupípur.
11. Sjónaukasigti fyrir vopn.
12. Vopn með órifflluðu hlaupi og tilheyrandi skotföng, önnur en þau sem eru sérhönnuð til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra, að undanskildum:
 - merkjabýssum,
 - loftbýssum og býssum með skothylkjum sem eru gerðar til iðnaðarnota eða til þess að deyfa dýr á mannúðlegan hátt.
13. Hermar fyrir þjálfun í meðferð skotvopna ásamt sérhönnuðum eða sérstaklega breyttum íhlutum þeirra og aukahlutum.
14. Sprengjur og handsprengjur, aðrar en þær sem eru sérhannaðar til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
15. Líkamshlífar, aðrar en þær sem eru framleiddar eftir hernaðarstöðlum eða -tæknilýsingum, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
16. Ökutæki til sérstakra nota með drifi á öllum hjólum, sem unnt er að nota utan vega og hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn, ásamt straumlínulagaðri hlíf fyrir slík ökutæki.
17. Vatnsbýssur, ásamt sérhönnuðum eða sérstaklega breyttum íhlutum þeirra.
18. Ökutæki búin vatnsbýssum.
19. Ökutæki, sem eru sérhönnuð eða er sérstaklega breytt til þess að unnt sé að rafmagna þau í því skyni að hrekja árásarmenn brott, ásamt íhlutum þeirra sem eru sérhannaðir eða sérstaklega breytt í þeim tilgangi.
20. Hljóðtæknilegur búnaður, sem viðkomandi framleiðandi eða birgir lýsir sem nothæfum til þess að stöðva óeirðir, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.
21. Fótleggjafjötrar, keðjur til að hlekkja saman menn, fótjárn og rafstuðsbelti, sérhönnuð til þess að halda aftur af mönnum, að undanskildum:
 - handjárnnum að hámarks heildarmáli, að keðju meðtalinni, sem er 240 mm eða minna þegar þau eru læst.
22. Færanlegur búnaður, sem er hannaður eða breytt til þess að stöðva óeirðir eða vera til sjálfsvarnar með því að beita efni sem gerir menn óvirka (t.d. táragasi eða piparúða), ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.
23. Færanlegur búnaður, sem er hannaður eða breytt til þess að stöðva óeirðir eða vera til sjálfsvarnar með því að gefa rafstuð (t.d. rafstuðskylfur, rafstuðsskildir, deyfingarbýssur og rafstuðspílubýssur), ásamt íhlutum hans sem eru sérhannaðir eða er sérstaklega breytt í fyrrnefndum tilgangi.
24. Rafeindabúnaður, sem getur fundið leynd sprengiefni, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans, að undanskildum:
 - sjónvarps- eða röntgeneftirlitsbúnaði.
25. Rafeindastýrður truflunarbúnaður sérhannaður til þess að koma í veg fyrir sprengingu með fjarstýrðum rafmerkjum frá skyndigerðum búnaði, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.

26. Tæki og búnaður, sérhönnuð til þess að koma af stað sprengingum með eða án rafmagns, t.d. kveikisamstæða, hvellhettur, kveikibúnaður, forsprenjur og kveikiþráður, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra, að undanskildum:
- þeim tækjum og búnaði sem eru hönnuð til tiltekinna atvinnunota sem eru fólgin í því að virkja eða starfrækja með sprengingu önnur tæki eða búnað sem þjónar ekki þeim tilgangi að koma af stað sprengingum (t.d. öryggispúðauppblásurum í bifreiðum og yfirraffspennu-vörum fyrir gangsetningarbúnað úðaslökkvikerfa).
27. Tæki og búnaður, hönnuð fyrir förgun sprengiefna og skotfæra, að undanskildum:
- sprengjuábreiðum og
 - ílátum sem eru gerð til þess að umlykja hluti sem vitað er, eða grunur leikur á um, að séu skyndigerður sprengibúnaður.
28. Nætursjónbúnaður og búnaður til varmafræðilegrar myndgerðar og myndskerpupípúr eða þar til gerðir hálfleiðaranemar.
29. Réttlínuskornar sprengihleðslur.
30. Sprengiefni og skyld efni samanber eftirfarandi:
- amatól,
 - nítrósellúsi (sem inniheldur meira en 12,5% af köfnunarefni),
 - nítróglýkól,
 - pentaerýtrítól-tetranítrat (PETN),
 - pikrýlklóríð,
 - tinnítorfenýlmetýlnítramín (tetrýl),
 - 2,4,6-trínítrótólúen (TNT).
31. Sérhannaður hugbúnaður og tækni sem eru nauðsynleg fyrir öll atriði sem eru á listanum.

Reglugerð

nr. 120/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Líbanon.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Líbanon nr. 1636 (2005) og 1701 (2006) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Líbanon, sbr. ályktun nr. 1636 (2005).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/Docs/sc/committees/1636Template.htm>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnasölubann.

Vopnasölubann skal gilda gagnvart Líbanon, en þó ekki ríkisstjórn Líbanons eða aðilum sem hún tilnefnir, sbr. 15. mgr. ályktunar nr. 1701 (2006).

3. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

4. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.¹⁾

1) Öðlaðist gildi 6. febrúar 2009.

Reglugerð

nr. 122/2009 um alþjóðlegar öryggisaðgerðir varðandi hryðjuverkastarfsemi.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um öryggisaðgerðir varðandi hryðjuverkastarfsemi nr. 1373 (2001).

Ákvarðanir nefndar öryggisráðsins gegn hryðjuverkastarfsemi, sbr. ályktun nr. 1373 (2001), eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/ctc/>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

Ákvæði reglugerðar þessarar skulu gilda að svo miklu leyti sem að sú háttsemi sem þar er lýst fellur ekki undir ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940, lög um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka nr. 144/1998, lög um siglingavernd nr. 50/2004, lög um

aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006 eða lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

2. gr.

Fjármögnun hryðjuverkastarfsemi o.fl.

Aðilum hérlendis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að:

- a) fjármagna hryðjuverkastarfsemi,
- b) safna eða veita fé, með beinum eða óbeinum hætti, í þeim tilgangi eða með þeirri vitneskju að það verði notað til að fremja hryðjuverk og
- c) veita:
 - i. aðilum, sem fremja hryðjuverk, gera tilraun til slíks, eiga aðild að hryðjuverkum eða auðvelda framkvæmd þeirra,
 - ii. lögaðilum í eigu aðila skv. i-lið eða sem þeir ráða beint eða óbeint yfir og
 - iii. aðilum, sem aðhafast fyrir hönd eða undir stjórn aðila skv. i-lið, aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði eða veita þeim fjármálaþjónustu eða aðra skylda þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, sbr. a-, b- og d-liði 1. mgr. ályktunar nr. 1373 (2001).

Ákvæði 1. mgr. skulu ekki skerða réttindi þriðja aðila í góðri trú sbr. 5. tl. 8. gr. alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi (1999).

3. gr.

Landgöngubann o.fl.

Aðilum hérlendis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að:

- a) veita aðilum, sem taka þátt í hryðjuverkastarfsemi, nokkurn stuðning, beinan eða óbeinan, þ.m.t. með því að stuðla að liðssöfnun í hryðjuverkasamtök eða því að vopn komist í hendur hryðjuverkamanna og/eða
- b) veita griðastað þeim sem fjármagna, skipuleggja, styðja eða fremja hryðjuverk eða þeim sem veita slíkum aðilum griðastað.

Aðilum, sem fjármagna, skipuleggja, stuðla að eða fremja hryðjuverk hérlendis eða erlendis, er óheimilt að dvelja hérlendis, koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. 2. mgr. ályktunar nr. 1373 (2001).

4. gr.

Frysting fjármuna.

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð, sbr. c-lið 1. mgr. ályktunar nr. 1373 (2001), í eigu:

- a) aðila sem fremja hryðjuverk, gera tilraun til slíks, eiga aðild að hryðjuverkum eða auðvelda framkvæmd þeirra,
- b) lögaðila í eigu aðila skv. a-lið eða sem þeir aðilar ráða beint eða óbeint yfir og
- c) aðila sem aðhafast fyrir hönd eða undir stjórn aðila skv. a-lið, þ.m.t. fjármuni sem stafa frá eða myndast af eignum aðila skv. a-lið eða eignum sem síðarnefndu aðilarnir ráða beint eða óbeint yfir, svo og tengdra einstaklinga og stofnana.

5. gr.

Undanþágur frá öryggisaðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá öryggisaðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.¹⁾ Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 867/2001 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001) um aðgerðir til að hindra fjármögnun hryðjuverka.

1) Öðlaðist gildi 6. febrúar 2009.

Reglugerð

**nr. 123/2009 um alþjóðlegar öryggisaðgerðir varðandi
geryðingarvopn, sbr. reglugerð nr. 325/2009 um breyting á henni.**

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um öryggisaðgerðir varðandi geryðingarvopn nr. 1540 (2004), 1673 (2006) og 1810 (2008).

Ákvarðanir nefndar öryggisráðsins um geryðingarvopn (1540-nefndarinnar), sbr. ályktun nr. 1540 (2004), eru birtar á vefsetri hennar (<http://disarmament2.un.org/Committee1540/index.html>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Meðferð geryðingarvopna.

Enginn annar en ríki má þróa, framleiða, afla, safna, nota, útvega, eiga, flytja, miðla, eiga viðskipti með eða hafa í vörslu sinni kjarna-, efna-, sýkla- eða eiturvopn eða burðarkerfi fyrir slík vopn, sbr. lög nr. 17/2000 um framkvæmd samnings um bann við framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, lög nr. 25/2001 um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Bann skv. 1. mgr. tekur einnig til tilraunar og hlutdeildar í athöfnum sem bann er lagt við og þess að veita hvers konar þjónustu í tengslum við hana, þ. á m. fjármögnunar- eða fjármálaþjónustu, sbr. 1.-3. mgr. ályktunar nr. 1540 (2004).

3. gr.

Tilkynningar og leyfi.

Aðilum, sem þróa, framleiða, afla, safna, nota, útvega, eiga, flytja, miðla, eiga viðskipti með eða hafa í vörslu sinni vörur, tækni eða þjónustu sem getur nýst til þess að þróa, framleiða, afla, safna, nota, útvega, eiga, flytja, miðla, eiga viðskipti með eða hafa í vörslu sinni kjarna- eða efnavopn eða lífræn vopn eða burðarkerfi fyrir slík vopn, er skylt:

- a) að tilkynna það utanríkisráðuneytinu,
- b) að koma tryggilega í veg fyrir aðgang óviðkomandi aðila að þeim vörum og þeirri tækni,
- c) að afla innflutningsleyfis frá utanríkisráðuneytinu áður en slíkar vörur eða tækni er flutt til landsins eða hefur viðkomu hérlendis og
- d) að afla útflutningsleyfis frá utanríkisráðuneytinu áður en slíkar vörur, tækni eða þjónusta er flutt út úr landinu, sbr. lög nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o.fl. og 3. mgr. ályktunar nr. 1540 (2004).

[Ákvæði 1. mgr. taka m.a. til hluta sem tilgreindir eru í skjölum öryggisráðsins nr. S/2006/814 (INFCIRC/254/Rev.8/Part1 og INFCIRC/254/Rev.7/Part2) og S/2006/815, dags. 13. október 2006, sbr. I. og II. viðauka við reglugerð nr. 146/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Íran, og skjali öryggisráðsins nr. S/2006/853, dags. 7. nóvember 2006, sbr. III. viðauka við reglugerð nr. 153/2009 um alþjóðlegar þvingunar-aðgerðir varðandi Norður-Kóreu.]¹⁾

- 1) [Rgr. 123/2009](#) (öðlaðist gildi 26. mars 2009).

4. gr.

Alþjóðasamningar.

Ákvæði þessa kafla hafa ekki áhrif á réttindi eða skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum frá 1. júlí 1968, sýkla- og eiturvopnasamningnum frá 10. apríl 1972 eða efnavopnasamningnum frá 13. janúar 1993 og breyta ekki réttindum eða skyldum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar eða Efnavopnastofnunarinnar, sbr. 5. mgr. ályktunar nr. 1540 (2004).

5. gr.

Undanþágur frá öryggisaðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá öryggisaðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

1) Öðlaðist gildi 6. febrúar 2009.

Reglugerð

nr. 140/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Fílabeinsströndina.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Fílabeinsströndina nr. 1572 (2004), 1584 (2005), 1643 (2005), 1727 (2006), 1782 (2007) og 1842 (2008) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Fílabeinsströndina, sbr. ályktun nr. 1572 (2004).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/1572/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnasölubann.

Vopnasölubann skal gilda gagnvart Fílabeinsströndinni, sbr. 7. og 8. mgr. ályktunar nr. 1572 (2004) og 1. mgr. ályktunar nr. 1842 (2008).

3. gr.

Landgöngubann.

Einstaklingum, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. 9. og 10. mgr. ályktunar nr. 1572 (2004) og 1. mgr. ályktunar nr. 1842 (2008).

4. gr.

Frysting fjármuna.

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð í eigu aðila sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, sbr. 11. og 12. mgr. ályktunar nr. 1572 (2004) og 1. mgr. ályktunar nr. 1842 (2008).

5. gr.

Bann við viðskiptum með demanta.

Bannað er að flytja inn óunna demanta frá Fílabæisströndinni, sbr. 6. mgr. ályktunar nr. 1643 (2005) og 1. mgr. ályktunar nr. 1842 (2008).

6. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

7. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

1) Öðlaðist gildi 10. febrúar 2009.

I. VIÐAUKI
([Sjá pdf-skjal](#))

Reglugerð

nr. **141/2009** um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Írak, sbr. reglugerð nr. **301/2010** um breyting á henni.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Írak nr. 661 (1990), 1483 (2003), 1546 (2004) og 1859 (2008) og ákvörðunum framkvæmda-nefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Írak, sbr. ályktun nr. 1518 (2003).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/1518/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnasölubann.

Vopnasölubann skal gilda gagnvart Írak, sbr. 3. mgr. ályktunar nr. 661 (1990).

Búnaður, tækni og þjónusta, sem eru nauðsynleg til að tryggja stöðugleika og öryggi í Írak í samræmi við ályktanir öryggisráðsins, eru undanþegin ákvæðum 1. mgr., sbr. 21. mgr. ályktunar nr. 1546 (2004).

3. gr.

Frysting fjármuna.

[Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð sem:

- a) tilheyra fyrrum ríkisstjórn Íraks, fyrirtækjum þess eða stofnunum og voru utan Íraks 22. maí 2003 eða
- b) hafa verið fjarlægðir frá Írak af háttsettum fulltrúum fyrrum ríkisstjórnar Íraks eða fjölskyldum þeirra eða eru í eigu eða undir beinni eða óbeinni stjórn þeirra, sbr. I. og II. viðauka, sbr. 23. mgr. ályktunar nr. 1483 (2003).]¹⁾

Fjármunum og eignarheimildum að efnahagslegum auði skv. 1. mgr. skal komið til þróunarsjóðs Íraks, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins, svo fremi sem ekki hafi þegar verið höfðað mál hérlendis vegna þeirra.

Kröfum settum fram af einkaaðilum, sem varða fjármuni og efnahagslegan auð skv. 1. mgr., hvort sem þeir hafa verið yfirfærðir eða ekki, skal beint til hinnar alþjóðlega viðurkenndu ríkisstjórnar Íraks.

Fjármunir og efnahagslegur auður skv. 1. mgr. verða ekki andlag aðfarar, kyrrsetningar, löggeymslu eða nauðungarsölu, sbr. 23. mgr. ályktunar nr. 1483 (2003).

¹⁾ Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [301/2010](#).

4. gr.

Verslun með menningarverðmæti.

Öll verslun, útflutningur og innflutningur á íröskum menningarverðmætum, sem hafa verið eða ætla má að hafi verið flutt burt frá Írak með ólögætum hætti eftir 6. ágúst 1990, eru óheimil. Bannið gildir um allar fornleifar og muni sem hafa sagnfræðilegt, menningarlegt, vísindalegt eða trúarlegt gildi.

Bann skv. 1. mgr. gildir ekki um muni sem er skilað til viðkomandi íraskra stofnana, sbr. 7. mgr. ályktunar nr. 1483 (2003).

5. gr.

Verslun með olíu.

Olía og olíuvörur, upprunnar í Írak, skulu undanþegnar aðför, kyrrsetningu, löggeymslu eða nauðungarsölu, þar til eignayfirfærsla á sér stað yfir til kaupanda, nema þær standi til fullnustu skaðabótakrafna vegna mengunarslyss, þ.m.t. olíuleka, sbr. 22. mgr. ályktunar nr. 1483 (2003) og 1. mgr. ályktunar nr. 1859 (2008).

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um niðurstöðu dómstóla í málum er hafa verið höfðuð vegna samningsskuldbindinga sem Írak gekkst undir eftir 30. júní 2004, sbr. 27. mgr. ályktunar nr. 1546 (2004).

6. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

7. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunar-aðgerða nr. 93/2008.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.¹⁾ Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 579/2004 um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1483 (2003) og nr. 1546 (2004) um afnám viðskiptaþvingana gegn Írak o.fl.

1) Öðlaðist gildi 10. febrúar 2009.

I. VIÐAUKI
(Sjá pdf-skjal)

Reglugerð

nr. 146/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Íran.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Íran nr. 1737 (2006), 1747 (2007) og 1803 (2008) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Íran, sbr. ályktun nr. 1737 (2006) (<http://www.un.org/sc/committees/1737/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Kjarna- og skotflaugabúnaður.

Aðilum hérlendis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að selja, miðla, útvega, flytja eða flytja út frá Íslandi eða með skipum, sem sigla undir íslenskum fána, eða með íslenskum loftförum, með beinum eða óbeinum hætti, hluti til Írans, til afnota fyrir Íran eða í þágu Írans, hvort sem þeir eru upprunnir hérlendis eða ekki, sem kynnu að ýta undir starfsemi Írana á sviði auðgunar úrans, endurvinnslu þess eða framleiðslu tengda þungu vatni eða undir þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn, sbr. 3.-5. mgr. ályktunar nr. 1737 (2006) og 8. mgr. ályktunar nr. 1803 (2008).

Hlutir skv. 1. mgr. eru nánar tilgreindir í skjölum öryggisráðsins nr. S/2006/814 og S/2006/815, dags. 13. október 2006, sbr. I. og II. viðauka.

Aðilum hérlendis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að veita Íran nokkra tæknilega aðstoð, þjálfun, fjárhagsaðstoð, fjárfestinga-, miðlunar- eða aðra þjónustu eða fjármuni í tengslum við sölu, flutning, framleiðslu eða notkun á hlutum skv. 1. mgr., sbr. 6. mgr. ályktunar nr. 1737 (2006).

Bannað er að veita opinberu fé til stuðnings útflutnings til Írans, þ.m.t. útflutningslán, útflutningsábyrgðir eða útflutningstryggingar, sem gæti stuðlað að kjarnastarfsemi Írans eða þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn skv. 1. mgr., sbr. 9. mgr. ályktunar nr. 1803 (2008).

Bannað er að flytja inn frá Íran, svo og að flytja með skipum, sem sigla undir íslenskum fána, eða með íslenskum loftförum, hluti, sem tilgreindir eru í 1. mgr., hvort sem hlutirnir eru upprunnir þar eða ekki, sbr. 7. mgr. ályktunar nr. 1737 (2006).

3. gr.

Bann við viðskiptum með hergögn.

Vopnasölubann skal gilda gagnvart Íran, svo og bann við innflutningi hergagna frá Íran, sbr. 5. og 6. mgr. ályktunar nr. 1747 (2007).

4. gr.

Skoðunarskylda.

Nú hefur loftfar eða skip í eigu eða á vegum Iran Air Cargo eða Islamic Republic of Iran Shipping Line viðkomu á Íslandi með farm sem er á leið til eða frá Íran og skal þá skoða farminn, enda sé gild ástæða til að ætla að loftfarið eða skipið flytji hluti, sem bann er lagt við samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 11. mgr. ályktunar nr. 1803 (2008).

5. gr.

Landgöngubann.

Aðilum, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. III. viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. 10. mgr. ályktunar nr. 1737 (2006), 2. mgr. ályktunar nr. 1747 (2007) og 3.-6. mgr. ályktunar nr. 1803 (2008).

6. gr.

Frysting fjármuna.

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð í eigu aðila sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. III. viðauka, sbr. 12. mgr. ályktunar nr. 1737 (2006), 4. mgr. ályktunar nr. 1747 (2007) og 7. mgr. ályktunar nr. 1803 (2008).

7. gr.

Bann við fjárhagsaðstoð.

Óheimilt er að veita Íran styrki, fjárhagsaðstoð eða vildarlán, nema í mannúðarskyni eða til þróunaraðstoðar, sbr. 7. mgr. ályktunar nr. 1747 (2007).

8. gr.

Tilkynningarskylda fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki skulu tilkynna fjármálaeftirlitinu og utanríkisráðuneytinu um viðskipti sín við banka, sem hafa aðsetur í Íran, einkum Bank Melli og Bank Saderat, svo og útibú þeirra og dótturfyrirtæki erlendis, sbr. 10. mgr. ályktunar nr. 1803 (2008).

9. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

10. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.¹⁾

1) Öðlaðist gildi 11. febrúar 2009.

I. til III VIÐAUKI
(Sjá pdf-skjal)

Reglugerð

nr. 147/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Síerra Leóne.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Síerra Leóne nr. 1132 (1997) og 1171 (1998) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Síerra Leóne, sbr. sömu ályktanir.

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/1132/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnasölubann.

Vopnasölubann skal gilda gagnvart Síerra Leóne, sbr. 2.-4. mgr. ályktunar nr. 1171 (1998).

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um:

- a) ríkisstjórn Síerra Leóne, enda sé viðkomandi búnaður undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna og aðildarríkja þeirra, sbr. 2.-4. mgr. ályktunar nr. 1171 (1998) og
- b) hergögn sem eru eingöngu til afnota fyrir hereftirlitshóp Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (Military Observer Group of the Economic Community of West African States, ECOMOG).

3. gr.

Landgöngubann.

Einstaklingum, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. 5. mgr. ályktunar nr. 1171 (1998).

4. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

5. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.¹⁾ Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 471/1998 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1171 (1998) um þvingunaraðgerðir gegn hinum vopnuðu stjórnarandstöðusveitum í Síerra Leóne.

VIÐAUKI I

(Sjá viðauka I)

1) Öðlaðist gildi 11. febrúar 2009.

Reglugerð

nr. 153/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Norður-Kóreu, sbr. reglugerð nr. 734/2009 um breyting á henni.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Norður-Kóreu nr. 1718 (2006) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Norður-Kóreu, sbr. sömu ályktun.

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/Docs/sc/committees/1718Template.htm>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

[Viðskiptabann með hergögn, kjarnabúnað o.fl.]¹⁾

Aðilum hérlendis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að selja, miðla, útvega, flytja eða flytja út frá Íslandi eða með skipum, sem sigla undir íslenskum fána, eða með íslenskum loftförum, með beinum eða óbeinum hætti, eftirfarandi hluti til Norður-Kóreu, til afnota fyrir Norður-Kóreu eða í þágu Norður-Kóreu, hvort sem þeir eru upprunnir hérlendis eða ekki:

- a. Hluti, sem geta ýtt undir kjarnaáætlanir Norður-Kóreu eða þróun skotflauga, sem eru nánar tilgreindir í skjölum öryggisráðsins nr. S/2006/814 og S/2006/815, dags. 13. október 2006, sbr. I. og II. viðauka.
- b. Hluti, sem tengjast efna-, sýkla- eða eiturvopnum, sem eru nánar tilgreindir í skjali öryggisráðsins nr. S/2006/853, dags. 7. nóvember 2006, sbr. III. viðauka.
- c. Munaðarvörur, sbr. IV. viðauka.

Aðilum hérlandis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að selja, miðla, útvega eða flytja til Íslands eða um Ísland eða með skipum, sem sigla undir íslenskum fána, eða með íslenskum loftförum, með beinum eða óbeinum hætti, þá hluti sem tilgreindir eru í a- og b-liðum 1. mgr.

Aðilum hérlandis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að láta Norður-Kóreu í té tækniþjálfun, ráðgjöf, þjónustu eða aðra aðstoð sem tengist útvegum, framleiðslu, viðhaldi eða notkun þeirra hluta sem tilgreindir eru í a- og b- liðum 1. mgr., sbr. 8. mgr. ályktunar nr. 1718 (2006).

[Vopnasölubann skal gilda gagnvart Norður-Kóreu. Jafnframt er lagt bann við innflutningi hergagna frá Norður-Kóreu. Ennfremur er bannað að veita tækniþjálfun, ráðgjöf, þjónustu, aðstoð eða gera fjármálagerninga í tengslum við útvegum, framleiðslu, viðhald eða notkun slíkra hergagna, sbr. 8. mgr. ályktunar nr. 1718 (2006) og 9.-10. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).]¹⁾

¹⁾ Rgr. 734/2009, 2. gr.

[3. gr.

Skoðunarheimild, upptaka farms og þjónustubann.

Sé gild ástæða til að ætla að loftfar eða skip, sem er á leið til eða frá Norður-Kóreu og fer um íslenskt yfirráðasvæði, flytji hluti sem bann er lagt við samkvæmt reglugerð þessari er bærur stjórnvöldum rétt að skoða farminn, sbr. 11. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009). Bærum stjórnvöldum er ennfremur rétt að skoða slíkan farm á úthöfum, með samþykki fánaríkis, sbr. 12. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).

Farmur sem finnst í loftfari eða skipi, sem bann er lagt við samkvæmt reglugerð þessari, skal gerður upptækur og honum eytt eða ráðstafað á annan hátt, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, sbr. 14. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).

Bannað er að þjónusta norður-kóreskt loftfar eða skip, þ.m.t. að útvega eldsneyti eða aðföng, ef gild ástæða er til að ætla að loftfarið eða skipið flytji hluti sem bann er lagt við samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 17. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).]¹⁾

¹⁾ Rgr. 734/2009, 2. gr.

[4. gr.

Fjármálaþjónusta og frysting fjármuna.

Bannað er að veita fjármálaþjónustu eða yfirfæra fjármuni eða efnahagslegan auð sem getur gagnast kjarnaáætlunum, skotflaugaáætlunum eða geryðingarvopnaáætlunum Norður-Kóreu, sbr. 18. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð í eigu aðila sem eru viðriðnir kjarnaáætlanir, skotflaugaáætlanir eða geryðingarvopnaáætlanir Norður-Kóreu, sbr. 18. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).]¹⁾

¹⁾ *Rgr. 734/2009, 3. gr.*

[5. gr.

Bann við fjárhagsaðstoð.

Bannað er að veita Norður-Kóreu styrki, fjárhagsaðstoð eða vildarlán, nema í mannúðar-skyni eða til þróunar til þess að mæta með beinum hætti þörfum almennings eða til þess að stuðla að því að kjarnavæðingu landsins verði snúið við, sbr. 19. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).]¹⁾

¹⁾ *Rgr. 734/2009, 4. gr.*

[6. gr.

Bann við útflutningsaðstoð.

Bannað er að veita opinberu fé til að styðja viðskipti við Norður-Kóreu, þ.m.t. útflutningslán, útflutningsábyrgðir eða útflutningstryggingar, sem getur gagnast kjarna-áætlunum, skotflauga-áætlunum eða gereyðingarvopnaáætlunum Norður-Kóreu, sbr. 20. mgr. ályktunar nr. 1874 (2009).]¹⁾

¹⁾ *Rgr. 734/2009, 5. gr.*

[7. gr.]¹⁾

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

¹⁾ *Rgr. 734/2009, 6. gr.*

[8. gr.]¹⁾

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ *Rgr. 734/2009, 6. gr.*

[9. gr.]¹⁾

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

¹⁾ *Rgr. 734/2009, 6. gr.*

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 992/2006 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1718 (2006) um þvingunaraðgerðir gegn Norður-Kóreu.

1) Öðlaðist gildi 12. febrúar 2009.

VIÐAUKI I-IV
(Sjá pdf-skjal)

Reglugerð

nr. 154/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, sbr. reglugerð nr. 328/2010 um breyting á henni varðandi hryðjuverkasamtök (Al-Qaida og Talíbana).

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi hryðjuverkasamtök (Al-Qaida og Talíbana) nr. 1267 (1999), 1333 (2000), 1390 (2002), 1455 (2003), 1526 (2004), 1617 (2005), 1735 (2006) og 1822 (2008) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi hryðjuverkasamtök (Al-Qaida og Talíbana), sbr. ályktun nr. 1267 (1999).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/1267/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnasölubann.

Vopnasölubann skal gilda gagnvart þeim aðilum sem öryggisráðið eða framkvæmda-nefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, sbr. 1. mgr. ályktunar nr. 1822 (2008).

3. gr.

Útflutningsbann.

Óheimilt er að selja, útvega eða flytja ediksýruanhýdríð (acetic anhydride) til aðila í Afganistan sem eru tilgreindir í I. viðauka, sbr. 10. mgr. ályktunar nr. 1333 (2000).

4. gr.

Landgöngubann.

Einstaklingum, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. 1. mgr. ályktunar nr. 1822 (2008). Hið

sama á við um háttsetta fulltrúa samtaka Talíbana, sem hafa stöðu vararáðherra eða eru herra settir, svo og jafnháttsetta hermenn undir stjórn Talíbana og aðra háttsetta ráðgjafa þeirra.

5. gr.

Yfirflugs- og landingarbann.

Óheimilt er að loftfar taki á loft eða lendi á eða fljúgi yfir íslenskt yfirráðasvæði ef það loftfar hefur tekið á loft eða því er ætlað að lenda á svæði í Afganistan sem framkvæmdanefndin hefur tilgreint að sé undir stjórn Talíbana, nema hún hafi samþykkt það fyrirfram, sbr. 11. mgr. ályktunar nr. 1333 (2000).

6. gr.

Frysting fjármuna.

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð í eigu aðila sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, sbr. 1. mgr. ályktunar nr. 1822 (2008).

Frysting fjármuna og efnahagslegs auðs tekur m.a. til fjármuna sem eru notaðir til að reka vefsetur og skylda starfsemi til stuðnings Al-Qaida, Usama bin Laden, Talíbönum eða öðrum aðilum sem þeim tengjast, sbr. 4. mgr. ályktunar nr. 1822 (2008).

7. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

8 gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

1. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 349/2002 um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar Talíbana í Afganistan og nr. 1333 (2000) um aðgerðir gegn Talíbönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan, sbr. ályktanir öryggisráðsins nr. 1388 (2002) og 1390 (2002) um ástandið í Afganistan.

1) Öðlaðist gildi 12. febrúar 2009.

[VIÐAUKI I
(Sjá pdf-skjal)]¹⁾

¹⁾ Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [328/2010](#).

Reglugerð

nr. **155/2009** um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi alþýðulýðveldið Kongó (Austur-Kongó).

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi alþýðulýðveldið Kongó nr. 1493 (2003), 1533 (2004), 1596 (2005), 1649 (2005), 1698 (2006), 1771 (2007), 1807 (2008) og 1857 (2008) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi alþýðulýðveldið Kongó, sbr. ályktun nr. 1533 (2004).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/1533/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnasölubann.

Vopnasölubann skal gilda gagnvart alþýðulýðveldinu Kongó, sbr. 1. mgr. ályktunar nr. 1857 (2008).

3. gr.

Landgöngubann.

Einstaklingum, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. 13. og 14. mgr. ályktunar nr. 1596 (2005), 6. mgr. ályktunar nr. 1771 (2007) og 3.-5. mgr. ályktunar nr. 1857 (2008).

4. gr.

Frysting fjármuna.

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð í eigu aðila sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, sbr. 15. mgr. ályktunar nr. 1596 (2005), 2. mgr. ályktunar nr. 1649 (2005), 6. mgr. ályktunar nr. 1771 (2007) og 3.-5. mgr. ályktunar nr. 1857 (2008).

5. gr.

Bann við fjárhagsaðstoð.

Óheimilt er að veita vopnuðum hópum og samtökum í alþýðulýðveldinu Kongó fjárhagsaðstoð, sbr. 18. mgr. ályktunar nr. 1493 (2003).

6. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

7. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

1) Öðlaðist gildi 12. febrúar 2009.

VIÐAUKI I

([Sjá pdf-skjal](#))

Reglugerð

nr. 156/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Súdan.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Súdan nr. 1556 (2004), 1591 (2005) og 1672 (2006) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Súdan, sbr. ályktun nr. 1591 (2005).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/1591/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnasölubann.

Vopnasölubann skal gilda gagnvart Súdan, sbr. 7.-9. mgr. ályktunar nr. 1556 (2004) og 7. mgr. ályktunar nr. 1591 (2005).

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um:

- a) aðstoð og aðföng til stuðnings Heildarfriðarsamkomulaginu (Comprehensive Peace Agreement) eða
- b) hergögn til Darfur-svæðisins sem framkvæmdanefndin hefur samþykkt fyrirfram skv. beiðni ríkisstjórnar Súdans.

3. gr.

Landgöngubann.

Einstaklingum, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. 3. mgr. ályktunar nr. 1591 (2005).

4. gr.

Frysting fjármuna.

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð í eigu aðila sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, sbr. 3. mgr. ályktunar nr. 1591 (2005).

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

1) Öðlaðist gildi 12. febrúar 2009.

VIÐAUKI I
(Sjá pdf-skjal)

Reglugerð

**nr. 520/2009 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og stoðblöndur,
sbr. reglugerð nr. 1042/2009 um (1.) breytingu á henni.**

I. KAFLI

Gildissvið, skilgreiningar og almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um ungbarnablöndur og stoðblöndur fyrir heilsuhraust ungbörn og smábörn.

Ungbarnablöndur og stoðblöndur má því aðeins markaðssetja héraendis að þær séu í samræmi við efnisákvæði þessarar reglugerðar.

Ákvæði hennar ná þó ekki til slíkra vara sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Merking orða í reglugerð þessari eru sem hér segir:

Ungbörn eru börn yngri en 12 mánaða.

Smábörn eru börn á aldrinum eins til þriggja ára.

Ungbarnablanda er sérfaði handa ungbörnum á fyrstu mánuðum ævinnar sem fullnægir næringarþörf þeirra þar til byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótar-fæðu.

Stoðblanda er sérfaði handa ungbörnum eftir að byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótar-fæðu. Stoðblanda er meginhluti af fljótandi fæði ungbarna sem verið er að venja á fjöl-breyttara fæði.

Ungbarnamjólk er ungbarnablanda sem eingöngu er framleidd úr kúamjólkurpróteinum.

Mjólkurstoðblanda er stoðblanda sem eingöngu er framleidd úr kúamjólkurpróteinum.

Varnarefnaleifar eru leifar af varnarefnum ásamt umbrots-, niðurbrots- eða myndefnum þeirra.

Varnarefni eru efni sem notuð eru m.a. gegn illgresi, sveppum og meindýrum við fram-leiðslu eða geymslu matvæla.

3. gr.

Fyrir efnin sem eru skráð í viðauka III skulu gilda þær reglur um hreinleikaskilyrði sem settar hafa verið á Evrópska efnahagssvæðinu fyrir slík efni til notkunar í matvælum. Hafi slíkar reglur ekki verið settar getur Matvælastofnun sett skilyrði um að hreinleiki efnanna sé í samræmi við skilgreiningar og tilmæli alþjóðastofnana.

II. KAFLI

Samsetning og efnainnihald.

4. gr.

Ungbarnablöndur og stoðblöndur er eingöngu heimilt að framleiða úr próteinum og öðrum innihaldsefnum sem viðurkennd eru, samkvæmt niðurstöðum vísindalegra rannsókna, sem sérfaði fyrir ungbörn og smábörn.

Við framleiðslu ungbarnablöndna og stoðblöndna skal eingöngu nota þau orku- og bæti-efni sem skilgreind eru í viðaukum I-III ásamt tilgreindum skilyrðum og að teknu tilliti til ákvæða í viðauka V.

Fyrir ungbarnablöndur sem framleiddar eru úr kúamjólkurpróteinum sbr. lið 2.1 í viðauka I og með próteininnihald milli lágmarksgildis og 0,5 g/100 kJ (2 g/100 kkal) skal unnt að sýna fram á með niðurstöðum vísindalegra rannsókna framkvæmdra af viðurkenndum aðilum, að ungbarnablöndan henti til sérstakra næringarlegra nota handa ungbörnum.

Fyrir ungbarnablöndur sem framleiddar eru úr vatnsrofnunum próteinum sbr. lið 2.2 í viðauka I og með próteininnihald milli lágmarksgildis og 0,56 g/100 kJ (2,25 g/100 kkal) skal unnt að sýna fram á með niðurstöðum vísindalegra rannsókna framkvæmdra af viðurkenndum aðilum, að ungbarnablöndan henti til sérstakra næringarlegra nota handa ungbörnum og þær skulu jafnframt uppfylla þau skilyrði sem sett eru í viðauka VI.

Ungbarnablöndur og stoðblöndur skulu framleiddar þannig að ef þörf krefur þurfi einungis að bæta í þær vatni fyrir neyslu.

5. gr.

Í ungbarnablöndum og stoðblöndum skulu ekki vera nein efni í því magni sem stefnt getur heilsu ungbarna og smábarna í hættu. Hámarks magn leifa þeirra varnarefna sem tilgreind eru í viðauka IX skal ekki vera herra en þar kemur fram. Hámarks magn fyrir leifar annarra varnarefna í ungbarnablöndum og stoðblöndum sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda skal vera 0,01 mg/kg.

Varnarefnin í töflum 1 og 2 í viðauka VIII er óheimilt að nota við framleiðslu á land-búnaðar-afurðum sem ætlaðar eru til framleiðslu á ungbarnablöndum og stoðblöndum. Við eftirlit skal litið svo á varðandi magn þessara varnarefna að þau eru ekki talin hafa verið notuð ef leifar þeirra eru ekki meiri en 0,003 mg í hverju kg af ungbarnablöndum og stoðblöndum eins og þær eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda.

Nota skal staðlaðar og almennt viðurkenndar aðferðir við greiningu á magni varnar-efna-leifa.

III. KAFLI

Merking, markaðssetning og fræðsla.

6. gr.

Merking skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu mat-væla, með síðari breytingum og reglugerðar nr. 757/2002 um sérfaði og ákvæði þessarar reglugerðar.

Ákvæði um merkingar samkvæmt þessari reglugerð gilda einnig um auglýsingar og kynningar á ungbarnablöndum og stoðblöndum. Þetta gildir um framsetningu vara, einkum lögum, útlit, umbúðir og umbúðaefni þeirra, hvornig þeim er komið fyrir og í hvaða umhverfi þær eru sýndar.

7. gr.

Heiti þeirra vara sem hér um ræðir skal eftir því sem við á vera „ungbarnablanda“ eða „stoðblanda“ og merkjast á íslensku.

Þegar um er að ræða vörur sem eingöngu eru framleiddar úr kúamjólk skal merkja þær sem „ungbarnamjólk“ eða „mjólkurstoðblanda“.

8. gr.

Ungbarnablöndur skulu merktar með eftirfarandi upplýsingum á íslensku:

1. Merkingunni „Áríðandi“ eða sambærilegu hugtaki ásamt upplýsingum um ágæti brjóstagjafar og mælt skal með því að varan sé aðeins notuð að ráði hlutlausra einstaklinga með menntun á sviði læknisfræði, næringarfræði, lyfjafræði eða fagfólks sem annast mæðra- og ungbarnavernd. Merkingin skal vera greinileg.
2. Yfirlýsingu þess efnis að varan sé ætluð sem sérfræði fyrir ungbörn sem ekki eru höfð á brjósti.
3. Nákvæmum leiðbeiningum um rétta tilreiðslu, geymslu og förgun vörunnar ásamt aðvörum um hættu samfara rangri tilreiðslu og geymslu.

9. gr.

Óheimilt er að gefa í skyn að ungbarnablöndur geti jafngilt móðurmjólk eða verið á nokkurn hátt betri. Einungis er heimilt að nota þær næringar- og heilsufullyrðingar fyrir ungbarnablöndur sem uppfylla þau skilyrði sem fram koma í viðauka IV.

Við merkingu og markaðssetningu á ungbarnablöndum má ekki nota myndir af ung-börnum né nokkuð sem hvetur til notkunar á blöndunum. Hins vegar er leyfilegt að hafa skýringarmyndir er gefa til kynna um hvaða fæðutegund er að ræða og hvernig hún skuli meðhöndluð eða tilreidd.

10. gr.

Stoðblöndur skulu merktar með eftirfarandi upplýsingum á íslensku:

1. Yfirlýsingu þess efnis að varan sé aðeins ætluð sem sérfræði fyrir ungbörn eldri en sex mánaða og að hún komi ekki í stað móðurmjólkur fyrir ungbörn fyrstu sex mánuði ævinnar.
2. Nákvæmar leiðbeiningar um tilreiðslu, geymslu og förgun vörunnar ásamt að-vörum um hættu samfara rangri tilreiðslu og förgun.
3. Að stoðblandan sé eingöngu ætluð sem hluti af fjölbreyttu mataræði barnsins.
4. Sú ákvörðun að gefa ungbörnum eldri en sex mánaða aðra fæðu en mjólk, skuli aðeins tekin að ráði hlutlausra aðila með menntun á sviði læknisfræði, næringar-fræði eða lyfjafræði eða annars fagfólks sem annast umönnun mæðra og ungbarna. Ákvörðun skal byggjast á sérstökum vaxtar- og þroskaþörfum hvers ungbarns.

11. gr.

Við merkingu og markaðssetningu á ungbarnablöndum og stoðblöndum má ekki á nokkurn hátt letja til brjóstgjafar. Bannað er að nota orðin „líkist móðurmjólk“, „aðhæfð móðurmjólk“, „aðhæfð“ eða álíka orð.

Ungbarnablöndur og stoðblöndur skulu merktar á þann hátt að það geri neytendum kleift að gera skýran greinarmun á þessum vörum þannig að ekki sé nein hættá á að neytendur ruglist á ungbarnablöndum og stoðblöndum.

12. gr.

Við merkingu ungbarnablandna og stoðblandna skal tilgreina orkugildi vörunnar (í kJ og kkal) og magn (g) próteina, fitu og kolvetna í 100 ml af blöndu tilbúinni til neyslu. Einnig skal meðalmagn þeirra steinefna og vítamína sem getið er um í viðaukum I og II koma fram og þar sem við á, magn kólíns, ínósítóls, karnítíns og táríns. Magn skal gefið upp í þyngdareiningum (g, mg, µg) í 100 ml af blöndu tilbúinni til neyslu.

Auk þess er heimilt að fram komi magn þeirra bætiefna sem upp eru talin í viðauka III og ekki er gerð krafa um að merkja samkvæmt 1. mgr. Magn skal gefið upp í þyngdar-einingum í 100 ml af blöndu tilbúinni til neyslu.

Einnig er heimilt að merkja umbúðir fyrir stoðblöndur með prósentuhlutfalli þeirra bæti-efna sem fram koma í viðauka VII, reiknað út frá þeim viðmiðunargildum sem þar eru tilgreind. Magn skal gefið upp í þyngdareiningum í 100 ml af blöndu/vöru tilbúinni til neyslu.

13. gr.

Einungis er heimilt að auglýsa ungbarnablöndur í sérritum um umönnun ungbarna og í vísinda-ritum sem byggja á viðurkenndum rannsóknum. Matvælastofnun getur þó tak-markað enn frekar eða bannað slíkar auglýsingar með öllu.

Óheimilt er að auglýsa á sölustöðum, afhenda sýnishorn eða beita öðrum söluhvetjandi ráðum til að hafa áhrif á sölu ungbarnablandna í smásölu, t.d. með sérútsellingum, afsláttar-miðum, verðlaunum, söluherferðum, sölu undir kostnaðarverði eða sértíðum t.d. pakkatilboðum.

Þetta gildir einnig um hvers konar markaðssetningu beint eða óbeint í gegnum aðila innan heilsugæslunnar.

Einnig er óheimilt að markaðssetja eða á nokkurn hátt gefa til kynna að önnur vara en ungbarnablanda geti ein og sér fullnægt næringarþörfum heilsuhraustra ungbarna fyrstu mánuði ævinnar uns byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótarfæðu.

14. gr.

1. Upplýsingagjöf og fræðsla um næringu ungbarna og smábarna til fjölskyldna og þeirra sem fást við næringu ungbarna og smábarna skal vera hlutlæg og sam-ræmd. Tryggja skal skipulag, öflun, útfærslu og dreifingu þessara upplýsinga og eftirlit með þeim.
2. Upplýsinga- og fræðsluefni, sem er sett fram í rituðu máli eða með mynd- og hljóðmiðlum, fjallar um næringu ungbarna og er ætlað barnshafandi konum og mæðrum ungbarna og smábarna, skal innihalda skýrar upplýsingar um öll eftir-talin atriði:
 - a) kosti og yfirburði brjóstgjafar,
 - b) næringu fyrir móðurina, undirbúning fyrir brjóstgjöf og hvernig eigi að viðhalda brjóstgjöfinni,
 - c) hugsanleg neikvæð áhrif þess á brjóstgjöf að gefa þela jafnhliða henni,
 - d) vandkvæði því samfara að breyta þeirri ákvörðun að gefa ekki brjóst,

- e) Þar sem þess er þörf, rétt notkun ungbarnablandna. Innihaldi þessi gögn upp-lýsingar um notkun ungbarnablandna skal jafnframt vekja athygli á félags-legum og fjárhagslegum afleiðingum hennar, þeirri hættu, sem heilsufari getur stafað af rangri fæðu eða röngum næringaraðferðum og sérstaklega þeirri hættu sem heilsufari getur stafað af rangri notkun ungbarnablandna. Engar myndir skulu vera í þessum gögnum sem kunna að fegra notkun ung-barna-blandna.
3. Framleiðendum eða dreifingaraðilum áhalda eða tækjabúnaðar til tilreiðslu ungbarna- og stoðblandna er óheimilt að gefa vörur sínar eða áhöld til notenda nema að fengnu skriflegu samþykki lögbærs yfirvalds. Heimilt er að slík tæki eða slíkt efni beri heiti eða merki fyrirtækisins sem gefur, án þess að vísað sé til vöruheitis ungbarnablöndu sem framleidd er með einkaleyfi og skal tækjunum eða efninu einungis dreift í gegnum heilsugæslukerfið.
4. Birgðir af ungbarnablöndum, sem gefnar eru stofnunum eða samtökum eða seldar þeim á vægu verði, hvort sem nota á þær í þessum stofnunum eða dreifa þeim utan þeirra, skulu aðeins notaðar af eða dreift handa ungbörnum sem næra verður á ungbarnablöndum og aðeins eins lengi og þau þurfa þess með.

IV. KAFLI

Eftirlit og tilkynningarskylda.

15. gr.

Þegar ungbarnablöndur eru settar á markað skal framleiðandi eða dreifingaraðili tilkynna um slíkt og senda sýnishorn af merkingu vörunnar til Matvælastofnunar.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í 1. gr. séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og almenn ákvæði um hollustu-hætti matvæla. Óheimilt er að dreifa vörum sem ekki uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

16. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Matvælastofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

17. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af efnisákvæðum tilskipunar 2006/141/EB um ung-barna-blöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 735/1997 um ung-barna-blöndur og stoðblöndur með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir vörutegundir sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar, er veittur frestur til 31. desember 2009 til að koma á nauð-syn-legum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglu-gerðar-innar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.

Ákvæði 2.-4. mgr. 4. gr. taka ekki gildi fyrir matvæli til nota í sérstökum læknis-fræði-legum tilgangi fyrir ungbörn fyrr en 1. janúar 2012.

(Viðaukar ekki birtir hér sjá [pdf-skjal](#), sbr. breytingu á þeim skv. reglugerð nr. 1042/2009.)

Reglugerð

nr. 604/2009 um sektir og önnur viðurlög ákvörðuð af tollstjóra vegna brots á tollalögum nr. 88/2005.

1. gr.

Við ákvörðun sektar allt að 300.000 kr. vegna brota á 1. mgr. 170. gr. og 171. gr. tollalaga skal hafa hliðsjón af aðflutningsgjaldi hinnar innfluttu vöru að viðbættum 15% þeirrar fjárhæðar auk þess sem varan, að verðmæti allt að 300.000 kr., verði gerð upptæk samkvæmt 1. mgr. 181. gr. tollalaga.

Um sektir varðandi tiltekna vöruflokka gilda þó eftirfarandi sérreglur í viðauka við þessa reglugerð auk þess sem varan skal gerð upptæk. Heimilt er að víkja frá ákvæðum í viðaukanum ef veigamikil rök mæla með því.

2. gr.

Fullnaðargreiðsla sektar skal fara fram við undirritun sektargerðar og er heimilt að greiða sekt með greiðslukortum (debet- og kredit) auk greiðslu í reiðufé.

3. gr.

Tollstjóra er heimilt að fela tollvörðum að bjóða mönnum, sem uppvísir verða að brotum skv. 1. gr., að ljúka málum með greiðslu sektar á vettvangi, þ.á m. með greiðslukortum og upptöku varnings.

4. gr.

Nú stendur tollvörður manni að broti skv. 1. gr. sem hann gengst skýlaust við og tollvörður telur að hæfileg viðurlög við brotinu séu sekt sem fari ekki fram úr 100.000 kr. auk upptöku. Getur tollvörður þá ákveðið viðurlög við brotinu samkvæmt þessari reglugerð. Tollvörður gerir sakborningi ljós þau viðurlög sem við broti liggja og afleiðingar þess að sekt sé ekki greidd og afhendir honum skýrslu þar sem fram kemur stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það var framið, þau refsíákvæði sem það varðar við og tilgreining á þeim varningi sem lagt var hald á. Sakborningur undirritar skýrsluna og skal tollvörður bjóða sakborningi að ljúka þegar málinu með greiðslu sektar á vettvangi.

5. gr.

Nú telur tollstjóri að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir viðurlög skv. 3. gr. eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um það fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 185. gr. tollalaga nr. 88/2005, öðlast gildi þegar í stað.

VIÐAUKI**Sérreglur vegna ólögmæts innflutnings á tilgreindum vöruflokkum.**

Ólögmætur innflutningur og önnur ólögmæt meðferð eftirtalins varnings, sbr. 1. mgr. 170. gr. og 171. gr. tollalaga, skal sæta sektum sem hér segir:

1. Áfengi og tóbak.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af útsöluverði sambærilegs áfengis/tóbaks hjá áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Um eftirgreindar vörur skal þó miða við tilgreindar fjárhæðir:

Áfengi yfir 71% (t.d. spíri)	fyrir lítra	8.000 kr.
Áfengi; 51% - 70%	fyrir lítra	7.000 kr.
Áfengi yfir 31-50%	fyrir lítra	5.000 kr.
Áfengi 22-30%	fyrir lítra	3.500 kr.
Áfengi undir 22%	fyrir lítra	3.000 kr.
Vín, þ.m.t. freyðivín	fyrir lítra	2.000 kr.
Bjór 33 cl. 24 stk.	1 kassi	4.000 kr.
Bjór 33 cl.	1 stk	170 kr.
Bjór 50 cl. 24 stk.	1 kassi	5.500 kr.
Bjór 50 cl.	1 stk	230 kr.
Vindlingar (200 stk)	1 karton	6.000 kr.
Vindlar, smáir (t.d. Bacatello)	fyrir 10 stk.	400 kr.
Vindlar, meðalstórir (t.d. Fauna)	fyrir 10 stk.	700 kr.
Vindlar, stórir („Kúbuvindlar")	fyrir 25 stk.	7.000 kr.
Munntóbak („snus“)	fyrir 50 g	400 kr.
Neftóbak („snuff“) t.d. mentól	fyrir 50 g	900 kr.
Neftóbak („snuff“) t.d. mentól	fyrir 1 g	20 kr.

2. Matvara.

Við ákvörðun sektar skal hafa til hliðsjónar aðflutningsgjald vöru að viðbættum 15% þeirrar fjárhæðar.

Um eftirgreindar vörur skal þó miða við tilgreindar fjárhæðir:

Fuglakjöt, beinlaust	fyrir 1 kg	1.200 kr.
Fuglakjöt, með beini	fyrir 1 kg	600 kr.
Svínakjöt	fyrir 1 kg	900 kr.
Svínakjöt; lundir eða reykt	fyrir 1 kg	1.750 kr.
Nautakjöt; lundir	fyrir 1 kg	2.500 kr.
Nautakjöt	fyrir 1 kg	1.250 kr.
Salami pylsa	fyrir 1 kg	1.250 kr.
Skinka	fyrir 1 kg	1.250 kr.
Ostur	fyrir 1 kg	800 kr.

3. Fæðubótarefni.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af söluverði efnis, ef upplýsingar liggja fyrir um það. Um eftirgreindar vörur skal þó miða við tilgreindar fjárhæðir:

Ripped fuel:

Ripped fuel (60 pillur í glasi)	fyrir 1 glas	1.750 kr.
Ripped fuel (120 pillur í glasi)	fyrir 1 glas	3.500 kr.
Ripped fuel (200 pillur í glasi)	fyrir 1 glas	5.500 kr.

Herbalife:

Við ákvörðun sektar vegna innflutnings eftirgreindra herbalifevara, sem Lyfjastofnun hefur ekki heimilað innflutning á, skal miða við lágmarksfjárhæð 1.500-6.000 kr. fyrir hver 60 stk. af töflum eða 60 g af dufti:

Töflur	60 stk.	1.500-6.000 kr.
Sleep Now N-R-G Cell-U-Loss Aminogen AM Replenishing PM Cleansing Formula Vita/Mineral/Herbs Formula 2 Formula 3/Cell-U-Loss Original Green		
Thermojetics Beige Thermojetics Formula 2 Thermojetics Green& Beige Mega Ginseng Blend Ultimate Prostate Formula Woman's Choice Schizandra Plus		
Duft	60 g	1.500-6.000 kr.
Thermojetics Thermojetics Formula 1 Thermojetics Lemon Thermojetics HRBL Peach Performance Protein		

Meginreglan um ákvörðun sektarfjárhæðar með hliðsjón af söluverði skal gilda um eftirgreindar herbalifevörur, sem Lyfjastofnun hefur hafnað: Herbal Calmative (úði), Raw Guarana (te), Thermo-jetics Protein Bar (kex).

Úr reglugerð

nr. 678/2009 um raforkuvirki, sbr. reglugerð nr. 699/2009 og 494/2010 um breytingu á henni.

1. gr.

Skilgreiningar.

...

Raffang: Hvers konar hlutur sem að einhverju leyti kemur að gagni við nýtingu raforku, þ.e. til vinnslu, flutnings, dreifingar, geymslu, mælinga, breytinga og notkunar raforku, svo sem spennar, hreyflar, mælitæki, neyslutæki, varnarbúnaður og búnaður til raflagna.

...

7. gr.

Eftirlit með rafföngum.

7.1 Almenn.

Ákvæði þessarar greinar um eftirlit með rafföngum, sem boðin eru fram í atvinnuskyni, eiga við um framleiðslu þeirra, innflutning, sölu, hvers konar framsal, notkun og aðra meðhöndlun.

Nr. 678 29. júlí 2009

7.2 Ákvæði um öryggi raffanga.

Rafföng má því aðeins setja á markað að hönnun þeirra, gerð og frágangur stofni ekki öryggi manna, húsdýra eða eigna í hættu þegar þau eru rétt upp sett, þeim við haldið og þau notuð með þeim hætti sem til er ætlast.

...

7.5 Markaðssetning og samræmi við staðla og ákvæði um öryggi.

Einungis er heimilt að markaðssetja rafföng sem uppfylla öryggisákvæði reglugerðar þessarar.

Áður en rafföng eru markaðssett skal festa á þau CE-samræmismerkið sem sýnt er í viðauka 1. CE-merkið er til staðfestingar á því að farið sé að öllum ákvæðum reglugerðar þessarar, þar með töldum reglum um aðferðir við samræmismat sem mælt er fyrir um í viðauka 2.

Framleiðandi eða fulltrúi hans, með staðfestu innan EES, ber ábyrgð á réttri notkun CE-merkisins og að merkið sé sett á rafföngin, eða ef það er ekki hægt, á áfastan merkimiða, umbúðir, leiðbeiningar um notkun eða ábyrgðarskírteini þannig að það sé auðsjáanlegt, auðlæsilegt og óafmáanlegt.

Ef CE-merkið hefur verið sett á rafföng á röngum forsendum er framleiðanda eða fulltrúa hans skylt að leiðrétta það og sjá til þess að rafföngin samræmist ákvæðum um CE-merkingar, að öðrum kosti verður varan tekin af markaði.

Óleyfilegt er að setja á rafföng merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á rafföngin eða merkjaplötu að því tilskyldu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

Ef rafföng lúta líka ákvæðum reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða á um að setja skuli CE-merki á viðkomandi vöru skal ganga út frá því að varan sé einnig í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða.

Sé framleiðanda heimilt að velja hvaða fyrirkomulagi hann beitir við samræmist skal CE-merkið eingöngu sýna samræmi við það fyrirkomulag sem beitt er og skal tilvísun til þess fylgja rafföngunum. Tilvísanir skulu vera eins og þær eru birtar í EES-viðbæti í Stjórnartíðindum EB. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að raffang sem hann flytur inn eða selur sé CE-merkt.

Heimilt er að krefjast vottorða til stuðnings merkingu raffanga. Merki og öll vottorð skulu vera staðfest af aðila sem tilnefndur hefur verið af aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis.

7.6 Opinber markaðsgæsla með rafföngum.

Brunamálastofnun og Neytendastofa annast opinbera markaðsgæslu með rafföngum, hvor á sínu sviði. Stofnanirnar fylgjast með rafföngum á markaði, hvor á sínu sviði, og afla á skipulegan hátt upplýsinga um þau og taka við ábendingum frá neytendum og öðrum aðilum.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 146/1996 hefur Brunamálastofnun markaðseftirlit með rafföngum sem við notkun eru varanlega tengd mannvirkjum, þ.e. skrúfuð eða boltuð föst eða tengd fastri raflögn í mannvirkjum. Neytendastofa hefur markaðseftirlit með rafföngum sem fyrst og fremst eru ætluð neytendum og ekki eru varanlega tengd mannvirkjum.

...

9. gr.
Eftirlitsgjöld.

...

9.2 Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum.

Vegna yfireftirlits Brunamálastofnunar og vegna eftirlits Neytendastofu með rafföngum á markaði skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða gjald til stofn-ananna. Gjaldið skal vera 0,15% af tollverði innfluttrar vöru, eða af verksmiðjuverði innlestrar vöru.

Undanþegin þessari gjaldtöku eru rafföng sem seld eru úr landi.

Tollstjórar annast innheimtu þessa gjalds fyrir hönd Brunamálastofnunar og Neytendastofu.

Gjaldskyldan nær til allra raffanga sem flutt eru til landsins eða framleidd eru hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka 3. Í viðauka 3 er tilgreind skipting tollskrárnúmera raffanga milli Brunamálastofnunar og Neytendastofu. Rafföng sem seld eru úr landi eru þó ekki gjaldskyld. Um gjaldstofn, gjalddaga, uppgjörstímabil og innheimtu skulu ákvæði laga um vörugjald nr. 97/1987 með síðari breytingum gilda eftir því sem við getur átt.

...

14. gr.

*Viðurlög og gildistaka.**14.1 Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og reglum og fyrirmælum sem sett eru með stoð í henni, varða sektum nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari og reglum og fyrirmælum sem sett eru með stoð í henni, skal fara að hætti sakamála.

14.2 Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 14. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforku-virkja, neysluveitna og raffanga og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki með síðari breytingum.

...

[VIÐAUKI 3

Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum.

Rafföng í eftirfarandi tollflokkum eru gjaldskyld skv. gr. 9.2 vegna eftirlits Brunamálstofnunar:

39269024	84198101	84342011	84431100	84514000	84595900
73269011	84198109	84342019	84431300	84515000	84596100
74199906	84198901	84351001	84431400	84518000	84596900
76169907	84198909	84361011	84431500	84522100	84597000
84131101	84201001	84361019	84431600	84522901	84601100
84131901	84211101	84362101	84431700	84531000	84601901
84143001	84211209	84362109	84431900	84532000	84602100
84145109	84211901	84362911	84433100	84538000	84602901
84145909	84213909	84362919	84433200	84551000	84603100
84146001	84221901	84368011	84433900	84552100	84603901
84146009	84222001	84368019	84440000	84552200	84604001
84148001	84223001	84371001	84451900	84561001	84609001
84148009	84224001	84378001	84452001	84561009	84612001
84158100	84232001	84381000	84454000	84562000	84613001
84158200	84233001	84382000	84459000	84563000	84614001
84158300	84243001	84383000	84462901	84569000	84615001
84161001	84251100	84384000	84471101	84571000	84619001
84161009	84253109	84385000	84471201	84572000	84621000
84162000	84261100	84386000	84472001	84573000	84622100
84181009	84262000	84388000	84479000	84581100	84622901
84183009	84263000	84391000	84481101	84581900	84623100
84184009	84281001	84392000	84481901	84589100	84623901
84185000	84281009	84393000	84502000	84589900	84624100
84186109	84283300	84401001	84511001	84592100	84624901
84186909	84283900	84412001	84511009	84592900	84629100
84192000	84336011	84413001	84512100	84593100	84629901
84193900	84336019	84414001	84512900	84593900	84631001
84194000	84341001	84418001	84513001	84594000	84632001
84196000	84341009	84423001	84513009	84595100	84633001

84639001	84762900	85024009	85167200	85366100	90181200
84641001	84768100	85041000	85168001	85366900	90181300
84642001	84768900	85042100	85168009	85367000	90181400
84649001	84771000	85042200	85176100	85369000	90181900
84651001	84772000	85042300	85176200	85371001	90182000
84651009	84773000	85043100	85176900	85371009	90184100
84659101	84774000	85043200	85184001	85372000	90221200
84659109	84775100	85043300	85184009	85393100	90221300
84659201	84775900	85043400	85185001	85393200	90221400
84659209	84778000	85044000	85185009	85393900	90221900
84659301	84781000	85045000	85192000	85394100	90222900
84659309	84792000	85052000	85193000	85394900	90223000
84659401	84793000	85059000	85211010	85431000	90229000
84659409	84794000	85081900	85219010	85432000	90272000
84659501	84795000	85102001	85255001	85433000	90283000
84659509	84798100	85102009	85255009	85437009	90301000
84659601	84798200	85103000	85284900	85439009	90302000
84659609	84861000	85141000	85285900	85442001	90303100
84659901	84862000	85142000	85286100	85442009	90303200
84659909	84863000	85143000	85286900	85444201	90303300
84672100	84864000	85144000	85287101	85444209	90303900
84672200	85011000	85151100	85287102	85444901	90304000
84672909	85012000	85151900	85287109	85444909	90308200
84702100	85013100	85152100	85287201	85446000	90308400
84702900	85013200	85152900	85287202	85461000	90308900
84703001	85013300	85153100	85287302	85462000	90311000
84705001	85013400	85153900	85308000	85469000	90312000
84709001	85014000	85158001	85312000	90061000	90321001
84714901	85015100	85158002	85318000	90063000	91070001
84714909	85015200	85158003	85351000	90072009	94051001
84715000	85015300	85158009	85352100	90081000	94051009
84716000	85016100	85161000	85352900	90082000	94054001
84717000	85016200	85162100	85353000	90083000	94054009
84718000	85016300	85162901	85354000	90084000	94056001
84719000	85021100	85162909	85359000	90101000	94056009
84721001	85021200	85163300	85361000	90105000	94059101
84723001	85021300	85164001	85362000	90111000	94059201
84751000	85022000	85166001	85363000	90132000	94059202
84752100	85023100	85166002	85364100	90138001	94059910
84752900	85023900	85166009	85364900	90160001	
84762100	85024001	85167100	85365000	90181100	

Rafföng í eftirfarandi tollflokkum eru gjaldskyld skv. gr. 9.2 vegna eftirlits Neytendastofu:

63011001	84181001	84186101	84501100	84690000	84714109
63011009	84182100	84186901	84501200	84701000	85081100
84145101	84182900	84211201	84501901	84713001	85094001
84145901	84183001	84213901	84521001	84713009	85094009
84152000	84184001	84221100	84672901	84714101	85098001

85098009	85167901	85219022	85284100	85392900	94052001
85101000	85167909	85219029	85285100	85437001	94052009
85163100	85195000	85279101	85287209	92071001	94053000
85163200	85211021	85279102	85287309	92071002]
85164009	85211029	85279109	85392100	92071009	
85165000	85219021	85279200	85392200	92079000	

1) Sbr. reglugerð nr. 699/2009, 1. gr.

Reglugerð

nr. 911/2009 um þvingunaraðgerðir varðandi Mjanmar (Búrma) .

1. gr.

Almenn ákvæði.

Með reglugerð þessari eru sett ákvæði um þvingunaraðgerðir varðandi Mjanmar sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðana-skipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins varðandi Mjanmar byggja á sameiginlegri afstöðu ráðs Evrópusambandsins 2006/318/CFSP frá 27. apríl 2006 ásamt síðari breytingum, upp-færslum og viðbótum: sameiginleg afstaða 2007/750/CFSP, 2008/349/CFSP, 2009/351/CFSP og 2009/615/CFSP.

Gerðir Evrópusambandsins, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunar-aðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri þess (http://ec.europa.eu/external_relations/cfsp/sanctions/index_en.htm).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnasölubann.

Vopnasölubann skal gilda gagnvart Mjanmar, sbr. 1. og 2. gr. 2006/318/CFSP og síðari breytingar, uppfærslur og viðbætur.

3. gr.

Viðskiptabann.

Bannað er að selja, útvega, yfurfæra eða flytja út búnað eða tækni til fyrirtækja í Mjanmar sem stunda eftirgreindan iðnað ef sá búnaður eða tækni tengist starfsemi þeirra:

- skógarhögg og timburvinnslu,
- námuvinnslu gulls, tins, járns, kopars, volframs, silfurs, kola, blýs, mangans, nikkels og sinks,
- námuvinnslu og vinnslu eðal- eða hálfedálsteina, þ.m.t. demanta, rúbínsteina, saffíra, jaðisteina og smaragða.

Bannað er að kaupa, flytja inn eða flytja til landsins eftirgreindar vörur frá Mjanmar:

- a) trjáboli, timbur og timburvörur,
- b) gull, tin, járn, kopar, volfram, silfur, kol, blý, mangan, nikkell og sink,
- c) eðal- eða hálfedálsteina, þ.m.t. demanta, rúbínsteina, saffíra, jaðisteina og smaragða, sbr. 1. gr. 2007/750/CFSP og síðari breytingar, uppfærslur og viðbætur.

Bannað er, með vitund og ásetningi, að taka þátt í því að sniðganga ákvæði þessarar greinar, sbr. 1. gr. 2007/750/CFSP.

4. gr.

Bann við fjárfestingum, lánveitingum og tækniástoð.

Bannað er að:

- a) veita fyrirtækjum í Mjanmar tækniástoð eða þjálfun í tengslum við búnað eða tækni skv. 1. mgr. 3. gr.
- b) fjármagna eða veita fjárstuðning í tengslum við sölu, útvegum, yfirfærslu eða útflutning á búnaði eða tækni til fyrirtækja í Mjanmar sem tilgreind eru í I. viðauka eða í tengslum við tækniástoð eða þjálfun sem tengist þeim búnaði eða tækni.

Bannað er að:

- a) veita fyrirtækjum sem tilgreind eru í I. eða III. viðauka peningalán eða lánsheimildir eða að kaupa skuldabréf, innlánskírteini, ábyrgðir eða skulda-viður-kenningar sem fyrnefnd fyrirtæki gefa út,
- b) eignast eða auka hlutdeild í fyrirtækjum sem tilgreind eru í I. eða III. viðauka, þ.m.t. er bannað að eignast slík fyrirtæki að fullu, hlutabréf í þeim eða hlut-deildar-verðbréf,
- c) stofna til sameiginlegs reksturs með fyrirtækjum sem eru tilgreind í I. eða III. viðauka, dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfélagum þeirra, sbr. 5. gr. 2006/318/CFSP og síðari breytingar, uppfærslur og viðbætur.

Bannað er, með vitund og ásetningi, að taka þátt í því að sniðganga ákvæði þessarar greinar, sbr. 1. gr. 2007/750/CFSP.

5. gr.

Landgöngubann.

Einstaklingum, sem tilgreindir eru í II. viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. 4. gr. 2006/318/CFSP og síðari breytingar, uppfærslur og viðbætur.

6. gr.

Frysting fjármuna.

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð í eigu aðila sem tilgreindir eru í II. viðauka, sbr. 5. gr. 2006/318/CFSP og síðari breytingar, uppfærslur og viðbætur.

7. gr.

Þróunarástoð.

Bannað er að veita Mjanmar þróunarástoð aðra en mannúðarástoð. Sú ástoð skal undan-þegin sem er ætlað að styðja við:

- a) mannréttindi, lýðræði, góða stjórnarhætti, forvarnir gegn átökum og uppbyggingu hins borgaralega samfélags,

- b) heilsugæslu og menntun, baráttu gegn fátækt og einkum og sér í lagi viðleitni til þess að sjá þeim fátækustu og berskjölduðustu fyrir brýnustu nauðsynjum og lífsviðurværi,
- c) umhverfisvernd, einkum áætlanir um að takast á við vanda samfara ósjálfbæru og óhóflegu skógarhöggi sem leiðir til skógeyðingar,

Þróunaraðstoð samkvæmt þessari grein skal framkvæmd með atbeina stofnana Sameinuðu þjóðanna, frjálsra félagasamtaka og dreifstýrðri samvinnu við staðbundin borgara-leg stjórnvöld. Hún skal, eftir því sem unnt er, vera skilgreind, háð eftirliti, framkvæmd og metin í samráði við borgaralegt samfélag og alla lýðræðislega hópa, þ.m.t. Lýðræðisbandalagið (NLD), sbr. 3. gr. 2006/318/CFSP og síðari breytingar, upp-færslur og viðbætur.

8. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum sem gripið hefur verið til á grundvelli gerða Evrópusambandsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

9. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

10. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 48/2010 um Tollskóla ríkisins og ráðningu, setningu og skipun í störf við tollendurskoðun og tollgæslu.

I. KAFLI

Hlutverk Tollskóla ríkisins, stjórn og starfslið.

1. gr.

Hlutverk Tollskóla ríkisins.

Við embætti tollstjóra skal starfræktur Tollskóli ríkisins.

Tollskólinn annast kennslu í almennum tollfræðum.

Tollskólinn veitir starfsfólki tollstjóra sí- og endurmenntun, framhalds- og sérmenntun.

Tollskólinn heldur námskeið um ýmis atriði á sviði tollmála fyrir þá sem eiga í samskiptum við tollyfirvöld.

2. gr.

Stjórn tollskólans og starfslið.

Tollstjóri veitir tollskólanum forstöðu og ræður skólastjóra, kennara og annað starfslið til skólans.

Skólastjóri annast daglega stjórn og rekstur skólans og ber ábyrgð á faglegu starfi innan hans.

Skipuð skal skólanefnd sem vera skal ráðgefandi um starfsemi skólans. Nefndin skal vera vettvangur skoðanaskipta um námsefni, reglur skólans og skyld efni.

Skólanefnd skal skipuð tollstjóra og/eða fulltrúa hans, fulltrúa Tollvarðafélags Íslands og fulltrúa innheimtusviðs embættis tollstjóra. Tollstjóri, eða fulltrúi hans, skal vera formaður skólanefndar. Skólastjóri situr fundi skólanefndar.

II. KAFLI

Almennt grunnám tollvarða og tollendurskoðenda við Tollskóla ríkisins.

3. gr.

Inntökuskilyrði.

Tollstjóri ákveður að höfðu samráði við skólastjóra svo fljótt sem því verður við komið hvenær starfsmenn, sem hafa verið settir tollverðir eða ráðnir í störf við tollendurskoðun, skuli þreyta inntökupróf í tollskólann. Skólastjóri tilkynnir um framkvæmd inntökuprófa hverju sinni í samráði við skólanefnd.

Tollvörður í tollgæslu skal hafa hafið almennt nám við tollskólann innan tveggja ára frá setningu hans.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um tollverði sem eru settir til afleysinga.

4. gr.

Réttindi og skyldur nemenda við tollskólann.

Tollstarfsmenn sem kvaddir eru til náms við tollskólann skulu vera launaðir á meðan á námi stendur. Lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda um tollstarfsmenn í námi.

Nemendur skulu lúta reglum skólans meðan á námsdvöl þeirra stendur. Skólastjóri setur almennar reglur um hegðun, mætingu, klæðaburð og hvernig með skuli fara ef reglum er ekki fylgt. Skólareglur skulu tilgreina hvernig standa skuli að tímabundinni og/eða varanlegri brottvikningu nemenda úr skólanum komi til brota á skólareglum.

5. gr.

Tilhögun náms og námskrá.

Almennu námi við tollskólann skal skipt í kjarnanám, sbr. 6. og 7. gr., og starfsnám, sbr. 8. gr.

Kennslustundir í kjarnanámi skulu vera a.m.k. 950 og vera í samræmi við námskrá skólans, sbr. 3. mgr. Náminu er skipt í kjarna I og kjarna II samkvæmt ákvörðun skólastjóra að höfðu samráði við skólanefnd. Nr. 48 13. janúar 2010

Skólastjóri skal gefa út námskrá fyrir skólann þar sem tilgreindar eru þær námsgreinar sem eru kenndar í kjarnanámi, sbr. 6. og 7. gr.

Skólastjóra er heimilt, í samráði við tollstjóra, að veita nemendum leyfi til þess að stunda fjarnám við skólann, að hluta eða að öllu leyti.

6. gr.

Námsgreinar.

Eftirfarandi námsgreinar eru ávallt kjarnafög í almennu námi við tollskólann. Þó er ekki gert ráð fyrir að nemendur í tollendurskoðun sækji námskeið í löggæsluæfingum, hjálp í viðlögum og verk-legum æfingum:

1. Tollalöggjöf og stjórnkerfið: Nemendum skulu kynnt í grundvallaratriðum ákvæði laga um tollamál. Áhersla skal lögð á almenna fræðslu um skipan tollamála innan stjórnkerfisins og aðrar þær grundvallarreglur er þar að lúta, s.s. reglur um meðferð opinberra mála. Einnig skal farið yfir starfsheimildir tollgæslumanna.
2. Tollflokun og tollafræði: Nemendum skal veitt fræðsla um uppbyggingu flokkunarkerfis tollskrárinnar, meginreglur um flokkun vara í tollskránni og notkun helstu skýringarrita. Farið skal yfir helstu reglur sem gilda um afhendingu og frágang tollskýrslu, vörureiknings og annarra fylgiskjala. Kennd skulu undirstöðuatriði við ákvörðun tollverðs og útreikning aðflutningsgjalda. Þá skal farið yfir samninga við erlend ríki á sviði tollamála.
3. Tollgæslufræði: Nemendum skal gerð grein fyrir starfssviði tollgæslunnar og helstu eftirlitsþáttum sem tengjast samgöngum við landið. Kynntar skulu í meginatriðum þær aðferðir er tollgæslan beitir við eftirlitsstörf, m. a. til þess að hindra ólöglegan inn- og útflutning.
4. Tungumál: Áhersla skal lögð á að æfa nemendur í réttitun íslensku, liðlegri setningaskipan og setningu greinarmerkja svo og að kynna þeim undirstöðuatriði í íslenskri málfræði. Nemendur skulu fá þjálfun í að tjá sig bæði munnlega og skriflega. Kennd skulu erlend tungumál eftir því sem þurfa þykir.
5. Skýrslugerð: Kennd skulu grundvallaratriði skýrslugerðar. Farið skal yfir niðurröðun efnis, málfar og efnisatriði frumskýrslna. Þá skal farið yfir eftirtalin atriði: Tilgang skýrslugerðar, notkun skýrslueyðublaða og niðurröðun efnis, vörulýsingu, móttöku og sendingu tilkynninga, réttarstöðu vitna og grunaðra, vettvangslýsingu og skráningu, röðun og vistun skjala.
6. Líkamleg þjálfun/löggæsluæfingar: Nemendur skulu á námstíma stunda líkamlega þjálfun í því augnamiði að auka hæfni sína til þess að framfylgja lögum og reglu með festu og með valdi ef nauðsyn ber til. Kennd skulu undirstöðuatriði við handtöku og sjálfsvörn.
7. Hjálp í viðlögum: Nemendur skulu fá kennslu og æfingu í viðbrögðum við björgun manna frá drukknun, skyndihjálp og áfallahjálp.
8. Verklegar æfingar: Nemendur skulu hljóta þjálfun í framkvæmd ýmissa tollgæsluáðgerða, upplýsinga- og áhættugreiningu og meðferð og beitingu tollgæslutækja.

7. gr.

Aðrar námsgreinar.

Skólastjóri kveður nánar á um námsefni í kjarnanámi, sbr. ákvæði um lengd kjarnanáms og námskrá í 5. gr. Skólastjóri skal hafa samráð við skólanefnd við ákvörðun annarra námskeiða í kjarnanámi en námskeiða skv. 6. gr. og í því efni skal tekið mið af þörfum og áherslum hjá tollstjóra hverju sinni.

8. gr.

Starfsnám.

Nemendum skal séð fyrir starfsnámi þar sem áhersla er lögð á sem víðtækasta kynningu og þjálfun í að takast á við hin ýmsu verkefni tollafgreiðslu og tollefirlits.

Starfsnám skal skipulagt af skólastjóra í samráði við tollstjóra. Skal því hagað í samræmi við reglur skólans.

Á starfsþjálfunartíma skal yfirmaður gefa skólanum skýrslu um starfsnám nemenda, m.a. um framfarir þeirra og annað sem máli kann að skipta um starfshæfni. Nr. 48 13. janúar 2010

9. gr.

Námsmat og prófkröfur.

Í lok hvers námskeiðs skal frammistaða nemenda metin og þeim gefin einkunn í heilum og hálfum tölum á skalanum 1-10, lágmarkseinkunn í hverju námskeiði er 6,0. Fyrir verklega þjálfun, þ.m.t. starfsnám, má gefa einkunnina fullnægjandi eða ófullnægjandi.

Nemanda er heimilt að taka upptökupróf einu sinni í hverri námsgrein hafi hann fengið undir 6,0 í einkunn.

Skrifleg próf dæmir hlutaðeigandi kennari einn. Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi ekki una mati kennarans, getur hann snúið sér til skólastjóra. Ef skólastjóri telur, að höfðu samráði við skólanefnd, að útskýringar kennara séu ekki fullnægjandi skipar hann prófdómara.

Við munnleg próf skal vera prófdómari sem skólastjóri skipar.

Kennarar eða meirihluti nemenda geta óskað skipunar prófdómara í einstökum prófum, hvort sem er munnlegum eða skriflegum, telji þeir til þess sérstaka ástæðu.

Þegar prófdómari er skipaður, skulu hann og viðkomandi kennari dæma úrlausn eða frammi-stöðu í sameiningu. Hvor um sig gefur sjálfstæða einkunn fyrir úrlausn, eða metur frammi-stöðu, og vegur einkunn þeirra eða mat jafnt við loka-einkunnagjöf. Skólastjóri setur nánari reglu um framkvæmd prófa.

10. gr.

Námskeið á vegum annarra skólastofnana.

Skólastjóra er heimilt í samráði við viðkomandi skólayfirvöld að láta kennslu og próf í einstökum námsgreinum fara fram í almennum skólum og sérskólum skólakerfisins telji hann kennslu betur fyrir komið með þeim hætti.

III. KAFLI

Annað nám við Tollskóla ríkisins.

11. gr.

Fræðsla fyrir starfsfólk tollstjóra.

Tollskólinn skal skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólk tollstjóra til þess að veita þeim sí- og endur-menntun, framhalds- og sérmenntun eftir því sem þurfa þykir. Þá er skólanum heimilt að halda námskeið fyrir ýmsa aðila sem starfa að tollamálum með einhverjum hætti.

12. gr.

Sí- og endurmenntun.

Starfsfólk tollstjóra skal eiga kost á símenntun. Kynntar skulu helstu lagabreytingar og nýjungar sem snerta störf þeirra, svo að þeir geti tileinkað sér þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til þess að takast á við störf sín á hverjum tíma.

Starfsfólk tollstjóra skal jafnframt eiga þess kost að sækja valin námskeið úr almennu námi við skólann í samráði við skólastjóra. Einnig skulu haldin námskeið til upprifjunar námsefnis í kjarna-námi eftir því sem þörf er á.

13. gr.

Framhalds- og sérmenntun.

Framhaldsmenntun starfsmanna skal miða að því að gera þá hæfari á sínu starfssviði. Námsefni skal ákveðið af skólastjóra og skólanefnd, sem ákveður fjölda þátttakenda.

Námskeið fyrir tollstarfsmenn í sérgreinum á sviði tollafgreiðslu og tolleftirlits skulu haldin þegar þurfa þykir að mati skólastjóra og skólanefndar. Á sérmenntunarnámskeiðum skal leitast við að efla hæfni og skilning þátttakenda á sérsviðum þeirra.

14. gr.

Námskeið fyrir aðila utan embættis tollstjóra.

Tollskólinn heldur námskeið fyrir aðra en starfsmenn tollstjóra um ýmis atriði er lúta að samskiptum við tollyfirvöld. Þá er skólastjóra heimilt að veita öðrum aðgang að völdum námskeiðum í kjarnanámi við skólann.

IV. KAFLI

Um skipun, setningu og ráðningu í störf við tollendurskoðun og tollgæslu.

15. gr.

Almenn hæfisskilyrði.

Þeir sem ráðnir verða í störf við tollendurskoðun eða settir verða í störf tollvarða, þ.m.t. til afleysinga, skulu auk almennra skilyrða 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa lokið a.m.k. tveggja ára námi í framhaldsskóla þ.e. 70 einingum, eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms. Þar af þurfa að vera að lágmarki 6 einingar í hverri eftirtalinna greina: íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði.
2. Hafa gott vald á íslensku og einu Norðurlandamáli auk ensku.
Þeir sem settir verða í störf tollvarða skulu uppfylla eftirtalin skilyrði, auk skilyrða 1. mgr.:
 1. Hafa almenn réttindi til bifreiðaaksturs.
 2. Vera syndir.

3. Vera andlega og líkamlega heilbrigðir og skal þeim skylt að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar.

Heimilt er að víkja frá einstökum skilyrðum 1. mgr. og 2. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því.

16. gr.

Skipun tollvarða.

Til að fá skipun sem tollvörður verður umsækjandi eða starfandi tollvörður að hafa staðist próf frá tollskólanum eða hlotið menntun sem skólanefnd metur sambærilega.

V. KAFLI

Önnur ákvæði.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 193. gr. tollalaga, nr. 88/2005, og öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 345/2006, um Tollskóla ríkisins og ráðningu, setningu og skipun í störf við tollendurskoðun og tollgæslu, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar skal nemendum sem stunda nám í tollskóla ríkisins árið 2010 heimilt að ljúka námi að loknu 670 stunda kjarnanámi. Tollstarfsmenn þessir skulu á næstu þremur árum eftir útskrift úr Tollskóla ríkisins ljúka a.m.k. 280 stunda framhaldsnámi við skólann.

Reglugerð

nr. 299/2010 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Sómalíu.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Sómalíu nr. 733 (1992), 1356 (2001), 1425 (2002), 1725 (2006), 1744 (2007), 1772 (2007), 1844 (2008), 1846 (2008), 1851 (2008) og 1907 (2009) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Sómalíu, sbr. ályktun öryggisráðsins nr. 751 (1992), 4. mgr. ályktunar nr. 1356 (2001), 11. mgr. ályktunar nr. 1844 (2008) og 18. mgr. ályktunar nr. 1907 (2009).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/751/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnasölubann.

Vopnasölubann skal gilda gagnvart Sómalíu, sbr. 5. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 733 (1992), 2. og 3. mgr. ályktunar nr. 1356 (2001), 1. og 2. mgr. ályktunar nr. 1425 (2002), 5. mgr. ályktunar nr. 1725 (2006), 6. mgr. ályktunar nr. 1744 (2007), 11. mgr. ályktunar nr. 1772 (2007), 6.-9. mgr. ályktunar nr. 1844 (2008), 12. mgr. ályktunar nr. 1846 (2008), 11. mgr. ályktunar nr. 1851 (2008) og 1. mgr. ályktunar nr. 1907 (2009).

3. gr.

Skoðunarskylda.

Nú hefur loftfar eða skip viðkomu á Íslandi með farm, sem er á leið til eða frá Sómalíu, og er þá bærur stjórnvöldum heimilt að skoða farminn, enda sé gild ástæða til að ætla að loftfarið eða skipið flytji hluti sem bann er lagt við samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 7. mgr. ályktunar nr. 1907 (2009).

Nú kemur í ljós að loftfar eða skip flytur hluti, sem bann er lagt við samkvæmt 1. mgr., og er þá heimilt að gera þá hluti upptæka og eyðileggja þá eða gera ónothæfa, sbr. 8. mgr. ályktunar nr. 1907 (2009).

4. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

5. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Sómalíu nr. 121/2009.

Reglugerð

nr. 300/2010 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Erítreu.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Erítreu nr. 1907 (2009) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, sbr. ályktun öryggisráðsins nr. 751 (1992), 4. mgr. ályktunar nr. 1356 (2001), 11. mgr. ályktunar nr. 1844 (2008) og 18. mgr. ályktunar nr. 1907 (2009).

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/751/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Vopnaviðskiptabann.

Vopnaviðskiptabann skal gilda gagnvart Erítreu, sbr. 5. og 6. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 1907 (2009).

3. gr.

Skoðunarskylda.

Nú hefur loftfar eða skip viðkomu á Íslandi með farm, sem er á leið til eða frá Erítreu, og er þá bærum stjórnvöldum heimilt að skoða farminn, enda sé gild ástæða til að ætla að loftfarið eða skipið flytji hluti sem bann er lagt við samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 7. mgr. ályktunar nr. 1907 (2009).

Nú kemur í ljós að loftfar eða skip flytur hluti, sem bann er lagt við samkvæmt 1. mgr., og er þá heimilt að gera þá hluti upptæka og eyðileggja þá eða gera ónothæfa, sbr. 8. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 1907 (2009).

4. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

5. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 419/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðauka III A, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verðtoll:

Tollskrárnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %
a) 0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.10 - 30.06.11	53.000	215,7
b)	<i>Ostur og ystingur:</i>		119.000	
0406.1009	Annað (nýr ostur, mysuostur o.fl.)	01.07.10 - 30.06.11		182,4
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.10 - 30.06.11		182,4
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.10 - 30.06.11		185,9
0406.4000	Gráðostur	01.07.10 - 30.06.11		193,3
0406.9000	Annar ostur	01.07.10 - 30.06.11		185,0

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2011.

Reglugerð

nr. 420/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína- og alifuglakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn Verðtollur	
			kg	%
<i>Tollskrárnúmer:</i> 0202.3xxx	<i>Nautgripkjöt - vöruliðir 0202 og 0210:</i> Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst <i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, þurrkað eða reykt:</i>	01.07.10 - 30.06.11	95.000	114,56
0210.2001	Beinlaust	01.07.10 - 30.06.11		114,56
<i>Tollskrárnúmer:</i> 0203.29xx	<i>Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:</i> Svínakjöt, fryst:	01.07.10 - 30.06.11	64.000	172,16
<i>Úr tollskrárnúmer:</i> 0210.1200	<i>Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:</i> Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.10 - 30.06.11		172,16
<i>Tollskrárnúmer:</i> 0210.1901	Reykt - beinlaust	01.07.10 - 30.06.11		172,16

<i>Úr tollskrárn.:</i>			
0210.1909	Annars - beinlaust	01.07.10 - 30.06.11	172,16
	<i>Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:</i>		59.000
<i>Tollskrárn.:</i>			
0207.1xxx	<i>Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:</i> Af hænsnum, fryst	01.07.10 - 30.06.11	149,44
0207.2xxx	<i>Af kalkúnum:</i> Af kalkúnum, fryst	01.07.10 - 30.06.11	159,04
0207.3xxx	<i>Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum:</i> Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum, fryst	01.07.10 - 30.06.11	159,04
<i>Tollskrárn.:</i>			
0208.9001	<i>Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, fryst</i> Dúfur	01.07.10 - 30.06.11	114,56
0208.9002	Fasanar	01.07.10 - 30.06.11	114,56
0208.9004	Dádýr	01.07.10 - 30.06.11	114,56
<i>Úr tollskrárn.:</i>			
0208.9019	Annars - Lynghænur og strútar, fryst	01.07.10 - 30.06.11	114,56

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem vísað er til skilmála reglugerðar þessarar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða vátryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2011.

Reglugerð

nr. 421/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðauka III A með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %
<i>Tollskrárn.</i>	<i>Kjötvörur úr vörulið 1602:</i>		86.000	
1602.1001	Blönduð matvara með meira en 60% af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	114,6
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	114,6
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.2012	Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.2019	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.2021	Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.2022	Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.2029	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.3101	Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3102	Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3109	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3201	Úr hænsnum meira en 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3202	Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3209	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3901	Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3902	Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3909	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.4101	Úr svínum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4102	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4109	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4201	Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4202	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4209	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4901	Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4902	Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2

1602.4909	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.5001	Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.10 - 30.06.11	-	114,6
1602.5002	Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	114,6
1602.5009	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	114,6
1602.9011	Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.9012	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.9019	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.9021	Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.9022	Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.9029	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2011.

Reglugerð

nr. 459/2010 um úthlutun á opnum tollkvótum á hreindýrakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðauka IV A, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Magntollur kg	Vara kr./kg
Tollskrárnúmer:				
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.10 - 30.06.11	ótilgreint	905
	<i>Hreindýrakjöt með beini, fryst:</i>			
0208.9008	Skrokkar og hálfir skrokkar	01.07.10 - 30.06.11	ótilgreint	0
0208.9009	Annað	01.07.10 - 30.06.11	ótilgreint	905

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2011.

Reglugerð

nr. 560/2010 um innflutning á djúpfrystu svínasæði, sbr. reglugerð nr. 657/2010 um breytingu á henni.

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um innflutning á djúpfrystu svínasæði til Íslands. Henni er ætlað að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar berist til landsins með slíkum innflutningi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt þessari reglu-gerð.

Matvælastofnun fer með framkvæmd þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með að ákvæðum hennar sé fylgt.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð þá merkingu sem hér segir:

1. *Djúpfryst svínasæði*: Sæði úr göltum sem fryst er í fljótandi köfnunarefni til geymslu og flutnings.
2. *Smitsjúkdómur*: Sjúkdómur eða smit sem beint eða óbeint getur borist frá einu dýri til annars eða milli manna og dýra.
3. *Sæðisgjafi*: Göltur sem sæði er tekið úr til sæðingar.
4. *Vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð*: Aðstaða þar sem djúpfryst svínasæði er þýtt upp og gert hæft til sæðingar.

II. KAFLI

3. gr.

Leyfi til innflutnings.

Óheimilt er að flytja djúpfryst svínasæði til landsins nema með leyfi Matvælastofnunar, að fenginni umsögn fagráðs í svínarækt.

Matvælastofnun er heimilt að afturkalla útgefið leyfi ef skilyrðum innflutnings er ekki fullnægt eða ef talið er að smitsjúkdómahætta stafi af innflutningi.

4. gr.

Heilsufar sæðisgjafa.

Aðeins er heimilt að flytja til landsins djúpfryst sæði úr heilbrigðum göltum, sem skoðaðir hafa verið af embættisdýralækni, frá viðurkenndum sæðingarstöðvum í Noregi.

Við heilbrigðisskoðun við sæðistöku skal sæðisgjafi hafa verið í 30 daga í einangrun og ekki sýnt nein einkenni smitsjúkdóms. Sæðisgjafi skal vera [einstaklingsmerktur]¹⁾ fyrir sæðistöku, bólusetningar og blóðpróf.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [657/2010](#).

5. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð.

Með innfluttu djúpfrystu svínasæði skal fylgja opinbert heilbrigðis- og upprunavottorð sæðis-gjafans þar sem eftirgreint skal m.a. koma fram:

- a) Yfirlýsing um að enginn dýr á sæðingarstöð hafi verið bólusett við eftirfarandi sjúk-dómum:
 - Gin- og klaufaveiki – Foot and Mouth Disease – Picornaviridae
 - Aujeszkys-veiki – Aujeszky's disease – Pseudorabies – Herpesviridae
- b) Yfirlýsing um að sæðisgjafi hafi verið prófaður við eftirfarandi sjúkdómum:
 - Svínapest – Classical swine fever – Hog cholera – Flaviviridae
 - Smitandi fósturlát/Brúsellósa – Brucellosis – Brucella abortus/B. suis/B. melitensis
 - Aujeszkys-veiki – Aujeszky's disease – Pseudorabies – Herpesviridae
 - PRRS-veiki – Porcine respiratory and reproductive syndrome (PRRS)
- c) Yfirlýsing um að í útflutningslandinu séu ekki til staðar eftirfarandi sjúkdómar:

- Gin- og klaufaveiki – Foot and Mouth Disease – Picornaviridae
 Munnblöðrubólga – Vesicular stomatitis – Rhabdoviridae
 Afríkönsk svínapest – African swine fever (ASF) – ASF-like virus
 Illkynja grísalömun – Teschen disease – Picornaviridae
 Svínapest – Classical swine fever – Hog cholera – Flaviviridae
 Smitandi fósturlát/Brúsellósa – Brucellosis – Brucella abortus/B. suis/B. melitensis
 Aujeszky's-veiki – Aujeszky's disease – Pseudorabies – Herpesviridae
 PRRS-veiki – Porcine respiratory and reproductive syndrome (PRRS)
 Svínafár – Swine vesicular disease (SVD) – Picornaviridae
 Smitandi maga- og garnabólga – Transmissible gastroenteritis (TGE) – Coronaviridae
 PRCV-veiki – Porcine Respiratory Coronavirus (PRCV)
- d) Yfirlýsing um að engin dýr á sæðingarstöð hafi sýnt klínísk einkenni síðustu 30 daga vegna eftirfarandi sjúkdóma:
 Hundaæði – Rabies – Rhabdoviridae
 Berklum– Tuberculosis – Mycobacterium bovis/tuberculosis
 Aujeszky's-veiki – Aujeszky's disease – Pseudorabies – Herpesviridae
 Svínainflúensu – Swine influenza – Hog flu – Orthomyxoviridae
- e) Yfirlýsing um að sæðisgjafi og allir geltir á sæðingarstöð hafi verið bólusettir við sjúkdómnum smitandi fósturdauði (Porcine parvovirus (PPV) – Parvoviridae) áður en þeir komu á stöðina og reglulega á meðan þeir eru á stöðinni.
- f) Yfirlýsing um að sæðið hafi verið blandað með fúkkalyfjum sem virka gegn Leptóspírósa/Gulusótt (Leptospirosis – Leptospira spp) og berfrymingi (myko-plasma).

6. gr.

Umsjón og ráðstöfun á sæði.

Matvælastofnun fer með umsjón og eftirlit með djúpfrystu svínasæði frá því að það kemur til landsins. Stofnunin afhendir viðkomandi svínabúi sæðið, á stað sem stofnunin ákveður.

Aðeins þau svínabú sem hafa gilt starfsleyfi frá Matvælastofnun, eru laus við smit-sjúkdóma og hafa vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð geta fengið afhent djúpfryst svína-sæði.

Líða skulu hið minnsta 30 dagar frá töku sæðis til notkunar þess.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit.

Aðeins er heimilt að nota heilbrigðar gyltur til sæðinga. Veikist gylta eftir sæðingu með djúpfrystu svínasæði skal tafarlaust hafa samband við héraðsdýralækni.

8. gr.

Útbúnaður og umgengni.

Vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð skal vera bjart og rúmgott. Allar innréttingar, veggir, gólf, dyra- og gluggabúnaður skal vera þannig að þrif og sótthreinsun séu auðveld. Þar skal vera heitt og kalt vatn og nauðsynleg hreinlætisaðstaða. Herbergið skal vera hæfilega upphitað. Í því skal vera tæki til sótthreinsunar og smásjá, handlaug og annar búnaður sem nauðsynlegur er. Til að koma í veg fyrir að smit berist inn í vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð er óheimilt að ganga beint

inn í herbergið nema samgangur sé rofinn á milli ytra og innra umhverfis. Óheimilt er að nota herbergið fyrir annað en sæðis-meðferð.

Ávallt skal þvo og sótthreinsa hendur áður en unnið er með sæði í vinnuherbergi fyrir sæðis-meðferð. Þeir sem sæða gyltur skulu klæðast sérstökum hreinum hlífðarfatnaði og skófatnaði sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Þeir skulu vinna störf sín eins hreinlega og kostur er og halda áhöldum og útbúnaði ávallt hreinum. Hlífðarfatnað sem notaður er við sæðingar með djúpfrystu sæði má ekki nota utan búsin. Öll áhöld sem notuð eru til sæðinga og blöndunar skulu vera af vandaðri gerð, þannig að auðvelt sé að þrifa þau og sótthreinsa.

9. gr.

Sæðingar.

Sæðingar skulu framkvæmdar af starfsmanni viðkomandi svínabús, enda hafi hann aflað sér þekkingar á meðferð á svínasæði og sæðingum á námskeiði sem Matvælastofnun viðurkennir. Hann skal halda dagbók um sæðingar og afdrif allra sæðisskammta, hvort sem þeir eru notaðir til sæðinga eða er eytt.

Svínabú skal halda skrá um hvaða gyltur eru sæddar. Þess skal gætt að sæði sé merkt númeri sæðisgjafa og fram komi hvar og hvenær sæðið var tekið. Upplýsingar skulu koma fram um fang, þ.e. hvernig heldur við sæði úr hverjum gælti.

10. gr.

Kostnaður við innflutning, öflun vottorða, sýnatökur, eftirlit o.fl.

Innflytjandi skal sjá til þess að þau vottorð sem krafist er, fylgi sæðinu við innflutning og ber hann allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum og öflun vottorða, þ.m.t. nauðsynlegum sýnatökum, eftirliti og rannsóknnum sem Matvælastofnun telur nauðsynlegar.

III. KAFLI

11. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Um brot á þessari reglugerð fer skv. 18. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra og 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 19. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra og 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Reglugerð

nr. 736/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti, sbr. reglugerð nr. 27/2011 um breytingu á henni.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollskrárn.</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	01.10.-17.10.10	ótilgr.	0	176
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	18.10.-30.06.11	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	206
[0704.9003	Kínakál	31.01.11-30.06.11	ótilgr.	0	0] ¹⁾
0704.9004	Spergilkál (Brassica oleracea var. Ita.)	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	68
0706.9002	Rauðrófur	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir af ætinni Agaricus	01.10.-30.06.11	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint, skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [27/2011](#).

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. júní 2011.

Reglugerð

nr. 807/2010 um einkennisbúninga, merki tollgæslunnar o.fl.

I. KAFLI

Gildissvið og skýringar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um einkennisbúninga, einkennismerki, einkennismerkingar og löggæsluskilríki tollgæslunnar. Einkennisbúninga, merki og löggæsluskilríki tollgæslunnar er einungis heimilt að nota í þágu tollstarfseminnar, sbr. þó 21. gr.

Með einkennisbúningum tollgæslunnar er í reglugerðinni átt við þann einkennda fatnað sem tollstjóri hefur samþykkt til notkunar hjá tollgæslunni.

Með einkennismerkjum tollgæslunnar er átt við tollmerki, tollgæslufána, tollskjöld, armmerki, hufumerki, merkingarnar „TOLLGÆSLAN“ og „CUSTOMS“, einkennishnappa og stöðueinkenni.

Með löggæsluskilríkjum tollgæslunnar er átt við skilríki tollvarða, tollstjóra, aðstoðar-tollstjóra og löglærðra fulltrúa hans til sönnunar á því að þeir séu handhafar tollgæslu-valds.

II. KAFLI Einkennismerki tollgæslunnar.

2. gr.

Tollmerkið.

Tollmerkið, einkennismerki tollyfirvalda, skal vera myndað úr bókstafnum T og skjaldarmerki Íslands, felldu yfir legg bókstafsins þannig að einungis sjáist efsti og neðsti hluti hans.

Þegar tollmerkið er prentað í lit skal bókstafurinn T vera grár og skjaldarmerkið í tilskildum litum, sjá mynd. Tollmerkið úr málmni skal vera gyllt. Þegar tollmerkið er ísaumað skal bókstafurinn vera gylltur og skjaldarmerkið í tilskildum litum.



3. gr.

Tollgæslufáni.

Tollgæslufáninn er tjúgufáni með silfurlitu upphafstéi (T) í efra stangarreit miðjum, sjá mynd.



4. gr.

Tollskjöldur.

Tollskjöldurinn er sporöskjulaga úr gylltri málmblöndu með tollmerkinu í miðju á svörtum kringlóttum fleti. Á skildinum er upphleypt skreyting sem táknar á íslenskt stuðlaberg. Á skildinum eru áletranirnar „TOLLGÆSLAN“, „CUSTOMS“ OG „DOUANES“ ásamt einkennisnúmeri handhafa skjaldarins, sjá mynd.

5. gr.

Armmmerki.

Armmmerki skal vera skjaldlaga, bogadregið að neðan, úr svörtu klæði, 8 sm á hæð og 6,8 sm í þvermál. Á því skal vera tollmerkið, ísaumað, 3,5 sm á hæð. Utan um tollmerkið skal vera ísaumuð með gylltum þræði 1 mm breið rönd og önnur rönd, 2 mm breið, skal vera 2 mm frá jaðri armmmerkisins. Í bilinu á milli randanna, sem skal vera 1 sm að breidd, skal vera ísaumað með gylltum þræði fyrir ofan tollmerkið orðið „TOLLGÆSLAN“ með stafagerðinni Arial, 7 mm á hæð, og orðið „CUSTOMS“ með sama letri í boganum fyrir neðan.

6. gr.

Húfumerki.

Húfumerki á einkennishúfu 1 skal vera tollmerkið úr gylltum málm, 2,5 sm á hæð, á 5 sm háum skjaldlaga grunni úr svörtu klæði.

Húfumerki á einkennishúfu 2 skal vera ísaumað tollmerki, 4,5 sm á hæð og 4,0 sm í þvermál. Fyrir neðan tollmerkið skal áletrunin „TOLLGÆSLAN“ vera ísaumað. Húfa 2 skal bera ísaumaða áletrunina „CUSTOMS“ að aftan. Húfa 3 skal vera ómerkt.

7. gr.

Merkingarnar „TOLLGÆSLAN“ og „CUSTOMS“.

Merkingarnar „TOLLGÆSLAN“ og „CUSTOMS“, með stafagerðinni Arial, skulu vera á einkennisfatnaði tollgæslunnar, en þó ekki á viðhafnarbúningi. Merkingar þessar skulu nánar útfærðar í verklagsreglum.

8. gr.

Einkennishnappar.

Einkennishnappar á búningum tollgæslunnar skulu vera hringlaga, úr gylltum málm, með upphleyptri mynd af tollmerkinu. Þeir skulu annars vegar vera 16 mm í þvermál og hins vegar 22 mm í þvermál. Festing hnappanna skal vera með tvennum hætti, annars vegar saumaðir og hins vegar pressaðir (smella).

9. gr.

Stöðueinkenni.

Einkenni sem sýna starfsstig skulu vera á einkennisfatnaði tollgæslunnar. Um stöðueinkenni fer eftir 22. gr.

10. gr.

Einkennisnúmer tollvarða.

Tollverðir, sem hafa lokið prófi frá Tollskóla ríkisins, svo og tollverðir sem stunda þar nám, skulu fá úthlutað fjögurra stafa einkennisnúmeri. Tveir fyrstu stafir númersins ráðast af byrjunarári í tollgæslunni en tveir þeir síðari segja til um röðun þeirra sem ráðnir eru á sama ári. Ef tveir eða fleiri hefja störf á sama tíma skal sá sem eldri er fá lægra númer. Tollstjóri ákveður númer annarra starfsmanna eftir því sem við á.

Einkennisnúmer sem ekki eru á skildi skulu vera ísaumuð með gylltum þræði í svartan efnisbút sem skal vera 25 mm á hæð og 47 mm í þvermál. Tölustafirnir skulu vera að gerðinni Arial, 12 mm á hæð.

III. KAFLI

Einkennisfatnaður tollgæslunnar.

11. gr.

Almenn ákvæði.

Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um gerð, útlit, útfærslu, úthlutun og notkun einkennisfatnaðar tollgæslunnar í reglugerð þessari, skal það gert í verklagsreglum sem settar eru samkvæmt 27. gr.

Einkennisfatnaður tollgæslunnar skal henta bæði körlum og konum.

Konur sem gegna tollvarðastörfum á meðgöngutíma, skulu eiga kost á að fá skokk og síðbuxur við hæfi samkvæmt nánari ákvörðun tollstjóra.

12. gr.

Skylða til að eiga einkennisbúning tiltækan.

Þeim sem úthlutað er einkennisfatnaði samkvæmt reglugerð þessari er skylt að eiga hann tiltækan.

13. gr.

Klæðaburður.

Tollverðir skulu vera einkennisklæddir við störf, með þeirri undantekningu að samkvæmt ákvörðun eða með samþykki yfirmanns geta þeir starfað óeinkennisklæddir þegar eðli verkefnisins er slíkt að það sé æskilegt.

Tollstjóri, aðstoðartollstjóri og forstöðumaður tollasviðs geta að jafnaði verið óeinkennis-klæddir við dagleg störf, en skulu vera einkennisklæddir við sérstakar athafnir og hátíðleg tækifæri, þegar það telst vera viðeigandi.

14. gr.

Viðhafnarbúningur.

Viðhafnarbúningur tollgæslunnar (einkennisfatnaður 1) er síður, tvíhnepptur jakki með axlarsprotum og buxur úr svörtu efni, hvít skyrta, svart bindi, svartir sokkar, svartir lágir skór, hvítir hanskar og svartur, einhnepptur, regnfrakki. Einkennishúfa skal vera með uppistandandi gjörð, svörtu gljáaleðurskyggni með hökuól og kringlóttum, hvítum kalli. Á einkennishúfunni skal vera tollmerki úr málm.

15. gr.

Almennur tollgæslufatnaður.

Almennur tollgæslufatnaður (einkennisfatnaður 2) er mittisjakki með axlarsprotum og buxur úr svörtu, slitsterku efni, skyrta og pólóbólur, samkvæmt nánari ákvörðun í verklagsreglum, svart bindi, svört peysa, svartir sokkar, svartir lágir skór og svartir hanskar. Einkennishúfa skal vera svört derhúfa úr sterku efni með merki tollgæslunnar.

16. gr.

Sérstakur vinnufatnaður.

Sérstakur vinnufatnaður tollvarða er svartur galli (einkennisfatnaður 3) sem saman-stendur af síðri úlpu og háum buxum úr slitsterku, lipru, vatns- og vindheldu efni með góðri útöndun (tex efni). Ennfremur kuldahúfa og kuldaskór.

17. gr.

Annar fatnaður og búnaður.

Tollverðir skulu, samkvæmt nánari ákvörðun tollstjóra, fá annan fatnað og búnað sem þörf er á vegna starfa þeirra, svo sem vinnusloppa, samfestinga, öryggishjálma, öryggis-skó, öryggisgleraugu, vinnuvettlinga, endurskinsvesti, stígvél og tækjabelti með tilheyr-andi búnaði.

Um einkennismerkingar á fatnað og annan búnað, sem grein þessi tekur til, skal fjallað í verklagsreglum.

18. gr.

Útvegum og úthlutun einkennisfatnaðar.

Tollstjóri skal útvega einkennisfatnað og annan nauðsynlegan búnað samkvæmt reglu-gerð þessari. Skal hann annast útboð í samráði við Ríkiskaup þegar um meiri háttar innkaup á einkennisfatnaði er að ræða.

Úthluta skal einkennisfatnaði og öðrum búnaði samkvæmt því sem ákveðið er í verklags-reglum. Haldin skal skrá yfir afhentan einkennisfatnað og annan búnað.

19. gr.

Viðhald einkennisfatnaðar.

Einkennisfatnaði sem reglugerð þessi tekur til skal vel við haldið.

Starfsmenn skulu sjálfir bera kostnað af venjulegu viðhaldi einkennisfatnaðar, en þó skal embætti tollstjóra bera kostnað af tveimur fatahreinsunum á ári og öðrum hreinsunum sem tollstjóri metur af sérstökum ástæðum að embættinu beri að greiða.

Meiriháttar tjón á einkennisfatnaði, sem rekja má til starfars, skal bætt með nýjum einkennisfatnaði.

20. gr.

Eignarheimild og skil á einkennisfatnaði við starfslok.

Einkennisfatnaður sem starfsmaður hefur fengið afhentan samkvæmt reglugerð þessari og notað lengur en í tvö ár skal teljast hans eign. Tilheyrandi einkennum og búnaði ber honum þó að skila við starfslok.

Starfsmenn sem láta af störfum eftir að hafa starfað skemur en í tvö ár skulu skila einkennisfatnaði, búnaði og einkennum, sem þeir hafa fengið afhentan vegna tollgæslu-starfs. Heimilt er að undanþiggja skilaskyldu tiltekinn hluta einkennisfatnaðar.

21. gr.

Lán einkennisbúninga og búnaðar.

Tollstjóra er heimilt við sérstök undantekningartilvik að lána einkennisbúninga og annan búnað sem tengist starfsemi tollgæslunnar.

Tollstjóri getur samþykkt útleigu á einkennisfatnaði vegna framleiðslu kvikmynda, sjónvarps-þátta eða af sambærilegu tilefni, enda telji hann ekkert því til fyrirstöðu.

Ökutæki tollgæslunnar skulu ekki lánuð samkvæmt þessari grein en tollstjóra er heimilt að leggja til ökutæki með áhöfn vegna kvikmyndagerðar eða framleiðslu sjónvarpsþátta, ef hann svo kys og gegn þeim skilyrðum sem hann metur nauðsynleg.

IV. KAFLI

Stöðueinkenni.

22. gr.

Tollstjóri: Axlarsprotar á jakka 1 skulu vera úr gylltu mynstruðu efni og á þeim fjórar tollstjörnur úr gylltum málmum sem myndaðar skulu úr fimmarmá stjörnu, 18 mm í þvermál, með tákmynd af auga í miðju. Á hvoru kragahorni á jakka 1 skal vera gyllt skjaldarmerki Íslands úr málmum. Á smeygum sem gerðir skulu úr gylltum, ómynstruðum vefnaði skulu þessi stöðueinkenni ísaumuð með svörtum tvinna. Á hvorri jakkaarmi, ofan við ermahnappa, skulu vera fjórir borðar, 20 mm breiðir með 5 mm bili á milli. Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól úr mynstruðu efni, 14 mm breið. Ofan á skyggninu, meðfram brún þess, skulu vera ísaumaðir tveir gylltir laufborðar, hvor um sig 13,5 x 2 sm sem komi saman á miðju skyggni. Á gjörð á einkennishúfu 1 skulu vera fjórir mynstraðir 7 mm breiðir borðar með 5 mm bili á milli.

Aðstoðartollstjóri: Axlarsprotar á jakka 1 skulu vera úr gylltu mynstruðu efni og á þeim þrjár tollstjörnur, sbr. 1. mgr. Á hvoru kragahorni á jakka 1 skal vera gyllt skjaldarmerki Íslands úr málmum. Á smeygum sem gerðir skulu úr gylltum, ómynstruðum vefnaði skulu þessi stöðueinkenni ísaumuð með svörtum tvinna. Á hvorri jakkaarmi, ofan við ermahnappa, skulu vera þrjú borðar, 20 mm breiðir með 5 mm bili á milli. Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól úr mynstruðu efni, 14 mm breið. Ofan á skyggninu, meðfram brún þess, skulu vera ísaumaðir tveir gylltir laufborðar, hvor um sig, 13,5 x 2 sm, sem komi saman á miðju skyggni. Á gjörð á einkennishúfu 1 skulu vera þrjú mynstraðir 7 mm breiðir borðar með 5 mm bili á milli.

Forstöðumaður tollasviðs: Axlarsprotar á jakka 1 skulu vera úr gylltu mynstruðu efni og á þeim tvær tollstjörnur, sbr. 1. mgr. Á hvoru kragahorni á jakka 1 skal vera gyllt skjaldarmerki Íslands úr málmum. Á smeygum sem gerðir skulu úr gylltum, ómynstruðum vefnaði skulu þessi stöðueinkenni ísaumuð með svörtum tvinna. Á hvorri jakkaarmi, ofan við ermahnappa, skulu vera tveir borðar, 20 mm breiðir með 5 mm bili á milli. Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól úr mynstruðu efni, 14 mm breið. Ofan á skyggninu, meðfram brún þess, skulu vera ísaumaðir tveir gylltir laufborðar, hvor um sig, 13,5 x 2 sm, sem komi saman á miðju skyggni. Á gjörð á einkennishúfu 1 skulu vera tveir mynstraðir 7 mm breiðir borðar með 5 mm bili á milli.

Yfirtollverðir: Á axlarsprotum jakka 1 skulu vera á milli gylltu borðanna þrjár fimmarmá stjörnur. Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skulu vera þversum tvær einkennisrendur, 6

mm breiðar, nær axlarbrún og ein einkennisrönd, 3 mm breið, nær kraga og á milli þeirra fyrir miðju þrjár fimmarmastjörnur, ísaumaðar með gylltum tvinna. Á hvoru kragahorni skal vera eitt gyllt tollmerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera þrjár borðar, 10 mm breiðir. Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól, 14 mm breið. Ofan á skyggninu skulu ísaumaðir tveir gylltir laufborðar, 7 x 1,8 sm. Á gjörð á einkennishúfu 1 skulu vera þrjár mynstraðir 7 mm breiðir borðar með 5 mm bili á milli.

Aðstoðaryfirtollverðir: Á axlarsprotum jakka 1 skulu vera á milli gylltu borðanna tvær fimmarmastjörnur. Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skulu vera þversum tvær einkennisrendur, 6 mm breiðar, nær axlarbrún og ein einkennisrönd, 3 mm breið, nær kraga og á milli þeirra fyrir miðju tvær fimmarmastjörnur, ísaumaðar með gylltum tvinna. Á hvoru kragahorni skal vera eitt gyllt tollmerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera tveir borðar, 10 mm breiðir. Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól, 14 mm breið. Fyrir ofan skyggnisól á einkennishúfu 1 skulu vera tveir mynstraðir 7 mm breiðir borðar með 5 mm bili á milli.

Aðalvarðstjórar og tollfulltrúar: Á axlarsprotum jakka 1 skal vera á milli gylltu borðanna ein fimmarmastjarna. Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skulu vera þversum tvær einkennisrendur, 6 mm breiðar, nær axlarbrún og ein einkennisrönd, 3 mm breið, nær kraga og á milli þeirra fyrir miðju ein fimmarmastjarna, ísaumuð með gylltum tvinna. Á hvoru kragahorni skal vera eitt gyllt tollmerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skal vera einn borði, 10 mm breiður.

Varðstjórar og tollsérfræðingar: Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skulu vera þversum tvær einkennisrendur, 6 mm breiðar, nær axlarbrún og ein einkennisrönd, 3 mm breið, nær kraga, ísaumaðar með gylltum tvinna.

Tollverðir sem lokið hafa tollskóla: Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skal vera þversum ein einkennisrönd, 6 mm og önnur, 3 mm breið, nær kraga, ísaumaðar með gylltum tvinna.

Tollverðir sem ekki hafa lokið skóla: Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skal vera þversum ein einkennisrönd, 3 mm breið, nær axlarbrún og önnur, 3 mm breið, nær kraga, ísaumaðar með gylltum tvinna.

V. KAFLI

Löggæsluskilríki tollgæslunnar.

23. gr.

Útgáfa löggæsluskilríkjanna.

Tollstjóri gefur út löggæsluskilríki til handa þeim sem um ræðir í 4. mgr. 1. gr. og þurfa slíkra skilríkja með vegna starfa sinna.

Á löggæsluskilríkjunum skulu vera einkennismerki tollgæslunnar og áritanirnar „Tollgæslan“ og „Customs“. Þar skal vera brjóstmynd af skírteinishafa og upplýsingar um nafn hans og kennitölu, stöðuheiti, einkennisnúmer, ef skilríkishafi er tollvörður, og útgáfudag skilríkisins. Þá skal skilríkið vera undirritað af tollstjóra. Að öðru leyti ákveður tollstjóri útlit löggæsluskilríkja.

24. gr.

Notkun löggæsluskilríkjanna.

Með framvísun löggæsluskilríkja gera óeinkennisklæddir handhafar tollgæsluvalds grein fyrir því að þeir séu handhafar slíks valds, ef það er nauðsynlegt við framkvæmd tollgæslustarfa.

Skulu óeinkennisklæddir handhafar tollgæsluvalds jafnan hafa löggæsluskilríkin með-ferðis við skyldustörf, enda geti þeir þurft að gera grein fyrir því að þeir séu handhafar tollgæsluvalds.

25. gr.

Eignarheimild og skil á löggæsluskilríkjunum við starfslok.

Löggæsluskilríki tollgæslunnar eru eign embættis tollstjóra.

Þegar starfsmenn, sem fengið hafa afhent löggæsluskilríki láta af störfum, skulu þeir skila löggæsluskilríkjum sínum.

VI. KAFLI

Einkennismerkingar tollgæslubifreiða.

26. gr.

Einkennismerkingar tollgæslubifreiða skulu vera tollmerkið, endurskinsrendur og orðið „Tollgæslan“. Ákveða má að tollgæslubifreiðar séu jafnframt merktar orðinu „Customs“.

Tollstjóri skal ákveða nánari útfærslu á einkennismerkingum tollgæslubifreiða.

VII. KAFLI

Verklagsreglur o.fl.

27. gr.

Tollstjóri getur sett nánari fyrirmæli um notkun einkennisbúninga tollgæslunnar.

Tollstjóri skal, að höfðu samráði við Tollvarðafélag Íslands, setja verklagsreglur um gerð og útfærslu einkennisfatnaðar, klæðaburð, þ.m.t. um leyfilega samsetningu einkennis-klæðnaðar og samræmi í klæðaburði, og úthlutun einkennisfatnaðar og búnaðar, bæði reglulega úthlutun einkennisfatnaðar og um úthlutun til þeirra sem gegna afleysinga-störfum. Þar má ákveða að úthlutun falli niður þegar tollverðir eru í launalausum leyfi eða í fæðingarorlofi.

Tollstjóri skal í verklagsreglum kveða nánar á um skilgreiningu á litum sem nota skuli í einkennismerkjum og einkennisfatnaði tollgæslunnar.

Tollstjóri getur kveðið nánar á um gerð og notkun löggæsluskilríkja tollgæslunnar.

Heimilt er að úthluta tollvörðum fatabeiðnum í stað reglubundinnar úthlutunar einkennis-fatnaðar ef þeir þurfa, samkvæmt ákvörðun yfirmanns, að vinna óeinkennis-klæddir. Tollstjóri ákveður fjárhæð slíkrar úthlutunar og getur sett henni nánari skilyrði.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 2. mgr. 149. gr. og 193. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað toll-gæslunnar nr. 905 frá 28. nóvember 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir gildistöku reglugerðar þessarar er samkvæmt ákvörðun tollstjóra heimilt að nota áfram einkennisfatnað samkvæmt reglugerð nr. 905/2001.

Reglugerð

nr. 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa.

1. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds, sbr. 53. gr. reglugerðar Evrópu-þingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs.

2. gr.

Hafnir sem heimilt er að flytja úrgang um.

Í samræmi við 55. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 er einungis heimilt að flytja inn úrgang eða flytja út úrgang um tollhafnir, sbr. tollalög nr. 88/2005.

3. gr.

Flutningstilkynningar.

Eyðublöð vegna flutningstilkynninga er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að senda flutningstilkynningar til samþykktar hjá Umhverfisstofnun á ensku, íslensku eða öðru Norðurlandamáli öðru en finnsku, sbr. viðauka VII með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006.

4. gr.

Gjaldtaka.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna veittrar þjónustu og verkefna stofnunarinnar vegna þessarar reglugerðar í samræmi við gjaldskrá stofnunarinnar.

5. gr.

Eftirlit.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

6. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

7. gr.

Gildistaka tiltekinna gerða Evrópubandalagsins.

Eftirfarandi reglugerðir sem vísað er til í tölulið 32c, V. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XX. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

- a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs, sem vísað er til í tölulið 32c, V. kafla, XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 og síðan breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2008, frá 25. september 2008. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 20. maí 2010 - 2010/EES/26/01 bls. 1-98.
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2009 frá 15. apríl 2009 um breytingu á III. viðauka A og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs til að laga þá að vísindalegum og tæknilegum framförum, sem vísað er til í tölulið 32c, V. kafla, XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 og síðan breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2009, frá 4. desember 2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 21 frá 29. apríl 2010 - 2010/EES/21/18 bls. 128-131.
- c. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2008 frá 15. júlí 2008 um að ljúka við I. viðauka C við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs, sem vísað er til í tölulið 32c, V. kafla, XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 og síðan breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2009, frá 24. apríl 2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 30. september 2010 - 2010/EES/54/06 bls. 190-198.
- d. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1379/2007 frá 26. nóvember 2007 um breytingu, í því skyni að taka tillit til tækniframfara og breytinga sem hafa verið samþykktar samkvæmt Basel-samningnum á I. viðauka A, I. viðauka B, VII. viðauka og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs, sem vísað er til í tölulið 32c, V. kafla, XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 og síðan breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2008, frá 7. nóvember. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54. frá 30. september 2010 - 2010/EES/54/04 bls. 40-53.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs, reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (EB) nr. 308/2009 frá 15. apríl 2009 um breytingu á III. viðauka A og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs til að laga þá að vísindalegum og tæknilegum framförum, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2008 frá 15. júlí 2008 um að ljúka við I. viðauka C við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1379/2007 frá 26. nóvember 2007 um breytingu, í því skyni að taka tillit til tækniframfara og breytinga sem hafa

verið samþykktar samkvæmt Basel-samningnum á I. viðauka A, I. viðauka B, VII. viðauka og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 224/2005 um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu.

Reglugerð

nr. 834/2010 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að draga úr losun tiltekinna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og stuðla að öruggri meðhöndlun þeirra með tilliti til verndunar umhverfisins.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um takmörkun á losun, notkun og meðhöndlun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda ásamt lekaleit, skráningu, setningu þeirra á markað og merkingar. Reglugerðin gildir einnig um menntun og hæfni starfsmanna sem meðhöndla flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ásamt kröfum um þjálfun og vottun starfsmanna og fyrirtækja.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir: Vetnisflúorkolefni (HFC), perflúorkolefni (PFC) og brennisteinshexaflúoríð (SF₆) sem eru tilgreind í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, sbr. 11. gr., og efnablöndur, sem innihalda þessi efni, að undanskildum efnum sem falla undir reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða óson-laginu. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eru einnig nefndar flúraðar eða flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir.

Vetnisflúorkolefni: Lífrænt efnasamband úr kolefni, vetni og flúor, þar sem sameindin er úr sex kolefnisfrumeindum eða færri.

Perflúorkolefni: Lífrænt efnasamband, eingöngu úr kolefni og flúor, þar sem sameindin er úr sex kolefnisfrumeindum eða færri.

Rekstraraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem ber raunverulega, tæknilega ábyrgð á þeim búnaði og þeim kerfum sem heyra undir gildissvið þessarar reglugerðar og gerða Evrópusambandsins sem innleiddar eru með henni, eða ef sá aðili finnst ekki, eigandi viðkomandi búnaðar og kerfa. Rekstraraðili er einnig nefndur stjórnandi.

Þjónustuaðili: Einstaklingur eða lögaðili sem þjónustar þann búnað og þau kerfi sem heyra undir gildissvið þessarar reglugerðar og gerða Evrópusambandsins sem innleiddar eru með henni.

Fyrirtæki: Rekstraraðili og/eða þjónustuaðili.

Notkun: Nýting flúoraðra gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu, áfyllingu, þjónustu eða viðhald vara og búnaðar sem heyra undir gildissvið þessarar reglugerðar og gerða Evrópusambandsins sem innleiddar eru með henni.

Setning á markað: Það að sjá þriðja aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins, gegn greiðslu eða án hennar, í fyrsta sinn fyrir vörum og búnaði sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða vörum og búnaði sem krefjast slíkra lofttegunda, þ.m.t. innflutningur á slíkri vöru og búnaði á Evrópska efnahagssvæðið.

4. gr.

Skráning á innflutningi og sölu – innra eftirlit.

Innflytjendur og söluaðilar skulu halda skrá yfir allan innflutning og sölu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og vara sem innihalda slíkar lofttegundir hér á landi. Innflytjendur og söluaðilar skulu senda upplýsingar um innflutning og sölu hér á landi fyrir undan-gengið almanaksár til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert.

5. gr.

Skilyrði fyrir afhendingu.

Óheimilt er að afhenda rekstraraðilum flúoraðar gróðurhúsalofttegundir nema við-komandi starfsmenn þeirra hafi hlotið vottun, sbr. 7. gr.

6. gr.

Merkingar vara og búnaðar.

Óheimilt er að flytja, setja á markað eða afhenda vöru og búnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, nema á vörunni og búnaðinum sé merkiskilti með viðurkenndum iðnaðarheitum, innihaldslýsingu og varnaðarorðum. Merkingar skulu vera á íslensku.

7. gr.

Menntun og faggilding starfsmanna.

Starfsmönnum er eingöngu heimilt að annast uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu vegna staðbundinna kæli- og varmadælukerfa, loftkælinga, staðbundinna slökkvikerfa, spennu með hárrí rafspennu, leysiefna eða loftkælinga í vélknúnum ökutækjum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, hafi þeir hlotið faggildingu um að þeir uppfylli viðeigandi menntunarkröfur samkvæmt I. – V. viðauka við reglugerð þessa.

Faggilding samkvæmt þessari grein er framkvæmd af skoðunarstofu sem hefur verið faggilt af faggildingarsviði Einkaleyfastofu í samræmi við lög nr. 24/2006 um faggildingu o.fl. Skoðunarstofa gefur út vottorð um faggildingu starfsmanna. Vottorðið skal gilda í fjögur ár en framlengist um önnur fjögur ár hafi viðkomandi starfsmaður sannanlega unnið við umrædd kerfi. Vottorð skal gefið út á íslensku og ensku. Í vottorði skal koma fram með skýrum hætti að starfsmaður fullnægi kröfum viðeigandi reglugerðar Evrópu-sambandsins, sbr. 11. gr. Skoðunarstofa skal halda skrá yfir faggilta einstaklinga og jafnframt senda upplýsingar um útgefin vottorð til Umhverfisstofnunar fyrir undan-gengið almanaksár fyrir 1. mars ár hvert.

Umhverfisstofnun heldur skrá yfir starfs-menn sem hlotið hafa faggildingu. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

Faggilding sem veitt hefur verið í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins vegna starfs-manna sem annast verkefni sem getið er um í 1. mgr. skal teljast jafngild faggildingu skv. 2. mgr. Umhverfisstofnun getur þó gert að skilyrði að viðkomandi skili inn afriti af prófskírteini, ásamt þýðingum unnum af löggiltum skjalapýðendum eða öðrum aðilum sem stjórnvöld viðurkenna. Þýðingar mega vera á ensku eða Norðurlanda-máli, öðru en finnsku.

8. gr.

Vottun fyrirtækja.

Fyrirtækjum er eingöngu heimilt að annast uppsetningu staðbundinna kæli- og varma-dælukerfa, loftkælinga, staðbundinna slökkvikerfa, spennu með hárra rafspennu, leysiefna eða loftkælinga í vélknúnum ökutækjum, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsa-lofttegundir, eða viðhald eða þjónustu slíks búnaðar eða kerfa, hafi þau hlotið vottun um að þau uppfylli viðeigandi kröfur samkvæmt I. – II. viðauka og að starfsmenn þeirra hafi tilskilin réttindi.

Vottun samkvæmt þessari grein er framkvæmd af skoðunarstofu sem hefur verið faggilt af faggildingarsviði Einkaleyfastofu í samræmi við lög nr. 24/2006 um faggildingu o.fl. Skoðunarstofa gefur út vottorð um vottun fyrirtækja. Vottorðið skal gilda í fjögur ár en hafi viðkomandi fyrirtæki sannanlega unnið við umrædd kerfi framlengist vottorðið um önnur fjögur ár. Vottorðið skal gefið út á íslensku og ensku. Í vottorði skal koma fram með skýrum hætti að fyrirtæki fullnægi kröfum viðeigandi reglugerðar Evrópu-sambandsins, sbr. 11. gr. Skoðunarstofa skal halda skrá yfir fyrirtæki sem hlotið hafa vottun og jafnframt senda upplýsingar um útgefin vottorð til Umhverfisstofnunar fyrir undangengið almanaksár fyrir 1. mars ár hvert. Umhverfisstofnun heldur skrá yfir fyrirtæki sem hlotið hafa vottun. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

Vottun sem framkvæmd hefur verið í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins vegna fyrirtækja sem annast verkefni sem getið er í 1. mgr. skal teljast jafngild faggildingu skv. 2. mgr. Umhverfisstofnun getur þó gert að skilyrði að viðkomandi skili inn afriti af prófskírteini, ásamt þýðingum unnum af löggiltum skjalapýðendum eða öðrum aðilum sem stjórnvöld viðurkenna. Þýðingar mega vera á ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku.

9. gr.

Eftirlit.

Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt 23. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

10. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

11. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar gerðir Evrópusambandsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. og XX. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar flúraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2008. Í samræmi við 1. og 2. gr. ákvörðunarinnar gildir 6. gr. reglugerðarinnar ekki. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 5. febrúar 2010 2010/EES/6/39 bls. 215-225.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007 frá 17. desember 2007 um sníð merkimiða og frekari kröfur um merkingar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar vörur og búnað sem innihalda tilteknar flúraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi nr. 6 frá 5. febrúar 2010 2010/EES/6/55 bls. 286-287.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1497/2007 frá 18. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar föst brunavarnarkerfi sem innihalda tilteknar flúraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 5. febrúar 2010 2010/EES/6/56 bls. 288-289.
- d) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 frá 19. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tilteknar flúraðar gróðurhúsa-lofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambands-ins nr. 6 frá 5. febrúar 2010 2010/EES/6/57 bls. 290-292.
- e) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 303/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameigin-legu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framangreind reglugerð er birt í fylgiskjali I við þessa reglugerð.
- f) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 304/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar föst brunavarnarkerfi og slökkvitæki sem innihalda tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameigin-legu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framangreind reglugerð er birt í fylgiskjali II við þessa reglugerð.
- g) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 305/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr háspennu-rofbúnaði, sbr. ákvörðun sameiginlegu

EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framangreind reglugerð er birt í fylgiskjali III við þessa reglugerð.

- h) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna leysa, sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, úr búnaði, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framan-greind reglugerð er birt í fylgiskjali IV við þessa reglugerð.
- i) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 307/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur um menntunaráætlanir og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á námsvottorðum fyrir starfsfólk að því er varðar loftræstikerfi í tiltekn-um vélknúnum ökutækjum sem innihalda tilteknar flúoraðar gróðurhúsa-lofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framan-greind reglugerð er birt í fylgiskjali V við þessa reglugerð.
- j) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 frá 2. apríl 2008 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framangreind reglugerð er birt í fylgiskjali VI við þessa reglu-gerð.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 230/1998 um tiltekin efni sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Setning á markað fram til 31. desember 2012.

Fram til 31. desember 2012 er óheimilt að setja á markað hér á landi flúoraðar gróður-húsa-lofttegundir og vörur sem innihalda slíkar lofttegundir, með eftirfarandi undan-tekningum:

1. Vetnisflúorkolefni (HFC):
 - a) í kæli-, og varmadælukerfum, að því gefnu að um sé að ræða loftþétt kerfi sem leiða ekki til beinnar uppgufunar,
 - b) í loftkælingum, að því gefnu að um sé að ræða loftþétt kerfi sem leiða ekki til beinnar uppgufunar, og
 - c) sem drifefni í lyfjum.
2. Brennisteinshexaflúoríð (SF6) í rofum og rafbúnaði þar sem aðrar lofttegundir eru ónothæfar.

Ef sérstakar aðstæður mæla með getur umhverfisráðherra fram til 31. desember 2012 veitt tímabundnar undanþágur frá 1. mgr. að fenginni umsógn Umhverfisstofnunar. Í umsókn um undanþágu skal gerð grein fyrir fyrirhugaðri notkun efnisins eða vörunnar og hvers vegna ekki sé hægt að nota önnur efni sem eru minna skaðleg umhverfinu.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, sbr. 11. gr. þessarar reglugerðar.

II.

Bráðabirgðavottun starfsmanna og fyrirtækja.

Starfsmönnum og fyrirtækjum sem við gildistöku þessarar reglugerðar starfa við kæli- og varmadælukerfi, loftkælingar, staðbundin slökkvikerfi, spenna með hárra rafspennu, leysiefni eða loftkælingar í vélknúnum ökutækjum er heimilt að starfa áfram til 4. júlí 2011 þrátt fyrir að hafa ekki hlotið vottun samkvæmt 7. og 8. gr. Heimild þessi gildir eingöngu hér á landi en ekki í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Starfsmenn og fyrirtæki sem framangreint á við um skulu senda umsókn til Umhverfisstofnunar sem gefur út bráðabirgðaskírteini þessu til staðfestingar.

Reglugerð

nr. 894/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópubandalaginu.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um úthlutun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á tollkvótum samkvæmt samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og með vísun til 4. mgr. 12. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Tollkvótar samkvæmt reglugerð þessari taka til vara sem upprunnar eru í ríkjum Evrópubandalagsins sbr. bókun 4 við EES-samninginn.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vöruliður:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst	01.01. - 31.12.11	100.000	0	0
0203.2100, 0203.22xx	Svínakjöt, fryst	01.01. - 31.12.11	100.000	0	0
0203.29xx	Svínakjöt, fryst	01.01. - 31.12.11	100.000	0	0
0207.1200, 0207.3300	Kjöt af alifuglum, fryst	01.01. - 31.12.11	100.000	0	0
0207	Kjöt af alifuglum, fryst	01.01. - 31.12.11	100.000	0	0
0208.9003	Rjúpur, frystar	01.01. - 31.12.11	ótilgreint	0	0

ex 0210	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í 01.01. - 31.12.11	50.000	0	0	
	saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fín malað, úr kjöti eða hlutum af dýrum (**)				
ex 0406	Ostur og ystingur (**)	01.01. - 31.12.11	20.000	0	0
0406	Ostur og ystingur	01.01. - 31.12.11	80.000	0	0
1601	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum	01.01. - 31.12.11	50.000	0	0
1602	Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum	01.01. - 31.12.11	50.000	0	0

(**) skráð í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 510/2006 um vernd landfræðilegra merkinga og uppruna landbúnaðarafurða og matvæla.

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, sem birt er á heimasíðu þess, þar sem vísað er til skilmála reglugerðar þessarar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 65. gr. B laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2011.

Reglugerð

nr. 895/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollskrárn.</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./stk.
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti og hnetur	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar <i>Rósir, einnig ágræddar:</i>	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.4010	Í smásöluumbúðum	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.4090	Aðrar	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur <i>Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</i>	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.9041	Skógartré <i>Annað:</i>	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars <i>Aðrar útiplöntur:</i>	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur <i>Græðlingar með rót og unglöntur, þó ekki kaktusar:</i>	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.9071	Til framhaldsræktunar í garðyrkjustöðvum í a.m.k. tvo mánuði:	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.9079	Annars <i>Blómstrandi plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar:</i>	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0602.9091	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-30.06.11	2.000	30	0
0602.9091	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.07.-31.12.11	1.500	30	0
0602.9092	Aðrar <i>Aðrar:</i>	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0

0602.9093	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-30.06.11	2.500	30	0
0602.9093	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.07.-31.12.11	1.800	30	0
0602.9099	Annars	01.01.-31.12.11		30	0
	Lifandi:				
0603.1202	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur)	01.05.-30.11.11	ótilgr.	15	48
0603.1300	Brönugrös (orchids)	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0603.1400	Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.01.-30.06.11	9.000	30	0
0603.1400	Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.07.-31.12.11	6.500	30	0
0603.1901	Ættkvíslirnar Protea, Banksia, Leucadendron og Brunia	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0603.1902	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum, óætum af ættkvíslunum: Ligustrum, Callicarpa, Gossypium, Hypericum, Ilex og Symphoricarpos	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0603.1903	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0603.1905	Innflutningur á öðrum tíma (lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk og paradísarfugla-blóm)	01.05.-30.11.11	ótilgr.	15	48
0603.1909	Annars (afskorin blóm)	01.01.-30.06.11	166.250	30	0
0603.1909	Annars (afskorin blóm)	01.07.-31.12.11	118.750	30	0
	Annað:				
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.11	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollskrárnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur samkvæmt útgefnum tollkvótum.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem birt er á heimasíðu þess, þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollskrárnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollskrárnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 189/1990, um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2011.

Reglugerð

nr. 896/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt sérstökum samningi milli Íslands og Noregs um viðskipti með landbúnaðarvörur og á grundvelli viðauka IV A við tollalög, nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á smurosti frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Úr tollskrárn.</i>			kg	%	kr./kg
0406.3000	Smurostur	01.01. - 31.12.11	13.000	0	0

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabilsins.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, sem birt er á heimasíðu þess, þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

Úthlutun skv. 1. mgr. er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2011.

Reglugerð

nr. 936/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðauka IV A við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollskrárn.</i>					
0208.4001	Hvalkjöt, fryst	01.01.-31.12.11	ótilgr.	0	0
0208.4002	Hvalaafurðir, ót.a., frystar	01.01.-31.12.11	ótilgr.	0	0
0208.4003	Hvalkjöt og aðrar hvalaafurðir, nýtt eða kælt	01.01.-31.12.11	ótilgr.	0	0
0208.9003	Rjúpur, frystar	01.01.-31.12.11	ótilgr.	0	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2011.

Reglugerð

nr. 937/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A við tollalög, nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollskrárn.	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur	Magntollur
				%	kr./kg
0407.0001	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01. - 31.12.11	ótilgr.	0	0
Úr 0404.9000	Mysuduft	01.01. - 31.12.11	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407.0001) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2011.

Reglugerð

nr. 938/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A, við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollskrárn.	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
				kg	%
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með saltinnihaldi í ≥ 5 kg umbúðum	01.01. - 31.12.11	ótilgr.	0	39
0408.9901	Soðin egg í ≥ 10 kg umbúðum	01.01. - 31.12.11	ótilgr.	0	91

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2011.

Reglugerð

nr. 939/2010 um tollkvóta á grænmeti og lækkun tolla.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollskrárn.	Vara	Tímabil	Vörumagn		Magntollur kr./kg
			Verðtollur kg	%	
0702.xxxx	Tómatar	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0703.1001	Laukur	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0703.1009	Skallottlaukur	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0703.2000	Hvítlaukur	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0703.9009	Annað	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0704.2000	Rósakál	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0704.9005	Fóðurmergskál (brassica oleraceaacepjala)	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0704.9009	Annað	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0705.xxxx	Salat	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0706.9009	Annars	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0707.xxxx	Gúrkur og reitagúrkur	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0708.xxxx	Belgávextir	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.2000	Spergill	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.5901	Tröfflur	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.5909	Annað	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.6xxx	Paprika og aðrir piparávextir	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.7000	Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.9001	Sykurmaís	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.9002	Kúrbítur (Courgettes)	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.9003	Ólífur	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.9004	Steinselja	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.9005	Jarðartískokka	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0
0709.9009	Annars	01.01.-31.12.11	ótilgr.	10	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2011.

Reglugerð

nr. 1045/2010 um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um fitu og önnur matvæli sem innihalda fitu, hvort sem fitan er innihaldsefni eða afleiðing framleiðsluferlis.

Reglugerð þessi gildir ekki um transfitúsýrur sem eru í dýrafitu frá náttúrunnar hendi. Reglugerðin nær til markaðssetningar matvæla til neytenda.

2. gr.

Skilgreiningar.

Fita er öll fituefni, þar á meðal fosfólípíðar, og nær yfir fljótandi olíur, fasta fitu og ýrulausnir.

Markaðssetning er að hafa umráð yfir matvælum með sölu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða þau til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar.

Matvæli eru hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið „matvæli“ tekur einnig til drykkja, tyggigúmmis og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns, sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna.

Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Neytandi er neytandi matvæla sem notar matvælin ekki sem lið í rekstri eða starfsemi matvælafyrirtækis.

Transfitúsýrur eru summan af öllum transfitúsýrum með 14, 16, 18, 20 og 22 kolefnisatóm og eitt eða fleiri trans-tvítengi þ.e. C14:1, C16:1, C18:1, C18:2, C18:3, C20:1, C20:2, C22:1, C22:2 transfitúsýrur, þó aðeins fjölmættaðar fitúsýrur þar sem tvítengin eru aðskilin með metylen hóp (CH₂).

3. gr.

Markaðssetning.

Óheimilt er að markaðssetja matvæli sem innhalda meira en 2 grömm af transfitusýrum í hverjum 100 grömmum af heildarfitumagni.

4. gr.

Skyldur matvælafyrirtækis.

Ef þess er óskað af opinberum eftirlitsaðila, ber matvælafyrirtæki að leggja fram gögn, svo sem niðurstöður greininga, til staðfestingar á því að þær transfitusýrur sem matvælin kunna að innihalda séu undir leyfilegu hámarki sem getið er um í 3. gr. reglugerðarinnar.

Matvælafyrirtæki greiða fyrir eftirlit samkvæmt reglugerð þessari í samræmi við lög nr. 93/1995, um matvæli þ.m.t. greiningu sýna sem rannsaka þarf.

5. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

Matvælastofnun skal annast samræmingu rannsókna vegna sýna þegar sannreyna þarf efnainnihald matvæla samkvæmt reglugerð þessari.

6. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

7. gr.

Gildistími – Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann 1. ágúst 2011. Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli.

Reglur

nr. 172/1985, um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

I. KAFLI

Um endurgreiðslu vegna nýsmíði.

1. gr.

Þegar hafist er handa um nýsmíði skips skal tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins á þar til gerðu eyðublaði ef óskað er endurgreiðslu tolla. Tilkynningunni, sem sendist í tvíriti, skal fylgja afrit af smíðasamningi og smíðalýsingu og fyrirkomulagsteikning.

Endurgreiðslur samkvæmt þessum kafla geta aðeins farið fram til skipasmíðastöðva eða aðila sem fengið hafa leyfi til að reka hér umræddan iðnað samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 og jafnframt tilkynnt skattfirvöldum starfsemi sína og aflað heimildar til kaupa á vörum án söluskatts, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum. Heimilt er þó að víkja frá framangreindum ákvæðum um endurgreiðslur vegna smíði opinna báta og þilfarsbáta allt að 10 metrum, enda fari smíði skips eða báts fram undir eftirliti Siglingamálastofnunar ríkisins.

2. gr.

Ráðuneytið endurgreiðir skipasmíðastöðvum áætlaðan toll af efni, vélum og tækjum í skip og báta sem eru 6 metrar að lengd og stærri og af aðalvél í báta minni en 6 metrar. Endurgreiðslur eru sem hér segir:

- a) Af þilfarsskipum 3%, sbr. 3. gr. og 4. gr.
- b) Af opnum bátum 1,0%, sbr. 4. gr.
- c) Af aðalvél, minni en 400 hestöfl, þar með talinn skrúfubúnaður og gír, mun ráðuneytið endurgreiða tolla sérstaklega gegn framvísun samrits aðflutningsskýrslu og vöru-reiknings.

Af vél í þilfarsskip, lengri en 10 metrar, getur endurgreiðsla farið fram þegar Siglingamálastofnun hefur staðfest að vélin sé komin á undirstöður í tiltekinni nýsmíði.

Af vél í skip og báta sem eru 10 metrar og styttri mun endurgreitt samtímis öðrum endurgreiðslum samkvæmt 4. gr. að lokinni úttekt og skráningu.

Til grundvallar útreikningi endurgreiðslufjárhæðar samkvæmt a- og b-lið skall leggja samningsverð, en með samningsverði er átt við það verð sem samningsaðilar hafa samþykkt með undirritun upphaflegs smíðasamnings, sbr. 1. gr., svo og viðbótarsamningum sem gerðir hafa verið á smíðatímabilinu, enda hafi afrit af viðbótarsamningnum verið send Siglinga-málastofnun.

Verði endanlegt söluverð lægra en upphaflegt samningsverð, skal tollendurgreiðslan samkvæmt 1. gr. miðuð við söluverð og skal tekið tillit til þess við lokaendurgreiðslu.

3. gr.

Endurgreiðsla tolla vegna smíði þilfarsskipa sem eru lengri en 10 metrar geta farið fram í eftirgreindum áföngum gegn staðfestingu Siglingamálastofnunar ríkisins hverju sinni á því að viðeigandi smíðastigi sé lokið:

1. 1% af upphaflegu samningsverði þegar lokið er að byrða bol skips, sjóða hluta (sektionir) þess saman, stilla fyrsta feldi upp eða bandreisa ef um tréskíp er að ræða.
2. 1% af upphaflegu samningsverði þegar aðal- og ljósavélar eru komnar á undirstöður.
3. 1% af upphaflegu samningsverði, sbr. 1. gr., og 3% af viðbótarsamningsverði, sbr. 2. gr., þegar smíði skips er endanlega lokið og skipið hefur verið tekið út af Siglingamála- stofnun ríkisins.

4. gr.

Endurgreiðslur tolla vegna smíði þilfarsskipa sem eru 10 metrar og minni og opinna báta fara ekki fram fyrir en smíði er að fullu lokið, Siglingamálastofnun ríkisins hefur tekið smíðina út og skipið/báturinn verið skráður lögum samkvæmt.

Ef skip/bátur er búinn tækjum og öryggisbúnaði umfram það sem krafist er samkvæmt reglum þar að lútandi endurgreiðir ráðuneytið toll af honum sérstaklega gegn framvísun samrits aðflutningsskýrslu og vörureiknings, enda hafi kaupverð þessa búnaðar eigi verið innifalið í samningsverði því sem tollendurgreiðsla samkvæmt þessari grein er byggð á.

5. gr.

Telji skipasmíðastöð sig ekki fá tolla endurgreidda að fullu skv. 2.- 4. gr. getur hún sent Siglingamálastofnun ríkisins sundurliðun yfir allar tollgreiðslur vegna skips eða báts á þar til gerðum eyðublöðum.

Í sundurliðuninni skal tilgreina vörutegund, magn, tollverð hvernar einingar, tollskrár-númer og þá tollupphæð sem greidd hefur verið. Samrit aðflutningsskýrslna (bleik eintök) ásamt vörureikningum skulu fylgja sundurliðuninni, verði því við komið.

6. gr.

Geti skipasmíðastöð ekki framvísað tollskjölum skv. 2. mgr. 5. gr. yfir innfluttar vörur, sem notaðar hafa verið til smíði skips, skal gerð yfir þær sundurliðun á sérstökum eyðu-blöðum. Á þeim skal tilgreina heiti vörunnar, magn, kaupverð án söluskatts, tollskrárnúmer og upphæð þá sem óskast endurgreidd fyrir hverja vörutegund um sig, en hún reiknast þannig: Frá kaupverði vörunnar dragast 33%. Afgangurinn margfaldast með tollprósentu vörunnar deildri með tollprósentunni + 100. Ekki má taka með í sundurliðun notaða hluti né heldur innlendar framleiðsluvörur. Sundurliðun skulu fylgja reikningar er sýni verð einstakrar vörutegundar án söluskatts.

7. gr.

Geti ráðuneytið fallist á sundurliðun skv. 5. og 6. gr. fer fram uppgjör á þann hátt að skipasmíðastöð verða endurgreiddir tollar þeir sem hún sannanlega hefur greitt vegna skipsins, að frádregnum greiðslum þeim sem þegar hafa verið inntar af hendi, sbr. 1.- 3. tl. 3. gr.

8. gr.

Nú fer hluti smíði skips fram erlendis og skal þá samningsverð lækkað sem nemur kaupverði hins erlenda verkþáttar. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að mati ráðuneytisins getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Nú telur Siglingamálastofnun ríkisins smíði skips eða samningsgerð um það svo sérstæða að endurgreiðslur tolla verði eigi miðaðar við meðaltalsreglur 2. gr. og getur þá ráðuneytið ákveðið tollendurgreiðslur að fengnum tillögum stofnunarinnar.

Þegar skip er smíðað fyrir eigin reikning og því ekki hægt að leggja ákveðið samnings-eða söluverð til grundvallar endurgreiðslu tolla skv. 2. gr. mun ráðuneytið áætla “samnings- eða söluverð” þess að fengnum tillögum Siglingamálastofnunar ríkisins sem gerðar skulu með hliðsjón af verði sambærilegra skipa smíðuðum hér á landi.

II. KAFLI

Um endurgreiðslur vegna viðgerða og breytinga á skipum

9. gr.

Ráðuneytið endurgreiðir tolla af innfluttu efni, vélum og tækjum til viðgerða og breytinga á skipum og bátum sem eru 6 metrar að lengd eða stærr og af aðalvél í báta styttri en 6 metrar, enda sé viðgerð eða breyting samfelld og endurgreiðsla nemi minnst 20.000 kr.

Ef söluskattur er jafnframt endurgreiddur, sbr. 17. gr. 18. tl. 13. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með áorðnum breytingum eða önnur gjöld, skal heimilt að endurgreiða toll þrátt fyrir að tilskyldri lágmarksfjárhæð samkvæmt 1. mgr. sé eigi náð, enda nái samanlögð fjárhæð endurgreiðs tolls, söluskatts eða annarra gjalda þeirri lágmarksfjárhæð sem kveðið er á um í þessari grein.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt án tillits til lágmarksfjárhæðar þeirrar sem tilskilin er í 1. mgr. ef um er að ræða lífbáta sem viðurkenndir eru af Siglingamálastofnun ríkisins svo og talstöðvar um borð í skip/báta.

10. gr.

Endurgreiðslur skv. II. kafla koma aðeins til greina vegna skipa/báta sem notaðir eru í atvinnuskyni, enda uppfylli viðkomandi skip/bátur í alla staði ákvæði reglna um smíði og búnað skipa.

Ef vafi leikur á hvort skip/bátur skuli skoðast sem atvinnutæki ber eiganda að sanna með skattskýrslu að 30% nettótekna á næstliðnu skattári séu til komnar vegna reksturs skipsins/bátsins.

11. gr.

Ráðuneytið endurgreiðir toll að fullu af innfluttum vélum og tækjum svo og öðru sérinnfluttu tollskyldu efni, sbr. þó 9. gr., enda leggi umsækjandi fram samrit aðflutningsskýrslu (bleikt eintak) og vörureikning yfir viðkomandi vél eða tæki. Geti umsækjandi eigi lagt fram tilskilin

gögn samkvæmt þessari málsgrein skal heimilt að endurgreiða umsækjanda toll samkvæmt næstu málsgrein.

Af öðru innfluttu tollskyldu efni endurgreiðir ráðuneytið 4,5% af kaupverði efnis án söluskatts, sbr. þó 9. gr. Umsókn um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja frumrit reiknings er sýni kaupverð efnis þar sem söluskattur er sérstaklega tilgreindur. Hafi söluskattur eigi verið innheimtur við sölu skal reikningur bera með sér að efnivaran hafi verið keypt samkvæmt sérstöku skírteini er veitir heimild til kaupa á vörum án söluskatts. Vörureikningur skal bera með sér að efnivara sé keypt vegna tiltekinnar viðgerðar.

Með umsókn um tollendurgreiðslu samkvæmt þessari grein skal fylgja heildarreikningur er tilgreina skal eftirfarandi:

1. Innflutt tollskyld efni, samkvæmt meðfylgjandi aðflutningsskjölum.
2. Innflutt tollskyld efni, keypt af innlendum birgðum.
3. Tollfrjálst efni og innlend framleiðsla.
4. Greidd vinnulaun.
5. Annan kostnað.

12. gr.

Við endurnýjun á aðalvél í skip og báta sem eru 10 metrar og minni skal gerð nákvæm grein fyrir ástæðum vélaskipta. Endurgreiðslur koma aðeins til greina ef sýnt er að vél skipsins/bátsins er ónýt eða viðhaldskostnaður hennar það mikill að óhagkvæmt megi teljast.

13. gr.

Endurgreiðsla skv. II. kafla fer fram til skipseiganda. Þó skal heimilt að láta endur-greiðslur renna til viðgerðaraðila, enda hafi því verið lýst yfir af báðum aðilum í umsókn um endurgreiðslu, að endurgreiðsla skuli renna til viðgerðaraðila og aðflutningsskýrslur og/eða vörureikningur beri það greinilega með sér að efnivaran sé keypt vegna tiltekinnar viðgerðar.

14. gr.

Umsókn um tollendurgreiðslu samkvæmt þessum kafla skal fylgja verklýsing sem samþykkt skal af Siglingamálastofnun ríkisins enda fylgist fulltrúi hennar með verkinu frá upphafi og taki það út.

III. KAFLI Ýmis ákvæði.

15. gr.

Umsóknir um endurgreiðslur tolla samkvæmt reglum þessum skulu bornar fram á sérstökum eyðublöðum sem Siglingamálastofnun ríkisins lætur í té.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar, sem eyðublöðin gefa tilefni til, séu skilmerkilega færðar og þau jafnframt undirrituð.

Umsóknir um endurgreiðslu skulu sendar Siglingamálastofnun ríkisins og hafa borist innan árs frá því að nýsmíði, viðgerð eða breytingu lauk.

16. gr.

Skipasmíðastöð eða skipseigandi, sem fær endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum, skal tilgreina endurgreiddan toll sérstaklega í skattframtali sínu, annaðhvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í gögnum með honum, undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð og fjárhæð hennar.

17. gr.

Rangar eða villandi yfirlýsingar eða framlagning rangra eða villandi skjala í þeim tilgangi að hafa áhrif á endurgreiðslufjárhæð samkvæmt reglum þessum og fá ívilnun á tolli varðar við 63. gr. laga nr. 59 28. maí 1959 um tollheimtu og tollefirlit.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

1) Nú 126. gr. tollalaga nr. 55/1987.

18. gr.

Nú verður umsækjandi um endurgreiðslu tolla samkvæmt reglum þessum uppvís að því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, sbr. 15. gr., og getur ráðuneytið þá synjað um endurgreiðslu.

19. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum og 6. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um sama efni nr. 507 18. desember 1979 ásamt síðari breytingum.

1) Nú 16.tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987. 2) Nú 7. tl. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Úr reglum

nr. 388/1989, um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla ásamt skýringum við einstakar greinar.

1. gr.

Farandvél er tæki sem getur flutt sig úr stað með eigin aflvél. Vinnuvél er tæki, sem knúið er af aflvél og hægt er að vinna með nánar tiltekin störf.

Farandvinnuvél er tæki sem er hvort tveggja í senn farandvél og vinnuvél.

Ákvæði reglna þessara gilda um farandvinnuvélar og vinnuvélar sem skráðar eru í viðauka nr. 1.

2. gr.

Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða nýjar eða notaðar farandvinnuvélar eða vinnuvélar sem reglur þessar taka til, nema Vinnueftirlit ríkisins hafi áður gefið yfirlýsingu um að sú gerð véla fullnægi kröfum laga og reglugerða.

Sé um notaðar farandvinnuvélar að ræða, er tollafgreiðsla óheimil nema fyrir liggi heimild frá Vinnueftirliti ríkisins um hverja einstaka vél.

3. gr.

Óheimilt er að selja, afhenda eða taka í notkun farandvinnuvélar eða vinnuvélar sem reglur þessar taka til og fluttar hafa verið til landsins notaðar, nema þær hafi verið skoðaðar af Vinnueftirliti ríkisins.

4. gr.

Innflytjendum farandvinnuvéla og vinnuvéla er skylt að senda Vinnueftirliti ríkisins upplýsingar um nýjar gerðir farandvinnuvéla og vinnuvéla sem þeir hyggjast flytja til landsins.

Upplýsingar skulu vera þær sömu og um getur í 6. gr. staflaðum a-i.

Úr viðauka nr. 1.

FLOKKAR FARANDVINNUVÉLA OG VINNUVÉLA

- A Staðbundnir kranar.
Byggingarkranar á spori eða festir niður, hafnarkranar og aðrir álíka kranar stærri en 18 t m.
- B Farandkranar.
Kranar stærri en 18 tm, á hjólum og beltum, bílkranar með grindarbómu og skotbómu, og hleðslukranar. Dragskóflur flokkast með farandkrönum.
- C Brúkranar.
Brúkranar, hlaupakettir, stólpakranar og masturskranar með lyftigetu meiri en 5000 kg.
- D Hleðslukranar o. fl.
Kranar stærri en 8 t m, og allt að 18 t m, t.d. hleðslukranar á bílum og dráttarvélum, hafnarkranar og aðrir fastir kranar. Gámalyftur á festivögnum sem gerðar eru til að lyfta gámum á vagninn eða aðra vagna. Körfukranar og steypudælukranar.
- E Gröfur.
Gröfur á hjólum sem búnar eru til aksturs í umferð og aðrar gröfur á beltum og hjólum sem gerðar eru til að grafa skurði og annað álíka.
- F Ámokstursskóflur.
Ámokstursskóflur á hjólum og beltum, aðallega gerðar til að moka af sama plani og þær standa á, upp á flutningatæki.
- G Jarðýtur.
Vinnuvél á spyrnubeltum, aðallega ætluð til að slétta jarðveg ýta honum til, einnig notuð til dráttar. (Réttindi á dragsköfu fylgja réttindum á jarðýtur).
- H Vegheflar.
Vinnuvélar ætlaðar til að slétta yfirborð jarðvegs, aðallega vega.
- I Dráttarvélar með tækjabúnaði.
Dráttarvél með drif- eða vökvatengdum tækjabúnaði t.d. loftpressu eða öðrum álíka búnaði, og sérbúin dráttar- og flutningatæki í t.d. iðjuverum og á flugvöllum.
- J Lyftarar.

Samnefni fyrir vörulyftara með allt að 10 t lyftigetum miðað við uppgefna hlassmiðju. Aðallega notaðir með gaffla framan á lyftigálgunum.

Ýmsan sérbúnað er mögulegt að nota í stað gaffla, t.d. skúffu, skóflu, körfu til að lyfta fólki, sköfu og klemmur. Við gálgann getur verið snúningsbúnaður.

K Stórir lyftarar.

Samnefni fyrir lyftara með meira en 10 t lyftigetum miðað við uppgefna hlassmiðju.

L Valtarar.

Vélknúin ökutæki eða dregnar vélar sem eru notaðar til að þjappa jarðveg og slétta. Einnig notaðar til að þjappa og slétta bundið slitlag.

M Malbikunarvélar.

Vélar eða vélasamstæður til að leggja bundið slitlag á vegi, plön o. þ. h.

R Jarðborar.

Tæki gerð til jarðvegsrannsókna eða til að bora eftir jarðvarma, og borvagnar sem notaðir eru við sprengivinnu.

S Mölunar- og hörpunarsamstæður.

Vélar sem samsettar eru af brjótum, hörpum og færiböndum, gerðar til að mala og flokka fyllingarefni.

V Verkpallar.

Körfur til hífinga á fólki og til að lyfta fólki með lyftara. Hengiverkpallar gerðir fyrir málningarvinnu, húsaviðgerðir og aðra tímabundna vinnu. Lyftiverkpallar notaðir t. d. við byggingavinnu og viðgerðir.

*Úr skýringum við reglur um skráningu og skoðun
farandvinnuvéla og vinnuvéla.*

1. gr. Skilgreining á farandvinnuvélum og vinnuvélum, skv. 45. gr. laga nr. 46/1980.

2. gr. Greinin er efnislega eins og 2. mgr. 16. gr. umferðarlaga. Tilgangur með þessu ákvæði er að tryggja að ekki verði teknar í notkun vélar sem ekki fullnægja kröfum um öryggi. Hér er um einskönar „gerðarviðurkenningu“ að ræða.

3. gr. Ákvæði þessarar greinar eru efnislega þau sömu og 2. gr., en þó með þeirri undantekningu, að heimilt er að tollafgreiða notaðar farandvinnuvélar og vinnuvélar þannig að hægt sé að taka þær til viðgerðar áður en þær eru skoðaðar.

4. gr. Verði nýjar gerðir vinnuvéla fluttar til landsins, er nauðsynlegt að tryggja að þær uppfylli kröfur um öryggi. Einnig þarf að raða þeim flokk gagnvart skráningu og gjaldtöku.

Reglur

nr. 520/1991, um innflutning, framleiðslu og dreifingu leikfanga úr blýi.

1. gr.

Óheimilt er að flytja inn, framleiða eða dreifa með nokkrum hætti leikföngum úr blýi eða efnum, sem innihalda blý, s.s. í málningu eða litum, nema með leyfi Hollustuverndar ríkisins.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal bundið við nafn og einkanot umsækjanda. Umsækjandi skal vera fullra 18 ára gamall og ber hann fulla ábyrgð á að reglum þessum sé hlýtt.

3. gr.

Blýhlutirnir mega ekki fara til dreifingar, hvorki til láns, gjafa né sölu.

4. gr.

Þegar blýhlutirnir hafa lokið hlutverki sínu skal leyfishafi koma þeim í viðurkennda efnamóttöku, þannig að þeir valdi hvorki skaða á fólki né umhverfi.

5. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 16/1940 um bann gegn leikföngum úr blýi.

Reglur

nr. 627/1991, um flutning ótollafgreiddra bifreiða í ryðvarnarstöðvar.

1. gr.

Tollstjóri getur heimilað ryðvarnarstöðvum sem annast ryðvörn ótollafgreiddra bifreiða að annast vörslu þeirra fyrir hönd farmflytjanda meðan ryðvörn fer fram.

Ryðvarnarstöð sem óskar slíkrar heimildar skal senda skriflega umsókn þar að lútandi til tollstjóra í því umdæmi þar sem geymslur viðkomandi farmflytjanda eru. Beiðninni skal fylgja yfirlýsing viðkomandi farmflytjanda um að ótollafgreiddar bifreiðar sem í ryðvarnarstöðinni eru geymdar, séu þar á hans ábyrgð.

2. gr.

Þegar ryðvarnarstöð hefur fengið heimild samkvæmt 1. gr. skal litið á hana sem hluta af vöruhegrymslu þess farmflytjanda sem yfirlýsingu gaf vegna umsóknar ryðvarnarstöðvarinnar, hvað varðar geymslu ótollafgreiddra bifreiða. Farmflytjanda er heimilt að flytja ótollafgreiddar bifreiðar í slíkar ryðvarnarstöðvar án sérstaks leyfis tollstjóra, sbr. 1. mgr. 69. gr. tollalaga.

3. gr.

Um ótollafgreiddar bifreiðar sem geymdar eru í ryðvarnarstöð gilda að öðru leyti ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, m.a. um ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, vörslu og tollmeðferð aðfluttra vara, svo og önnur ákvæði laganna varðandi ótollafgreidda vöru.

4. gr.

Fari farmflytjandi eða ryðvarnarstöð eigi eftir fyrirmælum reglna þessara, eða sérstökum fyrirmælum sem kunna að hafa verið sett í einstakar heimildir samkvæmt 1. gr., getur tollstjóri svipt ryðvarnarstöðina heimildinni, tímabundið eða að fullu.

Brot á reglum þessum varða að öðru leyti viðurlögum samkvæmt ákvæðum XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 18. tölulið 6. gr. og 7. mgr. 64. gr., sbr. 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 564/1982, um ryðvörn ótollafgreiddra bifreiða. Þó skulu leyfi sem veitt hafa verið samkvæmt eldri reglum halda gildi sínu til 1. mars 1992.

Reglur

nr. 117/1994, um fyrirspurnir til tollstjóra um tollflokkun vara¹⁾.

Skilgreiningar.

1. gr.

Í reglum þessum hafa eftirfarandi orð þá merkingu sem hér segir:

Fyrirspyrjandi er hver sá sem óskar eftir upplýsingum tollstjóra um tollflokkun vöru.

Aðili er einstaklingur eða lögpersóna.

Tollstjóri er tollstjórinn í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur og sýslumenn í öðrum stjórnsýsluumdæmum.

Tollflokkun er að flokka vöru í númer samkvæmt flokkunarreglum tollskrár, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Gildissvið.

2. gr.

Reglur þessar fjalla um rétt aðila til að leita eftir og fá aðstoð og leiðbeiningar tollstjóra um hvernig flokka skuli vörur samkvæmt flokkunarreglum tollskrár.

3. gr.

Sérhver aðili getur leitað eftir upplýsingum til tollstjóra um tollflokkun.

Tollstjóra er ekki skylt að verða við beiðni ef hún er augljóslega tilefnislaus eða ef ekki reynist unnt að svara fyrirspurn vegna ófullnægjandi upplýsinga eða gagna frá fyrirspyrjanda, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. Synjun tollstjóra samkvæmt þessari málsgrein má bera undir ríkistollstjóra.

Fyrirspurn um tollflokkun.

4. gr.

Fyrirspurn um tollflokkun skal sett fram skriflega.

Ríkistollstjóri getur ákveðið að fyrirspurn sé sett fram á sérstöku eyðublaði og hvaða upplýsingar skuli þar koma fram.

Fyrirspurn skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun vöru, t.d. teikning, mynd, vörulýsing eða bæklingur, auk þess sem lagt skal fram sýnishorn af viðkomandi vöru ef nauðsyn ber til þess að mati tollstjóra.

Telji tollstjóri að fyrirspurn hafi ekki að geyma fullnægjandi upplýsingar eða henni fylgi ekki nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun, skal fyrirspyrjanda tilkynnt að ekki sé unnt að taka afstöðu til fyrirspurnarinnar og hvaða upplýsingar eða gögn vanti.

Svarfrestur.

5. gr.

Tollstjóri skal svara fyrirspurn skriflega svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en 30 dögum frá því að hún berst.

Hafi viðbótarupplýsinga eða gagna verið þörf samkvæmt 4. mgr. 4. gr., skal frestur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar talinn frá því að fyrirspyrjandi lagði fram upplýsingar eða gögn sem á skorti.

Sending svars.

6. gr.

Tollstjóri skal senda ríkistollstjóra afrit af svari við fyrirspurn samkvæmt reglum þessum.

Ríkistollstjóri skal framsenda afrit af svari til ríkisskattstjóra ef upplýsingar um tollflokkun hafa sérstakt gildi fyrir skattfyrvöld.

Hafi fyrirspurn verið lögð fram af hálfu skattfyrvalda og upplýsingar um tollflokkun varða innlenda aðila sérstaklega, skal viðkomandi skattfyrvald framsenda þeim afrit af svari.

Réttaráhrif svars tollstjóra við fyrirspurn um tollflokkun.

7. gr.

Svar tollstjóra samkvæmt reglum þessum er leiðbeinandi fyrir fyrirspyrjanda og aðra þá, sem niðurstaða um tollflokkun kann að varða.

Svar við fyrirspurn skal ekki talið hafa efnisleg áhrif á rétt eða skyldu fyrirspyrjanda ef til ágreinings kemur síðar á milli hans og töllyfirvalda eða annarra stjórnvalda (t.d. skattfyrvalda) vegna gjaldskyldu sem bundin er tilteknum tollskránum.

Hafi reglur um tollflokkun breyst eða telji tollstjóri, ríkistollstjóri eða önnur stjórnvöld að upplýsingar sem gefnar hafa verið um tollflokkun samkvæmt reglum þessum séu rangar, hafa þær ekki gildi að lögum.

8. gr.

Tollstjóri skal afturkalla svar um tollflokkun og veita leiðréttar upplýsingar ef í ljós kemur að niðurstaða var röng.

Úrskurðarvald og kæruleiðir.

9. gr.

Rísi ágreiningur um tollflokkun þegar gjaldskylda er bundin tollskránum, sbr. 2. mgr. 6. gr., fer um úrskurðarvald eftir því sem við getur átt eftir ákvæðum þeirra laga og fyrirmæla samkvæmt þeim, sem gjaldskylda er byggð á, sbr. t.d. tollalög nr. 55/1987, með síðari

breytingum, lög um vörugjald nr. 97/1987, með síðari breytingum, lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum og lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993.

Gildistaka.

10. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

1) Þessar reglur eiga ekki við um bindandi upplýsingar tollstjóra um tollflokkun, sbr. 21. gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum.

Reglur

nr. 487/1994, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning ökutækja til sýningar, sbr. auglýsingar nr. 308/1997 og 370/1998 um breytingu á þeim.

Gildissvið.

1. gr.

Með reglum þessum er heimilað að aðilar sem um ræðir í 2. gr. flytji ökutæki án greiðslu aðflutningsgjalda sbr. 1. gr. tollalaga, nr. 55/1987, á athafnasvæði sín og annist þar geymslu þeirra og vörslu. Leyfið er bundið við skráningarskyld ökutæki sem ætluð eru fyrsts og fremst til sýningar og kynningar á nýjum ökutækjum.

Ökutæki mega vera í vörslu leyfishafa samkvæmt reglum þessum í allt að sex mánuði en endanleg tollafgreiðsla skal þó fara fram innan árs frá komudegi flutningsfars til landsins.

Leyfishafar.

2. gr.

Leyfi samkvæmt reglum þessum má veita bifreiðaumboðum og öðrum, sem hafa hér á landi umboð fyrir skráningarskyld ökutæki og stunda sölu þeirra í atvinnuskyni.

Umboðsaðilar skulu hafa verslunarleyfi, sbr. lög um verslunaratvinnu nr. 41/1968, með síðari breytingum, og hafa tilkynnt starfsemi sína til Hagstofu Íslands, sbr. lög um fyrirtækjaskrá nr. 62/1969, með síðari breytingum, og til skattstjóra, sbr. 5. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Umsókn um leyfi og leyfisveiting.

3. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, veita almennt leyfi samkvæmt reglum þessum. Leyfisveiting er háð því skilyrði að viðkomandi sé ekki í vanskilum við ríkissjóð.

Þeir sem óska eftir leyfi skulu sækja um það skriflega til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem þeir eiga lögheimili. Í umsókn skal m.a. koma fram hvar ökutækin verði geymd og höfð til sýningar á athafnasvæði umboðsaðila og hvernig vörslu þeirra verði hagað. Tollstjóri getur óskað þeirra upplýsinga frá umsækjanda sem hann telur þörf á vegna afgreiðslu umsóknar.

Sé athafnasvæði umboðsaðila í fleiri tollumdæmum skal tollstjóri sem leyfið veitir hafa samráð við tollstjóra í viðkomandi tollumdæmi.

Telji tollstjóri skilyrði uppfyllt gefur hann út staðfestingu til handa umboðsaðila á því að hann hafi heimild samkvæmt reglum þessum. Getur hann sett sérstök skilyrði fyrir heimildinni, m.a. að tryggð sé örugg varsla ökutækjanna.

Ríkistollstjóra skal sent afrit af leyfum sem tollstjórar veita samkvæmt þessari grein.

Ábyrgðir vegna aðflutningsgjalda.

4. gr.

Ríkissjóði skal sett trygging fyrir lögboðnum aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum og kostnaði vegna ökutækja, sem flutt eru á athafnasvæði leyfishafa til sýningar samkvæmt reglum þessum.

Trygging samkvæmt 1. mgr. skal vera í formi skuldaviðurkenninga sem hér segir:

- a. umboðsaðili gefi út skuldaviðurkenningu sem miðist við fjárhæð aðflutningsgjalda viðkomandi ökutækja að viðbættum 25% eða
- b. umboðsaðili gefi út almenna skuldaviðurkenningu að tiltekinni fjárhæð er taki til ökutækja í vörslu umboðsaðila á gildistíma ábyrgðarinnar. Aðflutningsgjöld sem almenn skuldaviðurkenning tekur til mega á hverjum tíma að hámarki nema 80% fjárhæðar ábyrgðar.

Skuldaviðurkenningum samkvæmt 2. mgr. skal fylgja yfirlýsing banka, sparisjóðs eða tryggingar- eða ábyrgðarfélags um að tekin sé skilyrðislaus sjálfskuldarábyrgð á þeim. Víkja má frá kröfu um sjálfskuldarábyrgð, samkvæmt þessari grein að því tilskildu að innflytjandi hafi leyfi til einfaldari tollmeðferðar samkvæmt reglum nr. 510/1990, um einfaldari tollmeðferð á vörum, og hafi haft verslunarleyfi í a.m.k. þrjá mánuði.

Tollmeðferð.

5. gr.

Umboðsaðili skal afhenda tollstjóra aðflutningsskýrslu og önnur tollskjöl um ökutæki áður en hann tekur þau til sýningar, sbr. reglugerð nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra.

Ríkistollstjóri setur nánari fyrirmæli um skýrslugerð og tilkynningar til tollstjóra vegna flutnings ökutækjanna á athafnasvæði umboðsaðila eða vegna ráðstöfunar þeirra að loknum sýningartíma.

Ýmis ákvæði.

6. gr.

Ökutæki sem tekin eru til sýningar skulu fá fullnaðartollafgreiðslu áður en umboðsaðili afhendir þau úr sínum vörslum til ráðstöfunar innanlands eða leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings fellur úr gildi.

Tollstjóra er heimilt að falla frá innheimtu aðflutningsgjalda af ökutækjum sem reglur þessar taka til ef þau eru endursend eða endurseld til útlanda, enda sé eftir því sem við getur átt, fullnægt skilyrðum 2. - 3. mgr. 1. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 545/1990, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda, vöntunar eða endursölu til útlanda o.fl.

7. gr.

Umboðsaðili annast flutning ökutækja á sýningarsvæði frá geymslusvæði flutningsaðila eða annarra, sem annast geymslu ótollafgreiddra ökutækja. Frá því að hann veitir ökutækjum viðtöku til flutnings og geymslu ber hann ábyrgð á þeim með sama hætti og gildir um ábyrgð aðila sem annast vörslu ótollafgreiddra vara, sbr. VII. kafla tollalaga nr. 55/1987.

[...]¹)

1) Sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 370/1998.

9. gr.

Tollstjóri getur án fyrirvara svipt umboðsaðila leyfi samkvæmt 3. gr. ef hann vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglum þessum, fullnægir ekki lengur skilyrðum reglnanna, er í vanskilum við ríkissjóð eða hefur af öðrum ástæðum fyrirgert rétti til leyfis að mati tollstjóra. Ákvörðun tollstjóra um sviptingu leyfis skal vera rökstudd.

10. gr.

Framkvæmd samkvæmt reglum þessum fer að öðru leyti eftir ákvæðum tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

11. gr.

Misnotkun leyfis sem veitt hefur verið samkvæmt reglum þessum getur m.a. varðað við XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987.

Um meðferð mála vegna brota á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

12. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. tl. 1. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Reglur

nr. 685/1995, um ökutæki varnarliðs Bandaríkjanna.

1. gr.

Stjórn varnarliðs Bandaríkjanna annast skráningu ökutækja í eigu varnarliðsins. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli heldur skrá um ökutæki varnarliðsins samkvæmt gögnum frá stjórn þess.

Ökutæki varnarliðsins skulu auðkennd skráningarmerkjum af gerð C skv. 7. gr. reglu-gerðar um skráningu ökutækja nr. 523 15. desember 1988, sbr. reglugerð nr. 476, 29. desember 1992. Á skráningarmerki skal þó hvorki vera upplýft brún né flötur fyrir skoðunarmiða og á það skal ekki greypt verksmiðjunúmer. Grunnur skráningarmerkis skal vera hvítur en stafir svartir. Bókstafir skulu vera VL og tölustafir fjórir.

Stjórn varnarliðsins annast um að búnaður ökutækja í eigu varnarliðsins sé í lögmæltu ástandi. Ökutækin eru undanþegin váttryggingarskyldu.

2. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. annast skráningu ökutækja í einkaeign varnarliðsmanna og fer um skráningu þeirra samkvæmt almennum reglum um skráningu ökutækja. Tilkynningu um eigendaskipti að ökutækjum þessum skal þó afhenda sýslumanninum á Keflavíkurlflugvelli.

Skráningarmerki ökutækja varnarliðsmanna skulu vera af gerð A, B eða D skv. 7. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja í stað upplyfts flatar fyrir skjaldarmerki sveitarfélags eða sýslu, skal vera uppfylltur tígullaga flötur sem á skal festa sérstakt skjaldarmerki varnarsvæðisins á Keflavíkurlflugvelli.

Ökutæki í einkaeign varnarliðsmanna er háð sömu reglum og önnur ökutæki að því er varðar gerð og búnað, skoðun og váttryggingu.

3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt falla úr gildi reglur um ökutæki varnarliðs Bandaríkjanna, nr. 568 30. desember 1988.

Ökutæki sem skráð hafa verið fyrir gildistöku reglna þessara mega þó áfram bera skráningarmerki af eldri gerð, enda séu merkin heil og vel læsileg.

4. gr.

Reglur þessar eru settar í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið með vísun til laga um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, nr. 110 19. desember 1951, laga um yfirstjórn mála á varnarsvæðun-um o.fl. nr. 106 17. desember 1954, og umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987.

Úr reglum

nr. 358/1996, um birgðabókhald o.fl. vegna sérstakrar skráningar skv. 11. gr. reglugerðar um vörugjald nr. 356/1996.

1. gr.

Aðilar sem flytja inn eða kaupa innanlands til heildsölu vörugjaldsskyldar vörur skv. lögum um vörugjald nr. 97/1987, með síðari breytingum, geta fengið sérstaka skráningu hjá skattstjóra sem heimilar uppgjör á vörugjaldi miðað við breytingar á birgðastöðu á uppgjörstímabili eða við sölu á magngjaldsskyldum vörum.

Þeir sem óska eftir sérstakri skráningu skulu sækja um hana til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

2. gr.

Í umsókn um sérstaka skráningu skv. reglum þessum skal m.a. gera grein fyrir birgða-stöðu vörugjaldsskyldra vara á þeim degi sem henni er skilað til skattstjóra og tilgreina sérstaklega hvort vörurnar eða hluti þeirra hefur verið keyptur innanlands eða fluttur til landsins með eða án

greiðslu vörugjalds. Ef aðili flytur til landsins eða kaupir innanlands vörugjaldsskyldar vörur bæði sem aðföng til framleiðslu og til endursölu skal hann gera grein fyrir hvaða vörur eru notaðar til framleiðslu og hverjar eru keyptar til endursölu. Jafnframt skal fylgja umsókn ítarleg lýsing á birgðabókhalda umsækjanda. Aðili skal undirrita yfirlýsingu um að hann hafi kynnt sér ákvæði reglna þessara og uppfylli þau samkvæmt bestu vitund.

Skattstjóri skal að undangenginni athugun á umsókn aðila gefa út staðfestingu um að skráning hafi átt sér stað.

3. gr.

Aðili sem fengið hefur sérstaka skráningu skv. 2. gr. skal halda sérstakt birgðabókhald með þeim hætti að skattyfirvöld geti hvenær sem er og án fyrirvara kannað með talningu á birgðum og athugun á birgðabókhalda hvort uppgjör og skil á vörugjaldi hafi verið réttilega gerð.

Unnt skal vera að rekja sérhver innkaup frá innflutningsgögnum og innkaupareikningum til færslu í birgðabókhalda.

Aðgreina skal allar vörutegundir sem ekki eru samkynja og ekki bera sama vörugjald og tilgreina á birgðareikningi hvernar tegundar gjaldstofn og reiknað vörugjald.

Koma skal fram á aðgengilegan hátt annars vegar gjaldskyld ráðstöfun birgða vegna sölu innanlands til óskráðra aðila, eigin úttektar og rýrnunar, og hins vegar gjaldfrjáls ráðstöfun vegna útflutnings, sölu til aðila sem fengið hafa skráningu skv. 5. gr. vörugjaldslaga og sölu án gjalds gegn framvísun vörugjaldsskírteina.

Úr reglum

nr. 464/2000 um litmerkibyssur.

9. gr.

Innflutningur.

Enginn má flytja inn litmerkibyssur í atvinnuskyni nema með leyfi ríkislögreglustjórans. Leyfi til að flytja inn litmerkibyssur verður því aðeins gefið út að umsækjandi sé fyrirtæki eða félagasamtök með virðisaukaskattsnúmer og tilgreindan ábyrgðarmann sem hefur skotvopnaleyfi.

Aðeins er heimilt að veita innflutningsleyfi fyrir litmerkibyssum þeim sem hafa starfsleyfi til að versla með skotvopn og skotfæri auk viðurkenndra félaga sem hafa litboltaleik að markmiði.

Einstaklingum er óheimill innflutningur á litmerkibyssum til eigin nota.

Sækja skal um leyfi fyrir hverri sendingu til ríkislögreglustjórans þar sem pöntun er sundurliðuð. Fram þarf að koma nafn innflytjanda, kennitala hans, heimilisfang og símanúmer. Einnig þarf að tilgreina útflytjanda og heimilisfang auk áætlunar um flutningsleið og komudag sendingar.

Óheimilt er að tollafgreiða litmerkibyssu nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu innflutningsleyfi ríkislögreglustjórans og áritaðan vörureikning, sem lögreglustjóri hefur samþykkt til innflutnings.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í d-lið 3. gr. vopnalaga nr. 16 25. mars 1998, taka þegar gildi.

Reglur

nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um tilkynningarskyldu vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um undanþágur frá þeirri skyldu og um leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða er ætluð til persónulegra nota fellur utan gildissviðs reglna þessara. Sama á við um vinnslu sem fram fer í tengslum við rannsókn eða könnun þar sem skráðar upplýsingar eru hvorki merktar með persónuauðkennum, númerum né öðrum rekjanlegum auðkennum.

Um tilkynningarskyldu lögreglu fer samkvæmt reglugerð nr. 794/2000 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

2. gr.

Tilkynningarskylda.

Ábyrgðaraðili skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 skal tilkynna Persónuvernd um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga sem hann framkvæmir eða fer fram á hans vegum. Hann ber að lögum ábyrgð á því að vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt hagað í samræmi við efni tilkynningar til Persónuverndar og lög nr. 77/2000. Senda skal tilkynningu í upphafi fyrstu vinnslu en ekki í hvert skipti sem hún fer fram.

Verði breytingar á tilkynntri vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar öðrum eða gerðar tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, eða þær notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda Persónuvernd nýja tilkynningu þannig að stofnunin hafi á hverjum tíma réttar upplýsingar um vinnsluna.

3. gr.

Form og efni tilkynninga.

Tilkynningu til Persónuverndar má koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði, sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu Persónuverndar.

Í tilkynningu skal tilgreina öll þau atriði sem greinir í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 77/2000. Þar skal og koma fram hvort um sé að ræða nýja tilkynningu eða tilkynningu um breytingu á vinnslu. Sé um að ræða tilkynningu um breytingu skal tilgreina númer eldri tilkynningar. Í tilkynningu skal og tilgreina kennitölu ábyrgðaraðila. Verði vinnsla falin vinnsluaðila, í heild eða að hluta til, skal og tilgreina kennitölu hans og skyldur hans samkvæmt samningi hans og ábyrgðaraðila.

4. gr.

Hvenær er heimilt að hefja vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að hún byggist á 8. eða 9. gr. laga nr. 77/2000. Það ræðst af því hvort vinnsla er leyfisskyld eða tilkynningarskyld hvenær heimilt er að hefja hana.

Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar skriflegt leyfi Persónuverndar er komið til ábyrgðaraðila.

Heimilt er að hefja tilkynningarskylda vinnslu þegar ábyrgðaraðila hefur borist staðfesting frá Persónuvernd um móttöku tilkynningarinnar. Honum er þó ávallt heimilt að hefja vinnslu þegar liðnir eru 15 dagar frá því að hann sendi tilkynninguna. Honum er hins vegar óheimilt að hefja vinnslu hafi honum, innan umrædds frests, borist tilmæli Persónuverndar þess efnis. Persónuvernd getur hvenær sem er stöðvað vinnslu sem hún telur vera ólögmetta eða sett skilmála fyrir því að henni megi halda áfram, sbr. 40. og 35. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnslu persónuupplýsinga, sem hvorki er tilkynningarskyld né leyfisskyld, má hefja hvenær sem er.

5. gr.

Undanþágur frá tilkynningarskyldu almennra persónuupplýsinga.

Ekki er skylt að tilkynna um vinnslu almennra persónuupplýsinga sem:

1. Er eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og tekur einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.
2. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum.
3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.
4. Aðeins felst í vinnslu persónuupplýsinga sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.
5. Telst til rafrænnar vöktunar, sem eingöngu fer fram í öryggis- og eignavörsluskyni, enda hafi skilyrðum laga um fræðslu og viðvaranir verið fullnægt sem og gildandi sérreglum um framkvæmd slíkrar vöktunar.
6. Er að öllu leyti handunnin.

Undanþágur frá tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. gilda ekki um rafræna vinnslu:

1. Persónuupplýsinga um hegðun og mat á árangri einstaklinga, s.s. um einkunnir nemenda og frammistöðu starfsmanna.
2. Persónuupplýsinga sem fram fer í þeim tilgangi að fella einstaklinga inn í tiltekið persónusnið, skv. 23. gr. laga nr. 77/2000.
3. Sem felur í sér flutning ódulkóðaðra persónuupplýsinga úr landi.

6. gr.

Tilkynningarskyld vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga.

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, sem ekki er leyfisskyld skv. 7. gr., er tilkynningarskyld.

7. gr.

Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga.

Óheimilt er að hefja eftirtalda vinnslu persónuupplýsinga fyrr en fyrir liggur skriflegt leyfi Persónuverndar, sem hún veitir að fenginni umsókn frá ábyrgðaraðila. Þetta á við um:

1. Vinnslu sem felst í samkeyrslu skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slík samkeyrsla er þó ekki leyfisskyld byggja hún á fyrirmælum laga eða ef einvörðungu eru samkeyrðar upplýsingar úr þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer. Sama á við ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila eða samkeyrslan byggist á upplýstu samþykki.
2. Vinnslu sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar sem unnið er með erfðaeftni manns. Þetta á þó ekki við ef aðeins er unnið með hluta af erfðaeftni þannig að það verði ekki rakið til tiltekins manns.
3. Vinnslu upplýsinga um refsiverðan verknað manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hins skráða.
4. Söfnun og miðlun persónuupplýsinga um fjárhagsstöðu og lánstraust einstaklinga.
5. Vinnslu upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífssatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hinna skráðu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er slík vinnsla persónuupplýsinga ekki leyfisskyld, byggja hún á fyrirmælum laga.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 31., 32. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.¹⁾ Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 90/2001 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

1) Reglurnar voru gefnar út og tóku gildi 31. ágúst 2004.

Reglur

nr. 382/2007 um samsetningu, framleiðslueiginleika og merkingu á kristallsgleri.

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja vörutegundir sem flokkast í vörulið 7013 samkvæmt tollskrá. Reglurnar kveða á um þá skyldu að merkja og greina efni í borð-, skrifstofu-, bað- eða eldhúsbúnaði úr gleri og í glervörum til innanhússkreytinga eða áþekkra nota.

Undanþága.

2. gr.

Reglur þessar gilda ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Samsetning, framleiðslueiginleikar og merking.

3. gr.

Einungis er heimilt að markaðssetja og auglýsa vörur sem um getur í 1. gr. ef upplýsingar um samsetningu, framleiðslueiginleika og merking vörunnar er með þeim hætti sem tilgreint er í viðauka I við reglur þessar.

Óheimilt er að nota heitin í dálki b í viðauka I í viðskiptum með vörutegundir sem ekki hafa einkenni sem tilgreind eru í dálkum d til g í sama viðauka. Einungis vörur sem reglur þessar taka til og uppfylla kröfur samkvæmt viðauka I má merkja með þeim táknum sem sýnd eru í dálkum h og i í sama viðauka. Heiti og auðkennistákn, sem eru sýnd í viðauka I, má birta á einum og sama merkimiða.

4. gr.

Ef vara, sem reglur þessar taka til, ber heiti sem talið er upp í dálki b í viðauka I, má einnig merkja hana með samsvarandi auðkennistákni, eins og sýnt er og lýst í dálkum h og i í sama viðauka.

Þegar vörumerki, heiti fyrirtækis eða önnur áletrun felur í sér, hvort heldur sem er meginefni, einkunn eða stofn eða heiti sem birt er í dálkum b og c í viðauka I, eða heiti sem rugla má saman við þau heiti, skal á undan téðu vörumerki, heiti eða áletrun skráð með áberandi lettri;

- a) skilgreiningu vörunnar, hafi varan þá eiginleika sem tilgreindir eru í dálkum d til g í viðauka I;
- b) nákvæma umsögn um eðli vörunnar, hafi varan ekki þá eiginleika sem greindir eru í dálkum d til g í viðauka I.

Greiningaraðferð.

5. gr.

Nota skal þær aðferðir sem mælt er fyrir um í viðauka II þegar sannprófa á að vara, sem ber heiti sbr. dálk b og auðkennistákn sbr. dálka h og i í viðauka I, hafi einkenni samsvarandi þeim, sem tilgreind eru í dálkum d til g í sama viðauka.

Viðurlög.

6. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum skv. 22. og 26. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Gildistaka.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og öðlast gildi við birtingu og koma í stað reglna nr. 309/1998 sem falla jafnframt úr gildi.

Með reglunum er Ísland að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES).*

VIÐAUKAR
(sjá PDF-skjal)

Úr reglum

nr. 1159/2008 um innkaup, vöruval, heildsölu og dreifingu tóbaks og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Hlutverk.

Hlutverk reglnanna er að ákveða og skýra vöruval ÁTVR með hliðsjón af ákvæðum laga og eftirspurn kaupenda og tryggja framleiðendum og birgjum möguleika á því að koma vörum í sölu í vínbúðum skv. ákvæðum reglugerðar nr. 883/2005 og í samræmi við heildar-stefnu ÁTVR.

Reglur þessar eru settar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 883/2005 um Áfengis- og tóbaks-verslun ríkisins og fyrirmælum laga nr. 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf með síðari breytingum og fyrirmælum laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.

Í reglunum er útfærð stefna fyrirtækisins um samfélagslega ábyrgð sem miðar að því að draga úr neyslu tóbaks með ábyrgri vörumeðhöndlun og stýringu vöru inn á markaðinn.

...

6.7 Tollafgreiðsla og afhending.

ÁTVR er einni heimilt að selja tóbak innanlands í heildsölu. Allt innflutt tóbak sem ætlað er til aðvinnslu eða sölu innanlands skal geymt í vörslu farmflytjanda, í tollvöruheimsölu eða á frísvæði þar til ÁTVR óskar eftir því til heildsöludreifingar. Vörsluhöfum tóbaks er óheimilt að afhenda öðrum en starfsmönnum ÁTVR innflutt tóbak. Vörsluhöfum tóbaks er óheimilt að afhenda ÁTVR innflutt tóbak fyrr en að fenginni afhendingarheimild tollstjóra. ÁTVR skal senda farmflytjendum og forstöðumönnum tollvöruheimsölna og frísvæða skrá með nöfnum þeirra starfsmanna sem hafa heimild til þess að veita tóbaki viðtöku.

...

6.9 Kornastærð.

ÁTVR kaupir ekki fínkornótt neftóbak og ekki munntóbak, að undanskildu skrotóbaki, sbr. reglugerð nr. 325/2007.

6.10 Tjörumagn.

Vindlingur má ekki gefa frá sér meira magn tjöru en 10 mg, 1 mg af nikótíni og 10 mg af kolsýringi, sbr. reglugerð nr. 236/2003.

8. Gildistaka.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 796/2002, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar.

...

Með vísan til 23. gr. reglugerðar nr. 883/2005, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, eru reglur þessar hér með staðfestar og öðlast þegar gildi

Reglur

nr. 680/2009 um sakaskrá ríkisins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkissaksóknari heldur tölvufærða sakaskrá fyrir allt landið og nefnist hún: Sakaskrá ríkisins.

2. gr.

Tilgangur sakaskrár er:

- a. að skrá niðurstöður sakamála til notkunar við rannsókn og meðferð sakamála,
- b. að gefa út sakavottorð og veita upplýsingar úr skránni eftir því sem mælt er fyrir um í III. til VI. kafla,
- c. að vera grundvöllur sakfræðilegra rannsókna og til úrvinnslu á tölfræðilegum upplýsingum um sakamál.

II. KAFLI

Færsla í sakaskrá.

3. gr.

Í sakaskrá skal færa upplýsingar um sakamál á hendur einstaklingi eða lögaðila þegar máli er lokið með:

- a. dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni,
- b. dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á öðrum lögum, að frátöldum umferðarlögum, þegar ákveðin er fangelsisrefsing, ákvörðun refsingar er frestað eða ákveðin er réttinda- eða leyfissvipting eða dæmd er sekt 50.000 krónur eða hærrí,

- c. lögreglustjórásátt í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni,
- d. dómi, viðurlagaákvörðun eða lögreglustjórásátt í máli vegna brots á umferðar-lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim þegar sekt er 100.000 krónur eða hærri eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar eða brot varðar akstur sviptur ökurétti,
- e. lögreglustjórásátt eða sektargerð tollstjóra í máli vegna brots á öðrum lögum þegar sekt er 50.000 krónur eða hærri eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfis-sviptingar,
- f. ákærufrestun og þegar fallið er frá saksókn.

Einnig skal færa upplýsingar um mál í sakaskrá þegar niðurstaða þess hefur samkvæmt lögum ítrekunaráhrif á síðara brot.

Sýknudóma skal ekki færa í sakaskrá nema sýkna byggist á 15. gr. almennra hegningar-laga. Þó skal færa í sakaskrá sýknudóma sem áfrýjað er.

4. gr.

Í sakaskrá skal færa sömu eða sambærilegar upplýsingar og greinir í 3. gr. í málum þar sem íslenskir ríkisborgarar eða erlendir menn búsettir hér á landi hafa verið dæmdir til viðurlaga erlendis eða undirgengist viðurlög hjá erlendum stjórnvöldum, enda berist sakaskrá upplýsingar um slíkar niðurstöður.

Með sama hætti skal skrá erlendar ákvarðanir um viðurlög þegar fullnusta þeirra fer fram hér á landi.

5. gr.

Í sakaskrá skal einnig færa upplýsingar um:

- a. uppgjöf sakar í málum, sem lokið hefur verið fyrir dómstólum,
- b. uppreist æru,
- c. náðun og breytingar á skilorðstíma,
- d. reynslulausn og breytingar á skilorðstíma,
- e. ákvörðun um að afplána skuli refsingu eða eftirstöðvar refsingar sem gefin hefur verið eftir með skilorðsbundinni náðun eða reynslulausn,
- f. áfrýjun mála sem færð eru í sakaskrá,
- g. lok afplánunar fangelsisrefsingar,
- h. úrlausn um niðurfellingu öryggisráðstafana skv. VII. kafla almennra hegningar-laga,
- i. endurveitingu réttinda, sem sakborningur hefur verið sviptur,
- j. aðrar breytingar á niðurstöðum sem getið er í 3. gr.

6. gr.

Hafi dómi verið áfrýjað til Hæstaréttar og sakborningur er þar sýknaður skal afmá úr saka-skrá niðurstöður héraðsdóms. Sama gildir þegar Hæstiréttur ónýtir ákvörðun um viðurlög sem sakborningur hefur undirgengist skv. 163. gr. laga um meðferð sakamála, vísar máli frá héraðs-dómi eða ómerkir málsmeðferð héraðsdóms.

Þegar mál, sem lokið hefur verið að sakborningi fjarstöddum, er endurupptekið og dæmt skal héraðsdómur tilkynna sakaskrá um þann dóm og skal þá afmá úr sakaskrá fyrri innfærslu um niðurstöðu máls.

Þegar ríkissaksóknari fellir úr gildi ákvörðun um viðurlög sem sakborningur hefur undir-gengist samkvæmt boði lögreglustjóra eða tollstjóra afmáir hann jafnframt við-komandi ákvörðun úr sakaskrá hafi hún verið skráð þar.

7. gr.

Héraðsdómstólar, lögreglustjórar og tollstjóri tilkynna um niðurstöður í málum sem lokið er hjá þeim og færa skal í sakaskrá.

Ríkissaksóknari sér um að niðurstöður Hæstaréttar, ákærufrestanir sem hann afgreiðir og mál skv. 4. gr. verði færð.

Dómsmálaráðuneytið og Fangelsismálastofnun ríkisins tilkynna um þau atriði sem færa ber skv. 5. gr.

Tilkynningar til sakaskrár skulu vera skriflegar og ákveður ríkissaksóknari að öðru leyti form þeirra.

III. KAFLI

Upplýsingar úr sakaskrá til hins skráða.

8. gr.

Gefa skal út sakavottorð handa þeim sem þess óskar um hann sjálfan. Sakavottorð handa þeim sem er yngri en 18 ára skal þó aðeins láta í té að fyrir liggja samþykki þess sem fer með forsjá viðkomandi.

Í sakavottorði samkvæmt þessum kafla skal einungis tilgreina upplýsingar um brot á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni með eftirgreindum takmörkunum:

- a. niðurstöður máls skv. 3. gr. aðrar en fangelsisdóma skal ekki tilgreina ef liðin eru 3 ár frá því máli var lokið,
- b. fangelsisdómur skal ekki tilgreindur ef liðin eru 5 ár frá dómsuppkvaðningu eða frá því dómþoli var látinn laus hafi hann aflánað refsingu,
- c. ráðstafanir skv. 62.-67. gr. almennra hegningarlaga skal ekki tilgreina ef liðin eru 5 ár frá því ráðstöfun var felld niður.

Ríkissaksóknari getur í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá tímamörkum sem tilgreind eru í 2. mgr.

Sakavottorð samkvæmt þessum kafla skal hafa að geyma upplýsingar um hvað tilgreina ber á vottorði skv. 2. mgr.

9. gr.

Beiðni um útgáfu sakavottorðs samkvæmt þessum kafla skal beina til lögreglustjóra eða til sýslumanns í þeim umdæmum þar sem sýslumaður fer ekki með lögreglustjórn og skal hún vera skrifleg og undirrituð eða með rafrænum hætti.

Sakavottorð verður ekki látið í té nema sá, sem eftir því leitar, sanni með framvísun fullnægjandi persónuskilríkja að vottorð varði hann. Óski annar en maður sjálfur eftir sakavottorði skal tryggt að viðkomandi hafi heimild til að veita því viðtöku.

IV. KAFLI

Upplýsingar úr sakaskrá til yfirvalda.

10. gr.

Auk þess sem ríkissaksóknari gefur út sakavottorð til eigin afnota skulu vottorð gefin út til eftirtalinna samkvæmt beiðni:

- a. dómstóla,
- b. dómsmálaráðuneytisins,
- c. umboðsmanns Alþingis,
- d. lögreglustjóra, þ.m.t. ríkislögreglustjórans,
- e. Fangelsismálastofnunar,
- f. Útlendingastofnunar.

Ríkissaksóknari gefur út sakavottorð til erlendra yfirvalda vegna rannsóknar og með-ferðar sakamáls eða vegna öflunar ríkisfangs eða ökuréttinda.

Ríkissaksóknari getur veitt lögreglustjóra og ríkislögreglustjóranum heimild til rafrænnar fyrirspurnar í sakaskrá og til útgáfu sakavottorðs samkvæmt þessum kafla að uppfylltum nánari skilyrðum samkvæmt VII. kafla.

11. gr.

Í sakavottorði samkvæmt þessum kafla skal ekki tilgreina þær upplýsingar sem skráðar hafa verið um viðkomandi einstakling eða lögaðila þegar 10 ár eru liðin frá síðustu af eftirtöldum tímamörkum:

- a. lokum afplánunar fangelsisrefsingar,
- b. lokum reynslutíma reynslulausnar,
- c. uppkvaðningu úrskurðar um niðurfellingu ráðstöfunar skv. 62.-67. gr. almennra hegningarlaga,
- d. lokum réttindasviptingar eða endurveitingu réttinda,
- e. uppkvaðningu endanlegs dóms eða dagsetningu ákvörðunar sem ekki fellur undir a-d lið.

Hafi viðkomandi hlotið tvo eða fleiri fangelsisdóma ber að færa þá alla í sakavottorð þótt aðeins einn þeirra sé innan þeirra tímamarka sem getur í 1. mgr. Ríkissaksóknari getur einnig ákveðið í sérstökum tilvikum að í sakavottorði séu upplýsingar um niðurstöður eldri mála.

12. gr.

Ríkissaksóknari getur ákveðið að aðrir opinberir aðilar en þeir sem greinir í 10. gr. fái afhent sakavottorð eða ákveðnar upplýsingar úr sakaskrá, enda hafi þeir lögvarða hags-muni af að fá slíkar upplýsingar.

13. gr.

Beiðni um sakavottorð samkvæmt þessum kafla skal vera skrifleg en ríkissaksóknari getur fallist á að þeir sem taldir eru í 10. gr. setji fram beiðni með rafrænum hætti.

V. KAFLI

Upplýsingar úr sakaskrá til einkaaðila.

14. gr.

Upplýsingar úr sakaskrá má ekki veita einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum einka-aðilum, nema það leiði af 15. eða 16. gr. eða fyrir því sé heimild í lögum.

15. gr.

Ríkissaksóknari getur veitt einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum ákveðnar upplýsingar úr sakaskrá, enda sé það gert til þess að mögulegt verði að gæta lögvarinna hagsmuna sem greinilega eru ríkari en þeir hagsmunir sem felast í að halda upp-lýs-ing-unum leyndum.

VI. KAFLI

Upplýsingar til notkunar í vísindalegu skyni.

16. gr.

Upplýsingar úr sakaskrá má veita samkvæmt tilteknum skilyrðum þegar þær eru nauðsyn-legal til vísindalegra eða tölfræðilegra rannsókna sem hafa verulega þýðingu.

VII. KAFLI

Öryggisreglur.

17. gr.

Ríkissaksóknari ákveður hverjir hafa aðgang að sakaskrá og gefur út persónulegt og leynilegt auðkennisorð sem viðkomandi verður að nota til að geta tengst skránni. Auð-kennis-orð skulu endurnýjuð ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Auðkennisorð skulu ekki vera lesanleg á skjá. Í hvert sinn sem sá, sem aðgang hefur að sakaskrá, vísar frá skjá, skulu gerðar þær ráðstafanir, að áframhaldandi aðgangur krefjist þess að auðkennisorð sé skráð á ný.

18. gr.

Aðgangur að sakaskrá er þessi:

- a. að gera fyrirspurn,
- b. að prenta út sakavottorð og upplýsingar,
- d. að skrá upplýsingar,
- e. að leiðrétta og breyta skráðum upplýsingum og að afmá skráðar upplýsingar.

Þegar auðkennisorð er gefið út skal jafnframt ákveðið hvers konar aðgang viðkomandi hefur að sakaskránni.

19. gr.

Í lok hvers vinnudags skal taka öryggisafrit af sakaskránni og það varðveitt í læstri eld-traustri hirslu.

Ekki sjaldnar en með fjögurra vikna millibili skal taka öryggisafrit af sakaskránni og það varðveitt í læstri hirslu í öðru húsnæði en þar sem sakaskráin er varðveitt.

20. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 225. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og öðlast gildi 15. ágúst 2009.¹⁾

1) Sjá reglugerð nr. 701/2009 um brottfall reglugerðar um sakaskrá ríkisins nr. 569/1999 með síðari breytingum.

Reglur

nr. 141/2010 um farmvernd.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið farmverndar.

Markmið farmverndarráðstafana samkvæmt reglum þessum er að hindra að hvers kyns hættuleg efni, vopn og tæki sem nota má til að ógna mönnum, skipum eða höfnum, og ekki hefur verið veitt sérstök heimild til flutnings á, komist inn á haftasvæði eða um borð í flutningsfar. Farmverndar-ráðstafanir skulu tryggja með áhrifaríkum hætti vernd farms frá hleðslustað að geymslusvæði og á haftasvæði.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglum þessum merkir:

Farmvernd: Forvarnir til að vernda farm gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmetum aðgerðum.

Farmverndaráætlun: Upplýsingar farmverndaraðila um öryggisráðstafanir vegna framkvæmdar á farmvernd.

Farmur: Sérhver vörusending sem skráð er á farmskrá.

Farmverndarfulltrúi: Starfsmaður vottaðra farmverndaraðila (t.d. útflytjenda, farmflytjenda og flutningsmiðlara) sem fengið hefur viðurkenningu tollstjóra til að gegna nánar tilgreindu hlutverki gagnvart farmvernd.

Farmverndarinnsigli: Sérstakt innsigli er tollstjóri lætur framleiða til notkunar vegna innsiglnar gáma til útflutnings.

Farmverndaryfirlýsing: Yfirlýsing farmverndarfulltrúa um innihald farms o.fl. á sérstöku eyðublaði sem tollstjóri lætur í té. Eintak af skjali þessu skal fylgja vöru að skipshlið.

Hafnarsvæði: Svæði hafnar sem skilgreint er samkvæmt reglum viðkomandi hafnar.

Hafnaraðstaða: Eitt eða fleiri svæði (port facility) innan hvers hafnarsvæðis samkvæmt skilgreiningu Siglingastofnunar. Hafnaraðstaða getur jafnframt verið haftasvæði.

Haftasvæði: Eitt eða fleiri svæði innan hafnaraðstöðu. Haftasvæði getur jafnframt eftir atvikum verið hafnaraðstaða. Haftasvæði getur verið innan hafnaraðstöðu eða fyrir utan tiltekna hafnar-aðstöðu en innan hafnarsvæðis.

Verndarfulltrúi: Sá einstaklingur sem viðurkenndur er af Siglingastofnun og falin er gerð, framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar.

Vottaður farmverndaraðili: Aðili sem hefur verið viðurkenndur af tollstjóra sem ábyrgðaraðili fyrir hleðslu farms samkvæmt reglum þessum.

3. gr.

Stjórn og framkvæmd farmverndar.

Tollstjóri fer með framkvæmd farmverndar samkvæmt reglum þessum.

Tollstjóri sér um að leiðbeina og upplýsa útflytjendur, flutningsmiðlara, farmflytjendur og önnur fyrirtæki og hafnaryfirvöld um gerð áhættumats, verndaráætlanir og aðrar aðgerðir vegna farmverndar. Hann sér um rekstur tölvuvædds farmverndarkerfis vegna farmverndaráætlana, farmverndaryfirlýsinga og annarra gagna vegna farmverndar og ákveður gerð farmverndarinnsigla og útgáfu farmverndareyðublaða.

Tollstjóri vottar útflytjendur, flutningsmiðlara, farmflytjendur og önnur fyrirtæki sem farmverndaraðila vegna farmverndar.

Tollstjóri annast fræðslu starfsfólks tollstjóra er kemur að farmvernd auk annarra aðila eftir því sem við á.

Tollstjóri annast framkvæmd farmverndarráðstafana samkvæmt þessum reglum, þ.m.t. eftirlit með farmi sem flytja á úr landi.

4. gr.

Aðgangur tollstjóra.

Tollstjóri hefur aðgang að öllum gögnum og upplýsingum í starfsstöðvum vottaðra farmverndaraðila er varða farmvernd og að þeim svæðum þar sem meðferð vöru til útflutnings fer fram.

5. gr.

Upplýsingaskylda.

Tollgæslan skal fá upplýsingar um alla vöru, m.a. aðgang að útflutningsfarmskrá og útflutnings-skýrslum, svo tímanlega að skoðun verði við komið, áður en hún er sett inn á haftasvæðið.

Tollgæslan skal hafa aðgang að eftirlitskerfum og upplýsingum er kerfin hafa vistað.

Tollgæslan getur hafnað að farið sé með vöru á haftasvæði, t.d. ef upplýsingar skortir.

Verndarfulltrúar hafna og farmverndarfulltrúar farmverndaraðila skulu veita tolyfjörvöldum allar þær upplýsingar er varða farmvernd sem þeir komast að í störfum sínum.

II. KAFLI

Farmvernd og aðstaða á hafnarsvæðum.

6. gr.

Farmvernd á haftasvæðum.

Í hverri útflutningshöfn skal vera afgirt eða afmarkað haftasvæði fyrir vörur til útflutnings.

Hafnaraðstaða og/eða haftasvæði skal vera aðgangsstýrt og vaktað sjónrænt eða með myndavélum eða annarri tækni eftir aðstæðum. Hliðvarsla skal viðhöfð inn á haftasvæði þar sem við á og viðhafa skal eftirlit innan svæðis, m.a. með umferð fólks og farartækja, aðgangsheimildum og með farmi þannig að tryggt sé að ekki sé átt við þá vöru sem þar er geymd frá því að skoðun hennar lauk og þar til hún er færð um borð í skip.

Tollstjóri getur heimilað, telji hann slíkt fullnægjandi, að viðhöfð sé sýnileg afmörkun haftasvæðis fyrir farm ef haftasvæðið er innan hafnaraðstöðu eða haftasvæðið er jafnframt hafnaraðstaða samkvæmt reglum Siglingastofnunar. Þetta á einkum við sé hafnaraðstaða lítil, umferð lítil um eða við svæðið eða fáar skipakomur, enda sé tryggð vöktun, aðgangsstýring, gæsla og eftirlit með svæð-inu.

Farm, sem ekki fylgir lögmæt farmverndaryfirlýsing, má ekki geyma á haftasvæði. Gám sem hefur ekki verið innsiglaður með farmverndarinnsgli má ekki flytja inn á haftasvæði.

Haftasvæði sem eru ekki innan hafnaraðstöðu skulu afgirt samkvæmt reglum Siglingastofnunar og þeirra vandlega gætt á meðan útflutningsvara er á svæðunum. Haftasvæði skal að öðru leyti full-nægja þeim skilyrðum sem tollstjóri setur.

Tollstjóri annast eftirlit með svæðunum og að reglum sé fylgt.

7. gr.

Aðstaða til farmverndareftirlits.

Í útflutningshöfn skal vera aðstaða fyrir tollgæslu til skoðunar á vörum sem ætlaðar eru til útflutnings áður en þær fara á haftasvæði.

Skoðunaraðstaðan skal vera þannig að þar sé nægjanlegt athafnasvæði til vöruskoðunar og annarra eftirlitsstarfa ásamt tækjum og útbúnaði til þeirra starfa. Enn fremur skal svo um búíð að óviðkomandi eigi ekki aðgang að skoðunaraðstöðu á meðan skoðun fer fram.

III. KAFLI

Vottun aðila o.fl.

8. gr.

Vottaðir farmverndaraðilar.

Tollstjóra er heimilt að viðurkenna eftirtalda sem farmverndaraðila vegna farmverndar við hleðslu og flutning farms:

- a. Aðila sem stunda útflutningsverslun, framleiðslu eða viðgerðapjónustu í atvinnuskyni og flytja út vörur með reglubundnum hætti.
- b. Flutningsaðila og flutningsmiðlara.
- c. Aðila sem annast um útflutning, frágang, pökkun og hleðslu vöru.

Vottaðir farmverndaraðilar skulu fá úthlutað sérstöku heimildarnúmeri.

Tollstjóri skal halda skrá yfir vottaða farmverndaraðila.

Flutningsmiðlara og farmflytjendur má votta til að koma fram gagnvart tollstjóra með tilliti til farmverndar þannig að þeir geti tekið að sér farmvernd fyrir hönd útflytjenda vöru.

9. gr.

Skilyrði fyrir vottun farmverndaraðila.

Tollstjóri vottar farmverndaraðila, sbr. 1. mgr. 8. gr., að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

- a. Þeir hafi tilskilin leyfi eða skráningu til viðkomandi atvinnustarfsemi, svo sem skráða verslun, sbr. lög nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, iðnaðarleyfi, sbr. iðnaðarlög nr. 42/1978, vinnsluleyfi, sbr. lög nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða eða önnur leyfi eða skráningu sem krafist er.
- b. Þeir hafi tilkynnt ríkisskattstjóra um atvinnustarfsemi sína og hafi verið færðir á fyrirtækja-skrá, sbr. lög nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá.
- c. Þeir hafi tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisauka-skatt.
- d. Þeir hafi á að skipa starfsliði sem hefur til að bera fullnægjandi þekkingu á lögum um siglingavernd og reglum um farmvernd auk þjálfunar um öryggisþætti vegna starfa þeirra.

Vottuðum farmverndaraðilum, sbr. a. lið 1. mgr. 8. gr., og farmverndarfulltrúum þeirra er hvorki heimilt að votta útflutning hjá öðrum aðilum né afhenda öðrum úthlutuð farmverndarinnsigli.

10. gr.

Umsókn um vottun.

Sækja skal skriflega til tollstjóra um vottun farmverndaraðila og viðurkenningu þeirra starfsmanna umsækjanda sem óskað er að gegni starfi farmverndarfulltrúa.

Rafrænt form umsóknar skal skilmerkilega útfyllt af forráðamanni eða framkvæmdastjóra umsækjanda eins og texti reita segir til um og umsóknin send rafrænt á vefsíðu tollstjóra. Jafnframt skal umsóknin prentuð út og undirrituð af forráðamanni eða framkvæmdastjóra umsækjanda og send tollstjóra. Verði umsókn samþykkt fær umsækjandi það staðfest í tölvupósti frá tollstjóra.

Í umsókn skal m.a. veita upplýsingar um eftirfarandi atriði vegna útflutnings fyrirtækisins:

- a. Tegund atvinnustarfsemi fyrirtækis.
- b. Vörusvið útflutnings.
- c. Viðskiptalönd, sem útflutningur er sendur til.
- d. Fjölda útfluttra gáma síðustu 24 mánuði og áætlaðan fjölda á komandi 12 mánuðum frá dagsetningu umsóknar.
- e. Upplýsingar um tilnefnda farmverndarfulltrúa.

Vegna ábyrgðar þeirrar sem hvílir á umsækjanda er skylt að tilkynna tollstjóra þegar í stað um allar breytingar sem verða á upplýsingum sem veittar eru í umsókninni.

Tilkynning um nýja farmverndarfulltrúa, sem hann tilnefnir, skal send rafrænt til tollstjóra. Verði farmverndarfulltrúi samþykktur, fær umsækjandi það staðfest í tölvupósti frá tollstjóra.

Tollstjóri getur krafist ítarlegra upplýsinga um tilnefnda farmverndarfulltrúa, t.d. sakavottorðs eða upplýsinga um starfsferil.

11. gr.

Farmverndaráætlun.

Þegar fyrirtæki hefur starfsemi sem viðurkenndur farmverndaraðili, ber forráðamanni að gera grein fyrir almennum öryggisráðstöfunum vegna farmverndar. Í farmverndaráætlun skal veita upplýsingar um öryggisatriði, sem snerta framkvæmd farmverndar hjá fyrirtækinu. Rafrænt form og efni farmverndaráætlunar, sem tollstjóri ákveður, skal skilmerkilega útfyllt af forráðamanni eða framkvæmdastjóra umsækjanda eins og texti reita segir til um. Farmverndaráætlun skal skilað innan þess frests sem tollstjóri ákveður.

12. gr.

Afturköllun.

Tollstjóri getur afturkallað vottun farmverndaraðila ef skilyrði 9. gr. eru ekki lengur uppfyllt eða hann vanrækir gróflega skyldur sínar varðandi framkvæmd farmverndarráðstafana.

IV. KAFLI

Farmverndaryfirlýsing og innsigli.

13. gr.

Farmverndaryfirlýsing.

Með hverjum útfluttum vörugámi og lausafarmi skal fylgja farmverndaryfirlýsing. Sameina má fleiri en einn tóman gám á eina farmverndaryfirlýsingu. Farmverndaraðili skal senda farmverndar-yfirlýsingu með rafrænum hætti til tollstjóra.

Form farmverndaryfirlýsingar er ákveðið af tollstjóra. Á farmverndaryfirlýsingu skal skráð nafn leyfishafa, innihald gáms, leyfisnúmer og númer innsiglis. Á farmverndaryfirlýsingunni skal einnig koma fram hvenær vöru var hlaðið í gám eða á annan hátt til flutnings og hver er farmverndar-fulltrúi. Einnig skal koma fram útgáfudagur farmverndaryfirlýsingar af hálfu farmverndarfulltrúa, móttökudagur farmflytjanda eða verndarfulltrúa hafnar ásamt skráningar-númeri flutningatækis í innanlandsflutningi eða flutningstækis sem flutt verður úr landi ásamt viðkomandi gámi og önnur atriði eftir því sem form farmverndaryfirlýsingar gefur tilefni til.

Afrit farmverndaryfirlýsingar skulu að lokinni útskipun varðveitt í a.m.k. þrjá mánuði hjá verndarfulltrúum hafna eða hjá farmflytjendum er þeir vísa til.

14. gr.

Farmverndarinnsigli.

Allir vörugámar sem hlaðnir eru hér á landi til útflutnings skulu vera innsiglaðir. Ekki er þó þörf á að innsigla tóma gáma. Þegar gámur er hlaðinn skal farmverndaraðili innsigla gáminn á yfirfellda hurð hans. Innsiglaður gámur ásamt farmverndaryfirlýsingu er afhent flutningsaðila.

Tollstjóri ákveður gerð farmverndarinnsigla, sem m.a. eru með bláan efri helming og bera hlaupandi númer á eftir skammstöfuninni IS-SCS, t.d. IS-SCS - 121212.

Viðurkenndir farmverndaraðilar fá innsigli afhent hjá tollstjóra gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá tollstjóra.

Aðilar sem hafa fengið afhent farmverndarinnsigli hjá tollstjóra skulu varðveita þau með öruggum hætti og gæta þess að þau tynist ekki eða misfarið sé með þau. Ef rjúfa þarf innsigli eða það skemmist skal það tilkynnt tollstjóra svo fljótt sem við verður komið. Skemmd eða rofin innsigli skulu varðveitt og síðan afhent tollstjóra. Þau innsigli skulu jafnframt skráð með viðeigandi athugasemd. Glatist eða ónýtist innsigli skal þegar tilkynna það tollstjóra.

V. KAFLI

Meðferð farms.

15. gr.

Innsiglaðir hlaðnir gámar.

Farmflytjandi skal skrá númer farmverndarinnsiglis og gámanúmer í farmskrá og farmbréf er fylgir hlöðnum gámnum á endastöð erlendis.

Þegar farmverndarfulltrúi útflytjanda hefur afhent verndarfulltrúa hafnar eða farmverndarfulltrúa farmflytjanda hlaðinn eða tóman vörugám ásamt farmverndaryfirlýsingu telst ábyrgð send-ingarinnar vera í höndum verndarfulltrúa eða farmflytjanda eftir atvikum.

16. gr.

Óinnsiglaðir hlaðnir gámar.

Ekki má flytja hlaðinn vörugám óinnsiglaðan inn á haftasvæði farmflytjanda eða hafnar.

Komi vörugámur hlaðinn en óinnsiglaður á útflutningsstað skal verndarfulltrúi hafnarinnar eða fulltrúi farmflytjanda sjá til þess að hann sé ekki settur á haftasvæði viðkomandi hafnar og jafnframt tilkynna það tollstjóra sem tekur ákvörðun um framhald málsins.

17. gr.

Flutningur innsiglaðs gáms á haftasvæði.

Vörugámur sem hefur verið innsiglaður með farmverndarinnsgli skal tafarlaust fluttur á hafta-svæði viðkomandi hafnar.

18. gr.

Vörugæmslur.

Útflutningsvörur sem geymdar eru á geymslusvæðum farmflytjenda og bíða þess að verða fluttar úr landi skulu aðskildar frá öðrum vörum í geymslum eins og kostur er.

Þegar kemur til hleðslu á vörugámi skal farmverndaraðili hafa eftirlit með hleðslunni og ganga síðan frá gámnum á sama hátt og segir í 13. og 14. gr.

19. gr.

Útflytjendur heimilismuna og aðrir er ekki hafa hlotið vottun.

Útflutningsaðilar sem ekki hafa hlotið vottun geta snúið sér til farmverndaraðila, skv. b- og c-lið 1. mgr. 8. gr., með væntanlegan útflutning til að uppfylla skilyrði farmverndar.

20. gr.

Reglur um vöru sem lestuð er með færibaldi eða dælum.

Farmverndarfulltrúi farmverndaraðila skal staðfesta á farmverndaryfirlýsingu að við lestun fari ekki annað um borð en sú vara er kemur fram á farmverndaryfirlýsingunni. Heimildarnúmer farmverndaraðila skal skrá í farmskrá og/eða farmbréf.

Lestunarsvæði, svæðið milli skips og lands þar sem tengingar eiga sér stað ásamt dælubúnaði og stjórnstöð, skal vera haftasvæði meðan á lestun stendur. Hæfilegt svæði, að mati tollstjóra, umhverfis lestunarbúnað skal vera haftasvæði.

21. gr.

Farmur sem ekið er að skipshlið í sekkjum, stykkjum eða lausu.

Farmverndarfulltrúi farmverndaraðila skal staðfesta með farmverndaryfirlýsingu að við lestun fari ekki annað um borð en sú vara er fram kemur á farmverndaryfirlýsingunni. Heimildarnúmer farmverndaraðila skal skrá í farmskrá og/eða farmbréf.

Áður en lestun eða flutningur hefst skal farmverndarfulltrúi farmverndaraðila leggja fram lista yfir skráningarnúmer þeirra ökutækja sem notuð verða til flutnings ásamt nafni og kennitölu öku-manns. Verndarfulltrúi hafnar eða farmflytjandi skal staðfesta móttöku vörunnar. Hæfilegt svæði, að mati tollstjóra, umhverfis lestunarbúnað skal vera haftasvæði.

22. gr.

Ferjustöðvar.

Á ferjustöðvum skal farið með farm samkvæmt reglum þessum.

VI. KAFLI

Viðurlög.

23. gr.

Viðurlög.

Brot á reglum þessum getur varðað fangelsi eða sektum samkvæmt lögum um siglingavernd nr. 50/2004, með síðari breytingum.

VII. KAFLI

Gildistaka og önnur ákvæði.

24. gr.

Öryggiseftirlit með farþegum og áhöfnum.

Tollstjóra er heimilt að taka að sér öryggiseftirlit í höfnum, þ.m.t. með farþegum og áhöfnum skipa, samkvæmt sérstöku samkomulagi við hafnaryfirvöld á hverjum stað.

25. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 9. mgr. 4. gr. og 7. gr. laga um siglingavernd nr. 50/2004, sbr. lög nr. 18/2007 um breyting á þeim, og 10. tölul. 1. mgr. 195. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 7. gr. laga nr. 167/2008 um breyting á þeim, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 929/2008 um sama efni.

Reglur

nr. 295/2010 um heiti og merkingu textílvara, sbr. reglugerð nr. 829/2010.

1. gr.

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og ákvörðunar sameiginlegu EESnefndarinnar nr. 59/2009 frá 29. maí 2009 skal tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB frá 14. janúar 2009 um textílheiti (endurútfegin) öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun I og öðrum ákvæðum samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum.

[2.gr.

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og ákvörðunar sameiginlegu EESnefndarinnar nr. 82/2010 frá 2. júlí 2010 skal tilskipun framkvæmda-stjórnarinnar 2009/121/EB um breytingu á I. og V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB um textílheiti í því skyni að laga þá að tækniframförum öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun I og öðrum ákvæðum samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum.]¹⁾

Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 829/2010.

[3. gr.]¹⁾

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem vísað er til í 1. gr., eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í 16. árgangi, hefti nr. 47 (3. september 2009), bls. 10). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglum þessum.

Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [829/2010](#).

[4. gr.]¹⁾

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 22. og 26. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [829/2010](#).

5. gr.]¹⁾

Reglur þessar, sem innleiða framangreinda tilskipun 2008/121/EB og eru settar með heimild í 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 380/2007, um heiti og merkingu textílværa.

Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. [829/2010](#).

Fylgiskjal.
(sjá pdf-skjal)

Úr fylgiskjal:

1. gr.

1. Einungis er heimilt að markaðssetja textílvörur innan Bandalagsins meðan á vinnslu stendur eða áður en hún hefst og á öllum stigum dreifingar séu þær í samræmi við ákvæði tilskipunar þessarar.
2. Reglugerð þessi gildir ekki um textílvörur sem:
 - a) ætlaðar eru til útflutnings til þriðju landa,
 - b) eru fluttar með gegnumflutningi um aðildarríki undir eftirliti tollyfirvalda,
 - c) eru fluttar inn frá þriðju löndum til aðvinnslu,
 - d) samið er um afhendingu á til heimavinnandi fólks eða sjálfstæðra fyrirtækja sem vinna úr aðfengnum efnunum án þess að eignaréttur, sem í þeim felst, sé yfirfærður gegn greiðslu.

Úr reglum nr. [370/2010](#) um gjaldeyrismál, sbr. auglýsingu nr. [843/2010](#).

1. gr.

Markmið.

Markmið reglna þessara er að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast til og frá landinu sem valda að mati Seðlabanka Íslands alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

2. gr.

Fjármagnshreyfingar.

Í reglum þessum merkir fjármagnshreyfing á milli landa yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa og yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli innlendra og erlendra aðila.

Allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 87/1992, á milli landa í erlendum gjaldeyri, eru óheimilar nema um sé að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega eru undanþegnar í reglum þessum. Jafnframt er einstaklingi, sem er erlendur aðili, heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. á almanaksárinu, ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna eigin framfærslu.

Allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 87/1992, á milli landa í innlendum gjaldeyri, eru óheimilar. Undanþegnar banni 1. másl. þessarar málsgreinar eru fjármagnshreyfingar:

1. sem sérstaklega eru undanþegnar í reglum þessum og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi,
2. vegna vöru- og þjónustuviðskipta, önnur en þau sem falla undir 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 87/1992, og greiðsla fer fram í reiðufé eða með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi,
3. vegna fasteignaviðskipta hér á landi og viðskipta með fjármálagerninga sem útgefnir eru í innlendum gjaldeyri, og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi,
4. vegna greiðslu á kröfum úr þrotabúi og greiðslu sammingskrafna samkvæmt nauðasamningi sbr. lög nr. 21/1991 og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

3. gr.

Gjaldeyrisviðskipti.

Gjaldeyrisviðskipti á milli innlendra og erlendra aðila þar sem innlendir gjaldeyrir er hluti af viðskiptunum eru óheimil.

Innlendum aðila er óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, þegar greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri, nema hann sýni fram á að notkun fjárins sé vegna vöru- og þjónustuviðskipta eða vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 11. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. er erlendum aðila heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. Þá er einstaklingi, sem er erlendur aðili, heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, þar sem hann er með viðskipti sín, vegna fjármagnshreyfinga fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. á

almanaksárinu ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna eigin framfærslu. Jafnframt er erlendum aðila heimilt að kaupa innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Einstaklingur, sem er innlendur aðili, hefur heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, þar sem hann er með viðskipti sín, fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna ferðalaga erlendis. Þá hefur einstaklingur, sem er erlendur aðili og staddur hér á landi tímabundið vegna ferðalaga, heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna ferðalaga erlendis.

Fjármálafyrirtæki hér á landi getur sótt um undanþágu frá 4. mgr., sem heimilar útibúi fjármálafyrirtækisins sé heimilt að selja einstaklingi, sem er innlendur aðili en ekki með viðskipti sín hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki, erlendan gjaldeyri fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna ferðalaga erlendis. Listi verður birtur á vefsíðu Seðlabanka Íslands yfir þá aðila sem fá undanþágu á þessum grundvelli.

4. gr.

Úttektir af reikningum í erlendum gjaldeyri í reiðufé.

Innlendum aðila er heimilt að taka út af erlendum gjaldeyrisreikningi hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna ferðalaga erlendis.

Óheimilt er að flytja út erlendan gjaldeyri í reiðufé umfram jafnvirði 350.000 kr. hjá hverjum aðila í hverjum almanaksmánuði.

...

12. gr.

Skilaskylda á erlendum gjaldeyri.

Öllum erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar eignast, þ.m.t. fyrir seldar vörur og þjónustu, skal skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan tveggja vikna frá því að gjaldeyririnn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Takist skilaskylda ekki innan ofangreinds frests skal skýringum komið á framfæri við fjármálafyrirtæki. Skilaskylda samkvæmt 1. másl. er uppfyllt þegar erlendur gjaldeyri er varðveittur á gjaldeyrisreikningi hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Skilaskylda nær ekki til innlendra aðila sem hafa búsetu erlendis vegna starfs eða náms.

...

17. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 87/1992, með síðari breytingum og öðlast gildi 30. apríl 2010. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 880/2009 um gjaldeyrisráðgjafi. Reglur þessar skulu endurskoðaðar innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Úr auglýsingu

nr. 23/1970, um tollasamning um A.T.A. ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir.

Fylgiskjal.

TOLLASAMNINGUR

um A.T.A. ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir (A.T.A. samningur)

I. KAFLI

Skýrgreiningar og löggilding.

1. gr.

Í samningi þessum:

- a) þýðir hugtakið „innflutningstollar“ tolla og hverskonar önnur gjöld og skatta, sem greiða ber við eða í sambandi við innflutning, þ.á.m. innlend gjöld og kvaðir, sem greiða ber af innfluttum vörum, en taka ekki til gjalda og álaga, sem að upphæð eru takmörkuð við kostnað af veittri þjónustu og fela ekki í sér óbeina vernd innlendra vara eða álög á innflutning í fjáröflunarskygni;
- b) þýðir hugtakið „innflutningur um stundarsakir“ tollfrjálsan innflutning um stundarsakir í samræmi við skilyrði þau, sem sett eru samkvæmt samningum þeim, er vitnað er til í 3. gr. samnings þessa eða í lögum og reglugerðum innflutningslandsins;
- c) þýðir hugtakið „gegnumflutningur“ flutning á vörum frá tollstöð á landssvæði samningsríkis til annarrar tollstöðvar á sama landssvæði, samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum eða reglugerðum þess samningsríkis;
- d) þýðir hugtakið „A.T.A.“ „ábyrgðarskjöl“ (Admission Temporaire-Temporary Admission) skjal það, sem prentað er sem fylgiskjal samnings þessa;
- e) þýðir hugtakið „útgáfusamtök“ samtök löggilt af tollyfirvöldum samningsríkis til að gefa út A.T.A. ábyrgðarskjöl á landssvæði þess samningsríkis;
- f) þýðir hugtakið „ábyrgðarsamtök“ samtök, sem löggilt eru af tollyfirvöldum samningsríkis til að ábyrgjast fjárhæðir þær, er nefndar eru í 6. gr. samnings þessa á landssvæði þess samningsríkis;

- g) Þýðir hugtakið „Ráðið“ stofnun þá sem byggist á Samningi um Tollasamvinnuráð, er gerður var í Brüssel hinn 15. desember 1950;
- h) Þýðir hugtakið „einstaklingur“ bæði einstaklinga og persónur að lögum, nema annað leiði af samhengi.

2. gr.

Löggildingu útgáfusamtaka eins og gert er ráð fyrir í (e) málsgrein 1. greinar þessa samnings, má binda því skilyrði að verð A.T.A. ábyrgðarskjala verði í samræmi við kostnað af veittri þjónustu.

II. KAFLI

Gildissvið.

3. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal veita A.T.A. ábyrgðarskjölum viðtöku í stað gildandi tollskjala, og sem tryggingu fyrir þeim fjárhæðum, sem 6. grein þessa samnings getur um. Skal ábyrgðarskjalið hafa gildi á landssvæði samningsaðila og vera gefið út og notað í samræmi við ákvæði þessa samnings um vörur, sem fluttar eru inn um stundarsakir samkvæmt:
 - a) tollasamningi um innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum, gerður í Brüssel 8. júní 1961,
 - b) tollasamningi varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynninga eða notkunar á sýningum, vörusýningum, fundum og við önnur svipuð tækifæri, gerður í Brüssel 8. júní 1961.
 svo framarlega sem ríkið er aðili að þessum samningum.
2. Sérhvert samningsríki má einnig veita viðtöku A.T.A. ábyrgðarskjölum, sem gefin eru út og notuð samkvæmt sömu skilmálum til innflutnings á vörum um stundarsakir, samkvæmt alþjóðasamningum um tímabundinn innflutning eða samkvæmt tímabundnum innflutningsheimildum, sem hafa stoð í lögum og reglugerðum landsins sem flytur inn.
3. Sérhver samningsaðili má veita viðtöku A.T.A. ábyrgðarskjölum við gegnumflutning, sem eru útgefin og notuð með sömu skilmálum.
4. Óheimilt er að gefa út A.T.A. ábyrgðarskjal yfir vörur, sem ætlaðar eru til frekari vinnslu eða viðgerðar.

III. KAFLI

Útgáfa og notkun A.T.A. ábyrgðarskjala.

4. gr.

1. Óheimilt er útgáfusamtökum að gefa út A.T.A. ábyrgðarskjöl með lengri gildistíma en eitt ár frá útgáfudegi. Á kápu A.T.A. ábyrgðarskjalsins skal skýrt tekið fram í hvaða löndum skjalið hefur gildi og nöfn samsvarandi ábyrgðarsamtaka.
2. Þegar A.T.A. ábyrgðarskjal hefur verið gefið út, er óheimilt að bæta nýjum vöruheitum við vöruupptalningu á bakhlið kápusíðu ábyrgðarskjalsins eða á hvers konar framhaldsblaðsíðu, sem hefur verið skeytt við. (Almennur listi).

5. gr.

Ekki má tilgreina lengri tíma, en gildistíma A.T.A. ábyrgðarskjalsins við ákvörðun um hvenær endursending skal eiga sér stað á vörum, sem fluttar hafa verið inn samkvæmt skilmálum A.T.A. ábyrgðarskjalsins.

IV. KAFLI

Ábyrgðarsamtök auglýsingaefni.

6. gr.

1. Sérhver ábyrgðarsamtök skulu skuldbinda sig til að greiða tollyfirvöldum í því landi, þar sem þau eru stofnsett, þá upphæð, sem jafngildir tollgjöldum og hverskonar öðrum fjárhæðum, verði um vanefndir á þeim skilmálum, sem settir eru við innflutning um stundarsakir, eða við gegnumflutning á þeim vörum, sem innfluttar eru, samkvæmt A.T.A. ábyrgðarskjali gefnu út af samsvarandi útgáfusamtökum. Ábyrgðarsamtökin skulu bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn með þeim aðilum, sem skulda nefndar greiðslur.
2. Ábyrgð ábyrgðarsamtaka skal ekki nema hærri fjárhæð en tollgjöld að viðbættum tíu prósentum.
3. Þegar tollyfirvöld innflutningslandsins hafa án skilyrða gefið eftir ábyrgðarkröfu A.T.A. ábyrgðarskjals um vissar vörur, þá geta þessi yfirvöld ekki haldið sér að ábyrgðarsamtökunum með greiðslu samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar. Þrátt fyrir þetta má hafa uppi kröfu gagnvart ábyrgðarsamtökum, ef leitt er í ljós, að eftirgjöf á ábyrgð A.T.A. skjalsins var fengin með ósæmilegum eða sviksamlegum hætti, eða eigi hafi verið fylgt þeim skilyrðum, sem innflutningur um stundarsakir eða gegnumflutningur leyfði.
4. Tollyfirvöld skulu ekki undir nokkrum kringumstæðum, krefja ábyrgðarsamtökin um greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem vísað er til í 1. málsgrein þessarar greinar, ef krafa hefur ekki verið höfð uppi gagnvart ábyrgðarsamtökunum innan árs, frá þeim degi sem ábyrgðarskjalið féll úr gildi.

V. KAFLI

Fullnæging á skuldbindingu samkvæmt A.T.A. ábyrgðarskjali.

7. gr.

1. Frá þeim degi, sem tollyfirvöld setja fram kröfu um greiðslu á fjárupphæðum samkvæmt 1. málsgrein 6. greinar þessa samnings, skulu ábyrgðarsamtökin fá sex mánaða frest, til þess að leggja fram sönnun um endursendingu á vörum samkvæmt skilmálum þessa samnings, eða að einhvers konar önnur lögleg afgreiðsla á A.T.A. ábyrgðarskjalinu hafi átt sér stað.
2. Ef slík sönnun fæst ekki innan frestsins, sem veittur er, skulu ábyrgðarsamtökin leggja fram fjárhæðina til geymslu eða sem bráðabirgðagreiðslu. Þetta geymslufé eða bráðabirgðagreiðsla verður að endanlegri greiðslu þremur mánuðum frá þeim degi, sem fjárhæðin er sett í geymslu eða greidd til bráðabirgða. Á meðan seinni fresturinn er eigi útrunninn geta ábyrgðarsamtökin enn lagt fram sannanir samkvæmt fyrri málsgreininni, til þess að fá endurgreitt geymsluféð eða bráðabirgðagreiðsluna.
3. Greiðslur í samræmi við ákvæði síðustu málsgreinar, skulu taldar endanlegar í þeim löndum, þar sem lög og reglugerðir heimila ekki að tollgjöld séu sett í geymslu eða greidd til bráðabirgða. Fjárhæðin skal þó endurgreidd, ef sönnun samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar fæst innan þriggja mánaða frá greiðsludegi.

8. gr.

1. Sönnun um endursendingu vara, sem fluttar eru inn samkvæmt ákvæðum A.T.A. ábyrgðarskjals, skal fengin með endursendingarvottorði, sem útfyllt er í ábyrgðarskjalinu af tollyfirvöldum þess lands, sem vörurnar eru fluttar inn í um stundarsakir.
2. Ef endursending vara hefur ekki verið staðfest í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, geta tollyfirvöld innflutningslandsins, jafnvel þótt gildistími ábyrgðarskjalsins, hafi nú þegar runnið út, veitt viðtöku, sem sönnun um endursendingu vara:
 - a) upplýsingum, sem tollyfirvöld annars samningsaðila hafa skráð í ábyrgðarskjalið við innflutning eða endursendingu eða samkvæmt vottorði gefið út af þessum yfirvöldum og byggt er á þeim upplýsingum, sem skráðar eru á fylgiskjal, sem tekið hefur verið úr ábyrgðarskjalinu við innflutning eða endurflutning í land þeirra, með því skilyrði að upplýsingarnar fjalli sannanlega um innflutning eða endurinnflutning, sem hafi átt sér stað á eftir endursendingu þeirri, sem ætlunin er að sanna.
 - b) hverskonar skjalfastri sönnun um að vörurnar séu ekki lengur í landinu.
3. Í hverju því tilfalli, sem tollyfirvöld samningsaðila falla frá skilyrðum um endursendingu ákveðinna vara, sem fluttar eru inn í land þeirra samkvæmt ákvæðum A.T.A. ábyrgðarskjala, skulu ábyrgðarsamtökin aðeins losna undan skuldbindingum sínum, þegar þessi yfirvöld hafa vottfest í ábyrgðarskjalinu að skilmálum um þessar vörur hafi verið fullnægt.

9. gr.

Tollyfirvöld skulu hafa heimild til að taka sérstaka fyrirgreiðsluþóknun í þeim tilvikum, sem greint er frá í 2. málsgrein 8. greinar þessa samnings.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Vottorð tollyfirvalda á A.T.A. ábyrgðarskjöl, sem notuð eru samkvæmt þeim skilmálum sem þessi samningur felur í sér, hafa ekki í för með sér afgreiðsluþóknun til tollyfirvalda ef þau eru gefin út á venjulegum afgreiðslutíma tollskrifstofa og stöðvar.

11. gr.

Í því tilviki, að A.T.A. ábyrgðarskjal eyðileggist, tynist eða er stolið á meðan vörurnar, sem skjalið nær til, eru í landi eins samningsaðila, skulu tollyfirvöld þess samningsaðila veita viðtöku, samkvæmt beiðni útgáfusamtaka og í samræmi við skilyrði, sem slík yfirvöld kunna að setja, öðru skjali, sem fellur úr gildi þann sama dag og A.T.A. ábyrgðarskjalið, sem það kemur í staðinn fyrir.

12. gr.

1. Þegar ekki er hægt að endursenda vörur, sem fluttar hafa verið inn um stundarsakir vegna upptöku opinberra aðila, en ekki einkaaðila, fellur endursendingarskyldan niður á meðan upptakan varir.
2. Tollyfirvöld skulu eins og frekast er mögulegt, tilkynna ábyrgðarsamtökunum um upptökur sem þau framkvæma eða framkvæmdar eru þeirra vegna á vörum, sem fluttar hafa verið inn

samkvæmt ákvæðum A.T.A. ábyrgðarskjala og ábyrgst er af ábyrgðarsamtökunum og jafnframt tilkynna þeim hvaða ráðstafanir ætlunin er að gera.

13. gr.

A.T.A. ábyrgðarskjöl eða hlutar af A.T.A. ábyrgðarskjölum, sem ætlað er til útgáfu í þeim löndum, sem þau eru flutt til og send eru útgáfusamtökum af samsvarandi erlendum samtökum, af alþjóðasamtökum eða tollyfirvöldum samningsaðila, skulu flutt inn án tolla og án nokkurrar hindrunar eða takmörkunar. Samsvarandi fyrirgreiðslu skal veita við útflutning.

14. gr.

Skóða má lönd þeirra samningsaðila, sem mynda saman tolla- eða efnahagsbandalag, sem eitt landssvæði samkvæmt þessum samningi.

15. gr.

Verði um svik, lögbrot eða misbeitingu við notkun A.T.A. ábyrgðarskjala að ræða, er samningsaðilum heimilt, þrátt fyrir ákvæði þessa samnings, að hefja málssókn gegn brotlegum aðilum, til innheimtu á tollum og öðrum gjöldum, og einnig til að koma fram refsingu, sem slíkir aðilar hafa fellt á sig. Í slíkum tilfellum skulu samtökin ljá tollyfirvöldum aðstoð sína.

16. gr.

Litið skal á viðaukann við þennan samning sem hluta af samningnum.

17. gr.

Ákvæði þessa samnings gefa til kynna þá lágmarksfyrirgreiðslu, sem veita skal, en hindra ekki að frekari fyrirgreiðsla sé veitt af einstökum samningsaðilum eða verði veitt í framtíðinni með einhliða ákvörðunum eða vegna tvíhliða og marghliða samninga.

Úr auglýsingu

nr. 24/1970, um aðild Íslands að tollasamningi varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynningar eða notkunar á sýningum, vörusýningum, fundum og við svipuð önnur tækifæri.

Fylgiskjal.

Tollasamningur

varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynningar eða notkunar á sýningum, vörusýningum, fundum og við önnur svipuð tækifæri.

I. KAFLI

Skýrgreiningar.

1. gr.

Í samningi þessum:

a) þýðir hugtakið „sýning“:

1. viðskipta-, iðnaðar-, landbúnaðar- eða handíðasýningar, vörusýningar eða þess háttar útstillingar eða kynningarstarfsemi;
 2. sýningar eða fundir, sem aðallega er stofnað til í mannúðarskyni;
 3. sýningar eða fundir, sem aðallega er stofnað til í því skyni að stuðla að hvers konar starfsemi á sviði menntunar, lista, handíða, íþróttar, vísinda eða menningar eða til að efla vináttu meðal þjóða eða auka þekkingu á trúarbrögðum og guðsdýrkun;
 4. fundir fulltrúa alþjóðlegra stofnana eða samtaka þeirra; eða
 5. opinberir fundir eða minningarhátíðir;
- hugtakið tekur þó ekki til sýninga, sem stofnað er til í persónulegum tilgangi í verslunum eða verslunarhúsnæði í því skyni að selja erlendar vörur;
- b) þýðir hugtakið „innflutningstollar“ tollar og hvers konar önnur gjöld og skattar, sem greiða ber við eða í sambandi við innflutning, þ.á.m. innlend gjöld og kvaðir, sem greiða ber af innfluttum vörum, en taka ekki til gjalda og álaga, sem að upphæð eru takmörkuð við kostnað af veittri þjónustu og fela ekki í sér óbeina vernd innlendra vara eða álög á innflutning í fjáröflunarskyni;
 - c) þýðir hugtakið „innflutningur um stundarsakir“ innflutningur um stundarsakir, sem ekki er háður innflutningstolli, innflutningsbanni eða hömlum, enda sé um endurútflutning að ræða;
 - d) þýðir hugtakið „Ráðið“ stofnun sú, sem kveðið er á um í samningi um Tollasamvinnuráð, sem gerður var í Brüssel hinn 15. desember 1950;
 - e) þýðir hugtakið „einstaklingur“ bæði einstaklingar og persónur að lögum, nema annað leiði af samhengi.

II. KAFLI.

Innflutningur um stundarsakir.

2. gr.

1. Innflutningur um stundarsakir skal leyfður fyrir:
 - a) vörur, sem ætlaðar eru til sýningar eða kynningar á sýningu,
 - b) vörur, sem ætlað er að nota í sambandi við kynningu á erlendum vörum á sýningu, þ.á.m.
 - i) vörur, sem nauðsynlegar eru til að kynna erlendar vélar eða tæki, sem sýna á,
 - ii) bygginga- og skreytingaefni, þ.á.m. rafmagnsvörur fyrir bráðabirgða sýningarsvæði erlendra aðila,
 - iii) auglýsinga og skýringaefni, sem greinilega er ætlað til auglýsinga vegna hinna erlendu vara, sem sýna á, t.d. hljóðupptökur, filmur og skuggamyndir ásamt tækjum til notkunar í því sambandi;
 - c) útbúnaðar, þ.á.m. þýðingataeki, segulbandstæki og filmur, sem eru menntunar-, vísindalegs eða menningarlegs eðlis og ætlað er að nota á alþjóðlegum fundum, ráðstefnum eða þingum.
2. Hlunnindi þau, sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar skulu veitt að því áskildu, að
 - a) hægt sé að þekkja vöruna aftur við endurútflutning;
 - b) tala eða magn sams konar vara sé sanngjarnt þegar tillit er tekið til þess í hvaða skyni varan er flutt inn;
 - c) tollyfirvöld lands þess; sem varan er flutt til, hafa gengið úr skugga um, að skilyrði samnings þessa séu uppfyllt.

3. gr.

Vörur, sem fluttar eru inn um stundarsakir, skulu ekki meðan þær njóta hlunninda samkvæmt samningi þessum, nema slíkt sé heimilt samkvæmt lögum og reglugerðum lands þess sem þær eru fluttar til um stundarsakir:

- a) afhentar til láns eða leigu eða fyrir nokkurs konar þóknun; eða
- b) fluttar frá þeim stað, sem þeim er ætlað að vera á vegum sýningar.

4. gr.

1. Vörur, sem fluttar eru inn um stundarsakir, skulu endurútluttar innan sex mánaða frá innflutningi þeirra. Tollyfirvöld þess lands, sem þær eru fluttar til um stundarsakir, geta þó með hliðsjón af aðstæðum og sérstaklega lengd sýningartíma og eðli sýningar ákveðið að vörurnar skuli endurútluttar fyrr, þó eigi fyrr en mánuður er liðinn frá lokun sýningar.
2. Þrátt fyrir ákvæði í 1. mgr. þessarar greinar, skulu tollyfirvöld leyfa, að vörur, sem sýna á eða nota við síðara tækifæri, megi vera áfram í landi því, sem þær eru fluttar til um stundarsakir, enda verði þá uppfyllt þau skilyrði, sem lög og reglugerðir þess lands kunna að setja og vörurnar verði endurútluttar innan árs frá innflutningsdegi.
3. Þegar sérstaklega stendur á, geta tollyfirvöld, innan þeirra takmarka sem lög og reglugerðir innflutningslandsins setja, annaðhvort samþykkt lengri tímabil en þau, sem tiltekin eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar eða framlengt hið upphaflega tímabil.
4. Þegar ekki er hægt að endurútflytja vörur, sem fluttar eru inn um stundarsakir vegna upptöku opinberra aðila, en ekki einkaaðila, fellur endursendingarskyldan niður á meðan upptakan varir.

5. gr.

1. Þrátt fyrir skilyrðið um endurútlutning, sem samningur þessi gerir ráð fyrir, skal ekki farið fram á endurútlutning vara, sem hafa orðið fyrir verulegu tjóni, vara, sem lítið verðmæti hafa og vara, sem ekki þola geymslu, enda skulu vörurnar þá:
 - a) háðar innflutningstolli þeim, er við á, eða
 - b) afhentar útgjaldalaust til ríkissjóðs þess lands, sem þær voru fluttar til um stundarsakir, eða
 - c) eyðilagðar undir opinberu eftirliti, án útgjalda fyrir ríkissjóð þess lands, sem þær voru fluttar til um stundarsakir; samkvæmt því, sem tollyfirvöld kunna að ákveða.
2. Vörum, sem fluttar eru inn um stundarsakir, má ráðstafa með öðrum hætti en endurútlutningi, og þá einkum til notkunar innanlands, enda sé þá fylgt þeim skilyrðum og ákvæðum, sem tiltekin eru í lögum og reglugerðum þess lands, sem vörurnar eru fluttar til um stundarsakir, að því er snertir beinan innflutning erlendis frá.

III. KAFLI.

Undanþága frá innflutningstollum.

6. gr.

1. Ef ekki er gerður fyrirvari varðandi tilteknar vörur samkvæmt ákvæðum 23. gr. samnings þessa, skulu innflutningstollar ekki á lagðir né innflutningsbanni eða hömlum beitt eða endurútlutnings krafist varðandi eftirtaldar vörur:

- a) Sýnishorn erlendra vara, sem sýndar eru á sýningu, þ.á.m. sýnishorn af matvörum og drykkjarvörum, sem annaðhvort eru fluttar inn sem sýnishorn eða framleidd af meira magni við það tækifæri, að því áskildu, að þau séu
- i) afhent án endurgjalds erlendis frá og notuð eingöngu til dreifingar án endurgjalds til sýningargesta til neyslu þeirra eða afnota,
 - ii) notuð í auglýsingaskyni og séu hvert um sig lítils virði,
 - iii) ekki fallin til sölu og séu eftir atvikum að magni til minni en minnstu einingar í smásölu,
 - iv) sýnishorn af matvörum eða drykkjarföngum, sem ekki er dreift í pökkum sbr. (iii) að framan og neytt er á staðnum og
 - v) að heildar verðmæti og magni sé í hóf stillt að mati tollyfirvalda þess lands, sem vörurnar eru fluttar til með hliðsjón af eðli sýningar, fjölda sýningargesta og þátttöku þess sem vörurnar hefur til sýningar;
- b) Vörur, sem fluttar eru inn eingöngu til sýningar eða til að sýna notkun erlendra véla eða tækja á sýningu og neytt er eða eyðilagðar eru við slíka sýningu, enda sé heildarverðmæti og magn slíkra vara sanngjarnt að mati tollyfirvalda í því landi, sem varan er flutt til, og tillit tekið til eðlis tiltekins tækifæris, fjölda sýningargesta og þátttöku þess sem vörurnar hefur til sýningar;
- c) Vörur, sem lítið verðmæti hafa og notaðar eru til að byggja upp, hanna og skreyta bráðabirgða sýningar svæði erlendra sýningarstjóra á sýningu, svo sem málning, fernisólía og veggfóður;
- d) Prentvörur, skrár, vörulýsingar, verðlistar, auglýsingamyndar, dagatöl með eða án mynda, og rammalausar myndir, sem sjáanlega eru auglýsingaefni vegna hinna erlendu vara á sýningunni, að því áskildu, að:
- i) Vörurnar séu sendar endurgjaldslaus erlendis frá og notaðar eingöngu til endurgjaldslausrar dreifingar handa sýningargestum og
 - ii) heildarverðmæti og magn slíkra vara sé sanngjarnt að mati tollyfirvalda í því landi, sem varan er flutt til um stundarsakir, enda sé tillit tekið til eðlis sýningar, fjölda sýningargesta og þátttöku þess, sem vörurnar hefur til sýningar.
2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu ekki taka til áfengra drykkja, tóbaksvara og eldsneytis.

7. gr.

Málsskjöl, skjalasöfn, eyðublöð og önnur skjöl, sem flutt eru inn til notkunar við eða í sambandi við alþjóðlega fundi, ráðstefnur og þing skulu undanþegin innflutningstollum, innflutningsbanni og hömlum.

IV. KAFLI.

Einföldun formsatriða.

8. gr.

Hver samningsaðili skal draga svo sem unnt er úr formsatriðum í sambandi við hlunnindi þau, sem samningur þessi gerir ráð fyrir. Allar reglur varðandi slík formsatriði skulu birtar án tafar.

9. gr.

1. Þegar samningsaðili krefst tryggingar fyrir því að skilyrði séu uppfyllt vegna hlunninda, sem tiltekin eru í samningi þessum, skal upphæð slíkrar tryggingar ekki vera meiri en 10% hærri en innflutningstollur slíkrar vöru.
2. Slíkir samningsaðilar skulu leitast við að taka gilda eftir því sem unnt er, almenna tryggingu frá þeim, sem sýningu skipuleggja eða öðrum aðila, sem samþykktur er af tollyfirvöldum í stað tryggingar einstaklings, sem krefjast mætti samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

10. gr.

1. Tollskoðun og afgreiðsla við innflutning og endurútflytning vara, sem sýna á eða hafa verið sýndar á sýningu skal, þegar unnt er, fara fram á sýningarstað.
2. Hver samningsaðili skal leitast við, þegar hagkvæmt þykir með hliðsjón af þýðingu og stærð sýningar, að setja upp tollstöð í sanngjarnan tíma á sýningarsvæði í hlutaðeigandi landi.
3. Vörur, sem fluttar hafa verið inn um stundarsakir, má endurútflytja með einni sendingu eða fleirum fyrir atbeina tollstöðvar sem slíka afgreiðslu getur annast og skal slíkur endurútflytningur ekki takmarkaður við tollstöð, sem annaðist innflutning hlutaðeigandi vöru, nema þegar innflytjandi vörunnar skuldbindur sig til að endurútflytja vörunnar um þá tollstöð til þess að njóta auðveldari tollafgreiðslu.

V. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu taka til vara, sem framleiddar eru á sýningunni úr efni, sem flutt er inn um stundarsakir, við notkun véla og tækja þar vegna sýningar.

12. gr.

Ákvæði þessa samnings gefa til kynna þá lágmarksfyrirgreiðslu, sem veita skal, en hindra ekki að frekari fyrirgreiðsla sé veitt af einstökum samningsaðilum eða verði veitt í framtíðinni með einhliða ákvörðunum eða vegna tvíhliða og marghliða samninga.

13. gr.

Skoða má lönd þeirra samningsaðila, sem mynda saman tolla- eða efnahagsbandalag, sem eitt landsvæði samkvæmt þessum samningi.

14. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki koma í veg fyrir að beitt sé

- a) landslögum eða öðrum samningsákvæðum, sem ekki varða tollafgreiðslu og fjalla um skipulagningu sýningar;
- b) bönnun eða takmörkun samkvæmt landslögum og reglugerðum vegna almenns siðgæðis, almenns öryggis, heilbrigðiseftirlits eða hreinlætis eða vegna sjúkdóma dýra eða jurta eða vegna verndunar vörumerkja og höfundaréttar.

15. gr.

Sérhvert brot á ákvæðum samnings þessa, skipti á vörum, rangar upplýsingar eða verknaður, sem leiðir til þess að einstaklingur eða vörur njóti á óréttmætan hátt hlunninda þeirra, sem samningur þessi tekur til, getur leitt til refsíabyrgðar í því landi, þar sem verknaðurinn var

framinn, samkvæmt lögum og reglugerðum þess lands og greiðslu hvers konar innflutningstolla, sem við eiga.

Úr auglýsingu

nr. 25/1970, um aðild Íslands að tollasamningi varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum .

Fylgiskjal.

Tollasamningur

varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum.

1. KAFLI.

Skýrgreiningar.

1. gr.

Í samningi þessum:

- a) þýðir hugtakið „innflutningstollar“ tollar og hverskonar önnur gjöld og skattar, sem greiða ber við eða í sambandi við innflutning, þ.á.m. innlend gjöld og kvaðir, sem greiða ber af innfluttum vörum, en taka ekki til gjalda og álaga, sem að upphæð eru takmörkuð við kostnað af veittri þjónustu og fela ekki í sér óbeina vernd innlendra vara eða álög á innflutning í fjáröflunarskyni;
- b) þýðir hugtakið „innflutningur um stundarsakir“ innflutningur um stundarsakir, sem ekki er háður innflutningstolli, innflutningsbanni eða hömlum, enda sé um endurútflytning á ræða;
- c) þýðir hugtakið „Ráðið“ stofnun sú, sem kveðið er á um í samningi um Tollasamvinnuráð, sem gerður var í Brüssel hinn 15. desember 1950;
- d) þýðir hugtakið „einstaklingur“ bæði einstaklinga og persónur að lögum, nema annað leiði af samhengi.

II .KAFLI.

Innflutningur um stundarsakir.

2. gr.

Sérhver samningsaðili, sem bundinn er af ákvæðum einhvers fylgiskjals við samning þennan, skal leyfa innflutning um stundarsakir á útbúnaði, sem tiltekin er í því fylgiskjali, með þeim skilyrðum, sem tiltekin eru í 1.-22. gr. og því fylgiskjali. Hugtakið „útbúnaður“ skal talið ná til allra aukatækja og hluta.

3. gr.

Þegar samningsaðili krefst tryggingar fyrir því að skilyrði séu uppfyllt vegna hlunninda í sambandi við innflutning um stundarsakir, skal upphæð slíkrar tryggingar ekki vera meira en 10% hærri en innflutningstollur slíkrar vöru.

4. gr.

Útbúnaður, sem fluttur er inn um stundarsakir, skal endurútflyttur innan 6 mánaða frá innflutningi hans. Af gildum ástæðum geta tollyfirvöld innan þeirra takmarka, sem lög og reglugerðir þess lands, sem flutt er inn til um stundarsakir, setja, annaðhvort leyft lengra tímabil eða framlengt hið upphaflega tímabil.

5. gr.

Útbúnað, sem fluttur hefur verið inn um stundarsakir, má endurútflytja í einni sendingu eða fleirum til hvaða lands sem er um hverja þá tollstöð, sem getur annast slíka afgreiðslu og skal sá endurútflytningur ekki takmarkaður við tollstöð þá, sem sá um innflutning vörunnar.

6. gr.

1. Þrátt fyrir skilyrðið um endurútflytning, sem samningur þessi gerir ráð fyrir, skal ekki farið fram á endurútflytning útbúnaðar eða hluta hans ef hann hefur orðið fyrir verulegu tjóni við sannanlegt slys, enda skal varan þá:
 - a) háð innflutningstolli þeim, er við á eða
 - b) afhent útgjaldalaust til ríkissjóðs þess lands, sem hún var flutt til um stundarsakir eða
 - c) eyðilögð undir opinberu eftirliti, án útgjalda fyrir ríkissjóð þess lands, sem varan var flutt til um stundarsakir, samkvæmt því sem tollyfirvöld kunna að ákveða.
2. Þegar ekki er hægt að endurútflytja útbúnað að einhverju leyti eða öllu, vegna upptöku opinberra aðila, en ekki einkaaðila, fellur endursendingarskyldan niður á meðan upptaka varir.

7. gr.

Varahlutir, sem fluttir eru inn til að gera við útbúnað, sem fluttur hefur verið inn um stundarsakir, skulu einnig njóta þeirra hlunninda sem samningur þessi tekur til.

3. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Við framkvæmd samnings þessa skal talið, að það fylgiskjal eða þau fylgiskjöl, sem á hverjum tíma eru skuldbindandi fyrir samningsaðila, séu óaðskiljanlegur hluti samningsins og að því er þann samningsaðila varðar skal sérhver tilvitnun í samninginn talin fela í sér tilvitnun til slíks fylgiskjals eða fylgiskjala.

9. gr.

Ákvæði þessa samnings gefa til kynna þá lágmarks fyrirgreiðslu, sem veita skal, en hindra ekki að frekari fyrirgreiðsla sé veitt af einstökum samningsaðilum eða verði veitt í framtíðinni með einhliða ákvörðunum eða vegna tvíhliða og marghliða samninga.

10. gr.

Skoda má lönd þeirra samningsaðila, sem mynda saman tolla- eða efnahagsbandalag, sem eitt landsvæði samkvæmt þessum samningi.

11. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu eigi koma í veg fyrir að beitt sé bönnum eða takmörkunum samkvæmt landslögum eða reglugerðum vegna almenns siðgæðis eða reglu, almenns öryggis, heilbrigðiseftirlits eða hreinlætis eða vegna sjúkdóma dýra eða jurta eða vegna verndunar einkaleyfa, vörumerkja og höfundaréttar.

12. gr.

Sérhvert brot á ákvæðum samnings þessa, skipti á vörum, rangar upplýsingar eða verknaður, sem leiðir til þess að einstaklingur eða vörur njóti á óréttmætan hátt hlunninda þeirra, sem samningur þessi tekur til, getur leitt til refsíabýrgðar í því landi, þar sem verknaðurinn var framinn, samkvæmt lögum og reglugerðum þess lands og greiðslu hvers konar innflutningstolla sem við eiga.

Fylgiskjal A

Útbúnaður fyrir blaðamenn, útvarp og sjónvarp.

I. Skýrgreining og skilyrði.

1. Skýrgreining.

Í fylgiskjali þessu þýðir hugtakið „útbúnaður fyrir blaðamenn, útvarp og sjónvarp“ þann útbúnað, sem nauðsynlegur er fyrir fulltrúa blaða eða útvarps og sjónvarps, sem koma til lands í því skyni að flytja eða skrá efni fyrir tiltekin verkefni.

2. Skilyrði fyrir veitingu tollfrelsis um stundarsakir.

Útbúnaðurinn:

- a) skal vera í eign einstaklings, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtækis, sem stofnsett er erlendis;
- b) skal fluttur inn af einstaklingi, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtæki, sem stofnsett er erlendis;
- c) skal vera þannig að hægt sé að þekkja hann aftur við endurútflutning; þegar um er að ræða ónotuð upptökutæki hljóðs eða mynda skal þó stuðst við þær aðferðir til sannprófunar, sem hagkvæmastar eru eftir atvikum.
- d) skal notaður eingöngu af hinum erlenda aðila eða undir eftirliti hans;
- e) skal eigi ráðstafað með leigusamningi eða svipuðu fyrirkomulagi við einstakling eða fyrirtæki, sem heimilisfastur eða stofnsett er í því landi, sem flutt er inn til um stundarsakir, er aðili að; þetta gildir þó eigi, ef um er að ræða sameiginlega dagskrá fyrir útvarp eða sjónvarp.

II. Listi til leiðbeiningar.

A. Útbúnaður fyrir blaðamenn, svo sem:

Ritvélar;

Ljósmynda- eða kvikmyndavélar;

Tæki til flutnings, upptöku eða dreifingar hljóðs eða mynda;

Bönd og plötur til hljóðritunar og myndatöku.

- B. Hljóðvarps útbúnaður, svo sem:
 Flutnings- og fjarskiptatæki;
 Tæki til hljóðritunar og dreifingar;
 Mælitæki og prófunartæki;
 Aukataeki ýmiskonar (klukkur, stansúr, áttavitar, rafalar, straumbreytar, rafgeymar og rafhlöður, tæki til upphitunar og loftræstingar, o.s.frv.);
 Bönd og plötur til hljóðritunar.
- C. Sjónvarpsútbúnaður, svo sem:
 Sjónvarps- mynda- og kvikmyndavélar;
 Tæki til prófunar og mælinga;
 Tæki til flutnings og endurflutnings;
 Fjarskiptatæki;
 Tæki til upptöku og dreifingar hljóðs og mynda;
 Ljósabúnaður;
 Aukataeki ýmiskonar (klukkur, stansúr, áttavitar, rafalar, straumbreytar, rafgeymar og rafhlöður, tæki til upphitunar og loftræstingar, o.s.frv.);
 Bönd og plötur til hljóðritunar;
 Sýnishorn úr kvikmyndum.
- Hljóðfæri, búningar, leiktjöld og annar sviðsútbúnaður.
- D. Ökutæki, sem ætluð eru til eða löguð fyrir ofangreind atriði.

Fylgiskjal B **Kvikmynda útbúnaður.**

I. Skýrgreining og skilyrði.

1. Skýrgreining.

Í þessu fylgiskjali þýðir hugtakið „kvikmynda útbúnaður“ sá útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir þann, sem kemur til lands til þess að taka tiltekna kvikmynd eða kvikmyndir.

2. Skilyrði fyrir veitingu tollfrelsis um stundarsakir.

Útbúnaðurinn:

- a) skal vera í eign einstaklings, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtækis, sem stofnsett er erlendis;
- b) skal fluttur inn af einstaklingi, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtæki, sem stofnsett er erlendis;
- c) skal vera þannig, að hægt sé að þekkja hann aftur við endurútflutning; þegar um er að ræða ónotuð upptökutæki hljóðs eða mynda skal þó stuðst við þær aðferðir til sannprófunar, sem hagkvæmastar eru eftir atvikum;
- d) skal notaður eingöngu af hinum erlenda aðila eða undir eftirliti hans; þó skal það skilyrði ekki gilda, ef um er að ræða útbúnað, sem fluttur er inn til kvikmyndaöku samkvæmt samningi um sameiginlega framleiðslu, sem einstaklingur eða fyrirtæki, heimilisfastur

eða stofnsett í landi, sem tollfrjálst er flutt inn til um stundarsakir, er aðili og rétt stjórnvöld þess lands hafa samþykkt í samræmi við milliríkjasamning varðandi samvinnu í kvikmyndagerð;

- e) skal eigi ráðstafað með leigusamningi eða svipuðu fyrirkomulagi, sem einstaklingur eða fyrirtæki heimilisfastur eða stofnsett í því landi, sem flutt er inn til um stundarsakir, er aðili.

II. Listi til leiðbeiningar.

- A. Útbúnaður, svo sem:

Myndavélar allskonar;

Mælitæki og prófunartæki;

Myndavélagrindur;

Ljósauðbúnaður;

Tæki til hljóðritunar og dreifingar;

Bönd og plötur til hljóðritunar og myndatöku;

Sýnishorn úr kvikmyndum;

Aukataeki ýmiskonar (klukkur, stansúr, áttavitar, rafalar, straumbreytar, rafgeymar, rafhlöður, tæki til upphitunar og loftræstingar, o.s.frv.);

Hljóðfæri, búningar, leiktjöld og annar sviðsútbúnaður.

- B. Ökutæki, sem ætluð eru til eða löguð fyrir ofangreind atriði.

Fylgiskjal C Önnur atvinnutæki

I. Skýrgreining og skilyrði.

1. Skýrgreining.

Í fylgiskjali þessu þýðir hugtakið „önnur atvinnutæki“ útbúnaður, sem ekki er getið um í öðrum fylgiskjöllum samnings þessa og nauðsynlegur er til þess að rækja atvinnu eða sérgrein þess, sem kemur til lands í því skyni að vinna ákveðið verk. Það tekur ekki til útbúnaðar, sem nota á til flutninga innanlands eða iðnaðarframleiðslu eða þökkunar vara (nema þegar um er að ræða handverkfæri) eða til hagnýtingar auðlinda, til byggingar, viðgerða eða viðhalds bygginga, jarðvegsflutnings eða þess háttar.

2. Skilyrði fyrir veitingu tollfrelsis um stundarsakir.

Útbúnaðurinn:

- skal vera í eigu einstaklings, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtækis, sem stofnsett er erlendis;
- skal fluttur inn af einstaklingi, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtæki, sem stofnsett er erlendis;
- skal vera þannig að hægt sé að þekkja hann aftur við endurútflytning;
- skal notaður eingöngu af hinum erlenda aðila eða undir eftirliti hans.

II. Listi til leiðbeiningar.

- A. Útbúnaður til notkunar við uppsetningu, prófun, afnot, skoðun, eftirlit eða viðgerðir á vélum, verksmiðjum, flutningatækjum o.s.frv., svo sem:
Verkfæri;
Útbúnaður og tæki til mælinga, eftirlits eða prófunar (lofthiti, þrýstingur, fjarlægðir, hæð, flötur, hraði o.s.frv.) þ.á.m. rafmagnstæki (voltmælar, amperemælar, mælistrengir, samanburðarmælar, straumbreytar, skráningartæki o.s.frv.) og fyrirmyndir;
Tæki og útbúnaður til að taka ljósmyndir af vélum og verksmiðjum meðan á uppsetningu og byggingu stendur og eftir það;
Tæki til tæknilegs eftirlits með skipum.
- B. Útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir verslunarmenn, reksturssérfræðinga, framleiðni-fræðinga, endurskoðendur og svipaða starfsemi svo sem:
Ritvélar;
Tæki til flutnings, upptöku og dreifingar hljóðs;
Reiknivélar og svipaðar vélar.
- C. Útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir sérfræðinga, vegna staðlýsinga eða jarðeðlisfræðilegra rannsókna, svo sem:
Mælitæki og verkfæri;
Bortæki;
Tæki til flutnings og fjarskipta.
- D. Tæki og útbúnaður, sem nauðsynleg eru fyrir lækna, skurðlækna, dýralækna, ljósmæður, og svipaða starfsemi.
- E. Útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir fornminjafraðinga, fornleifafraðinga, landfræðinga, dýrafræðinga og aðra vísindamenn.
- F. Útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir skemmtikrafta, leikfélög og hljómsveitir, þ.á.m. allir munir, sem notaðir eru fyrir opinberar sýningar eða einkasýningar (hljóðfæri, búningar, sviðsútbúnaður, dýr o.s.frv.).
- G. Útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir fyrirlesara til útskýringa á fyrirlestrum.
- H. Ökutæki, sem ætluð eru til eða löguð fyrir ofangreind atriði, svo sem hreyfanleg eftirlitstæki, verkstæði og rannsóknarstofur.

Auglýsing¹⁾

frá landbúnaðarráðuneytinu.

Með skírskotun til laga um lax- og silungsveiði nr. 76 25. júní 1970 og samkvæmt tillögum Fisksjúkdómanefndar, er hér með vakin athygli á því, að óheimilt er að nota veiðitæki eða veiðibúnað við veiðar í ám og vötnum hér á landi, sem notaður hefur verið erlendis, nema hann hafi verið sótthreinsaður áður.

Því er hér með skorað á veiðieigendur, leigutaka veiðivatna og aðra þá, er greiða för erlendra veiðimanna til Íslands, að þeir vekji athygli á þessum ákvæðum, ella geta hlotist af óþarfa tafir, kostnaður og óþægindi.

1) Birt af Landbúnaðarráðuneytinu 11. júní 1975 í Lögbirtingablaðinu. Sbr. nú 8. gr. laga nr. [60/2006](#) um varnir gegn fisksjúkdómum.

Auglýsing¹⁾ **frá landbúnaðarráðuneytinu.**

Að tillögu fisksjúkdómanefndar er hér með, samkvæmt heimild í 79. gr. laga nr. 76/1979, bannaður allur innflutningur á dauðum vatnafiski.

1) Birt í Lögbirtingablaðinu 3. nóvember 1977, sbr. hér síðar auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins frá 28. október 1986. Sbr. nú 9. gr. laga nr. [60/2006](#) um varnir gegn fisksjúkdómum.

Auglýsing¹⁾ **frá landbúnaðarráðuneytinu.**

Samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 3. nóvember 1977, er að tillögu fisksjúkdómanefndar og samkvæmt heimild í 79. gr. laga nr. 76/1970 bannaður allur innflutningur á dauðum vatnafiski.

Bann þetta tekur til innflutnings á dauðum laxi (Salmon salar), silungi (S. trutta og S. alpinus), regnbogasilungi (S. irideus) og annarra vatnafiska, án tillits til eldishátta eða veiðiaðferða.

1) Birt í Lögbirtingablaðinu 28. október 1986. Sbr. nú 9. gr. laga nr. [60/2006](#) um varnir gegn fisksjúkdómum.

Auglýsing **nr. [161/1993](#) um niðurfellingu tolla af nokkrum landbúnaðarvörum** **vegna sérstaks samkomulags milli Íslands og Efnahagsbandalags** **Evrópu.**

1. gr.

Samkvæmt sérstöku samkomulagi milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um niðurfellingu tolla af tilteknum landbúnaðarvörum, sem undirritað var 2. maí 1992, fellur niður tollur af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum frá og með 15. apríl:

0603.1001, 0702.0001, 0703.1001, 0703.2000, 0705.1111*, 0705.1191*, 0707.0011*, 0707.0012*, 0709.2000, 0709.3000, 0709.6002, 0709.9004*, 0709.9009*, 0710.2900, 0710.8001, 0712.9009, 2401.1000, 2401.2000, 2401.3000.

Ofangreind niðurfelling tolla tekur til allra vara sem teljast upprunnar innan Efnahagsbandalags Evrópu samkvæmt ákvæðum samkomulagsins um upprunareglur.

* Fært til samræmis við breytta tollskrá.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og tekur til þeirra vara sem voru ótollafgreiddar 15. apríl 1993.

Auglýsing

**nr. 372/1995, um toll af vörum sem unnar eru úr
landbúnaðarhráefnum, sbr. auglýsingar nr. 508/1995, 515/1995 og
546/1999 um breytingu á henni.**

1. gr.

[Við innflutning á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu í skilningi bókanar 4 við EES samninginn [...] ²⁾ og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, skal við tollafgreiðslu greiða magntoll í samræmi við auglýsingu þessa. Magntollurinn skal lagður á sem krónur á kílógramm og skal koma í stað tolltaxta í E-dálki tollskrár í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum ³⁾.

Tollskrárnúmer	kr./kg.	Tollskrárnúmer	kr./kg.	Tollskrárnúmer	kr./kg.
0403.1011	61	1806.9029	44	1905.3022	23
0403.1012	61	1806.9039	48	1905.3029	19
0403.1021	52	1901.2012	25	1905.3030	11
0403.1022	52	1901.2013	17	1905.4000	16
0403.9011	53	1901.2014	30	1905.9011	40
0403.9012	53	1901.2015	10	1905.9019	5
0403.9021	53	1901.2016	15	1905.9020	5
0403.9022	53	1901.2017	40	1905.9040	36
1517.1001	90	1901.2018	5	1905.9051	99
1517.9002	90	1901.2019	5	1905.9059	54
1806.2003	111	1901.2022	34	1905.9090	46
1806.2004	40	1901.2023	99	2104.1001	3
1806.2005	111	1901.2024	54	2104.1003	28
1806.2006	40	1901.2029	44	2104.1011	80
1806.3101	52	1902.1100	8	2104.1012	45
1806.3109	52	1902.2022	42	2104.1019	21
1806.3202	48	1902.2031	36	2104.1021	80
1806.3203	40	1902.2042	42	2104.1022	45

1806.3209	21	1902.3021	42	2104.1029	21
1806.9011	22	1902.3031	36	2106.9041	68
1806.9022	18	1902.3041	42	2106.9048	68
1806.9023	49	1902.4021	42	2106.9064	42
1806.9024	40	1904.9001	42	2202.9011	42
1806.9025	54	1905.3011	17	2202.9012	42
1806.9026	49	1905.3019	16	2202.9019	42] 1)
1806.9028	120	1905.3021	32		

1) Sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 546/1999. 2) Sbr. 3. mgr. 4. gr. auglýsingar nr. 5/2002. 3) 1) Tollskárnúmer ber að skoða í ljósi breytinga á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

2. gr.

Um vöruflokkun, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu tollsins gilda ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu tolls samkvæmt 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af landbúnaðarhráefnum.

4. gr.

Auglýsing þess, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, tekur gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 256/1995, um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex, kökur o.fl.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði auglýsingar þessarar skulu taka til allra þeirra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Auglýsing

nr. 385/1995, um tollflokkun á kornvörum

Ráðuneytið tilkynnir hér með, að ákveðið hefur verið að eftirfarandi skuli gilda um tollflokkun kornvara í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

1001.1009, 1001.9009, 1002.0009, 1003.0009, 1004.0009, 1005.9009, 1007.0009, 1008.1009, 1008.2009, 1008.3009, 1008.9009, 1101.0029, 1102.2009, 1102.3009, 1102.9019, 1102.9029, 1103.1109, 1103.1209, 1103.1319, 1103.1329, 1103.1909, 1103.2109, 1103.2909, 1104.1109, 1104.1229, 1104.1909, 1104.2109, 1104.2229, 1104.2309, 1104.2909, 1104.3009, 1213.0019 og 1213.0029.

Undir ofangreind tollskrárnúmer skal einungis heimilt að tollflokka kornvörur sem flokkast undir ofangreinda vöruliði tollskrárinnar, þ.e.a.s. fyrstu fjóra tölustafina í tollskrár-númerinu, og ekki eru ætlaðar til fóðurs eða fóðurgerðar. Einungis er því heimilt að tollflokka kornvöru undir ofangreind tollskrárnúmer sé hún ætluð til manneldis án frekari vinnslu eða vinnslu annarrar en fóðurgerðar. Ennfremur er heimilt að tollflokka undir ofangreind tollskrárnúmer kornvörur, sem einungis er ætlað til þess að fóðra gæludýr.

- 1) Skv. bréfi fjármálaráðuneytisins frá 1. nóv. 1995 eiga þessar reglur einnig við um dýrafóður sem flutt er inn af Raun-vísindastofnun Háskólans og er ætlað fyrir tilraunadýr. 1) Tollskrárnúmer ber að skoða í ljósi breytinga á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

Flokki innflytjandi vöru undir ofangreind tollskrárnúmer telst hann hafa gefið yfirlýsingu um að varan sé eingöngu til manneldis og verði eingöngu notuð eða seld til þeirra nota eða til nefndrar framleiðslu innanlands. Selji innflytjandi vöruna heildsala, smásala eða framleiðanda nefndra framleiðsluvara, skal innflytjandi því aðeins afhenda kaupanda vöruna að kaupandi skrifi undir yfirlýsingu þess efnis, að hann muni eingöngu nota vöruna samkvæmt þeim skilmálum sem tollflokkun hennar var byggð á við innflutning. Sé í vörusendingu vara sem bæði er ætluð til fóðurs eða fóðurgerðar og til annarra nota er innflytjanda heimilt að skipta upp vöru í aðflutningsskýrslu í viðeigandi tollskrárnúmer. Þeir sem fá vörur tollafgreiddar eða kaupa vörur til endursölu eða til nota við framleiðslu nefndra framleiðsluvara samkvæmt auglýsingu þessari skulu halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörunar aðgreindum í bókhaldi sínu sem tolyfirvöld skulu jafnan hafa aðgang að telji þau ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Skulu þeir veita tolyfirvöldum upplýsingar um sölu, notkun eða aðra ráðstöfun varanna sé þess óskað.

Með sömu skilmálum og um ræðir hér að framan um ofangreindar vörur í 10., 11. og 12. kafla tollskrárinnar er tollstjóra heimilt að fella niður toll af vörum í 23. kafla tollskrárinnar.

- 1) Skv. bréfi fjármálaráðuneytisins frá 1. nóv. 1995 eiga þessar reglur einnig við um dýrafóður sem flutt er inn af Raunvísindastofnun Háskólans og er ætlað fyrir tilraunadýr.

Komi í ljós við rannsókn tolyfirvalda að innflytjandi eða aðrir, sem notið hafa tollívilnana samkvæmt auglýsingu þessari, hafi misnotað ívilnunina skulu þeir þegar, að kröfu tolyfirvalda, greiða full aðflutningsgjöld af þeim vörum sem misnotaðar hafa verið ásamt viðurlögum samkvæmt 134. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma og skulu þeir reiknaðir frá tollafgreiðsludegi. Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m.a. varðað við 126. og 130. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Tollstjórum skal heimilt að endurgreiða innflytjanda toll af þeim vörusendingum sem tollafgreiddar hafa verið frá og með 1. júlí 1995 enda lýsi inn-flytjandi því

yfir að skilmálar þeir, sem kveðið er á um í auglýsingu þessari skuli í einu og öllu gilda um þær vörusendingar sem endurgreitt er af.

Auglýsing

nr. 587/1996, um heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum (HCFC) á árinu 1997.

1. gr.

Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn vetnisklórflúorkolefni (HCFC) á árinu 1997 í samræmi við d. lið 4. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994, um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna, skulu senda umsóknir til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt auglýsingu stofnunarinnar í Lögbirtingablaði þar að lútandi.

Umsóknir um innflutningsleyfi þurfa að berast innan þess frests sem kveðið verður á um í auglýsingu Hollustuverndar ríkisins í Lögbirtingablaðinu.

2. gr.

Við ákvörðun á magni HCFC til fyrirtækja skal stuðst við magn (HCFC) og klórflúorkolefna (CFC) sem flutt var inn til landsins árið 1989.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994, um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og öðlast þegar gildi.

Auglýsing

nr. 32/1999 um ríki, svæði og starfsstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem innflutningur á lifandi samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum er heimill frá, sbr. auglýsingar nr. 103/1999, 165/1999 og 266/1999 um breytingu á henni.

1. gr.

Innflutningur lifandi samloka, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla er heimill frá þeim ríkjum, svæðum og starfsstöðvum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem eru á skrá í viðauka I¹⁾ við auglýsingu þessa. Um innflutninginn gilda IV. og V. kafli laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og reglur settar á grundvelli þeirra.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

- 1) Viðauki I er ekki prentaður hér.

Auglýsing

nr. 33/1999 um ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem innflutningur á fiskmjöli er heimill frá.

1. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskmjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis og aðrar vörur sem innihalda blöndu úr þessum afurðum frá þeim ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem greind eru í viðauka I¹⁾ við auglýsingu þessa. Skilyrði innflutnings eru að framleiðsla hafi farið fram í samræmi við kröfur sem settar eru í reglugerð um framleiðslu á fiskmjöli og lýsi, mjölið komi frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi landi, og að mjölinu fylgi heilbrigðisvottorð í samræmi við viðauka II¹⁾ við auglýsingu þessa.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

- 1) Viðaukar I og II eru ekki prentaðir hér.

Auglýsing

nr. 206/2000 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Albaníu.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr, sæsigla, lifandi fisk og skelfisk sem fluttur er í vatni, frá Albaníu..

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

Auglýsing

nr. 543/2000 um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á jarðhnetum frá Egyptalandi sem ætlaðar eru til manneldis eða sem hráefni í matvæli.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn jarðhnetur sem að uppruna eru frá Egyptalandi að því tilskildu að ákvæði 2. mgr. þessarar greinar sé uppfyllt. Þetta á við um hnetur í hýði í tollflokki 1202.1000, afhýddar, sundurskornar eða heilar hnetur í tollflokki 1202.2000 og aðrar jarðhnetur í tollflokki 2008.1109. Með vörusendingunni skulu fylgja rannsóknaniðurstöður vegna greiningar á sveppaeitri (afltoxíni), sem hægt er að rekja til vörusendingarinnar auk rekjanlegs heilbrigðisvottorðs. Hollustuvernd ríkisins skal meta þau vottorð sem lögð eru fram þessu til staðfestingar.

3. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Auglýsingin er birt skv. 28. gr. laga um matvæli og með hliðsjón af ákvörðun Evrópu-sambandsins nr. 2000/49/EB um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Auglýsing

nr. 940/2000 um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samningsins, II. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92, frá 23. júlí 1992, um inn- og útflutning hættulegra efna.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94, frá 11. janúar 1994, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94, frá 15. desember 1994, um breytingu á I. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1492/96, frá 26. júlí 1996, um breytingu á II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/97, frá 27. júní 1997, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.

6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2247/98, frá 13. október 1998, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.

2. gr.

Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468-473, (1994).

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 41/94 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 1. árgangur, 17. desember 1994, bls. 39-41.

Reglugerð ráðsins nr. 3135/94 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 45, 3. árgangur, 3. október 1996, bls. 60-62.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1492/96 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 42, 5. árgangur, 15. október 1998, bls. 40-71.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1237/97 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 30, 6. árgangur, 8. júlí 1999, bls. 100-126.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2247/98 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 7. árgangur, 9. nóvember 2000, bls. 34-74.

3. gr.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á ofantöldum reglugerðum skal farið að hætti opinberra mála.

Með brot gegn ofantöldum reglugerðum skal farið samkvæmt 25. og 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, og 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 619 frá 16. september 1999.

Auglýsing

nr. 232/2001 um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum er hvers konar varsla og með-ferð kókaíns óheimil.

Á þetta jafnt við um sölt kókaíns og hvers konar samsetningar að undanskilinni kókaínlausn 4% (Solutio cocaini 4% Ph.Nord.) sem heimilt verður að nota einvörðungu við augnaðgerðir.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni þeim er hlut eiga að máli.

Með auglýsingu þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi auglýsing með sama heiti nr. 314/1981.

Auglýsing

nr. 377/2001 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Perú.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá Perú.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

Auglýsing

nr. 846/2001 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1343 (2001) um refsiaðgerðir gegn Líberíu.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1343 (2001), dags. 7. mars 2001, um refsiaðgerðir gegn Líberíu og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Líberíu vopn og vopnabúnað, þ.m.t. skotfæri, hervagna og varahluti fyrir vopnabúnað.
2. Óheimilt er að flytja framangreint um íslenskt yfirráðasvæði eða með skipum eða flygvélum sem skráð eru á Íslandi.
3. Óheimilt er að flytja inn til landsins óunna eðalsteina frá Líberíu eða sem upprunnir eru þaðan.
4. Öllum aðilum í ríkistjórn Líberíu, embættismönnum, hermönnum, mökum þeirra og aðilum sem selja uppreisnarsveitum í nágrenni Líberíu vopn er óheimilt að koma til Íslands eða fara um íslenskt yfirráðasvæði. Fyrrgreint á ekki við ef um er að ræða embættiserindi á vegum ríkisstjórnar Líberíu til höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna eða ef nefnd öryggisráðsins um málefni Líberíu ákveður annað.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Auglýsing

nr. 5/2002 um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum og upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. auglýsingu nr. 79/2006 um breyting á henni.

1. gr.

Við innflutning á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu í skilningi bókanar 4 við EES samninginn og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, skal við tollafgreiðslu greiða magntoll í samræmi við auglýsingu þessa. Magntollurinn skal lagður á sem krónur á kíló og skal koma í stað tolltaxta í E-dálki tollskrár í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum^{**}.

Tollskrárnúmer	kr./kg	Tollskrárnúmer	kr./kg	Tollskrárnúmer	kr./kg
0403.1011	53	1901.2013	17	1905.9041*	35
0403.1012	53	1901.2014	29	1905.9049*	35
0403.1013	53	1901.2015	10	1905.9059	53
0403.1021	51	1901.2016	15	1905.9090	45
0403.1022	51	1901.2017	39	2103.9020	19
úr 0403.1029	51	1901.2018	5	2103.9030	19
0403.9011	45	1901.2019	5	2103.9051	97
0403.9012	45	1901.2022	33	2103.9052	52
0403.9013	45	1901.2023	97	2104.1001	3
0403.9021	45	1901.2024	53	2104.1002	31
0403.9022	45	1901.2029	43	2104.1003	27
úr 0403.9029	45	1902.1100	8	2104.1011	78
1517.1001	88	1902.2022	41	2104.1012	44
1517.9002	88	1902.2031	35	2104.1019	21
1806.2003	109	1902.2041	142	2104.1021	78
1806.2004	39	1902.2042	41	2104.1022	44
1806.2005	109	1902.3021	41	2104.1029	21
1806.2006	39	1902.3031	35	2104.2001	97
1806.3101	51	1902.3041	41	2104.2002	51
1806.3109	51	1902.4021	41	2104.2003	24
1806.3202	47	1904.3001	42	2104.2009	24
1806.3203	39	1904.9001	42	2106.9041	67
1806.3209	21	1905.3110	17	2106.9048	67
1806.9011	22	1905.3131*	31	2106.9064	41
1806.9022	18	1905.3132*	23	2202.9011	41
1806.9023	48	1905.3139*	19	2202.9012	41
1806.9024	39	1905.3201	16	2202.9013	41
1806.9025	53	1905.3209	11	2202.9014	41
1806.9026	48	1905.4000	16	2202.9015	41
1806.9028	118	1905.9011	39	2202.9016	41
1806.9029	43	1905.9019	5	2202.9017	41
1806.9039	47	1905.9021*	5	2202.9019	41
1901.2012	25	1905.9029*	5		

2. gr.

Um vörflokkun, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu tollsins gilda ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

[...] ¹⁾

Sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 79/2006 sem gefin var út og tók gildi 7. febrúar 2006.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. sbr. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, kemur í stað auglýsingar nr. 967/2001 og gildir frá 1. janúar 2002.

Ákvæði auglýsingarinnar skulu taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Við gildistöku auglýsingar þessarar falla jafnframt brott, úr 1. gr. auglýsingar nr. 372/1995, með síðari breytingum, orðin „eða eru upprunnar í Evrópusambandinu í skilningi bókonar 3 við fríværslunarsamning Evrópusambandsins og Íslands“.

* Tollskrárnúmer færð til samræmis við gildandi tollskrá 1. janúar 2006. 1) Tollskrárnúmer ber að öðru leyti að skoða í ljósi breytinga á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

Auglýsing

nr. 341/2002 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Myanmar, Tælandi og Víetnam, sbr. auglýsingu nr. 496/2003 um breytingu á henni.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja rækju frá Myanmar sem nota á til mannelis.

2. gr.

[Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn rækju frá Tælandi sem nota á til mannelis, ef heilbrigðisvottorð sendingarinnar er gefið út fyrir 21. september 2002.] ¹⁾

[3. gr.] ²⁾

4. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

1) Sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 496/2003. 2) Sbr. 2. gr. auglýsingar nr. 496/2003.

Auglýsing

nr. 349/2002 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) um aðgerðir gegn talibönnum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan, sbr. og ályktanir öryggisráðsins nr. 1388 (2002) og 1390 (2002) um ástandið í Afganistan.

Með vísan til 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) frá 15. október 1999 um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) frá 19. desember 2000 um aðgerðir gegn talibönnum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimil með beinum eða óbeinum hætti hvers kyns sala á vopnum, vopnabúnaði og iðefninu ediksýruanhýdríði til aðila sem dvelja eða starfa á þeim landsvæðum í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Hið sama gildir um hvers konar milligöngu þar um eða að stuðla að því með öðrum hætti að vopn og vopnabúnaður berist í hendur þessara aðila sem og um vörur sem nota má til viðhalds og framleiðslu á vopnum og vopnabúnaði.

2. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimilt með beinum eða óbeinum hætti að veita ráðgjöf, tækniaðstoð eða aðra fyrirgreiðslu án tillits til þess hvort gagngjald komi fyrir eða ekki í tengslum við herþjálfun, hernaðaraðstoð eða annars konar starfsemi sem ætla má að hafi hernaðarlegan tilgang á svæðum þeim í Afganistan sem lúta stjórn talibana.

3. Óheimilt er að nota loftför og skip skrásett á Íslandi til að flytja vörur sem um getur í 1. tl. til svæða í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Að sama skapi er óheimilt að flytja slíkar vörur um íslenskt yfirráðasvæði.

4. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að stöðva eða koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning, þar með talið afhendingu fjár og fjárverðmæta, úttektir, millifærslu sem og viðskipti með hvers konar fjárhagsleg verðmæti eða ígildi þeirra til þeirra einstaklinga, félaga eða stofnana sem tilgreindir eru í viðauka við auglýsingu þessa, umboðsmanna þeirra eða einstaklinga sem starfa með einhverjum hætti á þeirra vegum og að koma í veg fyrir að þeir aðilar sem tilgreindir eru í viðauka við auglýsingu þessa fái slíkar greiðslur í hendur eða geti nýtt þær með öðrum hætti.

5. Þeim einstaklingum sem nefndir eru í viðauka við auglýsingu þessa er enn fremur óheimilt að dvelja hér á landi eða hafa hér viðkomu.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 776/2001 frá 15. október 2001.

I. Liðsmenn Talibana í Afganistan:**Auglýsing****nr. 899/2002 um takmörkun á innflutningi á hnetum og hnetuafurðum frá Kína.**

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á hnetum og hnetuafurðum sem upprunnar eru í Kína og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn hnetur og hnetuafurðir til manneldis sem upprunnar eru frá Kína og falla undir eftirtalin tollskrárnúmer: 1202.1000, 1202.2000, 2008.1109¹⁾.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum eftirlitsaðila um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

1) Tollskárnúmer ber að skoða í ljósi breytinga á tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum.

4. gr.

Vörusendingar, upprunnar í Kína, sem falla undir tollskrárnúmer nefnd í 3. gr. skulu hafa raðnúmer skráð á hverja einingu innan vörusendingarinnar og skal það samsvara því sem fram kemur á vottorði frá opinberum eftirlitsaðila. Þetta á við um vörusendingar sem sendar eru frá Kína eftir 1. september 2002.

5. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. einnig 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun nr. 2002/79/EB, sbr. ákvörðun nr. 2002/678/EB. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 210/2002 um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Kína.

Auglýsing

nr. 901/2002 um takmörkun á innflutningi á þurrkuðum fíkjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum úr þeim frá Tyrklandi, sbr. auglýsingu nr. 883/2003 um breytingu á henni.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum fíkjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum úr þeim sem upprunnar eru frá Tyrklandi og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn eftirtalin matvæli sem upprunnin eru frá Tyrklandi:

- Þurrkaðar fíkjur sem falla undir tollskrárnúmer 0804.2000.
- Heslihnetur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.2100 eða 0802.2200.
- Pistasíur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.5000.
- Blöndur af hnetum og þurrkuðum ávöxtum sem falla undir tollskrárnúmer 0813.5001 og 0813.5009, sem innihalda fíkjur, heslihnetur eða pistasíur.
- Unnar afurðir úr heslihnetum, fíkjum og pistasíum, þ.m.t. blöndur sem falla undir tollskrárnúmer 2008.1900.
- Fíkjudeig og heslihnetudeig sem falla undir tollskrárnúmer 2007.9900.

[- Mjöl, fín- og grófmalað, og duft af heslihnetum, fíkjum og pistasíum sem falla undir tollskrárnúmer 1106.3000.]¹⁾

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum eftirlitsaðila um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

1) Sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 883/2003.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum eftirlitsaðila um að hún innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. einnig 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun nr. 2002/80/EB, sbr. breyting á henni nr. 2002/679/EB. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 211/2002 um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Tyrklandi.

Auglýsing

nr. 491/2003 um takmörkun á innflutningi á sterkum chílepipar og afurðum úr honum.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- og/eða fínmöluðum sterkum chílepipar af ættinni Capsicum og afurðum úr honum sem ætlaðar eru til manneðis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innihalda litarefnið Sudan 1 séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins þurrkaðan, gróf- eða fín malaðan sterkan chílepipar af ættinni Capsicum eða afurðir úr honum sem falla undir tollskrárnúmerin 0904.1200 og/eða 0904.2009.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum aðila til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki litarefnið Sudan 1.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki Sudan 1 litarefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og öðlast gildi við birtingu. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII kafla, II. viðauka (2003/460/EB).

Auglýsing

nr. 495/2003 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum og Noregi.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er óheimilt að flytja inn óslægðan lax, sjóbirting og regnbogasilung frá Færeyjum og Noregi.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 713/2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum og auglýsing nr. 714/2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Noregi.

Auglýsing

nr. 569/2003 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á lifandi laxfiski og hrognum sem eiga uppruna sinn í Færeyjum og Noregi.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum vegna veirusjúkdómsins blóðþorra (ISA) er óheimilt að flytja inn lifandi fisk af laxfiskaætt (Salmonidae) sem á uppruna sinn í Færeyjum og Noregi.

Einnig er óheimilt að flytja inn lifandi hrogn fiska af laxfiskaætt (Salmonidae) sem eiga uppruna sinn í Færeyjum og Noregi nema hrognin hafi verið sótthreinsuð tvisvar, bæði nýfrjóvguð og á augnhrognastigi, og með fyrirvara um að viðkomandi sendingu fylgi vottorð í því formi sem sett er fram í viðauka I með ákvörðun þessari.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin af landbúnaðarráðherra í samráði við yfirdýralækni á grundvelli 7. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum, sbr. bráðabirgðalög nr. 103/2003, með hliðsjón af ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópu-bandalaganna frá 29. janúar 2003 nr. 2003/70/EC og 2003/71/EC og tekur þegar gildi.

Viðauki I ekki birtur hér.

Auglýsing

nr. 608/2003 um takmörkun á innflutningi á parahnetum frá Brasilíu.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á parahnetum (brasilíuhnetum) í hýði sem upprunnar eru í Brasilíu og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins parahnetur frá Brasilíu sem falla undir tollskrárnúmerið 0801.2100.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum aðila til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII. kafla, II viðauka (ákvörðun 2003/493/EB). Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Auglýsing

nr. 880/2003 um takmörkun á innflutningi á pistasíum og afurðum úr þeim frá Íran.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á pistasíum og afurðum úr þeim sem upprunnar eru frá Íran og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að trygga að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum, nr. 662/2003.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn eftirtalin matvæli sem upprunin eru frá Íran:

- Pistasíur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.5000 (hjartaaldin).
- Ristaðar pistasíur sem falla undir tollskrárnúmer 2008.1900.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar rekjanlegu heilbrigðis- og/eða rannsóknvottorði frá þar til bærum aðila í útflutningslandinu til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum, nr. 662/2003.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum, nr. 662/2003. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Um eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar fer skv. ákvæðum laga um matvæli nr. 93/1995, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 og með hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka (ákvarðanir 1997/830/EB og 2003/551/EB).

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Auglýsing

nr. 529/2005 um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá.

1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía
Alsír
Antillur
Antígva og Barbúða
Argentína
Ástralía
Bahamaeyjar
Bangladess
Belís
Brasilía
Búlgaríá
Conakry
Egyptaland
Ekvador
El Salvador
Falklandseyjar
Filippseyjar
Fílabeinsströndin
Franska
Gabon
Gambía
Gana
Gínea
Grenada
Grænhöfðaeypjar
Grænland
Gvatemala

Gvæjana
Hollensku
Hondúras
Hong Kong
Indland
Indónesía
Íran
Jamaíka
Japan
Jemen
Kaledónía
Kanada
Kasakstan
Kína
Kostaríka
Kólumbía
Króatía
Kúba
Madagaskar
Malasía
Maldíveyjar
Marokkó
Mayotte
Máritanía
Máritíus
Mexíkó
Mósambík

Namibía	Serbía og Svartfjallaland – Heimildin nær ekki til
Nikaragúa Singapúr	innflutnings frá Kósovó
Nígería	Seychelleseyjar
Nýja	Simbabve
Nýja Sjáland	Síle (Chile)
Oman	Srí Lanka
Pakistan	Suður Afríka
Panama	Suður Kórea
Papúa	Súrínám
Perú	Sviss
Pólinesía	Taíland
Rúmenía	Taívan
Rússland Túnis	Tansanía
Sameinuðu arabísku	Tyrkland
Sankti Pierre og Miquelon	Úganda
Sádi-Arabía	Úrúgvæ
Senegal	Venesúela
	Víetnam

3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5., og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum:

Angóla
 Armenía – Aðeins heimild til innflutnings á lifandi vatnakrabba.
 Aserbaídsjan - Aðeins heimill innflutningur á kavíar.
 Bandaríkin
 Benín
 Erítrea
 Fídjieyjar
 Hvíta-Rússland
 Ísrael
 Kamerún
 Kongó – Aðeins heimill innflutningur sjávarafurða sem eru veiddar, frystar og pakkað í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi.
 Mjanmar (Burma)
 Salómonseyjar
 Sankti Helena
 Tógó

4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldyr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um:

Ástralía	Suður Kórea
Jamaíka - Aðeins heimilt að flytja inn sæsnigla.	Taíland
Japan	Túnis
Marokkó	Tyrkland
Perú	Úrúgvæ
Síle (Chile)	Víetnam

5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldyr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum:

Bandaríkin	Kanada
Grænland	Nýja Sjáland

6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskimjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr., enda komi mjölið frá skráðri starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Heimilt er að flytja inn lýsi frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. enda komi lýsið frá skráðri starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 490 frá 3. júlí 2003, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.

- 1) Auglýsingin öðlaðist gildi við birtingu 10. júní 2005

Auglýsing

nr. **536/2005**, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávar- og fiskeldisafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða sem dýrafóður.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að flytja inn sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs aðrar en þær sem taldar eru í 3. gr.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs, að því tilskyldu að þeim fylgi yfirlýsing þar til bærra kínverskra yfirvalda um að á hverri sendingu hafi verið gert efnafræðilegt próf til að ganga úr skugga um að vörurnar séu ekki skaðlegar heilsu manna. Þetta próf skal einkum gert til að kanna leifar klóramfenikól og nítrófúrans og afleiðna af þeim efnunum. Niðurstöður þessara prófa verða að fylgja sendingunni:

1. Fiskeldisafurðir .
2. Pillaða og/eða unna rækju .
3. Vatnakrabba af tegundinni *Procramburus clarkii*, sem veiðist í náttúrulegu ferskvatni .

4. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og til innleiðingar á ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 2002/994/EB og síðari ákvörðunum sem breyta henni. Ákvörðunin tekur þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 86, 11. febrúar 2003, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

Lögin voru birt 10. júní 2005.

Auglýsing

nr. 772/2005 um takmörkun á innflutningi á sterkum chílepipar og afurðum úr honum, karríi, túrmerík (curcuma) og pálmolíu, sbr. auglýsingu nr. 594/2008 um breytingu á henni.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- eða fínmöluðum sterkum chílepipar af ættinni Capsicum og afurðum úr honum, karríi og afurðum úr því, túrmerík (curcuma) og pálmolíu sem ætluð er til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innhalda sudan litarefni sem um getur í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja inn til landsins :

- a) þurrkaðan, gróf- eða fín malaðan sterkan chilépipar af ættinni Capsicum og afurðir úr honum sem falla undir tollskrárnúmerin 0904.1200 og/eða 0904.2009,
- b) [karrí og afurðir úr því sem falla undir tollskrárnúmerin 0910.9100 og 0910.9900,]¹⁾
- c) túrmerík sem fellur undir tollskrárnúmerið 0910.3000,
- d) pálmolíu sem fellur undir tollskrárnúmerin 1511.1001 og/eða 1511.1009.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar rannsóknarvottorði sem viðurkennt er af opinberum aðilum til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki eftirtalin litarefni:

- a) Sudan I (CAS númer 842-07-9);
- b) Sudan II (CAS númer 3118-97-6);
- c) Sudan III (CAS númer 85-86-9);
- d) Sudan IV / Skarlatsrauður (CAS númer 85-83-6).

Sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 594/2008

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram rannsóknarvottorð samþykkt af opinberu yfirvaldi á EES-svæðinu sem sýnir að hún innihaldi ekki framangreind sudan litarefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd þessarar auglýsingar skal vera samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

6. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt 30. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Nr. 772 16. ágúst 2005

7. gr.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr. sbr. 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og með hliðsjón af ákvörðun 2005/402/EB.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 340/2004 um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum.

Auglýsing

nr. 23/2009 um bann eða takmörkun á innflutningi og varúðarráðstafanir vegna matvæla og fóðurs sem innihalda mjólk, mjólkurafurðir, soja eða sojaafurðir eða hjartarsalt, og eru upprunnar í Kína eða eru fluttar frá Kína.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á matvælum og fóðri, hér eftir nefndar vörur, sem innihalda mjólk eða mjólkurafurðir og soja eða sojaafurðir eða hjartarsalt, og eru upprunnar í Kína eða eru fluttar frá Kína.

2. gr.

Bannað er að flytja til landsins eða markaðssetja vörur sem falla undir þessa auglýsingu og innihalda mjólk, mjólkurafurðir, soja eða sojaafurðir, sem sérstaklega eru ætlaðar fyrir ungbörn og smábörn, eins og þau eru skilgreind í reglugerð nr. 757/2002 um sérfaði, reglugerð nr. 140/2003 um barnamat fyrir ungbörn og reglugerð nr. 925/2008 um markaðssetningu ungbarnablandna úr tilteknum mysupróteínum.

3. gr.

Matvælastofnun skal hafa sérstakt eftirlit með öllum samsettum vörum sem eru upprunnar í Kína eða fluttar eru frá Kína sem falla undir þessa auglýsingu og innihalda mjólk, mjólkurafurðir, soja og sojaafurðir og hjartarsalt (ammóníum karbónat) sem notað er til matargerðar. Heimilt er að taka sýni af handahófi af vörum með hátt prótíninnihald sem upprunnar eru í Kína eða fluttar eru frá Kína.

Innflutningseftirlitið skal framkvæmt með skoðun á vörum, skjölum og sýnatöku. Óheimilt er að dreifa umræddum vörum nema niðurstöður úr sýnatöku leiði í ljós að magn melamíns í vörunni sé innan við 2,5 mg/kg. Öllum vörum þar sem magn melamíns í vörunni fer yfir 2,5 mg/kg skal fargað. Matvælastofnun skal jafnframt tilkynna um slíkar vörur inn í evrópska viðvörunarkerfið (RASFF).

Ef vörur sem tilgreindar eru í 2. gr. eru á markaði héraðsins við gildistöku auglýsingarinnar skal þeim fargað án tafar. Vörur sem eru á markaði og innihalda mjólkur-, sojaafurðir eða hjartarsalt, skv. 1. mgr. 3. gr. skulu rannsakaðar og þeim fargað ef magn melamíns í vörunni fer yfir 2,5 mg/kg.

Allur kostnaður við eftirlit, rannsóknir og förgun samkvæmt auglýsingu þessari skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem auglýsing þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

5. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar, sbr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 93/1995 og laga nr. 22/1994 um eftirlit með áburði, sáðvöru og fódri, hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar auglýsingar sé framfylgt.

6. gr.

Um valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum og ákvæðum laga um eftirlit með áburði, sáðvöru og fódri nr. 22/1994.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 27., 28. og 29. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum, 7. gr. laga um eftirlit með áburði, sáðvöru og fódri nr. 22/1994 og með hliðsjón af ákvörðunum nr. 798/2008/EB og 921/2008/EB.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 935/2008.

Auglýsing

nr. 906/2009 um takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að örverumenguð matvæli sem talin eru upp í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eftirtalið grænmeti, ferskt eða frosið:

Kryddjurtir sem falla undir tollflokka nr. 0709.9009, 0710.8009, 1211.9001, 1211.9002 og 1211.9009.

Baunir sem falla undir tollflokk nr. 0708.

Lauf, svo sem bananalauf og bambuslauf sem fellur undir tollflokka nr. 1401.1000 og 1401.9000.

Rætur sem falla undir tollflokka nr. 0706.9009, 1211.9001 og 1212.9009.

Asparagus sem fellur undir tollflokk nr. 0709.2000 og 0710.8009.

Þrátt fyrir ofangreint skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá fag-giltri rannsóknastofu til Matvælastofnunar um að varan innihaldi ekki Salmonella og örveru-ástand hennar sé að öðru leyti ásættanlegt.

4. gr.

Ef matvæli sem talin eru upp í 3. gr. eru á markaði hér á landi við gildistöku aug-lýsingar-innar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram rannsókná-vottorð frá faggiltri rannsóknastofu um að hún innihaldi ekki Salmonella og að örveruástand hennar sé að öðru leyti ásættanlegt.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu matvælin tekin af markaði.

5. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar auglýsingar.

6. gr.

Um valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. og 29. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing, nr. 593/2008 um tímabundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.

Augýsing

nr. 185/2010 um tilteknar varúðarráðstafanir vegna innflutnings á matvælum og fóðri frá Kína sem innhalda afurðir úr dýraríkinu.

1. gr.

Óheimilt er að markaðssetja eða flytja til landsins fóður eða matvæli frá Kína sem innhalda afurðir úr dýraríkinu.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að markaðssetja og flytja inn þær afurðir sem um getur í viðauka I og II ef þær uppfylla almennar kröfur sem gerðar eru varðandi hollustuhætti og öryggi slíkra afurða.

Með afurðum sem um er getið í viðauka II skal fylgja með yfirlýsing frá kínverskum yfirvöldum þar sem fram kemur að efnafræðilegar mælingar hafi verið framkvæmdar á sýnum af hverri sendingu sem staðfesti að afurðirnar eru ekki skaðlegar heilsu manna eða dýra. Slíkar mælingar skulu sérstaklega staðfesta að leifar klóramfeníkóls og nítrófúrans og afleiða þeirra sé ekki að finna í afurðunum. Að auki skal framkvæma mælingar á malakítgrænu og kristalfjólubláu (methyl violet 10B) og afleiða þeirra í öllum fiskeldisafurðum sem tilgreindar eru í viðaukanum og staðfesta að slíkar leifar sé ekki að finna í afurðunum. Niðurstöður slíkra mælinga skulu jafnframt koma fram í fylgiskjölum með sendingum afurðanna.

3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar, sbr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 93/1995, um martvæli hafa eftirlit með matvælum og laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar auglýsingar sé framfylgt.

4. gr.

Um valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum og ákvæðum laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 27., 28. og 29. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum, 7. gr. laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994 og með hliðsjón af ákvörðunum nr. 2002/994/EB, 2004/621/EB, 2005/573/EB, 2008/463/EB, 2008/639/EB og 2009/799/EB. Auglýsingin öðlast gildi 1. mars 2010.

VIÐAUKI I

Afurðir úr dýraríkinu sem ætlaðar eru til manneðis eða sem dýrafóður og heimilt er að flytja til landsins án yfirlýsingar, sbr. 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.

Fiskafurðir, nema:

1. Fiskeldisafurðir;
2. Rækja, pilluð og/eða unnin;
3. Vatnakrabbí af tegundinni *Procambrus clarkii* sem veiddur er í ferskvatni;

Gelátín

Gæludýrafóður sem fellur undir reglugerð nr. 108/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneðis.

VIÐAUKI II

Afurðir úr dýraríkinu sem ætlaðar eru til manneðis eða sem dýrafóður og heimilt er að flytja til landsins að því tilskildu að þeim fylgi yfirlýsing, sbr. 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.

Fiskeldisafurðir

Rækja, pilluð og/eða unnin

Vatnakrabbí af tegundinni *Procambrus clarkii* sem veiddur er í ferskvatni

Dýragarnir

Kanínukjöt

Hunang

Drottningarhunang

Alifuglakjöt

Egg og eggjavörur.

Auglýsing

nr. 1022/2010 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Neytendastofa að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. janúar 2011 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

bifreiðabensín	0,40 kr. á lítra
gasolía	0,82 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,01 kr. á kg
flugvélabensín	0,25 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,08 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingar-aðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 461/2010.

Gjaldskrá

Gjaldskrá¹⁾

fyrir innheimtu þjónustugjalda vegna tollafgreiðslu, tolleftirlits o.fl.

¹⁾Lögbirtingablað, útgáfudagur 18. nóvember 2009.

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um gjaldtöku vegna starfsemi tollstjóra sem er gjaldskyld samkvæmt tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Gjaldskyld starfsemi tollstjóra og ákvörðun gjalda.

2. gr.

Í þessari grein er yfirlit yfir gjaldskylda starfsemi tollstjóra og ákvörðun gjalda vegna hennar. Kostnaðarliðir eru launakostnaður, aksturskostnaður og annar kostnaður, sbr. 3.-5. gr.

Launakostnaður miðast við unnar vinnustundir samkvæmt reglum 3. gr., en þó er hann metinn sem fast gjald þegar um er að ræða tollafgreiðslu millilandafara, sbr. 1. og 2. tölulið þessarar greinar.

Aksturskostnað ber einungis að greiða í þeim tilvikum sem það er sérstaklega tekið fram í þessari grein.

2.1. *Tollafgreiðslur skipa og flugvéla utan almenns tollafgreiðslutíma.*

Greiða ber kostnað við aðkomu- og brottfarartollafgreiðslur skipa og flugvéla í millilandaferðum utan almenns tollafgreiðslutíma.

Almennur tollafgreiðslutími er frá kl. 07 til 18 alla virka daga.

Tollafgreiðslugjöld samkvæmt þessum lið skulu vera sem hér segir:

A. *Almenn tollafgreiðslugjöld:*

1. Farþegavélarkr. 26.566.
2. Frakt-, ferju- og einkavélarkr. 7.590.
3. Skip, aðkomutollafgreiðslakr. 22.771.

4. Skip, brottfarartollafgreiðslakr. 11.386.

B. Sérstök tollafgreiðslugjöld (stórhátíðardagar):

1. Farþegavélarkr. 35.175.
2. Frakt-, ferju- og einkavélarkr. 10.050.
3. Skip, aðkomutollafgreiðslakr. 30.150.
4. Skip, brottfarartollafgreiðslakr. 15.075.

Ef einn tollvörður annast aðkomutollafgreiðslu skips lækkar tollafgreiðslugjaldið um helming.

2.2. Tollafgreiðslur skipa og flugvéla utan tollhafna.

Greiða ber kostnað við aðkomu- og brottfarartollafgreiðslu skipa og flugvéla í millilandaferðum sem tollstjóri heimilar að hafi fyrstu eða síðustu viðkomu hér á landi utan tollhafna.

Tollhafnir eru Reykjavík, Grundartangi, Akranes, Grundarfjörður, Ísafjörður, Skagaströnd, Sauðár-krókur, Siglufjörður, Akureyri, Húsavík, Vopnafjörður, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Egilsstaðir, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn, Keflavík, Keflavíkur-flugvöllur, Hafnarfjörður og Kópavogur.

Tollafgreiðslugjöld samkvæmt þessumlið skulu vera sem hér segir:

A. Tollafgreiðslugjöld vegna tollafgreiðslu í dagvinnu tollvarða:

1. Farþegavélarkr. 15.733.
2. Frakt-, ferju- og einkavélarkr. 4.495.
3. Skip, aðkomutollafgreiðslakr. 13.485.
4. Skip, brottfarartollafgreiðslakr. 6.743.

B. Tollafgreiðslugjöld vegna tollafgreiðslu í yfirvinnu tollvarða:

1. Farþegavélarkr. 26.566.
2. Frakt-, ferju- og einkavélarkr. 7.590.
3. Skip, aðkomutollafgreiðslakr. 22.771.
4. Skip, brottfarartollafgreiðslakr. 11.386.

C. Tollafgreiðslugjöld vegna tollafgreiðslu á stórhátíðardögum:

1. Farþegavélarkr. 35.175.
2. Frakt-, ferju- og einkavélarkr. 10.050.
3. Skip, aðkomutollafgreiðslakr. 30.150.
4. Skip, brottfarartollafgreiðslakr. 15.075.

Ef einn tollvörður annast aðkomutollafgreiðslu skips lækkar tollafgreiðslugjaldið um helming.

Auk tollafgreiðslugjalds ber að greiða aksturskostnað þegar um er að ræða tollafgreiðslu skipa og flugvéla utan tollhafna.

2.3. Bráðabirgðatollafgreiðslur.

Greiða ber kostnað við tolleftirlit vegna bráðabirgðatollafgreiðslu, þ.m.t. aksturskostnað.

Bráðabirgðatollafgreiðsla vöru getur verið heimil ef fullnaðartollafgreiðsla getur ekki farið fram þar sem nauðsynleg tollskjöl vantar eða þeim er ábótavant eða ef fresta þarf ákvörðun um tollverð vöru eða önnur atriði sem tollalög taka til.

2.4. Neyðarleyfi.

Greiða ber kostnað við tolleftirlit vegna útgáfu neyðarleyfis, þ.m.t. aksturskostnað.

Heimilt getur verið að afhenda vöru samkvæmt neyðarleyfi, þó fullnaðartollafgreiðsla hafi ekki farið fram, ef afhending hennar er brýn og fullnægt er tilteknum skilyrðum, sbr. 37. gr. tollalaga.

2.5. Mat á vörum vegna skemmda, vöntunar eða rýrnunar.

Greiða ber kostnað við mat á vörum sem orðið hafa fyrir skemmdum og vegna vöntunar eða rýrnunar, þ.m.t. aksturskostnað.

2.6. Förgun vöru.

Greiða ber kostnað vegna förgunar vöru að beiðni eiganda eða vörsluhafa, þ.m.t. aksturskostnað. Um kostnað vegna atbeina þriðja aðila fer eftir 5. gr.

Þegar fargað er vörum að beiðni fleiri aðila, greiða þeir kostnað hlutfallslega miðað við vörumagn.

2.7. Flutningur ótollafgreiddrar vöru á milli staða innanlands o.fl.

Greiða ber kostnað við tolleftirlit, þ.m.t. aksturskostnað, sem er nauðsynlegt að mati tollstjóra í tengslum við flutning á ótollafgreiddum vörum á milli staða innanlands, svo og þegar óskað er eftir að Tollgæslan fylgi flutningi eða sé viðstöddaffermingu eða fermingu, innsetningu í vörugeymslu, opnun gáma og sambærileg tilvik.

2.8. Tímabundinn innflutningur og aðvinnsla landbúnaðarvara, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 7. gr. tollalaga.

Greiða ber kostnað við tolleftirlit í tengslum við tímabundinn innflutning og aðvinnslu landbúnaðarvara samkvæmt tilvitnaðri lagaheimild, þ.m.t. aksturskostnað og annan ferðakostnað. Um kostnað við aðkeypta sérfræðipjónustu fer eftir 5. gr.

2.9. Tollalínan; upplýsinga- og gagnamiðlun úr tölvukerfi tollyfirvalda.

Fyrir aðgang að tollalínunni skal greiða gjöld sem hér segir:

a. Áskriftargjald er kr. 2.200 fyrir hvern mánuð. Innifalið eru 100 uppflettingar og viðhald aðgangsorðs.

b. Gjald er kr. 17 fyrir hverja uppflettingu umfram þær sem innifaldar eru í áskrift.

c. Gjald er kr. 250 fyrir hvern vinnslalista. Hægt er að fá aðgang að vinnulistum eingöngu.

Greiðslutímabil er tveir mánuðir; janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní o.s.frv.

Gjaldskyld upplýsingamiðlun og gagnasendingar úr tölvukerfi tollyfirvalda varða tiltekin fyrirtæki, vörusendingar og stöðu þeirra í tollafgreiðsluferli, skuldfærsluheimildir, skuldfærð aðflutningsgjöld og skuldastöðu.

2.10. Innsiglun; kostnaður við farmverndarinnsigli.

Greiða ber kostnað, þ.m.t. aksturskostnað, ef nauðsynlegt er að mati tollstjóra að innsigla ótollafgreiddar vörur meðan á geymslu eða flutningi stendur, svo og ef óskað er eftir að Tollgæslan innsigli slíkar vörur eða rjúfi innsigli.

Gjald er kr. 84 fyrir hvert farmverndarinnsgli sem viðurkenndir farmverndaraðilar fá hjá tollstjóra til innsíglunar vörugáma sem hlaðnir eru til útflutnings, sbr. reglur nr. 929/2008 um farmvernd.

2.11. Varðstaða um borð í skemmtiferðaskipum.

Greiða ber kostnað við varðstöðu um borð í skemmtiferðaskipum, sem er nauðsynleg, að mati tollstjóra, vegna undanþágu frá skyldu til að læsa inni forða og birgðir á meðan þau eru á tollsvæði ríkisins, sbr. 57. gr. tollalaga.

2.12. Starfsemi tollfrjálsra forðageymslna, tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra birgðageymslna þeirra, frísvæða og umflutningsgeymslna.

Greiða ber kostnað við tollefirlit sem tollstjóri metur nauðsynlegt vegna starfsemi tollfrjálsra forðageymslna, tollfrjálsra verslana og birgðageymslna þeirra, frísvæða og umflutningsgeymslna, svo sem hvað varðar sérstakar athuganir og úttektir, talningar og varðstöðu Tollgæslunnar, auk eftirlitsaðgerða sem falla undir aðra töluliði þessarar greinar, og við nauðsynlegt tollefirlit sem fram fer að beiðni viðkomandi rekstraraðila.

2.13. Námskeiðshald Tollskóla ríkisins.

Greiða ber gjald vegna þátttöku annarra en tollstarfsmanna í námskeiðum Tollskóla ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni til að standa straum af námskeiðskostnaði, svo sem vegna launa leiðbeinenda og kostnaðar við húsnæði, aðstöðu, tækjabúnað og gerð kennslugagna.

2.14. Skrá yfir affermdar vörur.

Ef stjórnandi fars lætur tollstjóra ekki í té nákvæma skrá yfir vörur sem affermdar hafa verið í losunarhöfn getur tollstjóri látið framkvæma talningu á kostnað farmflytjanda, sbr. 62. gr. tollalaga, enda meti hann það nauðsynlegt vegna eftirlits.

2.15. Tollefirlit ef ótollafgreidd vara er geymd utan viðurkenndra geymslusvæða, sbr. 69. gr. tolla-laga.

Greiða ber kostnað við tollefirlit sem nauðsynlegt er að mati tollstjóra vegna leyfis til geymslu ótollafgreiddrar vöru utan viðurkenndra geymslusvæða.

Tollstjóri getur leyft geymslu ótollafgreiddrar vöru utan viðurkenndra geymslusvæða þegar sérstakar ástæður mæla með því og samkvæmt þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg.

2.16. Förgun ótollafgreiddrar vöru sem ekki verður seld nauðungarsölu eða á frjálsum markaði til lúkingar á gjaldföllum aðflutningsgjöldum, sbr. 3. mgr. 128. gr. tollalaga.

Telji tollstjóri ekki ástæðu til að selja vöru nauðungarsölu eða á frjálsum markaði vegna ástands hennar er honum heimilt að láta farga henni á kostnað innflytjanda.

2.17. Kostnaður við tollskoðun, sbr. 167. gr. tollalaga.

Ef innflytjandi eða vörsluhafi sinnir ekki skyldu sinni til aðstoðar við tollskoðun ótollafgreiddrar vöru, skal viðkomandi greiða þann kostnað sem slíkt hefur í för mér sér fyrir Tollgæsluna.

Kostnaðarliðir.

3. gr.

Launakostnaður.

Um ákvörðun launakostnaðar vegna gjaldskyldrar vinnu tollvarða fer samkvæmt þessari grein, sbr. þó 3. mgr. 2. gr.

Launakostnaður miðast við grunnþrep 13. launaflokks í launatöflu tollvarða frá 1. nóvember 2008 að viðbættum 13,04% vegna orlofs og 22,6% vegna launatengdra gjalda, og er sem hér segir:

1. Tímagjald í dagvinnu: kr. 2.247,52 pr. klst.
2. Tímagjald í yfirvinnu (og á sérstöfum frídögum): kr. 3.795,19 pr. klst.
3. Tímagjald á stórhátíðardögum: kr. 5.024,93 pr. klst.

Við útreikning og innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskránni eru gjöldin hækkuð eða lækkuð í heila tölu.

Dagvinnutími er frá kl. 08 til 16 á virkum dögum. Yfirvinnutími er tími sem er utan dagvinnutíma á virkum dögum, auk laugardaga og sunnudaga. Sérstakir frídagar eru skírdagur, laugardagurinn fyrir páska, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, annar í hvítasunnu, frídagur verslunarmanna og annar í jólum. Stórhátíðardagar eru nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur jóla eftir kl. 12, jóladagur og gamlársdagur eftir kl. 12.

Þegar launakostnaður er ákveðinn miðað við unnar vinnustundir, skal hver byrjuð klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Tímajöldi vegna útkalls tollvarðar er sem hér segir: Útkall á virkum dögum telst vera þrjár klukkustundir á tímabilinu frá kl. 18 til 24, nema á föstudögum þá telst útkall á tímabilinu frá kl. 18 til 24 vera fjórar klukkustundir. Útkall á virkum dögum telst vera fjórar klukkustundir á tímabilinu kl. 24 til 07. Útkall á laugardögum, sunnudögum, sérstöfum frídögum og stórhátíðardögum telst jafnframt vera 4 klukkustundir. Kostnaður við útkall eins tollvarðar er því sem hér segir:

1. Á virkum dögum, öðrum en föstudögum, á tímabilinu frá kl. 18 til 24: kr. 11.386.
2. Á föstudögum á tímabilinu frá kl. 18 til 24; á virkum dögum á tímabilinu frá kl. 24 til 07 og á laugardögum, sunnudögum og sérstöfum frídögum: kr. 15.181.
3. Á stórhátíðardögum: kr. 20.100.

4. gr.

Aksturskostnaður.

Aksturskostnað skal miða við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

Gjald vegna aksturskostnaðar er kr. 92. pr. km.

Við ákvörðun aksturskostnaðar skal almennt miða við akstur vegna ferða tollvarða frá tollstöð til og frá þeim stað þar sem hin gjaldskylda vinna er unnin. Þó er heimilt að taka tillit til sérstakra ástæðna sem þykja réttlæta frávik til lækkunar á innheimtum aksturskostnaði.

5. gr.

Annar kostnaður.

Kostnaður vegna atbeina þriðja aðila, sem tengist gjaldskyldri þjónustu tollstjóra, skal innheimtur samkvæmt framlögðum reikningi.

Gjalddagi.

6. gr.

Gjalddagi er útgáfudagur reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Ef eigi hefur verið greitt á eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

Langtímasamningar.

7. gr.

Þeir sem njóta þjónustu sem gjaldskrá þessi tekur til, eiga þess kost að gera langtímasamning við tollstjóra um greiðslu gjalda fyrir þjónustuna þar sem unnt er að víkja frá ákvæðum gjaldskrárinnar og m.a. kveða á um að greiðsla fyrir þjónustuna nemi ákveðinni upphæð á tilteknu tímabili.

Gildistaka og breytingar á gjaldskránni.

8. gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. desember 2009.

Gjaldskráin er m.a. miðuð við samningsbundin laun tollvarða og ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um aksturskostnað. Verði breytingar á þessum forsendum, breytist gjaldskráin til samræmis, án sérstaks fyrirvara.

Atriðisorðaskrá

- A.T.A ábyrgðarskjal
 Tímabundinn innflutningur, 857
- Aðalræðisskrifstofa, 24
- Aðalskoðun og skráning, 46
- Aðfangaeftirlit, 428, 430
- Áburður, 429
- Jarðvegsbætandi efni, 429
- Sáðvörur, 428
- Aðflutningsgjöld, 256
- Álagning, 292
- Dráttarvextir, 297
- Endurákvörðun, 293
- Gjalddag, 296
- Skuldfærsla, 795
- Uppgjörstímabil, 296
- Aðflutningsskýrslur, 268
- Rafrænar, 269
- Skriflegar, 269
- Tollmiðlarar, 269
- Varðveisla, 271
- Aðför, 17
- Aðgangur tollgæslu, 304
- Aðilar
- Háðir hvor öðrum, 266
- Aðkomuafgreiðsla, 280
- Aðkomuafgreiðsla fars, 280
- Aðkomufar, 256
- Aðskotaefni
- Matvæli, 682
- Aðstoð
- Hervöld Bandaríkjanna, 12
- Lögreglu, 312
- Við tollgæslu, 307
- Við tollskoðun, 308
- Aðvinnsla, 288
- Erlendis, 263
- Frísvæði, 290
- Tollvörugeymsla, 288
- Umflutningsgeymslur, 292
- Afferming, 280
- Afgreiðslugeymslur, 285, 789
- Afgreiðslustaður fars, 279
- Afhending, 172, 283
- Dýr, 704
- Farmur, 29, 172
- Hraðsendingar, 799
- Póstsendingar, 797
- Röng skjöl, 309
- Röng vottorð, 309
- Úr fari eða afgreiðslugeymslu, 283
- Vöru út af geymslusvæði, 283
- Aflaskýrslur, 302
- Íslensk veiðiskip, 302
- Afskráning ökutækis, 667
- Afurðir úr dýraríkinu
- Samræmd vottorð og skoðunarskýrslur, 775
- Albanía

- Innflutningsbann, 1022
- Alidýraáburður
 - Innflutningstakmarkanir, 687
- Alifiskur, 318
- Aljóðlegar þvingunaraðgerðir
 - Landgöngubann, 884
- Almenn, 634
- Almenn hegningarlög, 7
- Almenn tollskylda, 258
- Almennar upprunareglur, 303
- Almennt, 715
- Almennt vörugjald, 94, 467
 - Álagning, 469
 - Bókhald, 472
 - Endurgreiðsla, 471
 - Gjald dagar, 34, 469
 - Gjaldskyldar vörur, 31
 - Gjaldskyldir aðilar, 34, 468
 - Gjaldstofn, 468
 - Kærur, 473
 - Niðurfelling, 471
 - Sérstök skráning heildsala, 469
 - Uppgjörstímabil, 469
 - Uppgjörstímabil, 34
- Almennt vörugjald af bensíni, 398
- Almennt vörugjald af eldsneyti, 94
- Almennur tollafgreiðslutími, 314
- Al-Qaida
 - Hryðjuverkasamtök, 903
- Alþjóðastofnanir, 84
- Alþjóðatollastofnunin, 313
 - Breytingar á tollskrá, 313
- Alþjóðaverslun
 - Villt dýr, 705
 - Villtar plöntur, 705
- Alþjóðaviðskiptastofnunin
 - Tollabindingar, 258
- Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir
 - Eritrea, 930
 - Frysting fjármuna, 884
 - Vopn, 885
- Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir
 - Framkvæmd vopnasölubanns, 883
- Alþjóðlegar öryggisaðgerðir
 - Gereyðingarvopn, 891
 - Hryðjuverkastarfsemi, 889
- Alþjóðlegra þvingunaraðgerðir, 881
- Alþýðulýðveldið Kongó
 - Þvingunaraðgerðir, 905
- Arfur
 - Tollfrelsi, 260
 - Tollfríðindi, 859
- ATA
 - Atvinnutæki, 1011
 - Ábyrgðarsamtök, 1004
 - Ábyrgðarskjöl, 1002, 1004
 - Ábyrgðarskjöl (Trygging), 1003
 - Vörusýningar, 1006
- Athafnasvæði
 - Ótollafgreiddar vörur, 282
- Auðkennisnúmer vörusendingar
 - Sendingarnúmer, 788
- Auðlindaskattar, 357
- Auglýsingaefni
 - Tollfrelsi, 260
 - Tollfríðindi, 860
- Azó-litarefni, 391
- Áburður, 429
 - Vottun, 430
- Ábyrgð, 272, 283, 298, 683
 - Efni fylgibréfs, 171
 - Farmflytjandi, 173
 - Farmflytjendur, 283
 - Flytjandi farangurs, 173
 - Greiðsla aðflutningsgjalda, 283, 298
 - Innflytjandi, 272
 - Leyfishafar geymslusvæða, 283
 - Tollmiðlara, 272
 - Vörsluhafar, 283
 - Yfirfærsla ábyrgðar vörsluhafa, 284
- Ábyrgðaraðili fars, 256
- Ábyrgðarsamtök, 1004
- Áfengi, 13, 134, 178, 179, 183
 - Áfengisgjald, 134
 - Framleiðsla, 756
 - Geymsla, 985
 - Heildsala, 756
 - Innflutningsleyfi, 180, 756

- Innflutningur, 756
- Tollafgreiðsla, 985
- Áfengi og tóbak
 - Skipverjar og flugliðar, 851
 - Tollfríðindi ferðamanna, 850
- Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 13, 14, 15, 137, 138, 716
- Áfengisauklýsingar
 - Bann, 383
 - Undanþágur frá banni, 384
- Áfengisgjald, 134, 135, 136, 474, 475
- Álagning, 475
- Álagning og innheimta, 135
- Bókhald, 479
- Dráttarvextir, 136, 476
- Eftirlit, 479
- Endurgreiðsla, 477
- Gjalddagi, 136, 476
- Gjaldskyldir aðilar, 134, 474, 479
- Greiðslufrestur, 475
- Niðurfelling, 477
- Skilgreining áfengis, 474
- Stofn til virðisaukaskatts, 480
- Undanþágur, 476
- Áfengisgjaldsskírteini, 478
- Áfengisinnkaup
 - ÁTVR, 985
- Áfengissala
 - Bann við sölu, 181
- Ágóðahlutur
 - Tollverð, 266
- Áhöld og tæki fiskeldistöðva, 382
- Ákærvald, 347
- Álagning, 292
- Aðflutningsgjalda, 292
- Jöfnunartollar, 300
- Undirboðtollar, 300
- Úrvinnslugjald, 220
- Ársreikningur, 123
- Áskriftablöð, 406
- ÁTVT
 - Áfengisinnkaup, 985
- Ávana- og fíkniefni, 9, 23, 559
- Innflutningur, 561
- Lög, 22
- Útflutningsbann, 395
- Varsla, 1024
- Áætlun aðflutningsgjalda, 294
- Bann, 760, 1017
- Efnavopn, 190
- Tálmun tollgæslustarfa, 308
- Bein eftirför, 306
- Bensín, 95, 398, 827
- Bifreiðagjald, 43, 45, 47, 464
- Aðalskoðun og skráning, 46
- Gjalddagar, 465
- Gjalddagar og eindagar, 45
- Gjaldskyld ökutæki, 43
- gjaldskyldir aðilar, 45
- Innheimta og endurgreiðsla, 46
- Kæruleið, 47
- Bifreiðar björgunarsveita, 542
- Bifreiðar til leigubifreiðaaksturs, 541
- Bifreiðar til ökukennslu, 541
- Bindandi álit um tollflokkun, 268
- Birgðabókhald
 - Geymslusvæði
- Birgðabókhald
 - Sérstök skráning, 979
- Bitvopn, 154
- Bílagasolía (dísilolía), 827
- Bílaleigubifreiðar, 538
- Blóð, sermi og aðrar lífrænar vörur úr dýraríkinu
 - Innflutningstakmarkanir, 687
- Blý
 - Innflutningstakmarkanir, 366
- Blýleikföng
 - Innflutningsbann, 972
- Blöð, 406
- Bókasöfn
 - Virðisaukaskattsundanþága, 859
- Bókhald, 117, 119, 367
- Almenn ákvæði, 119
- Ársreikningur, 123
- Bókhaldsbækur og reikningaskipan, 120
- Bókhaldslög, 117
- Bókhaldsskyldir aðilar, 117

- Efnahagsreikningar og rekstrarreikningar, 124
 Fylgiskjöl og geymsla bókhaldsgagna, 122
 Geymslutími, 495
 Í tölvutækuformi, 123
 Mat eigna, 124
 Rafrænt, 119, 493
 Skoðun reikninga, 126
 Skýringar, 125
 Varðveisla gagnamiðla, 495
 Viðurlög og málsmeðferð, 127
 Bókhaldsbækur og reikningaskipan, 120
 Bókhaldslög, 117
 Bókhaldsskyldir aðilar, 118
 Bráðabirgðaaufgreiðsla
 Afhending farmflytjanda, 458
 Bráðabirgðatollafgreiðsla, 273, 458
 Bráðabirgðatollafgreiðslugjald, 315
 Breytingar á tollskrá, 313
 Brot
 Afhending ólöglegs innflutnings, 309
 Afhending ótollafgreiddrar vöru, 311
 Kaup ólöglegs innflutnings, 309
 Ólöglegur innflutningur, 308
 Sala ólöglegs innflutnings, 309
 Stjórnandi fars afhendir ekki tilskilin skjöl, 310
 Störf tollvarða tálmuð, 311
 Tengd varnarsamningnum, 310
 Tollinnsigli fjarlægt, 310
 Tollinnsigli rofið, 310
 Verknaðarlýsingar, 308
 Viðtaka ólöglegs innflutnings, 309
 Viðtaka ótollafgreiddrar vöru, 311
 Búfé, 75, 88
 Útflutningsleyfi, 395
 Búnaður
 Með halónum, 644
 Sem hefur verið notaður til geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Búnaður björgunarsveita
 Tollfríðindi, 860
- Búrfuglar, 702
 Búslóð
 Tollfrelsi, 259
 Búvörulög, 99
 Búvörur
 Útflutningsleyfi, 396
 Bæklingar
 Tollfrelsi, 260
 CE-samræmismarkið
 Rafföng, 917
 Chilepipar
 Innflutningsbann, 1039
 Innflutningsbann, 1031
 Cilepipar, karrí, túrmerík og pálmolíu
 Innflutningsbann, 1039
 Djúpfryst svínasæði, 937
 Dráttarþreifreiðar, 535
 Dráttarvextir
 Aðflutningsgjöld, 297
 Dúnn
 Innflutningstakmarkanir, 686
 Dvalarleyfi, 212
 Dvöl aðstandenda, 214
 Dvöl án dvalarleyfis, 212
 Dýr, 75, 88
 Innflutningsstaður, 696
 Innflutningur, 75, 696
 Samræmd vottorð og skoðunarskýrslur, 775
 Dýrafóður með sláturúrgangi
 Innflutningstakmarkanir, 686
 Dýralyf
 Eftirlit, 432
 Dýrasjúkdómar, 87, 686
 Eðlisverð, 414
 EES
 Evrópska efnahagssvæðið, 85
 Lyf, 110
 EES-útlendingur, 213
 Efnahagsreikningar, 124
 Efnavopna, 190
 Efni í raftækjum, 690
 Efni og efnablöndur, 341
 Eftirlit tollyfirvalda, 344

- Markaðsleyfi, 343
- Skráningarskylda, 343
- Efnis- og framleiðslukostnaður
 - Tollverð, 266
- EFTA-útlendingur, 213
- Eftirlit, 114, 206, 318
 - Aðskotaefni í matvælum, 683
 - Áburður, 104
 - Ávana- og fíkniefnalyf
 - Lyfjastofnun, 563
 - Dýralyf, 432
 - Efni í raftækjum, 692
 - Eiturefni
 - Umhverfisstofnun, 69
 - Eldisdýr, 724
 - Farmvernd, 238
 - Fiskistofa, 775
 - Matvælastofnun, 511
 - Fjarskiptabúnaður, 233
 - Fljótandi eldsneyti
 - Umhverfisstofnun, 828
 - Fóður, 104, 577
 - Geislatæki, 381
 - Geislavarnir ríkisins, 206
 - Geislavirk efni, 381
 - Hergögn, 360
 - Hollustuvernd ríkisins
 - Yfirborðsvirk efni, 425
 - Hundaæði, 370
 - Hættuleg efni
 - Hollustuvernd, 463
 - Innflutningur dýra, 696
 - Innflutningur sjávarafurða, 511
 - Keflavíkurflugvöllur, 553
 - Leikföng, 432
 - Lindýr
 - Fiskistofa, 777
 - Lyf, 114, 432, 445
 - Lyfjastofnun, 114, 445, 556
 - Matvælaeftirlit, 133
 - Matvælastofnun, 156
 - Matvæli, 432
 - Ósoneyðandi efni, 646
 - Plöntur og plöntuafurðir, 385
 - Póst- og fjarskiptastofnun, 235
 - Reykskynjar, 411
 - Sáðvörur, 104, 427
 - Schengen-svæðið, 188
 - Siglingamálastofnun Íslands, 227
 - Siglingamálastofnun vegna skemmtibáta, 448
 - Siglingavernd, 835
 - Sjávaeldisdýr, 733
 - Sjávarafurðir, 156
 - Sjávarafurðir, 515
 - Sjávareldisdýr, 734
 - Flutt frá þriðju ríkjum, 739
 - Viðskipti innan EES, 733
 - Skip, 226, 227
 - Skoteldar, 152
 - Skotfæri, 152
 - Skotvopn, 152
 - Sóttvarnir, 142
 - Sprengefni, 152
 - Öryggi framleiðsluvara, 432
 - Tollyfirvöld, 432
 - Eftirlit með skipum, 318
 - Eftirlitsgjald
 - Áburður, 430
 - Fóður, 104
 - Frísvæði, 315
 - Fullvinnsla landbúnaðarvara, 315
 - Innflutningur plantna, 825
 - Jarðvegsbætandi efni, 430
 - Rafföng, 140, 918
 - Sáðvörur, 428
 - Skemmtiferðaskip, 315
 - Tollfrjálsar birgðageymslur, 315
 - Tollfrjálsar forðageymslur, 315
 - Tollfrjálsar verslanir, 315
 - Umflutningsgeymslur, 315
 - Eftirlitssjóður, 104
 - Fóðureftirlitsgjald, 104
 - Eftirlíkingar vopa, 153
 - Eftirritunarskyld lyf
 - Lyfjastofnun, 560
 - Eignarupptaka
 - Heimild tollstjóra, 312

- Eignarupptaka
 - Ávana- og fíkniefni, 23
- Eignaupptaka, 510
- Einangrun, 146, 702, 703
 - Búrfluglar, 703
 - Dýr, 696
 - Nagdýr og kanínur, 702
 - Skrautfiskar, 701
 - Vatnadýr, 701
- Einfaldaðar aðflutningsskýrslur, 270, 799
- Einfaldaðar útflutningsskýrslur, 302, 797
- Einkaréttar- og leyfisgjöld
 - Tollverð, 266
- Einkenni tollvarða, 304
- Eiturefni, 65
 - Förgun, 69
 - Markaðssetning, 67
 - Umhverfisstofnun, 66
 - Vinnueftirlit ríkisins, 66
- Eiturefni Innflutningsleyfi, 67
- Eiturefni og hættuleg efni, 374
- Eldisdýr, 75, 319, 724
 - Innflutningsbann til EES, 725
- Eldsneyti, 398
- Endurákvörðun, 293
 - Aðflutningsgjalda, 293
 - Aðrar án gjaldabreytinga, 293
 - Eftir skriflega tollafgreiðslu, 293
- Endurgreiðsla, 35, 62, 765, 969
 - Matvælaiðnaður, 676
 - Olúgjald
 - Sendimenn erlendra ríkja, 723
 - Sala hópferðarbifreiða, 589
 - Skipasmíði, 966
 - Tollar, 260
 - Úrvinnslugjald, 220
 - Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 147
 - Vextir oftekinna skatta og gjalda, 130
 - Virðisaukaskattur, 394
- Endurgreiðsla virðisaukaskatts
 - Útflutt ökutæki, 872
- Endurgreiðsla vörugjalds
 - Útflutt ökutæki, 872
- Endursending, 259
- Endursending vara, 864
- Endurskráning ökutækis, 667
- Endurupptaka máls
 - Undirboðs- og jöfnuattollar, 423
- Endurútflutningsvottorð
 - Plöntur, 387, 388
- Endurvinnslan hf, 548
- Erfðaefni, 75
- Eritrea
 - Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, 930
 - Vopnaviðskiptabann, 930
- Erlend sendiráð, 393, 723
 - Endurgreiðsla virðisaukaskatts, 393
- Erlend ökutæki, 399
- Evrópska efnahagssvæðið, 85, 323, 619, 822
 - Innri markaðurinn, 323
 - Samvinna
 - Stjórnvalda - neytendavernd, 326
 - Útlendingar, 213
- Evrópskir samhæfðir staðlar, 781
- Eyðilegging
 - Tollfríðindi, 864
- Far, 256, 307
 - Einangrun, 307
 - Í utanlandsferðum, 256
- Farandvinnuvélar, 970
- Farangur skipverja og flugverja
 - Tollfríðindi, 851
- Farangursmiði, 169
- Farartæki, 256
- Farmbréf, 271
- Farmenn, 256
 - Skýrslugjöf, 270
- Farmflytjendur, 283
 - Ábyrgð, 283
 - Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, 283
- Farmskírteini, 29, 30, 31
- Farmskjöl, 787
 - Breytinar, 789
- Farmskrá, 280, 787
 - Fylgifié fars, 787
- Farmur, 991
- Farmvernd, 238, 991

- Ferju- og farþegaskipahöfn, 840
 Innsiglisgjald, 315
 Farmverndaraðilar, 993
 Farmverndaráætlun, 991, 994
 Farmverndarfulltrúi, 991
 Farmverndarinnsgli, 991, 995
 Farmverndaryfirlýsing, 991, 994
 Haftasvæði, 840
 Farseðill, 169
 Ferðabúnaður og annar farangur, 850
 Ferðamannabíreiðar, 399, 405
 Ferðamannaökutæki, 399
 Ferðamenn, 256, 850
 Skýrslugjöf, 270
 Tollfríðindi, 850
 Ferming, 281
 Fiður
 Innflutningstakmarkanir, 686
 Fiskeldisafurðir frá Kína
 Innflutningsbann, 1038
 Fiskistofa, 132, 512
 Eftirlit, 775
 Eftirlit með lindýrum, 777
 Innflutningur á dýrum, 776
 Innflutningur á sjávarafurðum, 778
 Matvælastofnun, 516
 Fiskmjöl
 Heilbrigðisvottorð, 1022
 Fiskur, 319, 397, 606, 685
 Fíkniefni
 Listi yfir fíkniefni, 23
 Fílabeinsströndin
 Þvingunaraðgerði, 893
 Fínkornótt neftóbaki
 Innflutningsbann, 823
 Fjaðrahnífar, 154
 Fjaðrir
 Innflutningstakmarkanir, 686
 Fjarskiptabúnaður, 232, 234
 Fjarskipti, 229, 231, 371
 Fjármagnshreyfingar, 999
 Fjármögnun hryðjuverka, 322
 Fljótandi eldsneyti, 826
 Flokkun hraðsendinga, 798
 Flokkun póstsendinga, 796
 Flugfar, 256
 Flugrekstur
 Tollfríðindi, 861, 862
 Flugstöð, 552, 553, 636
 Flugumferðarstjórn, 278
 Flugvellir, 824
 Flutningsjöfnunargjald
 Á olúvörum, 1044
 Olúvörur, 116
 Flutningsjöfnunarsjóður olúvara, 116
 Flutningskostnaður, 266
 Olúvörur, 116
 Tollverð, 266
 Flutningur, 284
 Á frísvæði, 291
 Hergögn, 167
 Hergögn með loftförum, 760
 Í afgreiðslugeymslu, 286
 Í tollfrjálsa forðageymslu, 289
 Í tollfrjálsa verslun, 290
 Í tollvörugeymslu, 287
 Ótollafgreiddar vörur, 284
 Úr tollfrjálsri forðageymslu, 289
 Flutningur ótollafgreiddrar vöru
 Milli geymslusvæða, 284
 Flutningur úrgangs
 Á milli landa, 948
 Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir
 Vottun, 950
 Flúorkolefni, 462
 Forði, 279
 Formáli, 5
 Fornbíreiðir og fornbífhjól, 674
 Forngrípir
 Útflutningsleyfi, 396
 Forréttindi
 Alþjóðastofnanir, 84
 Forskráning ökutækis, 666
 Fóður, 577
 Með sláturafurðum
 Innflutningstakmarkanir, 686
 Umflutningur, 582

- Fóður eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu
 Innflutningsbann, 1042
 Fóðureftirlitsgjald, 104
 Fóðursjóður, 440
 Fóðurtollur
 Skuldarviðurkenning, 441
 Fóðurvörur, 578
 Framkvæmd vopnasölubanns
 Aljóðlegar þvingunaraðgerðir, 883
 Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 73
 Framlagning fylgiskjala, 796
 Framleiðsla iðnaðarvara
 Tollfríðindi, 861
 Framleiðslu garðyrkjuafurða
 Tollfríðindi, 861, 862
 Friðhelgi, 18, 25, 27
 Alþjóðastofnanir, 84
 Hervöld Bandaríkjanna, 11
 Kjöræðiserindreki, 27
 Kjöræðisskjalasafn, 27
 Ræðispóstur, 26
 Ræðisskjalasafn, 25
 Ræðisskjöl, 25
 Ræðisstofnunarsvæði, 25
 Sendiráðsskjöl, 17
 Sendiráðssvæði, 16
 Skjalasöfn sendiráða, 17
 Stjórnarerindreki, 18
 Stjórnarpóstur, 17
 Frísvæði, 282, 290, 790
 Aðvinnsla, 290
 Álagning aðflutningsgjalda, 292
 Tollverðsákvörðun, 291
 Fríverslunar- og milliríkjasamningar, 314
 Frjálsir flutningar
 Lífrænt ræktaðar landbúnaðarvörur, 603
 Frystingar fjármuna
 Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, 884
 Fuglar
 Útflutningsleyfi, 396
 Fullnusta aðflutningsgjalda, 298
 Fylfullar hryssur
 Útflutningsbann, 207
 Útflutningstakmarkanir, 638
 Fylgdargjald
 Flutningur undir tolleftirliti, 315
 Fylgibréf
 Farmur, 170
 Loftflutningar, 170
 Fylgibréf farms, 170
 Fylgifé fars
 Tollfrelsi, 259
 Fylgiskjöl
 Framlagningaskjala, 796
 Fylgiskjöl
 Geymsla bókhaldsgagna, 122
 Fyrirspurnir um tollflokkun, 974
 Fyrning
 Oftekinna skatta og gjalda, 130
 För, 278
 Afgreiðslustaður, 279
 Farmskrá, 280
 Frá innanlandshöfn, 281
 Í utanlandsferðum, 278
 Meðferð forða, 279
 Tilkyning um komu og brottför, 278
 För yfir landamæri
 Schengen-svæðið, 210
 Förgun
 Eftirritunarskyld lyf, 560
 Eiturefni, 69
 Geislavirk efni
 Geislavarnir ríkisins, 381
 Ósóneyðandi efni
 Hollustuvernd ríkisins, 645
 Raftæki, 691
 Reykskynjarar, 411
 Förgun
 Hættuleg efni
 Hollustuvernd, 463
 Förgun, 522
 Förgunargjald, 315
 Galli
 Tollfríðindi, 864
 Garðyrkjuafurðir
 Tollaívilnun, 262
 Gasolía, 827

- Gámakostnaður
Tollverð, 266
- Geislataeki, 205
- Geislavarna ríkisins, 206, 407
Geislun matvara, 588
- Geislavarnir, 204, 205, 381, 407
- Geislavarnir ríkisins, 143, 205, 381
Eftirlit með reyskynjurum, 411
- Geislavirk efni, 382, 685
Reyskynjar, 407
- Geisluð matvæli
Hollustuvernd ríkisins, 589
- Geislun matvæla, 587
- Gerðarviðurkenning sprengiefnis
Vinnueftirlit ríkisins, 499
- Gereyðingarvopn
Alþjóðlegar öryggisaðgerðir, 891
- Geymsla bannvöru, 280
- Geymslusvæði, 282, 789
Birgðabókhalld, 791
Innra eftirlit, 792
Leyfisveitingar, 790
Ótollafgreiddar vörur, 281, 282
Skráning vara, 791
Trygging, 792
- Geymslutími
Ótollafgreiddar vörur, 282
- Gjafir
Tollfrelsi, 259
Tollfríðindi, 858
- Gjald af áfengi, 134
- Gjald af tóbaki, 134
- Gjalddagi
Aðflutningsgjöld, 296, 807
Áfengisgjald, 136
Kílómetragjald, 248
Tóbaksgjald, 138
Úrvinnslugjald, 217, 220
Virðisaukaskattur í innflutningi, 56
Vörugjald, 95
- Gjalddagi, 45
- Gjalddagi
Við skuldfærslu aðflutningsgjalda, 296
- Gjalddagi, 547
- Gjaldeyrismál, 81, 426, 998
Flutningur á reiðufé úr landi, 1000
- Gjaldeyrisviðskipti, 999
- Gjaldflokkar ökutækja, 90
- Gjaldskrá
Þjónustugjöld vegna tollafgreiðslu, 1045
- Gjaldskyld ökutæki, 43
Vörugjald, 534
- Gjaldskyldir aðilar
Almennt vörugjald, 468
Áfengisgjald, 474
Tóbaksgjald, 715
Úrvinnslugjald, 219, 762
Vörugjald af olíu, 242
- Gjaldskyldir aðilar, 32, 45, 95, 219
- Gjaldstofn, 95
- Greiðsla aðflutningsgjalda, 807
- Greiðslumáti aðflutningsgjalda, 807
- Greiningardeild
Ríkislögreglustjóri, 823
- Gróðurhúsaáhrif
Hættuleg efni, 462
- Gróðurhúsalofttegundir
Vottun, 950
- Gróðurmold
Innflutningstakmarkanir, 687
- Grænmeti frá Taílandi
Innflutningsbann, 1041
- Gæðamat á æðardún, 748, 752
- Gæludýr, 88, 694
Heilbrigðis- og upprunavottorð, 695
- Gæsla haftasvæða, 837, 840
- Hafnaraðstaða, 991
- Hafnarsvæði, 991
Farmvernd, 992
- Hafnavernd, 238
- Haftasvæði, 991
- Hagsmunir almennings, 9
- Hagstofa Íslands, 314
- Hagstofu Íslands, 60, 294
- Hald á munum, 353
- Haldlagning, 17, 306, 353
- Handhafabréf, 8
- Handhafar lögregluvalds, 139

- Handhafar tollgæsluvalds, 257, 304
 Handtaka, 305, 356
 Hálmur
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Hegningarlög, 7
 Heiðursmerki, 259
 Heiðursmerki og verðlaun
 Tollfríðindi, 859
 Heilbrigðis- og upprunavottorð, 701, 702
 Búrfuglar, 702
 Gæludýr, 695
 Hundar, 697
 Hundasæði, 695, 699
 Kanínur, 702
 Kettir, 697
 Nagdýr, 702
 Skrautfiskar, 701
 Svínasæði, 937
 Vatnadýr, 701
 Heilbrigðiskröfur
 Lagareldisdýr, 874
 Heilbrigðisvottorð
 Fiskimjöl, 1022
 Kartöfluútsæði, 774
 Landbúnaðarvörur o.fl., 687
 Lindýr, 777
 Plöntur, 386, 387, 396
 Sjávarafurðir, 529
 Herflugvélar, 281
 Hergögn, 167
 Eftirlit, 360
 Herskip, 281
 Hervöld Bandaríkjanna, 11, 12, 13
 Hexaflúorbrennisteinn, 462
 Hey
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Hollustuhættir, 147, 148
 Hollustuvernd ríkisins, 381, 425
 Förgun ósóneyðandi efna, 645
 Hópfurðabifreiðar, 535
 Sala úr landi, 589
 Hraðsendingar
 Aðflutningsgjöld, 798
 Afhending, 799
 Bæklingar og prentuð gögn, 798
 Flokkun, 798
 Hugbúnaðargögn, 798
 Skráning, 798
 Uppgjör aðflutningsgjalda, 799
 Verðlaus bréf, 798
 Hraðsendingar, 257, 273
 Hrátt kjöt
 Innflutningstakmarkanir, 686
 Hreindýrakjöt
 Tollkvóti, 936
 Hreppstjórar, 13
 Hross, 88
 Útflutningur, 638
 Útflutningur, 207
 Hryðjuverkasamtök
 Al-Qaida, 903
 Talíbanar, 903
 Þvingunaraðgerðir, 903
 Hryðjuverkastarfsemi
 Alþjóðlegar öryggisaðgerðir, 889
 Hugbúnaðargögn, 260
 Tollfrelsi, 260
 Tollfríðindi, 860
 Hundar
 Innflutningsleyfi, 696
 Hundasæði, 694
 Heilbrigðis- og upprunavottorð, 695
 Hundasæði, 369
 Húsleit, 306
 Húsnæði
 Ótollafgreiddar vörur, 282
 Hæði
 Tollverð, 266
 Hæfilegar vistir, 259
 Hættuleg efni, 65, 280, 283, 1023
 Gróðurhúsaáhrif, 462
 Höfundaréttargjald, 557
 Höggvopn, 154
 Innanhússfjarskiptalagnir, 233
 Innflutningaleyfi
 Lyf, 110
 Innflutningsbann
 Albanía, 1022

- Azó-litarefni, 391
 Ávana- og fíkniefni, 22
 Bitvopn, 154
 Búnaður fyrir ósóneyðandi efni, 643
 Chilepipar, 1031
 Chilepipar, karrí, túrmerík og pálmolía, 1039
 Cilepipar, 1039
 Dauður vatnafiskur, 1017
 Dýr, 369, 699
 Dýrasjúkdómar, 686
 Eftirlíkingar vopna, 153
 Fiskeldisafurðir frá Kína, 1038
 Fínkornótt neftóbak, 823
 Fjaðrahnífar o.þ.h., 154
 Flúorkolefni, 462
 Fóður eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, 1042
 Geisluð matvæli, 588
 Grænmeti frá Taílandi, 1041
 Hexaflúorbrennisteinn, 462
 Hnetafurðir frá Kína, 1029
 Hnetur frá Kína, 1029
 Höggvopn, 154
 Karrí, 1039
 Kaststjörnur, 154
 Laxfiskar og hrogn frá Færeyjum og Noregi, 1032
 Lásbogar, 154
 Leikföng úr blýi, 973
 Matvæli frá Tyrklandi, 1030
 Menningarminjar, 193
 Munntóbak, 823
 Óslægður lax o.fl. frá Færeyjum og Noregi, 1032
 Ósóneyðandi efni, 643
 Parahnetur frá Brasilíu, 1033
 Pálmolía, 1039
 Perú, 1025
 Pilluð og/eða unnin rækja frá Kína, 1038
 Pistasíur frá Íran, 1034
 Plöntur, 385
 Rafgeymar, 532
 Rafhlöður, 532
 Sjávar- og fiskeldisafurðir frá Kína, 1038
 Sjávarafurðir
 Myanmar, 1027
 Sverð, 154
 Tóbak
 Eftirlíkingar leikfanga, 198
 Eftirlíkingar sælgætis, 198
 Túrmerík, 1039
 Útlendar plöntutegundir, 550
 Vatnakrabbí frá Kína, 1038
 Vetrisklórflúorkolefni, 462
 Vopn, önnur en skotvopn, 154
 Innflutningsbann
 Sjávarafurðir frá Tælandi, 1027
 Innflutningsbann
 Kína, 1042
 Innflutningsbann til EES
 Eldisdýr, 725
 Innflutningsfrelsi, 83
 Innflutningsleyfi, 180, 705
 Áfengi, 179, 180, 756
 Ávana- og fíkniefni, 561
 Búfé og erfðæfni þeirra, 76
 Eiturefni, 67
 Hundar, 696
 Kettir, 696
 Landbúnaðarvörur o.fl., 688
 Loðdýr, 650
 Lyf, 442
 Neyðarsendibaujur, 392
 Plöntur o.fl., 387
 Reykskynjarar, 407
 Skoteldar, 679
 Skotfæri, 484
 Skotvopn, 484
 Smáskammtalyf, 555
 Sprengiefni, 501
 Sverð o.þ.h., 484
 Svínasæði, 937
 Vetrisklórflúorkolefni, 1021
 Villt dýr, 708
 Villtar plöntur, 708
 Örvarbogar og örvar, 484
 Innflutningsleyfi

- Geislavirk efni, 207
 Innflutningsstaðir, 387
 Dýr, 696
 Plöntur, 387
 Innflutningstakmarkanir, 83
 Búnaður sem hefur verið notaður til geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum, 687
 Dúnn, 686
 Dýrafóður með sláturúrgang, 686
 Efni í raftækjum, 691
 Fiður, 686
 Fjaðrir, 686
 Fóður með sláturafurðum, 686
 Hrát kjöt, 686
 Jarðhnetur frá Egyptalandi, 1023
 Litmerkibyssur, 980
 Notaðir þokar, 686
 Óunnið dýrahár, 686
 Rafgeymar, 532
 Rafhlöður, 532
 Sjávarafurðir, 1035
 Strákörfur, 686
 Stráteppi, 686
 Ull, 686
 Yfirborðsvirk efni, 425
 Þvotta- og hreingerningaefni, 425
 Innflutningstakmarkanir
 Matvæli og fóður frá Kína, 1040
 Innflutningur
 Ávana- og fíkniefni, 561
 Blóm, tré o.fl.
 Tollkvóti, 957
 Dauður fiskur, 320
 Dýr
 Þriðju lönd, 778
 Dýr - Fiskistofa, 776
 Dýr - Landbúnaðarstofnun, 780
 Dýr - Þriðju lönd, 778
 Dýr - Þriðju lönd, 775
 Dýr og afurða úr dýraríkinu - Landbúnaðarstofnun, 780
 Frjóegg og mysuduft
 Tollkvóti, 961
 Geislataeki, 207
 Grænmeti
 Tollkvóti, 940, 963
 Lifandi ferskvatnsfiskar, 320
 Lifandi lífverur, 184
 Lindýr, 777
 Lyf, 441
 Nautgripa-, svína- og alifuglakjöt
 Tollkvóti, 932
 Ostar frá Noregi
 Tollkvóti, 959
 Plöntur, 384
 Eftirlitsgjald, 825
 Plöntur og plöntuhlutar, 386
 Reykskynjara, 410
 Sáðvörur, 427
 Sjávarafurðir, 158
 Sjávarafurðir - Fiskistofa, 778
 Skammbyssur, 485
 Skip, 227
 Smáskammtalyf, 553
 Smjör og ostar
 Tollkvóti, 931
 Soðin egg og eggjarauða
 Tollkvóti, 962
 Sprengiefni, 500
 Tollkvóti á landbúnaðarvörum frá Evrópubandalaginu, 955
 Tóbak
 Tilkynningarskylda, 716
 Unnar kjötvörur
 Tollkvóti, 934
 Útlendar plöntutegundir, 549
 Innflytjandi, 511
 Innheimta
 Virðisaukaskattur, 58
 Innheimta, 298
 Innra eftirit
 Forðageymslur, 288
 Frísvæði, 290
 Tollfrjálsar verslanir, 289
 Umflutningsgeymslur, 291
 Innra eftirlit
 Tollmiðlarar, 793

- Tollvörugeymslur, 287
- Innra eftirlit
 - Geymslusvæði, 792
- Innri markaðurinn, 323
- Innsigli, 307
- Innsiglisgjald, 315
 - Farmvernd, 315
- Írak
 - Viðtakmarkanir, 397
 - Þvingunaraðgerðir, 894
- Íran
 - Þvingunaraðgerðir, 896
- Íslenskt yfirráðasvæði
 - Flutningur hergagna, 760
- Jarðhnetur frá Egyptalandi
 - Innflutningstakmarkanir, 1023
- Jarðvegsbætandi efni, 429
- Jöfnunartollar, 300, 413
 - Álagning og innheimta, 422
 - Eðlisverð, 414
 - Endurgreiðsla, 424
 - Kæra, 419
 - Meðaltal og úrtak, 417
 - Opinberir styrkir, 414
 - Rannsókn, 419
 - Samanburður, 416
 - Sams konar vara, 417
 - Skipting kostnaðar, 417
 - Tjón, 418
 - Undirboðsfrávik, 417
 - Útflutningsverð, 415
 - Útreikningur styrkja, 417
- Kadmíum, 694
- Kanínur, 702
- Karrí
 - Innflutningsbann, 1039
- Kartöfluútsæði
 - Heilbrigðisvottorð, 774
- Kaststjörnur, 154
- Kaup, 22
 - Olöglegur innflutningur, 309
- Keflavíkurflygvöllur, 635
 - Flugstöð, 552
- Kettir
 - Innflutningsleyfi, 696
- Kílómetragjald, 242, 246
- Kína
 - Innflutningsbann, 1042
 - Innflutningstakmarkanir, 1040
- Kjöræðismenn, 258
- Kolefnisgjald, 357
- Kornvörur
 - Tollflokkun, 1019
- Kornvörur, 1020
- Kostnaður, 413
- Kristallsgler, 983
- Kvikmyndagerð og hljóðvinnsla
 - Tollfríðindi, 861, 862
- Kyrrsetning, 26
- Kærleið, 47
- Kærur, 294
 - Ríkistollanefnd, 294
 - Tollstjórar, 294
- Lagareldisdýr
 - Heilbrigðiskröfur, 874
- Landamæraeftirlit, 210
- Landamærastöðvar, 159, 511, 740
 - Eldisdýr frá þriðja ríki, 724
 - Innflutningur sjávarafurða, 159
 - Sjávarafurðir, 528
 - Sjávarafurðir, 515
- Landbúnaðarhráefni
 - Tollur, 1018
- Landbúnaðarstofnun
 - Innflutningur á dýra og afurða úr dýraríkinu, 780
 - Innflutningur á dýrum, 780
 - Innflutningur minka, 822
 - Innflutningur refa, 822
- Landbúnaðarvörur
 - Frá EES
 - Magntollur, 1026
 - Heilbrigðisvottorð, 687
 - Innflutningsleyfi, 688
 - Niðurfelling tolla
 - Vottorð, 687, 688
- Landgöngubann
 - Aljóðlegar þvingunaraðgerðir, 884

- Landsskrá skotvopna, 487
 Lausblaðabókhald, 496
 Laxa- og silungahrogn, 396
 Útflutningsleyfi, 396
 Laxfiskar og hrogn frá Færeyjum og Noregi
 Innflutningsbann
 Lásbogar, 154
 Leiðréttning
 Á aðflutningsskýrslu, 292
 Eftir tollafgreiðslu, 294
 Leiga eða áætlud leiga
 Tímabundinn innflutningur, 855
 Leikföng, 438, 693
 Eftirlit, 432
 Úr blýi - innflutningsbann, 973
 Öryggi, 425
 Leit, 17, 305, 306
 Á geymslustöðum, 306
 Á ólöggráða einstaklingum, 306
 Í farartækjum, 305
 Í förum, 305
 Í húsum, 306
 Leit og líkamsrannsókn, 354
 Leyfishafar geymslusvæða
 Ábyrgð, 283
 Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, 283
 Leyfisveitingar
 Geymslusvæði, 790
 Leyfisveitingar
 Umflutningsgeymslur, 291
 Leynd vöntun, 285
 Lið Bandaríkjanna, 11
 Liðsaflí aðildarríkja
 Atlantshafsbandalagsins, 339
 Lifandi fiskur, 319, 397
 Lifandi sjávardýr
 Landamærastöð Keflavíkurflugvöllur,
 515
 Lindýr
 Heilbrigðisvottorð, 777
 Innflutningur, 777
 Listaverk
 Virðisaukaskattsundanþága, 859
 Listi, 1016
 Litmerkibyssur
 Innflutningstakmarkanir, 980
 Litmerkibyssur, 980
 Líbanon
 Þingunaraðgerðir, 888
 Líbería
 Viðskiptatakmarkanir, 1025
 Lífræn framleiðslu landbúnaðarafurða, 591
 Loðdý
 Sóttvarnir, 650
 Loðdýr
 Innflutningur, 650
 Loftflutningar, 169
 Afhending farms, 172
 Ábyrgð á efni fylgibréfs, 171
 Ábyrgð flytjanda á farangri, 173
 Ábyrgð flytjanda á farmi, 173
 Farangursmiði, 169
 Farseðill, 169
 Fylgibréf farms, 170
 Réttur sendanda og viðtakanda, 172
 Réttur til ráðstöfunar farms, 171
 Skjal er lýsir eðli farms, 170
 Sönnunargildi skjala, 171
 Upplýsingaskylda sendanda, 173
 Loftför og skip
 Virðisaukaskattsundanþága, 859
 Lyf, 438, 439
 Eftirlit, 114, 432
 Framleiðsluleyfi, 113
 Innflutningur, 112, 441
 Innflutningur einstaklinga, 460
 Lyfjaskrár, 109
 Markaðsleyfi, 110
 Útflutningur, 782
 Lyfjalög, 105
 Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA), 111
 Lyfjaskrár, 109
 Lyfjastofnun, 106, 445, 562, 563
 Eftirritunarskyld lyf, 560
 Förgun eftirritunarskyldra lyfja, 560
 Smáskammtalyf, 555
 Lækkun
 Tollar, 260

- Lög, 14, 43, 47, 117, 134, 156
 Löggæslustörf
 Tollverðir, 305
 Lögreglulög, 139
 Lögreglurannsókn, 832
 Lögregluumdæmi lögreglustjóra, 808
 Lögveðsréttur, 298
 Magntollur, 258
 Landbúnaðarvörur frá EES, 1026
 Mannúðar- og líknarstarfsemi, 260
 Markaðsgæsla
 Rafföng, 918
 Markaðsleyfi, 110
 Efni og efnablöndur, 343
 Markaðssetning
 Eiturefni, 67
 Fjarskiptabúnaðar, 816
 Kristalsgler, 984
 Rafföng, 917
 Markaðssetning á dýrategundum
 Aldar og ræktaðar í sjó eða vatni, 831
 Mat, 110, 124, 236, 550
 Mat eigna, 124
 Matvælaeftirlit, 131
 Matvælaiðnaður
 Endurgreiðslur, 676
 Matvælaiðnaður, 676
 Matvælastofnun, 156
 Matvælastofnun, 519
 Matvæli
 Frá Tyrklandi
 Innflutningsbann
 Matvæli, 131, 156, 439
 Aðskotaefni, 682
 Eftirlit, 432
 Tollfríðindi ferðamanna, 850
 Matvæli og fóður frá Kína
 Innflutningstakmarkanir, 1040
 Málsmeðferðarreglur, 293, 307
 Meðferð farms
 Farmvernd, 995
 Meðferð forða, 279
 Meðferð sakamála, 346
 Meðferð vara, 282
 Geymslusvæði, 282
 Mengunarvarnir, 147, 318
 Menningarverðmæti, 192
 Merking fóðurvara, 581
 Merkingar tóbaks, 715, 716
 Miðlaraþóknun
 Tollverð, 266
 Millilandaflugvellir, 824
 Minkar
 Sóttkví, 822
 Mjanmar (Búrma)
 Þvingunaraðgerðir, 921
 Mór
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Munntóbak
 Innflutningsbann, 823
 Myanmar
 Innflutningsbann á sjávarafurðum, 1027
 Möttuldýr, 1021
 Nagdýra, 702
 Nauðungarsala, 298
 Námskeið
 Tollskóli ríkisins, 927
 Náttúrugripir, 396
 Útflutningsleyfi, 396
 Náttúruvernd, 183
 Steindir, 183
 Steingervingar, 183
 Neðarsendingar
 Afhending farmflytjanda, 458
 Neyðarleyfi, 274
 Neyðarleyfisgjald, 315
 Neyðarsendibaujur, 392
 Neysluvörur skaðlegar heilbrigði
 Útflutningsbann, 396
 Neytendastofa
 Rafföng, 140
 Niðurfelling gjald
 Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum,
 147
 Niðurfelling gjalda
 Tollar, 260
 Niðurfelling gjalda
 Landbúnaðarvörur, 1017

- Norður-Kórea
 Þvingunaraðgerðir, 900
 Notaðar landbúnaðarvélar og áhöld
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Notaðir pokar
 Innflutningstakmarkanir, 686
 Notaður veiðibúnaður til stangveiði
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Notendabúnaður
 Viðurkenning, 234
 Notendabúnaður, 233
 Notendabúnaður
 Notendabúnaður
 Fjarskipti, 812
 Notuð reidtygi
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Nýskráning ökutækis, 666
 Olfugjald, 242
 Gjaldlagi, 245
 Undanþágur, 771
 Olíuvörur, 116
 Flutningsjöfnunargjald, 1044
 Opinberar stofnanir
 Virðisaukaskattsundanþága, 859
 Opinberir styrkir, 414
 Opnun póstsendinga, 797
 Orkustofnun
 Upplýsingar um eldsneyti, 849
 Ógerilsneydd mjólk og mjólkurafurðir
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Óheimilar póstsendingar, 202
 Óhreinn fatnaður og tuskur
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Ólöglegur innflutningur, 308
 Afhending, 309
 Kaup, 309
 Sala, 309
 Viðtaka, 309
 Ómeðhöndluð egg o.þ.h.
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Óslægður lax
 Innflutningsbann frá Færeyjum og
 Noregi, 1032
 Ósoneyðandi efni, 392, 642, 1021
- Ósoneyðandi efni
 Listi, 646
 Ósótthreinsuð reidföt
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Ótollafgreiddar vörur
 Athafnasvæði, 282
 Geymslusvæði, 281, 282
 Geymslutími, 282
 Húsnæði, 282
 Óunnið dýrahár
 Innflutningstakmarkanir, 686
 Parahnetur frá Brasilíu
 Innflutningsbann, 1033
 Pálmolía
 Innflutningsbann, 1039
 PCB, 685
 Peningafals, 8
 Peningaþvætti, 322
 Persónuupplýsingar, 575, 981
 Perú, 1025
 Innflutningsbann, 1025
 Pilluð og/eða unnin rækju frá Kína frá Kína
 Innflutningsbann, 1038
 Pistasíur frá Íran
 Innflutningsbann, 1034
 Plöntuafurðir, 384, 385
 Plöntur, 385
 Eftirlitsgjald, 825
 Heilbrigðisvottorð, 396
 Innflutningsstaðir, 387
 Póst- og fjarskiptastofnun, 201, 229, 230
 Póstflutningar, 169
 Póstleynd, 203
 Póstrekandi, 201, 796
 Póstsendingar, 201, 796
 Án tollskýrslu, 797
 Flokkun, 796
 Opnun, 797
 Opnun böggla, 204
 Opnun póstsendinga, 203
 Póstleynd, 203
 Skráning, 796
 Smásendingar, 796
 Póstverslun

- Einfaldaðar útflutningsskýrslur, 302
 Póstþjónusta, 199, 200, 201
 Einkaréttur, 201
 Prentuð gögn
 Tollfrelsi, 260
 Pökkunarkostnaður
 Tollverð, 266
 Rafföng
 CE-samræmismerkið, 917
 Eftirlitsgjald, 140, 918
 Markaðsgæsla, 918
 Markaðssetning, 917
 Neytendastofa, 140
 Rafgeymar
 Förgun, 532
 Rafgeymar, 531
 Rafgeymar, 753
 Rafflöður, 531, 532
 Förgun, 532
 Rafræn, 273
 Rafræn tollafgreiðsla, 257
 Rafrænar aðflutningsskýrslur, 269
 Rafrænt bókhald, 493, 495
 Raftæki
 Förgun, 691
 Rannsókn, 348
 Fíkniefnabrot, 832
 Fíkniefnamál, 833
 Refsiverð brot, 832
 Rannsókn brota, 311
 Refir
 Sóttkví, 822
 Refsiábyrgð, 308
 Refsingar, 308
 Reiðufé ferðamanna
 Upplýsingaskýrsla, 853
 Reiðurfé
 Flutningur úr landi, 1000
 Reikningsskil innheimtumanna, 367
 Rekstrarreikningar, 124
 Reykskynjarar, 407
 Réttarsamband, 30
 Farmflytjanda og viðtakanda farms, 30
 Réttarstaða
- Hervalda Bandaríkjanna, 11
 Liðs Bandaríkjanna, 11
 Réttur sendanda og viðtakanda, 172
 Réttur til dvalar, 213
 Réttur til ótímabundinnar dvalar, 214
 Réttur til ráðstöfunar farms, 171
 Ríkisbókhald, 367, 368
 Ríkisendurskoðun, 368, 723
 Ríkislögreglustjóri
 Greiningardeild, 823
 Ríkismat sjávarafurða, 381
 Ríkistollanefnd, 276
 Kærur, 294
 Rjúpur
 Tollkvótar, 960
 Rotmassi
 Innflutningstakmarkanir, 687
 Raforkuvirki, 917
 Ryðvörn ökutækja, 973
 Rýrnun
 Tollfríðindi, 864
 Ræðiserindrekar, 25, 27
 Ræðissamband, 24
 Ræðisskjalasafn, 25, 27
 Ræðisskrifstofa, 24
 Ræðisskrifstofur erlendra ríkja
 Tollfríðind, 860
 Ræðisstarfsmenn, 25, 27
 Ræðisstofnun, 26
 Ræðisstofnunarsvæði, 25
 Sakamála, 346
 Sakaskrá ríkisins, 986
 Sakborningur, 348
 Sala, 32, 55, 67
 Áfengi, 181, 757
 Ólöglegur innflutningur, 309
 Tollfrjáls verslun, 290
 Tóbak, 197
 Samanburður, 416
 Samlokur, 1021
 Samvinna
 Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 823
 Tollstjórar, 276
 Samvinnu stjórnvalda, 326

- Sáðvörur
 Aðfangaeftirlit, 428
 Eftirlitsgjald, 428
 Sáðvöruverslanir, 427
- Schengen-svæðið, 185, 186
 Schengen-upplýsingakerfið, 185
 Sektorheimildir tollstjóra, 312
- Sektir
 Ákvörðun tollstjóra, 913
- Sendierindrekar, 258
 Endurgreiðsla virðisaukaskatts, 393
 Tollfríðindi, 860
- Sendingarnúmer, 788
- Sendiráð, 258
 Endurgreiðsla virðisaukaskatts, 393
- Sendiráð erlendra ríkja
 Tollfríðindi, 860
- Sendiráðsmenn, 16
- Sendiráðismannsskrifstofur, 258
- Sendiráðismenn, 258
- Sérstakt kílómetragjald, 243, 246, 249, 665, 771
- Sérstakt vörugjald af bensíni, 398
- Sérstakt vörugjald af eldsneyti, 94
- Siglingalög, 29
- Siglingamálastofnun, 381
- Siglingavernd, 235, 236, 834
 Aðgangshemildir, 843
 Eftirlit, 835
 Meðferð trúnaðarskjala, 842
- Síerra Leóna
 Þvingunaraðgerðir, 899
- Síld
 Útflutningsleyfi, 396
- Sjávar- og fiskeldisafurðir frá Kína
 Innflutningsbann, 1038
- Sjávarafurðir, 156, 511, 616
 Innflutningstakmarkanir, 1035
 Landamærastöðvar, 159
 Landamærastöðvar, 515
- Sjávareldisdýr, 733, 739
- Skammbyssur
 Innflutningur, 485
- Skatthlutfall
 Virðisaukaskattur, 54
 Skattskyld velta
 Virðisaukaskattur, 52
- Skemmdir
 Tollfríðindi, 864
 skemmtibáta, 453
 Skemmtibátar, 446
- Skilafrestur
 Aðflutningsskjöl, 268
 Útflutningsskjöl, 302
- Skilagjald, 217, 547
 Á drykkjarvöruumbúðir, 217
 Á ökutæki, 217
 Álagning, 547
 Eendurgreiðsla, 548
 Einnota umbúðir, 546
 Endurvinnslan hf., 548
 Gjald dagar, 547
 Gjaldskyldir aðilar, 547
 Uppgjörstímabil, 547
- Skip, 256, 257
 Skipadísilolía, 827
 Skipagasolía, 827
 Skipaolía (marine fuel), 827
- Skipasmíði
 Endurgreiðslur, 966
- Skipavernd, 237
- Skipaviðgerðir
 Endurgreiðslur, 966
- Skipströnd, 7
- Skipting kostnaðar
 Tollverð
- Skipverjar og flugliðar
 Áfengi og tóbak, 851
- Skjal er lýsir eðli farms, 170
- Skjalasending milli tölva, 257
- Skoðun
 Reikningar, 126
 Vörur, 305
- Skoðunarréttur, 29
- Skoteldar, 152, 679
- Skotfæri, 152, 483
- Skotvopn, 152, 396, 483
 Útflutningsleyfi, 396, 486

- Skotvopnaskrá, 487
 Skrautfiskar, 701
 Skráning
 Hraðsendingar, 798
 Landsskrá skotvopna, 487
 Póstsendingar, 796
 Vinnuvélar, 970
 Vöru inn á geymslusvæði, 283
 Vörur á Geymslusvæði, 791
 Öktæki, 666
 ökutæki, 664
 Ökutæki varnarliðsins, 978
 Ökutæki varnarliðsmanna, 979
 Skráningarkerki ökutækja, 669, 979
 Skráningarskírteini, 665
 Skráningarskylda
 Efni og efnablöndur, 343
 Skrápdýr, 1021
 Skrár, 331, 495
 Affermdar vörur, 280
 Vöntun og skemmdir á vörum, 280
 Skrifleg tollafgreiðsla
 Endurákvörðun, 293
 Skriflegar aðflutningsskýrslur, 269
 Skuldfærsla, 795
 Synjun, 297
 Skylda stjórnanda fars, 279
 Skyldur tollgæslu, 304
 Skýrslugjafir, 268
 Ferðamenn og farmenn, 270
 Skýrslutaka, 350
 Smásala tóbaks, 822
 Smásendingar, 796
 Smáskammtalyf, 554
 SMT- og VEF-tollafgreiðsla
 Leyfi, 795
 SMT-tollafgreiðsla, 257, 269
 Snýrtivörur, 656
 SOx-svæði, 827
 Sómalía
 Vopnasölubann, 929
 Sótthreinsun
 Áhöld til fiskeldis, 382
 Veiðibúnaður, 1016
 Veiðitæki og veiðibúnaður, 320
 Sóttvarnalög, 141
 Sóttvarnaráðstafanir, 143
 Sóttvarnir
 Loðdýr, 650
 Sprengiefni, 152, 498, 503
 Búnaður til framleiðslu, 502
 Flutningur í gámum, 505
 Flutningur í ökutækjum, 505
 Merking umbúða, 500
 Staðfesting tollafgreiðslu, 795
 Staðfestingarskjöl, 271
 Staðlar, 781
 Starfsemi tollmiðlara, 277
 Starfsheiti tollvarða, 875
 Starfsleyfi
 Afgreiðslugeymslur, 285
 Frísvæði, 290
 Tollfrjáls verslun, 289
 Tollfrjálsar forðageymslur, 288
 Tollmiðlarar, 792
 Tollmiðlun, 277
 Tollvörugeymslur, 286
 Stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, 808
 Stoðblöndur, 908
 Strákörfur
 Innflutningstakmarkanir, 686
 Stráteppi
 Innflutningstakmarkanir, 686
 Stöðvun
 Móttaka skeyta í tölvukerfi, 807
 Tollafgreiðsla, 299
 Stöðvun tollafgreiðslu, 299
 Suður-Afríka
 Viðskiptabann, 397
 Súdan
 Þvingunaraðgerðir, 906
 Svartolía, 827
 Sverð, 154
 Svínasæði
 Heilbrigðis- og upprunavottorð, 937
 Innflutningsleyfi, 937
 Synjun um skuldfærslu, 297
 Sýktar afurðir, 686

- Sýnileg vöntun, 284
 Sýningabílar, 976
 Sýnishorn, 260
 Sýnishorn verslunarvara
 Tollfríðindi, 860
 Sýslumenn, 73, 370
 Sæfiefni, 718, 721
 Flokkun, 720
 Merking, 720
 Sæsniglar, 1021
 Sætiefni
 Eftirlit - umhverfisstofnun, 721
 Markaðsleyfi, 720
 Söluvörur
 Tollfrjálsar verslanir, 776
 Sönnunargildi skjala, 171
 Takmörkuð tollskylda, 258
 Talibanar í Afganistan
 Viðskiptatakmarkanir, 1028
 Talíbana
 Hryðjuverkasamtök, 903
 Tilhögun bókhalds
 Virðisaukaskattur, 54
 Tilkynning um komu og brottför, 278
 Tímabundinn innflutningur
 ATA ábyrgðarskjöl, 1002
 Atvinnutæki, 1011
 Atvinnutæki og annan búnað verktaka, 857
 Bifhjól, 854
 Bifreiðar, 854
 Búnaður fyrir björgunarstörf, 857
 Búnaður kvikmynda- og fjölmiðlamanna, 857
 Búnaður listamanna, 856
 Búnaður vísindamanna, 856
 Fyrir ráðstefnur, fundi o.fl., 856
 Keppnisbúnaður íþróttamanna, 856
 Leiga eða áætluð leiga, 855
 Samkvæmt A.T.A. ábyrgðarskjali, 857
 Sýningar (ATA), 1006
 Tryggingar, 857
 Vélar, tæki o.fl. til reynslu, 857
 Vörur til sýningar, 856
 Vörur til viðgerða eða aðvinnslu, 857
 Ökutæki, 854
 Ökutæki, séstök skráning hér á landi, 405
 Tímarit, 406
 Tjónamatsgjald, 315
 Tollabindingar, 257
 Alþjóðaviðskiptastofnunin, 258
 Tollafgreiðsla
 Plöntur, 387
 Rafræn, 795
 SMT- og VEF- tollafgreiðsla, 795
 Staðfesting, 795
 Tollafgreiðsla
 Þjónustugjöld, 1045
 Tollafgreiðsla vöru, 257, 793
 Tollafgreiðslugengi, 267, 806
 Tollafgreiðslugjald, 314
 Bráðabirgðatollafgreiðsla, 315
 Flutningur undir tolleftriliti, 315
 Frísvæði, 315
 Förgun, 315
 Innsíglun tollgæslu, 315
 Neyðarleyfi, 315
 Tjónamat, 315
 Tollafgreiðsla skipa og flugvéla, 314
 Tolleftrilít með skemmtiferðaskipum, 315
 Tolleftrilít vegna fullvinnslu landbúnaðarvara, 315
 Tollfrjálsar birgðageymslur, 315
 Tollfrjálsar forðageymslur, 315
 Tollfrjálsar verslanir, 315
 Umflutningsgeymslur, 315
 Vegna upplýsinga- og gagnamiðlunar úr tölvukerfi tollsins, 315
 Tollafgreiðslur á pappír, 796
 Tollafgreiðslustaður, 794
 Tollafgreiðslutími, 787
 Tollalínugjald, 315
 Tollalög, 256
 Tolleftrilít, 318
 Tollendurskoðun, 295
 Tollflokkun, 268, 807, 974
 Bindandi álit, 268

- Kornvörur, 1019
Ósoneyðandi efni, 649
Tollfrelsi, 27
 Arfur, 260
 Atvinnutæki (ATA), 1011
 Auglýsingaefni, 260
 Bifreiðar og bifhjól, 12, 854
 Búslóð, 12, 259
 Endursendar vörur, 259
 Farmenn, 259
 Ferðamenn, 259
 Fylgifyfars, 259
 Gjafir, 259
 Heiðursmerki, 259
 Hervöld Bandaríkjanna, 12
 Hugbúnaðargögn, 260
 Hæfilegar vistir, 259
 Kjörræðiserindreki, 27
 Ræðiserindrekar, 26
 Ræðisstofnun, 26
 Sendierindreka, 19
 Sendiráð, 19
 Sýningar (ATA ábyrgðarskjöl), 1006
 Varnarliðsmenn, 12
 Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn, 260
 Vísindabúnaður, 260
 Vísindatæki, 260
Tollfrelsi:, 260
Tollfríðindi, 850
 Arfur, 859
 Auglýsingaefni, 860
 Búnaður björgunarveita, 860
 Eyðilegging, 864
 Farangur skipverja og flugverja, 851
 Fátækustu þróunarríkin, 606
 Ferðabúnaður og annar farangur, 850
 Ferðamenn, 850
 Flugrekstur, 861, 862
 Framleiðsla iðnaðarvara, 861
 Framleiðslu garðyrkjuafurða, 861, 862
 Galli, 864
 Gjafir, 858
 Heiðursmerki og verðlaun, 859
 Hugbúnaðargögn, 860
 Kvikmyndagerð og hljóðvinnsla, 861, 862
 Matvæli ferðamanna, 850
 Rýmum, 864
 Skemmdir, 864
 Sýnishorn verslunarvara, 860
 Vegna stjórn mála- og ræðissambands, 860
 Vöntun, 864
Tollfríðindi ferðamanna
 Áfengi og tóbak, 850
Tollfrjáls farangur, 850
 Viðskila við ferðamann, 852
Tollfrjáls forðageymsa
 Úttektu, 791
Tollfrjálsar búslóðir, 853
Tollfrjálsar forðageymslur, 288, 790
Tollfrjálsar verslanir, 289, 790
 Söluvörur, 776
Tollfrjálsar vörur, 258
Tollgæslan
 Skyldur, 304
Tollgæslan, 303
Tollgæslufáninn, 10
Tollgæslustörf
 Landhelgisgæsla, 305
 Lögreglan, 305
Tollgæsluvald, 304
Tollhafnir, 275, 786
Tollinnsigli
 Fjarlægt, 310
 Rofið, 310
Tollkvótar
 Hvalaafurðir, 960
 Rjúpur, 960
Tollkvóti
 Innflutningur
 Grænmeti, 963
 Soðin egg og eggjarauða, 962
 Innflutningur á blómum, trjám o.fl., 957
 Innflutningur á frjóeggjum og mysudufti, 961
 Innflutningur á grænmeti, 940

- Innflutningur á landbúnaðarvörum frá Evrópubandalaginu, 955
 Innflutningur á ostum frá Noregi, 959
 Nautgripa-, svína- og alifuglakjöt, 932
 Smjör og ostar, 931
 Unnar kjötvörur, 934
 Úthlutun fjármálaráðherra, 264
 Úthlutun landbúnaðarráðherra, 264
 Tollkvóti, 257
 Tollkvóti
 Hreindýrakjöt, 936
 Tollmeðferð vöru, 273
 Tollmerki Íslands, 304
 Tollmiðlarar
 Skyldur, 278
 Starfsemi tollmiðlara, 277
 Starfsleyfi, 277, 792
 Tollskýrslur, 794
 Varðveisla tollskjala, 793
 Tollmiðlarar, 277
 Tollmiðlarar
 Innra eftirlit, 793
 Tollskjöl, 257, 268, 269, 794
 Tollskoðun, 382
 Geislavarnir ríkisins, 381
 Sendiráð, 26
 Undanþága vegna sendierindreka, 19
 Tollskóla ríkisins, 924
 Tollskrá, 258
 Tollskylda
 Almenn, 258
 Takmörkuð, 258
 Tollskyldar vörur, 258
 Tollskyldir aðilar, 258
 Tollskýrslur
 Tollmiðlarar, 794
 Tollskýrslur
 Efni og form, 794
 Tollskýrslur
 Fylgiskjöl, 794
 Tollstöðvar
 Villar plöntur, 711
 Villt dýr, 711
 Villtar plöntur, 711
 Tollsvæði ríkisins, 257
 Tollumdæmi, 274
 Tollur, 257
 Landbúnaðarhráefni, 1018
 Tollverð
 Ágóðahlutur, 266
 Efnis- og framleiðslukostnaður, 266
 Einkaréttar- og leyfisgjöld, 266
 Frestun ákvörðunar, 273
 Gámakostnaður, 266
 Kaupumboðslaun, 266
 Miðlarapóknun, 266
 Pökkunarkostnaður, 266
 Skipting kostnaðar, 267
 Tengsl kaupanda og seljanda, 802
 Umboðslaun, 266
 Uppskipunar- eða útskipunarkostnaður, 266
 Vátryggingarkostnaður, 266
 Véfanging, 802
 Viðskiptaverð, 265, 802
 Ökutæki, 805
 Tollverð, 257, 265
 Tollverð, 265
 Tollverð, 801
 Tollverð, 802
 Tollverð:, 266
 Tollverðir
 Löggæslustörf, 305
 Starfsheiti, 875
 Tollverðsákvörðun, 266
 Frísvæði, 291
 Tollverðsskýrsla, 271, 795
 Tollvörugeymslur, 286, 789
 Aðvinnsla, 288
 Tollafgreiddar vörur, 287
 Tollyfirvöld, 12, 276
 Tóbak, 13, 137, 715, 822
 Gjald af tóbaki, 134
 Sölutakmarkanir, 199
 Tóbaksgjald, 137, 715
 Álagning, 716
 Gjaldldagi, 138
 Gjaldskyldir aðilar, 715

- Tilkynningarskylda, 715
- Undanþágur, 717
- Uppgjörstímabil, 138, 716
- Virðisaukaskatts, 717
- Tóbaksvarnir, 196
- Transfitusýra
 - Í matvælum, 964
- Trygging
 - Afhending farmflytjanda, 459
 - ATA ábyrgðarskjöl, 1003
 - Bráðabirgðatollafgreiðsla, 458
 - Geymslusvæði, 792
 - Sýningarbílar, 977
- Tryggingar
 - Tímabundinn innflutningur, 857
- Túrmerik
 - Innflutningsbann, 1039
- Tæki fyrir þráðlaus fjarskipti, 233
- Tæland
 - Innflutningsbann á sjávarafurðum, 1027
- Tölvukerfi tollyfirvalda, 257
- Ull
 - Innflutningstakmarkanir, 686
- Umboðslaun
 - Tollverð, 266
- Umbúðir, 133
 - Úrvinnslugjald, 766
- Umflutningsgeymslur, 291
 - Aðvinnsla vara óheimil, 292
 - Innlendar vörur, 292
 - Leyfisveitingar, 291
 - Ótollafgreiddar vörur, 292
- Umflutningsskjöl
 - Varðveisla, 801
- Umflutningur, 257, 259, 800
 - Fóður, 582
 - Yfirfærsla ábyrgðar, 801
- Umframbrigðir, 284, 285
- Umhverfis- og auðlindaskattar, 357
- Umhverfisfiskattar, 357
- Umhverfisstofnun
 - Eftirlit með eitrefnum, 69
 - Eftirlit með fljótandi eldsneyti, 828
- Umhverfisstofnun
 - Eftirlit með efnum og efnablöndum, 344
- Umsókn um dvalarleyfi, 212
- Umsýsluþóknun
 - Einnota umbúðir, 546
- Undanþága aðflutningsgjalda
 - Garðyrkjuaðföng, 36
 - Liðsafl aðildarríkja
 - Atlandshagsbandalagsins, 340
 - Samningur við Efnahagsbandalag
 - Evrópu, 1017
 - Vetnisbifreiðar, 752
 - Virðisaukaskattur, 57
- Undanþágur
 - Olúgjald, 771
 - Ryðvörn ökutækja, 973
- Undirboð, 414
- Undirboðsfrávik, 417
- Undirboðstollar, 300, 413
- Ungbarnablöndur, 908
- Uppboð, 298
- Uppgjör söluandvirðis, 298
- Uppgjörstímabil
 - Aðflutningsgjöld, 296, 807
 - Almennt vörugjald, 34, 469
 - Olúgjald, 245
 - Skilagjald, 547
 - Tóbaksgjald, 716
 - Úrvinnslugjald, 220, 763
 - Virðisaukaskattur, 58
- Upplýsingagjöf
 - Hagstofa Íslands, 314
- Upplýsingaskylda, 173, 271
 - Eftirlit með skipum, 228
 - Ferðamenn, 853
 - Innflutningur eldsneytis, 849
 - Innflytjandi, 271
 - Reiðufé ferðamanna, 853
 - Schengen-upplýsingaskerfið, 188
 - Sendandi, 173
 - Tollyfirvalda um efni og efnablöndur, 344
 - Viðskiptabankar, sparisjóðir,
 - greiðslukortafyrirtæki og aðrir, 272
- Upprunareglur, 303

- Almennar, 303
- Milliríkjasamningar, 303
- Þróunarríki heims, 617
- Upprunasönnun, 271, 303
- Upprunavottorð, 303
- Uppruni vöru, 303
- Uppskipunar- eða útskipunarkosnaður
 - Tollverð, 266
- Upptaka, 17
- Upptaka vöru
 - Viðurlög, 311
- Úrgangsur
 - Flutningur á milli landa, 948
- Úrvinnslugjald, 215, 762
 - Aðrar vörur, 218
 - Á ökutæki, 217
 - Álagning, 220, 763
 - Endurgreiðsla, 764, 769
 - Fjárhæð úrvinnslugjalds, 216
 - Gjald dagar, 217, 765
 - Gjald dagar, 763
 - Gjaldskyldar vörur, 762
 - Gjaldskyldir aðilar, 219, 762
 - Gjaldstofn, 762
 - Hjólbarðar, 219
 - Kælimiðlar, 219
 - Olíuvörur, 219
 - Pappa-, pappírs- og plastumbúðir, 217, 767
 - Rafhlöður, 219
 - Skilavottorð vegna ökutækja, 766
 - Tilkynningarskylda, 763
 - Umbúðir, 215, 766
 - Undanþágur, 764
 - Uppgjörstímabil, 220, 763
 - Varnarefni, 219
 - Veiðarfæri úr gerviefnum, 219
 - Virðisaukaskattur, 768
 - Vörur í ljósmyndaiðnaði, 219
 - Ökutæki, 765
- Úrvinnslusjóður, 219, 222, 766, 768
- Útflutningsbann
 - Ávana- og fíkniefni, 22, 395
 - Fylfullar hryssur, 207
- Menningarminjar og -verðmæti, 192
- Neysluvörur skaðlegar heilbrigði, 396
- Útflutningsleyfi, 394
 - Búfé, 395
 - Búvörur, 396
 - Fiskur, 397
 - Forngrípir, 396
 - Fuglar, 396
 - Hross, 396
 - Laxa- og silungahrogn, 396
 - Náttúrugrípir, 396
 - Síld, 396
 - Skotvopn o.p.h., 396
 - Verðbréf, 396
- Útflutningsskýrslur
 - Einfaldaðar vegna póstverslunar, 797
- Útflutningsskýrslur, 302
- Útflutningstakmarkanir
 - Fylfullar hryssur, 638
- Útflutningsverð, 415
- Útflutningur, 302, 395, 396, 397
 - Ávana- og fíkniefni, 561
 - Einfaldaðar útflutningsskýrslur, 302
 - Hross, 207, 638
 - Kindakjöt, 480
 - Lyf til þróunarríkja, 782
 - Menningarverðmæta, 192
 - Plöntur o.fl., 388
 - Skotvopn og skotfæri, 486
 - Sláturleyfishafar, 482
 - Tollareglur um innflutning, 314
 - Tollskýrslur, 302
 - Viðskiptabann, 397
- Útlendingalög, 209
- Útlendingar
 - Sérreglur, 213
- Útreikningur styrkja, 417
- Valdbeiting, 140, 305
- Vara eða sending, 257
- Varðveisla, 271
 - Aðflutningsskýrslur, 271
 - SMT-skjöl, 271
 - Tollskjöl, 271
 - Umflutningsskjöl, 801

- VEF-skjöl, 271
- Varðveisla tollskjala
 - Innflytjandi, 271
 - Tollmiðlarar, 271, 793
- Varnarliðið, 632
 - Ráðstöfun afgangsvöru, 652
 - Ókutæki, 978
- Varnarliðsmenn, 11
- Varnarmálalög, 340
- Varnarsamningur, 11, 632
- Varnarsvæði, 632
 - Umferð og dvöl, 632
- Varnir
 - Dýrasjúkdómar, 87, 686
 - Fisksjúkdómar, 382
 - Hundaæði, 369
 - Meindýr á plöntum, 28
 - Sjúkdómar í plöntum, 28
 - Skriðuföll, 147
 - Snjóflóð, 147
- Varsla
 - Ávana- og fíkniefni, 1024
 - Ótollafgreidd vara, 789
- Vatnadýr, 701
- Vatnakrabbí frá Kína
 - Innflutningsbann, 1038
- Vátryggingarkostnaður
 - Tollverð, 266
- VEF-tollafgreiðsla, 257, 269
- Vegabréf, 210
- Vegabréfaeftirlit, 210
- Vegabréfsáritanir, 210
- Veiðibúnaður, 1016
- Veiting tollstarfa, 276
- Verðbréf
 - Útflutningsleyfi, 396
- Verðjöfnun
 - Landbúnaðarhráefni, 653
- Verðjöfnunargjöld, 302
- Verðlaus bréf
 - Tollfrelsi, 260
- Verðlaus bréf, 260
- Verðlaus prentuð gögn
 - Tollfrelsi, 260
- Verðlausir bæklingar
 - Tollfrelsi, 260
- Verðtollur, 258
- Verknaðarlýsingar, 308
- Vernd skipa, 824
- Verndarfulltrúi, 991
- Vetnisbifreiðar, 753
- Vetnisflúorkolefni, 462
- Vetnisklórflúorkolefni
 - Innflutningsleyfi, 1021
- Vextir, 130, 297
 - Ofteknir skattar og gjöld, 130
- Véfenging
 - Tollverð, 802
- Viðgerð
 - Á skipum, 968
 - Erlendis, 263
- Viðgerð., 263
- Viðskiptabann
 - Suður-Afríka, 397
- Viðskiptasamband, 266
- Viðskiptatakmarkanir
 - Líbería, 1025
 - Talibanar í Afganistan, 1028
- Viðskiptaverð
 - Tollverð, 802
- Viðurkenning
 - Notendabúnaður, 372
- Viðurlög, 127, 692
 - Ákvörðun tollstjóra, 913
 - Svipting réttinda, 311
 - Svipting starfsleyfis, 311
 - Upptaka vöru, 311
- Viðurlög og málsmeðferð, 127, 308
- Villt dýr, 705
 - Innflutningsleyfi, 708
 - Tollstöðvar, 711
- Villtar plöntur
 - Innflutningsleyfi, 708
- Viltar plöntur, 705
- Vinnsla persónuupplýsinga, 982
- Vinnueftirlit ríkisins, 152, 382, 506, 970
- Vinnuvélar, 970

- Virðisaukaskattsundanþága
 Bókasöfn, 859
 Listaverk, 859
 Loftför og skip, 859
 Opinberar stofnanir, 859
 Vísindastofnanir, 859
- Virðisaukaskattur, 47, 406, 454
 Aðilar undanþegnir skatti, 50
 Áskriftablöð, 406
 Endurgreiðsla vegna erlendra
 ferðamanna, 454
 Endurgreiðsla vegna útflutnings
 ökutækja, 63
 Erlendir ferðamenn, 454
 Gjaldldagi vegna innflutnings
 Innflutningur, 56
 Innheimta, 58
 Sendierindrekar, 393
 Sendiráð, 393
 Skatthlutfall, 54
 Skattskyld velta, 52
 Skattskyldusvið, 48
 Tilhögun bókhalds, 54
 Undanþágur, 57
 Útflutningur, 52
 Þjónusta, 388
- Vistir, 259
- Vínarsamningur
 Um ræðissamband, 24
 Um stjórn málasamband, 16
- Vísindabúnaður
 Tollfrelsi, 260
- Vísindastofnanir
 Virðisaukaskattsundanþága, 859
- Vísindatæki, 260
 Tollfrelsi, 260
- Vogrek, 7
- Vopn, 151
 Tollafgreiðsla, 484
- Vopn - skilgreiningar
 Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, 885
- Vopnalög, 150
- Vopnasölubann, 929
 Sómalía, 929
- Vopnaviðskiptabann
 Eritrea, 930
- Vottaður farmverndaraðili, 991
- Vottorð
 Landbúnaðarvörur, 687, 688
 Æðardúnn, 748
- Vottorð og skoðunarskýrslur
 Innflutningur dýra og afurða úr
 dýraríkinu, 780
- Vottun
 Áburður, 430
 Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, 950
- Vöntun, 284
 Tollfríðindi, 864
- Vörsluábyrgð, 257
- Vörsluhafi, 257
- Vörugjald
 Af eldsneyti, 89, 398
 Af olíu, 242
 Af ökutækjum, 89, 534
 Almennt vörugjald, 31, 34, 467
 Gjaldskyldir aðilar, 32
 Gjaldstofn, 33
 Almennt vörugjald af eldsneyti, 94
 Álagning, 96
 Beltabifhjól, 90, 535
 Beltabifreiðar, 535
 Bifhjól, 90, 535
 Borkranabifreiðar, 535
 Dráttarabifreiðar, 90, 535
 Dráttarvélur, 535
 Festivagnar, 535
 Festivagnar til landbúnaðarnota, 535
 Fjórhjól, 91
 Gjaldldagi, 95
 Gjaldflokkar ökutækja, 90
 Gjaldskyld ökutæki, 89
 Gjaldskyldar vörur, 467
 Gjaldstofn, 95
 Grindur fyrir ökutæki, 535
 Hóþferðabifreiðar, 90, 535
 Innheimta, 470
 Kranabifreiðar, 90, 535
 Sérstakt vörugjald af bensíni, 398

- Sérstakt vörugjald af eldsneyti, 94
 Sérstök skráning, 979
 Snjóplógar, 535
 Tengivagnar, 90, 535
 Tengivagnar til landbúnaðarnota, 535
 Undanþágur, 467
 Yfirbyggingar á ökutæki, 90, 535
 Ökutæki knúin rafmagni, 535
 Ökutæki knúin vetni, 535
 Önnur vélknúin ökutæki, 91
 Vörugjald af ökutækjum, 90
 Álagning, 536
 Bifreiðar björgunarsveita, 542
 Bifreiðar til aksursþróttá, 541
 Bifreiðar til ökukennslu, 539, 541
 Bíflaleigubifreiðar, 538
 Gjaldldagi, 536
 Gjaldskyldir aðilar, 536
 Gjaldstofn, 536, 537
 Greiðslufrestur, 536
 Lækkun, 538
 Tollverð, 537
 Ökutæki knúin metangasi eða rafmagni, 543
 Önnur ökutæki (lækkun vörugjalds), 543
 Vörureikningur, 271, 794, 969
 Vörusýningar, 1006
 Vörutalning, 284
 Yfirborðsvirk efni, 425
 Yfirfærsla ábyrgðar
 Vörsluhafi, 284
 Ýmis tollfríðindi, 850
 Þagnarskylda, 313
 Þjóðféni Íslendinga, 10
 Þjónusta, 201, 231
 Kaup erlendis frá, 390
 Sala úr landi, 388
 Virðisaukaskattur, 388
 Þjónustugjöld
 Tollafgreiðsla, 1045
 Þráðlaus búnaður til fjarskipta, 812
 Þráðlaus sendibúnaður, 233
 Þrávirk lífræn efni, 879
 Þriðju lönd
 Innflutningur á dýrum, 775, 778
 Þróunarríki
 Útflutningur lyfja
 Þróunarríki heims, 606
 Þvingunaraðgerðir
 Alþjóðlegar, 881
 Alþýðulýðveldið Kongó, 905
 Fílabeinsströndin, 893
 Hryðjuverkasamtök, 903
 Írak, 894
 Íran, 896
 Líbanon, 888
 Mjanmar (Búrma), 921
 Norður-Kórea, 900
 Síerra Leóne, 899
 Sómalía, 928
 Súdan, 906
 Þvotta- og hreingerningaefni, 425
 Æðardúnn, 255
 Vottorð, 748, 752
 Æðsta stjórn tollamála, 274
 Ökutæki, 401
 Sérstök skráning, 405
 Skráð erlendis, 399
 Sýningar, 976
 Tollverð, 805
 Váttrygging, 399
 Vörugjald, 534
 Ökutæki erlendra sendiráða, 672
 Ökutæki knúin metangasi eða rafmagni, 543
 Ökutæki útflutt
 Endurgreiðsla virðisaukaskatts, 872
 Endurgreiðsla vörugjalds, 872
 Ökutækjaskrá, 665
 Örvabogar og örvar, 484
 Öryggi
 Framleiðsluvörur, 431
 Leikföng, 425

Yfirlit laga og stjórnvaldsreglna í aldursröð

Lög

Úr lögum nr. 42/1926, um skipströnd og vogrek.....	7
Úr almennum hegningarlögum nr. 19/1940	7
Úr lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga [og ríkisskjaldarmerkið] ¹	10
Úr lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess. ¹⁾	11
Úr lögum nr. 32/1965, um hreppstjóra.	13
Úr lögum nr. 63/1969, [um verslun með áfengi og tóbak] ¹⁾	13
Úr lögum nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband.	16
Höfundalög nr. 73/1972.....	21
Lög nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni.	22
Úr lögum nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.	24
Úr lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.	28
Úr siglingalögum nr. 34/1985.....	29
Lög nr. 97/1987, um vörugjald, sbr. auglýsingu nr. 26/1997.	31
Lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald.....	43
Úr lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.	47
Úr lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.	64
Úr lögum nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.	73
Lög nr. 54/1990, um innflutning dýra.	75
Úr lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.....	81
Lög nr. 88/1992, um innflutning.	83
Lög nr. 98/1992, um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.	84
Lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.....	85
Úr lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.....	87
Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.	89

Úr lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.	99
Úr lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.	104
Úr lyfjalögum nr. 93/1994.	105
Úr lögum nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.	116
Lög nr. 145/1994, um bókhald.	117
Lög nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.	130
Úr lögum nr. 93/1995, um matvæli, sbr. lög nr. 29/2008 um breytingu á þeim.	131
Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki.	134
Úr lögreglulögum nr. 90/1996.	139
Úr lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.	140
Sóttvarnalög nr. 19/1997.	141
Úr lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.	147
Úr lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	147
Úr vopnalögum nr. 16/1998.	150
Úr lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.	155
Lög nr. 60/1998 um loftferðir.	161
Úr áfengislögum nr. 75/1998.	178
Úr lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd.	183
Lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.	185
Lög nr. 17/2000 um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.	190
Lög nr. 105/2001, um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.	192
Úr lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.	196
Úr lög nr. 19/2002 um pósthjónustu.	199
Úr lögum nr. 44/2002 um geislavarnir.	204
Lög nr. 55/2002 um útflutning hrossa, lög nr. 40/2005 um breytingu á þeim.	207
Úr lögum nr. 96/2002 um útlendinga.	209
Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald.	215
Úr lögum nr. 47/2003, um eftirlit með skipum.	226
Úr lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.	229
Úr lögum um fjarskipti nr. 81/2003.	229
Lög nr. 50/2004 um siglingavernd.	235
Lög nr. 87/2004 um olúgjald og kílómetragjald.	242
Lög nr. 52/2005, um gæðamat á æðardúni.	255
Tollalög nr. 88/2005.	256
Úr lögum nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands.	317
Lög nr. 60/2006 um varnir gegn fíksjúkdómum.	318
Úr lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.	322
Lög nr. 76/2006 um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.	323
Lög nr. 56/2007 um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.	326

Úr lögum 339 nr. 72/2007 um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.	339
Úr Varnarmálalögum nr. 34/2008.	340
Lög nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.	341
Úr lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008.	346
Úr lögum nr. 51/2009 um heimild til samninga um álver í Helguvík.	357
Lög nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta.	357
Lög nr. 58/2010 um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu.	360

Reglugerðir

Reglugerð nr. 242/1974 um varnir gegn mengun matvæla af völdum blýs og kadmíums í matarílátum.	366
Reglugerð nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.	367
Úr reglugerð nr. 290/1980, um varnir gegn hundaeði (rabies).	369
Úr reglugerð nr. 336/1984 um starfrækslu talstöðva í landfarstöðvþjónustu í metra- og desimetrabylgjusviðinu.	371
Úr reglugerð nr. 322/1985, um notendabúnað til tengingar við hið opinbera fjarskiptakerfi.	371
Reglugerð 238/1986 um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.	374
Úr reglugerð nr. 356/1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun.	381
Úr reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.	382
Reglugerð nr. 62/1989, um bann við áfengisauglýsingum, sbr. reglugerð nr. 317/1991 um breytingu á henni.	383
Reglugerð nr. 189/1990, um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum, sbr. reglugerðir nr. 123/1995, 91/1998 og 393/1999 um breytingu á henni.	384
Reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, sbr. reglugerð nr. 179/1993 um breytingu á henni.	388
Reglugerð nr. 318/1990, um bann við notkun azó-litarefna og alifatískra klórflúorkolefnissambanda (freon) og skyldra efna sem drifefna í lyf.	391
Reglugerð nr. 71/1991, um innflutning og viðurkenningu á neyðarsendibaujum á 406 MHz.	392
Reglugerð nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, sbr. reglugerðir nr. 186/1993, 305/1996, 557/2002, 691/2008 og 998/2009 um breytingu á henni.	393
Úr reglugerð nr. 70/1993, um útflutningsleyfi o.fl., sbr. reglugerð nr. 502/1996, um breytingu á henni.	394
Reglugerð nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti, sbr. reglugerðir nr. 375/1993, 511/1993, 474/1997, 339/1998, 356/1999 og 682/2000 um breytingu á henni.	398

Reglugerð nr. 267/1993, um notkun erlendra ökutækja, sbr. reglugerðir nr. 555/1993, 96/1996, 313/1999, 700/1999, 391/2003, 269/2005 og 488/2006 um breytingu á henni 399	
Reglugerð nr. 269/1993 um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi	405
Reglugerð nr. 336/1993 um innheimtu virðisaukaskatts af blöðum og tímaritum sem send eru í áskrift erlendis frá í pósti.....	406
Reglugerð nr. 516/1993 um innflutning á reykskynjurum er innihalda geislavirk efni	407
Reglugerð nr. 351/1994, um undirbúning og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla, sbr. reglugerð nr. 714/2002 um breytingu á henni.....	413
Úr reglugerð nr. 408/1994, um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, sbr. reglugerð nr. 293/1993.....	425
Úr reglugerð nr. 521/1994, um þvotta- og hreingerningaeefni	425
Úr reglugerð nr. 679/1994, um gjaldeyrismál.....	426
Úr reglugerð nr. 301/1995, um eftirlit með sáðvöru, sbr. reglugerð nr. 202/2002 (1. br.), 783/2001 (2. br.), 352/2002 (3. br.), 678/2002 (4. br.), 784/2003 (5. br.), 300/2004 (6. br.), 386/2004 (7. br.), 514/2005 (8. br.), 659/2006 (9. br.), 895/2006 (10. br.), 919/2006 (11. br.), 422/2007 (12. br.), 991/2007 (br.), 1328/2007(14. br.), 399/2008 (15. br.), 818/2008 (16. br.), 366/2009 (17. br.), 416/2009 (br. 18), 1013/2009 (19. br.) og 840/2010 (20. br.) um breytingu á henni.	427
Úr reglugerð nr. 398/1995, um áburð og jarðvegsbætandi efni, sbr. reglugerð nr. 785/2001 um breytingu á henni.	429
Reglugerð nr. 237/1996, um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. reglugerð nr. 449/1999 um breytingu á henni.	431
Reglugerð nr. 431/1996 um greiðslur úr fóðursjóði, sbr. reglugerð nr. 508/2006, 381/2008, 1120/2008, 1043/2009 og 5/2011 um breyting á henni.....	440
Úr reglugerð nr. 699/1996 um innflutning og heildsöludreifingu lyfja og reglugerð nr. 484/2001 og 846/2002 um breytingu á henni.....	441
Úr reglugerð nr. 168/1997 um um skemmtibáta, sbr. reglugerð nr. 708/2000 og 1045/2005 um breytingu á henni.....	446
Reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til aðila búsettra erlendis] , sbr. reglugerðir nr.689/1997, 248/1999, 375/2000, 560/2000, 423/2002, 559/2002, 85/2007 og 1115/2007 um breyting á henni.....	454
Reglugerð nr. 724/1997, um bráðabirgðatollafgreiðslur.....	458
Reglugerð nr. 212/1998, um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota, sbr. reglugerð nr. 230/2001 um breytingu á henni.....	460
Reglugerð nr. 230/1998, um tiltekin efni sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum, sbr. reglugerð nr. 888/2002 um breytingu á henni.	462
Reglugerð nr. 359/1998, um bifreiðagjald, sbr. reglugerð nr. 811/1998 um breytingu á henni	464
Reglugerð nr. 436/1998, um vörugjald, sbr. reglugerðir nr. 52/2000 og 84/2007 um breyting á henni.....	467
Reglugerð nr. 505/1998, um áfengisgjald, sbr. reglugerð nr. 527/2000 og 437/2005 um breytingu á henni.	474

Reglugerð nr. 524/1998, um útflutning á kindakjöti, sbr. reglugerð nr. 615/2001, 777/2001 og 792/2008 um breytingu á henni.	480
Úr reglugerð nr. 787/1998, um skotvopn, skotfæri o.fl., sbr. reglugerðir nr. 688/2003, 162/2007, 433/2007, 846/2007, 964/2008 og 258/2010 um breyting á henni.	483
Reglugerð nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa, sbr. reglugerð nr. 15/2001 um breyting á henni.	493
Reglugerð nr. 600/1999, um færslu og geymslu lausblaðabókhalds.	496
Reglugerð nr. 684/1999, um sprengiefni, sbr. reglugerð nr. 161/2007, 847/2007 og 1000/2009 um breytingu á henni.	498
Reglugerð nr. 849/1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, sbr. reglugerð nr. 203/2000, 771/2000, 42/2001, 391/2002, 235/2005, 1000/2003, 150/2006, 344/2006, 1072/2009, 383/2010 (10. br.) og 477/2010 (11. br.) um breytingu á henni.	511
Reglugerð nr. 946/1999 um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum.	531
Reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, sbr. reglugerðir nr. 792/2000, 555/2001, 160/2002, 805/2002, 922/2002, 334/2004, 176/2005, 416/2007, 193/2008, 416/2008 og 446/2009 um breytingu á henni.	534
Reglugerð nr. 368/2000 um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, sbr. reglugerð nr. 448/2002, 437/2003, 49/2006, 908/2008 og 824/2010 um breytingu á henni.	546
Reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, sbr. reglugerð nr. 651/2010 um breytingu á henni.	549
Reglugerð nr. 766/2000 um starfsemi, skyldur og eftirlit með Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli.	552
Reglugerð nr. 967/2000 um innflutning, sölu og dreifingu smáskammtalyfja og merkingar þeirra.	553
Reglugerð nr. 125/2001 um innheimtu höfundaréttargjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga, sbr. reglugerð nr. 186/2001 og 227/2001 um breytingu á henni.	557
Reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, sbr. reglugerðir nr. 490/2001 (1. br.), 248/2002 (2. br.), 848/2002 (3. br.), 480/2005 (4. br.), 516/2006 (5. br.) g 789/2010 (6. br.) um breyting á henni.	559
Úr reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, sbr. reglugerð nr. 926/2004, 362/2008 og 1137/2008 um breyting á henni.	575
Reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri, sbr. reglugerð nr. 381/2001 (1. br.), 497/2001, (br. 2), 755/2001 (3. br.), 871/2001 (4. br.), 281/2002 (5. br.), 594/2002 (6. br.), 202/2003 (7. br.), 264/2003 (8. br.), 647/2003 (9. br.), 735/2003 (10. br.), 740/2003 (11. br.), 888/2003 (12. br.), 302/2004 (13. br.), 387/2004 (14. br.), 887/2004 (15. br.), 501/2005 (16. br.), 502/2005 (17. br.), 979/2005 (18. br.), 657/2006 (19. br.), 729/2006 (20. br.), 800/2006 (21. br.), 801/2006 (22. br.), 1018/2006 (23. br.), 1068/2006 (24. br.), 41/2007 (25. br.), 365/2007 (26. br.), 951/2007 (br. 27) 122/2008 (28. br.), 123/2008 (br. 29), 195/2008 (br. 30), 354/2008 (31. br.), 444/2008, (br. 32), 699/2008 (br. 33), 700/2008 (br. 34), 823/2008 (br. 35), 952/2008 (br. 36), 1128/2008 (br. 37), 40/2009 (br. 38), 44/2009 (br. 39), 259/2009 (br. 40), 265/2009 (br. 41), 493/2009 (42. br.), 575/2009 (br. 43), 576/2009 (br. 44), 673/2009 (br. 45), 895/2009 (br. 46), 1020/2009 (47. br.), 179/2010 (49. br.), 241/2010 (50. br.), 279/2010 (51. br.),	

312/2010 (52. br.), 344/2010 (53. br.), 628/2010 (br. 54.), 719/2010 (55. br.) og 804/2010 (56. br.) um breytingu á henni.	577
Úr reglugerð nr. 341/2001 um geislun matvæla með jónandi geislun, Sbr. reglugerðir nr. 1013/2001 og 163/2003, um breytingu á henni.	587
Reglugerð nr. 541/2001 um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu hópferðabifreiða úr landi, sbr. reglugerð nr. 556/2002 og 1070/2009 um breytingu á henni.	589
Reglugerð nr. 74/2002 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar, sbr. reglugerð nr. 571/2005 (2. br.), ¹⁾ 980/2005 (3. br.), 732/2006 (4. br.), 38/2008 (5. br.), 125/2008 (6. br.), 824/2008 (7. br.), 951/2008 (8. br.), og 9/2009 (9. br.) og 161/2009 (10. br.) um breytingu á henni.	591
Reglugerð nr. 119/2002 um tollfríðindi við innflutning vara sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims.	606
Reglugerð nr. 293/2002 um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum.	632
Reglugerð nr. 449/2002 um útflutning hrossa, sbr. reglugerð nr. 677/2002 um breytingu á henni.	638
Reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu, sbr. reglugerð nr. 659/2002, 564/2005 og 139/2006 um breytingu á henni.	642
Reglugerð nr. 859/2002 um innflutning loðdýra.	649
Reglugerð nr. 902/2002 um ráðstöfun afgangsvöru varnarliðsins.	652
Reglugerð nr. 535/2003 um verðjöfnun við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, sbr. reglugerð nr. 422/2005 (1. br.) um breyting á henni.	653
Reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur, sbr. reglugerð nr. 870/2004, 385/2005, 320/2006, 738/2006, 158/2007, 427/2009, 879/2009, 353/2010 og 837/2010 um breytingu á henni.	656
Reglugerð nr. 751/2003 um skráningu ökutækja, sbr. reglugerðir nr. 299/2004, 506/2005, 656/2005, 158/2006, 307/2006, 691/2006, 756/2006 og 669/2008 um breytingu á henni.	664
Reglugerð nr. 881/2003 um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla fyrir matvælaíðnað, sbr. reglugerðir nr. 433/2004 og 966/2005 um breytingu á henni.	676
Úr reglugerð nr. 952/2003 um skotelda, sbr. reglugerðir nr. 1040/2006, 163/2007, 848/2007 og 6/2009 um breyting á henni.	679
Reglugerð nr. 411/2004 um ýmis aðskotaefni í matvælum, sbr. reglugerð nr. 56/2005 og 269/2010 um breytingu á henni.	682
Reglugerð nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins, sbr. reglugerðir nr. 732/2007.	686
Reglugerð nr. 697/2004 um takmörkun tiltekinna efna í raftækjum, sbr. reglugerð nr. 545/2006 um breytingu á henni.	690
Reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis, sbr. reglugerð nr. 817/2005 um breyting á henni.	694
Reglugerð nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, sbr. reglugerð nr. 5/2005 um breyting á henni.	705
Reglugerð nr. 1082/2004 um tóbaksgjald og merkingar tóbaks.	715
Úr reglugerð nr. 1101/2004 um markaðssetningu sæfiefna, sbr. reglugerð nr. 243/2007, 150/2008, 520/2008, 1234/2008, 15/2009, 1030/2009, 109/2010, 348/2010 og 830/2010 um breytingu á henni.	718

Reglugerð nr. 398/2005 um endurgreiðslu olúgjalds til sendimanna erlendra ríkja, sbr. reglugerð nr. 559/2010 um breytingu á henni.	723
Reglugerð nr. 449/2005 um eftirlit með heilbrigði eldisdýra sem flutt eru til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum, sbr. reglugerð nr. 712/2006 um breytingu á henni.....	723
Reglugerð nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. reglugerð nr. 618/2006 um breytingu á henni.	732
Reglugerð nr. 513/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra sem eru flutt til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum, sbr. reglugerð nr. 651/2006 um breytingu á henni.....	738
Reglugerð nr. 659/2005 um gæðamat á æðardúni, sbr. reglugerð nr. 20 2006 um (1. br.) breytingu á henni.	747
Reglugerð nr. 676/2005 um tímabundna niðurfellingu aðflutningsgjalda af vetnisbifreiðum og sérhæfðum varahlutum í þær.	752
Reglugerð nr. 686/2005 um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða, sbr. reglugerð nr. 86/2007 og 1072/2010 um breytingu á henni.	754
Reglugerð nr. 828/2005 um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni og reglugerð nr. 845/2007 um breytingu á henni.	755
Reglugerð nr. 937/2005 um flutning hergagna með loftförum.	759
Reglugerð nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald, sbr. reglugerð nr. 316/2006 um breytingu á henni.	761
Reglugerð nr. 274/2006 um skilyrði undanþágu frá greiðslu olúgjalds og um greiðslu sérstaks kílómetragjalds, sbr. reglugerð nr. 415/2007, 338/2008, 152/2009 og 848/2009 um breytingu á henni.	770
Úr Reglugerð nr. 455/2006 um kartöfluútsæði.	772
Reglugerð nr. 607/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 599/2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu.	773
Reglugerð nr. 608/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 136/2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum.....	774
Reglugerð nr. 641/2006 um vörur sem heimilt er að selja í tollfrjálsum verslunum skv. 2. mgr. 104. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. reglugerð nr. 428/2008 um breytingu á henni.775	
Reglugerð nr. 694/2006 um gildistöku ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um innflutning lindýra.	776
Reglugerð nr. 695/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 282/2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit dýralæknis með þeim og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 585/2004 um breytingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 282/2004.	777
Reglugerð nr. 739/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 282/2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit með þeim og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 585/2004 um breytingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 282/2004.	777

Reglugerð nr. 740/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 136/2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum.	778
Reglugerð nr. 741/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 599/2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu.	779
Reglugerð nr. 810/2006 um ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um samhæfða evrópska staðla sem teknar hafa verið á grundvelli tilskipunar um öryggi vöru nr. 2001/95/EB.	780
Reglugerð nr. 1011/2006 um nauðungarleyfi vegna útflutnings lyfja til þróunarríkja og ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda.	781
Reglugerð nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, sbr. reglugerð nr. 172/2008 og 823/2009 um breytingu á henni.	785
Reglugerð nr. 66/2007 um stjórnarsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra, sbr. reglugerð nr. 309/2007, 763/2007, 506/2008 og 733/2010 um breytingu á henni.	807
Reglugerð nr. 90/2007 um þráðlausan búnað og notendabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra.	811
Úr reglugerð nr. 165/2007 um aðbúnað og meðferð minka og refa.	821
Úr reglugerð nr. 325/2007 um smásölu tóbaks.	821
Úr reglugerð nr. 404/2007 um greiningardeild ríkislögreglustjóra.	822
Úr reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli.	823
Reglugerð nr. 474/2007 um vernd skipa og hafnaraðstöðu, sbr. reglugerð nr. 920/2009 um breytingu á henni.	823
Reglugerð nr. 525/2007 um innheimtu eftirlitsgjalds af innflutningi plantna.	824
Reglugerð nr. 560/2007 um fljótandi eldsneyti.	825
Reglugerð nr. 178/2008 um markaðssetningu á dýrategundum, sem eru aldar og ræktaðar í sjó eða vatni og eru ekki taldar næmar fyrir tilteknum sjúkdómum.	830
Reglugerð nr. 192/2008 um stjórn lögreglurannsóknna, rannsóknardeildir, rannsóknaraðstoð og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.	831
Reglugerð nr. 265/2008 um framkvæmd siglingaverndar.	833
Úr reglugerð nr. 365/2008 um söfnun gagna um innflutning, geymslu og sölu á eldsneyti. ..	848
Reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi, sbr. reglugerð nr. 634/2008 um breytingu á henni.	849
Reglugerð nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri, sbr. reglugerð nr. 1089/2008 (1. br.), 264/2010 (2. br.), 758/2010 (3. br.) og 839/2010 (4. br.) um breytingu á henni.	865
Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“), sbr. reglugerð nr. 340/2009 og 836/2010 um breytingu á henni.	867
Reglugerð nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af vélknúnum ökutækjum sem flutt eru úr landi.	871
Reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum, sbr. reglugerð nr. 303/2009 um breytingu á henni.	873

Reglugerð nr. 89/2009 um starfsheiti tollvarða.....	874
Reglugerð nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, sbr reglugerð nr. 298/2010 um breytingu á henni.....	880
Reglugerð nr. 120/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Líbanon.....	887
Reglugerð nr. 122/2009 um alþjóðlegar öryggisaðgerðir varðandi hryðjuverkastarfsemi.....	888
Reglugerð nr. 123/2009 um alþjóðlegar öryggisaðgerðir varðandi gereyðingarvopn, sbr. reglugerð nr. 325/2009 um breytingu á henni.	890
Reglugerð nr. 140/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Fílabeinsströndina.....	892
Reglugerð nr. 146/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Íran.....	895
Reglugerð nr. 147/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Síerra Leóne.....	898
Reglugerð nr. 153/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Norður-Kóreu, sbr. reglugerð nr. 734/2009 um breytingu á henni.	899
Reglugerð nr. 154/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, sbr. reglugerð nr. 328/2010 um breytingu á henni varðandi hryðjuverkasamtök (Al-Qaida og Talíbana.....	902
Reglugerð nr. 155/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi alþýðulýðveldið Kongó (Austur-Kongó).	904
Reglugerð nr. 156/2009 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Súdan.	905
Reglugerð nr. 520/2009 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og stoðblöndur, sbr. reglugerð nr. 1042/2009 um (1.) breytingu á henni.....	907
Reglugerð nr. 604/2009 um sektir og önnur viðurlög ákvörðuð af tollstjóra vegna brots á tollalögum nr. 88/2005.	912
Úr 916 reglugerð nr. 678/2009 um raforkuvirki, sbr. reglugerð nr. 699/2009 og 494/2010 um breytingu á henni.	916
Reglugerð nr. 911/2009 um þvingunaraðgerðir varðandi Mjanmar (Búrma)	920
Reglugerð nr. 48/2010 um Tollskóla ríkisins og ráðningu, setningu og skipun í störf við tollendurskoðun og tollgæslu.....	922
Reglugerð nr. 299/2010 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Sómalíu.....	927
Reglugerð nr. 300/2010 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Eritreu.	928
Reglugerð nr. 419/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.....	930
Reglugerð nr. 420/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína- og alifuglakjöti.....	931
Reglugerð nr. 421/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum..	933
Reglugerð nr. 459/2010 um úthlutun á opnum tollkvótum á hreindýrakjöti.....	934
Reglugerð nr. 560/2010 um innflutning á djúpfrystu svínasæði, sbr. reglugerð nr. 657/2010 um breytingu á henni.	935
Reglugerð nr. 736/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti, sbr. reglugerð nr. 27/2011 um breytingu á henni.	938
Reglugerð nr. 807/2010 um einkennisbúninga, merki tollgæslunnar o.fl.	939
Reglugerð nr. 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa.	947
Reglugerð nr. 834/2010 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir	949
Reglugerð nr. 894/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópubandalaginu.	954
Reglugerð nr. 895/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.	956
Reglugerð nr. 896/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi. ...	958

Reglugerð nr. 936/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum.	959
Reglugerð nr. 937/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.....	960
Reglugerð nr. 938/2010 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum.	961
Reglugerð nr. 939/2010 um tollkvóta á grænmeti og lækkun tolla.....	962
Reglugerð nr. 1045/2010 um hámarks magn transítusýra í matvælum.	963

Reglur

Reglur nr. 172/1985, um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða.	965
Úr reglum nr. 388/1989, um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla ásamt skýringum við einstakar greinar.	969
Reglur nr. 520/1991, um innflutning, framleiðslu og dreifingu leikfanga úr blýi.	971
Reglur nr. 627/1991, um flutning ótollafgreiddra bifreiða í ryðvarnarstöðvar.	972
Reglur nr. 117/1994, um fyrirspurnir til tollstjóra um tollflokkun vara ¹⁾	973
Reglur nr. 487/1994, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning ökutækja til sýningar, sbr. auglýsingar nr. 308/1997 og 370/1998 um breytingu á þeim.	975
Reglur nr. 685/1995, um ökutæki varnarliðs Bandaríkjanna.	977
Úr reglum nr. 358/1996, um birgðabókhald o.fl. vegna sérstakrar skráningar skv. 11. gr. reglugerðar um vörugjald nr. 356/1996.	978
Úr reglum nr. 464/2000 um litmerkibyssur.	979
Reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.	980
Reglur nr. 382/2007 um samsetningu, framleiðslueiginleika og merkingu á kristallsgleri.....	982
Úr reglum nr. 1159/2008 um innkaup, vöruval, heildsölu og dreifingu tóbaks og skilmálar í viðskiptum við birgja.....	984
Reglur nr. 680/2009 um sakaskrá ríkisins.....	985
Reglur nr. 141/2010 um farmvernd.....	990
Reglur nr. 295/2010 um heiti og merkingu textílvara, sbr. reglugerð nr. 829/2010.	996
Úr reglum nr. 370/2010 um gjaldeyrismál, sbr. auglýsingu nr. 843/2010.	997

Auglýsingar

Úr auglýsingu nr. 23/1970, um tollasamning um A.T.A. ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir.	1001
Úr auglýsingu nr. 24/1970, um aðild Íslands að tollasamningi varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynningar eða notkunar á sýningum, vörusýningum, fundum og við svipuð önnur tækifæri.....	1005

Úr auglýsingu nr. 25/1970, um aðild Íslands að tollasamningi varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum	1010
Auglýsing frá landbúnaðarráðuneytinu.....	1015
Auglýsing frá landbúnaðarráðuneytinu.....	1016
Auglýsin frá landbúnaðarráðuneytinu.....	1016
Auglýsing nr. 161/1993 um niðurfellingu tolla af nokkrum landbúnaðarvörum vegna sérstaks samkomulags milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.	1016
Auglýsing nr. 372/1995, um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, sbr. auglýsingar nr. 508/1995, 515/1995 og 546/1999 um breytingu á henni.	1017
Auglýsing nr. 385/1995, um tollflokkun á kornvörum	1018
Auglýsing nr. 587/1996, um heimild til innflutnings á vetnisklórlúorkolefnum (HCFC) á árinu 1997.....	1020
Auglýsing nr. 32/1999 um ríki, svæði og starfsstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem innflutningur á lifandi samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum er heimill frá, sbr. auglýsingar nr. 103/1999, 165/1999 og 266/1999 um breytingu á henni.	1020
Auglýsing nr. 33/1999 um ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem innflutningur á fiskmjöli er heimill frá.....	1021
Auglýsing nr. 206/2000 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Albaníu.1021	
Auglýsing nr. 543/2000 um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi.	1021
Auglýsing nr. 940/2000 um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinnna hættulegra efna.	1022
Auglýsing nr. 232/2001 um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis.....	1023
Auglýsing nr. 377/2001 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Perú	1024
Auglýsing nr. 846/2001 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1343 (2001) um refsiaðgerðir gegn Líberíu.....	1024
Auglýsing nr. 5/2002 um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum og upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. auglýsingu nr. 79/2006 um breyting á henni.	1025
Auglýsing nr. 341/2002 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Myanmar, Tælandi og Víetnam, sbr. auglýsingu nr. 496/2003 um breytingu á henni.	1026
Auglýsing nr. 899/2002 um takmörkun á innflutningi á hnetum og hnetuafurðum frá Kína.	1028
Auglýsing nr. 901/2002 um takmörkun á innflutningi á þurrkuðum fíkjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum úr þeim frá Tyrklandi, sbr. auglýsingu nr. 883/2003 um breytingu á henni.	1029
Auglýsing nr. 491/2003 um takmörkun á innflutningi á sterkum chilepipar og afurðum úr honum.	1030
Auglýsing nr. 495/2003 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum og Noregi.....	1031
Auglýsing nr. 569/2003 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á lifandi laxfiski og hrognum sem eiga uppruna sinn í Færeyjum og Noregi.....	1031
Auglýsing nr. 608/2003 um takmörkun á innflutningi á parahnetum frá Brasilíu.	1032
Auglýsing nr. 880/2003 um takmörkun á innflutningi á pistasíum og afurðum úr þeim frá Íran.	1033

Auglýsing nr. 529/2005 um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá.	1034
Auglýsing nr. 536/2005, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína.	1036
Auglýsing nr. 772/2005 um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum, karrí, túrmerík (curcuma) og pálmolíu, sbr. auglýsingu nr. 594/2008 um breytingu á henni.	1037
Auglýsing nr. 23/2009 um bann eða takmörkun á innflutningi og varúðarráðstafanir vegna matvæla og fóðurs sem innihalda mjólk, mjólkurafurðir, soja eða sojaafurðir eða hjartarsalt, og eru upprunnar í Kína eða eru fluttar frá Kína.	1039
Auglýsing nr. 906/2009 um takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.	1040
Auglýsing nr. 185/2010 um tilteknar varúðarráðstafanir vegna innflutnings á matvælum og fóðri frá Kína sem innhalda afurðir úr dýraríkinu.	1041
Auglýsing nr. 1022/2010 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.	1043

Gjaldskrá

Gjaldskrá fyrir innheimtu þjónustugjalda vegna tollafgreiðslu, tolleftirlits o.fl.	1044
---	------